Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 19.11.2020

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 18. nóvember 2020 varðandi eftirfarandi mál.

Elliðaárdalur
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar að deiliskipulagi fyrir borgargarðinn í Elliðaárdal. Skipulagið byggir á grunni eldra deiliskipulags sem var samþykkt árið 1994 sem fellt er úr gildi. Í tillögunni eru afmörkuð og skilgreind hverfisverndarsvæði í dalnum, gerð grein fyrir helstu göngu- og hjólastígum ásamt nýjum þverunum yfir Elliðaárnar og skilgreind helstu útivistar- og áningarstaðir, samkvæmt uppdr. Landslags. ehf. dags. 10. febrúar 2020 síðast br. 16. nóvember 2020. Einnig er lögð fram greinargerð Landslags ehf. um forsendur deiliskipulags dags. 10. febrúar 2020 br. 16. nóvember 2020, greinargerð Landslags ehf. um stefnumörkun og skilmála dags. 10. febrúar 2020 br. 16. nóvember 2020, skýringarmynd Landslags ehf. dags. 10. febrúar 2020 og drög Borgarsögusafns Reykjavíkur að varðveislumati og húsaskrá fyrir Elliðaárdalinn. Einnig er lagður fram tölvupóstur stjórnar Hollvinasamtakanna dags. 19. mars 2020 og bréf Halldórs Páls Gíslasonar f.h. Hollvinasamtaka Elliðaárdals dags. 21. apríl 2020. Tillagan var auglýst frá 16. mars 2020 til og með 18. maí 2020. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir/umsögn: Jón Þór Ólason f.h. Stangveiðifélags Reykjavíkur dags. 9. nóvember 2019, Bjarni V. Guðmundsson dags. 18. mars 2020, Vegagerðin dags. 19. mars 2020 og 19. maí 2020, Hörður Guðjónsson f.h. íþróttafélagsins Fylkis dags. 22. apríl 2020, Umhverfisstofnun dags. 22. apríl 2020, Hlín Sverrisdóttir dags. 7. maí 2020, Hestamannafélagið Fákur dags. 12. maí 2020, skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 14. maí 2020, Sædís Þorleifsdóttir dags. 17. maí 2020, Gunnar H. Guðmundsson dags. 18. maí 2020, Orkuveita Reykjavíkur dags. 18. maí 2020, Veitur dags. 18. maí 2020, Snorri Gunnarsson dags. 18. maí 2020, Ólafur Haraldsson f.h. Frisbígolffélags Reykjavíkur og Íslenska frisbígolfsambandsins dags. 18. maí 2020, Halldór Páll Gíslason f.h. Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins dags. 18. maí 2020, Jósep Valur Guðlaugsson dags. 19. maí 2020, íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts dags. 19. maí 2020, Minjastofnun Íslands dags. 4. júní 2020 og íbúaráð Breiðholts dags. 16. júní 2020. Einnig er lögð fram fornleifaskrá og húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur, skýrsla nr. 203, dags. 2020 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 27. október 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. nóvember 2020.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12–14
105 Reykjavík

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. nóvember 2020.
Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkvæði gegn tillögunni.
Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:
Tillagan myndar ramma utan um heildarskipulag dalsins. Stígakerfi er bætt og gert er ráð fyrir nýjum brúartengingum fyrir gangandi og hjólandi, hverfisvernd er aukin og rammi settur utan um starfsemi í dalnum. Eftir umsagnarferli eru gerðar ýmsar minnháttar breytingar til að koma til móts við athugasemdir og endurspegla í skipulagi þá starfsemi sem þegar er í dalnum (skíðabrekka, frísbígolfvöllur) eða er þar fyrirhuguð (OR-sýning). Breytingar vegna mögulegra útfærslna gatnamóta í Arnarnesvegar og Breiðholtsbrautar eru ekki hluti af þessari tillögu en kunna að vera nauðsynlegar í framhaldinu.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókanir:
Mikilvægt er að Elliðaárdalurinn njóti verndar í heild, en lengi hefur staðið til að auka hana. Sú deiliskipulagstillaga sem hér er til samþykktar er útvötnuð útgáfa af því svæði sem sátt var um. Best væri að Elliðaárdalurinn nyti friðlýsingar að lögum og svæðið væri mun stærra en hér er gert ráð fyrir. Með þessu skipulagi er verið að ganga gegn þeirri sátt sem náðist í samráðshópi um "Sjálfbæran Elliðaárdal" sem skilaði ítarlegri skýrslu í apríl 2016. Ljóst er að íbúar vilja að Elliðaárdalurinn njóti aukinnar verndar og svæðið sé stærra, en nýlega skrifuðu meira en níu þúsund undir áskorun um íbúakosningu vegna áforma um að byggja í jaðri dalsins.


Áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:
Áheyrnarfulltrúi Sósíalista fagnar aukinni vernd Elliðaárdalsins og bættum tengingum fyrir hjólandi og gangandi en hefði viljað sjá þróunarsvæðin við Stekkjabakka og Suðurfell inni í skipulaginu. Einnig hefði fulltrúinn viljað sjá allan dalinn friðaðann en ekki bara svæðin á milli stíganna.


Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:
Það er kaldhæðislegt að ræða ekki nýlega tæmingu Árbæjarlóns í umræðu um breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals, en stíflan eru friðuð og þar með lónið. Það er mjög sláandi að sjá að skipulagið taki skarpa beygju fram hjá þróunarreit Stekkjarbakka Þ73, þar sem fyrirhuguð gróðurhvelfing/Bio Dome á að rísa. Fyrri hugmyndir gengu út á að reiturinn væri innan þessa mikilvæga útivistar- og náttúrusvæðis sem Elliðarárdalurinn er. Mörk deiliskipulags á öðrum stöðum miðast við útlínur dalsins. Elliðarárdalurinn býr yfir afar fjölbreyttu lífríki. Það er mat borgarfulltrúa Miðflokksins að svæðið innan deiliskipulagsins ætti allt að njóta hverfisverndar í stað þess að marka það innan þeirra stíga sem liggja meðfram ánni á báða bóga. Ríkið verður að grípa inn í þessa atburðarás og friðlýsa svæðið strax eins og gert var með Akurey í Kollafirði 2019. Með friðun er tryggður réttur komandi kynslóða til að njóta náttúrugæðanna sem dalurinn býður uppá. Náttúra innan borgarmarka er takmörkuð auðlind. Elliðarárdalurinn er ein af stærstu auðlind Reykvíkinga.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:
Elliðaárdalurinn er mörgum afar kær jafnvel þótt varla sé hægt að tala um hann sem ósnortna náttúru lengur. Hann er manngerð náttúra. Þar með er þó ekki sagt að gildi hans sé ekki mikið, þvert á móti. En náttúruleg þróun hans mun taka mið af þeim gróðri sem þar hefur verið plantað. Furur og greni munu sá sér út og barrskógur verður líklega ríkjandi ef ekki verður að gert. Útsýni verður þá takmarkað við næstu metra.
Kvartað hefur verið yfir ýmsu í ferlinu t.d. að áform voru ekki öll kynnt í vor þegar deiliskipulag í dalnum var kynnt. Mikil umræða hefur verið um lónið sem er greinilega mörgum kært. Um það vilja margir standa vörð. Tappann skal taka úr vegna þess að ein stofnun sagði að það væri gott fyrir lífríkið. En fulltrúi Flokks fólksins vill bóka um stífluna sem er friðlýst og ekki verður átt við hana án leyfis. Stíflan rífur sjónlínu milli efri og neðri hluta dalsins. Hún liggur yfir ána, bakka á milli og klýfur dalinn- farveginn- í tvennt sjónrænt séð. Tilgangur þessa mannvirkis er lokið. Með því að rífa hana er farið í átt að upprunalegu ástandi Elliðaárdals sem hlýtur að vera jákvætt.


F.h. umhverfis- og skipulagssviðs
Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjöl: uppdr. Landslags. ehf. dags. 10. febrúar 2020 síðast br. 16. nóvember 2020, greinargerð Landslags ehf. um forsendur deiliskipulags dags. 10. febrúar 2020 br. 16. nóvember 2020, greinargerð Landslags ehf. um stefnumörkun og skilmála dags. 10. febrúar 2020 br. 16. nóvember 2020, skýringarmynd Landslags ehf. dags. 10. febrúar 2020 og drög Borgarsögusafns Reykjavíkur að varðveislumati og húsaskrá fyrir Elliðaárdalinn, tölvupóstur stjórnar Hollvinasamtakanna dags. 19. mars 2020, bréf Halldórs Páls Gíslasonar f.h. Hollvinasamtaka Elliðaárdals dags. 21. apríl 2020, innkomnar athugasemdir, fornleifaskrá og húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur, skýrsla nr. 203, dags. 2020, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 27. október 2020 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. nóvember 2020.





SKIPTING KORTAHLUTA



HLUTI AÐALSKIPULAGS 2010 - 2030

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á skipulagsuppdrætti 1/3 deiliskipulags eftir auglýsingar- og kynningartíma:

1. Á safna- og sýningarsvæði OR við rafstöðvarhús eru gerðar eftirfarandi lagfæringar í samræmi við nýja hönnun svæðisins:
a. Bætt er við tveimur byggingarreitum, annarsvegar fyrir allt að 100 m2 skýli fyrir svokallaðan Höggbor og hinsvegar fyrir tæknirými neðanjarðar í manngerðum hól við fyrirhugaðan vatnsleikjagarð. Þá er bætt við skilmálum sem gilda fyrir mannvirki innan beggja byggingarreita.
b. Bætt er við sleppisvæðum fyrir rútur framan við gamla rafstöðvarhúsið.
c. Skilgreint er bifreiðalaust svæði á milli húsa á rafstöðvareit en gönguleið skilgreind þess í stað á milli húsanna.
d. Bætt er við göngustíg frá brú yfir Elliðaár og í gegnum safna- og sýningarsvæðið.

2. Lóð félagsheimilis OR stækkar þannig að hún nær yfir núverandi bílastaði við félagsheimilið en áður voru bílastæðin utan lóðar.

5. Bætt er við veghelgunarsvæði stofnvega innan skipulagssvæðisins meðfram Reykjanesbraut, Breiðholtsbraut, Miklubraut auk tilheyrandi vegamóta.

8. Bætt er við upplýsingum um núverandi skíðalyftu (diskalyftu) og skíðabrekku á Ártúnsholtssvæðinu.

9. Rafstöðvarvegur frá eystri lóðarmörkum safna- og sýningarsvæði OR að Höfðabakka var áður skilgreindur sem vistgata en verður breytt í "samrými akandi og hjólandi". Ofan á núverandi vatnsstokk sunnan Rafstöðvarvegar á sama kafla verður skilgreind gönguleið sem verður framkvæmd ef til þess kemur að stokkurinn verður endurnýjaður. Áður var hjólastígur skilgreindur á stígnum.

10. Eftirfarandi hjólastíg er bætt við innan skipulagssvæðisins:
a. Frá eystri lóðarmörkum safna- og sýningarsvæði OR að undirgögnum undir Miklubraut.

11. Þar sem hjólastígar liggja samsíða göngustígum yfir ár er gert ráð fyrir möguleika á tveimur aðskildum brúm eða einni breiðri brú sem þó er með aðskildum leiðum hjólandi og gangandi.

13. Bætt er við upplýsingum um nýja fornminjaskráningu ásamt því að bætt er við verndarsvæðum skv. minjaskráning og skilmálar settir hvað varðar verndun staðanna.

- Deiliskipulagsmörk
- Lóðarmörk
- Byggingar
- Víkjandi byggingar
- Friðlýstar byggingar
- Byggingarreitur
- Götur og bílastæði
- Samrými hjólandi og akandi
- Reiðstígur/veiðislóði
- Brú
- Undirgöng
- Hjólastígar
- Stofnstígar
- Tengistígar
- Náttúrustígar
- Aningastaður / fræðsla
- Hestagerði
- Ofanvatnslaut
- Gróður
- Nútíma hraun
- Hverfisvernd samstæðra húsa og heilda.
- Hverfisvernd
- Friðlýst svæði
- Minjar - verndarsvæði
- Minjar
- Frisbígolfvöllur

Sjá jafnframt meðfylgjandi greinargerðir,
Dags. 10.02.2020, breytt 16.11.2020

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____
Tillagan var auglýst frá _____
með athugasemdafresti til _____
Auglýsing um gildistöku deiliskipulags var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

_____

16.11.2020. BREYTT EFTIR AUGLÝSINGAR- OG KYNNINGARTÍMA

REYKJAVÍKURBORG - ELLIÐAÁRDALUR


DEILISKIPULAG

SKIPULAGSUPPDRÁTTUR - NORÐURHLUTI


KVARDI-A1:	1:2500	TEIKN NR:	1 af 3
DAGS:	10.02.2020	HANNAÐ:	þh/grg/óí
FLOKKUR:	0000-reyk_A	TEIKNAÐ:	þh/grg/er
SKRÁ:	18104-gm.dwg	VERKNR:	18104

LANDSLAG

X:\0-VERK\0000-REYK-ELLIA\18104-ELLIÐAÁRDALUR, ENDURSKOÐUN DEILISKIPULAGS\TEIKN\DWG\18104-DSK.DWG



SKIPTING KORTAHLUTA



HLUTI AÐALSKIPULAGS 2010 - 2030

- Deiliskipulagsmörk
- Lóðarmörk
- Byggingar
- Víkjandi byggingar
- Friðlýstar byggingar
- Byggingarreitur
- Götur og bílastæði
- Samrými hjólandi og akandi
- Reiðstígur/veiðislóði
- Brú
- Undirgöng
- Hjólastígar
- Stofnstígar
- Tengistígar
- Náttúrustígar
- Aningastaður / fræðsla
- Hestagerði
- Ofanvatnslaut
- Gróður
- Nútíma hraun
- Hverfisvernd samstæðra húsa og heilda.
- Hverfisvernd
- Friðlýst svæði
- Minjar - verndarsvæði
- Minjar
- Frisbígolfvöllur

Sjá jafnframt meðfylgjandi greinargerðir,
Dags. 10.02.2020, breytt 16.11.2020

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á skipulagsuppdrætti 2/3 deiliskipulags eftir auglýsingar- og kynningartíma:

4. Bætt er við núverandi bílastæðavasa syðst við Höfðabakka og við hann núverandi áningarstað.

6. Bætt er við núverandi áningarstað fyrir hesta sunnan Árbæjarstíflu.

10. Eftirfarandi hjólastíg er bætt við innan skipulagssvæðisins:
b. Frá hjólastíg sunnan brúar yfir Elliðaár við Höfðabakka og til suðurs meðfram Höfðabakka og að undirgögnum.

11. Þar sem hjólastígar liggja samsíða göngustígum yfir ár er gert ráð fyrir möguleika á tveimur aðskildum brúm eða einni breiðri brú sem þó er með aðskildum leiðum hjólandi og gangandi.

13. Bætt er við upplýsingum um nýja fornminjaskráningu ásamt því að bætt er við verndarsvæðum skv. minjaskráning og skilmálar settir hvað varðar verndun staðanna.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____
Tillagan var auglýst frá _____
með athugasemdafresti til _____
Auglýsing um gildistöku deiliskipulags var birt í B-deild
Stjórnartíðinda þann _____

_____

16.11.2020. BREYTT EFTIR AUGLÝSINGAR- OG KYNNINGARTÍMA

REYKJAVÍKURBORG - ELLIÐAÁRDALUR

DEILISKIPULAG

SKIPULAGSUPPDRÁTTUR - MIÐHLUTI

KVARÐI-A1:	1:2500	TEIKN NR:	2 af 3
DAGS:	10.02.2020	HANNAÐ:	þh/grg/óí
FLOKKUR:	0000-reyk_A	TEIKNAÐ:	þh/grg/er
SKRÁ:	18104-gm.dwg	VERKNR:	18104

LANDSLAG

X:\0-VERK\0000-REYK-ELLI\A\18104-ELLIÐAÁRDALUR, ENDURSKOÐUN DEILISKIPULAGS\TEIKN\DWG\18104-DSK.DWG

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á skipulagsuppdrætti 3/3 deiliskipulags eftir auglýsingar- og kynningartíma:


5. Bætt er við veghelgunarsvæði stofnvega innan skipulagssvæðisins meðfram Reykjanesbraut, Breiðholtsbraut, Miklubraut auk tilheyrandi vegamóta.

7. Bætt er við og sýnd er afmörkun núverandi frisbígolfvallar innan skipulagssvæðisins.


10. Eftirfarandi hjólastígum er bætt við innan skipulagssvæðisins:
c. Frá Suðurhólum til austurs að hjólastíg vestan Elliðaáa.
d. Frá Suðurfelli til austurs að hjólastíg vestan Elliðaáa.
e. Meðfram Breiðholtsbraut norðanverðri.

11. Þar sem hjólastígar liggja samsíða göngustígum yfir ár er gert ráð fyrir möguleika á tveimur aðskildum brúm eða einni breiðri brú sem þó er með aðskildum leiðum hjólandi og gangandi.

13. Bætt er við upplýsingum um nýja fornminjaskráningu ásamt því að bætt er við verndarsvæðum skv. minjaskráning og skilmálar settir hvað varðar verndun staðanna.



HLUTI AÐALSKIPULAGS 2010 - 2030



SKIPTING KORTAHLUTA

Deiliskipulagsmörk
Lóðarmörk
Byggingar
Víkjandi byggingar
Friðlýstar byggingar
Byggingarreitur
Götur og bílastæði
Samrými hjólandi og akandi
Reiðstígur/veiðislóði
Brú
Undirgöng
Hjólastígar
Stofnstígar
Tengistígar
Náttúrustígar
Aningastaður / fræðsla
Hestagerði
Ofanvatnslaut
Gróður
Nútíma hraun
Hverfisvernd samstæðra húsa og heilda.
Hverfisvernd
Friðlýst svæði
Minjar - verndarsvæði
Minjar
Frisbígolfvöllur

Sjá jafnframt meðfylgjandi greinargerðir,
Dags. 10.02.2020, breytt 16.11.2020

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____
Tillagan var auglýst frá _____
með athugasemdafresti til _____
Auglýsing um gildistöku deiliskipulags var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

16.11.2020. BREYTT EFTIR AUGLÝSINGAR- OG KYNNINGARTÍMA

REYKJAVÍKURBORG - ELLIÐAÁRDALUR

DEILISKIPULAG

SKIPULAGSUPPDRÁTTUR - SUÐURHLUTI

KVARÐI-A1:	1:2500	TEIKN NR:	3 af 3
DAGS:	10.02.2020	HANNAÐ:	þh/grg/óí
FLOKKUR:	0000-reyk_A	TEIKNAÐ:	þh/grg/er
SKRÁ:	18104-gm.dwg	VERKNR:	18104

LANDSLAG

X:\0-VERK\0000-REYK-ELLI\A\18104-ELLIÐAÁRDALUR, ENDURSKOÐUN DEILISKIPULAGS\TEIKN\DWG\18104-DSK.DWG



REYKJAVÍKURBORG - ELLIÐAÁRDALUR

DEILISKIPULAG

FORSENDUR

10.02.2020

16.11.2020, BREYTT EFTIR AUGLÝSINGAR- OG KYNNINGARTÍMA

UNNIÐ FYRIR UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR

1 Inngangur 2
2 Forsendur 6
2.1 Náttúrufar 6
2.1.1 Landslag og jarðfræði 6
2.1.2 Gróður og gróðurfar 9
2.1.3 Skemmdir og jarðrask á svæðinu 12
2.1.4 Ræktun og uppgræðsla 12
2.1.5 Fuglalíf 12
2.1.6 Annað dýralíf 14
2.2 Áhugaverð náttúrufyrirbæri 16
2.3 Saga, minjar og fornleifar 18
2.3.1 Saga Elliðaárdals 18
2.3.2 Saga skógræktar í Elliðaárdal 19
2.3.3 Minjar 20
2.4 Örnefni í Elliðaárdal 24
2.5 Húsakönnun og húsavernd 28
2.6 Skipulögð útivistarstarfsemi í Elliðaárdal 30
2.6.1 Laxveiðar 30
2.6.2 Hestamennska 30
2.6.3 Skíðalyfta og hlaup 31
2.6.4 Fræðsla og leiksýningar 32
2.7 Helstu umferðaræðar í Elliðaárdal og stígakerfi 32
2.7.1 Núverandi vegakerfi 32
2.7.2 Núverandi stígakerfi 32
2.8 Núverandi byggingar, bílastæði og önnur mannvirki á skipulagssvæðinu 33
3 Heimildaskrá 34

Samþykktir

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við 41 gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var

samþykkt í _____ þann _____

Tillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulags var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

_____

1 Inngangur

Deiliskipulag þetta er endurskoðun á deiliskipulagi Elliðaárdals frá 1994 með áorðnum breytingum til samræmis við gildandi aðalskipulag Reykjavíkur. Með gildistöku þessa deiliskipulags fellur deiliskipulag Elliðaárdals með síðari breytingum úr gildi.

Landslag ehf. hefur fyrir hönd Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur umsjón með gerð deiliskipulagsins og hefur unnið verkefnið í samstarfi við stýrihóp með fulltrúum frá USR.

Í greinargerð þessari er farið yfir helstu forsendur deiliskipulagsins en í annarri greinargerð er stefnumörkun deiliskipulags Elliðaárdals ásamt skipulagsskilmálum.

Deiliskipulagið samanstendur af eftirtöldum gögnum:

- Greinargerð með forsendum deiliskipulags
- Greinargerð með stefnumörkun og skilmálum deiliskipulags
- Þrír deiliskipulagsuppdrættir (norður-, mið- og suðursvæði) í mælikvarða 1:2500 í A1
- Yfirlitsuppdráttur í mælikvarða 1:6000 í A1

Elliðaársvæðið var sett á náttúruminjaskrá árið 1984. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1984 – 2004 var sett borgarvernd á útivistarsvæðin í Elliðaárdal[1]. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 –2016 var henni breytti í almenna borgarvernd[2] og í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024 kemur hverfisvernd, eins og hún er skilgreind í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, í stað almennrar borgarverndar[3]. Í núgildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er Elliðaárdalurinn skilgreindur sem borgargarður auk þess sem skilgreind er hverfisvernd umhverfis árnar, en tekið fram að nákvæmari mörk hverfisverndar skuli útfæra í deiliskipulagi þessu sem hér er sett fram[4].
Frávik frá vernd eru eftirfarandi:
Innan Elliðaársvæðisins eru nokkrir mikilvægir útivistarþættir stundaðir á félagslegum grundvelli. Nægir þar að nefna laxveiði sem er undir stjórn Stangaveiðifélags Reykjavíkur, en félagið leigir veiðiréttinn af Orkuveitu Reykjavíkur og leigir félagið húsnæði við Rafstöðvarveg undir skrifstofur sínar.
Stór svæði í dalnum eru nú þakin gróðursettum skógi en jafnframt hafa stór svæði gróið upp af sjálfsdáðum, einkum síðustu ár. Má búast við að sú þróun haldi áfram og skóglendi haldi áfram að breiða úr sér með sjálfsáðum plöntum á kostnað annarra gróðurfarsgerða, svo sem mosaþembu og lyngmóa. Aðgerðir á Elliðaárdalssvæðinu hafa á undanförnum árum takmarkast við að leggja göngu- og hjólastíga, auk umhirðu á skógræktarreitum.

[1] Borgarskipulag Reykjavíkur og Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík (1988)

[2] Borgarskipulag Reykjavíkur og Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík (1997)

[3] Skipulags- og byggingarsvið (2002)

[4] Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið (2014)



Mynd 1. Elliðaárdalurinn séð ofan stíflu

Deiliskipulagið byggir á grunni deiliskipulags af svæðinu sem samþykkt var árið 1994 með áorðnum eftirfarandi breytingum:

- Deiliskipulag við Stekkjarbakka (Þ-73) (19.11.2019)
- Rafstöðvarvegur 20 (27.6.2018)
- Elliðaárdalur (21.7.2017)
- Göngu- og hjólabrú, Geirsnefi (13.4.2012)
- Elliðaárdalur OR (18.2.2010)
- Elliðaárdalur (11.4.2007)
- Rafstöðvarvegur 1a (20.9.2006)
- Elliðaárdalur, settjarnir (30.9.2004)
- Elliðaárdalur, settjarnir (16.7.2002)

Í október 2014 var tillaga borgarstjóra samþykkt í borgarráði um að undirbúa breytingu á deiliskipulagi og afmarka hverfisvernd á grundvelli náttúrufarsúttekta. Í framhaldi af þessari samþykkt hefur verið unnið áfram að skipulagsmálum í Elliðaárdal fyrir umhverfis- og skipulagssvið borgarinnar. Leitað hefur verið álits fjölmargra aðila um málefni dalsins. Meðal annars hefur samráð farið fram við fulltrúa eftirfarandi aðila: Hollvinasamtök Elliðaárdalsins, Stangaveiðifélag Reykjavíkur, Veitur, Hestamannfélagið Fák, hlaupahópa á svæðinu og Landssamtök hjólreiðamanna. Elliðaárdalur er með stærri útivistarsvæðum borgarinnar eða u.þ.b. 205 hektarar innan marka deiliskipulagsins. Dalurinn dregur nafn sitt af Elliðaám sem falla um 6 km leið frá upptökum í Elliðavatni að ósum í Elliðavogi. Elliðaárdalur markast nokkurn veginn við undirlendið kringum farveg Elliðaáa og neðstu hluta hallans í holtunum í kring, Ártúnsholt og Breiðholt. Dalurinn er víðast innan við 500 metra að breidd. Samkvæmt gildandi skipulagi frá 1994 markast svæðið af landamörkum Reykjavíkur og Kópavogs við Elliðaárstíflu en að öðru leyti stórum umferðaræðum og aðliggjandi byggð, auk hesthúsasvæðis Fáks, Árbæjarsafns og íþrótta- og útivistarsvæðum. Eitt af fyrstu skrefum þessa deiliskipulags er að skilgreina nákvæm skipulagsmörk m.t.t. AR 2010-2030 og nánari greiningu á landslagi.

Fyrsta áætlun fyrir Elliðaárdal var gerð árið 1974 og var liður í heildaráætlun Reykjavíkurborgar um umhverfi og útivist. Þar var lögð höfuðáhersla á að gróðurvæða útivistarsvæði og bæta aðgengi fyrir fólk með göngu- og hjólreiðastígum.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er Elliðaárdalur skilgreindur sem opið svæði til sérstakra nota og með nánari skilgreiningu sem borgargarður, en innan slíkra garða er gert ráð fyrir útivistariðkun og fjölbreyttri mannvirkjagerð af ýmsum toga sem tengist nýtingu og þjónustu svæðanna til útiveru, afþreyingar og leikja og allrar almennrar frístundaiðkunar. Einnig má gera ráð fyrir veitingaaðstöðu og veitumannvirkjum[5].

[5] Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið (2014)

2 Forsendur

2.1 Náttúrufar

2.1.1 Landslag og jarðfræði

Svæðið er í grunninn vel gróinn og grunnur dalur sem nær frá stíflu við Elliðavatn meðfram jökulsorfnum grágrýtisholtum, ásum og árhólmum, til móts við árósa í Elliðavogi. Efsti hluti Elliðaáa á milli Breiðholtsbrautar og Elliðavatnsstíflu er innan marka Kópavogs og því utan þessa skipulags.

Elliðaárnar renna eftir dalnum endilöngum og falla um 75 metra frá vatni til sjávar og jaðar byggðar í Breiðholti í er u.þ.b. 90 m.y.s. Hægt að lesa í landið þar sem ummerki fyrri alda sjást víða. Í bókinni Elliðaárdalur, perla Reykjavíkur er minnst á sjávarstöðu í lok ísaldar og þær jarðsöguminjar sem hægt er að finna frá ísaldarlokum í Elliðaárdalnum. Þar ber mest á fornum framburði Elliðaánna. Fyrir lok ísaldar voru Elliðaárnar jökulár og báru með sér mikið magn af aur, möl og sandi. Með framburðinum mynduðust malarfjörur við ósana sem teygðu sig út með Blesugróf og Árbæjarhverfinu, út fyrir Vesturlandsveg. Þegar ísa leysti létti af jökulfarginu og land tók að rísa úr sjó, komu í ljós sjávarhjallar sem sýna glögglega hvar hið forna sjávarborð stóð[6].

Jarðrask eftir malarnám sem stundað var á nokkrum stöðum í dalnum er orðið vel gróið og lítt áberandi. Engu að síður eru breytingar á landslagi vegna malarnáms greinilegar. Nokkuð stórar námur urðu til austan við Blesugróf og í Ártúnsholti á við jaðra skipulagssvæðisins.


Jarðfræði svæðisins er talin margbreytileg og má finna í dalnum og næsta nágrenni jarðlög sem spanna seinni hluta ísaldar og hlýskeið nútíma. Um tveggja milljón ára gamalt berg finnst í Ártúnshöfða en hið yngra Reykjavíkurgrágrýti er áberandi eins og annars staðar í borgarlandinu og má finna jökulrákaðar klappir, einkum í nágrenni Árbæjar. Þegar ísöld lauk stóð sjór mun hærra en í dag. Minjar hárrar sjávarstöðu getur að líta í malarhjöllum við dalinn, bæði ofan við rafstöðina og í Blesugróf. Þessa möl hafa Elliðaárnar sett af sér er þær komu kolmórauðar undan jökli, sem fyllti Elliðavatnslægðina, og runnu til sjávar sem þá teygði sig allt að Árbæjarstíflu. Jöklar hurfu, sjór lækkaði og fyrir 5000 árum varð mikið eldgos austan Bláfjalla. Hraunstraumur flæddi niður að Elliðavatni, yfir norðurhluta þess, niður allan Elliðaárdal og út í Elliðavog. Elliðaárhraunið þekur dalbotninn og beggja vegna þess kvíslast árnar. Undir því eru víða lög af mó sem m.a. má sjá við Efri-Móhyl. Síðan hraunið rann hafa ekki orðið stórfelldar landslagsbreytingar í dalnum þar til maðurinn fór að móta landið að sínum þörfum[7].

Yngri jarðmyndanir setja einnig mikinn svip á dalinn, sér í lagi hið áðurnefnda 5200 ára gamla Leita- eða Elliðavogshraun sem þekur dalbotninn og nær það eftir dalnum endilöngum. Hraunið rann úr gígnum Leiti austan Bláfjalla og mynduðust Rauðhólar í þeim eldsumbrotum. Ýmsar fallegar hraunmyndanir einkenna Leitahraunið og eru þær hvað mest áberandi í og við árfarveg Elliðaánna


[6] Árni Hjartarson (1981)

[7] Elliðaárdalur (1983)

t.d. við Kerlingarflúðir neðan Árbæjarstíflu. Mólög hafa fundist undir Leitahrauninu í Árhólmanum. Jarðhiti er í Elliðaárdal, einkum í Löngugróf norðan Neðra-Breiðholts. Í Elliðaánum eru nokkrir fallegir fossar t.d. Selfoss neðan Höfðabakkabrúarinnar, Skáfossar og Ullarfoss í eystri kvíslinni og Kermóafoss, Arnarfoss og Skötufoss í þeirri vestari.



Mynd 2. Dalurinn tengir útivistarsvæðið í Heiðmörk alla leið til sjávar, og byggðinni í kring



Mynd 3. Hæðarlínugrunnur

2.1.2 Gróður og gróðurfar

Gróðurfar er talið fjölbreytt en ber sterk merki umsvifa mannsins, einkum landbúnaðar og skógræktar en einnig áhrifa stíflunnar og nálægðar við íbúabyggð. Tegundafjölbreytni er mikil og finnast bæði innlendar tegundir og aðfluttar, bæði gróðursettar plöntur og sjálfsánir slæðingar. Helstu gróðurlendi í dalnum eru mýrar, mólendi, valllendi, blómlendi og skóglendi. Mest er af mólendi með lyng- og víðitegundum ofarlega í dalnum sem á þó undir högg að sækja vegna trjáræktar og sjálfgræðslu. Af plöntuðum tegundum hefur mest verið plantað af birki, reyni, ösp og barrtrjám, einkum greni en á seinni árum tegundum eins og alaskavíði, garðarifs, selju, sitkagreni, sitkaöl, reynivið, alaskaösp og stafafuru. Elstu gróðursettu trén eru neðan stíflu í Árhólmanum og í Sveinbjarnarlundi í Ártúnsbrekku (utan skipulagssvæðisins). Blandaður skógur er einnig orðinn umfangsmikill í Breiðholtshvarfi og Grænugróf. Sjálfsáð birki og víðitegundir eru áberandi víða í dalnum t.d. ofan stíflu Árbæjarmegin. Flestar algengustu trjátegundirnar hafa verið gróðursettar og eru farnar að breiðast út ýmist með fræjum eða rótarsprotum[8].

Þar sem trjágróður hefur vaxið upp er orðið skjólsælla og eru ýmsar ljóskræfar bersvæðistegundir undanhaldi vegna þéttingar gróðurs. Þó eru undantekningar þar sem tegundir eins og hálíngresi vaxa víða undir birkilundum og skógarbotnstegundir eins og blágresi og hrútaber hafa tekið við sér. Fundist hafa um 320 plöntutegundir í dalnum. Helmingur þeirra eru slæðingar úr nálægum görðum. Einna helst eru það stórvaxnar blómjurtir sem eru orðnar áberandi, frumherjategundir sem ná sér á strik í gróðurlitlu landi og taka þátt í fyrstu stigum gróðurframvindu. Helstu tegundir eru hóffífill þar sem raki er nægur, lúpína sem hefur rutt sér til rúms víða og lagt undir sig mela, flög og manngert landslag. Í niturríkum jarðvegi eru sigurskúfur og skógarkerfill orðnir algengir ásamt geithvönn sem er víðsvegar umhverfis árnar. Innlendar tegundir eru farnar að breiðast út frá ræktun í görðum í nágrenninu, má þar nefna hagabrúðu, burnirót og garðamaríustakk[16].


Í bókinni Elliðaárdalur, Perla Reykjavíkur (2016) kemur fram að elstu leifar gróðurs í dalnum séu í Elliðavogslögunum og eru þau nokkur hundruð þúsund ára gömul. Birkiskógar klæddu yfirborð dalsins í upphafi hlýskeiðar en við landnám breyttist gróðurfarið og graslendi jókst ásamt fleiri tegundum er fylgdu manninum. Gróðurþekjan var ósamfelld fyrst í stað en sótti jafnt og þétt á. Helsta sérkenni gróðurfarsins eru slæðingar sem bárust beint eða óbeint með manninum. Þar sem segja má að tegundasamsetningin hafi fleiri einkenni garðagróðurs en villtrar náttúru[9].

Elliðaár eru lindár og er aðalvatnasvið þeirra og safnsvæði fyrir ofan samfellda byggð áður en árnar falla niður í sjálfan árdalinn. Þar er það Elliðavatn sem sameinar rennsli af stærstum hluta vatnasvæðisins. Safnast þar vatn undan nærliggjandi hraunum með nokkuð jöfnu rennsli. Í Elliðavatn fellur einnig yfirborðsvatn með sveiflukenndu rennsli.

---

[8] Jóhann Pálsson (2004)

[9] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson (2016)



Mynd 4. Áhugaverð jarðfræðifyrirbæri

Vorið 1968 varð afar mikið flóð í Elliðaám. Meðalrennsli árinnar, sem er 5m3/sek, tuttugufaldaðist. Slík flóð eru sem betur fer sjaldgæf og verða aðeins við óhagstæðustu skilyrði, svo sem í asahláku og vatnsveðrum þegar jörð er frosin og ef snjóalög eru mikil þegar hlánar. Þau flóð sem hafa orðið í ánum hafa óhjákvæmilega sett mark sitt á gróðurfar svæðisins. Hafa árnar víða ruðst yfir bakka sína, sérstaklega á neðsta og efsta hluta árdalsins og skolað þar burt gróðri og jarðvegi.

Fjölbreytileiki gróðurfarsins er ekki minnst til kominn vegna ólíkra jarðfræðilegra skilyrða Elliðaárdal en hér á eftir er örstutt lýsing á helstu gróðurfarsgerðum:

Votlendi. Sé miðað við heildarflatarmál eru mýrar ekki miklar á Elliðaársvæðinu, þó eru þær nokkrar í Elliðaárdalnum. Stærst er Hvarfsmýri austan Árbæjarstíflu sunnan ár. Við Dimmu eru mýrarslakkar, svo sem við Grænugróf. Víða eru votlendislautir og flóðfarvegir með áhugaverðum gróðri og lífríki, svo sem í Árhólmum, Blásteinshólma og í flæðilöndum ofan við Árbæjarstíflu.

Hraun mismunandi gróið, en þekur að mestu árhólmana. Víða er yfirborð hraunsins jafnað af tíðum flóðum, en annars staðar, svo sem vestan við Árbæjarstíflu er helluhraunið sprungið og ójafnt.

Stórgrýtt holt eru víðáttumikil á svæðinu. Þau eru nokkuð gróin lyngi, blómgróðri, grastegundum og mosa. Helstu holtin eru í Breiðholtshvarfi og Selási.

Mólendi er víða í dalnum. Víðáttumesta mólendið er suður af Grænugróf. Búast má við að mólendi á svæðinu láti undan sækja eftir því sem blómlendi og trjágróður breiðir úr sér.

Graslendi og valllendi eru víða meðfram ánum, svo sem Elliðavogi, Árbæjarsvæðinu og umhverfis Rafstöð. **Ræktuð tún** eru við Ártún, Árbæ og Eddubæ (nú rifinn).

Ræktaðir trjálundir eru nú á stærstum hluta svæðisins. Elstu gróðurreitirnir eru trjágarður Sveinbjarnar Jónssonar, við Rafstöð og skógarreitur Rafmagnsveitu Reykjavíkur (nú Orkuveita Reykjavíkur) í Árhólmanum.

Reskigróður (gróður á röskuðu landi) er áberandi umhverfis gamla bústaði einkum á Löngugrófarsvæðinu. Hér er að finna ýmsar tegundir svo sem hóffífil, spánarkerfil, rannfang og sigurskúf svo eitthvað sé nefnt.

Grasafræðilegar athuganir:

Á ráðstefnu um Elliðaárdalinn í maí 1981 getur Eyþór Einarsson grasafræðingur þess, að hann hafi þá um vorið fundið 70 tegundir villtra háplantna á stuttri göngu um neðanverðan dalinn. Eyþór taldi sennilegt að við nánari athugun væri hægt að finna yfir 100 tegundir á þessu svæði.

Jóhann Pálsson fyrrverandi garðyrkjustjóri hefur bent á að í Breiðholtshvarfi sé grastegundin Blátoppa (Sesleria albicans) algeng. Blátoppa er hins vegar með sjaldgæfari tegundum í Íslensku flórunni og finnst aðeins á nokkrum stöðum sunnan Helgafells og að Tröllafossi.

2.1.3 Skemmdir og jarðrask á svæðinu

Auk þeirra spjalla sem rof og veðrun hafa valdið eru víða á Elliðaársvæðinu sár og jarðrask af manna völdum. Hefur þetta umrót aðallega orðið við mannvirkjagerð og malarnám. Tiltölulega stórar malarnámur eru austan við Blesugróf og norðan og austan við Ártún. Hafa þar myndast djúp sár í landið. Auk þessa var grjót tekið í tilraunaskyni austarlega í Breiðholtshvarfi gegnt Árbæjarhverfinu. Öllu malar og grjótnámi á svæðinu hefur nú verið hætt. Helstu sár önnur sem hlotist hafa við mannvirkjagerð á Elliðaársvæðinu eru við boranir og lagningu vatnsæða, skólps og hitaveitu. Öll sár í landi eru nú lítt sjáanleg, ýmist í kjölfar uppgræðslu en einnig vegna sjálfgræðslu lands.

2.1.4 Ræktun og uppgræðsla

Á síðustu 70-80 árum hefur mikill árangur náðst af uppgræðslu og skógrækt á öllu Elliðaársvæðinu og setur skógur nú mjög mikinn svip á allan dalinn. Verkið var að mestu unnið af Vinnuskóla Reykjavíkur undir stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur. Þá hafði Rafmagnsveita Reykjavíkur (nú Orkuveita Reykjavíkur) stundað gróðursetningu um árabil til fegrunar á Rafstöðvarsvæðinu.

Eitt stærsta uppgræðsluverkefnið sem unnið hefur verið í námunda við skipulagssvæðið er á gryfjusvæðinu við Löngugróf (neðan Stekkjarbakka). Þar er nú algróin jörð með skógarlundum en uppgræðslustarfið fólst í því að raskað land var jafnað, grasi sáð og síðar ræktaður trjágróður eftir því sem skipulag gerði ráð fyrir.

2.1.5 Fuglalíf

Fuglalíf í dalnum er umtalsvert en hefur mótast gegnum tíðina af þeim breytingum sem átt hafa sér stað í dalnum t.d. með skógrækt, stíflun Elliðaánna, uppfyllingum í Elliðavogi, aukinni byggð o.s.frv. Bæði árnar og skógurinn laða að sér fugla en fuglalíf er mikið í Elliðaárdalnum. Um 30 tegundir fugla eru reglulegir varpfuglar á svæðinu. Þar má nefna álft, grágæs og ýmsar andategundir, vaðfugla eins og hrossagauk, jaðrakan, lóuþræl og stelk, en einnig skógartegundir eins og t.d. skógarþresti. Mikilvægustu varpsvæðin fyrir vatna- og votlendisfugla eru í Hólmanum milli kvísla Elliðaáa neðan Árbæjarstíflu, lónið ofan Árbæjarstíflu, í Blásteinshólma og almennt meðfram ánum í dalnum. Uppdráttur sýnir betur afmörkun þeirra svæða sem hafa einna mestu þýðingu fyrir fuglalíf í dalnum samkvæmt fuglatalningu í Elliðaárdal sumarið 2018 sem gerð var vegna skipulagsins. Alls sáust 22 tegundir í dalnum sumarið 2018. Mesti fjöldi var af grágæs (Anser anser) en 205 einstaklingar sáust samtals á öllum sniðunum sem talningar fóru fram á. Næst mest var af skógarþresti (Turdus ilacus), þá stokkönd (Anas platyrhynchos) og starra (Sturnus vulgaris). Töluverð breyting hefur orðið á tegundasamsetningu í dalnum, en mófuglum hefur fækkað frá síðustu talningu árið 1997. Skógarþresti, starra, stokkönd, kríu og hettumáfi hefur hins vegar fjölgað[10].

Í greiningunni kemur fram að 24 tegundir verpi innan marka svæðisins og 20 tegundir teljist til árvissra gesta. Flestar tegundir verpa ofan stíflu en neðan stíflu hafa 13 tegundir orpið svo vitað sé.

[10] Reykjavíkurborg, skrifstofa umhverfisgæða (2018)



Mynd 5. Mikilvæg fuglasvæði

2.1.6 Annað dýralíf

Mikilvægasta vistkerfið í Elliðaárdalnum eru tvímælalaust Elliðaárnar en vatnasvið þeirra eru með stærri og mikilvægari ferskvatnssvæðum á höfuðborgarsvæðinu og þar er auðugt lífríki. Vatnasvið ánna eru með stærri og mikilvægari ferskvatnssvæðum á höfuðborgarsvæðinu og er lífríki auðugt í kringum árnar og nærliggjandi svæði. Helstu einkenni Elliðaánna sem nefna má eru að þær eru lindár sem falla úr stífluðu stöðuvatni, Elliðavatni. Vegna miðlunar, er rennsli ánna tiltölulega jafnt og stöðugt þar sem gróður nær að vatnsborði.

Árnar eru framleiðsluríkar vegna reks lífrænna efna úr Elliðavatni. Í Elliðaánum sjálfum er lax ríkjandi fisktegund. Uppeldisstöðvar laxaseiða eru í ánum og ganga þau til sjávar eftir 2-3 ár. Unglaxinn heldur sig í sjónum í 1-3 ár og snýr svo aftur upp í árnar þegar hann er orðinn kynþroska.

Urriða er þar einnig að finna, bæði sjóbirting og vatnaurriða. Sjóbirtingurinn heldur sig neðan Árbæjarstíflu og sá síðarnefndi í Elliðavatni og í efri ánum. Vatnableikja er staðbundinn fiskur og í Elliðavatni er hún ríkjandi tegund. Hornsíli finnast einnig í Elliðavatni og eitthvað er um þau á lygnum stöðum niður með ánni. Áll gengur upp í Elliðaárnar og dvelur þar til lengri tíma eða þar til hann kemst á gelgjuskeiðið og verður fullvaxta[20].

Elliðaár eru viðkvæmar fyrir mengun og hefur því sérstaklega verið gripið til ráðstafana til að koma í veg fyrir að mengað vatn berist í árnar með ofanvatni m.a. með því að útbúa settjarnir en fimm slíkar eru í dalnum ofanverðum. Einnig fylgist Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur vandlega með mögulegri skólpmengun og brugðist er við ef upp koma tilfelli þar sem gera þarf viðeigandi ráðstafanir.

Hálfvilltar kanínur hoppa um dalinn neðan stíflu og þá sérstaklega á sumrin.

Þrjár tegundir villtra spendýra eru staðbundnar í Elliðaárdal. Í hesthúsunum er nokkuð um húsamús (Mus musculus). Hún er nettari, dekkri og fimari en hagamús (Apodemus sylvaticus) sem er í umhverfinu. Mikill munur er á stofnstærð músa eftir árferði. Minkur (Mustela vison) heldur mikið til við Elliðavatn og niður eftir ánni. Minkurinn veldur fuglalífinu ama, einkum vatnafuglum. Honum hefur verið haldið niðri síðastliðin ár, en erfitt er að vinna bug á minkum við Elliðaár þar sem hann á sér mörg fylgsni í hraungjótum og hlöðnum görðum, auk þess er takmarkað hvaða veiðiaðferðum má beita á útivistarsvæðum.

Elliðaárdalur er bústaður fjölbreytts smádýralífs. Mikið er um vorflugur eða öðru nafni byttur sem þrífast í ánum og lifa á þörungum. Frá vatnasviðinu og upp á land þrífast ýmiskonar tegundir eins og leirtíta, leirsmiður, mófeti, hærupysja, hélukeppur, járnsmiður, hnoðakönguló, langleggur, krabbakönguló, birkisprotalús, tígulvefari, asparglytta og krosskönguló[11].

[11] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson (2016)

Afleiðingar þéttbýlis og framkvæmda

Talsvert hefur í gegnum tíðina verið þrengt að ánum og vatnasviði þeirra með byggð og gatnamannvirkjum. Það verður samt sem áður að teljast sérstakt hvað Elliðaárnar hafa haldið lífríki sínu og laxveiðum, miðað við það að þær renna í gegnum mikla byggð og að virkjun var starfrækt í þeim hátt í heila öld. En því meiri aðgæslu er þörf, svo ekki fari illa. Ástæða er til að fylgjast vel með gangi mála, sérstaklega ef einhverjar framkvæmdir eru við árnar eða breytingar fyrirhugaðar. Vernda verður nánasta umhverfi ánna og ganga ekki meira á vatnasvið þeirra, því árnar og vatnasviðið eru órofa heild. Með fyrirhyggju má oft haga framkvæmdum þannig, að sem minnstri röskun valdi án viðbótarkostnaðar.

Full ástæða væri til að fylgjast með efnamengun, en til er rannsókn til samanburðar, gerð fyrir 47 árum. Má í þessu sambandi benda á hættu sem stafar af afrennsli gatna út í árnar, með tilheyrandi olíu- og saltmengun af malbikinu. Í þessu sambandi má benda á að árnar hafa á árum áður verið notaðar sem veituleið fyrir yfirfall hitaveitunnar út í V-kvísl Elliðaáa, sem veldur skaða á lífríki. Því hefur nú verið hætt innan sveitarfélagsmarka Reykjavíkur. Einnig verður að gæta að mengun og sporna við yfirfall hitaveitu í sjónum úti fyrir ánum. Einnig fylgir oft höfnum og starfsemi þar olíu og grútarmengun.

Áhrif miðlunar vatns í Elliðaánum vegna virkjunar, hefur neikvæð áhrif á lífríki og viðgang seiða í ánum. Hægt er að minnka óæskileg áhrif af miðluninni. Laxaseiði þurfa grýttan botn og hæfilegan straum til að geta þrifist. Eins þurfa þau sitt rými, þannig að takmarkaður fjöldi seiða getur lifað á hverjum fermetra og fer það eftir fæðuframboði og skjóli. Það sem fyrst og fremst gerir á að góðri laxveiðiá, er stærð og gæði þess svæðis sem laxaseiði þrífast á. Mjög mikilvægt er að tryggja lágmarksrennsli eftir farvegum ánna allan ársins hring, til að tryggja framleiðslu gönguseiða og laxveiði. Ef það reynist ekki unnt, er næstbesta ráðið að mynda þrep í farvegina sem halda vatni fyrir ofan sig, þar sem seiðin geta þá hafist við. Slíkt hefur verið gert í smáum stíl á kafla ofan við Ullarfoss og upp með spennuvirki í Austurkvísl. Stilla verður í hóf rennslisbreytingum úr Elliðavatni, þar sem þær hafa skaðleg áhrif á lífríki í ánum öllum, svo og í Elliðavatni[12].

Eins og áður segir hefur samfelld vöktun farið fram á lífsferli lax, bleikju og urriða í vatnakerfi Elliðaáa síðan árið 1988. Eftir mikla dýfu laxastofnsins árið 1997 var gripið til margvíslegra aðgerða í nágrenni ánna, m.a. var umgengni við árnar bætt, laxfiskar fluttir til ásamt seiðasleppingum innan vatnakerfisins á þeim stöðum sem vantaði hrygningu. Nú er svo komið að laxastofninn hefur verulega rétt úr kútnum og öllum seiðasleppingum hefur verið hætt í ánum þannig að stofninn sér orðið um endurnýjun sína sjálfur[13].

[12] Sigurður Guðjónsson (1993)

[13] Þórólfur Antonsson og Friðþjófur Árnason (2010)

2.2 Áhugaverð náttúrufyrirbæri

Í Elliðaárdalnum eru mörg áhugaverð náttúrufyrirbæri og yrði langt mál að gefa tæmandi lýsingu á þeim öllum. Hér skal þó reynt að geta þeirra helstu.

Norðurhluti

Þar skal sérstaklega bent á eftirfarandi:

1. Skötufoss. Drekkjarhylur og skessukatlar í fyrrum árfarvegi.
2. Gróin mýrarsund í Árhólmum.
3. Skógræktarreitur í Árhólmum.
4. Kermóafoss í vesturkvísl.
5. Fossarnir Stórifoss og Skáfoss í austurkvísl.
6. Tún og brekkur við Ártún.
7. Skógarreitur Sveinbjarnar Jónssonar þar sem einna fyrst var gróðursett.
8. Hraun í ýmsum myndum.
9. Sjávarhjallar (malarhóll) neðarlega í Elliðaárdal, rétt austan við Reykjanesbraut. Í suðurbakka austurkvíslar rétt neðan við göngubrúna við félagsheimili Rafmagnsveitunnar sér í mólög undir hrauninu.
10. Jökulrákaðar klappir við Árbæ.
11. Sandhóll upp af Blesugróf með setlögum sem myndast hafa í vatni.
12. Norðvestur af eldishúsi er votlendissvæði með áhugaverðum mýrargróðri svo sem gullstör, mýrarstör og mýrarsefi, svo eitthvað sé nefnt. Þetta mjög aðgengilega svæði hefur sérstakt fræðslugildi, vegna þess hvað líf kviknar þarna snemma á vorin áður en skólastarfi lýkur (uppl. Þorbjörn Egilsson Náttúrufræðistofnun).


Miðhluti:

Á Árbæjarsvæði skal sérstaklega bent á:

1. Breiðholtshvarf, holt, nýskóg og náttúrulegur gróður.
2. Hvarfsmýri, með fífuengi
3. Flæðiland, grösugt, með víðibrúskum á víð og dreif sem hálft árið eru undir ís og vatni.
4. Blásteinshólmi. Alfriðuð hrauneyja á milli árfarveganna. Athvarf fugla.
5. Við Eddubæ. Fagurt umhverfi og fjölbreytt gróðurfar.

Suðurhluti:

Hefur sérstakt aðdráttarafl. Vinalegt, gróið og mishæðótt landslag. Fjölbreytt gróðurfar, og eitt af fáum svæðum sem Elliðaáin (sem heitir á þessu svæði Dimma) rennur í lygnum straumi.



Mynd 6. Áhugaverð svæði og áningarstaðir/fræðsla

2.3 Saga, minjar og fornleifar

2.3.1 Saga Elliðaárdals

Sögu dalsins má rekja langt aftur í aldir, frá því er dalurinn var skógi vaxinn og fyrstu landnámsmenn komu á land. Í bókinni Elliðaárdalur land og saga (1998) eftir Árna Hjartarson o.fl. er farið yfir sögu Elliðaárdals, en útivistarsvæðið tilheyrði áður landareignum sjö bújarða. Af þeim jörðum stóðu aðeins Ártún og Árbær í dalnum sjálfum. Mikil uppbygging átti sér stað þar sem hús og grjóthleðslugarðar risu, nautgripir, sauðfé og hestar gengu á beit en með komu búskapar breyttist gróðurlendið í dalnum[14].

Elliðaárdalur hefur verið landbúnaðarsvæði um langt skeið en getið er búskapar á bænum Ártúni á 14. öld og Árbæ á 15. öld. Á Árbæ var búskapur í minnst 500 ár. Ummerki um þennan landbúnað eru mjög áberandi enn í dag því tún eru kringum bæjarstæðin sem reyndar gáfu ekki mikið af sér og þótti harðbýlt á báðum bæjunum. Dalurinn var lengi vel notaður sem úthagi þar til hann var friðaður fyrir sauðfjár- og hrossabeit á sjöunda áratug tuttugustu aldar.

Áður en byggðin reis í Árbæjar- og Breiðholtshverfum var mikið um að leigð væru erfðafestulönd í dalnum, einkum norðan Elliðaáa undir Ártúnsholti austur að Selás. Þar reisti fólk sér sumarbústaði og eigendur stunduðu garð- og trjárækt. Sumarbústaðabyggðin lagðist niður að mestu á tímabilinu frá 1960-1990 en enn standa nokkur stærri hús sem eru heilsárshús, flest á Ártúnsblettum við Rafstöðvarveg en einnig nokkur í Árbæjar- og Seláshverfum. Eru það elstu húsin á þessum slóðum.

Elliðaárdalur var í lykilhlutverki í ullarvefnaðariðnaði í Reykjavík á 18. öld sem var hluti af starfsemi Innréttinga Skúla Magnússonar landfógeta. Í árhólmanum má sjá ummerki um mannvirkin er þessu tengdust en þar stóðu þófaramylla, litunarhús og sútunarverkstæði. Þjóðleiðin frá Reykjavík lá einnig yfir Elliðaárnar neðarlega í dalnum og má finna ummerki um gömul vegstæði og vöð og var Ártúnsvað fjölfarnasta vaðið. Fyrstu brýr yfir Elliðaárnar voru byggðar 1883 en þær hafa verið endurnýjaðar alloft síðan þá, stækkaðar og styrktar. Í dag eru þrennar stórar brýr fyrir bílaumferð yfir árnar, Miklabraut/Vesturlandsvegur að norðanverðu, Höfðabakkabrú frá 1981 um miðbikið og Breiðholtsbrautarbrú frá 1993 að sunnanverðu, auk brúa fyrir gangandi, hjólandi og ríðandi til móts við Árbæjarlaug (Vatnsveitubrúin) og önnur ofan Toppstöðvarinnar.

Félagsstarfssemi byrjaði á fyrri hluta 20. aldar með tilkomu Stangaveiðifélags Reykjavíkur (stofnað 1939) og Hestamannafélagsins Fáks (stofnað 1922). Nýjar uppgötvanir á landgæðum áttu sér einnig stað, má þar einna helst nefna annars vegar fallorku Elliðaánna og hins vegar jarðhitann í Löngugróf. Árið 1921 var Elliðaárstöð vígð, þá fullgerð með tveimur hverflum sem framleiddu samtals 1032 kW. Síðar meir jókst afl stöðvarinnar í 3mW. Þá voru búðir hermanna á nokkrum stöðum í dalnum á hernámsárunum[23].

[14] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson (1998)



Mynd 7. Stífla við Elliðaárnar

2.3.2 Saga skógræktar í Elliðaárdal

Trjárækt byrjaði í dalnum um og upp úr 1920. Fyrst um sinn var plantað reynivið en síðar meir jókst tegundafjölbreytni með tilkomu sumarbústaðabyggðar og tilheyrandi garðrækt. Frá gróskumesta skóginum Sveinbjarnarlundi voru birki, reynir, aspir, álmur og sólber gróðursett. Ásamt barrtrjám, sitkagreni, rauðgreni, blágreni og furu. Skógrækt dreifðist jafnt og þétt um dalinn og upp úr 1950 hóf Rafmagnsveita Reykjavíkur skógræktarstarf í Árhólmanum. Fyrst voru gróðursettar 3000 trjáplöntur. Síðan árlega þúsundir plantna. Árið 1976 hóf Skógræktarfélag Reykjavíkur að gróðursetja í dalnum og tók yfir umsjón alls trjágróðurs. Í Sveinbjarnarlundi í Ártúnsholti eru enn eldri grenitré eða frá 1937 sem í dag eru talin í hópi hærri grenitrjáa á Íslandi eða meira en 20 metra há. Skógræktarfélag Reykjavíkur stundaði einnig skógrækt í Elliðaárdalnum um alllangt skeið í samstarfi við Vinnuskóla Reykjavíkur, t.d. í Breiðholtshvarfi. Mikill vöxtur hefur verið á plöntuðum trjágróðri þar síðustu misseri og víða finnst þéttur skógur og há tré. Starfsmenn Reykjavíkurborgar sinna nú grisjun í skóginum. Ekki eru áform um frekari gróðursetningu í dalnum, en við gróðursetningu verður að athuga að skilja eftir opin svæði umhverfis sýnilegar minjar.



Mynd 8. Elsti skógurinn í Elliðaárdal

2.3.3 Minjar

Stríðsminjar finnast í dalnum en fimm herbúðir (e. camps) voru á túni Ártúns á heimsstyrjaldarárunum síðari og má sjá ummerki um þær í túninu við bæinn. Einn stór kampur, Camp Baldurshagi, var á Víðidalssvæðinu en lítil ummerki eru þar eftir í dag. Rafstöðin við Elliðaár var tekin í notkun sumarið 1921 og eru helstu mannvirki er tengjast raforkuframleiðslunni stíflurnar tvær, Árbæjarstífla sem var fullgerð árið 1929 og Elliðavatnsstífla sem var reist á árunum 1924-8 og endurgerð 1978, rafstöðvarhúsið sjálft ásamt fallstokknum sem liggur frá Árbæjarstíflu niður í rafstöðina auk nálægra húsa er tengjast starfseminni, en sum þessara mannvirkja eru friðuð. Stærsta byggingin er þó Toppstöðin sem var vara- og álagsstöð fyrir meginrafstöðina og tók til starfa 1948. Hlutverki hennar lauk á áttunda áratugnum og hýsir húsið nú frumkvöðlasetur. Eftir að pípan í fallstokknum rofnaði árið 2013 hefur ekki verið virk raforkuframleiðsla í Elliðaárvirkjun.

Skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 skal fara fram skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum áður en deiliskipulag er afgreitt og framkvæmdaleyfi veitt.

Fornleifaskrá og húsakönnun var unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur fyrir skipulagssvæðið árið 2020[15]. Á jörðunum Bústöðum, Ártúni, Árbæ og Breiðholti voru rannsakaðar fornleifar og minjar en á skipulagssvæðinu voru skráðar 147 fornleifar, mannvirki og yngri minjar sem eru flokkaðar eftir aldri. Af þessum 147 minjum eru friðaðar fornleifar 100 ára og eldri, fornleifar í rauðum flokki, alls

[15] Anna Lísa Guðmundsdóttir, Alma Sigurðardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir (2020).

54 talsins og af þeim eru 40 sjáanlegar á yfirborði. Engar friðlýstar fornleifar eru á svæðinu en Elliðaárstöðin, þrýstivatnspípan og Árbæjarstífla eru friðlýst hús og mannvirki.

Fornleifarnar eru almennt í mjög misjöfnu ásigkomulagi og eru elstu sjáanlegu minjarnar í Árhólmanum, sem tilheyra Innréttingatímabilinu, að hverfa í gróður og sökkva í mýrlendi.

Yngri minjar sem eru í gulum flokki og tilheyra tímabilinu 1921-1930 eru samtals 11. Hluti þeirra eru hlaðnir garðar sem tilheyra virkjunarframkvæmdum við ána sem í var ráðist í kjölfar uppbyggingar Elliðaárstöðvarinnar og ættu að tilheyra friðlýstum mannvirkjum stöðvarinnar. Aðrar minjar sem eru taldar tilheyra þessu tímabili, í gulum flokki, eru minjar við Brennuhól. Þær gætu verið eldri en áætlað er og rannsaka þarf það svæði betur. Yngri minjar í grænum flokki eru 73 talsins og eru frá því eftir 1930. Þar telur mest skráning á horfinni byggð í Blesugróf, Löngugróf og við Vatnsveituveg, en einungis þrjú hús standa eftir af þessari byggð á deiliskipulagssvæðinu.

Herminjar á skráningarsvæðinu eru flestar þar sem áður voru herskálahverfi. Camp Battle var nyrst við Ártúnsbrekku, fyrir neðan kartöflugeymslurnar, en þar eru engar sjáanlegar minjar eftir. Sunnar var Camp Hickman, norðan við Ártún, og þar má enn sjá skotgrafir og leifar af vatnstönkum. Við Elliðaárstöðina var Camp Alabaster / Pershing en þar eru engar sjáanlegar minjar eftir. Ofan við Vatnsveitubrú var Camp Baldurshagi sem var stærsta herskálahverfið. Þar eru sjáanlegir um 15 steyptir braggabotnar eða hluti af þeim og fleiri ummerki. Svæði Camp Baldurshaga er eitt best varðveitta braggasvæðið í Reykjavík.

Flokkur	*Tegund minja*	*Litur flokks*	*Fjöldi skráðara minja*
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður	54
2	Minjar frá 1921-1930	● Gulur	11
3	Minjar frá 1930 og yngri	● Grænn	73
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár	9


Tafla 1. Aldursflokkun minja.

Minjar hafa verið staðsettar í fornleifaskráningu og má sjá staðsetningu þeirra á skipulagsuppdrætti.

Í kafla 3.8, varðveisla minja, í stefnumörkun deiliskipulags er fjallað um þau verndarsvæði sem lagt er til í minjaskráningu að sérstakt tillit verði tekið til í deiliskipulagi.

Minnt er á 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

”Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”



Mynd 9. Sögulegar minjar í Elliðaárdal.



Mynd 10. Toppstöðin fjærst, nýjar byggingar sem nú hýsa skrifstofur til hægri og Gamla Rafstöðin fyrir miðju



Mynd 11. Gamla vatnsveitubrúin

2.4 Örnefni í Elliðaárdal

Elliðaárnar eru kenndar við Elliða, skip Ketilbjarnar hins gamla á Mosfelli. Þess er getið í Landnámu að Ketilbjörn hafi komið í ,,Elliðaárós". Þannig er um nöfn á fleiri ám hér á landi að þau eru dregin af skipum landsnámsmanna.

Til forna áttu tíu bújarðir land að Elliðaánum:

Gufunes, Ártún, Árbær, Gröf, Elliðavatn, Hólmur, Vatnsendi, Breiðholt, Bústaðir, Kleppur (heimild: ,,Elliðaárdalur", bæklingur gefinn út af Árbæjarsafni og Umhverfismálaráði Reykjavíkurborgar 1983).

Örnefni í Elliðaárdal minna á náttúrufar og forna sögu dalsins, bæjarnöfn, ferðaleiðir manna og búskaparhætti. Langflest örnefnin tengjast ennfremur veiðistöðum árinnar.

Í eftirfarandi örnefnalýsingu er stuðst við neðangreindar heimildir, en þar sem heimildum ber ekki saman eru helstu heimildirnar og þau örnefni sem oftast koma fyrir, látin ráða. Rakin eru nokkur helstu örnefnin sem tengjast veiðistöðum í ánni, en þau eru þó ekki öll tekin með í þessari lýsingu (þessi kafli er að hluta úr upprunalegu deiliskipulagi Elliðaárdalsins frá árinu 1994).

1. Rafmagnsveita Reykjavíkur, Einar Guðbrandsson. Örnefni við Elliðaár, kort yfir efra og neðra veiðisvæðið, 1961.
2. Guðlaugur R. Guðmundsson, Örnefni í Fossvogi og Breiðholti, kort og texti, 1967.
3. Örnefnakort frá 1880 og 1968 í bókinni Elliðaárnar eftir Guðmund Daníelsson.
4. Örnefnakort eftir Guðlaug R. Guðmundsson í bókinni Sögustaður við Sund.
5. Örnefnastofnun, Jónína Hafsteinsdóttir, 1985. Breiðholt. Endurskoðuð örnefnaskrá með viðbótum og athugasemdum skráðum eftir Þóru Jónsdóttur frá Breiðholti.
6. Götu og örnefnakort, eftir Guðlaug R. Guðmundsson, maí 1992. útg. Rotaryklúbbur Breiðholts.
7. Viðtöl við Guðlaug R. Guðmundsson, Þórhall Vilmundarson, Jónínu Hafsteinsdóttur, Garðar Þórhallsson, Hauk Pálmason og Ragnar Árnason.

Örnefni á norðurhluta (Ártúnssvæði)

Norðan ánna ber helst að nefna Ártún, Ártúnsvað, Ártúnsbrekku, Ártúnsholt, Reiðskarð, Segulhæðir og Árbæ. Árhólmar nefnist hraunið milli árkvíslanna en áður fyrr kvíslaðist áin um Árhólma og deildi hólmanum í fleiri hólma. Í flóðum flæða árnar stundum í gömlum farvegum um Árhólma og uppþornaðir farvegir og fossar lifna á ný. Helstu örnefni í vesturánni (vesturkvíslinni) eru: Skötufoss, Drekkjarhylur, Búrfoss, Arnarfoss og Kermóafoss (Skorarhylsfoss).

Kermóafoss er einn fegursti fossinn í Elliðaánum þó ekki sé hann alltaf vatnsmikill. Fossinn er í heimildum ýmist nefndur Skorarhylsfoss eða Kermóafoss og á einstaka stað Kerfoss og Stórifoss. Skorarhylur er merktur á korti yfir Elliðaár frá 1880 og árið 1894 talar Frímann Arngrímsson um að virkja Skorarhylsfoss. Þekktustu örnefnin á svæðinu sunnan ár eru Blesugróf, Langagróf, Hrafnhólar og Kermói. Um Kermóa segir Þóra Jónsdóttir (sjá heimild nr. 5 hér að ofan) að þeir hafi verið þýft

vallendi. Þar var sprunga í jörðinni, kölluð Ker. Það var lítið um sig, en hyldjúpt vatn í því. Kerið var varasamt fyrir skepnur, en eitthvað var byggt í kringum það.

Hér verða rakin nokkur helstu örnefni sem tengjast veiðistöðum í austuránni, talin frá Vesturlandsvegi: Rétt ofan við brúna er Sjávarfoss, nokkru ofar í austurkvísl er Neðri Móhylur og Efri Móhylur er ofan hitaveitustokks í austurkvísl. Neðan við laxateljara er Teljarastrengur. Tveir Ullarfossar eru í ánni, annar suður af Rafstöð við Þvottaklöpp. Kúavað og Kálfhylur er vestan núverandi spennivirkis. Hleinartagl er miðja vegu upp að Skáfossum en Stórhylur er ofan Skáfoss framan við Félagsheimili Rafmagnsveitunnar. Efst við Hólmstá er Selfoss.

Örnefni á miðhluta (Árbæjarsvæði)

Örnefnið Draugaklettar hefur verið á reiki umhverfis suðurenda Árbæjarstíflu en flestar heimildir benda til að örnefnið eigi við klettana vestur af skotbyrginu í Breiðholtshvarfi sunnan stíflunnar. Undir Höfðabakkabrú er Gljúfrið. Um Draugakletta sagði Þóra Jónsdóttir (sjá heimild nr. 5 hér að ofan) að þeir væru nokkuð stórir klettar dökkir á lit, og átti huldufólk að búa í þeim. Kerlingarflúðir taka við austur af Gljúfrinu. Kerlingarhólmar nefnast hraunhólmarnir á milli Höfðabakkabrúar og Árbæjarstíflu.

Ofan við Árbæjarstíflu er mikill munur á sumar- og vetrarlandslagi. Á vetrum fyllir Árbæjarlón upp svæðið ofan við stífluna en yfir laxveiðitímann á sumrin eru þar tveir farvegir sem renna hvor sínum megin við Blásteinshólma. Blásteinshólmi mjókkar til vesturs og er þar hraunháls sem skilur farvegina tvo. Þar heitir Hálsinn.

Nyrðri árkvíslin rennur í lygnum farvegi og endar í uppistöðulóni við stífluna. Þessi lygni kafli árinnar heitir frá fornu fari Árbæjarfljót en það skiptist aftur í tvö svæði. Neðsta svæðið er (Árbæjar-) Lygnan, þar ofan við er (Árbæjar-) Breiðan. Ofan við Breiðuna er Fjárhúshylur neðri og Fjárhúshylur efri niður af Árbæjarkirkju.

Á beygjunni norðaustan við Blásteinshólma var Blásteinshylur.

Þessi örnefni eru sjálfsagt gefin af veiðimönnum meðan veitt var um alla ána áður en stíflan varð til. Nú gengur laxinn aðeins um vesturkvíslina.

Hundasteinar og Agðir eru þekktir veiðistaðir neðan við Vatnsveitubrú.

Hólahverfi er byggt á Breiðholtshvarfi. Sá hluti Breiðholtshvarfsins sem skagar lengst í norður nefnist Norðurhvarf. Undir Norðurhvarfi er Hvarfsmýri.

Vatnsveituvegur var gerður vegna fyrstu vatnsveituframkvæmda í Reykjavík árið 1909. Í Eddubæ bjó Elín Pétursdóttir Blöndal á árunum 1942-1969 og ræktaði upp hinn myndarlega trjálund sem þar stendur. Litlu austar er Hvíld, þar var sumarbústaður. Selásinn og samnefnt hverfi afmarkar dalinn að austan en meðal nýrri örnefna má telja Stínuskóg og Brennuhól, sem eru hvor sínum megin við malarvöll Fylkis.

Örnefni á suðurhluta (Víðivalla og Grænugrófarsvæði)

Frá Vatnsveituvegi í norðri liggur malbikaði stígurinn upp allbratta brekku en vestan brekkunnar er lægð. Lægð þessi er vestlægasta, sýnilega jarðskjálftasprungan á svæðinu. Efst í lægðinni er lítill

gróinn trjálundur en þar stóð til skamms tíma íbúðarhúsið Birkilundur. Grænagróf nefnist lægðin niður af Fella- og Hólakirkju, en sunnan hennar er Brúnkollumýri og Brúnkollulaut.


Norðan Grænugrófar er Grænalaut og Stekkjarhóll. Snókhólmi nefnist hólmi í ánni sunnan við Grænugróf. Í Snókhólma komu saman landamerki Vatnsenda, Árbæjar og Breiðholts, og þar voru til skamms tíma mörk Reykjavíkur og Kópavogs. Hrossamýri er sunnan Grænugrófar og einhvers staðar þar sunnan við í Vatnsendahverfinu er Lymskulág, sem getið er í markalýsingu milli Vatnsenda og Breiðholts.

Helstu örnefni í ánni: Ofan Vatnsveitubrúar liggur áin í fossum og flúðum. Stærsti fossinn er Selásfoss (Skötufoss), þá tekur við Tíkarbreiða þá Borgarstjórahola og nokkru ofar Breiðholtsfoss. Neðarlega í Þrengslum er Barnabrot, en þar gátu börn vaðið ána. Veiðisvæðið Breiðholtsmegin við Dimmu og upp fyrir Þrengsli, nefndist einu nafni Hraunið. Ofan við Þrengslin er Nautavað, þá Neðri-Sporðhylur og Efri-Sporðhylur. Á móts við miðjan skeiðvöllinn eru Starhylir og Hóll. Grófarkvörn er í Grænugróf.

Langhylur er nokkru ofar. Rétt neðan við efri vatnsveitubrúna er Heyvaðshylur.

Flatlendið umhverfis skeiðvöll á athafnasvæði hestamanna kallast Víðivellir. Norðurhluti Víðivalla heitir frá fornu fari Árbæjarhólmi en suðurhlutinn Vatnsendahólmi og minna þau örnefni á að fyrir 1909 rann áin Bugða austan hraunsins upp undir vestanverðum Selásnum. Vegna vatnsveituframkvæmda árin 1908-1909 var farvegi Bugðu lokað við Vatnsendakrók og ánni veitt í Þverkvísl við Skyggni.

Sá hluti Elliðaánna, sem rennur vestan Víðivalla, heitir Dimma en Dimmunafnið ber áin allt frá Selásfossi ofan við Vatnsveitubrú að Elliðavatnsstíflu.



Mynd 12. Helstu örnefni. Unnið út frá ýmsum heimildum og kortum

2.5 Húsakönnun og húsavernd

Samhliða gerð deiliskipulags vann Borgarsögusafn Reykjavíkur húsakönnun fyrir hús innan skipulagssvæðisins og eru upplýsingar hér að neðan úr varðveislumati húsakönnunar[16].

Innan svæðisins standa friðlýst mannvirki sem tilheyra Elliðaárstöð en um er að ræða Elliðaárvirkjun og mannvirki sem henni tilheyra, Rafstöðvarvegur 6, 8, 10, 12, 14 (án síðari tíma viðbygginga), þrýstivatnspípa (frá 1978) og Árbæjarstífla. Auk þess er eitt aldursfriðað hús innan svæðisins og er það íbúðarhúsið Ártún (Rafstöðvarvegur 11).

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands skv. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Innan svæðisins er einnig byggingar sem tengjast starfsemi Rafmagnsveitu Reykjavíkur (nú OR), s.s. Toppstöðin (Rafstöðvarvegur 4), aðveitustöðvarbyggingar (Rafstöðvarvegur 9 og 13) og félagsheimili (Rafstöðvarvegur 20).

Af öðrum þekktum mannvirkjum, sem staðsett eru á norðurhluta deiliskipulagssvæðisins, má nefna jarðhúsin (Rafstöðvarvegur 1a) og veiðihús (Rafstöðvarvegur 2). Þá eru á svæðinu íbúðarhús við Stekkjarbakka og Vatnsveituveg og lokahús sem reist voru fyrir Vatnsveitu Reykjavíkur.

Borgarsögusafn leggur til að það svæði sem nær yfir bæjarstæði býlisins Ártúns, rafstöðvarsvæðið með eldri og yngri húsum tilheyrandi Elliðaárvirkjun og húsaþyrpingu við Rafstöðvarveg sem samanstendur af starfsmannahúsum Rafmagnsveitu Reykjavíkur og húsum sem byggð voru á Ártúnsblettum verði skilgreint sem eitt hverfisverndarsvæði og njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

Að mati Borgarsögusafns getur verndun ofantalinna svæða eða minjaheilda sem hverfisverndarsvæðis átt samleið með verndun og uppbyggingu Elliðaárdals sem útivistarsvæðis og borgargarðs.

Ártún er ein af fáum gömlum bújörðum í Reykjavík þar sem enn stendur hús (b. 1909) á bæjarhólnum. Elsta heimild um byggð á jörðinni er frá 1379. Íbúðarhús jarðarinnar Ártúns er friðað, ásamt fornleifum gamla bæjarstæðisins, þ.e. bæjarhól, heimtröð, túngörðum og túnum. Æskilegt er að varðveita húsið og umhverfi þess sem menningar- og búsetulandslag sem ber vitni um langa sögu jarðarinnar.


Elliðaárvirkjun og eldri mannvirki sem henni tilheyra eru friðlýstar menningaminjar. Virkjunin hafði og hefur enn mikil áhrif á umhverfi Elliðaársdals og segir sögu tæknibreytinga sem urðu á fyrri hluta 20. aldar. Hin friðlýsta húsaþyrping sunnan Rafstöðvarvegar er ótvírætt ein hin mikilvægasta í menningar- og byggingarsögu Reykjavíkur. Yngri mannvirki tilheyrandi virkjuninni, svo sem

[16] Anna Lísa Guðmundsdóttir, Alma Sigurðardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir (2020).

toppstöðin (Rafstöðvarvegur 4), eru einnig hluti af þessari sögu og æskilegt væri að vernda allt svæði rafstöðvarinnar sem heild. Hús starfsmanna Rafmagnsveitunnar sem byggð voru við Rafstöðvarveg á fjórða og fimmta áratugnum eru einnig hluti af þessari heild.

Innan þeirrar húsaþyrpingar sem stendur við Rafstöðvarveg eru einnig hús sem byggð voru á erfðafestublettum (Ártúnsblettum 1-3) á svipuðum tíma. Þau hús sem eftir standa í Reykjavík af þeim sem byggð voru á erfðafestulöndum, eru til vitnis um búsetulandslag sem áður einkenndi bæjarlandið utan meginbyggðarinnar og hvarf að mestu með tilkomu skipulagðra hverfa. Mikilvægt er að huga að verndun þessara húsa og nánasta umhverfis þeirra, en það er einna helst á svæðum sem standa á jöðrum skipulagðra hverfa eða innan útivistarsvæða, eins og í Laugardal og Elliðaárdal, sem enn má finna heildir eða þyrpingar slíkra húsa með sínu upprunalega gróna umhverfi. Að mati Borgarsögusafns getur verndun ofantalinna svæða eða minjaheilda sem hverfisverndar-svæðis átt samleið með verndun og uppbyggingu Elliðaárdals sem útivistarsvæðis og borgargarðs

Tekið er undir álit Borgarsögusafns og í deiliskipulagi er umrætt svæði sett undir hverfisvernd, sjá kafla um hverfisvernd í stefnumörkun deiliskipulags.



Mynd 13. Niðurstaða í varðveislumati Borgarsögusafns Reykjavíkur í húsakönnun fyrir skipulagssvæðið.

2.6 Skipulögð útivistarstarfsemi í Elliðaárdal

Ýmis félagasamtök og hópar einstaklinga eru með skipulagða starfsemi í dalnum. Hér verður tæpt á nokkrum þeirra.

2.6.1 Laxveiðar

Stangaveiðifélag Reykjavíkur var stofnað 1939 af 48 áhugamönnum um stangaveiði í Elliðaárdal, en í dag (2018) eru félagsmenn um 2.800. Með stofnun félagsins tókust samningar við Rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem töldust vera til hagsbóta fyrir aðra og hefur samvinna þessara aðila haldist fram á þennan dag.

Ávallt hefur farið saman áhugi Orkuveitu Reykjavíkur og S.V.F.R. um viðhald laxastofnsins og hefur það verið framkvæmt samkvæmt bestu vitneskju á hverjum tíma.

Umhverfismál eru stór þáttur í starfsemi S.V.F.R. Árlega gengst félagið fyrir hreinsun á árbökkunum og ánni. Stangveiðifélagið hefir áhyggjur af vaxandi umgangi í dalnum og mælist til sem mestrar friðunar á árbökkunum.

Veiðitíminn er hefðbundin fyrir laxveiði frá miðjum júní fram í miðjan september. Veiðisvæðið er frá Elliðavatnsstíflu niður að ósi. Óheimilt er að veiða á eftirtöldum stöðum: Ekki má veiða nær laxastiga í Elliðavatnsstíflu en 50 metra. Sama gildir um Árbæjarstíflu og teljarann við Rafstöðina, þar sem veiði er óheimil 50 metrum fyrir ofan og neðan þessi mannvirki. Veiði er bönnuð í vesturkvísl Elliðaánna, frá Höfðabakkabrú að sjó. Veiðisvæðin eru ýmist 2-3 og leyfðar stangir 4-6.

Yfir laxveiðunum í Elliðaárdal er sérstök stemmning og veiðin á sér langa sögu[17].

Veiðihúsið er nyrst og neðst í dalnum. Aðkoma er frá umferðarslaufu á gatnamótun Reykjanesbrautar og Vesturlandsvegar. Fallið hefur verið frá fyrri áformum um nýtt veiðihús við Rafstöðvarveg.

2.6.2 Hestamennska

Athafnasvæði hestamanna í Elliðaárdal er sérstaklega afmarkað í aðalskipulagi borgarinnar og skipulagt með þarfir hestamanna í huga. Svæði hestamanna er fyrir utan skipulagssvæði Elliðaárdals en reiðstígar liggja um svæðið á miðhluta og suðurhluta skipulagssvæðisins.

Hestamennskan hefur fylgt Reykjavík sem og öðrum byggðum allt frá fyrstu tímum. Leiðir ferðalanga lágu um Elliðaárnar og skemmtireiðtúrar úr Reykjavík höfðu oftar en ekki Elliðaárnar að takmarki.

Hestamennska í Reykjavík er mjög árstíðabundin. Hestar eru á húsum á svæðinu allt frá desember og fram í fyrstu vikurnar í júní, þangað til þeim er sleppt í sumarhaga. Á þessum tíma eru hestamenn áberandi í Elliðaárdal. Á öðrum tímum ársins t.d. yfir laxveiðitímabilið, er lítið um aðra hesta á svæðinu en á vegum reiðskólans, nema um sé að ræða tilfallandi keppni í hestaíþróttum einu sinni til tvisvar á sumri og þegar landsmót hestamanna er haldið í Víðidal.

[17] svfr.is (2019)



Mynd 14. Gamli Vatnsveituvegurinn er í dag nýttur sem reiðstígur og veiðislóði

2.6.3 Skíðalyfta og hlaup

Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar hefur á ýmsan hátt stuðlað að skipulagðri og frjálsri útivist í Elliðaárdal og stutt þau félög sem þar starfa. Skíðalyfta hefur verið sett upp í Ártúnsbrekku. Merkingar á skokkleiðum hafa lengi verið í undirbúningi og víða hafa verið sett upp trimm- og líkamsræktartæki. Margar líkamsræktarstöðvar, íþróttafélög og sundlaugar eru í nágrenni Elliðaárdals sem notfæra sér stígakerfi í dalnum við skipulag þjálfunar, hér verður tæpt á nokkrum þeirra. Hlaupahópurinn Árbæjarskokk var stofnaður um aldamótin, en hlaupið er um dalinn að jafnaði þrisvar í viku frá Árbæjarlaug[18]. Aðrir hlaupahópar sem nýta dalinn eru starfræktir í tengslum við íþróttafélögin Víking og ÍR. Einnig notar íþróttafélagið Fylkir dalinn við æfingar á sínum vegum.

[18] Hlaup.is (2014)

Að lokum má nefna ýmsa hjólahópa sem nota stíga dalsins til sinna æfinga, en umferð hjólandi vegfarenda hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár.

2.6.4 Fræðsla og leiksýningar

Árbæjarsafn var stofnað 1957 sem útisafn til að gefa almenningi hugmynd um byggingarlist og lifnaðarhætti liðins tíma. Síðan var það sameinað Minjasafni Reykjavíkur og er markmið Árbæjarsafns að kanna og kynna íslenska menningarsögu, einkum sögu Reykjavíkur. Útisafnið er byggt upp í kringum býlið Árbæ, en önnur hús eru aðflutt, flest úr miðbæ Reykjavíkur. Svæðið skiptist í torg, þorp og sveit og gefur góða mynd af umhverfi og bæjarbrag í Reykjavík á 19. og 20. öld. Árbæjarsafn er utan deiliskipulagssvæðisins en tengist því beint með aðkomu gangandi frá Rafstöðvarvegi.

Leikhópurinn Lotta hefur verið með sýningar á sumrin í dalnum frá árinu 2007, fyrst í rjóðri í Hólmanum en á síðari árum á grasflötinni við gömlu rafstöðina[19].

2.7 Helstu umferðaræðar í Elliðaárdal og stígakerfi

2.7.1 Núverandi vegakerfi

Margar miklar umferðaræðar liggja um og að Elliðaárdal. Núverandi brautir eru Miklabraut/Vesturlandsvegur sem afmarkar skipulagssvæðið til norðurs, Reykjanesbraut sem afmarkar til vesturs, Höfðabakki sem liggur þvert í gegnum svæðið og Breiðholtsbraut sem afmarkar skipulagssvæðið til suðurs. Umferð bíla um skipulagssvæðið er mjög takmörkuð. Er þar fyrst og fremst að ræða Rafstöðvarveg sem veitir aðkomu að byggingum í norðausturhluta skipulagssvæðisins, þ.e. íbúðarbyggð og rafstöðvarsvæðinu.

2.7.2 Núverandi stígakerfi

Elliðaárdalur er mjög mikilvæg græn samgönguæð fyrir gangandi og hjólandi umferð milli borgarhluta. Á undanförnum áratugum hefur verið unnið að stígagerð til að styðja við vistvæna samgöngumáta. Jafnframt hafa verið byggðir stígar um útivistarsvæðin og sumir hafa orðið til óskipulagt.

[19] Leikhopurinnlotta.is (2019)

2.8 Núverandi byggingar, bílastæði og önnur mannvirki á skipulagssvæðinu

Almenn bílastæði	***Fjöldi bílastæða***
Bílastæði fyrir almenning við Rafstöðvarveg	8 bílastæði
Bílastæði fyrir almenning við Rafstöðvarveg 7-9	25 bílastæði

Byggingar	***Stærð***	***Fjöldi bílastæða***
Rafstöðvarvegur 9		
• *Orkuminjasafn Orkuveitu Reykjavíkur 2 h.* (+472 m^2 kjallari með 2m lofthæð)	780 m^2	9 bílastæði
Rafstöðvarvegur 11		
• Ártún 1. hæð (50m^2) + kjallari og ris	(100 m^2)	2 bílastæði
• Útihús	(130 m^2)	
Rafstöðvarvegur 13. Aðveitustöð nr. 5.	953 m^2	22 bílastæði
(lagnakjallari m 2m lofthæð)	(923 m^2)	
Rafstöðvarvegur 15		
• Skíðalyftuhús með snyrtingum, 1 hæð	20 m^2	
Rafstöðvarvegur 4 (Toppstöðin)		
• Vararafstöð Landsvirkjunar (byggt 1946)	(6.483 m^2)	
Rafstöðvarvegur 6. Rafstöðvarhús (21)	597 m^2	12 bílastæði
Rafstöðvarvegur 8. Ráðstefnuhús OR (21)	440 m^2	9 bílastæði
Rafstöðvarvegur 10-12. Útihús, nú geymsla	379 m^2	7 bílastæði
(Við útihús og núverandi geymslu er 45 m^2 opið skýli og 36 m^2 lokuð geymsla) *1)		
Rafstöðvarvegur 14. Aðveitustöð 11.*2)	934 m^2	12 bílastæði
Rafstöðvarvegur 7-9	3.076 m^2	56 bílastæði

*1) Um er að ræða geymslu fyrir garðyrkjuáhöld og ýmis gögn vegna viðhalds á fallpípu o.fl. Geymslan skiptist í 45 m^2 opið skýli og 36 m^2 lokaða geymslu. Geymslan er hluti af athafnasvæði garðyrkjudeildar OR.

*2) Í tengslum við Aðveitustöð 11, Rafstöðvarvegur 14, eru turnbyggingar á lóðinni sem notaðar hafa verið til viðgerða á spennum. Turnarnir eru ein hæð en eru í fasteignamati reiknaðir 3 hæðir og ofreiknaðir um 338 gólffermetra.

3 Heimildaskrá

Borgarskipulag Reykjavíkur og Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík, 1988. Aðalskipulag Reykjavíkur 1984-2004. 216 bls og 3 kort.

Borgarskipulag Reykjavíkur og Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík, 1997. Aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016. Bls. 81 – 101 og kort.

Skipulags- og byggingarsvið, 2002. Aðalskipulag Reykjavíkur 2001 – 2024. Skýringarblað AR18 og kort.

Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið, 2014. Ritstjórn: Björn Axelsson og fleiri. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Reykjavík: Crymogea.

Reykjavíkurborg, 2016. Sjálfbær Elliðaárdalur - stefna Reykjavíkur. Lokaskýrsla starfshóps. 31. ágúst 2016.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, 2015. Höfuðborgarsvæðið 2040.

Reykjavíkurborg, Umhverfis og skipulagssvið, 2019. Sótt 8. júlí 2019 af hverfisskipulag.is.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2019. Náttúruminjaskrá. Sótt 8. júlí 2019 af https://www.ni.is/midlun/natturuminjaskra#Till%C3%B6gur

Alþingi, 2019. Skipulagslög. Sótt 8. júlí 2019 af https://www.althingi.is/lagas/nuna/2010123.html

Árni Hjartarson, 1981. Elliðaárdalurinn, jarðfræði og jarðsaga. Í ráðstefnuriti: Elliðaárdalurinn, erindi á á ráðstefnu f.s.á. 30. maí 1981. Reykjavík 1981.

Elliðaárdalur (bæklingur), 1983. Reykjavík 1983.

Jóhann Pálsson, 2004. Flóra Elliðaárdals, uppruni og útbreiðsla tegunda. Reykjavík: Umhverfis- og heilbrigðisstofa, 2004.

Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson; ritstjóri Ívar Gissurarson, 2016. Reykjavík: Nýhöfn, 2016.

Reykjavíkurborg, skrifstofa umhverfisgæða, 2018. Deiliskipulag Elliðaárdals – Náttúrufarsathuganir. Fuglatalningar í Elliðaárdal sumarið 2018. Tekið saman af Snorra Sigurðssyni.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Örnefnaskrá Breiðholts endurskoðuð með athugasemdum og viðbótum Þóru Jónsdóttur, skráð af Jónínu Hafsteindóttur 16. desember 1985.

Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og María Gísladóttir, 2017. Byggðakönnun, borgarhluti 7-Árbær. Borgarsögusafn Reykjavíkur. Reykjavík, 2019.

Drífa Kristín Þrastardóttir og Alma Sigurðardóttir, 2019. Húsaskrá, deiliskipulagssvæðið Elliðaárdalur-DRÖG. Borgarsögusafn Reykjavíkur, skýrsla nr. 183. Reykjavík, 2017.

Anna Lísa Guðmundsdóttir, Alma Sigurðardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir (2020). Elliðaárdalur, fornleifaskrá og húsakönnun. Borgarsögusafn Reykjavíkur, skýrsla nr. 203. Reykjavík, 2020.

Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir, 2016. Borgarsögusafn Reykjavíkur. Reykjavík 2016.

Sigurður Guðjónsson, 1993. Umfjöllun í greinargerð með deiliskipulagi Elliðaárdals fyrir hönd Veiðimálastofnunar. Gefið út af Borgarskipulagi Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Þórólfur Antonsson og Friðþjófur Árnason, 2010. Elliðaár 2010. Rannsóknir á fiskistofnum vatnakerfisins. Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Veiðimálastofnun 2010.

Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson, 1998. Elliðaárdalur-land og saga. Reykjavík: Mál og mynd í samstarfi við Árbæjarsafn og Borgarskipulag Reykjavíkur.

Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir, 2017. Elliðaárdalur, svæðið norðan Stekkjarbakka. Fornleifaskrá og húsakönnun. Borgarsögusafn Reykjavíkur. Reykjavík 2017.

Hlaup.is, 2014. Árbæjarskokk: Óvíða fleiri möguleikar á fallegum hlaupaleiðum. Sótt 8. ágúst 2019 af https://www.hlaup.is/displayer.asp?cat_id=1073&module_id=220&element_id=25223

Leikhopurinnlotta.is, 2019. Um okkur. Sótt 8. ágúst 2019 af https://www.leikhopurinnlotta.is/umokkur

svfr.is, 2019. Um félagið. Sótt 8. maí 2019 af https://www.svfr.is/um-felagid/

Skipulagsbreytingin byggir á upprunalegu skipulagi fyrir Elliðaárdalinn, samþykkt 1994:

Reynir Vilhjálmsson, Þráinn Hauksson, 1993. Elliðaárdalur: skipulag og greinargerð. Unnið fyrir Borgarskipulag Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

<u>Heimildaskrá úr upprunalegu skipulagi fyrir Elliðaárdalinn:</u>

Umhverfi og útivist-áætlun (Heildarskipulag Elliðaárdals). Reykjavíkurborg, febrúar 1974.

Umhverfi og útivist. Drög að framkvæmdaáætlun 1984-1989. Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík, sept. 1984.

Hugmynd að hjólreiðastígakerfi fyrir höfuðborgarsvæðið. Skipulagsstofa höfuðborgarsvæðisins, júlí 1981.

Átak í trjárækt á höfuðborgarsvæðinu. Skipulagsstofa höfuðborgarsvæðisins 1985.

Flóð í Elliðaám-greinargerð. Verkfræðistofa Almenna Byggingafélagsins H.F. Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík des. 1968.

Greinargerð um veðurfar í nágrenni Rauðavatns. Flosi Hrafn Sigurðsson. Unnið fyrir Borgarskipulag Reykjavíkur. Veðurstofa Íslands, Reykjavík 1981.

Smábátahöfn í Elliðavogi, greinargerð með skipulagstillögu. Teiknistofa Reynis Vilhjálmssonar garðark. og Hannes Valdimarsson verkfr. rvk. höfn. Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík mars 1976.

Jarðseta- og bergnámur á höfuðborgarsvæðinu (rit xv). Sverrir Sch. Thorsteinsson jarðfræðingur. Skipulagsstofa höfuðborgarsvæðisins, í samvinnu við Rannsóknarstofnun höfuðborgarsvæðisins, í samvinnu við Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og Skipulag ríkisins. des. 1983.

Vatnsborðsbreytingar í Elliðaánum með tilkomu Ósabrúar. Unnið fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Verkfræðistofan Vatnaskil sept. 1991.

Tillaga að ræktun í Reykjavík, Fossvogsdalur-Elliðaárdalur-Rauðavatnssvæðið-Hólmsheiði. Hönnuðir: Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt og Vilhjálmur Sigtryggsson skógræktarfræðingur. des. 1984.

Framtíð Víðivalla. Hugmynd að skipan hestamennsku á Víðivöllum og í nágrenni hestamannafélagsins Fáks, 31. janúar 1981.

Útivist á höfuðborgarsvæðinu (könnun á aðstöðu hestamanna á höfuðborgarsvæðinu). Einar E. Sæmundssen. Unnið fyrir Skipulag ríkisins og Samvinnunefnd um skipulag á höfuðborgarsvæðinu, á árunum 1979-1981.

Rafmagnsveita Reykjavíkur. Ársskýrsla 1991.

Rafmagnsveita Reykjavíkur 1921-1991. Fylgirit ársskýrslu Rafmagnsveitunnar 1991.

Flersidigt skogsbrug-et idékatalog. Niels Elers Koch og Lene Kristiansen. Særnummer af Skoven, sept. 1991. 23 argang.

Elliðaárdalurinn. Erindi á ráðstefnu Framfarafélags Selás- og Árbæjarhverfis. 30. maí 1981.

Árbæjarsafn-deiliskipulag, greinargerð. Helga Bragadóttir ark. FAÍ. Borgarskipulag maí, júlí 1989.

Samkeppni um hús yfir borholur Hitaveitu Reykjavíkur. Niðurstöður dómnefndar. Reykjavík, 4. apríl 1991.

Örnefni á Hólmsheiði og svæðinu austan við Rauðavatn. Guðlaugur R. Guðmundsson. júní 1984.

Örnefni við Elliðaár (kort yfir efra og neðra veiðisvæðið). Einar Guðbrandsson. Rafmagnsveita Reykjavíkur 1961.

Örnefni í Fossvogi og Breiðholti. kort og texti. Guðlaugur R. Guðmundsson, 1967.

Örnefnaskrá-Breiðholt. Jónína Hafsteinsdóttir. Örnefnastofnun 1985.

Endurskoðuð örnefnaskrá með viðbótum og athugasemdum skráðum af Þóru Jónsdóttur frá Breiðholti.

Elliðaárnar-paradís Reykjavíkur. Guðmundur Daníelsson. Bókaútgáfa Guðjóns Guðjónssonar. Reykjavík 1968.

Elliðaárnar. Ásgeir Ingólfsson. Ísafold 1986.

Reykjavík sögustaður við Sund.

Hjalladalur-áningarstaður á Heiðmörk. Aðalverkefni við garðyrkjuskóla ríkisins. Vignir Sigurðsson. Garðyrkjuskóli ríkisins 1988-1990.

Skýrsla um fuglalíf í Öskjuhlíð og við Fossvog. Ólafur Karl Nílsen. Náttúrufræðistofnun nóv. 1991.

Fuglalíf í Öskjuhlíð. Jóhann Óli Hilmarsson. Náttúrufræðistofnun nóv. 1992.

Samþykkt um hundahald NR 305. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur 1989.

Samþykkt um búfjárhald í Reykjavík. Félagsmálaráðuneytið, 3. nóv. 1986.

Samþykkt um búfjárhald í Kópavogsbæ nr. 329. Landbúnaðarráðuneytið, 26. ágúst 1992.

Elliðaárdalur. Kynningarbæklingur Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Lífríki Elliðaár og vatnasvæðis. Sigurður Guðjónsson. Veiðimálastofnun.

Fornminjaskrá Reykjavíkur.

Rafmagnsveita Reykjavíkur. Einar Guðbrandsson.

Aðrar upplýsingar:

Uppl. um fjölda hrossa í Reykjavík ´91 - ´92. Ingi Lövdal, forðagæslumaður.

Helstu munnlegu og skriflegu upplýsingar frá hagsmunaaðilum:

Rafmagnsveita Reykjavíkur

Vatnsveita Reykjavíkur

Hitaveita Reykjavíkur

Borgarskipulag Reykjavíkur

Garðyrkjudeild Reykjavíkur

Gatnadeild Reykjavíkur

Reykjavíkurhöfn

Íþrótta og tómstundaráð

Árbæjarsafn

Skógræktarfélag Reykjavíkur

Hestamannafélagið Fákur

Stangaveiðifélag Reykjavíkur

Snarfari

Fylkir



REYKJAVÍKURBORG - ELLIÐAÁRDALUR

DEILISKIPULAG

STEFNUMÖRKUN OG SKILMÁLAR

10.02.2020

16.11.2020, BREYTT EFTIR AUGLÝSINGAR- OG KYNNINGARTÍMA

UNNIÐ FYRIR UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR

Samþykktir 3
Breytingar á gögnum deiliskipulags 4
1 Inngangur 6
1.1 Aðdragandi og tilgangur 6
1.2 Viðfangsefni og markmið 7
2 Forsendur 9
2.1 Staðhættir og upplýsingar 9
2.1.1 Veitur 9
2.1.2 Toppstöðin 10
2.1.3 Stangaveiðifélag Reykjavíkur 10
2.1.4 Hestamennska 11
2.1.5 Önnur starfsemi 11
2.2 Stærð og afmörkun 13
2.3 Tengsl við aðrar áætlanir 14
2.3.1 Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 15
2.3.2 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040 17
2.3.3 Hverfisskipulag Árbæjar og Breiðholts 18
3 Deiliskipulag 19
3.1 Skipting í skipulagshluta 20
3.2 Hverfisvernd 23
3.3 Ofanvatn 23
3.4 Stígar og stígakerfi 24
3.4.1 Hjólastígar 24
3.4.2 Stofnstígar 25
3.4.3 Tengistígar 25
3.4.4 Náttúrustígar 25
3.4.5 Göngu- og hjólabrýr 25
3.4.6 Reiðstígar og veiðislóðar 26
3.4.7 Vegir og helstu aðkomur 26

3.5 Áningarstaðir/græn hlið/rjóður 27
3.6 Lóðir 27
3.7 Byggingarreitir 27
3.8 Varðveisla minja 28
4 Almennir skilmálar 32
4.1 Almennt 32
4.2 Hönnun og uppdrættir 32
4.3 Mæliblöð 32
4.4 Sorpgeymslur og sorpgámar 32
4.5 Frágangur lóða 32
5 Sérákvæði 33
5.1 Almennt 33
5.2 Sérskilmálar fyrir Norðurhluta (Ártúnssvæði) 33
5.2.1 Skipulagssvæðið, afmörkun og lega 33
5.3 Sérskilmálar fyrir Miðsvæði (Árbæjarsvæði) 34
5.3.1 Skipulagssvæðið, afmörkun og lega 34
5.4 Sérskilmálar Víðivellir og Grænagróf 35
5.4.1 Skipulagssvæðið, afmörkun og lega 35
5.4.2 Núverandi mannvirki á svæðinu 35
6 Umhverfisskýrsla 36
6.1 Landslag og sjónræn áhrif 36
6.2 Samfélags- og félagsleg áhrif 36
6.3 Menningarminjar 36
6.4 Náttúrufar 37
6.5 Útivist 37
6.6 Mannvirki 37
6.7 Samantekt og niðurstaða 37
7 Samráðs- og umsagnaraðilar 38

Samþykktir

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við 41 gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var

samþykkt í _____ þann _____

Tillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulags var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

_____

Breytingar á gögnum deiliskipulags

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á gögnum deiliskipulags eftir auglýsingar- og kynningartíma:

1. Á safna- og sýningarsvæði OR við rafstöðvarhús eru gerðar eftirfarandi lagfæringar í samræmi við nýja hönnun svæðisins:
    a. Bætt er við tveimur byggingarreitum, annarsvegar fyrir allt að 100 m^2 skýli fyrir svokallaðan Höggbor og hinsvegar fyrir tæknirými neðanjarðar í manngerðum hól við fyrirhugaðan vatnsleikjagarð. Þá er bætt við skilmálum sem gilda fyrir mannvirki innan beggja byggingarreita.
    b. Bætt er við sleppisvæðum fyrir rútur framan við gamla rafstöðvarhúsið.
    c. Skilgreint er bifreiðalaust svæði á milli húsa á rafstöðvareit en gönguleið skilgreind þess í stað á milli húsanna.
    d. Bætt er við göngustíg frá brú yfir Elliðaár og í gegnum safna- og sýningarsvæðið.
2. Lóð félagsheimilis OR stækkar þannig að hún nær yfir núverandi bílastaði við félagsheimilið en áður voru bílastæðin utan lóðar.
3. Bætt er við í greinagerð þemauppdrætti sem sýnir stofnlagnir hitaveitu, rafveitu, fráveitu og vatnsveitu innan skipulagssvæðisins.
4. Bætt er við núverandi bílastæðavasa syðst við Höfðabakka og við hann núverandi áningarstað.
5. Bætt er við veghelgunarsvæði stofnvega innan skipulagssvæðisins meðfram Reykjanesbraut, Breiðholtsbraut, Miklubraut auk tilheyrandi vegamóta.
6. Bætt er við núverandi áningarstað fyrir hesta sunnan Árbæjarstíflu.
7. Bætt er við og sýnd er afmörkun núverandi frisbígolfvallar innan skipulagssvæðisins.
8. Bætt er við upplýsingum um núverandi skíðalyftu (diskalyftu) og skíðabrekku á Ártúnsholtssvæðinu.
9. Rafstöðvarvegur frá eystri lóðarmörkum safna- og sýningarsvæði OR að Höfðabakka var áður skilgreindur sem vistgata en verður breytt í "samrými akandi og hjólandi". Ofan á núverandi vatnsstokk sunnan Rafstöðvarvegar á sama kafla verður skilgreind gönguleið sem verður framkvæmd ef til þess kemur að stokkurinn verður endurnýjaður. Áður var hjólastígur skilgreindur á stígnum.
10. Eftirfarandi hjólastígum er bætt við innan skipulagssvæðisins:
    a. Frá eystri lóðarmörkum safna- og sýningarsvæði OR að undirgögnum undir Miklubraut.
    b. Frá hjólastíg sunnan brúar yfir Elliðaár við Höfðabakka og til suðurs meðfram Höfðabakka og að undirgögnum.
    c. Frá Suðurhólum til austurs að hjólastíg vestan Elliðaáa.
    d. Frá Suðurfelli til austurs að hjólastíg vestan Elliðaáa.
    e. Meðfram Breiðholtsbraut norðanverðri.

11. Þar sem hjólastígar liggja samsíða göngustígum yfir ár er gert ráð fyrir möguleika á tveimur aðskildum brúm eða einni breiðri brú sem þó er með aðskildum leiðum hjólandi og gangandi.
12. Bætt er við þeim skilmálum að taka þurfi tillit til lagna Veitna í staðsetningu og framkvæmd við nýja stíga. Einnig að við hönnun nýrra brúa skuli taka mið af umhverfinu og staðsetningu veiðistaða ásamt því að fella skuli brýrnar sem best að landi og halda skuli raski við framkvæmdir í lágmarki.
13. Bætt er við upplýsingum um nýja fornminjaskráningu ásamt því að bætt er við 9 verndarsvæðum skv. minjaskráning og skilmálar settir hvað varðar verndun staðanna.
14. Bætt er við upplýsingum um nýja húsakönnun sem gerð var fyrir skipulagssvæðið.

1 Inngangur

Landslag ehf. hefur fyrir hönd Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur umsjón með gerð þessa deiliskipulags sem nær yfir Elliðaárdalinn í samráði við stýrihóp sviðsins.

Í greinargerð þessari er stefnumörkun deiliskipulags Elliðaárdals en í annarri greinargerð er farið yfir helstu forsendur við gerð deiliskipulags.

Deiliskipulagið samanstendur af eftirtöldum gögnum:

- Greinargerð með forsendum deiliskipulags
- Greinargerð með stefnumörkun og skilmálum deiliskipulags
- Þrír deiliskipulagsuppdrættir (norður-, mið- og suðursvæði) í mælikvarða 1:2500 í A1
- Yfirlitsuppdráttur með stígum í mælikvarða 1:6000 í A1
- Yfirlitsuppdráttur með lögnum í mælikvarða 1:6000 í A1

Deiliskipulag þetta byggir á grunni deiliskipulags fyrir Elliðaárdalinn sem samþykkt var árið 1994. Farið er ítarlegra í ákveðna þætti, en gerðar voru úttektir á náttúrufari í dalnum. Auk þess var unnin húsakönnun á öllum byggingum innan deiliskipulagssvæðisins og afstaða tekin varðandi framtíð þeirra.

1.1 Aðdragandi og tilgangur

Elliðaárdalur er afar mikilvægt útivistar- og náttúrusvæði í Reykjavík með ríka sögu og sterka ímynd meðal borgarbúa og á undanförnum árum hefur vægi og gildi Elliðaárdalsins innan Reykjavíkur aukist töluvert og fleiri hópar og einstaklingar nýta Elliðaárdalinn til útivistar, afþreyingar og sem samgönguleið. Töluverð uppbygging hefur átt sér stað síðustu ár með nýrri stígagerð fyrir neðan stíflu m.a. með nokkrum köflum þar sem aðgreindir hafa verið göngu- og hjólastígar og ný brú var lögð yfir Elliðaár við Rafstöðvarsvæðið.

Borgarstjórn samþykkti árið 2016 aðgerðaráætlun sem starfshópur hafði unnið um sjálfbæran Elliðaárdal. Starfshópurinn vann að því að móta tillögur að framtíðarsýn um eiginleika og eðli Elliðaárdals. Starfshópurinn telur m.a. afar mikilvægt að dalurinn haldi því lykilhlutverki sínu að vera eitt af aðal útivistarsvæðum borgarinnar til framtíðar. Leggja skal áherslu á að gera svæðið aðgengilegt, aðlaðandi og áhugavert fyrir borgarbúa sem og aðra sem heimsækja dalinn. Stefna stýrihóps um sjálfbæran Elliðaárdal fól í sér tillögur að hlutverki og eiginleikum dalsins og var þar m.a. greint frá nauðsynlegum og/eða æskilegum aðgerðum er varða ólíka efnisþætti[1].

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 var sett fram hugtakið borgargarður um stærstu útivistarsvæði borgarinnar, en Elliðaárdalur fellur undir þá skilgreiningu. Afmörkun borgargarðsins er ekki skýrt afmörkuð en fram kemur í aðalskipulagi að nánari afmörkun skuli gerð á deiliskipulagsstigi[7]. Skipaður var starfshópur um borgargarð sem skilaði tillögum 2014 um afmörkun

[1] Reykjavíkurborg (2016)

borgargarðs, að hefja ætti gerð deiliskipulags, skilgreina þyrfti mun stærra hverfisverndarsvæði á grundvelli náttúrufarsúttekta og jafnframt yrði gerð umhirðuáætlun. Í umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs um tillögur hópsins var lagt til að svæði norðan Vesturlandsvegar, Árbæjarsafn og þróunarreitir yrðu ekki hluti af borgargarðinum þar sem áætlanir um þessi svæði væru í öðrum ferlum, ýmist sem hverfis-, ramma- eða deiliskipulag. Í aðalskipulagi eru árnar, nánasta umhverfi sem og hólmarnir (Árhólminn neðan stíflu og Blásteinshólmi ofan stíflu) í ánum hverfisverndaðir. Elliðaár og nánasta umhverfi þeirra eru mikilvægasta vistkerfið í Elliðaárdal og vatnasvið ánna er með stærri og mikilvægari ferskvatnssvæðum á höfuðborgarsvæðinu og þar að finna mjög auðugt lífríki[2].


1.2 Viðfangsefni og markmið

Helstu viðfangsefni og markmið deiliskipulagsins eru m.a. eftirfarandi:

- Að skilgreina aðalleiðir ýmissa notendahópa um svæðið, m.a. gangandi, hjólandi og ríðandi og tengingar þeirra við aðliggjandi hverfi og hestamannasvæði Fáks.
- Bæta tengingar göngu- og hjólreiða; meta stígakerfi og mögulega þörf á nýjum stígum og brúm yfir árnar.
- Að meta og mögulega endurskoða afmörkun hverfisverndarsvæðis og skilgreina í skipulagi.
- Að skilgreina betur aðkomu akandi umferðar í dalnum, sérstaklega Breiðholtsmegin í dalnum, auk þess að skilgreina upphafsstaði fyrir útivist á svæðinu þar sem m.a. er möguleiki á að leggja bílum. Um er að ræða eins konar ,,græn hlið“ inn í dalinn. Einnig að huga að tengingum við almenningssamgöngur.
- Að vinna ítarlega náttúrufarsúttekt þar með talið kortleggja jarðminjar, lykilvistgerðir og gróðurlendi og búsvæði dýra, einkum fugla. Meta verndargildi náttúrminja og leggja fram tillögur að verndarsvæðum. Samræma tillögur við útfærslur á hverfisvernd.
- Að vinna heildstæða fornleifaskýrslu og húsakönnun fyrir dalinn samhliða skipulagsvinnunni.
- Taka tillit til niðurstaðna fornleifa- og húsakannana sem þegar liggja fyrir í drögum.
- Að skilgreina áningarstaði í skipulagi og auka fræðslu um minjar og náttúrufar í dalnum m.a með vegvísum og fræðsluskiltum. Slíkt þarf einnig að taka mið af þörfum erlendra ferðamanna.
- Að skoða möguleikana á staðsetningu fyrir kaffihús, veitingaaðstöðu og salernisaðstöðu í dalnum sem töluvert hefur verið kallað eftir m.a. fyrir þá mismunandi hópa sem sækja dalinn og auknum heimsóknum ferðamanna.
- Skilgreina nánar hvar skal ekki stefna að ræktun á frekari skóg en síðustu áratugi hefur skógurinn í dalnum vaxið gríðarlega eins og sést við samanburð nýrri og eldri loftmynda sem og gömlum og nýrri ljósmyndum af svæðinu. Skilgreina sjónlínur vegna skógar, stærri rjóður, sýna á uppdrætti hvar skóglaus svæði eiga að vera.

[2] Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið (2014)

- Að vinna með OR/Veitum að ákvörðun um þeirra mannvirki sem eru fjölmörg innan skipulagssvæðis, m.a affallspípur, stíflur, borholuhús o.fl. Ofanvatnslausnir og hreinsun ofanvatns úr götum áður en því er hleypt í árnar.
- Toppstöðin. Rýna áætlanir og taka afstöðu til aðkomu og bílastæða við bygginguna.



Mynd 1. Myndin sýnir helstu þætti sem huga þarf að og taka tillit til við skipulagningu Elliðaárdalsins. Þar tvinnast saman þætti menningar, útivistar, íþrótta, auk náttúru- og dýralífs

2 Forsendur

Hér að neðan er fjallað um helstu forsendur í vinnu við deiliskipulag en ýtarlegri forsendur má finna í sérstakri greinargerð sem eru hluti af gögnum deiliskipulags.

2.1 Staðhættir og upplýsingar

2.1.1 Veitur

Umtalsverðir innviðir eru í Elliðaárdal og þar ber helst að nefna starfsemi Veitna (áður Rafmagnsveita Reykjavíkur), sem hefur verið með starfsemi á svæðinu í nálægt 100 ár. Virkjunarmannvirkin eru þar langmest áberandi en virkjunin hefur ekki verið starfandi síðan 2013 vegna bilana í pípu og hefur ekki verið ræst að nýju. Fyrir þann tíma hafði verið dregið úr notkun hennar til að vernda lífríki árinnar. Engin formleg starfsemi er því í rafveitumannvirkjum í dalnum, og eru ekki taldar líkur á því að virkjunin verði endurræst. Þá eru áform um að opna sögu- og tæknisýningu í núverandi byggingum og útisvæði á Rafstöðvarsvæðinu á 100 ára afmæli fyrirtækisins árið 2021.

Veitur reka hitaveitu í dalnum, en aðalæðar hitaveitu liggja í gegnum svæðið. Þar eru á svæðinu borholur þar sem jarðhiti hefur verið nýttur en flestar af þeim eru í nálægð við Stekkjarbakka og eru nokkrar holurnar innan skipulagssvæðisins.

Framkvæmdir Veitna standa nú yfir í Elliðadal á árinu 2020 og er markmið þeirra framkvæmda að styrkja dreifikerfið með endurnýjun hitaveitu- og vatnslagna og nýjum háspennustrengjum.

Hér að neðan er umfjöllun um hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu innan skipulagssvæðisins.

Hitaveita

Stofnlögn hitaveitu liggur frá Ártúnsbrekku vestur yfir Reykjanesbraut og er megin flutningsæð hitaveitu til borgarinnar. Hitaveitulögnin er nú í stokk yfir ána, en nýjar hitaveitulagnir hafa verið lagðar undir Elliðaárnar og verða teknar í notkun 2021.

Rafmagn

132 kV háspennustrengur er innan skipulagssvæðisins og fjöldi háspennustrengja við Rafstöðvarveg.

Neysluvatn

Stofnæð neysluvatns sem liggur í austurhluta dalsins neðan Höfðabakka en áformað er að afleggja lögnina þegar framkvæmdum við nýjar lagnaleiðir lýkur. Ný lega stofnæða neysluvatns er samsíða háspennustrengjum rafmagns í Rafstöðvarvegi. Ennfremur liggur stállögn í Elliðaárdal ofan stíflu (eftir Vatnsveituvegi). Lögnin er komin til ára sinna og er viðkvæm fyrir hnjaski en Veitur áforma að endurnýja lögnina.

Fráveita

Stofnlagnir fráveitu liggja frá Árbæ, Selás, Breiðholti og Norðlingaholt í gegnum deiliskipulagssvæðið ofan stíflu.

2.1.2 Toppstöðin

Í húsnæði Toppstöðvarinnar hefur verið margs konar starfsemi eftir að formlegu hlutverki hússins sem raforkuvers lauk fyrir nærri því hálfri öld síðan, og hefur verið rekið frumkvöðlasetur þar síðan 2008. Einkum hafa listamenn af ýmsum toga nýtt sér aðstöðuna en þar fara einnig fram margs konar viðburðir og er þar m.a. rekið verkstæði. Ástand byggingarinnar er þó ekki gott og þörf er á töluverðu viðhaldi. Í gildandi skipulagi Elliðaárdals frá 1994 er reyndar gert ráð fyrir að Toppstöðin verði rifin en nú gefst tækifæri til að endurskoða þá ákvörðun og ákveða hvert framtíðarhlutverk húsnæðisins verði ef það verður ákveðið að halda því.



Mynd 2. Toppstöðin fjærst, nýjar byggingar sem nú hýsa skrifstofur til hægri og Gamla Rafstöðin fyrir miðju.

2.1.3 Stangaveiðifélag Reykjavíkur

Stangaveiðifélag Reykjavíkur er með starfsemi tengda laxveiði í Elliðaánum, en veitt hefur verið úr ánum allt frá landnámi. Reykjavíkurkaupstaður keypti veiðiréttindi í Elliðaánum árið 1906 og fóru þau þá úr einkaeigu og fer Orkuveita Reykjavíkur nú með veiðiréttinn. Stangaveiðifélag Reykjavíkur sem stofnað var 1939 hefur leigt Elliðaárnar og þar með selt leyfum til áhugasamra og haft stjórn og eftirlit með laxveiðunum, hafa umsjón með rannsóknum á laxagöngum og ástandi laxastofnsins, stundað fræðslu og félagsstarf ýmiskonar og margs konar umhirðu við árnar. Um 74 þekktir veiðistaðir eru í ánum. Laxveiðihefð í Elliðaánum er gömul og gengið hefur mjög vel að veiða á sjálfbæran hátt og rannsóknir sýna fram á heilbrigt ástand laxastofnsins. Miðstöð Stangaveiðifélagsins er í húsnæði sem er hluti af rafveitubyggingakjarnanum undir Ártúnsholtinu. Veiðihús stendur í hólmanum milli austur- og vesturkvíslar.



Mynd 3. Veiðistaðirnir Hundasteinar og Brúarhylur við gömlu Vatnsveitubrúna.

2.1.4 Hestamennska

Athafnasvæði fyrir hestamenn hefur um langt skeið verið í Víðidal efst í Elliðaárdal og er það skilgreint sérstaklega í aðalskipulagi borgarinnar og til er sérstakt deiliskipulag frá árinu 2006. Ákveðið hefur verið að aðskilja hesthúsabyggðina frá nýju skipulagi Elliðaárdalsins. Hestamannafélagið Fákur var stofnað 1922 og reis hesthúsabyggðin í Víðidal smátt og smátt frá og með sjöunda áratug síðustu aldar en skeiðvöllurinn á Víðivöllum var reistur upp úr 1965. Skipulögð hesthúsabyggð var reist til að koma í veg fyrir að mengun bærist frá hesthúsum í Elliðaárnar. Hestamennska á svæðinu er árstíðabundin og er mest á veturna eftir áramót og fram í sumarbyrjun.

2.1.5 Önnur starfsemi

Önnur starfsemi í dalnum og í jaðri hans er til að mynda Árbæjarsafn, sem er meðal elstu og rótgrónustu safna landsins, og er aðkoma að safninu frá Ártúnsholtshverfinu en ekki úr dalnum. Elliðaárdalurinn er einnig notaður fyrir ýmsa viðburði, t.d. menningartengda og mikilvægur vettvangur fyrir skólastarf af ýmsum toga, einkum útinám, og nota bæði leik- og grunnskólar dalinn fyrir fræðslu og nám. Verkbækistöð garðyrkju hjá skrifstofu reksturs og umhirðu Reykjavíkurborgar er staðsett við Rafstöðvarveg og sinnir austurhluta borgarinnar. Félagssvæði íþróttafélags Fylkis er í

jaðri Elliðaárdalsins í Árbæ, en þar eru spark- og æfingavellir sem liggja næst stígum við útivistarsvæðið. Árbæjarlaug er þar í nágrenninu og er vel tengd gönguleiðum og öðrum útivistarsvæðum.



Mynd 4. Séð yfir dalinn í átt að Árbæ og íþróttasvæði Fylkis

2.2 Stærð og afmörkun


Skipulagssvæðið nær til Elliðaárdals innan borgarmarka Reykjavíkur, á milli Vesturlandsvegar í norðri og Breiðholtsbrautar í suðri. Skipulagssvæðið er rúmir 205 ha að flatarmáli. Lengd svæðisins er u.þ.b. 4,5 km og breidd að meðaltali tæpir 500 metrar. Austan og norðan við dalinn eru borgarhverfin Ártúnsholt, Árbær og Selás, en sunnan og vestan við eru Fossvogur og Breiðholt.



Mynd 6. Afmörkun deiliskipulagssvæðisins

2.3 Tengsl við aðrar áætlanir

Landnotkun á svæðinu er ýmist bundin, takmörkuð eða tilkynningarskyld af ýmsum skipulagsáætlunum eða samþykktum svo sem friðlýsingu, hverfisvernd og vatnsvernd. Elliðaárdalur er á náttúruminjaskrá vegna einstaks náttúrufars og þeirra útivistarmöguleika sem þar eru[3]. Auk þess nýtur svæðið næst Elliðaánum hverfisverndar en í deiliskipulagi þessu er kveðið á um nákvæmari afmörkun hverfisverndarsvæðis fyrir Elliðaárnar og umhverfi þeirra. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er Elliðaárdalnum lýst sem borgargarði, auk þess sem hverfisvernd er afmörkuð um nánasta umhverfi ánna. Þar er gert ráð fyrir að styrkja sérstöðu og sérkenni svæðanna, þannig að hvert svæði bjóði upp á ólíka möguleika til útivistar- og frístundariðkunar. Einnig má búast við veitingaaðstöðu og veitumannvirkjum í nánustu framtíð. Í skipulagslögum nr. 123/2010 er lögð áhersla á að mannvirkjum sé haldið í lágmarki á hverfisverndarsvæðum þar sem þættir í náttúrufari og lífríki njóti forgangs við gerð deiliskipulags í og við þau[4].



Mynd 7. Skýringarmynd bls. 92 í Aðalskipulagi Reykjavíkur. Rammi dreginn á kortinu umhverfis Elliðaárdalinn.

[3] Náttúrufræðistofnun Íslands (2019)

[4] Alþingi (2019)

2.3.1 Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

Endurskoðun deiliskipulags fyrir Elliðaárdalinn er í samræmi við stefnu aðalskipulags Reykjavíkur um grænu borgina sem er ætlað að stuðla að bættri lýðheilsu borgarbúa og tryggja góð tengsl íbúðarbyggðar við fjölbreytt útivistarsvæði. Litið er á opin svæði í borgarumhverfinu sem auðlind sem nauðsynlegt er að hlúa að. Í aðalskipulaginu er sett fram stefna um heildarskipulag opinna svæða þar sem markmiðið er að mæta þörfum samfélagsins til útivistar og afþreyingar samhliða því að vernda náttúru- og mannvistarminjar innan borgarmarkanna. Í gildandi aðalskipulagi er deiliskipulagssvæðið skilgreint sem OP4 og er meginstefnan að skapa jafnvægi á milli verndunar og nýtingar svæðisins til útivistar.


Elliðaárdalur var fyrst skilgreindur sem útivistarsvæði byggðar í aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir árin 1962-1983. Í núgildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er Elliðaárdalur að stærstum hluta skilgreindur sem borgargarður sem fyrr segir. Auk þess eru í aðalskipulaginu skilgreind íþróttasvæði og hesthúsasvæði í dalnum á athafnasvæðum Fylkis og Fáks og hafa þau verið deiliskipulögð sérstaklega. Í aðalskipulaginu er jafnframt skilgreint hverfisverndarsvæði í Elliðaárdalnum en þar kemur fram eftirfarandi:

„Árnar og nánasta umhverfi, Blásteinshólmi, hraun, votlendi og mólendi, og árbakki Dimmu, votlendi og fjölbreytt fuglalíf. Leitahraun, um 4.500 ára gamalt, þekur dalbotninn. Hraunið hefur mikið fræðslu- og vísindagildi. Dalurinn er að miklu leyti manngerður en þó eru afmörkuð svæði þar sem villt náttúra ræður ríkjum, svo sem í Blásteinshólma og með bökkum Dimmu. Gróðurfarið einkennist af graslendi, mólendi og trjáræktarsvæðum. Votlendisblettir eru hér og þar og hafa að geyma sérstæða flóru. Fuglalíf er fjölbreytt við árósinn og á óræktuðu svæðunum ofan við stífluna.“[10]

Í aðalskipulagi stendur einnig eftirfarandi:

„Elliðaárdalur nær frá Elliðavatni vestur og norður að Elliðavogi og dregur nafn sitt af Elliðaánum sem um hann renna. Elliðavogshraun þekur dalbotninn. Austan og norðan við dalinn eru hverfin Árbær og Höfðar en sunnan og vestan við Heimar, Sogamýri, Fossvogur og Breiðholt. Elliðaárdalur er eitt mest sótta útivistarsvæðið í borginni. Reykjavíkurborg keypti Elliðaárnar árið 1906, til vatnsaflsvirkjunar. Rafstöðin var reist um 1920. Árið 1950 hóf Skógræktarfélag Reykjavíkur skógræktar- og uppgræðslustarf í árhólmanum í samstarfi við borgina og Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Það starf hefur skilað í víðfeðmum skógi og frjósömu lífríki gróðurs sem er eitt helst aðdráttarafl skógarins. Fuglalíf er fjölskrúðugt í Elliðaárdal og þar eru einnig fornminjar, meðal annars frá tíð Innréttinganna. Elliðaárdalur skiptist í megindráttum í tvo hluta, ofan og neðan við Höfðabakka sem þverar svæðið. Í dalnum er hesthúsabyggðin í Víðidal, íþróttasvæði og ræktaður útivistarskógur. Fjölbreytt starfsemi á jöðrum dalsins, náttúrulegt umhverfi, skógargeirar og gott aðgengi, gera svæðið svo ákjósanlegt til útiveru sem raun ber vitni. Árnar falla undir hverfisvernd með bökkum sínum, Blásteinshólma og bökkum Dimmu. Svæðið setur mikinn svip á ásýnd borgarinnar og er eitt mikilvægasta andrými hennar. Fyrir liggur deiliskipulag að svæðinu. Stefnt er

að afmörkun hverfisverndarsvæðis fyrir Elliðaárnar og nánasta umhverfi þeirra í deiliskipulagi innan þriggja ára frá samþykkt aðalskipulagsins“[5].




Mynd 8. Landnotkun á aðalskipulagsuppdrætti

[5] Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið (2014)

2.3.2 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040

Deiliskipulag fyrir Elliðaárdalinn er í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins um nálægð við fjölbreytt útivistarsvæði og náttúrulegt umhverfi sem eru undirstaða að lífsgæðum á höfuðborgarsvæðinu og markar m.a. sérstöðu höfuðborgarsvæðisins umfram önnur borgarsvæði. Í svæðisskipulaginu er m.a. eitt af leiðarljósunum/ markmiðum „Heilnæmt umhverfi og heilbrigt líf“ og er þar tekið fram að vefur útivistarsvæða gefur fólki kost á reglulegri hreyfingu í daglegum athöfnum og endurnæringu í frítíma, náttúrupplifun og jákvæðum, félagslegum samskiptum. Grænir geirar draga fram sérkenni landslags og tengja saman bláþráð strandlengjunnar og Græna trefilinn í jaðri borgarbyggðar. Tekið er fram að mikilvægt er að vernda óskert náttúrusvæði og tryggja að aukin ásókn skerði ekki verndargildi. Um ströndina og önnur útivistarsvæði liggur net stíga sem gefur möguleika á umhverfisvænum og heilnæmum ferðamátum um samfelldar leiðir milli sveitarfélaga og borgarhluta, og að mikilvægt sé að tryggja gott aðgengi að svæðum og greiðfæra leið milli þeirra[6].



Mynd 9. Kort 7 um náttúru og útivist í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Rammi er dreginn á kortinu umhverfis Elliðaárdalinn

[6] Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2015)

2.3.3 Hverfisskipulag Árbæjar og Breiðholts

Lokið er gerð hverfisskipulags Árbæjar og hverfisskipulag Breiðholts er vel á veg komið. Unnið er sérstakt hverfisskipulag fyrir hvort hverfið – með sérköflum fyrir hverfishluta (t.d. Ártúnsholt, Selás, Árbær). Elliðaárdalur liggur milli Árbæjar og Breiðholts og er mikilvægasta útivistarsvæðið fyrir bæði þessi hverfi og hefur því óneitanlega áhrif á atriði í hverfisskipulagi þessa hverfa. Elliðaárdalurinn sjálfur er þó með öllu undanskilinn í hverfisskipulaginu[7].



Mynd 10. Helstu aðkomur og bílastæði

[7] Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið (2019)

3 Deiliskipulag

Í upphafi vinnu við deiliskipulag voru sett fram þrjú leiðarljós fyrir framtíðarþróun Elliðaárdalsins:

1. NÁTTÚRA OG LÍFRÍKI

Varðveita náttúrufar í dalnum og tryggja jafnvægi hins manngerða og náttúrulega

2. ÚTIVIST OG UPPLIFUN

Skapa umgjörð fyrir mannlíf og efla möguleika á útivist og upplifun í dalnum


3. MENNING OG ARFLEIFÐ

Mynda umgjörð um menningu í tengslum við hefðir og menningarlandslag sem fyrir er á svæðinu

Fyrsta leiðarljósið fjallar um náttúru og lífríki, en það er jafnframt mikilvægasta leiðarljósið og það sem fær mesta vigt í skipulaginu vegna þess að náttúra og lífríki dalsins er mikilvægasta auðlindin á svæðinu og gefur dalnum gildi sitt, bæði fyrir þær lífverur sem í honum hafa búsvæði en einnig út frá útivistarmöguleikum fyrir borgarbúa. Skipulagið miðar því að því að varðveita og vernda náttúrufar í dalnum og gæta þess að jafnvægi sé gætt milli hins manngerða og náttúrulega.

Annað leiðarljósið lýtur að því að skapa aðstæður til fjölbreyttrar útivistar og auka fjölbreytileika á mismunandi upplifunum sem dalurinn býður upp á. Fjölbreyttir íþróttahópar hafa um árabil nýtt sér dalinn til sinnar iðkunar, sér í lagi hlaupahópar og hjólreiðamenn, en hestamenn eiga sína útreiðarslóða í dalnum auk þess sem stangveiðimenn eiga sé lagna sögu í dalnum. Skipulagið miðar að því að efla möguleika þessara hópa og skapa enn meiri fjölbreytni til útivistar og upplifunar í dalnum. En síðast en ekki síst má í Elliðaárdalnum njóta má friðsældar, einveru og náttúruupplifunar.

Þriðja leiðarljósið horfir til sögulegra minja á svæðinu og þá arfleifð sem þær geyma. Laxveiði í ánum á sér langa sögu, vagga raforkuframleiðslu í Reykjavík er á Rafstöðvarsvæðinu við Ártúnsbrekku og Árbæjarsafn er þar skammt undan. Þá eru fjölmargar minjar sem tengjast fyrri búsetu í dalnum, gömul tún og einkagarðar þar sem áður stóðu íbúðarhús. Allt er þetta hluti af menningarlandslagi sem minnir á horfna tíð og segja sögu búsetu í Reykjavík.



Mynd 11.Margir þættir tvinnast saman og huga þarf að skynsamlegu jafnvægi á milli þeirra í deiliskipulagi

3.1 Skipting í skipulagshluta

Skipulagssvæðinu er skipt upp í þrjá hluta og er settur fram deiliskipulagsuppdráttur fyrir hvern hluta:

- **Norðurhluti** milli Vesturlandsvegar og Höfðabakkabrúar
- **Miðhluti** milli Höfðabakkabrúar og Vatnsveitubrúar
- **Suðurhluti** milli Vatnsveitubrúar og Breiðholtsbrautar.

Jafnframt fylgir skipulaginu yfirlitsuppdráttur sem sýnir heildarsamhengi og ber að líta á sem skýringaruppdrátt.

1. Norðurhlutinn (Ártúnssvæði) er um 90 hektarar að flatarmáli og markast af Vesturlandsvegi að neðan og Höfðabakka að ofan. Svæði þetta umlykja byggðirnar í Ártúnsholti að norðan,og Blesugróf að vestan og Neðra-Breiðholt að sunnan. Innan þessa svæðis er svæðið Ártún, Árhólmi (Hólminn) með grónum skógarteig en þar er elsta skógræktarsvæði dalsins. Þar er einnig rafstöð og gömul varaaflsstöð (Toppstöðin). Árbæjarsafn er aðliggjandi en utan skipulagssvæðisins. Hægt er að skipta svæðinu í tvö minni svæði:

A. Rafstöðvarsvæðið

B. Árhólmasvæðið (Hólminn)

Ártúnssvæðið er gamalt búsetulandslag frá ýmsum tímum. Þar eru gömul tún og ræktun frá tímum búskapar í Ártúni, seinni tíma trjárækt í jöðrum svæðisins og við nýrri byggingar. Mikill hluti svæðisins hefur orðið fyrir einhverju landraski í tímans rás. Ofan við Ártúnsbrekku var malarnám sem hefur verið sléttað og grætt upp. Í Ártúnsbrekku er mólendi að gróa upp, þar er tegundafjöldi mikill, vex þar m.a. gullkollur. Að mati Náttúrufræðistofnunar er brekkan afar gott dæmi um hvernig land grær upp á sjálfbæran hátt.

Mýrlendi eða hálfdeigja er vestan undir bæjarhól Ártúnsbæjarins, milli Rafstöðvarsvæðisins og félagsheimilis OR og neðan hraunbrúnarinnar við Drekkjarhyl.

Megnið af svæðinu er skógi vaxið, og er elsti skógurinn í Hólmanum. Syðsti hluti svæðisins neðan Stekkjarbakka er raskaður að stórum hluta en hefur nú verið grætt upp.

Áin rennur í hröðum straumi ofan á hraunklöppinni þaðan sem hún rennur undan Höfðabakkabrúnni og ýmis jarðfræðifyrirbæri er síðan að finna í árfarvegi Elliðaánna á svæðinu, fossa og flúðir. Þá eru merkilegar jarðfræðiminjar um forna sjávarhjalla í suðvesturhluta svæðisins.

Útivist á svæðinu


Ártúnsbrekkan er frá gamalli tíð vinsælt skíðaland en á svæðinu er skíðalyfta (diskalyfta) ásamt skíðabrekkum beggja megin lyftunnar. Neðan við brekkuna er lítið þjónustuhús með snyrtingum. Púttvöllur er á flatanum neðan við brekkuna. Vinsælt er að hefja skipulagðar gönguleiðir frá Rafstöðvarsvæðinu.

Við rafstöðvarsvæðið er nú grasengi og opið útivistarsvæði. Margir veiðistaðir eru á svæðinu. Í flestum tilvikum er veitt úr Hólmanum og því er leitast við að halda umgangi frá vesturbakka austur kvíslarinnar eins og unnt er til að vernda veiðistaðina.

2. Miðhluti (Árbæjarsvæði) er um 60 ha. Svæðið afmarkast af Höfðabakka að vestan og Vatnsveitubrú að austan, en íbúðarbyggð í Árbæjarhverfi að norðan og Efra-Breiðholtshverfi að sunnan. Árbæjarlón er eitt helsta sérkenni svæðisins en á vetrum hefur þar verið stöðuvatn sem nær yfir mestallt flatlendið en á sumrin er hleypt úr lóninu vegna laxagöngu. Ofan stíflu fellur áin þá í tveimur farvegum þegar ekki er lón. Sá syðri er þröngur og straumharður en hinn endar í litlu lóni við stífluna. Undan vetrarvatnsborði koma fram grösugar flæðiengjar með sérkennilegum víðirunnum sem hafa verið að nema þarna land á síðustu áratugum.

Blásteinshólmi nefnist hólminn á milli árkvíslanna. Þar er gróið hraun og sjálffriðað af kvíslunum beggja vegna hans. Í áratugi hefur álft verpt í hólmanum við lónið. Lagt er til að svæðið verði áfram friðað sem náttúru- og fuglafriðland og ekki lagðir neinar göngu- og/eða útivistarleiðir út í hólmann.

3. Suðurhluti (Víðivellir og Grænagróf) er um 55 ha að stærð. Svæðið afmarkast af Vatnsveitubrú í norðri að Breiðholtsbraut í suðri. Breiðholtshverfið myndar vesturjaðar svæðisins og stendur Fella- og Hólakirkja í jaðri þess. Upp af og sunnan Grænugrófar er hæðótt landslag með grasi grónum sléttum inni á milli. Svæðið frá Grænugróf til suðurs að Breiðholtsbraut er hluti af útivistarsvæði Breiðholtsbyggðar og tengist hverfinu vel. Hér má finna skóglendi, grónar grundir fyrir frjálsa leiki, og brekkur og bala fyrir vetrarleiki. Í austurjaðri svæðisins við Vatnsveitubrú er Árbæjarhverfið en lengra til suðurs af brúnni afmarkast svæðið af athafnasvæði hestamannafélagsins Fáks. Efsta svæði Elliðaánna frá Elliðavatni að þrengslum ofan Vatnsveitubrúar nefnist Dimma. Við Dimmu er efra laxveiðisvæðið fjölbreytt og fengsælt fluguveiðisvæði. Elliðaár sunnan Breiðholtsbrautar eru innan marka Kópavogs og því utan skipulagsmarka.



Mynd 12. Svæðisskipting skipulagssvæðisins

3.2 Hverfisvernd

Í aðalskipulagi er Elliðaárdalurinn að hluta til undir hverfisvernd og eru eftirfarandi bindandi ákvæði fyrir hverfisverndarsvæðið (H6):

„Árnar og nánasta umhverfi, Blásteinshólmi, hraun, votlendi og mólendi, og árbakki Dimmu, votlendi og fjölbreytt fuglalíf. Leitahraun, um 4.500 ára gamalt, þekur dalbotninn. Hraunið hefur mikið fræðslu- og vísindagildi. Dalurinn er að miklu leyti manngerður en þó eru afmörkuð svæði þar sem villt náttúra ræður ríkjum, svo sem í Blásteinshólma og með bökkum Dimmu. Gróðurfarið einkennist af graslendi, mólendi og trjáræktarsvæðum. Votlendisblettir eru hér og þar og hafa að geyma sérstæða flóru. Fuglalíf er fjölbreytt við árósinn og á óræktuðu svæðunum ofan við stífluna.“

Jafnframt kemur fram að árnar falla undir hverfisvernd með bökkum sínum, Blásteinshólma og bökkum Dimmu. Svæðið setur svip á ásýnd borgarinnar og er eitt mikilvægasta andrými hennar.

Í aðalskipulagi segir að afmörkun hverfisverndarsvæðis Elliðaárdalsins verði nánar afmarkað í deiliskipulagi. Í ferli skipulagsins voru lagðir fram þrír kostir varðandi afmörkun hverfisverndar:

- Kostur A: Halda mörkum óbreyttum frá aðalskipulagi.
- Kostur B: Mörk aðalskipulags að viðbættum helstu fuglasvæðum og þá sérstaklega á suðurhlutanum.
- Kostur C: Allt deiliskipulagssvæðið að aðliggjandi byggð eða stofnbrautum.

Niðurstaða skipulagsvinnunnar er það sem kalla mætti Kost B+. Lagt er til að svæði hverfisverndar Elliðaárdals nái yfir Elliðaárnar ásamt svæði beggja megin ánna að stofnstígum sem liggja upp með ánni beggja megin. Afmörkun hverfisverndar má sjá á skipulagsuppdrætti. Afmörkun þessi nær til alls þess svæði sem hefur sem náttúrulegast yfirbragð meðfram ánum. Með því að nota stígana sem afmörkun er auðvelt að útskýra mörkin fyrir almenningi og við stígana fræða og upplýsa það sem um svæðið fara um verndina og það sem henni fylgir.

Í samræmi við niðurstöðu í varðveislumati húsakönnunar er í deiliskipulagi einnig það svæði sem nær yfir bújörð Ártúns og rafstöðvarsvæðið í Elliðaárdal, ásamt starfsmannahúsum Rafmagnsveitu Reykjavíkur og húsum á Ártúnsblettum við Rafstöðvarveg skilgreint sem eitt hverfisverndarsvæði og njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.*

3.3 Ofanvatn

Eins og áður hefur komið fram eru nú þegar fimm settjarnir í dalnum sem hreinsa ofanvatn af götum í nágrenni við dalinn áður en því er veitt í Elliðaárnar. Þá er í skipulaginu gert ráð fyrir nokkrum nýjum lausnum á svæðum þar sem ofanvatn var áður veitt óhreinsuðu í Elliðaárnar, aðallega neðan við Stekkina í Breiðholti, neðan við bæina í Árbænum, og af svæðinu neðan Árbæjarlaugar og íþróttasvæðis Fylkis. OR mun setja sandföng í síðasta brunn í botnlangagötum sunnan Rofabæjar til að meðhöndla ofanvatn áður en það rennur út í Elliðaárnar. Jafnframt verði skoðað hvort aðliggjandi

stofnbrautir kunni að skila mengandi yfirborðsvatni út í umhverfi Elliðaárdals. Tryggt verði að ef svo er þá verði brugðist við með viðeigandi hætti.

3.4 Stígar og stígakerfi

Stígakerfi skipulagsins miðar að bættum tengingum, bæði gegnum dalinn frá norðri til suðurs en einnig milli hverfa sitt hvoru megin við dalinn að vestan og austanverðu. Kerfið miðar einnig að því að fjölga leiðum og þar með auka fjölbreytni göngu- og hjólaleiða í dalnum. Stígakerfið skiptast í göngustíga annars vegar og hjólastíga hins vegar.

Töluvert hefur verið lagt af göngustígum um dalinn og ekki gert ráð fyrir stórum breytingum á þeim. Tillagan byggir á núverandi stígakerfi, en viðbætur við kerfið miða aðallega að því að bæta tengingar og bæta við fjölbreyttari útivistarmöguleikum.

Stígum er skipt í fjórar gerðir: *hjólastíga, stofnstíga, tengistíga* og *náttúrustíga.*

Lega stíga á skipulagsuppdráttum er ekki bindandi og getur breyst við nánari hönnun.

Taka þarf tillit til lagna Veitna og fornminja við staðsetningu og framkvæmd við nýja stíga.

3.4.1 Hjólastígar

Hjólastígar eru eingöngu fyrir hjólandi umferð skv. umferðarlögum og samþykktum Reykjavíkurborgar. Samfelldur hjólastígur er vestan og sunnan ánna uppundir Dimmu þar sem hann fer á nýrri brú í átt að íbúðarbyggð í Norðlingaholti. Hjólastígar liggja gjarna samsíða göngustígum og samnýta raflýsingu með þeim.

Núverandi hjólastígar eru á þremur köflum í dalnum. Í Ártúnsbrekku, yfir Hólmann og frá Sprengisandi upp að Árbæjarstíflu. Nýir hjólastígar miða að því að bæta samgöngutengingar um dalinn en töluverð umferð hjólandi vegfarenda er nú þegar um dalinn.

Nýr hjólastígur er áætlaður vestan Elliðaáa allt frá Árbæjarstíflu að Breiðholtsbraut, með nýrri þverun yfir Dimmu, við Grænugróf og Víðivelli. Gert er ráð fyrir nýjum stíg frá gömlu brúnni yfir Dimmu, norðan Breiðholtsbrautar upp brekkuna til vesturs í átt að Breiðholti.

Frá áðurnefndum hjólastíg vestan ánna verða hjólastígar til vesturs inn í íbúðarhverfin við Suðurhóla og Suðurfell. Einnig er tenging frá hjólastígnum sunnan brúar yfir Elliðaár við Höfðabakka og til suðurs meðfram Höfðabakka og að undirgöngum. Þá verður hjólastígur frá undirgöngum undir Miklubraut að eystri lóðarmörkum safna- og sýningarsvæði OR þar sem við tekur Rafstöðvarvegur sem verður breytt í samrýmd akandi og hjólandi (sjá kafla 3.4.7).



Mynd 13. Nýleg göngu- og hjólabrú við Toppstöðina.

3.4.2 Stofnstígar

Stofnstígar tengja saman hverfin og eru 3-4m á breidd, yfirleitt með malbikuðu yfirborði. Stofnstígar eru megin samgönguæð gangandi og hjólandi vegfarenda og tengja saman mismunandi borgarhluta. Þeir mæta kröfum um aðgengi fyrir alla alls staðar þar sem því verður viðkomið og eru í fyrsta forgangi varðandi viðhald.

3.4.3 *Tengistígar*

Tengistígar eru um 2-3m á breidd, ýmist með föstu eða lausu yfirborði og tengja saman mismunandi stofnstíga. Þeir geta verið brattari og legið um torfarnari slóðir en stofnstígar.

3.4.4 Náttúrustígar

Náttúrustígar eru minni stígar eða slóðar um 1-2m á breidd með lausu yfirborði og tengja saman stíga og stofnstíga. Náttúrustígar geta legið um torfærar og brattari leiðir en stígar og stofnstígar.

Nýir stígar eru til þess fallnir að bæta samgöngutengingar og fjölga möguleikum á gönguleiðum, sér í lagi hringleiðum. Hvað nýja stíga varðar ber helst að nefna nýja stíga sunnan við Rafstöðvarveg, við Blesugróf, í Breiðholtshvarfi og við Grænugróf og Víðivelli.

Lega stíga á skipulagsuppdráttum er leiðbeinandi. Nánari lega er valin við hönnun m.t.t. landslags, staðhátta og hæðarlegu.

3.4.5 Göngu- og hjólabrýr

Gert er ráð fyrir nýjum þverunum eða brúm yfir Elliðaár til viðbótar við núverandi þveranir:

1. Í legu hitaveitustokks sem fer í jörðu koma tvær nýjar brýr á undirstöðum stokksins.

2. Við Rafstöðvarsvæðið til að mynda nýja tengingu af safnasvæði út í Árhólmann og þvert yfir.
3. Neðan við Blesugróf og Löngugróf
4. Milli Höfðabakka og Árbæjarstíflu
5. Milli Grænugrófar og Víðivalla
6. Við Heyvað, norðan við gömlu göngubrúnna við Dimmu

Tengingum við Rafstöðvarsvæðið og neðan Blesugrófar og Langagrófar er til þess fallnar að bæta tengingar út í Hólmann og opna fyrir fleiri möguleikum á hringleiðum í dalnum. Brú milli Höfðabakka og Árbæjarstíflu er hugsaður til að bæta samgöngutengingu fyrir hjólandi og gangandi umferð. Brú milli Grænugrófar og Víðivalla eru einnig hugsaðar til að bæta samgöngutengingar fyrir gangandi og hjólandi. Ný brú er svo staðsett norðan við úr sér gengnu göngubrúarinnar við Dimmu, þar sem hún er komin til ára sinna og ekki aðgengileg fyrir alla þar sem stíga þarf upp tröppur sitt hvoru megin við hana.

Þar sem hjólastígar liggja samsíða göngustígum yfir Elliðaár er gert ráð fyrir möguleika á tveimur aðskildum brúm eða einni breiðri brú sem þó er með aðskildum leiðum hjólandi og gangandi.

Við hönnun og staðsetningu nýrra brúa skal taka mið af umhverfinu, veiðistöðum ásamt því að fella brýrnar sem best að landi. Halda skal raski við framkvæmdir í lágmarki.

3.4.6 Reiðstígar og veiðislóðar

Veiðislóðar og reiðstígar hafa verið í dalnum um langt skeið og ekki get ráð fyrir stórum breytingum hvað þá varðar. Samnýting hefur verið milli veiði- og reiðmanna á gamla Vatnsveituvegnum sem liggur milli Árbæjarstíflu og gömlu Vatnsveitubrúarinnar. Er gert ráð fyrir að sama fyrirkomulag haldist óbreytt áfram. Þá er gert ráð fyrir samnýtingu milli veiði- og reiðmanna á slóða sem hefur hingað til mest verið notað af veiðimönnum milli Dimmu og skeiðvallarins. Samnýting þessara hópa ætti ekki að vera vandkvæðum háð þar sem reiðmenn nota stígana aðallega á vetrum en veiðimenn mest á sumrin og því skarast notkunin að mjög takmörkuðu leyti.

Áningastaður hesta er sunnan Árbæjarstíflu við enda reiðleiðar.

3.4.7 Vegir og helstu aðkomur

Vegir eru að mestu í norðausturenda dalsins, við gamla Ártún og Rafstöðvarsvæðið. Aðrir vegir eru að mestu veiðislóðar. Rafstöðvarvegur liggur um svæðið frá norðri með litlum hlykk um Toppstöðina og beygir síðan til austurs upp með aðfallsæð rafstöðvarinnar. Greinar frá Rafstöðvarvegi liggja að aðveitustöð 5 og Ártúni, nokkrum íbúðarhúsum, félagsheimili starfsmanna Orkuveitunnar, bækistöð garðyrkjudeildar og skólagörðum. Rafstöðvarvegur er lokaður við Höfðabakkabrú.

Gert er ráð fyrir að Rafstöðvarvegur verði breytt í samrými akandi og hjólandi frá Rafstöðvarsvæðinu að Höfðabakka. Þar er í dag mikil umferð hjólandi og gangandi vegfarenda og eðlilegt að umferð hjólandi fái forgang fram yfir akandi umferð, auk þess sem akandi umferð er mjög lítil á þessum kafla. Ofan á núverandi vatnsstokk sunnan Rafstöðvarvegar á sama kafla verður skilgreind gönguleið sem verður framkvæmd ef til þess kemur að stokkurinn verði endurnýjaður.

3.5 Áningarstaðir/græn hlið/rjóður

Áningarstaðir/hlið eru skilgreind á völdum stöðum með upplýsingum um dalinn (t.d. varðandi náttúrufar og mismunandi stíga og gönguleiðir). Staðsetning þeirra er oft þar sem mismunandi útivistarhópar mætast, t.d. hjólandi, gangandi og hestamenn, en með áningarstað á slíkum stöðum gefst tækifæri á að hægja á umferð, setja fram upplýsingaskilti með upplýsingum um dalinn, en líka koma á framfæri fræðslu og/eða skilaboðum til útivistarhópa til að minnka hættuna á slysum og árekstrum milli mismunandi hópa. Nokkrir áningarstaðir eru merktir á skipulagsuppdráttum en staðsetning þeirra er leiðbeinandi. Nánari útfærsla er valin m.t.t. landslags og staðhátta.



Mynd 14-16. Gönguleiðir og upplýsingaskilti í dalnum

3.6 Lóðir

Lóðarmörk eru sýnd á skipulagsuppdrætti og stærð lóðar skráð. Þessar upplýsingar eru til viðmiðunar, en nánar er gerð grein fyrir lóðarmörkum, málsetningu lóðar og lóðarstærð á mæliblaði. Þar sem misræmi er gildir mæliblað.


3.7 Byggingarreitir

Á skipulagsuppdrætti eru sýndir byggingarreitir á lóðum og skulu byggingar byggðar innan þeirra.

Ekki er gert ráð fyrir nýjum byggingum á skipulagssvæðinu nema á rafstöðvarsvæðinu. Í gildandi skipulagi er að finna heimildir og skilmála á einstaka lóðum eins og t.d. á rafstöðvarsvæði og gömlu kartöflugeymslunum. Þær heimildir og skilmálar haldast óbreytt frá því sem fyrir er og er að finna í sérskilum fyrir viðeigandi skipulagshluta.

3.8 Varðveisla minja

Eins og tekið er fram í kafla 2.3.3 um minjar í forsenduhluta greinargerðar vann Borgarsögusafn Reykjavíkur fornleifaskrá fyrir skipulagssvæðið eru 147 minjar skráðar á skipulagssvæðinu, staðsetningu þeirra má sjá á skipulagsuppdrætti og á yfirlitsuppdrætti hér að neðan.



Mynd 17. Yfirlitskort sem sýnir minjar í Elliðaárdal og helstu verndarsvæði á skráningarsvæðinu.

Af þessum 147 minjum eru friðaðar fornleifar 100 ára og eldri alls 54 talsins og af þeim eru 40 sjáanlegar á yfirborði. Engar friðlýstar fornleifar eru á svæðinu en Elliðaárstöðin, þrýstivatnspípan og Árbæjarstífla eru friðlýst hús og mannvirki.

Fornleifarnar eru almennt í mjög misjöfnu ásigkomulagi og eru elstu sjáanlegu minjarnar í Árhólmanum, sem tilheyra Innréttingatímabilinu, að hverfa í gróður og sökkva í mýrlendi.

Í minjaskráningu eru skilgreind 10 verndarsvæði sem lagt er til að sérstakt tillit verði tekið til í deiliskipulagi. Tekið er undir þetta sjónarmið eru níu svæði sett undir sérstaka vernd í deiliskipulagi og skilmálar settir vegna varðveislu þeirra[8].

Hér að neðan eru upplýsingar um þessi níu svæði og skilmálar sem settir eru fyrir hvert svæði (númer minja vísa í afmörkun svæða og númer á deiliskipulagsuppdráttum). Afmörkun þessara verndarasvæða má sjá á mynd 17. Nánari upplýsingar má finna í áðurnefndri fornleifaskrá[9].

1. Innréttingaminjar
    - Í Árhólmanum vestan við Toppstöðina eru fornleifar sem tilheyra tímabili sem kennt er við Innréttingarnar. Ummerki eftir starfsemi Innréttinganna eru Þófaramyllan, og fjórar ótilgreindar rústir.

      Ástand minjanna er almennt talið slæmt. Mikilvægt er að hreinsa trjágróður af rústunum þar sem hann eyðileggur minjar og koma upp menningamerkingum í grennd við þær. Þá er þörf á að lagfæra göngustíga á svæðinu og gera nýjar göngubrýr yfir lækjarfarvegi þannig að svæðið verði aðgengilegra almenningi. Minjarnar eru hluti af sögu Reykjavíkur þar sem staðarval Innréttinganna lagði grunninn að þéttbýlisþróun í Reykjavík og hafa því mikið menningarsögulegt gildi

2. Bæjarhóll Ártúns
    - Bæjarhóll Ártúns (263-1) og nágrenni hans er mikilvægt minjasvæði en bæjarhólar eru taldir meðal mikilvægustu minjastaða og hafa margþætt rannsóknar- og heimildagildi. Á bæjarstæðinu stendur nú íbúðarhús Ártúns sem byggt var árið 1910 og yngri útihús, sem minnisvarði um eldra búsetulandslag og byggðasögu í Elliðaárdalnum, en húsið er síðasti hlekkurinn í byggingarsögu býlisins. Bæjarhóll Ártúns hefur líklega að geyma mestu og merkustu minjar Elliðaárdals.

      Bæjarhóllinn er í góðu ásigkomulagi og ekki er æskilegt að byggt verði meira innan túna Ártúns heldur verði reynt að halda í gamla búsetulandslagið. Bæjarhóll Ártúns er einn af fáum bæjarhólum innan bæjarmarkanna sem enn eru sjáanlegir og

[8] Í fornminjaskráningu voru lögð til 10 verndarsvæði en eitt þeirra er Elliðaárvirkjun sem er friðlýst og fær virkjunin því þá skilgreiningu í gögnum deiliskipulags.

[9] Anna Lísa Guðmundsdóttir, Alma Sigurðardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir (2020).

tiltölulega lítið raskaðir. Mikilvægt er að setja upp menningarmerkingar þar sem greint er frá sögu og minjum Ártúns og nágrennis.

3. Herminjar norðan við Ártún, Camp Hickman
    - Norðan við tún Ártúns eru þrjár skotgrafir og leifar af tveimur vatnstönkum sem tilheyrðu herskálahverfinu Camp Battle sem var aðeins neðar í brekkunni.

      Minjarnar eru heillegar og í góðu ásigkomulagi. Hreinsa þarf trjágróður af minjunum og merkja minjasvæðið til þess að auka upplifun, en auðvelt er að gera sér í hugarlund notkun skotgrafanna. Lagt er til að þessar herminjar hljóti hverfisvernd eins og aðrar heillegar og fágætar minjar frá þessu tímabili.

4. Fornleifar í Hólmstá
    - Hólmstá er efsti hluti Árhólmanna rétt neðan við Höfðabakkabrú, þar sem árnar renna beggja vegna við hraunás. Minjarnar í Hólmstá hafa ekki verið skráðar áður og er lítið vitað um þær, en líklega eru þetta minjar frá 18. og 19. öld og hafa tengst sauðfjárhaldi.

      Svæðið er sérstakt og er þetta einn af fáum stöðum þar sem sér vel í Elliðaárhraunið í dalnum og koma ætti í veg fyrir að trjágróður og lúpína gangi þar yfir hraunið. Bæta mætti aðgengi með göngustígum og setja upp menningarmerkingar.

5. Vatnsveituvegur
    - Vegna vatnsveituframkvæmda á árunum 1908-1909 var gerður nýr vegur frá Suðurlandsbraut við Elliðaárvog upp með Elliðaánum að vestanverðu að Vatnsveitubrú og svo áfram suður austan með ánni upp í Gvendarbrunna. Eftir þessum vegi voru vatnspípurnar síðan fluttar á hestvögnum. Enn má sjá hluta Vatnsveituvegar, en hann telst til aldursfriðaðra fornleifa.

      Vegarkaflinn frá Höfðabakka að Vatnsveitubrú er lengsti og heillegasti hlutinn og ætti að reyna að halda honum í sinni mynd þar.

6. Vatnsveitubrú og Ensku veiðihúsin
    - Á svæðinu í kringum Vatnsveitubrú er flestar minjarnar sem tilheyra lagningu Vatnsveitunnar að finna á einum stað: Vatnsveituveg, sem upphaflega var vagnavegur,vatnsleiðsluna, Vatnsveitubrúna og fyrsta vatnstökustaðinn. Þetta er því góður staður til að segja sögu Vatnsveitunnar.

      Sunnan við Vatnsveitubrúna voru svo Ensku veiðihúsin (218-30) eða veiðihúsin efri, en leifar þeirra eru elstu minjarnar í efri hluta dalsins.

      Minjarnar eru vel greinanlegar, en mikilvægt er að hreinsa trjágróður af þeim til að verja þær skemmdum og auka aðgengi að þeim. Minjarnar eru við malbikaðan gangstíg þannig að þar væri tilvalið að setja upp menningarmerkingar með upplýsingum um minjastaðinn.

7. Skotbyrgi í Norðurhvarfi

   Skotbyrgi er í brekkunni upp af Árbæjarstíflu um 160 m frá Vatnsveituvegi.

   Lagt til að þetta byrgi hljóti hverfisvernd. Skotbyrgið er í nokkuð góðu ásigkomulagi og auðvelt er að gera sér notkun þess í hugarlund. Gera þarf göngustíg að minjasvæðinu, merkja það og hreinsa í burtu óæskilegan trjágróður í næsta nágrenni.

8. Minjar við Brennuhól

   Norðaustan við Vatnsveitubrúna, í hlíðinni norðan í Brennuhól, var byggð en um er að ræða minjar eftir eldri byggð í landi Árbæjar. Minjarnar eru vel greinanlegar og eru líklega frá tímabilinu 1921-1930.

   Minjarnar eru heillegar og í góðu ásigkomulagi en koma þarf í veg fyrir að trjágróður og lúpína vaxi yfir minjasvæðið. Göngustígur hefur verið lagður þvert í gegnum svæðið að suðvestanverðu og þar væri hægt að setja upp menningarmerkingar. Þessar minjar ber að varðveita sem fulltrúa þessa tímabils eða minja frá fyrri hluta 20. aldar.

9. Herminjar á Árbæjarhólma, Camp Baldurshagi

   Ummerki eftir setuliðið er helst að finna á svæðinu milli Vatnsveitubrúar og núverandi skeiðvallar Fáks, en þar var Camp Baldurshagi. Svæðið hefur að geyma nokkra heillega braggabotna og aðrar mannvirkjaleifar.

   Minjarnar eru vel greinilegar en í misjöfnu ástandi. Mikilvægt er að hreinsa trjágróður af minjunum, gera þær aðgengilegar og merkja. Lagt er til að svæði þetta verði hverfisverndað.

Óheimilt er að ráðast í framkvæmdir í nánd við þessar minjar nema að undangengnu samráði við Minjastofnun Íslands, sbr. 23. gr. *laga um menningarminjar nr. 80/2012* sem sjá má hér að neðan.

Minnt er á 23. gr. *laga um menningarminjar nr. 80/2012, Fornleifar í hættu,* en þar segir:

> *„Hver sá sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skal gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar. Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal framkvæmdaraðili eða viðkomandi sveitarfélag gera Minjastofnun Íslands viðvart með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara áður en áætlaðar framkvæmdir hefjast og lýsa þeim breytingum er af framkvæmd mun leiða. Minjastofnun Íslands ákveður að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar er þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir. Stofnunin skal hafa samráð við*

Umhverfisstofnun þegar fjallað er um blandaðar minjar, þ.e. menningarminjar sem einnig teljast til náttúruminja.“

4 Almennir skilmálar

4.1 Almennt

Hér er lýst almennum skilmálum sem gilda að um byggingar og framkvæmdir skv. deiliskipulagi.

4.2 Hönnun og uppdrættir

Fara skal eftir því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð (112/2012), reglugerð um framkvæmdaleyfi (772/2012) og aðrar reglugerðir segja til um.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum og annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni sbr. byggingarreglugerð (112/2012).

4.3 Mæliblöð

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, fjölda bílastæða á lóð, kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Allir meginhlutar húss skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði fyrir hverja lóð.

4.4 Sorpgeymslur og sorpgámar

Sorpgeymslur skulu almennt vera í samræmi við kafla 6.12 í byggingareglugerð (112/2012) eða samkvæmt ákvæðum sem Hörgársveit setur. Aðgangur að sorpílátum skal vera auðveldur og greiður en þess jafnframt gætt að sorpílát séu ekki áberandi.

4.5 Frágangur lóða

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við kafla 7.2 í byggingareglugerð (112/2012).

Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir og frágang á sinni lóð og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar teikningar og hæðartölur skv. mæliblaði.

Lóðarhafi skal ganga frá lóð sinni meðfram opnum svæðum í þeirri hæð, sem sýnd er á mæliblöðum, og bera allan kostnað af því.

5 Sérákvæði

5.1 Almennt

Hér er lýst sérstökum skilmálum fyrir þær nýbyggingar sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi þessu.

5.2 Sérskilmálar fyrir Norðurhluta (Ártúnssvæði)

5.2.1 Skipulagssvæðið, afmörkun og lega

Svæðið markast af Vesturlandsvegi og Höfðabakka, um 96 ha.
Innan svæðisins er m.a. rafstöðin, tekin í notkun 1921, með fallegum og sögufrægum byggingum og görðum. Vararafstöð Landsvirkjunar og Toppstöðin eru áberandi á svæðinu vegna yfirgnæfandi stærðar sinnar og staðsetningar.
Skilgreint er bifreiðalaust svæði á milli húsa á rafstöðvareit en gönguleið skilgreind á milli húsanna. Þá er bætt er við sleppisvæðum fyrir rútur framan við gamla rafstöðvarhúsið við Rafstöðvarveg 6.

Rafstöðvarvegur 4 - Toppstöðin

Á svæðinu er Toppstöðin sem er stálgrindarhús sem byggt var árið 1946 utan um túrbínur sem voru vararafstöð Landsvirkjunar fram til ársins 1969. Nú er í húsinu frumkvöðlasetur.
Gert er ráð fyrir að byggingin sé víkjandi í deiliskipulagi.

Rafstöðvarvegur 7-9 - Hitt húsið og orkuminjasafn

Heimilt að vera með félagsstarfsemi og/eða safn eða sambærilegt. Ekki er heimilt að vera með skrifstofu, verslun eða aðra atvinnustarfsemi á lóðinni.
Þak skal vera lítið hallandi (flatt) með lágmarksvatnshalla.
Kvöð er um almennan göngustíg um lóðina ásamt kvöð er um lagnaleiðir.
Byggingarreitur innan lóðarinnar eru í raun þrír samliggjandi byggingarreitir og hér að neðan eru upplýsingar um skilmála innan þeirra:

Byggingarreitur B1

Ein hæð, með millipalli, mest 7,5 m frá aðalgólfi. Aðalgólf verður í gk. 16,42 +/- 20 cm.
Á um 5% af hluta byggingarreits B1 má hæð hússins vera allt að 10 m yfir aðalgólfi.
Loftháfar, þakgluggar og annar tæknibúnaður má ganga upp fyrir uppgefna þakhæð.

Byggingarreitur B2

Ein hæð, mest 5,0 m frá aðal gólfi. Aðalgólf verður í gk. 16,42 +/- 20 cm.
Loftháfar, þakgluggar og annar tæknibúnaður má ganga upp fyrir uppgefna þakhæð.

Byggingarreitur B2

Tvær hæðir, með kjallara að hluta. Þakhæð mest 10 m frá aðalgólfi, aðalgólf í gk. 17,62 +/- 20 cm.
Loftháfar, þakgluggar og annar tæknibúnaður má ganga upp fyrir uppgefna þakhæð.
Kjallaragólf má vera allt að 3,5 m neðar en aðalgólf. Heimilt er að byggja akfæra skábraut, austan við byggingu, að geymslukjallara.

Rafstöðvarvegur 13 - Aðveitustöð 5

Rafstöðvarsvæði (Rafstöðvarvegur 6-14)

Áætlanir eru um að í fasteignum á Rafstöðvarsvæðinu (Rafstöðvarvegi 6-14) verði komið upp safna- og sýningarsvæði vegum Orkuveitu Reykjavíkur. Ásamt fræðslustarfsemi er gert ráð fyrir kaffihúsi og leikvænu fræðslusvæði á svæðinu í kringum byggingarnar auk vatnsleikjagarðs.
Hér að neðan eru upplýsingar um nýja byggingarreiti og mannvirki á svæðin og skilmála þeirra:

Tengibygging milli Rafstöðvarvegar 10 og 12 (A1)

Gert er ráð fyrir að byggt verði nýtt glerhýsi fyrir kaffihús sem tengir saman Rafstöðvarveg 10 og 12. Byggingin er að hámarki 100 m^2 og samsvari hæðum aðliggjandi bygginga, mænishæð verði að hámarki 6 metrar.

Jarðborinn Dofri (A2)

Áform eru uppi um að koma fyrir á safna- og sýningarsvæðinu Jarðbornum Dofra og er heimilt að koma bornum fyrir innan byggingarreits. Borinn er um 35 m hár. Tryggja skal vandlega alla jarðfestu og öryggismál.

Höggbor og skýli (A3)

Áform eru uppi um að koma fyrir á safna- og sýningarsvæðinu svokölluðum Höggbor og er heimilt að koma bornum fyrir innan byggingarreits ásamt um 100 m^2 skýli yfir borinn. Borinn er um 15 m hár. Tryggja skal vandlega alla jarðfestu og öryggismál.

Varsleikjagarðs og tæknirými (A4)

Áformað er að byggja vatnsleikjagarð á garðflötum sunnan rafstöðvarbygginganna á grundvelli hugmynda úr samkeppni um sýningarsvæðið. Þar verða rennibrautir byggðar utan í nýjan manngerðan hól. Vegna vatnsleikjagarðsins er þörf á tæknirými sem gert er ráð fyrir að verði innan byggingarreits, en neðanjarðar í manngerða hólnum. Í tæknirými verður m.a. búnaður til að stýra lýsingu og vatnsrennsli í vatnsleikjagarði.

Félagsheimili OR (Rafstöðvarvegur 20)

Heimilt er að viðhalda byggingunni en viðbyggingar eru óheimilar. Kvöð er á lóðinni um almenna gönguleið í gegnum lóðina.

5.3 Sérskilmálar fyrir Miðsvæði (Árbæjarsvæði)

5.3.1 Skipulagssvæðið, afmörkun og lega

Svæðið afmarkast af Höfðabakkabrú og Vatnsveitubrú. Engar byggingar eru á svæðinu og er því einungis um stígagerð og áningarstaði að ræða.

5.4 Sérskilmálar Víðivellir og Grænagróf

5.4.1 Skipulagssvæðið, afmörkun og lega

Svæðið afmarkast af Vatnsveitubrú og Breiðholtsbraut. Engar byggingar eru á svæðinu og er því einungis um stígagerð og áningarstaði að ræða sem og nýjar brýr skv. skipulagsuppdrætti. Nánara staðarval fyrir brýr og legu stíga skal unnið í nánu samráði við fiskifræðinga og SVFR. Staðsetning og stærð áningarstaða er leiðbeinandi og verður ákvörðuð í hönnun m.t.t. landslags og staðhátta.

5.4.2 Núverandi mannvirki á svæðinu

Fjórar settjarnir eru á svæðinu. Ein ofan við Grænugróf, neðan við Fella- og Hólakirkju, önnur neðan við Lágaberg, ofan við Efri-Sporðhyl í Elliðaá, þriðja neðan við Hólahverfi á móts við Þrengsli í Elliðaánni við veiðistaðinn Hraun og sú fjórða er neðan við Seláshverfi meðfram Vatnsveituvegi norðan við Hraunbrún, dælustöð Orkuveitunnar.

Markmið settjarnanna er að minnka mengunarálag frá ofanvatnskerfum sem berast í Elliðaár. Þetta næst með því að fella út óuppleyst botnfellanleg efni (t.d. málningarflygsur, sand, malbiksslit, þyngri aðskotahluti o.fl.), sem berast frá gatnakerfum, bílaplönum og þakflötum. Auk þess skiljast að í settjörnum eðlisléttari efni. Með þessu fyrirkomulagi verður hægt að bregðast við mengunaróhöppum sem kunna að verða innan áhrifasvæða þeirra ofanvatnskerfa sem tengd verða settjörnunum.

Mesta dýpi í tjörn við stöðugt vatnsborð er mest 1,2m. Næst bakkanum umhverfis alla tjörnina er 1,0m breitt svæði þar sem dýpi er 0,2m. Þetta svæði gegnir tvíþættu hlutverki. Annars vegar sem öryggissvæði og hins vegar til að mynda svæði á bökkum tjarnanna, þar sem votlendisgróður á auðveldar með að festa rætur og dafna. Á þessu svæði er einnig undirliggjandi siturkerfi, sem tryggir betri hreinsivirkni gagnvart þungmálmum.

Tjarnir skulu afmarkaðar og eftir atvikum girtar, þar sem ástæða þykir til. Við settjarnir skal vera viðvörunarskilti sem gerir grein fyrir vatnsdýpi og hættu fyrir börn. Landhalli niður í botnkóta verður mest 1:3.

Tryggt er með botnþéttingu að tjörnin leki ekki og er lekt botnþéttingar á bilinu 1x10-7 til 1x10-11 m/s.

Við stærðarákvörðun settjarna er miðað við sethraða agna 5-10 m/klst, eftir aðstæðum.

Gert er ráð fyrir hreinsun botnsets eftir þörfum. Tryggja þarf aðkomu að tjörnum til að hreinsa botnset en einnig að nálægum brunnum.

Í tjörninni neðan við Lágaberg, ofan við Efri Sporhyl í Elliðaá er grjótvörn meðfram jöðrum tjarnarinnar sem snúa að ánni. Við alverstu aðstæður sem stundum verða þegar hún leggur og brýtur af sér ísinn í leysingum er hugsanlegt að flæða muni yfir tjörnina.

6 Umhverfisskýrsla

Deiliskipulag Elliðaárdals fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Aftur á móti er gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Í deiliskipulaginu er lögð áhersla á að varðveita og vernda náttúrufar í dalnum og gæta þess að jafnvægi sé gætt milli hins manngerða og náttúrulega. Þá er verið að skapa betri aðstæður til fjölbreyttrar útivistar og auka fjölbreytileika á mismunandi upplifunum sem dalurinn býður upp á. Í deiliskipulagi er einnig horft og lögð áhersla á verndun sögulegra minja á svæðinu og þá arfleifð sem þær geyma.

Helstu framkvæmdir skv. deiliskipulagi eru viðbætur við núverandi göngu- og hjólastígakerfi sem miðar að bættum tengingum, bæði í gegnum dalinn en einnig á milli hverfa sitt hvoru megin við dalinn. M.a. er gert ráð fyrir nýjum þverunum eða brúm yfir Elliðaár á sjö stöðum til viðbótar við núverandi þveranir. Stígakerfið miðar einnig að því að fjölga leiðum og þar með auka fjölbreytni göngu- og hjólaleiða í dalnum. Þá er í deiliskipulagi gert ráð fyrir áningarstöðum á völdum stöðu í dalnum.

Metin eru möguleg umhverfisáhrif þessara framkvæmda.

6.1 Landslag og sjónræn áhrif

Ekki er gert ráð fyrir að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði veruleg á landslag og ásýnd að svæðinu. Um Elliðaárdalinn liggur þegar fjöldi göngustíga og er svæðið vinsælt útivistarsvæði. Þær framkvæmdir sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi eru að mestu nýir göngu- og hjólastígar ásamt brúm sem tengja stíga beggja megin dalsins. Þrátt fyrir að brýrnar séu sýnilegar er ekki gert ráð fyrir að sjónræn áhrif vegna þeirra verði veruleg og ekki er talið að framkvæmdir við nýja stíga hafi áhrif á landslag svæðisins sem er að hluta manngert.

6.2 Samfélags- og félagsleg áhrif

Líklegt er að uppbygging nýrra göngu- og hjólastíga um Elliðaárdal hafi jákvæði samfélags- og félagsleg áhrif því með bættri aðstöðu í dalnum má gera ráð fyrir að hann verði betur nýttur sem útivistarsvæði af íbúum aðliggjandi hverfa. Þá má gera ráð fyrir að bætt stígakerfi um dalinn verði hvetjandi til þess að íbúar Reykjavíkur fari hjólandi eða gangandi á milli staða í staðs þess að nota einkabílinn.

6.3 Menningarminjar

Í deiliskipulagi er lögð áhersla á verndun sögulegra minja á svæðinu og þá arfleifð sem þær geyma. Ekki er gert ráð fyrir að minjastaðir verði fyrir áhrifum vegna uppbyggingar skv. deiliskipulagi og því eru áhrif á menningarminjar talin óveruleg. Þá eru skilmálar um að með öllu sé óheimilt að ráðast í framkvæmdir í nánd við minjar nema að undangengnu samráði við Minjastofnun Íslands.

6.4 Náttúrufar

Í deiliskipulaginu er lögð áhersla á að varðveita og vernda náttúrufar í dalnum og þess gætt að jafnvægi sé á milli hins manngerða og náttúrulega. Vegna þessa er ekki talið að uppbygging skv. deiliskipulagi hafi mikil áhrif á náttúrufar. Áhrif á náttúrufar geta einnig talist jákvæð að því leyti að gert er ráð fyrir að umferð gangandi og hjólandi verði stýrt um svæðið með skilgreindu stígakerfi auk þess sem áningarstöðum verður fjölgað.

6.5 Útivist

Uppbygging skv. deiliskipulagi er talin hafa jákvæð áhrif á útivist þar sem verið er að skapa betri aðstæður til fjölbreyttrar útivistar og auka fjölbreytileika á mismunandi upplifunum sem dalurinn býður upp á.

6.6 Mannvirki

Í deiliskipulagi er það svæði sem nær yfir bæjarstæði býlisins Ártúns og rafstöðvarsvæðið í Elliðaárdal, ásamt starfsmannahúsum Rafmagnsveitu Reykjavíkur og húsum á Ártúnsblettum við Rafstöðvarveg sett undir hverfisvernd sem samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda vegna umhverfislegrar sérstöðu. Vegna þessa eru áhrif á mannvirki talin jákvæð.

6.7 Samantekt og niðurstaða

Ekki er talið að framfylgd deiliskipulags hafi neikvæð umhverfisáhrif í för með sér. Jákvæð umhverfisáhrif vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar eru talin vera vegna stýringar gangandi og hjólandi umferðar um dalinn og vegna betri aðstöðu til útivistar á svæðinu. Þá eru jákvæð áhrif talin vera vegna mannvirkja sem sett eru undir hverfisvernd.

7 Samráðs- og umsagnaraðilar

Haft var samráði eða fengin umsögn frá eftirfarandi aðilum á skipulagstímanum en þeim voru kynntar eða sendar tillögur að skipulagsáætlunum.


Þá var tillaga að deiliskipulagi kynnt á opnum fundi sem streymt var á samfélagsmiðlum.

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun
- Minjastofnun Íslands
- Borgarsögusafn Reykjavíkur
- OR/Veitur
- Skógræktarfélag Reykjavíkur
- Hestamannafélagið Fákur
- Landssamtök hjólreiðamanna
- Íþróttafélagið Fylkir
- Stangaveiðifélag Reykjavíkur
- Hollvinasamtök Elliðaárdalsins
- Hlaupahópurinn Árbæjarskokk
- Stjórn Toppstöðvarinnar


Eftirfarandi deildir og svið Reykjavíkurborgar:

- Samgöngustjóri
- Heilbrigðiseftirlitið
- Skrifstofa framkvæmda og viðhalds
- Skrifstofa Reksturs og umhirðu
- Skrifstofa umhverfisgæða





HLUTI AÐALSKIPULAGS 2010 - 2030



SKIPTING KORTAHLUTA

- Deiliskipulagsmörk
- Lóðarmörk
- Byggingar
- Víkjandi byggingar
- Friðlýstar byggingar
- Byggingarreitur
- Götur og bílastæði
- Vistgata
- Reiðstígur/veiðislóði
- Göngu og hjólabrýr
- Stofnstígar
- Hjólastígar
- Stígar
- Náttúrustígar
- Undirgöng
- Aningastaður / fræðsla
- Ofanvatnslaut
- Nútímahraun
- Hverfisvernd
  samstæðra húsa og heilda.
- Hverfisvernd

SJÁ JAFNFRAMT MEÐFYLGJANDI GREINARGERÐIR, DAGS. 10.02.2020

REYKJAVÍKURBORG - ELLIÐAÁRDALUR

DEILISKIPULAG - TILLAGA

SKÝRINGARUPPDRÁTTUR - YFIRLITSMYND

KVARÐI-A1:	1:6000	TEIKN NR:	
DAGS:	10.02.2020	HANNAÐ:	þh/grg/óí
FLOKKUR:	0000-reyk_A	TEIKNAÐ:	þh/grg/er
SKRÁ:	18104-gm.dwg	VERKNR:	18104


LANDSLAG

X:\0-VERK\0000-REYK-ELLI\A\18104-ELLIÐAÁRDALUR, ENDURSKOÐUN DEILISKIPULAGS\TEIKN\DWG\18104-DSK.DWG

Alma Sigurðardóttir
Drífa Kristín Þrastardóttir

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Deiliskipulagssvæðið Elliðaárdalur



Varðveislumat fyrir hús og mannvirki

Við mat á varðveislugildi húsa og mannvirkja eru metnir fjórir þættir: *Listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunaleg gerð.* Niðurstaða varðveislumats, þ.e. varðveislugildi húsa, byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Við mat á varðveislugildi húsa og mannvirkja er stuðst við leiðbeiningar Minjastofnunar um gerð byggða- og húsakannana og skráningu húsa og mannvirkja.[1]

Í húsakönnun er gerð grein fyrir verndarstöðu viðkomandi húsa og mannvirkja gagnvart lögum og gildandi deiliskipulagi og/eða húsverndarstefnu sveitarfélags. Friðlýsing húsa og friðun húsa sem eru 100 ára og eldri byggir á *lögum um menningarminjar nr. 80/2012*. Þar er jafnframt kveðið á um umsagnarskyldu vegna húsa sem byggð eru 1925 og fyrr.[2]

Á grundvelli varðveislumats og niðurstöðu um varðveislugildi eru einnig gerðar tillögur um hverfisverndun húsa eða heilda, en hverfisvernd er skilgreind í *skipulagslögum nr.*

[1] *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 2. Reykjavík 2019. Bls. 33-34.
[2] *Lög um menningarminjar* - nr. 80 - 29.6.2012. Tóku gildi 1.1.2013. Sjá vef alþingis: http://www.althingi.is → Lagasafn → Leit í lagasafni → Leitarorð: „Lög um menningarminjar“. Sótt 6.12.2018.

DRÖG

123/2010.[3] Hverfisvernd húsa og mannvirkja í Reykjavík byggir á borgarverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem sett er fram í aðalskipulagi og tillögum sem settar eru fram í húsakönnunum og hljóta staðfestingu í deiliskipulagi. Í *Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030* er sett fram núgildandi borgarverndarstefna Reykjavíkurborgar og skilgreindir þeir verndunarflokkar sem byggt er á við hverfisverndun húsa og byggðaheilda.[4] Þar er jafnframt allt svæðið innan gömlu Hringbrautar / Snorrabrautar skilgreint sem hverfisverndarsvæði. Um verndun á því svæði er auk þess stuðst við eldri húsverndarstefnu í „Húsverndarskrá Reykjavíkur“ sem gefin var út með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.[5]

Verndunarflokkar sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012:

Friðlýst hús og mannvirki **- BLÁR FLOKKUR**
Hús og mannvirki sem friðlýst eru með ákvörðun ráðherra samkvæmt 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.[6] Hús sem voru friðuð samkvæmt eldri lögum teljast nú einnig friðlýst.[7] Um friðlýsingu segir í 5. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012: „Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.“

Friðuð hús og mannvirki **- FJÓLUBLÁR FLOKKUR**
Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri eru friðuð samkvæmt aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/201.[8] Gildir nú um *hús byggð 1920 eða fyrr* samkvæmt Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Athuga skal að heimildir geta verið um annað byggingarár en það sem gefið er upp í Fasteignaskrá.[9]

Umsagnarskyld hús **- APPELSÍNUGULUR FLOKKUR**
Hús sem hvorki eru friðuð né friðlýst en byggð 1925 eða fyrr, og kirkjur reistar 1940 eða fyrr, eru umsagnarskyld samkvæmt 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, þ.e. eigendum þeirra er skylt að leita umsagnar Minjastofnunar Íslands ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

DRÖG

[3] *Skipulagslög* - nr. 123 - 22.9.2010. Tóku gildi 1.1.2011. Sjá vef alþingis: http://www.althingi.is → Lagasafn → Leit í lagasafni → Leitarorð: „Skipulagslög“. Sótt 6.12.2018.
[4] *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. A-hluti: „Borg fyrir fólk“ og C-hluti: „Fylgiskjöl“ - „Aðalskipulag - Borgarverndarstefna“. Sjá vef Reykjavíkurborgar: http://reykjavik.is/thjonusta/adalskipulag-reykjavikur → Val úr lista: C-hluti - Fylgiskjöl → Pdf.skjal, bls. 334.
[5] *Húsvernd í Reykjavík. Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*. Þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.
[6] *Lög um menningarminjar* - nr. 80 - 29.6.2012. Tóku gildi 1.1.2013.
[7] Friðlýst hús eru á skrá hjá Minjastofnun Íslands og þar er getið um friðunarár og hvaða hluti byggingar er friðaður, sjá: www.minjastofnun.is → Hús og mannvirki → Friðlýst hús og mannvirki → Reykjavík.
[8] *Lög um menningarminjar* - nr. 80 - 29.6.2012. Tóku gildi 1.1.2013. Sjá einnig vef Minjastofnunar Íslands: www.minjastofnun.is → Hús og mannvirki → Friðuð hús og mannvirki → Reykjavík.
[9] Komi upp vafamál í tengslum við byggingarár húsa í Reykjavík má leita upplýsinga hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur í gegnum netfangið minjavarsla@reykjavik.is.

Ákvæði um hverfisvernd í skipulagslögum nr. 123/2010:[10]

I. kafli, 2. gr.: „*Hverfisvernd:* Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja."
IV. kafli, 12. gr.: „Ef talin er þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, náttúrufar eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd."

Verndunarflokkar sem byggja á hverfisvernd skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og borgarverndarstefnu Reykjavíkur í AR 2010-2030:[11]

***Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* - RAUÐUR FLOKKUR**
Einstök hús, húsaraðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.[12]

***Samstæður húsa og heildir* - GULUR FLOKKUR**
Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.[13]

Deiliskipulagssvæðið Elliðaárdalur

Til umfjöllunar er svæði sem afmarkast til norðurs af Vesturlandsvegi, til austurs af íbúðarbyggð í Ártúns-, Árbæjar- og Seláshverfi annarsvegar og göngustíg austan Elliðaáa hinsvegar, til suðurs af Breiðholtsbraut og til vesturs annarvegar af Hólaverfi og hinsvegar af línu sem liggur norðan Stekkjarbakka og áfram með Reykjarnesbraut. Stór hluti svæðisins er skilgreindur sem opið svæði (OP4) í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Innan svæðisins standa friðlýst mannvirki sem tilheyra Elliðaárstöð (Rafstöðvarvegur 6, 8, 10, 12, 14, Árbæjarstífla og þrýstivatnspípa) og aðrar byggingar sem tengjast starfsemi Rafmagnsveitu Reykjavíkur (nú OR), s.s. Toppstöðin (Rafstöðvarvegur 4), aðveitustöðvarbyggingar (Rafstöðvarvegur 9 og 13) og félagsheimili (Rafstöðvarvegur 20). Af öðrum þekktum mannvirkjum, sem staðsett eru á norðurhluta deiliskipulagssvæðisins, má nefna íbúðarhúsið Ártún (Rafstöðvarveg 11) sem er aldursfriðað hús, jarðhúsin (Rafstöðvarveg 1a) og veiðihús (Rafstöðvarveg 2). Önnur hús og mannvirki sem standa innan svæðisins eru m.a. íbúðarhús við Stekkjarbakka og Vatnsveituveg og lokahús sem reist voru

[10] *Skipulagslög* - nr. 123 - 22.9.2010. Tóku gildi 1.1.2011.
[11] *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. C-hluti: „Fylgiskjöl" - „Aðalskipulag - Borgarverndarstefna". Sjá vef Reykjavíkurborgar: http://reykjavik.is/thjonusta/adalskipulag-reykjavikur → Val úr lista: C-hluti - Fylgiskjöl → Pdf.skjal, bls. 334.
[12] Áður: **grænn** flokkur: Verndun 20. aldar bygginga, **rauður** flokkur: Tillaga að friðun og **dökkgulur** flokkur: Verndun götumynda, sjá *Húsvernd í Reykjavík*, þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.
[13] Áður: **ljósgulur** flokkur: Verndun byggðamynsturs og **milligulur** flokkur: Verndun svæða, sjá *Húsvernd í Reykjavík*, þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.

DRÖG

fyrir Vatnsveitu Reykjavíkur. Að auki eru innan svæðisins minjar sem skráðar eru í fornleifaskrá.

Hluti þeirra mannvirkja sem tilheyra Elliðaárvirkjun hafa nú þegar verið friðlýst og eitt hús, Ártún, er friðað vegna aldurs. Borgarsögusafn hefur jafnframt lagt til í útgefinni skýrslu nr. 183/2017, [14] *að það svæði sem nær yfir bæjarstæði býlisins Ártúns og rafstöðvarsvæðið í Elliðaárdal, ásamt starfsmannahúsum Rafmagnsveitu Reykjavíkur og húsum á Ártúnsblettum við Rafstöðvarveg verði skilgreint sem eitt hverfisverndarsvæði og njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir. Að mati safnsins getur verndu ofantalinna svæða eða minjaheilda sem hverfisverndarsvæðis átt samleið með verndun og uppbyggingu Elliðaárdals sem útivistarsvæðis og borgargarðs.* ***Borgarsögusafn áréttar þessa niðurstöðu sína og leggur hér með til hverfisverndun þess hluta svæðisins sem fellur innan deiliskipulags Elliðaárdals.***

HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR
Varðveislumat húsa á ofangreindu svæði:

BLÁR FLOKKUR: *Friðlýst hús og mannvirki.*

Elliðaárvirkjun og mannvirki sem henni tilheyra, Rafstöðvarvegur 6, 8, 10, 12, 14 (án síðari tíma viðbygginga), þrýstivatnspípa og Árbæjarstífla.

Rafstöðvarvegur 6 – Elliðaárstöð, rafstöðvarhús – b. 1921.

Friðlýst af menntamálaráðherra 14. júní 2012 samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001 og telst því friðlýst hús skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Stöðvarhús Elliðaárstöðvar tilheyrir heildstæðri húsaþyrpingu Rafmagnsveitu Reykjavíkur (OR) sem staðsett er sunnan Rafstöðvarvegar. Húsið er með fyrstu mannvirkjum Rafmagnsveitu Reykjavíkur á svæðinu og var sérhannað til að hýsa tækjabúnað rafstöðvarinnar. Það er mikilvægur vitnisburður um þær miklu tæknibreytingar sem urðu með tilkomu rafmagnsvæðingar í Reykjavík á fyrri hluta 20. aldar. Húsið er mjög upprunalegt að gerð með upprunalegum tækjabúnaði og innri frágangi.

Rafstöðvarvegur 8 – Elliðaárstöð, íbúðarhús rafstöðvarstjóra – b. 1921.

Friðlýst af menntamálaráðherra 14. júní 2012 samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001 og telst því friðlýst hús skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Íbúðarhúsið tilheyrir heildstæðri húsaþyrpingu Rafmagnsveitu Reykjavíkur (OR) sem staðsett er sunnan Rafstöðvarvegar. Húsið stendur sem vitnisburður um starfsemi Rafmagnsveitu Reykjavíkur og ábúð á staðnum.

[14] Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7. Árbær*. Borgarsögusafn, skýrsla nr. 183, bls. 128-129.

DRÖG

Rafstöðvarvegur 10 – Elliðaárstöð, hlaða – b. 1933.

Friðlýst af menntamálaráðherra 14. júní 2012 samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001 og telst því friðlýst hús skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Hlaðan tilheyrir heildstæðri húsaþyrpingu Rafmagnsveitu Reykjavíkur (OR) sem staðsett er sunnan Rafstöðvarvegar. Húsið stendur sem vitnisburður um búskap sem fylgdi ábúð stöðvarstjóra á staðnum.

Rafstöðvarvegur 12 – Elliðaárstöð, fjós – b. 1924.

Friðlýst af menntamálaráðherra 14. júní 2012 samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001 og telst því friðlýst hús skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Húsið tilheyrir heildstæðri húsaþyrpingu Rafmagnsveitu Reykjavíkur (OR) sem staðsett er sunnan Rafstöðvarvegar. Það stendur sem vitnisburður um þann búskap sem fylgdi ábúð stöðvarstjóra á staðnum.

Rafstöðvarvegur 14 – Elliðaárstöð, spennistöð – b. 1937.

Friðlýst af menntamálaráðherra 14. júní 2012 samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001 og telst því friðlýst hús skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Um er að ræða þann hluta hússins sem byggður var 1937 eftir teikningu Sigurðar Guðmundssonar, þ.e. spennistöðvarhús hannað í anda fúnkisstefnunnar. Það tilheyrir heildstæðri húsaþyrpingu Rafmagnsveitu Reykjavíkur (OR) sem staðsett er sunnan Rafstöðvarvegar.

Elliðaárstöð, Árbæjarstífla – b. 1920-1929.

Friðlýst af menntamálaráðherra 14. júní 2012 samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001 og telst því friðlýst hús skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Um er að ræða fyrsta áfanga stíflunnar, sem reistur var á árunum 1920-1929.

Elliðaárstöð, þrýstivatnspípa – b. 1920, 1931-1932 og 1978

Friðlýst af menntamálaráðherra 14. júní 2012 samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001 og telst því friðlýst hús skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Frá Árbæjarstíflu voru lagðar tvær þrýstivatnspípur niður í stöðvarhúsið, sú fyrri 1920 og önnur á árunum 1931 til 1932. Þessar pípur voru úr tréborðum sem haldið var saman með járngjörðum. Árið 1978 var sett ein pípa í hinna tveggja. Sú pípa er einnig úr timbri. Hún er að hluta ofanjarðar, en hulin jarðvegi sem myndar lágan grasi vaxinn hrygg meðfram ánum að norðanverðu.

DRÖG

FJÓLUBLÁR FLOKKUR: *Friðuð hús og mannvirki.*

Rafstöðvarvegur 11 – *Ártún, íbúðarhús* – b. 1910

Friðað samkvæmt aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Húsið og umhverfi þess bera vitni um langa sögu jarðarinnar Ártúns og búskapar á svæðinu fyrir tíð íbúðarbyggðar og skipulags á svæðinu. Húsið er síðasti hlekkurinn í byggingarsögu býlisins Ártúns.

GULUR FLOKKUR: *Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.*

Bújörð Ártúns, rafstöðvarsvæðið í Elliðaárdal ásamt starfsmannahúsum Rafmagnsveitu Reykjavíkur og húsum á Ártúnsblettum við Rafstöðvarveg

Borgarsögusafn hefur lagt til í útgefinni skýrslu nr. 183/2017,[15] *að skilgreint verði sem eitt hverfisverndarsvæði það svæði sem nær yfir bæjarstæði býlisins Ártúns, rafstöðvarsvæðið með eldri og yngri húsum tilheyrandi Elliðaárvirkjun og húsaþyrpingu við Rafstöðvarveg sem samanstendur af starfsmannahúsum Rafmagnsveitu Reykjavíkur og húsum sem byggð voru á Ártúnsblettum.* ***Borgarsögusafn áréttar þessa niðurstöðu sína og leggur hér með til hverfisverndun þess hluta svæðisins sem fellur innan deiliskipulags Elliðaárdals.***

Ártún er ein af fáum gömlum bújörðum í Reykjavík þar sem enn stendur hús (b. 1909) á bæjarhólnum. Elsta heimild um byggð á jörðinni er frá 1379. Íbúðarhús jarðarinnar Ártúns er friðað, ásamt fornleifum gamla bæjarstæðisins, þ.e. bæjarhól, heimtröð, túngörðum og túnum. Æskilegt er að varðveita húsið og umhverfi þess sem menningar- og búsetulandslag sem ber vitni um langa sögu jarðarinnar. Elliðaárvirkjun og eldri mannvirki sem henni tilheyra eru friðlýstar menningaminjar. Virkjunin hafði og hefur enn mikil áhrif á umhverfi Elliðaársdals og segir sögu tæknibreytinga sem urðu á fyrri hluta 20. aldar. Hin friðlýsta húsaþyrping sunnan Rafstöðvarvegar er ótvírætt ein hin mikilvægasta í menningar- og byggingarsögu Reykjavíkur. Yngri mannvirki tilheyrandi virkjuninni, svo sem toppstöðin (Rafstöðvarvegur 4), eru einnig hluti af þessari sögu og æskilegt væri að vernda allt svæði rafstöðvarinnar sem heild. Hús starfsmanna Rafmagnsveitunnar sem byggð voru við Rafstöðvarveg á fjórða og fimmta áratugnum eru einnig hluti af þessari heild.

Innan þeirrar húsaþyrpingar sem stendur við Rafstöðvarveg eru einnig hús sem byggð voru á erfðafestublettum (Ártúnsblettum 1-3) á svipuðum tíma. Þau hús sem eftir standa í Reykjavík af þeim sem byggð voru á erfðafestulöndum, eru til vitnis um búsetulandslag sem áður einkenndi bæjarlandið utan meginbyggðarinnar og hvarf að mestu með tilkomu


[15] Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7. Árbær*. Borgarsögusafn, skýrsla nr. 183, bls. 128-129.

DRÖG

skipulagðra hverfa. Mikilvægt er að huga að verndun þessara húsa og nánasta umhverfis þeirra, en það er einna helst á svæðum sem standa á jöðrum skipulagðra hverfa eða innan útivistarsvæða, eins og í Laugardal og Elliðaárdal, sem enn má finna heildir eða þyrpingar slíkra húsa með sínu upprunalega gróna umhverfi.


Að mati Borgarsögusafns getur verndun ofantalinna svæða eða minjaheilda sem hverfisverndarsvæðis átt samleið með verndun og uppbyggingu Elliðaárdals sem útivistarsvæðis og borgargarðs.

HÚSVERNDARKORT REYKJAVÍKUR
Elliðaárdalur



Alma Sigurðardóttir
Drífa Kristín Þrastardóttir


Friðuð og friðlýst hús innan svæðisins



Alma Sigurðardóttir
Drífa Kristín Þrastardóttir

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Tillögur um hverfisverndun innan svæðisins



Byggingarár **1949**

Rafstöðvarvegur 1A

Jarðhúsin

Fyrsti eigandi Ókunnur **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Jarðhús





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit
Tegund	Stálbindingur	Einlyft
Klæðning	Bárujárn	
Þakgerð	Stálbent bogaþak	
Þakklæðning	Torf	
Undirstöður	Steyptar	

Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga	
2004	Nýr kjallari	Pálmar Kristmundsson	arkitekt
	Endurbygging		
	Ný klæðning		
	Gluggabreyting		
	Útlitsbreyting		
2006	Stoðveggur	Pálmar Kristmundsson	arkitekt
	Innt./þjónusturými		

Saga

Jarðhúsin í Ártúnsbrekku (mhl. 01) voru reist árið 1949 sem kartöflu- og grænmetisgeymslur. Norðan megin við jarðhúsin stóð vélarhús sem reist var á svipuðum tíma eða um 1948. Vélarhúsið var að öllum líkindum fjarlægt þegar Vesturlandsvegur var lagður en ekki sjást ummerki um það á loftmyndum eftir 1971.

Jarðhúsin samanstanda af sjö samhliða skálum eða bogaskemmum (mhl. 01) sem voru upphaflega að mestu byggðar inn í landhalla Ártúnsbrekku. Jarðhúsin voru reist úr efnismiklu bárujárni af þeirri gerð sem talið er að hafi verið notað í sprengiefnageymslur á stríðsárunum.

Þörf fyrir kaldar geymslur eins og jarðhúsin, kom til með aukinni matjurtaræktun Reykvíkinga á stríðsárunum ásamt auknum hita í húsum bæjarbúa í kjölfar hitaveitu. Auk einstaklinga nýttu ýmis fyrirtæki sér jarðhúsin, m.a. Grænmetisverslun ríkisins og síðar Grænmetisverslun landbúnaðarins. Á níunda áratugnum var þar svepparækt. Árið 2003 var alfarið hætt að nýta jarðhúsin sem kartöflugeymslur.

Á árunum 2004-2006 voru jarðhúsin endurnýjuð að stórum hluta eftir teikningum Pálmars Kristmundssonar arkitekts og gerðar á þeim miklar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar. Þá var reist neðanjarðargeymsluhúsnæði undir bílaplani á vesturhluta lóðarinnar (mhl. 02), gólf í jarðhúsunum lækkað, starfsemi og notkun húsanna breytt, frístandandi steinsteyptur veggur reistur einum metra frá vesturhlið og gerðar breytingar á opnunum (s.s. gluggum, og hurðaopum) í vestur. Grafið var frá austurhlið jarðhúsanna og settur þar gluggi með flóttaleið frá millipalli en einnig voru settir millipallar í fimm skemmur af sjö. Árið 2006 var reistur stoðveggur við austurhlið og veitt leyfi til að nýta rýmið milli austurhliðar og stoðveggs fyrir inntaksklefa/þjónusturými (mhl. 02). Með þessum breytingum eru skemmurnar í raun ekki lengur niðurgrafnar. Eftir breytingarnar hafa jarðhúsin þjónað m.a. sem veitingahús, veislu- og sýningasalir.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Sjö samhliða bogaskemmur (jarðhús), með seinni tíma útlitsbreytingum og viðbyggingum. Upphaflega niðurgrafnar eða felldar inn í landhalla, en standa nú í breyttri mynd.

Menningarsögulegt gildi: **Hátt.** Jarðhúsin standa sem heimild um fyrra hlutverk sitt og sögu matjurtaræktunar í Reykjavík, þrátt fyrir að hafa verið breytt úr sinni upphaflegu mynd sem niðurgrafnar grænmetisskemmur.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Upphaflega var einungis vesturgafl jarðhúsanna sýnilegur og féllu þau inn í gróið nærumhverfi, en eru nú með nýlegum breytingum meira áberandi og falla ekki eins vel að umhverfinu.

Upprunaleg gerð: **Miðlungs.** Gerðar hafa verið miklar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á jarðhúsunum samhliða breyttu hlutverki þeirra. Breytingarnar hafa rýrt upprunaleika þeirra.


Varðveislugildi: **Húsin hafa miðlungs varðveislugildi. Þau hafa mikið menningarsögulegt gildi en þær breytingar sem gerðar hafa verið á þeim hafa að nokkru leyti rýrt varðveislugildi þeirra. Húsin standa innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar í skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017: *Byggðarkönnun. Borgarhluti 7. Árbær.***

DRÖG

Byggingarár **1960**

Rafstöðvarvegur 2

Fyrsti eigandi	**Hönnun**	**Upphafleg notkun**
Rafmagnsveita Reykjavíkur	Sverrir Sæmundsson Skúli H. Norðdahl	Veiðihús





Upphafleg gerð		**Upphaflegt útlit**	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Tegund	Timburgrind	Einlyft		
Klæðning	Timbur			
Þakgerð	Mænisþak			
Þakklæðning	Eir			
Undirstöður	Steinsteyptar			

Saga

Húsið sem hér um ræðir var reist árið 1960 sem veiðimanna- og varðmannsskýli eftir teikningu Sverris Sæmundssonar og Skúla H. Norðdahl en í frétt *Morgunblaðsins* frá 18. febrúar 1960 er greint frá því að framkvæmdir séu hafnar við byggingu hússins.

Húsið stendur stakstætt í hólmanum á milli austur- og vesturkvíslar Elliðaánna, rétt sunnan vegarins upp Ártúnsbrekku. Það er eina veiðihúsið sem reist hefur verið við Elliðaárnar frá því að breskir veiðimenn stunduðu þar veiðar á fyrri hluta 20. aldar og reistu þar veiðihús sem nú eru horfin.

Húsið var byggt af Rafmagnsveitu Reykjavíkur (nú Orkuveita Reykjavíkur), sem hafði umsjón með vatnsréttindum í Elliðaám frá 1925, en Stangveiðifélag Reykjavíkur (SVFR), sem leigt hefur árnar frá stofnun félagsins 1939, mun hafa lagt húsinu til seturstofuhúsgögn (*Þjóðviljinn*, 1.5.1960, bls. 12). Í húsinu átti að vera rúmgóð harðviðarklædd setustofa með arni og tilheyrandi grjóthleðslu, veiðimannaherbergi, eldhúsi og forstofu.

Í dag (2019) er húsið í umsjón SVFR sem nýtir húsið undir veiðitengda starfsemi.

DRÖG

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Einfalt timburhús með skálasniði.

Menningarsögulegt gildi: **Miðlungs.** Húsið er eina eftirstandandi veiðihúsið á svæðinu en veiði hefur verið stunduð í Elliðaám frá fornu fari.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Húsið er lágreist og stendur stakstætt í grónu umhverfi. Norðurhlið hússins sést frá Höfðabakkabrú. Að öðru leiti er húsið lítt sjáanlegt sökum trjágróðurs og hefur því lágmarksáhrif á umhverfið.

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Húsið virðist óbreytt að mestu.


Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.**

Byggingarár **1946**

Rafstöðvarvegur 4

Toppstöðin

Fyrsti eigandi	**Hönnun**	**Upphafleg notkun**
Rafmagnsveita Reykjavíkur	Frumdrættir E. G. E. Teiknað af B. S.	Varastöð/Toppstöð





Upphafleg gerð		**Upphaflegt útlit**
Tegund	Stálgrind	
Klæðning	Cellotex	
Þakgerð	Flatt þak	
Þakklæðning	Járn, Cellotex	
Undirstöður	Steinsteyptar	

Helstu breytingar		**Hönnuðir breytinga**	
1963	Viðbygging	Eiríkur Einarsson	arkitekt
1972	Þakbreyting	Eiríkur Einarsson	arkitekt
1974	Ný klæðning Útlitsbreyting	Páll Flygenring	verkf.

Saga

Byggingin, sem í daglegu tali er nefnd Toppstöðin, var olíu- og kolakynt gufuaflsstöð, reist árið 1946 og tekin í notkun árið 1948. Hlutverk hennar var að sinna toppálagspunktum í raforkuþörf og hitaveitu og dregur hún nafn sitt af því. Starfsemi Toppstöðvarinnar var lögð niður árið 1981 og var húsið um tíma nýtt sem geymsluhúsnæði fyrir Landsvirkjun. Árið 2008 tók samnefnt frumkvöðlasetur hluta hússins undir sína starfsemi.

Toppstöðinni var valin staður við Elliðaárnar m.a. vegna þess að aðgangur þurfti að vera að kælivatni fyrir starfsemina. Bandarískur húsasmíðameistari var fenginn til að vinna að teikningum að húsinu en arkitektarnir Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson gerðu tillögur um einstök atriði. Burðarvirki hússins er hnoðuð stálgrind en efnið í stálgrindina kom tilskorið frá verksmiðjunni Bethlehem Steel Corp í Bandríkjunum. Stálgrindin var reist upp, sett saman og hnoðuð á staðnum undir leiðsögn bandarísks verkstjóra (*Tímarit V. F. Í.*, 1948, 3. tbl., bls. 29-51). Klæðning hússins var gerð af 4 cm þykkum Cellotexplötum sem skrúfaðar voru utan á grindina. Yfir samskeyti voru settir álhúðaðir járnlistar. Gluggarnir voru upphaflega úr járni, þakið flatt með 5 mm þykku stórbáróttu asfaltbornu járni. Ofan á járnið var lagt tvöfalt plötulag úr asfaltbornu Cellotexi. Hæsti og stæsti hluti hússins er ketilhús, sem stendur vestast, austan við það er túrbínuhús og lægri verkstæðis og skrifstofubygging, en sunnar er kolageymslubygging.

Staðsetning hússins á lóðinni var hugsuð með þeim hætti að hægt væri að byggja við það til norðurs, líkt og gert var árið 1963 eftir teikningu Eiríks Einarssonar arkitekts. Árið 1972 var þaki hússins breytt í lágreist valmaþak eftir teikningum Eiríks. Tveimur árum síðar var byggingin klædd með trapísuklæðningu úr lituðu stáli og hylur hún upprunalegu klæðninguna, sem enn er til staðar, auk hluta af gluggum og dyrum hússins. Byggingin er því töluvert breytt í útliti frá upphaflegri hönnun sem var í anda fúnkisstefnunnar.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Hrátt iðnaðarhús í fúnkisstíl sem hannað var sem hjúpur um sérhæfðan vélbúnað. Burðarvirki hússins telst til óalgengra lausna hér á landi og veitir byggingunni því ákveðna sérstöðu.

Menningarsögulegt gildi: **Miðlungs.** Húsið og sá vélbúnaður sem það hýsir stendur sem vitnisburður um innviðasögu borgarinnar og lausnir síns tíma í orkumálum.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Byggingin er áberandi í dalnum og sker sig úr í viðkvæmu umhverfi. Staðsetning hússins réðst upphaflega af nauðsynlegri tengingu við önnur mannvirki á svæðinu.

Upprunaleg gerð: **Miðlungs gildi.** Húsinu hefur verið breytt með nýju þakformi, stækkun og nýrri klæðningu og hefur þar með að nokkru leyti tapað sínum upphaflegu fúnkiseinkennum en hýsir enn upphaflegan vélabúnað.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi. Byggingin gæti boðið upp á fjölbreytta nýtingarmöguleika að gerðum nauðsynlegum endurbótum. Húsið stendur innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar í skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017: *Byggðarkönnun. Borgarhluti 7. Árbær.***

DRÖG

Byggingarár **1921**

Rafstöðvarvegur 6

Elliðaárstöð

Fyrsti eigandi	**Hönnun**	**Upphafleg notkun**
Rafmagnsveita Reykjavíkur	Jón Þorláksson, G. Hlíðdal og A. B. Christensen	Aflstöðvarhús





Upphafleg gerð		**Upphaflegt útlit**	**Helstu breytingar**		**Hönnuðir breytinga**	
Tegund	Steinsteypt	Tvílyft	1933	Viðbygging	Sigurður Ólafsson	verkfr.
Klæðning	Múrsléttað	Kjallari		Gluggabreyting		
Þakgerð	Mænisþak					
Þakklæðning	Bárujárn					
Undirstöður	Steyptar					

Saga

Til að mæta vaxandi raforkuþörf í bænum samþykkti bæjarstjórn Reykjavíkur árið 1919 að láta virkja Elliðaárnar og reisa rafstöð, nálægt býlinu Ártúni. Fyrstu teikningar af rafstöðvarhúsi gerði Jón Þorláksson verkfræðingur árið 1918. Teikningu Jóns svipar útlitslega til hússins sem var að lokum byggt en skipulag þess var í stöðugri þróun og komu samstarfsmenn Jóns, Guðmundur Hlíðdal og Aage Broager Christensen, verkfræðingar, einnig að hönnun hússins á seinni stigum. Teikning þeirra frá 1921 sýnir húsið nokkurn veginn í þeirri mynd sem það var byggt (að frátalinni stækkun frá 1933).

Framkvæmdir við stíflugerð og byggingu stöðvarhússins og íbúðarhúss stöðvarstjóra hófust á fyrri hluta árs 1920 og var að mest lokið fyrir jól sama ár. Þann 27. júní 1921 var stöðin vígð að viðstöddum Kristjáni konungi X og Alexandrínu drottningu. Rafmagn frá Elliðaárstöð, sem var ætlað fyrir smáiðnað og til lýsingar í bænum, var leitt með ofanjarðarlínu frá rafstöðinni í aðveitustöð á Skólavörðuholti.

Rafstöðvarhúsið er hannað í látlausum nýklassískum stíl en útlit þess minnir m.a. á norrænar rafstöðvarbyggingar frá svipuðum tíma (sjá grein Stefáns Pálssonar í *Morgunblaðinu*, 19.7.2004, bls. 18). Það er byggt úr steinsteypu og hefur frá upphafi verið með járnklæddu þaki. Húsið skiptist í tvo aðalhluta, einlyftan vélasal og tvílyft háspennuhús. Vélasalur hýsti og hýsir enn túrbínur á steyptum undirstöðum og aðrar rafmagnsvélar. Þar voru veggir lagðir postulínsflísum upp að gluggum, en að öðru leyti var salurinn hvíttaður og gólfið lagt leirtíglaflísum. Í lofti salarins eru sýnilegir (málaðir) burðarbitar úr timbri. Önnur rými í húsinu voru máluð, loft kalksléttuð og hvíttuð. Árið 1933 var byggð viðbygging í samskonar stíl við vesturgafl hússins eftir teikningu Sigurðar Ólafssonar sem starfaði sem verkfræðingur hjá Rafmagnsveitunum á þeim tíma. Inngangar á suður- og norðurhlið hússins voru færðir í kjölfar stækkunarinnar og bogagluggum fjölgaði úr 4 í 6. Árið 2010 var starfsemi hætt í Elliðaárstöð.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Hátt gildi.** Hús sérhannað til að hýsa tækjabúnað rafstöðvar, í látlausum nýklassískum stíl með stórum bogadregnum gluggum og allháu risi.

Menningarsögulegt gildi: **Hátt.** Húsið og sá tækjabúnaður sem það hýsir, ásamt öðrum friðlýstum mannvirkjum Elliðaárvirkjunnar, er mikilvægur vitnisburður um þær miklu tæknibreytingar sem urðu með tilkomu rafmagnsvæðingar á fyrri hluta 20. aldar í Reykjavík.

Umhverfisgildi: **Hátt.** Húsið er hluti af heildstæðri húsaþyrpingu sunnan Rafstöðvarvegar. NA-hlið hússins er áberandi frá Rafstöðvarvegi og veitir húsinu sérstöðu í nærumhverfinu.

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Húsið er að mestu óbreytt en hefur verið stækkað með viðbyggingu í sama stíl. Upprunalegur tækjabúnaður er til staðar í húsinu og allur innri frágangur í tækjasal óbreyttur.


Varðveislugildi: **Húsið hefur hátt varðveislugildi. Það var friðað af mennta- og menningarmálaráðherra árið 2012 og nýtur því verndar í bláum flokki: *Friðlýst hús og mannvirki*.**
Húsið stendur innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar í skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017: *Byggðarkönnun. Borgarhluti 7. Árbær*.

DRÖG

Byggingarár **2011**

Rafstöðvarvegur 7

Fyrsti eigandi Fornbílaklúbbur Íslands **Hönnun** ARKÍS **Upphafleg notkun** Sýningarrými





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Steinsteypt		2012 Innra skipulag	
Klæðning	Flísar		2015 Innra skipulag	
Þakgerð	Flatt þak		2019 Innra skipulag	
Þakklæðning	Dúkur			
Undirstöður	Steinsteyptar			

Saga

Húsið var reist á árunum 2007-2011, sem félagsheimili og sýningarsalur fyrir Fornbílaklúbb Íslands, eftir teikningum ARKÍS. Um leið var reist tengibygging (þjónusturými) milli hússins og húss Orkuveitunar suðaustar á sömu lóð (sjá Rafstöðvarveg 9). Framkvæmdir við byggingu hússins hófust árið 2007 en töfðust vegna efnahagsástands og fjárhagsörðuleika. Árið 2011 var húsið fokhelt en það ár seldi Fornbílaklúbburinn það án þess að hafa lokið uppyggingu og frágangi. Um tíma var líkamsræktarstöð starfrækt í húsinu. Í dag (2020) eru Hitt Húsið og Samband íslenskra framhaldsskólanema m.a. með aðstöðu í húsinu.

DRÖG

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Steinsteypt atvinnuhús, hannað undir sérhæfða starfsemi.

Menningarsögulegt gildi: **Lágt.** Síðan Fornbílaklúbburinn seldi húsið hefur ýmis starfsemi verið þar s.s. líkamsræktarstöð og nú (2020) HittHúsið, miðstöð ungs fólks á vegum Reykjavíkurborgar og Samband íslenskra framhaldsskólanema.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Húsið myndar heild með nærliggjandi atvinnuhúsum norðan Rafstöðvarvegar.

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Húsið er óbreytt að gerð.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi og stendur innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar í skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017.**

Byggingarár **1921**


Rafstöðvarvegur 8

Elliðaárstöð, stöðvarstjórahús

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita Reykjavíkur

Hönnun A. B. Christensen

Upphafleg notkun
Íbúðarhús rafstöðvarstjóra





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga
Tegund	Steinsteypt	Tvílyft	1975	Anddyri N-hlið	Guðmundur Kr. Kristinsson
Klæðning	Kalksléttað	Kjallari		Inngangur S-hlið	
Þakgerð	Mænisþak	Ris	1997	Innra skipulagi br.	Ferdinand Alfreðsson
Þakklæðning	Bárujárn				
Undirstöður	Steyptar				

Saga

Húsið sem hér um ræðir er hluti af þyrpingu húsa sem tilheyra Elliðaárvirkjun. Upphaflega var húsið hannað sem íbúðarhús fyrir rafstöðvarstjóra. Það kemur fyrst fyrir á teikningu Aage Broager Christensen verkfræðings frá árinu 1920 en það var teiknað og byggt samhliða rafstöðvarhúsinu (Rafstöðvarvegi 6).

Bygging hússins hófst snemma í maí 1920 en í október sama ár voru fyrstu herbergin tekin í notkun. Byggingu hússins taldist að mestu leyti lokið fyrir jól 1920 (*Tímarit V. F. Í.*,1921, 6. tbl., bls. 74). Elliðaárstöð var síðan vígð og hún tekin í notkun í júní 1921.

Árið 1975 var byggt andyri við norðurhlið hússins. Sama ár var inngangi, tröppum og hurð bætt við suðurhlið hússins. Upphaflegt útlit hússins breyttist töluvert við viðbæturnar. Árið 1997 var fyrirkomulagi innandyra breytt til funda- og námskeiðahalds.

Árið 2012 voru mannvirki sem tilheyrðu Elliðaárvirkjun friðlýst, þar á meðal íbúðarhúsið sem hér um ræðir.

DRÖG

Varðveislumat

Byggingarlist: **Hátt gildi.** Íbúðarhúsinu svipar til timburhúsa í sveitserstíl hvað varðar gluggasetningu, djúpt þakskegg og sökkulbrún við hæðarskil kjallara og hæðar.

Menningarsögulegt gildi: **Hátt.** Hluti af þeirri húsaþyrpingu sem tilheyrir Elliðaárvirkjun og stendur sem vitnisburður um starfsemi Rafmagnsveitu Reykjavíkur og ábúð á staðnum.

Umhverfisgildi: **Hátt.** Húsið er hluti af heildstæðri húsaþyrpingu sunnan Rafstöðvarvegar.

Upprunaleg gerð: **Miðlungs gildi.** Útliti hússins hefur verið breytt með nýjum inngöngum á norður- og suðurhlið. Skipulagi innandyra hefur jafnframt verið breytt.

Varðveislugildi: **Húsið hefur hátt varðveislugildi en það var friðað af mennta- og menningarmálaráðherra árið 2012 og er því í bláum flokki: *Friðlýst hús og mannvirki.***
Húsið stendur innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar skv. skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017: *Byggðarkönnun. Borgarhluti 7. Árbær.*


Byggingarár **1968**

Rafstöðvarvegur 9

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita Reykjavíkur

Hönnun Gunnlaugur Halldórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson

Upphafleg notkun Aðveitustöð





Upphafleg gerð

Tegund	Holsteinn
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Flatt þak
Þakklæðning	
Undirstöður	Steyptar

Upphaflegt útlit

Tvílyft
Kjallari
Svalir

Helstu breytingar

1990	Innra skipulagi br.	Ferdinand Alfreðsson	arkitekt
1995	Innra skipulagi br.	Ferdinand A. og Guðm. Kr.	arkitekt
2006	Innra skipulagi br. Tengibygging	ARKÍS	arkitekt
2013	Nýir gluggar	Egill Guðmundsson og	arkitekt
2013	Breyting á hurðum Innra skipulag Ný klæðning	Aðalsteinn Snorrason	arkitekt

Saga

Húsið var hannað sem aðveitustöð fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur og reist á árunum 1966-1968 eftir teikningu Gunnlaugs Halldórssonar og Guðmundar Kr. Kristinssonar arkitekta. Húsið var brunavirt í ágúst 1968 og er þá sagt hlaðið úr holsteini milli steinsteyptra súlna, múrhúðað og málað. Húsið gekk undir nafninu Aðveitustöð.

Árið 1990 voru innréttaðir sýningarsalir á efri hæð hússins og opnuð þar sýning á munum nýstofnaðs Minjasafns Rafmagnsveitunnar. Eftir að starfsemi aðveitustöðvarinnar var flutt í nýtt hús að Rafstöðvarvegi 13 árið 1994, var fræðslusetur OR, Orkuheimar, opnað á neðri hæð hússins. Starfsemi safnsins og fræðslusetursins var lögð niður árið 2010 og hafa ýmis aðilar haft starfsemi í húsinu síðan.

Á árunum 2006-2011 var reist hús norðar á lóðinni (sjá, Rafstöðvarveg 7) undir starfsemi Fornbílaklúbbs Íslands. Samtímis var reist tengibygging milli húsanna með móttökusal og inngöngum fyrir hvora byggingu. Við breytingarnar voru endurbætur gerðar á húsinu (s.s. á klæðningu) og lóðinni. Árið 2011 seldi Orkuveitan húsið og árið 2012 fékkst leyfi fyrir breyttri starfsemi í því. Árið 2013 voru frekari breytingar gerðar, m.a. innra skipulagi breytt, gaflar hússins klæddir með ljósri flísaklæðningu og nýjir gluggar settir á vesturhlið og suðurgafl.

Í dag 2020, er Hitt húsið, miðstöð ungs fólks (á vegnum Reykjavíkurborgar), m.a. með starfsemi í húsinu.

DRÖG

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Atvinnuhús fyrir sérhæfða starfsemi í módernískum anda, með breytingum í anda nútíma húsagerðar.

Menningarsögulegt gildi: **Miðlungs.** Húsið ber vitni um innviðasögu borgarinnar og sögu rafmagnsnotkunar á Íslandi.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Húsið myndar heild með nærliggjandi atvinnuhúsum OR sem staðsett eru norðan Rafstöðvarvegar.

Upprunaleg gerð: **Lágt gildi.** Húsinu hefur verið breytt töluvert, svo sem með klæðningu á göflum og gluggum á suður- og vesturhlið sem breytt hafa upprunalegri ásýnd hússins að hluta


Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi og stendur innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar í skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017.**

Byggingarár **1933**

Rafstöðvarvegur 10

Elliðaárstöð, hlaða

Fyrsti eigandi	**Hönnun**	**Upphafleg notkun**
Rafmagnsveita Reykjavíkur	Sigurður Ólafsson verkfræðingur	Heyhlaða





Upphafleg gerð		**Upphaflegt útlit**	**Helstu breytingar**		**Hönnuðir breytinga**	
Tegund	Timbur, bindingur	Einlyft	1933	Viðbygging	Jakob Guðjohnssen	verkfr.
Klæðning	Bárujárn		1998	Geymsluskýli á lóð	Ferdinand Alfreðsson	arkitekt
Þakgerð	Mænisþak					
Þakklæðning	Bárujárn					
Undirstöður	Steyptar					

Saga

Byggingin sem hér um ræðir er hluti af þyrpingu húsa sem tilheyra Elliðaárvirkjun. Hún var byggð árið 1933 eftir teikningum Sigurðar Ólafssonar sem starfaði sem verkfræðingur hjá Rafmagnsveitunni á þeim tíma (*Mbl*. 9.1.1970, bls. 18). Sama ár og húsið var byggt var það lengt til vesturs og teiknaði Jakob Guðjohnssen viðbótina en hann starfaði einnig sem verkfræðingur hjá Rafmagnsveitunni og varð síðar rafmagnsstjóri.

Húsið var byggt sem bráðabirgðarskýli fyrir hey en frá því í tíð fyrsta stöðvastjórans, Ágústs Guðmundssonar og Sigríðar Pálsdóttur, var kúabúskapur á staðnum. Fyrir stóð fjós á svæðinu og standa þessi hús sem minjar um þá tíð þegar búskapur fylgdi ábúð á staðnum.

Árið 1998 var óeinangrað opið geymsluskýli reist á lóðinni, austan við hlöðuna og fjósið, ásamt tveggja metra háu grindverki úr timbri og stáli sem myndar lokað port milli húsanna. Í dag (2020) virðist gámur sem staðsettur er í NA-horni, vera hluti af grindverkinu kringum húsin. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið nýtt í dag sem geymsla.

Árið 2012 voru mannvirki sem tilheyrðu Elliðaárvirkjun friðlýst, þar á meðal hlaðan sem hér um ræðir.

DRÖG

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Einföld timburskemma (hlaða) frá 4. áratugi 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: **Hátt.** Hluti af þeirri húsaþyrpingu sem tilheyrir Elliðaárvirkjun. Húsið er vitnisburður um búskap sem fylgdi ábúð stöðvarstjóra á staðnum.

Umhverfisgildi: **Hátt.** Hluti af heildstæðri húsaþyrpingu sunnan Rafstöðvarvegar.

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Húsið virðist að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: **Húsið hefur hátt varðveislugildi en það var friðað af mennta- og menningarmálaráðherra árið 2012 og er því í bláum flokki: *Friðlýst hús og mannvirki.* Húsið stendur innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar í skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017.**

Byggingarár **1910**

Rafstöðvarvegur 11
Ártún

Fyrsti eigandi Þorbjörn Finnsson
Jóna Jónsdóttir

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Íbúðarhús





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga
Tegund	Timbur, bindingur	Einlyft	<1925	Viðbygging	?
Klæðning	Bárujárn	Ris	2000-	Timbursvalir, pallur	?
Þakgerð	Mænisþak	Kjallari	2004	og skjólveggur	
Þakklæðning	Bárujárn		2014	Skjólveggur	?
Undirstöður					

Saga

Ártún var ein af þeim jörðum sem urðu seinna hluti af bæjarlandi Reykjavíkur. Allt þar til að Elliðaárnar voru brúaðar árið 1883 lá þjóðleiðin til og frá Reykjavík um tún Ártúns. Ártún var því lengi vel í alfaraleið og þar var stunduð greiðasala og gistiþjónusta á seinni hluta 19. aldar. Árið 1906 keypti Reykjavíkurbær jörðina Ártún.

Árið 1910 buðu bæjaryfirvöld þeim Þorbirni Finnsyni og Jónu Jónsdóttur að setjast að í Ártúni þar sem þau reistu núverandi hús (skv. munnlegri heimild Braga Ólafsonar, íbúa í Ártúni). Húsið sést á myndum teknum við Elliðaár í kringum 1918 en það var fyrst brunavirt árið 1929, líklega eftir endurbætur. Í brunavirðingunni (frá 1929) kemur fram að íbúðarhúsið sé einlyft, með risi og kjallara, byggt úr bindingi, með steinsteyptum kjallara, sementsléttuðum að utan. Óljóst er hvernig húsið var upphaflega klætt að utan (misritun virðist vera í brunavirðingunni), en ekki er ólíklegt að yst hafi verið bárujárn, eins og á áfastri viðbyggingu við húsið, sem virt var um leið. Viðbyggingin (heyhlaða og gripahús) stóð og stendur enn við austurvegg hússins. Hún var þrískipt og var fjós í þeim hluta sem er næst húsinu, heyhlaða í miðjunni og kindahús austast. Geymsluhús og þvagþró voru einnig virt með húsinu. Húsið var óbreytt við brunavirðingar gerðar 1941 og 1947. Búskapur með kindur, kýr og hross var í Ártúni fram til síðari hluta sjöunda áratugarins.

Um 2000-2004 voru reistar timbursvalir, ásamt palli og hellulögðu svæði, við SV-horn hússins, þar sem áður stóð áfastur skúr með skáþaki. Skjólveggir, bæði úr steypu og timbri hafa jafnframt verið reistir við suðurhlið hússins.

Íbúðarhús jarðarinnar Ártúns er friðað, ásamt fornleifum gamla bæjarstæðisins, þ.e. bæjarhól, heimtröð, túngörðum og túnum. Æskilegt er að varðveita húsið og umhverfi þess sem menningar- og búsetulandslag sem ber vitni um langa sögu jarðarinnar.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Einfalt bárujárnshús, íbúðarhús sveitabýlis frá öndverðri 20.öld, með áföstu útihúsi.

Menningarsögulegt gildi: **Hátt.** Húsið og umhverfi þess bera vitni um langa sögu jarðarinnar Ártúns og búskapar á svæðinu fyrir tíð íbúðarbyggðar og skipulags á svæðinu. Húsið er síðasti hlekkurinn í byggingarsögu býlisins Ártúns.

Umhverfisgildi: **Hátt.** Húsið stendur stakstætt á bæjarhóli sem einskonar minnisvarði um eldra búsetulandslag og byggingarsögu Ártúns í Elliðaárdalnum. Sjónrænt gildi hússins og umhverfis þess er því mikið.

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Húsið virðist að mestu óbreytt fyrir utan nýlegar viðbætur og breytingar á lóð við SV-horn.

Varðveislugildi: **Húsið hefur hátt varðveislugildi. Það er friðað samkvæmt aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og er því í fjólubláum flokki: *Friðuð hús*. Húsið stendur innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar í skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7. Árbær*.**

DRÖG

Byggingarár **1924**


Rafstöðvarvegur 12

Elliðaárstöð, fjós

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita Reykjavíkur

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun Fjós og járnsmiðja





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga	
Tegund	Steinsteypt	Einlyft	1933	Viðbygging	Sigurður Ólafsson	verkfr.
Klæðning	Múrsléttað	Ris	?	Gluggabreyting	?	
Þakgerð	Mænisþak		?	Ný klæðning	?	
Þakklæðning	Bárujárn		1998	Geymsluskýli á lóð	Ferdinand Alfreðsson	arkitekt
Undirstöður	Steyptar					

Saga

Húsið sem hér um ræðir, fjós með áfastri járnsmiðju, er hluti af þyrpingu húsa sem tilheyrða Elliðaárvirkjun. Elsti hluti hússins var byggður árið 1924 sem fjós (sem rúmaði 2 kýr) og heyhlaða. Árið 1926 var byggt hænsnahús úr holsteini við fjósið. Það hefur líklega verið rifið þegar vesturhluti núverandi húss var byggður 1932-1933, steinsteypt bifreiðargeymsluhús með smiðju í austurenda, eftir teikningu Sigurðar Ólafssonar.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á útliti hússins, frá því sem sýnt er á teikningu Sigurðar frá 1932, aðallega á fyrirkomulagi og útliti glugga og dyra. Austurgafl hússins hefur verið klæddur með plötum sem hafa verið boltaðar í steypuna og síðar málaðar. Ekki finnast frekari upplýsingar um ástæðu eða dagsetningu framkvæmdarinnar.

Árið 1998 var sett upp óeinangrað geymsluhús, opið skýli og tveggja metra hátt grindverk úr timbri og stáli á lóð númer 10-12. Í dag (2020) virðist gámur sem staðsettur er í NA-horni, vera hluti af grindverkinu kringum húsin.

Árið 2012 voru mannvirki sem tilheyrðu Elliðaárvirkjun friðlýst, þar á meðal húsið sem hér um ræðir.

DRÖG

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Einfalt, tvískipt iðnaðar- og útihús úr steinsteypu frá 3. tugi 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: **Hátt.** Hluti af þeirri húsaþyrpingu sem tilheyrir Elliðaárvirkjun. Vitnisburður um þann búskap sem fylgdi ábúð stöðvarstjóra á staðnum.

Umhverfisgildi: **Hátt.** Hluti af heildstæðri húsaþyrpingu sunnan Rafstöðvarvegar.

Upprunaleg gerð: **Hátt.** Húsið er að mestu óbreytt að gerð þrátt fyrir stækkun, breytingu á gluggum, dyrum og klæðningu á austurgafli.

Varðveislugildi: **Húsið hefur hátt varðveislugildi en það var friðað af mennta- og menningarmálaráðherra árið 2012 og er því í bláum flokki: *Friðlýst hús og mannvirki.* Húsið stendur innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar í skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017.**

Byggingarár **1994**


Rafstöðvarvegur 13

Aðveitustöð 5

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita Reykjavíkur

Hönnun Ferdinand Alfreðsson, Guðm. Kr. Kristinsson

Upphafleg notkun Aðveitustöð





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Steinsteypt	Einlyft		
Klæðning	?			
Þakgerð	Flatt þak			
Þakklæðning	?			
Undirstöður	Steyptar			

Saga

Húsið var byggt sem aðveitustöð á árunum 1992-1994 eftir teikningu arkitektanna Ferdinands Alfreðssonar og Guðmundar Kr. Kristinssonar fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur (OR). Aðveitustöðin var áður í öðru húsi (sjá Rafstöðvarveg 9), en húsið sem hér um ræðir tók við hlutverkinu árið 1994 og fékk þá sama nafn og fyrri stöðin eða Aðveitustöð 5. Með byggingu hússins var útivirki sem stóð austan við Rafstöðuveg 14 flutt þar inn. Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt hannaði frágang lóðarinnar.

Frá aðveiturstöðinni er raforku dreift til margra hverfa í Reykjavík og nágrenni.

DRÖG

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Atvinnuhús í módernískum stíl, hannað utan um sérhæfða starfsemi.

Menningarsögulegt gildi: **Miðlungs.** Húsið ber vitni um innviðasögu borgarinnar og sögu rafmagnsnotkunar á Íslandi.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Húsið myndar heild með nærliggjandi atvinnuhúsum norðan Rafstöðvarvegar en efnisnotkun og stílbrigði hússins eru talsvert ólík eldri byggð á Rafstöðvarsvæðinu.


Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Húsið virðist óbreytt.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi. Það stendur innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar í skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017.**

Byggingarár **1937**

Rafstöðvarvegur 14

Fyrsti eigandi	**Hönnun**	**Upphafleg notkun**
Rafmagnsveita Reykjavíkur	Sigurður Guðmundsson arkitekt	Spennistöð





Upphafleg gerð		**Upphaflegt útlit**
Tegund	Steinsteypt	Tvílyft
Klæðning	Múrsléttað	Ris
Þakgerð	Valmaþak	Kjallari
Þakklæðning	Pappi	Turn
Undirstöður	Steyptar	

Helstu breytingar		**Hönnuðir breytinga**	
1943	Viðbygging	Sigurður Ólafsson	verkfr.
1952	Viðbygging	Sig. Guðmundsson og	arkitekt
		Eiríkur Einarsson	arkitekt
1976	Útlitsbreyting	Guðm. Kr. Kristinsson og	arkitekt
		G. Halldórsson	arkitekt
2006	Skipulag innanhúss	Ferdinand Alfreðsson	arkitekt
	Útveggir		
	Gluggar		

Saga

Húsið stendur meðal húsa Elliðaárvirkjunar við Rafstöðvarveg og var reist árið 1937 eftir teikningum Sigurðar Guðmundssonar arkitekts til að þjóna sem aðalspennistöð fyrir Sogsvirkjun, þegar Sogslína var lögð frá Ljósafossstöð að Elliðaárstöð. Ljósafossstöð var einnig byggð eftir teikningum Sigurðar Guðmundssonar og eru báðar byggingarnar hannaðar í anda fúnkisstefnunnar. Spennistöðin var virt til brunabóta í apríl 1937 og var þá fullbyggð og samanstóð af tvílyftu aðalhúsi, turnhúsi og bakbyggingum. Í henni voru vélasalir, verkstæði og varðstofa. Kjallari var undir hluta hússins.

Árið 1943 var byggð viðbygging suður af bakbyggingu hússins og árið 1952 var reistur turn til viðgerða og viðhalds á spennum austan við eldri turnbygginguna, með tengibyggingu á milli byggingarhluta. Árið 1976 voru gerðar breytingar á turninum og hann klæddur með húðuðum plötum.

Frekari breytingar voru gerðar árið 2006 eftir teikningum Ferdinands Alfreðssonar arkitekts. Þá var innra skipulagi breytt, útveggir einangraðir að innan og láréttum gluggum komið fyrir á SA- og SV-hliðum hússins. Stór gluggi var jafnframt gerður fyrir ofan inngang á suðurhlið hússins.

Árið 2012 var upphaflega byggingin frá 1937, sem reist var eftir teikningu Sigurðar Guðmundssonar, friðlýst ásamt öðrum mannvirkjum sem tilheyra Elliðaárvirkjun.

DRÖG

Varðveislumat

Byggingarlist: **Hátt gildi.** Steinsteypt atvinnuhús fyrir sérhæfða starfsemi, hannað í anda fúnkisstefnunnar

Menningarsögulegt gildi: **Hátt.** Byggingin ber innviðasögu borgarinnar vitni sem og sögu rafmagnsnotkunar á Íslandi.

Umhverfisgildi: **Hátt.** Byggingin er hluti af heildstæðri þyrpingu húsa frá 3. og 4. áratug 20. aldar sem standa sunnan Rafstöðvarvegar.


Upprunaleg gerð: **Miðlungs gildi.** Elsti hluti hússins er að mestu óbreyttur en síðari viðbygging, turn við austurgafl er ekki í samræmi við upprunalegan stíl og útlit hússins.

Varðveislugildi: **Húsið hefur hátt varðveislugildi. Upprunalega húsið (án síðari tíma viðbygginga) var friðlýst árið 2012 og er því í bláum flokki: *Friðlýst hús og mannvirki*. Húsið stendur innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar í skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017.**

Byggingarár **1994**

Rafstöðvarvegur 15

Fyrsti eigandi	**Hönnun**	**Upphafleg notkun**
Íþrótta- og tómstundarráð Reykjavíkur	Leifur Gíslason byggingafræðingur	Starfsmannahús





Upphafleg gerð		**Upphaflegt útlit**	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Tegund	Timbur, bindingur	Einlyft		
Klæðning	Timbur			
Þakgerð	Valmaþak			
Þakklæðning	Skífur			
Undirstöður	Steyptar			

Saga

Ártúnsbrekka hefur lengst af 20. öldinni verið notuð til skíðaiðkana. Árið 1992 var sett upp togbraut ofan við íbúðarhúsið Ártún og 1994 reist þar starfsmannahús á vegum íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur, eftir teikningu Leifs Gíslasonar byggingarfræðings.

Vestan við húsið stendur bárujárnsklæddur gámur sem tilheyrir starfsemi hússins. Í kringum húsið og gáminn hefur bæjarhól Ártúns verið raskað lítillega.

DRÖG

Varðveislumat

Byggingarlist: **Lágt gildi.** Lítil skúrbygging.

Menningarsögulegt gildi: **Miðlungs.** Tengist sögu skíðaiðkunar í Reykjavík.

Umhverfisgildi: **Lágt.** Húsið stendur stakstætt (ásamt gámi) og hefur lítið gildi fyrir nærliggjandi umhverfi.


Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Húsið virðist óbreytt.

Varðveislugildi: **Húsið hefur lágt varðveislugildi. Húsið stendur innan svæðis sem er var til að njóti hverfisverndar í skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017.**

Byggingarár **1968**

Rafstöðvarvegur 20

Fyrsti eigandi	**Hönnun**	**Upphafleg notkun**
Rafmagnsveita Reykjavíkur	Eiríkur Einarsson arkitekt	Félagsheimili





Upphafleg gerð		**Upphaflegt útlit**
Tegund	Steinsteypt	Einlyft
Klæðning	Múrsléttað	Kjallari
Þakgerð	Mænisþak	
Þakklæðning		
Undirstöður	Steyptar	

Helstu breytingar		**Hönnuðir breytinga**	
1976	Viðbygging	Guðmundur Kr. Kristinsson	arkitekt
1976	Steyptur kjallari	og Ferdinand Alfreðsson	arkitket
1992	Dreifistöð		
2015	Innra skipulagi br.	Ólafur Hersisson	arkitekt

Saga

Starfsmenn Rafmagnsveitu Reykjavíkur fengu árið 1960 leyfi til að reisa félagsheimilið sem hér um ræðir á landi Rafmagnsveitunnar við Elliðaár. Húsið teiknaði Eiríkur Einarsson arkitekt og var það reist á árunum 1960-1968. Bygging þess var fjármögnuð með fé úr sjóði sem þáverandi rafmagnsstjóri, Steingrímur Jónsson, hafði stofnað og starfsmenn höfðu safnað í með frjálsum framlögum.

Árið 1972 var veitt leyfi fyrir stækkun til suðurs og palli á vesturhlið með tilheyrandi breytingum á þaki hússins. Á loftmynd frá 1975 (sjá Borgarvefsjá) sést að húsið hafði þá ekki enn verið stækkað en árið 1976 fékkst leyfi til að láta steypa kjallara undir hluta af samþykktri stækkun. Á loftmynd frá 1979 sést að þá var búið að stækka húsið eftir teikningum Guðmundar Kr. Kristinssonar og Ferdinands Alfreðssonar, arkitekta.

Árið 1992 var komið fyrir innfluttri verksmiðjuframleiddri dreifistöð á lóðinni austan við félagsheimilið á vegum Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Dreifistöðin, sem er þjónustuð utanfrá, er byggð úr stáli og klædd að utan með timbri.

Þegargerðar breytingar á skipulagi innandyra í félagsheimilinu voru samþykktar árið 2015.

DRÖG

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Einfalt steinsteypt hús með seinni tíma viðbyggingu sem fellur vel að upphaflegu útliti.

Menningarsögulegt gildi: **Miðlungs.** Húsið tengist sögu Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Húsið situr við bakka Elliðaánna í grónu umhverfi. Austurhlið hússins er áberandi frá Rafstöðvarvegi, en húsið er lágreist og fellur vel að umhverfinu.


Upprunaleg gerð: **Miðlungs gildi.** Form og gluggasetning upphaflegs húss hefur haldið sér þrátt fyrir að það hafi fengið annað yfirbragð eftir að byggt var við það.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.**

Byggingarár **1967**

Rafstöðvarvegur 51

Fyrsti eigandi Vatnsveita Reykjavíkur **Hönnun** Aðalsteinn Richter **Upphafleg notkun** Mælahús





Upphafleg gerð **Upphaflegt útlit** **Helstu breytingar** **Hönnuðir breytinga**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Flatt þak
Þakklæðning	Steypt
Undirstöður	Steyptar

Saga

Stakstætt mælahús, staðsett skammt vestan Höfðabakkabrúar, við aðalvatnsæð norðan Elliðaáa.

DRÖG

Varðveislumat

Byggingarlist: **Lágt gildi.** Einfalt steinsteypt vatnsveitumannvirki.

Menningarsögulegt gildi: **Lágt.** Ber vitni um innviðasögu borgarinnar.

Umhverfisgildi: **Lágt.** Mannvirkið er sýnilegt frá Höfðabakka.

Upprunaleg gerð: **Hátt.** Virðist óbreytt að mestu.

Varðveislugildi: **Húsið hefur lágt varðveislugildi.**


Byggingarár **1987**

Rafstöðvarvegur 53

Fyrsti eigandi Vatnsveita Reykjavíkur

Hönnun Magnús Skúlason arkitekt

Upphafleg notkun Lokahús





Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Mársléttað
Þakgerð	Flatt þak
Þakklæðning	Torf
Undirstöður	Steyptar

Upphaflegt útlit

Einlyft
Kjallari

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið sem hér um ræðir er stakstætt lokahús byggt árið 1987 eftir teikningum Magnúsar Skúlasonar arkitekts. Það stendur norðan Elliðaáa, skammt austan Höfðabakkabrúar, við aðalvatnshæð norðan Elliðaáa. Húsið er byggt ofan á kjallara sem var til staðar á lóðinni og sést á loftmynd frá 1971. Húsið var steypt á flekamótum, pokahúðað og málað. Það er hálf niðurgrafið og torf er á steinsteyptu þaki þess ásamt galvanhúðuðu handriði.

DRÖG

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungst gildi.** Einfalt, steinsteypt vatnsveitumannvirki, niðurgrafið að hluta.

Menningarsögulegt gildi: **Lágt.** Húsið ber vitni um innviðasögu borgarinnar.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Húsið, sem er með torfþaki fellur inn í umhverfið og er því lítt sjáanlegt frá götunni Höfðabakka sem liggur norðan við húsið.

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Húsið virðist óbreytt.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.**

Byggingarár **1932**

Stekkjarbakki 1
Skálará

Fyrsti eigandi Þorvarður Björnsson yfirhafnsögumaður

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun Íbúðarhús





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga
Tegund	Timbur, bindingur	Einlyft	1937	Viðbygging	Ókunnur
Klæðning	Bárujárn		1945	Viðbygging	"
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)			Hækkun, ris	
Þakklæðning	Bárujárn			Múrhúðun	
Undirstöður			1949	Viðbygging	"
			1953	Viðbygging	"
			1964	Viðbygging	"
				Skúr á lóð	"

Saga

Húsið Skálará var upphaflega byggt sem sumarbústaður af Þorvarði Björnssyni yfirhafnsögumanni (1889-1972) árið 1932. Það var þá mun minna hús en nú, byggt úr bindingi, með skáþaki og járnklætt á veggjum og þaki (6 x 4,1 x 2,1 m að stærð). Margsinnis hefur verið byggt við húsið síðan. Elsti hluti þess er líklega miðhlutinn, sem snýr gafli til SA. Árið 1937 var búið að lengja húsið um tvo metra úr bindingi og byggja við það litla viðbyggingu með skáþaki (2,1 x 1,8 x 2,1). Árið 1945 var búið að byggja ris á húsið og múrhúða það með skeljasandi. Þá er virt útskot við húsið (5 x 5,6 x 2,5 m) og inngönguskúr (3,2 x 1,5 x 2,2 m). Árið 1949 var húsið í eigu Lúðvíks Dalbergs Þorsteinssonar og Jóhanns Einarssonar. Þá var búið að byggja við það nýja steinsteypta, skeljasandsklædda viðbyggingu með skáþaki (6 x 1,6 x 2,7 m). Þar virðist vera séríbúð. „Aðalhúsið“ mældist þá 10,4 x 5,2 x 2,5 m, auk þess sem virt var önnur viðbygging við það (4,9 x 4,1 x 2,7 m). Árið 1953 var húsið í eigu Jóhanns Einarssonar og Torfa Eysteinssonar. Húshluti Jóhanns (eldra húsið, austurhluti) mældist þá 7,6 x 8 x 2,7 m og var búið að byggja við það litla viðbyggingu úr hlöðum steini, hraunaða að utan (2,6 x 2,4 x 2,7). Húshluti Torfa (vesturhluti) mældist 7,8 x 7,6 x 2,7 m. Einnig er virtur nýr bílskúr Torfa (8,1 x 5,1 x 2,5 m) og ný geymsla Jóhanns (5 x 1,8 x 2 m). Árið 1964 var enn búið að gera nýja viðbyggingu við eldra húsið, eða austurhlutann, úr hlöðnum steini, einlyfta með flötu þaki (ekki gefin upp stærðarmál). Einnig var búið að byggja nýjan bílskúr á lóðinni, út timbri og pappaklæddan að utan, líklega þann skúr sem stendur á lóðinni í dag. Reykjavíkurborg keypti húsið á árunum 1986-1988. Sólskáli var byggður við norðvesturhlið hússins um 2003-2004. Í dag (2020) er það skráð í eigu Félagsbústaða hf.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Einfalt múrhúðað timburhús frá kreppuárunum með steyptum og steinhlöðnum viðbyggingum.

Menningarsögulegt gildi: **Hátt gildi.** Húsið hefur gildi fyrir sögu byggðar á svæðinu og sögu húsnæðismála í Reykjavík á 20. öld. Það er einn af fáum vitnisburðum sem eftir eru í Elliðaárdal um óskipulagða íbúðabyggð sem tók að rísa þar á kreppuárunum og stríðsárunum og dreifðist áður um stóran hluta Elliðaárdals en er nú að mestu

Umhverfisgildi: **Miðlungs gildi.** Lágreist hús sem lætur lítið yfir sér. Hluti af eldra byggðamynstri á svæðinu.

Upprunaleg gerð: **Lágt gildi.** Húsinu hefur verið breytt mikið frá upprunalegri gerð með margvíslegum viðbyggingum og múrhúðun.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi. Bent er á gildi hússins fyrir sögu svæðisins.**

DRÖG


Byggingarár **1987**

Stekkjarbakki 1a

Fyrsti eigandi Vatnsveita Reykjavíkur

Hönnun Magnús Skúlason arkitekt

Upphafleg notkun Lokahús





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Steinsteypt	Einlyft		
Klæðning	Múrsléttað	Kjallari		
Þakgerð	Flatt þak			
Þakklæðning	Torf			
Undirstöður	Steyptar			

Saga

Niðurgrafið lokahús byggt árið 1987 fyrir Vatnsveitu Reykjavíkur, eftir teikningum Magnúsar Skúlasonar arkitekts.

DRÖG

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Einfalt steinsteypt vatnsveitumannvirki, niðurgrafið að mestu.

Menningarsögulegt gildi: **Lágt.** Mannvirkið ber vitni um innviðasögu borgarinnar.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Mannvirkið fellur vel að landslagi en hefur annars lítil áhrif á staðarmynd.

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Mannvirkið virðist óbreytt.

Varðveislugildi: **Mannvirkið hefur miðlungs varðveislugildi.**

Byggingarár **1940**

Stekkjarbakki 3

Heimahvammur

Fyrsti eigandi Þórður Guðmundsson **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga
Tegund	Timbur, bindingur	Einlyft	1947	Viðbygging	Ókunnur
Klæðning	Timbur	Inng.skúr		Múrhúðun	
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)		<1954	Bílskúr	"
Þakklæðning	Timbur		<1984	Endurbætur	"
Undirstöður	Steinsteyptar			Hækkun, ris	
				Ný klæðning	
			2005	Sólskáli	"
			2007	Viðbygg. við bílskúr	"

Saga

Húsið Heimahvammur var upphaflega byggt af Þórði Guðmundssyni árið 1940 sem sumarbústaður við Elliðaárnar. Það var þá minna hús en nú (5,6 x 4,1 x 2,7 m að stærð), byggt úr bindingi á steyptum grunni, með skáþaki og klætt að utan með borðum, pappa og listum. Inngönguskúr var við húsið, byggður eins og það. Ingvi Hraunfjörð Pétursson keypti húsið árið 1943 og mun það síðan hafa verið í eigu hans og afkomenda hans. Það var brunavirt í maí það ár og var þá óbreytt. Þá var það kallað „Heimahvammur við Elliðaár“. Árið 1947 var búið að rífa viðbyggingu sem áður var við húsið, líklega inngönguskúrinn, og byggja í staðinn nýja viðbyggingu úr timbri á steyptum grunni, einlyfta með risi og járnþaki (6,6 x 6 x 3,6 m að stærð). Líklega er þar um að ræða eystri hluta núverandi húss, sem snýr í SV-NA. Eldri hluti hússins, vesturhlutinn, var óbreyttur, með skáþaki (sjá ljósmynd að ofan, frá 1973). Húsið var einnig allt múrhúðað að utan. Ekki finnast teikningar af húsinu eða heimildir um það í skjalasöfnum Reykjavíkurborgar frá því eftir 1947. Á 9. áratugi 20. aldar voru gerðar endurbætur á húsinu og virðist vesturhluti þess meðal annars hafa verið endurbyggður eða byggt á hann ris. Einnig hefur húsið allt verið klætt að utan með lóðréttri borðaklæðningu. Sólstofa var byggð við SV-gafl hússins um 2005. Samkvæmt Fasteignaskrá (2017) tilheyra tveir skúrar eigninni: Bílskúr (mhl. 70) byggður 1945 (skv. Borgarvefsjá er um að ræða tvöfaldan skúr sem stendur fjær húsinu, en hann sést ekki á loftmyndum fyrr en 1965) og bílskúr (mhl. 02) byggður 1960 (skv. Borgarvefsjá sá sem stendur nær húsinu, en hann sést á loftmynd 1954 og er því byggður fyrir það). Gerð var viðbygging framan við síðarnefnda skúrinn um 2007. Húsið var í einkaeigu árið 2020 skv. Fasteignaskrá.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Einfalt timburhús frá stríðsárunum með seinni tíma breytingum.

Menningarsögulegt gildi: **Hátt.** Húsið hefur gildi fyrir sögu byggðar á svæðinu og sögu húsnæðismála í Reykjavík á 20. öld. Það er einn af fáum vitnisburðum sem eftir eru í Elliðaárdal um óskipulagða íbúðabyggð sem tók að rísa þar á kreppuárunum og stríðsárunum og dreifðist áður um stóran hluta Elliðaárdals en er nú að mestu horfin.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Íbúðarhús ásamt útihúsum mynda heild sem er hluti af eldra byggðamynstri á svæðinu. Stendur undir sandbakka við vesturkvísl Elliðaánna, umkringt trjágróðri og fellur ágætlega að umhverfinu.

Upprunaleg gerð: **Lágt gildi.** Húsið er mikið breytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi. Bent er á gildi hússins fyrir sögu svæðisins.**

DRÖG

Byggingarár **<1965**

Stekkjarbakki 5

Fyrsti eigandi Ókunnur **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Bifreiðaverkstæði





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Timbur, bindingur	Einlyft		
Klæðning	Bárujárn			
Þakgerð	Mænisþak			
Þakklæðning	Bárujárn			
Undirstöður				

Saga

Um er að ræða skúra sem byggðir voru fyrir 1965 og hýstu áður bifreiðaverkstæði. Í Fasteignaskrá er byggingarár skráð 1970, en á loftmyndum (Borgarvefsjá) má sjá að skúrar hafa staðið á þessum stað frá a.m.k. 1965.

DRÖG

Varðveislumat

Byggingarlist: **Lágt gildi.** Einfaldar skúrbyggingar.

Menningarsögulegt gildi: **Miðlungs.** Vitnisburður um óskipulagða byggð á svæðinu og hverfandi búsetulandslag.

Umhverfisgildi: **Lágt.** Skúrarnir hafa lítið gildi fyrir umhverfið.

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Skúrarnir eru líklega óbreyttir að mestu.

Varðveislugildi: **Skúrarnir hafa lágt varðveislugildi.**


Byggingarár **1987**

Vatnsveituvegur 102

Fyrsti eigandi Vatnsveita Reykjavíkur

Hönnun Magnús Skúlason arkitekt

Upphafleg notkun
Lokahús





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Steinsteypt	Einlyft		
Klæðning	Múrsléttað	Kjallari		
Þakgerð	Flatt þak			
Þakklæðning	Torf			
Undirstöður	Steyptar			

Saga

Niðurgrafið lokahús byggt árið 1987 fyrir Vatnsveitu Reykjavíkur, eftir teikningum Magnúsar Skúlasonar arkitekts.

DRÖG

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Einfalt, steinsteypt vatnsveitumannvirki, niðurgrafið að hluta.

Menningarsögulegt gildi: **Lágt.** Mannvirkið ber vitni um innviðasögu borgarinnar.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Mannvirkið fellur vel að landslagi en hefur annars lítil áhrif á staðarmynd.

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Mannvirkið virðist óbreytt.

Varðveislugildi: **Mannvirkið hefur miðlungs varðveislugildi.**

Byggingarár **1956**

Vatnsveituvegur 104

Hraunteigur

Fyrsti eigandi Ókunnur **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





Upphafleg gerð

Tegund	Timbur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

1962	Bílskúr	Ókunnur
1979	Stækkun bílskúrs	Ókunnur

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið Hraunteigur er staðsett sunnan Elliðaáa, austan götunnar Höfðabakka. Það var byggt án lóðaréttinda og byggingarleyfis. Ekki finnast teikningar af því en byggingarár skv. Fasteignaskrá er 1956. Húsið tilheyrði óskipulagðri íbúðabyggð í Elliðaárdal á stríðsárunum og eftirstríðsárunum, þegar húsnæðisekla var mikil í Reykjavík. Röð húsa reis þá m.a. meðfram Vatnsveituvegi, sem lagður hafði verið vegna framkvæmda við lagningu vatnsveitu í gegnum svæðið á árunum 1908-1909. Þessi hús eru nú flest horfin. Húsið Hraunteigur lenti austan Höfðabakka þegar sú gata var lögð í byrjun 9. áratugar 20. aldar og stendur þar sem vitnisburður um hina horfnu byggð við Vatnsveituveg.

Vestan við húsið er bílskúr sem reistur var árið 1962 skv. Fasteignaskrá. Á loftmynd frá 1965 virðist standa skúr sunnar á lóðinni en á loftmynd frá 1971 er kominn skúr á núverandi stað (sjá Borgarvefsjá). Loftmyndir frá 1975-1979 sýna að skúrinn hefur þá verið stækkaður til austurs.

Húsið er í dag (2020) kynnt með olíu. Við húsið er rafmagnsstaur og liggja raflínur í lofti frá staurnum yfir í húsið. Húsið er í einkaeigu.

DRÖG

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Bárujárnsklætt timburhús frá 6. áratugi 20. aldar með áföstum skúr.

Menningarsögulegt gildi: **Hátt.** Húsið hefur gildi fyrir sögu byggðar á svæðinu og sögu húsnæðismála í Reykjavík á 20. öld. Það er einn af fáum vitnisburðum sem eftir eru um óskipulagða íbúðabyggð sem tók að rísa á kreppu- og stríðsárunum m.a. í Elliðaárdal. Húsið er því vitnisburður um hverfandi búsetulandslag.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Húsið er lágreist, umkringt trjágróðri og sést lítt frá götu og fellur því ágætlega að umhverfinu.

Upprunaleg gerð: **Miðlungs gildi.** Líklega óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi. Bent er á gildi hússins fyrir sögu svæðisins.**


Byggingarár **1985**

Árbæjarstífla
(hús án staðfangs)

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita Reykjavíkur

Hönnun Almenna verkfræðistofan

Upphafleg notkun Stífluhús





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Steinsteypt	Einlyft		
Klæðning	Ómúrað			
Þakgerð	Flatt þak			
Þakklæðning	Steypt			
Undirstöður	Steyptar			

Saga

Húsið sem hér um ræðir er staðsett við norðurenda Árbæjarstíflu, sem er aðveitustífla Elliðaárstöðvar. Fyrsti áfangi stíflunnar var steyptur árið 1920 en hún var síðar, árið 1929, hækkuð og lengd svo að hún náði fyrir kvíslina sunnan Blásteinshólma. Hönnuðir upphaflegu stíflunnar voru verkfræðingarnir Aage Broager Cristiansen og Guðmundur Hlíðdal.

Í kjölfar lagfæringa á stíflunni árið 1985 var stífluhúsið, sem staðsett er við austurenda brúarinnar, reist í þeirri mynd sem það stendur í dag. Áður stóð þar eldra stífluhús úr timbri. Stífluhúsið tengist inntaksþró stíflunnar og var upphaflega nýtt sem vökvadælustöð fyrir hífikrana sem og geymsla fyrir áhöld til hreinsunar á inntaksristum.

Árið 2012 voru mannvirki sem tilheyrðu Elliðaárvirkjun friðlýst, þar á meðal stíflan sem hús þetta er byggt á. Húsið er ekki skráð í Fasteignaskrá og hefur ekki staðfang.

DRÖG

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Einfalt steinsteypt stífluhús.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Stífluhúsið var reist á níunda áratug tuttugustu aldar og er því ekki hluti af upprunalegu stíflumannvirkjunum.

Umhverfisgildi: Miðlungs. Þrátt fyrir að stífluhúsið hafi ekki tilheyrt upphaflegu stíflunni er það hluti af heildarmynd hennar í dag.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi. Húsið virðist óbreytt að mestu.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.**

Byggingarár **1985**

Árbæjarstífla
(hús án staðfangs)

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita Reykjavíkur

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Öryggisloki á fallpípu





Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Ómúrað
Þakgerð	Flatt þak
Þakklæðning	Steypt
Undirstöður	

Upphaflegt útlit
Einlyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið sem hér um ræðir er staðsett við norðurenda Árbæjarstíflu sem var upphaflega reist á árunum 1920-29 eftir teikningu Aage Broager Christensen og Guðmundar Hlíðdals. Húsið er stakstætt og staðsett yfir öryggisloku á fallpípu virkjunarinnar, nokkrum metrum frá stíflunni. Hönnuður hússins er ókunnur en það sést á yfirlitsmynd sem teiknuð var af Almennu verkfræðistofunni árið 1985 og loftmynd frá árinu 1990 (sjá Borgarvefsjá). Almenna Verkfræðistofan hannaði nýtt stífluhús á Árbæjarstíflu árið 1985 en útliti, efnisvali og áferð þess svipar til hússins sem hér um ræðir. Hugsanlegt er að húsin hafi verið byggð samtímis.

Húsið er ekki skráð í Fasteignaskrá og hefur ekki staðfang.

DRÖG

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Einfalt steinsteypt mannvirki, byggt yfir fallpípu.

Menningarsögulegt gildi: Lágt. Líklega reist á níunda áratug tuttugustu aldar og því ekki hluti af upprunalegu stíflumannvirkjunum.

Umhverfisgildi: Lágt.

Upprunaleg gerð: Miðlungs. Líklega óbreytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: **Húsið hefur lágt varðveislugildi.**


USK Skipulag

Frá: Anna Sif Jónsdóttir
Sent: fimmtudagur, 19. mars 2020 13:41
Til: USK Skipulag
Efni: Re: Elliðaárdalur, auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík

Sæl

Fyrir hönd stjórnar Hollvinasamtakanna óskum við eftir að þetta verði dregið til baka og frestað vegna covið ástands. Hvorki borgin né við getum haldið kynningarfundi og sinnt þessu almenilega.

Einnig var félagsmaður að benda á staðreyndavinnu í skipulaginu sem væri kannski gott að leiðrétta



mið., 18. mar. 2020 kl. 10:08 skrifaði USK Skipulag <skipulag@reykjavik.is>:

> Góðan dag,
>
> Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal birtist í Frétta- og Lögbirtingarblaðinu 16. mars s.l. Tillagan er í kynningu frá 16. mars 2020 til og með 29. apríl 2020. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/ellidaardalur
>
> **Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.**
>
> Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 12. febrúar 2020 og borgarstjórn Reykjavíkur þann 3. mars 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir borgargarðinn í Elliðaárdal. Skipulagið byggir á grunni eldra deiliskipulags sem var samþykkt árið 1994 sem fellt er úr gildi. Í tillögunni eru afmörkuð og skilgreind hverfisverndarsvæði í dalnum, gerð grein fyrir helstu göngu- og hjólastígum ásamt nýjum þverunum yfir Elliðaárnar og skilgreind helstu útivistar- og áningarstaðir. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.
>
> Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 - 16:15 frá **16. mars 2020 til og með 29. apríl 2020.** Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is**, skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið** skipulag@reykjavik.is**, eigi síðar en 29. apríl 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir

Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið

Skrifstofa skipulagsfulltrúa

Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík

Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.
_____
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: http://www.reykjavik.is/trunadur

_____
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: http://www.reykjavik.is/trunadur

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar
B.t. Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur
Tjarnargata 11,
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. apríl 2020.

Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir borgargarðinn í Elliðaárdal, sbr. auglýsingu á vef Reykjavíkurborgar.

Í auglýsingunni kemur fram að ábendingum og athugasemdum við tillöguna skuli skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, frá 16. mars og eigi síðar en 29. apríl 2020.

Deiliskipulag fyrir borgargarð í Elliðaárdal er mikið og stórt hagsmunamál sem varðar alla borgarbúa ekki síður en Hollvinasamtök Elliðaárdalsins.

Af því tilefni og í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru uppí í þjóðfélaginu vegna Covid-19 veirunnar vilja Hollvinasamtök Elliðaárdalsins koma á framfæri eftirfarandi:

1. Hollvinasamtök Elliðaárdalsins telja að tímasetning auglýsingarinnar sé óforsvaranleg. Farið er fram á að frestur til að skila ábendingum og athugasemdum verði framlengdur.
2. Hollvinasamtök Elliðaárdalsins fara fram á það við borgaryfirvöld að haldinn verði opinn kynningarfundur um málið, þar sem málið verður kynnt og borgarbúum gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna.
3. Hollvinasamtök Elliðáárdals fara fram á það við borgaryfirvöld að gerð verði grein fyrir þeim breytingum sem auglýst deiliskipulag kemur til með að hafa á gildandi deiliskipulag.

Í greinargerð um forsendur deiliskipulags (pdf skjal) kemur fram að haft hafi verið samráð við 14 hagsmunaaðila vegna málsins. Hollvinasamtökin eru ekki þar á meðal.

Hollvinasamtök Elliðaárdalsins harma samráðsleysi borgaryfirvalda í þessari deiliskipulagsvinnu þar sem ekki var neitt samráð haft við samtökin áður en samþykkt var að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir borgargarðinn.

Það er mjög sérstakt að í þessari kynningu er ekki gerð grein fyrir hver breytingin er í þessu nýja deiliskipulag frá gildandi deiliskiplagi, hvorki í texta né myndrænt. Hollvinasamtökin hafa ekki fundið á vef borgarinnar yfirlitsmynd yfir gildandi deiliskipulag eða fengið svör frá þar til bærum aðilum um að fá það deiliskipulagið sent til okkar til að geta borið það saman við það sem nú er í kynningu.

Þess er hér með óskað að veitt verði eins skjót svör og unnt við framangreindu.

Með fyrirfram þökk

F.h. Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins

Halldór Páll Gíslason (sign), formaður.

Afrit:
Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri Umhverfis- og samgöngusviðs.

Reykjavík 9. nóvember 2019.

Umsögn Stangaveiðifélags Reykjavíkur um drög að tillögu til breytinga á deiliskipulagi Elliðaárdals

1. Inngangur

Stangaveiðifélag Reykjavíkur hefur fengið til umsagnar tillögu að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals. Félagið vill koma á framfæri þökkum fyrir það tækifæri sem hér gefst til að láta í ljósi álit sitt á tillögunni, enda mikilvægt að helsti og elsti hagsmunaaðili á þessum vettvangi eigi þess kost að koma fram með ábendingar, athugasemdir og gagnrýni. Stangaveiðifélag Reykjavíkur (hér eftir SVFR) var stofnað í kringum veiði í Elliðaánum fyrir 80 árum og er ársvæðið félagsmönnum afarkært og í raun heimavöllur félagsins. Hefur SVFR því varið lífríki ársvæðisins með kjafti og klóm þessi 80 ár sem félagið hefur haft ársvæðið á leigu. Fagnar SVFR því að eiga möguleika á góðri samvinnu við Reykjavíkurborg að þessu leyti og ber að skoða athugsemdir þessar í því ljósi.

Í greinargerðardrögunum er réttilega sagt að mikilvægasta vistkerfi Elliðaárdalsins séu tvímælalaust Elliðaárnar. Enda eru Elliðaárnar einstakar í sinni röð á heimsvísu, því fáheyrt er að laxveiðiá renni í gegnum höfuðborg og hvað þá af þeim gæðum sem Elliðaárnar hafa lengst af verið. Því á það að vera markmið Reykjavíkurborgar sem jafnframt er eigandi Elliðaánna, að gæta að hagsmunum ársvæðisins í hvívetna og forðast jafnframt að valda þeim og lífríki ánna skaða. Ábyrgð borgaryfirvalda er mikil, því enda þótt Elliðaárnar séu náttúruperla á heimsmælikvarða, þá má ekki mikið út af bera svo að ekki verði óbætanlegt tjón á ánum og einstöku lífríki þeirra.

2. Laxastofn Elliðaánna

Hér í upphafi er rétt að vekja athygli á því að SVFR hefur lagt mikla rækt við verndun laxfiskastofna í Elliðaánum og er unnt að fullyrða að fáar eða engar ár í heiminum eru jafnvel vaktaðar eins og Elliðaárnar. Hefur SVFR lagt mikla áherslu á að ávallt séu tiltækar sem bestar upplýsingar um ástand ársvæðisins svo unnt sé að fylgjast vel með raunverulegri stöðu svæðisins. Að því er varðar núverandi ástand laxastofns Elliðaánna er rétt að gera sér grein fyrir því að hrygningarstofn Elliðaánna hefur farið minnkandi og verið um eða undir meðaltali frá því um 1990. Helst það í raun og veru í takt við stöðu ýmissa ársvæða á Íslandi, en staðreyndin er sú að afföll í hafi eru mun meiri heldur en áður tíðkaðist. Elliðaárnar eru frjósamar ár og framleiðsla þeirra er um 10 gönguseiði á hverja 100 fermetra og því þarf stóran hrygningarstofn til þess að nýta framleiðslugetu ánna.

Í samanburði við nágrannaána Leirvogsá, þar sem umhverfisskilyrði eru sambærileg og í Elliðaánum hvað veðurfar varðar ásamt hitastigi í ánum og sjó, sést að síðasta aldarfjórðunginn hefur veiði í Elliðaánum hrakað umtalsvert sem bendir til að laxastofn Elliðaánna hafi verið undir meira álagi en laxastofn Leirvogsár. Vísindamenn telja að skýringanna sé fyrst og fremst að leita

í mannlegum athöfnum ástandi hafsins og því mikla áreiti sem fylgir vaxandi byggð og framkvæmdum sem teygja sig sífellt nær Elliðaánum.

Byggð hefur verið að aukast við Elliðaárnar sem hafur aukið álag á laxastofninn. Einnig má nefna til sögunnar, rennslisbreytingar vegna virkjunar, vatnstöku, landfyllingar, brýr, afrennsli af götum, götulýsingar, flóðljós frá íþróttamannvirkjum o.fl. Laxveiði hefur þannig farið minnkandi og hrygningarstofn hefur einnig minnkað. Þannig hefur stærð hrygningarstofns aðeins verið tvisvar sinnum yfir meðaltali síðasta aldarfjórðunginn.

Að mati vísindamanna er nauðsynlegt að hlúa betur en gert hefur verið að laxastofni Elliðaánna með því að draga úr neikvæðum áhrifum byggðar og mannlegra athafna á umhverfi sem allra mest. Huga þarf að því að vakta vatnsgæði, botngerð, styrkja búsvæði og draga úr áreiti eins og mögulegt er. Líkur eru á að draga verði úr veiðiálagi í Elliðaánum til þess að stuðla að styrkingu laxastofnsins en þar er langur vegur frá að öll sagan sé sögð og því er það hagfelldast fyrir alla aðila sem hagsmuna eiga að gæta að öll sagan sé sögð. Þannig liggur fyrir að á sama tíma og viðbragða er þörf til að styrkja laxastofn Elliðaánna, skýtur það óneitanlega skökku við að borgaryfirvöld skuli enn og aftur hafa uppi áform um að ganga nær Elliðaánum með ýmsum framkvæmdum, þ.m.t. mannvirkjagerð, fjölgun hjóla- og göngustíga við árnar, umfangsmikilli brúargerð – jafnvel við bestu veiðihylji árinnar – o.s.frv.

Staðreyndin er einfaldlega sú að tvær helstu skýringanna á því af hverju laxastofn Elliðaánna hefur verið að gefa eftir undanfarin ár megi fyrst og fremst rekja til hafsins sem og í viðvarandi áreiti af hálfu eiganda Elliðaánna, Reykjavíkurborgar. SVFR hefur í gegnu árin leitast til við að minnka veiðiálag með takmörkunum á kvóta sem og aðgerða til að vernda hrygningarsvæði ársvæðisins, en hér þurfa hönd og hugur að vinna saman, til að vernda þá miklu náttúruperlu sem Elliðaárnar eru.

3. Athugasemdir við einstaka kafla deiliskipulagstillögunnar

Hér á eftir er að finna athugasemdir SVFR við einstaka kafla þeirrar tillögu sem nú liggur fyrir.

Í kafla 1.1. *„Aðdragandi og tilgangur“* á bls. 14 kemur fram að starfshópur hafi unnið að aðgerðaráætlun um *„sjálfbæran Elliðaárdal*“ og verkefni hópsins hafi verið að móta tillögur að framtíðarsýn um eiginleika Elliðaárdals. Með hugtakinu sjálfbærni er almennt átt við getu kerfis til að viðhalda sér með tímanum og gefur til kynna að komandi kynslóðir eigi ekki að vera verr settar en núverandi kynslóðir og er þetta í samræmi við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem íslenska ríkið hefur tekið sér á hendur, m.a. með fullgildingu Árósarsamningsins.

Sjálfbærni mælir ekki fyrir um lítt afturkræfar framkvæmdir sem eru til þess fallnar að skerða möguleika – í þessu tilviki Elliðaárdalsins – til að viðhalda kostum sínum óskertum til framtíðar. Því miður virðast þær tillögur sem fram koma í deiliskipulagstillögunni ekki vera til þess fallnar að landkostir Elliðaárdalsins hvað varðar náttúrufar og lífríki haldist óskertir, nema síður sé. Því skýtur það skökku við að í sömu andrá og sagt er að mikilvægasta vistkerfið í Elliðaárdalnum sé tvímælalaust Elliðaárnar og að þar sé að finna auðugt lífríki, séu kynntar til sögunnar framkvæmdir sem allar eru líklegar til að skerða lífríki Elliðaánna og ganga gegn sjálfbærni.

Í kafla 1.2. *„Viðfangsefni og markmið“* á bls. 16 er rætt um að skilgreina leiðir þeirra hópa sem nota Elliðaárdal. Þar eru nefndir til sögunnar slíkir hópar; þ.e. hjólandi, gangandi og ríðandi einstaklingar, en hvergi er þar minnst á veiðimenn sem eru þó einhver fjölmennasti hópurinn sem sækir dalinn heim frá vordögum og fram eftir hausti.

Í kaflanum er rætt um að vinna þurfi ítarlega náttúrufarsúttekt, þ.m.t. að kortleggja jarðminjar, lykilvistgerðir og gróðurlendi og búsvæði dýra, einkum fugla. Allt er þetta góðra gjalda vert en merkilegt er að hvergi er þar getið um lífríki Elliðaánna og þá fiskistofna sem Elliðaárnar fóstra. Telja verður mikilvægt að halda á því hvað það er sem gerir Elliðaárdalinn einstakan í sinni röð á heimsvísu, þ.e. að um dalinn rennur góð laxveiðiá, þótt gæðum hennar hafi því miður hnignað undanfarin ár vegna athafnasemi og framkvæmda af mannavöldum.

Í lok þessa kafla er rætt um að „*skilgreina þurfi veiðistaði*“ og aðgengi að þeim. Það er að mati SVFR alger óþarfi að „skilgreina“ veiðistaði í Elliðaánum frekar en orðið er. Veiðistaðir í ánum eru þeim ljósir sem þar koma til veiða og SVFR er einfært um að halda veiðimönnum upplýstum um þá. Það má hins vegar taka undir að nauðsynlegt er að bæta aðgengi veiðimanna að nokkrum veiðistöðum við Elliðaárnar og er félagið fúst til að upplýsa hlutaðeigandi um hvar þörf er mest knýjandi fyrir slíkar úrbætur.

Í kafla 2.12.1 á bls. 20 þar sem segir frá svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, kemur fram að mikilvægt sé að vernda óskert náttúrusvæði og tryggja að aukin ásókn skerði ekki verndargildi. Undir þetta sjónarmið er tekið og bent á að með deiliskipulagstillögunni er gengið gegn þessu markmiði, því verndun lífríkis Elliðaánna er ekki gefinn mikill gaumur í tillögu þessari.

Í kafla 2.1 á bls. 22 þar sem fjallað er um núverandi starfsemi í dalnum, segir að laxveiðihefð í Elliðaánum sé gömul og er það vissulega rétt, en lax hefur verið veiddur í Elliðaánum allt frá landnámi. Laxveiði á stöng á sér reyndar styttri sögu, en þó má rekja sögu stangveiða í ánum aftur til loka 19. aldar, en frá þeim tíma hafa Elliðaárnar eingöngu verið nytjaðar af stangaveiðimönnum. Það er því ljóst að stangveiðihefð í Elliðaánum á sér miklu lengri sögu heldur en önnur útivist í dalnum og eiga því stangveiðimenn ríkastan hefðarrétt hvað verðar aðgengi, afnot og nytjar í Elliðaárdal.

Í téðum kafla segir ennfremur að rannsóknir sýni fram á heilbrigt ástand laxastofnsins og er sú fullyrðing í sjálfu sér rétt svo langt sem hún nær, þ.e.a.s. að sjúkdómar herja ekki á laxastofninn um þessar mundir enda hefur SVFR kostað miklu til að vernda laxastofn ársvæðisins. Hinu ber þó ekki að leyna að afkomu laxastofnsins hefur hrakað umtalsvert á umliðnum árum og er orsakanna fyrst og fremst að leita í vaxandi áreiti sem Elliðaárnar hafa mátt þola af mannavöldum.

Í kaflanum er ennfremur drepið á Toppstöðina sem stendur á árbakkanum skammt neðan rafstöðvarinnar. SVFR hvetur til þess að byggingin verði rifin eins og áform voru uppi um á sínum tíma, enda er Toppstöðin mikið lýti á Elliðaárdalnum og þar fer fram starfsemi sem vel má koma fyrir annars staðar. Þá dregur starfsemin í húsinu að sér bíldruslur og drasl af ýmsum toga sem skapar hættu á mengunarslysi og óþrifnaður á lóðinni er viðvarandi.

4. Ýmsar rangfærslur, misskilningur og missagnir

Í tillögunni eru fjölmargar missagnir og rangfærslur sem nauðsynlegt er að leiðrétta. Á bls. 11 segir að „*ákveðin svæði hafa verið skipulögð með þarfir félagsins í huga*“ og er þar átt við Stangaveiðifélag Reykjavíkur. Hið rétta er að félagið leigir húsnæði við Rafstöðvarveg undir skrifstofur sínar, en engin svæði í dalnum hafa verið skipulögð með þarfir félagsins í huga, eins og fullyrt er.

Á bls. 14 er Elliðavogur kallaður „*Elliðaárvogur*“ og á sömu síðu kemur fram orðið „Elliðaárstífla“. Vogurinn sem Elliðaárnar falla í heitir Elliðavogur en ekki „*Elliðaárvogur*“ og þá eru tvær stíflur í Elliðaánum, Elliðavatnsstífla og Árbæjarstífla, en nafnið „*Elliðaárstífla*“ er einfaldlega ekki til.

Í kafla 2.1 á bls. 22 segir að áform séu uppi um að opna sýningu á Rafstöðvarsvæðinu í tilefni „*80 ára afmælis fyrirtækisins 2021*“. Hér skal bent á að rafstöðin var tekin í notkun árið 1921 og Rafmagnsveita Reykjavíkur tók til starfa sama ár. Það verður því um 100 ára afmæli að ræða árið 2021, en ekki 80 ára afmæli.

Í sama kafla segir einnig að Orkuveita Reykjavíkur hafi umsjón með úthlutun veiðileyfa og einnig að SVFR leigi Elliðaárnar og „*þar með útdeilt veiðileyfum*“. Þarna er mjög undarlega að orði komist. Hið rétta er að Orkuveita Reykjavíkur fer nú með veiðiréttinn í Elliðaánum, en SVFR hefur umsjón með ánum og selur veiðileyfi í þær. Orkuveitan úthlutar engum veiðileyfum og þeim er heldur ekki „*útdeilt til áhugasamra*“ af hálfu SVFR.

Í kafla 2.2.1. á bls. 24 er Elliðavogur kallaður „*Elliðaárvogur*“ sem er ekki rétt, sbr. það sem að framan segir.

Í kafla 2.2.2. á bls. 26 segir: „*Vatnsmagn Elliðaánna er þannig óstöðugt frá náttúrunnar hendi*“. Það er rangt. Elliðaárnar eru lindár og rennsli þeirra er mjög stöðugt árið um kring. Einnig má nefna að í Elliðaánum eru tvær stíflur sem einnig eru til þess fallnar að draga mjög úr náttúrulegum sveiflum í rennsli, sem þó eru litlar fyrir vegna eðlis Elliðaánna.

Í kafla 2.2.6. á bls. 30 segir svo: „*Mikilvægasta vistkerfið í Elliðaárdalnum eru tvímælalaust Elliðaárnar en vatnasvið þeirra er með stærri og mikilvægari ferskvatnssvæðum á höfuðborgarsvæðinu og þar er auðugt lífríki. Í Elliðaánum er lax ríkjandi meðal fiska og gnógt af honum…“.* Undir það er vissulega tekið að mikilvægasta vistkerfi Elliðaárdalsins sé að finna í Elliðaánum. Það verður því miður ekki sagt að þar sé „*gnógt*“ af laxi og hefur laxastofninn gefið mjög eftir síðasta aldarfjórðunginn eða svo. Ganga laxa og laxveiði í Elliðaánum hefur verið undir langtímameðaltali frá árinu 1996, eða í 23 ár eins og gögn um veiðar í ánum sýna glögglega. Fjöldi gönguseiða laxa í Elliðaánum er mælikvarði á framleiðslu ánna og styrks laxastofnsins á hverjum tíma. Fjöldi gönguseiða úr Elliðaánum hefur verið metinn árlega frá árinu 1988 og sýna þær rannsóknir að fjöldi gönguseiða hefur farið minnkandi á undanförnum árum og verið undir meðaltali síðustu ár. Það er því misskilningur að gefa til kynna að ástand laxastofns Elliðaánna sé í góðu horfi.

Í sama kafla segir að minkur sé við Elliðaárnar og er það vissulega rétt. Það er hins vegar ekki rétt að starfsmönnum veiðistjóra hafi tekist að halda minkastofninum niðri í Elliðaárdal. Mink hefur

þvert á móti farið fjölgandi, enda hefur ábendinum um mink við árnar farið fjölgandi undanfarin ár.

Þá segir í téðum kafla að *„smádýrafána Elliðaánna sé uppistaða fæðu fyrir laxinn“.* Þetta er ónákvæmt orðalag svo ekki sé meira sagt, enda étur laxinn ekkert í Elliðaánum þegar hann gengur í árnar fullvaxinn úr hafi. Laxaseiðin éta hins vegar einkum lirfur og púpur rykmýs og bitmýs.

Í kafla 2.4 á bls. 34 er því haldið fram að síðustu 15 ár hafi laxveiðin í Elliðaánum verið á bilinu 1000 – 2000 laxar. Hið rétta er að meðaltalsveiði í Elliðaánum sl. 15 ár var 918 laxar enda liggja fyrir birtar veiðitölur sem taka af allan vafa í þessu efnum.

Síðar í sama kafla segir undir millifyrirsögninni „*Afleiðingar þéttbýlis og framkvæmda*“, að mikið hafi verið þrengt að Elliðaánum og vatnasviði þeirra með byggð og gatnamannvirkjum. Telja verði sérstakt hvað Elliðaárnar hafi haldið lífríki sínu og laxveiðum. Undir þetta skal tekið að því leytinu til að mjög hefur verið þrengt að ánum undanfarin ár með ýmsum framkvæmdum. Það er hins vegar ofsagt að Elliðaárnar hafi haldið lífríki sínu og laxveiðum, en samdráttur í laxastofni Elliðaánna er einmitt afleiðing þéttbýlis og framkvæmda. Þess vegna er tekið undir það sem síðar segir í sama kafla: *„En því meiri aðgæslu er þörf, svo ekki fari illa“* og einnig: *„Vernda verður nánasta umhverfi ánna og ganga ekki meira á vatnasvið þeirra, því árnar og vatnasviðið eru órofa heild“*.

Tekið er undir það sem segir í umræddum kafla að full ástæða sé til þess að fylgjast með efnamengun í Elliðaánum og réttmætt er að benda á mengunarhættu sem stafar frá afrennsli af götum sem og frá hýbýlum fólks. Jafnframt er tekið undir þær ábendingar sem vitnað er til í sömu málsgrein sem augljóslega eru fengnar að láni úr skýrslu Sigurðar Guðjónssonar fiskifræðings, nú forstjóra Hafrannsóknastofnunar, frá árinu 1993.

Í kafla 2.7 á bls. 38 þar sem greinir frá áhugaverðum náttúrufyrirbærum kemur fram að á Ártúnssvæði sé að finna „*Kermóafoss í Vesturál*“. Kermóafoss er í vesturkvísl Elliðaánna, en málvenja er að ræða um kvíslar Elliðaánna á þessu svæði, þ.e. austurkvísl og vesturkvísl. Þá segir í tölulið 5: „*Fossar í norðuránni framan við félagsheimili Rafmagnsveitunnar*“. Réttara væri að tala hér um austurkvísl Elliðaánna, sbr. málvenju og einnig má þess geta að fossarnir sem þarna eru nefndir til sögunnar heita Stórifoss og Skáfoss.

Í kafla 2.8.1 á bls. 40 segir að „*Á 19. öld byrjaði veiði í ánum að spyrjast út þar sem Stangaveiðifélag Reykjavíkur var stofnað árið 1939*“. Þarna er vægast sagt undarlega að orði komist. Vissulega var SVFR stofnað árið 1939, en veiði var byrjuð „*að spyrjast út*“ meira en 1100 árum fyrr, enda Elliðaárnar nytjaðar til laxveiða allt frá landnámi.

Í kafla 2.8.3 á bls. 42 segir m.a. „*Í dag eru tvær brýr fyrir bílaumferð, Höfðabakkabrú frá 1981 og Breiðholtsbrautarbrú frá 1993*“. Brýrnar yfir Elliðaárnar eru nokkru fleiri og má t.d. benda höfundum þessa texta á brýrnar við árósana neðan Ártúnsbrekku sem og brú neðan Elliðavatns.

Í kafla 2.9 á bls. 50 er rangt farið með nöfn tveggja veiðistaða. Neðri Móhylur (ekki Mjóhylur) er neðan við hitaveitustokkinn, en Efri Móhylur (ekki Mjóhylur) er ofan við stokkinn og eru báðir í austurkvísl Elliðaánna. Þá skal á það bent að örnefni eða nöfn á veiðistöðum á þessum slóðum eru mun fleiri en þarna kemur fram.

Í sama kafla er „*norðurkvísl*“ nefnd til sögunnar, en væntanlega er hér átt við vesturkvísl. Þá kemur fram að Agðir séu þekktur veiðistaður neðan við Vatnsveitubrú. Það er ekki rétt, Agðir eru í austurkvíslinni neðan Vatnsveitubrúar og þar hefur ekki veiðst lax svo áratugum skiptir.

Í kafla 2.11.1 á bls. 54 segir að veiðitími í Elliðaánum sé frá 21. júní. Hið rétta er að veiðin hefst 20. júní.

Í kafla 1.3 á bls. 62 eru tilgreind sk. „*Leiðarljós*“ deiliskipulagsvinnunnar. Þar er réttilega sagt að náttúra og lífríki dalsins sé mikilvægasta auðlindin á svæðinu. Bent er á að ýmsir hópar fólks nýti dalinn til afþreyingar og nefndir þar til sögunnar hlaupahópar, hjólreiðamenn og hestamenn og miði skipulagið að því að efla möguleika þeirra til útivistar. Þess er saknað að stangveiðimenn eru hér hvergi nefndir til sögunnar, þrátt fyrir að á annað þúsund slíkir iðki laxveiðar í Elliðaánum á hverju ári sem og að stangveiðimenn eru örugglega sá hópur útivistarfólks sem á sér lengsta sögu í Elliðaárdal.

Í kafla 3.2. á bls. 66 er nefnt að í skipulaginu sé gert ráð fyrir „*nokkrum nýjum lausnum*“ á svæðum þar sem yfirborðsvatni er veitt óhreinsuðu í Elliðaárnar. Því ber að fagna ef tilgangurinn með slíkum lausnum er að draga úr mengun í Elliðaánum og bent á góða reynslu af settjörnum sem byggðar voru í dalnum fyrir nokkrum árum og stuðla að sama markmiði.

Í kafla 3.3.1 á bls 66 kemur fram að gert sé ráð fyrir nýjum þverunum eða brúm yfir Elliðaárnar á sjö stöðum til viðbótar við núverandi þveranir. Af því tilefni skal bent á að á þriðja tug þverana fyrir gangandi, hjólandi og akandi umferð er nú þegar að finna yfir Elliðaárnar. Vandséð er þörfin á að fjölga þeim umfram það sem nú er, ekki síst í ljósi þess að framkvæmdir og annað áreiti er lífríki Elliðaánna mjög til tjóns, en eins og áður hefur komið fram er það einmitt lífríki og fiskistofnar Elliðaánna sem er helsta auðlind Elliðaárdals.

Nefndar eru til sögunnar sjö þveranir og er fullkomin ástæða til að gjalda mikinn varhug við þeim öllum.

Því er harðlega mótmælt að byggja brú yfir Elliðaárnar við Sjávarfoss sem er einn gjöfulasti veiðistaður ánna. Bent er á að ný brú fyrir gangandi og hjólandi umferð er skammt þar fyrir ofan sem og að brú er örstutt neðan við Sjávarfoss. Sama á við um tillögu að enn einni brúnni við rafstöðvarsvæðið. Á milli Höfðabakka og Árbæjarstíflu er einnig að finna gjöfula veiðistaði sem munu spillast við brúargerð. Sama á við um brúargerð ofan við Grænugróf og við Heyvað, en þar er reyndar brú fyrir.

Í kafla 3.3.2 á bls. 68 kemur fram að ekki sé talin þörf á breytingum á veiðislóðum. Það eru vonbrigði að ekki skuli standa til að bæta aðgengi veiðimanna að Elliðaánum, á meðan þarfir hjólreiðamanna og gangandi eru meira metnar. Á það skal bent að nauðsynlegt er að lagfæra veiðislóða sem liggur vestan skeiðvallar Fáks í Víðidal og einnig má framlengja þann slóða upp að Heyvaði, enda verði þess gætt, eins og nú er, að hafa slóðann í nauðsynlegri fjarlægð frá Elliðaánum.

Loks er rétt að benda á að nokkurs ruglings gætir í númerum einstaka kafla greinargerðarinnar. Sem dæmi má nefna að á bls. 56 er að finna kafla 2.11.4 en á bls. 60 eru kaflar 1.6, 1.7 og 1.8. Á bls. 62 er síðan að finna kafla 1.3. Á bls. 16 er kafli 1.2 en á næstu síðu birtist síðan skyndilega

kafli 2.12, og á síðu 22 er kafli 2.1. Á þetta er bent því augljóslega þarf að huga betur að kaflaskiptingu en hér er gert og dæmi hér rakin um.

5. Lokaorð

Að mati SVFR eru ýmis atriði við hina framkonu deiliskipulagstillögu að athuga, eins og raunar að framan er lýst. Hvatt er til þess að tillagan verði endurskoðuð með hagsmuni lífríkis Elliðaánna og fiskistofna þeirra í huga enda eru Elliðaárnar einstök náttúruperla á heimsvísu. Sumar þær framkvæmdar sem eru lagðar til framkvæmdir eru enda líklegar til þess að valda frekari tjóni og er þó af nægu að taka. SVFR mun eftir sem áður verja hagsmuni ársvæðisins með kjafti og klóm og er ávallt reiðubúið til samstarfs með hagsmuni ársvæðisins að leiðarljósi, þ.m.t. áframhaldandi vinnu við breytingar á deiliskipulagi Elliðaárdals.

Loks er mælt með því að leitað verði álits vísindamanna Hafrannsóknastofnunar á þessum tillögum, enda er þar mesta þekkingu að finna á lífríki Elliðaánna og fiskistofnum þeirra.

F.h. stjórnar SVFR

Jón Þór Ólason formaður SVFR

Reykjavík, 19. 3. 2020
Tilvísun: 2020010033/EBH

Björn Axelsson
Þorsteinn Hermannsson
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur
Borgartúni 12- 14
105 Reykjavík

Efni: Elliðaárdalur. Tillögur að breytingum á deiliskipulagi.

Vegagerðin gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögur að breytingum á deiliskipulagi Elliðaárdals. Vísað er til fyrirhugaðar breytingar á samgöngumannvirkjum samkvæmt samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 26. september 2019.

Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði stofnvega 30 m til hvorrar handar frá miðlínu vega en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Um veghelgunarsvæði við vegamót er sérstaklega kveðið á um í Vegalögum. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.

Höfðabakki og Stekkjarbakki eru á lista yfir vegi sem færðust úr flokki stofnvega við gildistöku laga nr. 80/2007. Framlögð tillaga að deiliskipulagi felur í sér staðfestingu á því.

Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein. Deiliskipulagsreitur nær samkvæmt tillögu inn á veghelgunarsvæði Reykjanesbrautar, Breiðholtsbrautar, Miklubrautar og tilheyrandi vegamóta. Vegagerðin leggst gegn því að mörk deiliskipulags nái inn á veghelgunarsvæði þjóðvega.

Samkvæmt ofangreindu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 26. september 2019 verður hugað sérstaklega að greiðri tengingu aðliggjandi stofnbrauta og munu sveitarfélög vinna að því að tryggja að skipulagsáætlanir þeirra séu í samræmi við framkvæmdaáætlun.

Vegagerðin telur ástæðu til að taka á þessum málum nú, á skipulagsstigi, til að tryggja framgang framkvæmda.

Virðingarfyllst,

_____
Erna Bára Hreinsdóttir,
forstöðumaður Skipulagsdeildar

Reykjavík, 19. 5. 2020
Tilvísun: 2020010033/EBH

Björn Axelsson
Þorsteinn Hermannsson
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur
Borgartúni 12- 14
105 Reykjavík

Efni: Elliðaárdalur. Tillögur að breytingum á deiliskipulagi.

Vegagerðin gerði athugasemdir við tillögur að breytingum á deiliskipulagi Elliðaárdals þann 19. 3. 2020.

Af gefnu tilefni ítrekar Vegagerðin fyrri umsögn og fer fram á að deiliskipulagsreitur verði afmarkaður við veghelgunarsvæði, þ.e. 30 m frá miðlínu stofnvega.

Sækja þarf um leyfi til Vegagerðarinnar vegna allra framkvæmda innan veghelgunarsvæða.

Virðingarfyllst,

Erna Bára Hreinsdóttir,
forstöðumaður Skipulagsdeildar

Afrit sent Skipulagsstofnun.

USK Skipulag

Frá: Hörður Guðjónsson <hordur@fylkir.is>
Sent: miðvikudagur, 22. apríl 2020 14:19
Til: USK Skipulag
Efni: RE: Elliðaárdalur, auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík

Góðan daginn, fyrir hönd íþróttafélagsins Fylkis þá geri ég athugasemnd við neðangreindrar tillögu að breyttu deiluskipulagi fyrir Elliðaárdal hvað varðar stækkun svæðis yfir svokallaðan Stínuskóg sem liggur vestan megin við svæði Fylkis. Umræddur Stínuskógur er svæði sem er í mikilli órækt og hefur verið ítrekað bent á það af íbúum og af forsvarsmönnum Fylkis. Óskum við eftir því að haft verður samráð við okkur um hvernig umrætt svæði verður nýtt. Það er amk ljóst að það er engum til sóma eins og það er í dag og ekki til þess fallið að auka lífsgæði þeirra íbúa sem búa í nágrenninu.

Ef þið viljið fá þessa athugasemnd með formlegri hætti þá mættuð þið láta mig vita.

Með kveðju,

Hörður Guðjónsson
Framkvæmdastjóri Fylkis
vs. 571-5604
Gsm. 861-3317
Fax. 567-6091
hordur@fylkir.is
www.fylkir.is

From: USK Skipulag <skipulag@reykjavik.is>
Sent: miðvikudagur, 18. mars 2020 10:08
To:

Subject: Elliðaárdalur, auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal birtist í Frétta- og Lögbirtingarblaðinu 16. mars s.l. Tillagan er í kynningu frá 16. mars 2020 til og með 29. apríl 2020. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/ellidaardalur

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 12. febrúar 2020 og borgarstjórn Reykjavíkur þann 3. mars 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir borgargarðinn í Elliðaárdal. Skipulagið byggir á

grunni eldra deiliskipulags sem var samþykkt árið 1994 sem fellt er úr gildi. Í tillögunni eru afmörkuð og skilgreind hverfisverndarsvæði í dalnum, gerð grein fyrir helstu göngu- og hjólastígum ásamt nýjum þverunum yfir Elliðaárnar og skilgreind helstu útivistar- og áningarstaðir. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 - 16:15 frá **16. mars 2020 til og með 29. apríl 2020.** Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is**, skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið** skipulag@reykjavik.is**, eigi síðar en 29. apríl 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.
_____
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: http://www.reykjavik.is/trunadur

_____
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: http://www.reykjavik.is/trunadur

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

UMHVERFIS
STOFNUN

Reykjavíkurborg
Þuríður Guðmundsdóttir
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 22. apríl 2020
UST202003-412/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag fyrir Elliðaárdal í Reykjavík

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar er barst 18. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal í Reykjavík.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gengur út á að afmarka og skilgreina hverfisverndarsvæði í dalnum, gerð er grein fyrir helstu göngu- og hjólastígum ásamt nýjum þverunum yfir Elliðaárnar og skilgreindir helstu útivistar- og áningarstaðir. Auk þess kemur fram að skipulagið byggir á grunni eldra deiliskipulags sem var samþykkt árið 1994 og að við gildistöku nýs deiliskipulags fellur gildandi deiliskipulag úr gildi.

Umhverfisstofnun tekur undir þær hugmyndir að bæta aðgengi íbúa og gesta að útivistarsvæðum með lagningu göngu- og hjólastíga og brúa, án þess þó að verndargildi svæðisins rýrni.

Sérstaka verndin

Í greinargerð kemur fram að í Elliðaánum eru nokkrir fallegir fossar, ýmsar fallegar hraunmyndanir eru í dalnum og sjálfsáð birki er áberandi víða í dalnum.

Umhverfisstofnun bendir á að hraun, birki og fossar falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. ákvæðisins. Samkvæmt 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Að mati Umhverfisstofnunar er fjallað um vistkerfin og jarðminjarnar á ágætan hátt í greinargerð, hins vegar er mikilvægt að mati stofnunarinnar að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask verndarsvæðanna, sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Iceland
+354 591 2000
www.ust.is

hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á verndarsvæðum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu fram kvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir á að hraun fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í greinargerð tillögunnar eru sýnd á mynd 4. áhugaverð jarðfræðifyrirbæri.

Að mati Umhverfisstofnunar getur fyrirhuguð göngu- og hjólabrú, sem liggur samsíða Höfðabakka, raskað og haft neikvæð áhrif á jarðmyndanir sem eru skilgreindar sem áhugaverð jarðfræðifyrirbæri. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan sé í samræmi við 61. gr. náttúruverndarlaga og við valkostagreiningu að verndargildi hraunasvæða sé metið og m.a. tekið tillit til jarðmyndana.

Fossar falla undir b. lið 2. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga en þar segir að vernda skuli fossa og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki.

Í greinargerð kemur fram að markmið verkefnisins sé m.a. að skilgreina nánar hvar skal ekki stefnt að ræktun á frekari skógi og skilgreina sjónlínur vegna skógar. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdir, eins og stíga- og brúargerð, muni ekki hafa áhrif á ásýnd fossa en stofnunin bendir á að trjágróður getur spillt sýn að þeim.

Birki fellur undir b. lið 1. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdir eins og stígagerð geti haft neikvæð áhrif á birkið í dalnum.

Í greinargerð kemur fram að lega stíga á skipulagsuppdráttum er leiðbeinandi og að nánari lega er valin við hönnun m.t.t. landslags, staðhátta og hæðarlegu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan sé í samræmi við 61. gr. náttúruverndarlaga.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Iceland

+354 591 2000
www.ust.is

lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu, skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Fuglalíf - Kría

Í tillögunni er gerð grein fyrir nýjum göngu- og hjólastígum um dalinn og liggja nýir og núverandi stígar um mikilvæg fuglasvæði eins og þau eru skilgreind í greinargerð. Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdir og umferð gesta geta því haft neikvæð áhrif á fuglalíf í dalnum.

Í greinargerð kemur fram að fuglalíf í dalnum er umtalsvert og hefur m.a. kríu fjölgað. Umhverfisstofnun bendir á að kría er friðuð samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum á þann hátt að veiðirétthafa er heimilt að taka egg kríu en þó aldrei eftir 15. júní ár hvert.

Umhverfisstofnun bendir á að kría er skv. Bernarsamningnum, á válista sem tegund sem er í nokkurri hættu og ábyrgðartegund Íslands. (Sjá lista NÍ: https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla)

Í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Eitt af markmiðum náttúruverndarlaga er að varðveita tegundir lífvera og erfðafræðilega fjölbreytni þeirra og tryggja ákjósanlega verndarstöðu þeirra þannig að tegundirnar nái að viðhalda sér í lífvænlegum stofnum til lengri tíma á náttúrulegum búsvæðum sínum.

Í 3. mgr. 17. gr. náttúruverndarlaga, þar sem fjallað er um réttindi og skyldur almennings í tengslum við almannaréttinn, segir að sérstök aðgát skuli höfð í nánd við búsmala, selalátur, varplönd fugla o.fl.

Samkvæmt 4. mgr. 17. gr. náttúruverndarlaga skal sérstök aðgát höfð í nánd við varplönd fugla þá sérstaklega þar sem gert er ráð fyrir nýjum stígum. Elliðaárdalur er í C-hluta náttúruminjaskrár, því þarf að sýna sérstaka aðgæslu gagnvart vistgerðum, vistkerfum og tegundum á svæðinu til að koma í veg fyrir að náttúruleg útbreiðslusvæði eða búsvæði minnki og verndarstaða þeirra versni.

Bakkagróður

Að mati Umhverfisstofnunar geta fyrirhugaðar göngu- og hjólabrýr haft neikvæð áhrif á bakkagróður. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. náttúruverndarlaga skal við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skuli leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

UMHVERFIS
STOFNUN

Göngu- og hjólastígar

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við stígagerð verði öllu raski haldið í lágmarki og nýir stígar fylgi núverandi stígum eins og kostur er.

Umhverfisstofnun bendir í því samhengi á 6. gr. náttúruverndarlaga þar sem fjallað er um almenna aðgæsluskyldu, en þar segir: *„Öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.“*

Virðingarfyllst

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Hlín Gísladóttir
sérfræðingur

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Iceland

+354 591 2000
www.ust.is

Deiliskipulag Elliðaárdals
Athugasemdir reiðveganefndar Fáks

Meðfylgjandi er nokkrar ábendingar og athugasemdir reiðveganefndar Fáks við tillögu að nýju deiliskipulagi Elliðaárdals.

Í fylgiskjali er bréf og tillaga að reiðleið í neðri hluta Elliðaárdals, sem send var til borgarinnar 18.10 2017. Við teljum enn þá að Elliðaárdalur beri vel reiðleið á þessu svæði og myndi setja skemmtilegan svip á dalinn.

Í deiliskipulaginu eru nokkur atriði sem við viljum vekja athygli á:

1. Það vantar inn á kortið áningarstað hestamanna við Árbæjarstíflu.




2. Við Gömlu brúnna þarf að huga vel að útfærslum hvernig reiðleið og hjólandi og gangandi umferð á að samnýta brúnna. Það væri alveg full ástæða að hafa hestamenn í forgangi þarna, enda komnar nokkrar nýjar brýr fyrir gangandi og hjólandi yfir ána. Er hugsanlega hægt að byggja sér göngu og hjólabrú á þessum stað, hengja hana jafnvel utan á gömlu?

   Það væri líka gaman að nýta gömul vöð á ánni sem auka leið þegar vorar, mig minnir endilega að það hafi verið vað rétt hjá þar sem gamla vatnsveitan var, mætti gjarnan skoða.



3. Við Tröppubrú við Breiðholtsbraut sem væntanlega á að endurnýja er mjög vandasamur staður þar sem skaranir allra leiða eiga sér stað og hestamenn eru að koma undir Breiðholtsbrautina í frekar blindri beygju. Það hefur líka borið á því sérstaklega núna í vor að fólk er að villast á hjólum á reiðleiðina undir Breiðholtsbraut og hætta skapast þar sem menn sjá ekki fyrir beygjuna.
   Við leggjum til að fræðslustaðurinn verði færður hinum megin við ána til að minnka áreiti á þessum stað. Hér þarf að auka bil á milli leiða og skapa aðstæður þar sem sjónrænn vinkill er víðari fyrir ríðandi umferð, við óskum sérstaklega eftir að fá að vera í nánu samstarfi þegar þessi staður verður hannaður. Hugsanlega þyrfti að sveiga reiðleiðina meira til austurs til að skapa rýmd, en mikilvægast er að skoða þetta vel í heild sinni.



Við erum mjög ánægð með að fá að samnýta veiðislóðann meðfram Elliðaám næst Fákssvæðinu og sjáum fyrir okkur að tengja þá leið inn á Trippahring og um nýja leið að hesthúsum. En það er mjög mikilvægt að bílaumferð veiðimanna muni ekki tengjast inn á reiðleiðina, þar sem hún eyðileggur yfirborðið sem við viljum halda mjúku. Einnig skapar það hættu fyrir barna reiðskólana sem nýta þessa slóða mjög mikið á sumrin, en það hefur stundum verið kvartað yfir hraðakstri veiðimanna í gegnum hesthúsahverfið, þegar þeir eru að drífa sig á milli veiðistaða. Ef leyfa ætti rólegan akstur áfram meðfram ánni eins og við höfum haft veður af að veiðimenn óski eftir, þá gæti malbikaða gönguleiðin, eða nýja hjólaleiðin nýst í það.

Með von um góð viðbrögð og gott áframhaldandi samstarf á þessu einstaka svæði borgarinnar.

Reykjavík 12.05.2020

Fyrir hönd hestamannafélagsins Fáks

formaður reiðveganefndar

Dagný Bjarnadóttir

Ný reiðleið í Elliðaárdal

Fákur óskar eftir að skipulögð verði ný reiðleið í neðri hluta Elliðaárdals samkvæmt meðfylgjandi teikningu. Stórn Fáks harmar að ekki hafi verið haft samráð við félagið þegar ákveðið var einhliða að breyta núverandi reiðleið neðan við stíflu í hjólastíg.
Hestamenn vilja vera í sátt við alla útivistarhópa í dalnum og telja að auðveldlega megi koma öllum fyrir án árekstra, sé það skipulagt með skynsamlegum hætti.
Stjórn Fáks bað Dagnýju Bjarnadóttur landslagsarkitekt sem nýlega tók við keflinu sem formaður reiðveganefndar Fáks að skoða mögulegar lausnir á reiðleið í neðri hluta dalsins, einnig með það í huga að enn eru hestamenn að nýta hesthúsin í Neðri Fák. Fákur hefur einnig átt samtal við borgina um að efla þjónustuna þar fyrir börn -og unglinga, jafnvel með meðferðarúrræði í huga fyrir þau sem af ólíkum ástæðum standa höllum fæti í lífinu. Svæðið hefur líka verið vinsælt af yngri og eldri kynslóðinni og vegna góðrar tengingar við almenningssamgöngur.

Það er ljóst að ekkert rými er fyrir báðar leiðirnar samliggjandi megnið af leiðinni vegna náttúrulegra aðstæðna, þess vegna er lagt til að reiðleiðin verði lögð inn í Árhólma og þar skapaður skemmtilegur hringur sem myndi nýtast hestamönnum í dalnum til langrar framtíðar. Frá hólmanum er gert ráð fyrir leið að hesthúsunum í Neðri Fák yfir göngu -og reið brú að núverandi undirgöngum.

Á leiðinni yrði komið fyrir tveimur áningagerðum, annar vegar í nágrenni við hitaveituskúra og hins vegar inn í hólma. Einnig yrði byggð ný göngu -og reiðbrú, en reiðleiðin liggur um nyrðri hluta hólmans sem mun minna er nýttur en sá hluti sem liggur næst Indjánagili.


Hestamenning á sér langa hefð í Elliðaárdalnum og við erum svo heppin að hafa í skipulagi borgarinnar haldið eftir þessu einstaka svæði til útivistar fyri fjölbreytta flóru útivistarfólks.
Við fögnum nýrri hjólaleið í dalnum verði borgin við þeirri beiðni að leysa reiðleiðina með þeim hætti sem hér er lagt til.

Félagsheimili Fáks í Elliðaárdal
Reykjavík 18.10.2017

Hjörtur Bergstað formaður Fáks og
Dagný Bjarnadóttir formaður reiðveganefndar Fáks




DEILISKIPULAGSBREYTING 1:2000



GILDANDI DEILISKIPULAG 1:3000

SKÝRINGAR

- MÖRK DEILISKIPULAGSBREYTINGAR
- LÓÐIR / DÆLUHÚS ORKUVEITU REYKJAVÍKUR
- NÝR HJÓLASTÍGUR
- BYGGINGAR INNAN ÁHRIFASVÆÐIS SKIPULAGSSVÆÐIS
- BYGGINGAR UTAN ÁHRIFASVÆÐIS SKIPULAGSSVÆÐIS
- GÖNGUSTÍGUR
- NÚVERANDI REIÐLEIÐ
- AKVEGUR
- NÝR AKVEGUR SKV. SKIPULAGI
- BRÁÐABIRGÐA VEGIR/ VEGIR SEM FARA
- FYRIRHUGAÐUR VEGUR
- GRÓÐUR
- HEITT VATN
- KALT VATN
- NÚVERANDI UNDIRGÖNG
- Hjólatenging við núv stíg
- Ný reiðleið
- Áningastaður hestamanna



HLUTI AÐALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2010 - 2030

Elliðaárdalur-deiliskipulagsbreyting
Reiðstígur breytist í hjólastíg

GREINARGERÐ:
Deiliskipulagsbreyting þessi felst í því að núverandi reiðstíg í Elliðaárdal er breytt í hjólastíg í ljósi þess að hesthúsabyggð hefur verið aflögð á Sprengisandi við Bústaðaveg. Reiðstígur er aflagður á svæðinu milli Sprengisands og að stíflu í Elliðaárdal við Höfðabakka. Svæðið sem breytingin nær til afmarkast að mestu af 5 metra svæði sitt hvoru megin við núverandi reiðstíg, frá gerði hestamanna við stífluna að undirgöngum undir Reykjanesbraut til vesturs. Nýr stígur víkur lítilsháttar frá reiðstíg á um 150m kafla rétt sunnan undirganga undir Reykjanesbraut. Samanlögð lengd hjólastígsins er um 1650m. Gert er ráð fyrir að nýr stígur verði 2,5 metra breiður, malbikaður og upplýstur, með miðlínu og akstursstefnu hjóla í báðar áttir.
Deiliskipulagsbreytingin kallar einnig á breytingu á aðalskipulagi og er gert ráð fyrir að aðalskipulagstillaga verði auglýst samhliða breytingu á deiliskipulagi.
Að öðru leyti gildir deiliskipulagsbreyting og greinargerð sem samþykkt var í borgarráði 18. febrúar 2010 og deiliskipulag og greinargerð sem samþykkt var í borgarsjórn 19. maí 1994.

Markmið og samræmi við aðrar áætlanir
Breytingin er í samræmi við Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2015-2020 og markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 um uppbyggingu hjólastígakerfis.

Markmið og tilgangur:
-Styðja við markmið aðalskipulags um eflingu hjólreiða sem samgöngumáta.
-Að framfylgja Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2015-2020 um uppbyggingu hjólastígakerfis
-Tryggja öruggari og skilvirkari hjóla- og gönguleiðir
-Lágmarka rask við gerð hjólastígsins

Möguleg áhrif á trjágróður
Deiliskipulagsbreytingin er ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Hins vegar verður gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum breytingarinnar skv. 12. gr. skipulagslaganna. Þar ber helst að nefna rask á núverandi trjágróður sem þó er talið óverulegt, þar sem nýr stígur er að mestu lagður í legu núverandi reiðstígs.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1 mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
frá ________________ til ________________
var samþykkt í ____________________ Sveitarfélagsins Reykjavík
þann ________________

____

Deiliskipulagsbreyting þessi öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann ________________

Ný reiðleið í Elliðaárdal

Tillaga hestamannafélagsins Fáks um nýja reiðleið í stað þeirrar sem var breytt í hjólaleið.

Dags : 18.10.2017

Hestamenn eru einn af mörgum útivistarhópum í dalnum og telja að leysa beri reiðleiðir samhliða öðrum útuvistarleiðum. Við erum mjög sátt við að eftirláta hjólreiðamönnum gömlu reiðleiðina komi þessi í staðinn. Leiðin myndi nýtast hestamönnum í dalnum til framtíðar óháð því hvort hesthúsin í neðri Fáki standi áfram eða ekki. Þó er nauðsynlegt að leysa reiðleið að þeim meðan enn er starfsemi þar og reiðleiðin myndi jafnframt nýtast til þess.

Tillagan er unnin ofan á gildandi deiliskipulagsuppdrátt

ELLIÐAÁRDALUR-DEILISKIPULAGSBREYTING
NORÐAN STEKKJARBAKKA
REIÐLEIÐ VERÐUR AÐ HJÓLASTÍG


KVARÐI-A1:	1:2000 / 1:3000	TEIKN NR:	1 af 1
DAGS:	19.04.17	HANNAÐ:	ÞH/GRG
FLOKKUR:	0000-reyk-elli	TEIKNAÐ:	GRG
SKRÁ:	16213-gm.dwg	VERKNR:	16213

LANDSLAG

Dags. 14.maí 2020

Deiliskipulag Elliðaárdals - athugasemdir

1. Sýna göngu- og hjólastíg meðfram Rafstöðvarveginum. Hluti rafstöðvarvegar sem sýndur er norðan megin götunnar gæti verið útfærður sem einskonar hjólagata eða 2-1 lausn þar sem stígar eru beggja vegna í götu og ein akrein í miðju..
2. Sýnum tvöfallt kerfi yfir báðar kvíslar árinnar. Gert sé ráð fyrir því að brýr verði tvöfalldar á stofnleið hjólaleiða í framtíðinni sem núna eru einbreiðar.



Dags. 14.maí 2020


1. Lagt er til að leiðbeinandi lega fyrir hjólastíg verði sýnd samsíða núverandi stíg eins og teiknað er inn á myndina hér að neðan að deiliskipulagsmörkum. Hvort síðan verður aðskilið kerfi þarna eða ekki verður tíminn og eftirspurnin að leiða í ljós. Þessi leið er mikilvæg viðbót fyrir hugsanlegatengingu hjólaleiðar sem síðar mun tengjast hjólaleið með Arnarneshæðinni.
2. Sýna leiðbeinandi legu fyrir tvöfallt kerfi meðfram Breiðholtsbrautinni
3. Sýna tvöfallt kerfi yfir brú (Dimmu)



Dags. 14.maí 2020

1. Lagt er til að bæta við hjólastígtengingu úr dalnum og upp í efra breiðholt, sjá mynd. Skv. stefnumörkun úr Hverfaskipulaginu verður gert ráð fyrir hjólastíg í gegnum hverfið eins og sjá má á mynd. Hvernig síðan útfærslan verður á þessum stíg verður einnig að ráðast svo í samræmi við landslag og aðstæður.

2. Það vantar inn á skipulagið nýja göngu- og hjólastíginn upp í Selás. Sjá gulan stíg á mynd.



Umsögn frá skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Kristinn Jón Eysteinsson

MINNISBLAÐ

Viðtakandi:	Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar (skipulag@reykjavik.is)
Sendandi:	Orkuveita Reykjavíkur.
Dagsetning:	18 maí 2020
Efni:	**Ábendingar og athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi fyrir borgargarðinn í Elliðaárdal.**

Orkuveita Reykjavíkur (OR) óskar eftir að tekið sé tillit til eftirfarandi athugasemda við tillögu að deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal.

1. Lóð félagsheimilis Orkuveitu Reykjavíkur.

OR óskar eftir því að fá stærri lóð utanum félagsheimili starfsmannafélag fyrirtækisins í Elliðaárdal. Núverandi mörk ná ekki utanum starfssemina enda hugsuð til bráðabirgða til að farið yrði í endurskoðun á skipulagi dalsins.

OR leggur til meðfylgjandi tillögu þar sem hún nær utanum bílastæði og rótþró.

Frekari skilmálar eru síðan tiltekin í lóðarleigusamningi.

Sjá fylgiskjal með ábendingu: **17183-Lodarmork-3**

2. Sögu-, og tæknisýning í Elliðaárdal.

Orkuveita Reykjavíkur stefnir að gerð sögu-, og tæknisýningar í Elliðaárdal. OR óskar eftir að tekið sé tillit til eftirfarandi beiðna og athugasemda og að tillaga að deiliskipulagi sé uppfærð til samræmis við þær.

Til nánari útskýringar við eftirfarandi beiðnum er vísað í fylgiskjal: **Ábendingar_OR**

A:
Hér þyrfti að gera ráð fyrir að rútur megi stoppa tímabundið og hleypa út gestum á sögu- og tæknisýningu.

B:
Hér þyrfti að gera ráð fyrir byggingarreit undir skýli yfir höggbor. Stærð skýlis allt að 100 fm.

C:
Hér þyrfti að gera ráð fyrir byggingarreit undir tæknirými neðanjarðar í tengslum við vatnsleikjasvæði. Rýmið er tiltekið í texta á bls. 24.

D:
Hér er gert ráð fyrir að stofnstígur liggi milli rafstöðvar og straumskiptistöðvar, sveigi svo til austurs milli kaffihúss og straumskiptistöðvar og sveigi loks til suðurs austan við skemmu, þar sem hann myndar beina línu að Dofra (lega sýnd með bleikri línu).

E:
Svæðið milli húsanna á rafstöðvarreit á skv. hönnun að vera laust við umferð

bifreiða. Gráa svæðið á myndinni þarf því að skilgreina sem bifreiðalaust almenningsrými.

F:
Skv. húsakönnun frá 2003 (skýrsla nr. 100) er þessi skemma ekki friðuð. Hún er reist árið 2000 skv. húsaskrá en teikningar eru frá 1998.

***

OR leggur til eftirfarandi breytingar (í rauðu) á texta til þess að endurspegla nánar hönnun svæðisins:

Bls. 21 („Stefnumörkun og skilmálar“)

Vegir eru að mestu í norðausturenda dalsins, við gamla Ártún og Rafstöðvarsvæðið. Aðrir vegir eru veiðislóðar. Gert er ráð fyrir að Rafstöðvarvegur verði breytt í vistgötu frá Rafstöðvarsvæðinu að Höfðabakka. Þar er í dag mikil umferð hjólandi og gangandi vegfarenda og eðlilegt að sú umferð fái forgang fram yfir akandi umferð, auk þess sem akandi umferð er mjög lítil á þessum kafla. Enn fremur er gert ráð fyrir að akandi umferð verði aflögð á Rafstöðvarsvæðinu (við Rafstöðvarveg 6-14) og bílastæðum þar breytt í almenningsrými.


Bls. 24 („Stefnumörkun og skilmálar“)


Rafstöðvarsvæði (Rafstöðvarvegur 6-14)
Áætlanir eru um að í fasteignum á Rafstöðvarsvæðinu (Rafstöðvarvegi 6-14) verði komið upp sögu- og tæknisýningu á vegum Orkuveitu Reykjavíkur. Ásamt fræðslustarfsemi er gert ráð fyrir kaffihúsi og leikvænu fræðslusvæði á svæðinu í kringum byggingarnar.

Gert er ráð fyrir að byggt verði nýtt glerhýsi fyrir kaffihús sem tengir saman Rafstöðvarveg 10 og 12. Glerhýsið er að hámarki 100 m2 og samsvari hæðum aðliggjandi bygginga og mænishæð verði að hámarki 6 metrar.

Jarðborinn Dofri og höggbor.
Áform eru uppi um að koma fyrir á sýningarsvæðinu Jarðbornum Dofra (35 m hár) og öðrum höggbor (15 m hár). Yfir höggborinn verður reist skýli. Tryggja skal vandlega alla jarðfestu og öryggismál.

Vatnsleikjagarður.
Áformað er að byggja vatnsleikjagarð á garðflötum sunnan rafstöðvarbygginganna á grundvelli hugmynda úr samkeppni um sýningarsvæðið. Þar verða rennibrautir byggðar utan í nýjan manngerðan hól. Í hólnum má koma fyrir tæknirýmum í tengslum við vatnsleikjagarðinn og sýningarsvæðið.


A
6
14
8
E
12
10
F
D
B
C
9
13
Ullarfoss



ORKUVEITA REIKJAVÍKUR

FÉLAGSKEIMILI R.R

LÓÐARBLAÐ _ TILLAGA 3

KVARÐI-A4:	1:1000	TEIKN NR:	003
DAGS:	22.02.2018	HANNAÐ:	fk
FLOKKUR:	0000-reyk-elli/A	TEIKNAÐ:	fk/er
SKRÁ:	17183-gm.dwg	VERKNR:	17183

LANDSLAG

X:\0-VERK\0000-REYK-ELLI\A\17183-RAFSTODVARHEIMILI-DSK\TEIKN\DWG\17183-GM.DWG

Reykjavík, 18. maí 2020

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartún 12 – 14
105 Reykjavík

Umsögn Veitna um tillögu að deiliskipulagi Elliðaárdals

Veitur ohf. hafa fengið til umsagnar tillögu að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals, dags. 10. febrúar 2020 og auglýst 16. mars – 18. febrúar.

Deiliskipulagið samanstendur af eftirtöldum gögnum: *forsendum deiliskipulags , greinargerð með stefnumörkun og skilmálum deiliskipulags, þremur deiliskipulagsuppdráttum og yfirlitsuppdrætti.*

Haft var samráð við Veitur við gerð deiliskipulagsins og komu Veitur athugasemdum á framfæri. Eftir að hafa rýnt tillöguna óska Veitur að benda á eftirfarandi þætti:

Greinargerð með stefnumörkun og skilmálum deiliskipulags:

Í kafla 2.1. í greinargerðinni stendur *„Veitur reka áfram hitaveitu í dalnum, en aðalæðar hitaveitu liggja í gegnum svæðið. Þar eru átta borholur þar sem jarðhiti hefur verið nýttur, flestar af þeim eru í nálægð við svæði Stekkjarbakka og því að mestu utan afmörkunar skipulags fyrir Elliðaárdalinn“.*

Nauðsynlegt er að uppfæra þennan texta og bæta við umfjöllun um aðrar veitur. Mikilvægar stofnlagnir Veitna liggja þvera skipulagssvæðið. Framkvæmdir Veitna standa nú yfir í Elliðadal og er markmið þeirra framkvæmda að styrkja dreifikerfið með endurnýjun hitaveitu- og vatnslagna og nýjum háspennustrengjum.

<u>Hitaveita:</u>

Stofnlögn hitaveitu liggur frá Ártúnsbrekku vestur yfir Reykjanesbraut og er megin flutningsæð hitaveitu til borgarinnar. Hitaveitulögnin er nú í stokk yfir ána, en nýjar hitaveitulagnir hafa verið lagðar undir Elliðaárnar og verða teknar í notkun 2021. Núverandi lega stofnæða hitaveitu eru sýndar á mynd 1 í viðhengi (gulmerktar). Enn fremur er fjöldi borhola innan skipulagssvæðisins sem tryggja þarf aðgang Veitna að til framtíðar. Mikilvægt er að fjallað um þessar holur í greinargerð.

<u>Rafmagn:</u>

132 kV háspennustrengur innan skipulagssvæðisins og fjöldi háspennustrengja við Rafstöðvarveg, sjá mynd 2 og mynd 3.

<u>Neysluvatn:</u>

Stofnæð neysluvatns sem liggur í austurhluta dalsins neðan Höfðabakka, en áformað er að afleggja lögnina þegar framkvæmdum við nýjar lagnaleiðir lýkur. Ný lega stofnæða neysluvatns er samsíða háspennustrengjum rafmagns í Rafstöðvarvegi.

Enn fremur liggur stállögn í Elliðaárdal ofan stíflu (eftir Vatnsveituvegi). Lögnin er komin til ára sinna og er viðkvæm fyrir hnjaski en Veitur áforma að endurnýja lögnina (mynd 4).

<u>Fráveita:</u>

Stofnlagnir fráveitu liggja frá Árbæ, Selás, Breiðholti og Norðlingaholt í gegnum deiliskipulagssvæðið ofan stíflu (mynd 5).

EBV-150-02

Uppdráttur með staðsetningu veitumannvirkja


Taka þarf tillit til lagna Veitna í staðsetningu stíga og er æskilegt að stofnlagnir séu merktar, t.d. þemauppdrætti sem sýnir staðsetningu veitumannvirkja til að forða þeim frá raski.


f.h. Veitna




Hólmfríður Bjarnadóttir
Umhverfis- og skipulagsstjóri Veitna


EBV-150-02


Sjávarfoss
Bíldshöfði
Axarhöfði
Straumur
Strengur
R-24
H-38
AR-01
AL-02
Árhólmar
Rafstöðvarvegur
Ullarfoss
R-41
H-42
R-22*
Kermóafoss
Kermóar
AL-01
R-23
R-37
R-30
R-26
R-25
R-27
H-41
H-35
Elliðaárdalur
R-36
R-39
Stekkjarbakki
R-29
R-28
R-31
Höfðabakki


Sjávarfoss
Ullarfoss
Árhólmar
Rafstöðvarvegur
Bíldshöfði
Tangarhöfði
Axarhöfði
Straumur
Strengur
Urriðakvísl
Álakvísl
Birtingakvísl
Bleikjukvísl
Bröndukvísl
Silungakvísl
Silakvísl
Fiskakvísl
Nethylur
Seiðakvísl
Laxakvísl
Höfðabakki
Bæjarháls
Hraunbær
Ásendi
Vogaland


Sjávarfoss
Axarhöfði
Vesturlandsvegur
Straumur
Grjóthálsi
Úrriðakvísl
Álakvísl
Birtingakvísl
Bleikjukvísl
Bröndukvísl
Fosshálsi
Silungakvísl
Silakvísl
Strengur
Fiskakvísl
Nethylur
Draghálsi
Seiðakvísl
Arkvörn
Laxakvísl
Kistuhylur
Höfðabakki
Hraunbær
Ullarfoss
Kermóafoss
Kermóar
Elliðaár
Elliðaárdalur
Stekkjarbakki
Fremristekkur
Urðarstekkur
Hamrastekkur
Hornistekkur
Skriðustekkur
Álfabakki
Vesturhólar
Fylshólar
Másholar
Norðurhólar
Elliðaárdalur ofan stíflu


Sjávarfoss
Axarhöfði
Vesturlandsvegur
Stálpípa
Árhólmar
Úlfarsfoss
Ráfstöðvarvegur
Kermóafoss
Kermóar
Ellliðaárdalur
Stekkjarbakki
Höfðabakki
Breiðholtshvarf
Ellliðaárdalur ofan stíflu
Fylkir Íþróttasvæði
Reykjav
Dragháls
Fossháls
Grjóthálsi
Jarnhálsi
Fyrirhálsi
Hraunbæ
Rofabæ
Premó
Ductil
Plast
Stál
Pottur
Opekkt


Veldu staðsetningu
Sjávarfoss
Vesturlandsvegur
Ullarfoss
Kermóafoss
Kermóar
Elliðaár
Elliðaárdalur
Elliðaárdalur ofan stíflu
110 Reykjavík
Stekkjarbakki
Höfðabakki
Fylkir Íþróttasvæði
Suðurlandsvegur
Selás
Breiðholtshverfi

USK Skipulag

Frá: Ólafur Haraldsson <fgr@fgr.is>
Sent: mánudagur, 18. maí 2020 22:16
Til: USK Skipulag
Afrit: Íslenska frisbígolfsambandið; Björn Ingi Edvardsson
Efni: Elliðaárdalur, ábendingar og athugasemdir við deiliskipulag
Viðhengi: Frisbígolfvöllur Breiðholt.pdf

Fyrir hönd Frisbígolffélags Reykjavíkur og Íslenska frisbígolfsambandsins sendum við eftirfarandi ábendingu varðandi deiliskipulag Elliðaárdals:

Inn á deiliskipulagsuppdráttinn vantar níu brauta frisbígolfvöll sem liggur frá Fella- og Hólakirkju í hring niður í dalinn og til baka aftur. Á meðfylgjandi mynd má sjá rauðmerkt það svæði sem núverandi völlur liggur um. Svo virðist sem færa þurfi braut/brautir vegna lagningar hjólastígs yfir svæðið austanvert.

Þarna eru miklir möguleikar á að stækka frisbígolfvöllinn úr 9 í 18 brautir með einföldum og hagkvæmum hætti. Til norðurs er fallegt og gróið landslag sem býður upp á mikla möguleika. Eins er talsvert svæði sunnanvert sem hægt væri að vinna með. Allt þyrfti þetta að ákvarðast í samhengi við önnur áform á þessu svæði og finna brautunum stað þar sem þær geta verið í góðri sátt við göngustígakerfi og aðra umferð.

Meðfylgjandi er uppdráttur með einfaldri skýringarmynd sem sýnir staðsetningu núverandi vallar og tillögur að mögulegum svæðum fyrir stækkun vallarins og færslu þeirra brauta sem þurfa ef til vill að víkja fyrir hjólastíg.

Með bestu kveðju,
Ólafur Haraldsson
Formaður Frisbígolffélags Reykjavíkur

Birgir Ómarsson
Formaður Íslenska frisbígolfsambandsins

FRISBÍGOLFFÉLAG
REYKJAVÍKUR
fgr@fgr.is

Möguleg stækkun

Núverandi völlur

Möguleg stækkun

Elliðaár

Elliðaár

Grænagróf

Breiðholtsbraut

Mótmæli og athugasemdir frá Hollvinasamtökum Elliðaárdalsins við tillögu að deiliskipulagi fyrir borgargarðinn í Elliðaárdal, sbr. auglýsingu á vef Reykjavíkurborgar.

Þær skipulagshugmyndir sem nú liggja fyrir um Elliðaárdalinn eru hálfdrættingur við það sem þáverandi borgarstjóri kynnti fyrir Hollvinasamtökum Elliðaárdalsins á vormánuðum 2014 á aðalfundi samtakanna í aðdraganda borgarstjórnarkosninga þá um vorið. Þá var talað um tæplega 400 hektara sem yrðu verndarsvæði sem kallast borgargarður, en núna búið að minnka niður í 205 hektara.

Hollvinasamtök Elliðaárdalsins vilja einnig taka fram að rangt er farið með í því kynningarefni sem dreift er með þessari skipulagstillögu að samráð hafi verið haft við samtökin. Það var ekkert samráð haft við endanlega skipulagstillögu sem nú liggur fyrir. Hið rétta er að við vorum boðuð á fundi með Þráini Haukssyni frá Landslagi, þann fund sátu einnig einhverjir starfsmenn frá borginni. Á þeim fundi var verið að spyrja okkur hvaða hugmyndir við hefðum fyrir dalinn, en aldrei hefur okkur verið kynnt þetta skipulag sem nú er í kynningarferli formlega á neinn hátt áður en það var birt. Hollvinasamtökin harma þessi vinnubrögð.

Með þessari skipulagstillögu er verið að festa í sessi að minnka dalinn frá því sem talað var um 2014 úr tæplega 400 hektara svæði og niður í rúmlega 200 hektara. Borgargarðurinn verður samkvæmt þessu eingöngu svæði rétt við árbakka Elliðaáa. Búið er að taka út stór svæði eins og:

- Efst í Elliðaárdalnum við Breiðholtsbraut er búið að færa svæðið að göngustíg við árnar.
- Gert er ráð fyrir byggingarsvæði efst við Suðurfell, sem kemur til með að eyðileggja vinsæla 10 km hlaupaleið í dalnum og notuð til keppni. Sérstaða þessa hlaups er að hvergi þarf að þvera umferðaæðar, en með þessum byggingaráformum er þessi möguleiki eyðilagður.
- Svæði frá Rafstöðvarvegi að Ártúnsholti er tekið út úr dalnum. Einnig svæði við Stekkjarbakka. Þessi áform eyðileggja ásýnd dalsins. Verði þessi tillaga samþykkt verður þess ekki langt að bíða að það útsýni sem nú er af Höfðabakkabrú sýni einungis Hólmann á milli kvísla Elliðaána, svo til eina óbyggða svæðið í neðri hluta dalsins.

Brú sú sem reisa á milli Höfðabakkabrúar og stíflunnar þarf að færast niður fyrir Höfðabakkabrú og hafa á henni möguleika að gera gönguleiðir efst í hólmanum. Með því mætti líka koma tengingu á nýjan stíg sem Orkuveitan ætlar að gera samkvæmt nýjum hugmyndum sem unnu í hugmyndasamkeppni þeirra um nýtingu útivistarsvæðisins norðanmegin dalsins fyrir neðan Höfðabakkabrú og að Rafstöðvarsvæðinu.

Nýir reiðstígar við Elliðaárnar eru í hróplegu ósamræmi við þá staðreynd hversu mikið gróðurfar í ánni við brúna á Breiðholtsbraut hefur tekið miklum breytingum. Ekki er hægt að benda á aðrar orsakir fyrir þessu en mikla aukningu hestaumferðar þarna við ánna. Þetta þarf að skoða sérstakalega og gera bragarbót á.

Þetta mikla magn af nýjum stígum og brúarmannvirkjum sem leggja á í dalnum þarf að skoða betur og ekki síst útfærslu þessara mannvirkja þannig að sem minnst röskun verði á gróðurfari og ásýnd dalsins. Það þarf líka að taka með í reikninginn að aðskilnaður sérhæfðra hjólastíga og svo almennra göngu og hjólastíga þarf að vera skýrari en hann er í dag, til að kappkosta að draga úr slysum.

Einnig er gerð athugasemd við það að í tillögunni er skíðabrekkan í Elliðaárdalnum ekki innan borgargarðsins.

Gerð er athugasemd um að ekki sé skilgrein göngu- og hjólleið með Rafstöðvarveigi frá stíflu að rafstöðvarsvæði.

Einnig hefði verið eðlilegt að hafa Árbæjarsafnið innan borgargarðsins.

Að áliti stjórnar Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins hefur hlutverk þessarar útivistarperlu sem er innan borgarmarka Reykjavíkur sjaldan eða aldrei verið þýðingarmeiri en í þeim heimsfaraldri sem nú geisar og ætti að vera ráðamönnum borgarinnar víti til varnaðar að halda ekki áfram að skemma þetta einstaka svæði sem enn er hægt að venda.

Með von um að borgaryfirvöld taki mið af þessum athugasemdum og mótmælum við samþykkt tillögu að deiliskipulagi fyrir borgargarðinn í Elliðaárdal

Reykjavík 18. maí 2020
F.h. Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins

Halldór Páll Gíslason (sign), formaður.

USK Skipulag

Frá: Heimir Snær Guðmundsson
Sent: þriðjudagur, 19. maí 2020 10:12
Til: USK Skipulag
Efni: Umsögn nokkurra fulltrúa í íbúaráði Árbæjar og Norðlingaholts um deiliskipulagstillögu fyrir Elliðaárdal
Viðhengi: Íbúaráð Árbæjar Elliðaárdalur.pdf

Góðan dag.

Í viðhengi er umsögn nokkurra fulltrúa í íbúaráði Árbæjar og Norðlingaholts um tillögu að deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal.

Með kveðju
Heimir Snær Guðmundsson

Starfsmaður íbúaráða
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar/
Reykjavík's office of Human Rights and democracy
Ráðhús Reykjavíkur/Reykjavík City Hall
Netfang/Email: Heimir.Snaer.Gudmundsson@reykjavik.is
Sími/Tel: +354 665 4855

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: https://reykjavik.is/trunadur

_____
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: http://www.reykjavik.is/trunadur

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Íbúaráð Árbæjar- og Norðlingaholts hefur tekið til umfjöllunar deiliskipulagstillögu að Elliðaárdal sem auglýst var 16.03.2020.

Íbúaráð fagnar því að Elliðaárdalur verði borgargarður og að framtíð hans verði fest í sessi með deiliskipulagi. Ráðið leggur áherslu á að uppbygging mannvirkja í dalnum verði takmörkuð sem mest og helgist í framtíðinni af þörfum dalsins sem útivistarsvæði. Tryggt verði að uppbygging atvinnu- og íbúðarhúsnæðis verði ekki innan svæðisins.
Íbúaráð leggur áherslu á að nauðsynlegar framkvæmdir sem ráðist verður í við samgöngumannvirki s.s. göngubrýr og stíga innan svæðisins verði í sátt við viðkvæmt umhverfi þess og valdi ekki óþarfri röskun.
Loks leggur íbúaráð áherslu á að nauðsynlegri umhirðu borgargarðsins verði sinnt og fjármagni úthlutað til þess verks í samræmi við stærð og umfang svæðisins.

Þorkell Heiðarsson, Formaður

Ásta Katrín Hannesdóttir, Varaformaður

Elvar Örn Þórisson, Fulltrúi íbúasamtaka

Eva Leplat Sigurðsson, Slembivalinn fulltrúi

Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis
Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Guðný Gerður Gunnarsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.
gudnygerdur@minjastofnun.is

Reykjavíkurborg – Umhverfis- og skipulagssvið
Skipulagsfulltrúi
Borgartún 12-14
105 Reykjavik

Reykjavík 4.6.2020
MÍ202003-0115/ 6.09 / 5712

Efni: Elliðaárdalur Reykjavík - umsögn um tillögu að deiliskipulagi

Með tölvupósti dagsettum 18. mars 2020 óskaði skrifstofa skipulagsfulltrúa eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi Elliðaárdals. Beðist er velvirðingar á því að vegna mikilla anna hjá Minjastofnun hafa orðið tafir á því að senda umsögn.
Eftirtalin gögn voru sótt á vef Reykjavíkurborgar:

- Deiliskipulag - tillaga, skipulagsuppdráttur í þremur hlutum: suðurhluti, miðhluti, norðurhluti. Landslag 10.02.2020.
- Deiliskipulag - tillaga, skýringaruppdráttur, yfirlitsmynd, dagsett 10.02.2020. Landslag.
- Elliðaárdalur, deiliskipulag, tillaga. Stefnumörkun og skilmálar, dagsett 10.02.2020. Landslag, unnið fyrir umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.
- Elliðaárdalur. Forsendur deiliskipulags, dagsett 10.02.2020. Landslag, unnið fyrir umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt 16. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012 (hér eftir nefnd minjalög): *„skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.“* Á grundvelli þessarar ákvæða minjalaga hefur Minjastofnun Íslands sett reglur um skráningu jarðfastra menningarminja nr. 620/2019, þar sem segir í 4. grein um skráningu minja vegna deiliskipulags: *„Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags skal vinna í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands um fornleifaskráningu. Sýnilegar fornleifar skulu mældar upp og útlínur skráðra fornleifa skulu færðar inn á skipulagsuppdrátt þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna. Skrá skal friðuð, friðlýst og varðveisluverð hús, húsasamstæður og mannvirki á deiliskipulagsreit í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands um húsaskráningu, sbr. einnig húsakönnun skv. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á deiliskipulagsuppdrætti skal sýna staðsetningu húsa og*

mannvirkja sem falla undir lög um menningarminjar og umfang þeirra.“

Minjastofnun vill benda á að á deiliskipulagsuppdrætti og í greinargerðum sem eru hluti tillögunnar: *Stefnumörkun og skilmálar* og *Forsendur deiliskipulags*, er auðkenning minja og umfjöllun um þær víða ófullnægjandi. Sérstaklega skal bent á að umfjöllun um hús og mannvirki Elliðaárvirkjunar og Rafstöðvarinnar við Elliðaár er mjög ónákvæm. ***Hús og mannvirki Elliðaárvirkjunar*** voru friðuð af mennta- og menningarmálaráðherra samkvæmt lögum um húsafriðun nr. 104/2001 og teljast nú friðlýst samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Skrá yfir hús friðlýst hús og mannvirki er að finna á vef Minjastofnunar, og þar kemur fram umfang friðlýsingar hvers húss og mannvirkis: http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/reykjavik/nr/807

Í *Forsendur deiliskipulags* (bls. 19) stendur: „sum þessara mannvirkja er friðuð“. Hér skal bent á að í lögum um menningarminjar er gerður greinarmunur á friðuðum og friðlýstum húsum og mannvirkjum og eins og þegar hefur verið gerð grein fyrir eru hús og mannvirki Elliðaárvirkjunar ***friðlýst.*** Friðlýsing er þinglýst kvöð á fasteign og því sterkari verndun en friðlýsing vegna aldurs, sem hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri njóta. Í kafla 5 *Sérákvæði* (bls. 24) er fjallað um Rafstöðvarsvæðið og fyrirhugaða tengibyggingu milli húsa við Rafstöðvarveg 10 og 12. Þau hús eru friðlýst og þar þarf að koma fram að leyfi Minjastofnunar þarf ef gera á breytingar á friðlýstum húsum og mannvirkjum, sbr. 29. grein minjalaga.

Minjastofnun Íslands hefur ekki borist skráning menningarminja; forleifa, húsa og mannvirkja, en er kunnugt um að Borgarsögusafn vinnur að skráningu á deiliskipulagssvæðinu. Eins og bent er á er umfjöllun um menningarminjar í greinargerðum ófullnægjandi og er sýnt er að það mun þurfa að endurskoða þær þegar niðurstöður skráningar menningarminja liggja fyrir. Minjastofnun getur ekki veitt umsögn um tillögu að deiliskipulagi Elliðaárdals fyrr en skráning menningarminja hefur borist stofnuninni og mun þá meta hver áhrif deiliskipulagið hefur á fornleifar, hús og mannvirki innan deiliskipulagssvæðisins.

Virðingarfyllst,

Guðný Gerður Gunnarsdóttir
minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Afrit sent:
Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Afrit sent í tölvupósti:
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur (skipulag@reykjavik.is)
Borgarsögusafn Reykjavíkur (minjavarsla@reykjavik.is)

Reykjavík, 16. júní 2020
R20050088

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14

105 REYKJAVÍK

Efni:
Deiliskipulag fyrir borgargarð í Elliðaárdal -
umsögn og bókanir á fundi íbúaráðs
Breiðholts
Á fundi íbúaráðs Breiðholts þann 10. júní 2020 fór fram umræða um umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir borgargarðinn í Elliðaárdal, sbr. 6. lið fundargerðar.
Fulltrúi Samfylkingar, fulltrúi Viðreisnar, fulltrúi íbúsamtaka, fulltrúi foreldrafélaga og fulltrúi slembivalinna lögðu fram sameiginlega umsögn.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks lagði fram svohljóðandi bókun:

Það svæði sem nú er skilgreint sem þróunarsvæði undir atvinnustarfsemi við Stekkjarbakka er undanskilið fyrirliggjandi deiliskipulagi Elliðaárdals. Það er miður. Eðlilegast hefði verið að skilgreina borgargarðinn víðar og ná þannig sátt um mörkun dalsins eins og lagt var upp með í skýrslunni „Sjálfbær Elliðaárdalur – Stefna Reykjavíkur“ sem lokið var við 31. ágúst 2016. Til að mynda kynnti Dagur B. Eggertsson núverandi borgarstjóri fyrir kosningar árið 2014 „borgargarðinn Elliðaárdal“ á fundi Hollvinasamtaka Elliðaárdals. Þar náði dalurinn yfir tæplega 400 hektara svæði, núverandi skipulag borgargarðsins er komið í rúmlega 200 hektara. Ljóst er að svæðið minnkar dag frá degi í höndum vinstri flokkanna í borginni. Alvarlegar athugasemdir eru gerðar við þessi vinnubrögð. Sjálfstæðisflokkurinn leggjur ríka áherslu á verndun grænna svæða í borgarlandinu. Samtök eins og Hollvinasamtök Elliðaárdalsins hafa lagst gegn fyrirhuguðum stórframkvæmdum í Elliðaárdal. Þess utan hafa bæði Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun talið að þær framkvæmdir sem ráðgert er að ráðast í geti skaðað lífríki Elliðaárdalsins. Auk þess gera Landvernd og Stangaveiðifélag Reykjavíkur alvarlegar athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir. Einnig má benda á tug þúsunda undirskrifta söfnuðust um að fá skipulagið í íbúakosningu.


Virðingarfyllst

Heimir Snær Guðmundsson

Hjálagt:
Umsögn fulltrúa Samfylkingar, fulltrúi Viðreisnar, fulltrúi íbúsamtaka, fulltrúi foreldrafélaga og fulltrúi slembivalinna leggja fram sameiginlega umsögn.

Reykjavík, 10. júní 2020

Fulltrúi Samfylkingar, fulltrúi Viðreisnar, fulltrúi íbúsamtaka, fulltrúi foreldrafélaga og fulltrúi slembivalinna í íbúaráði Breiðholts vilja koma með eftirfarandi ábendingar til skipulagsyfirvalda varðandi breytingatillögu deiliskipulagi fyrir borgargarð Elliðárdals.




Ráðið gleðst yfir aðgreiningu hjólastíga og gangandi með von um að ráðist verði í þessa framkvæmd sem allra fyrst enda mikil umferð hjólreiðamanna um dalinn innan um gangandi. Mynd 1.

Ráðið lýsir áhyggjum sínum yfir þverun þriggja stíga við gömlu vatnsveitubrúnna. Sbr. myndin hérna til hliðar. Þarna getur skapast slysahætta þegar hestamenn þvera hjólastíginn á tvo vegu. Hestar geta fælst við hjólreiðmenn á öllum aldri, styggst við bjöllu og hraða en á sama hátt geta hjól runnið í möl og sandi sem berst með hófum hesta yfir malbikaðan hjólastíginn.

Ráðið bendir einnig á nauðsyn þess tryggja samfellu í tengingu stíga út úr skipulagssvæðinu, einkum og sér í lagi í suð-austur horni svæðisins, þar sem núverandi gangstígur er rofinn af reiðstíg, en skv. tillögu á nýr hjólastígur einnig að liggja um þau gatnamót. Sjá mynd 2. Æskilegt væri að aðgreina umferð hesta eins og kostur er og ekki rjúfa hjóla- og göngustígana með malarstíg ríðandi umferðar.

Mynd 2.



Í texta er talað um að nú þegar sé hjólastígur frá Sprengisandi að Árbæjarstíflu. Ráðið vill koma því á framfæri að sá stígur ekki hjólastígur, heldur blandast inn á hann bæði umferð gangandi og akandi, þar sem hann er aðkoma að íbúðarhúsum Heimahvammi norðan við Löngugróf eða þróunarreit Þ73.

Mynd 3.



Það mætti fjölga áningastöðum við göngustíga með útskotum sem yrðu með bekk til hvíldar fyrir heldri borgara, fólk með skerta hreyfigetu og aðra sem hafa þörf á stað til hvíla sig á. Mætti gera þetta með reglulegum hætti, merkja vel og hafa ruslafötu.

Merkja gönguleiðir í dalnum, með litum eða örnefnaleiðum, setja inn upplýsingaskilti með örnefnum og söguminja sbr. þau sem koma fyrir á bls. 12 í greinargerð. Þannig að hægt er með skipulögðum hætti hægt að þræða dalinn og skoða minjar hans og lesa örnefni eftir því sem við á.

Gaman væri að sjá allsherjar fjölskylduáningastað með hjólastólaaðgengi en ekkert svæði er í dalnum sem tekur á móti þreyttum börnum og fjölskyldum þeirra eftir hjóla/gönguferð um dalinn. Svæði sem á væri ærslabelgur, leiktæki fyrir fjölbreyttan aldur, kastali, klifurgrind, aparóla, niðurgrafin trampólín, æfinga tækjasvæði fyrir hjólandi og gangandi, strand blakvöll, torg með nokkrum sætaröðum í halla sem væri hægt að sitja á. Torgið myndi rúma leiksýningar, litla viðburði, tónleika, markað sem dæmi. Hægt væri að ramma svæðið inn með gróðri sem svipar til dalsins og kannski búa til kirsuberjatrésgöng sem myndu dafna með tíð og tíma.

Hægt væri að setja upp grillhús þar sem vegfarendur gætu nærst eftir göngu/hjólaferð um dalinn fyrir heimferð. Sjá mynd 4. og 5. en í Kópavogi er svona grillhús með borðum og aðstöðu fyrir gangandi innan um rósir og falleg

blómabeð. Þar ættu líka heima salerni en ekkert salerni er fyrir hjólandi og gangandi milli Nauthólsvíkur og sundlaugarinnar í Árbæ.

Mynd 4.



Mynd 5.



Elliðaárdalur
Fornleifaskrá og húsakönnun

Anna Lísa Guðmundsdóttir
Alma Sigurðardóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir
Drífa Kristín Þrastardóttir



Reykjavík 2020

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 203

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Elliðaárdalur

Fornleifaskrá og húsakönnun

Anna Lísa Guðmundsdóttir
Alma Sigurðardóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir
Drífa Kristín Þrastardóttir



Reykjavík 2020

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 203

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.
Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

Anna Lísa Guðmundsdóttir
Alma Sigurðardóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir
Drífa Kristín Þrastardóttir

Mynd á forsíðu:
Rafstöðin við Elliðaár og Ártún árið 1921-1925.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÞJ-MAÓ 2497. Ljósmyndari: Magnús Ólafsson

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 203
Reykjavík 2020
Öll réttindi áskilin.

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Efnisyfirlit:

Formáli 3
1. Saga svæðisins 5
1.1 Staðhættir og örnefni 6
1.2 Í landi Bústaða, Ártúns, Árbæjar og Breiðholts 11
1.2.1 Bústaðir 11
1.2.2. Ártún 12
1.2.3 Árbær 13
1.2.4 Breiðholt 14
1.2.5 Aftökustaður 15
1.2.6 Starfsemi Innréttinganna í Elliðaárdal 16
1.2.7 Þjóðleiðin yfir Bústaðaholt 18
1.2.8 Veiðiréttur í Elliðaánum 18
1.2.9 Veiðihús í Elliðaárdalnum 20
1.2.10 Vatnsveitumannvirki 21
1.2.11 Árbæjarstífla og önnur mannvirki Elliðaárvirkjunar 23
1.2.12 Rafstöðvarvegur 6, rafstöðvarhúsið 24
1.2.13 Rafstöðvarvegur 8, íbúðarhús rafstöðvarstjóra 26
1.2.14 Önnur mannvirki Elliðaárstöðvar við Rafstöðvarveg 27
1.2.15 Rafstöðvarvegur 4, Toppstöðin 28
1.2.16 Önnur hús við Rafstöðvarveg utan deiliskipulagssvæðis Elliðaárdals 29
1.3 Yngri byggð og mannvirki 29
1.3.1 Byggðin í Blesugróf, Löngugróf og upp með Vatnsveituvegi 29
1.3.2 Árbæjarblettir 37
1.3.3 Byggð ofan Árbæjarstíflu 38
1.3.4 Hernámsárin og herskálahverfi 42
1.4 Önnur mannvirki og landnýting á svæðinu 43
1.4.1 Kartöflugeymslurnar 43
1.4.2 Jarðhiti 44
1.4.3 Sandnám 45
1.4.4 Skógrækt 46

1.5 Staða svæðisins í skipulagi 47
2. Skráning menningarminja – Fornleifaskrá og húsakönnun 49
2.1 Almennt um verndun menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja 49
2.2 Tilgangur og aðferðafræði skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja 51
2.2.1 Fornleifaskrá Reykjavíkur 51
2.2.2 Húsaskrá Reykjavíkur 52
2.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar 54
2.3.1 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngir minjar í landi Bústaða 58
2.3.2 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngir minjar í landi Ártúns 79
2.3.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Árbæjar 103
2.3.4 Skrá fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Breiðholts 118
2.3.5 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar 154
2.4 Húsakönnun 167
2.4.1 Deiliskipulagssvæðið Elliðaárdalur 167
2.4.2 Núverandi byggð á svæðinu 168
2.4.3 Húsaskrá – Elliðaárdalur 171
2.4.4 Varðveislumat fyrir hús og mannvirki 201
2.5 Heildarniðurstöður um verndarsvæði í Elliðaárdal 210
Heimildaskrá 212
Viðauki 1 220
Minjatöflur fyrir skráningarsvæðið 220
Viðauki 2 226
Minjakort fyrir skráningarsvæðið 226

Formáli

Hér fer á eftir fornleifaskráning og húsakönnun fyrir deiliskipulagssvæði sem tekur til Elliðaárdals í Reykjavík. Svæðið afmarkast til norðurs af Vesturlandsvegi, til austurs af íbúðarbyggð í Ártúns-, Árbæjar- og Seláshverfi annarsvegar og göngustíg austan Elliðaáa (Dimmu) hinsvegar, til suðurs af Breiðholtsbraut og til vesturs annarsvegar af Hólaverfi og hinsvegar af línu sem liggur norðan Stekkjarbakka og áfram með Reykjarnesbraut. Stór hluti svæðisins er skilgreindur sem opið svæði (OP4) í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.[1]

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árabil gert húsakannanir[2] í samræmi við ákvæði 37. gr. **skipulagslaga nr. 123/2010**, þar sem segir:[3]

> *Þegar unnið er **deiliskipulag í þegar byggðu hverfi** skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru með gerð **húsakönnunar**.*

Ákvæði um skráningu menningarminja er jafnframt að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt.[4]

Fornleifaskráning er fornleifarannsókn án jarðrasks og felst í heimilda- og vettvangskönnun á minjum á tilteknu svæði, lýsingu á staðháttum og ástandi og gerð minjanna, mati á aldri þeirra, hlutverki og tegund ásamt varðveislumati.

Húsakönnun er „byggingarlistarleg og menningarsöguleg könnun sem byggir á skráningu húsa og mannvirkja sem studd er sagnfræðilegum heimildum, vettvangskönnun og mati á varðveislugildi einstakra húsa, húsasamstæða, byggðaheilda og svipmóti byggðar.“[5] Í húsakönnun tekur mat á varðveislugildi til eftirtalinna þátta: byggingarlistarlegs gildis, menningarsögulegs gildis, umhverfisgildis, upprunaleika (upprunalegs gildis) og ástands. Út frá mati á þessum þáttum skulu færð rök fyrir varðveislugildi húsa.[6]

Ágúst 2020
María Karen Sigurðardóttir
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna
Borgarsögusafni Reykjavíkur

---

[1] *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. B-hluti - Skipulag borgarhluta, bls. 275.
[2] Sjá skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur. Vefur Borgarsögusafns. Vefslóð: http://borgarsogusafn.is/ → Útgáfa → Skýrslur.
[3] Skipulagslög - nr. 123 - 22. september 2010. Tóku gildi 1. janúar 2011.
[4] Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.
[5] *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 2. Reykjavík 2019, bls. 4.
[6] *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*, bls. 4 og 33-34.

1. Saga svæðisins

Til umfjöllunar er deiliskipulagssvæði sem tekur til Elliðaárdals í Reykjavík. Svæðið afmarkast til norðurs af Vesturlandsvegi, til austurs af íbúðabyggð í Ártúns-, Árbæjar- og Seláshverfi annarsvegar og göngustíg austan Elliðaáa (Dimmu) hinsvegar, til suðurs af Breiðholtsbraut og til vesturs annarsvegar af Hólahverfi og hinsvegar af línu sem liggur norðan Stekkjarbakka og áfram með Reykjarnesbraut. Stór hluti svæðisins er skilgreindur sem opið svæði (OP4) í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.




Mynd 1 Afmörkun deiliskipulagssvæðisins með svartri brotalínu.[7]

[7] Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Merkingar og kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson.

1.1 Staðhættir og örnefni

Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla, það landsvæði sem er skilgreint sem Elliðaárdalur tilheyrði áður fjórum bújörðum að mestu. Vestan og sunnan ánna voru Bústaðir og Breiðholt en norðan og austan Ártún og Árbær, sjá mynd 2. Svæðið einkennist af holtum og ásum, ísaldaráreyrum og nútíma hrauni. *Elliðaárdalurinn* er dalverpi sem er opið í báða enda, í austri er *Elliðavatn* og úr því renna Elliðaárnar til sjávar í *Elliðaárvogi*, en þessi örnefni eru dregin af nafni skips Ketilbjörns gamla landnámsmanns, sem kallað var *Elliði* samkvæmt Landnámabók.[8]




Mynd 2 Landamerki lögbýlanna Bústaða, Breiðholts, Ártúns, Árbæjar og Grafar eins og þau voru árið 1703. Landið syðst í Elliðaárdal norðan Breiðholtsbrautar tilheyrði áður jörðinni Vatnsenda en tilheyrir nú Reykjavík.[9]

Nyrst á svæðinu og vestan við Ártún renna austur- og vesturkvíslar Elliðaánna og á milli þeirra eru *Árhólmar*. Áður fyrr hlupu árnar um hólmana í mörgum farvegum að *Árkjöftum* en þar er nú búið að gera uppfyllingu í Elliðaárvogi, Geirsnef, og renna kvíslarnar fram beggja vegna við það.[10] Yfir Árhólmana lá gamla þjóðleiðin á milli Bústaða og Ártúns um *Ártúnsvað* sem var norðan við Elliðaárvirkjunina, nú horfið vegna framkvæmda.[11] Norðan við þjóðleiðina eru minjar um sútunarhús, þófaramyllu og litunarhús sem tilheyrðu starfsemi Innréttinganna á 18. öld. Vestar er *Skötufoss*, nú að mestu horfinn, en hann féll í *Drekkjarhyl* sem var aftökustaður.[12] Sunnar við árnar eru *Blesugróf* og *Blesuþúfa* (líka nefnd Blesaþúfa),


[8] Jakob Benediktsson: *Íslendingabók – Landnámabók Íslenzk fornrit I*, bls. 120-121.
[9] Samsett kort úr kortagrunni Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Saga og þróun → Lögbýli í Rvk. 1703. Sótt 12. apríl 2019. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir.
[10] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Árbæjar (181181-262-2).
[11] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 80.
[12] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 105.

sem áður var landamerki milli jarðanna Bústaða og Breiðholts. Blesugróf var áður lægð eða gróf í ísaldarmelinn og dró nafn sitt af rauðblesóttri hryssu frá Breiðholti, en munnmæli herma að hún hafði fallið þar síðla vetrar fyrir aldarmótin 1800.[13] Í grófinni var *Illagil* en um það lá leiðin suður að Álftanesi og upp í Breiðholt. Gamla ísaldareyrin er nú sundurgrafinn vegna malarnáms og einkennist því landslagið þar af einkennilegum lægðum og sandhólum. Það sem eftir er af ísaldareyrinni er nú gróið grasi og lúpínu og þar sem áður stóðu íbúðarhús frumbyggja Blesugrófar eru hávaxnir trjálundir. Nú er nafnið Blesugróf líka notað yfir íbúðarkjarna vestan Reykjanesbrautar. Upp af Blesugróf tók við *Langagróf* og nær ánum eru svokallaðir *Kermóar* en þar voru ker og sprungur sem voru skepnum hættuleg.[14]



Mynd 3 Örnefni í gamla bæjarlandinu við Elliðaár.[15]

[13] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Kópavogs (181155-1).
[14] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Breiðholts (181154-218-1 og 181154-218-2).
[15] Kort af Reykjavík 2020 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Heimildir: Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Árbæjar (181181-262-1 og 181181-262-2), Bústaða (181167-232-1), Breiðholts (181154-218-1 og 181154-218-2), Klepps (181166-2) og Kópavogs (181155-1 og 181155-2). Skráð í Sarp - Menningarsögulegt gagnasafn. Vefslóð: sarpur.is → Örnefnasafn Árnastofnunar – Einar S. Arnalds og Guðlaugur R. Guðmundsson: *Reykjavík Sögustaður við Sund*, 4. bindi (Lykilbók) – Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880 og kort Elliðaár veiðistaðir. Sjá: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur – Lesbók Morgunblaðsins* 23.desember 1962, bls. 36-37. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir.




Mynd 4 Örnefni í gamla bæjarlandinu við Elliðaár.[16]

Austan við Elliðaárnar er bæjarstæði *Ártúns* á háum hól og þar norðan og austan við er *Ártúnsbrekka* sem er líka gömul ísaldareyri. Upp af Ártúnsbrekku var *Ártúnsholt* sem áður hét *Árbæjarholt*. Ártúnsbrekkan hefur lengi verið vinsæl skíðabrekka. Frá Ártúni lá gamla þjóðleiðin um *Reiðskarð* en fyrir ofan það greindist hún í þrjár áttir: norður fyrir botn Grafarvogs að *Korpúlfsstöðum*, austur um Grafarholt að *Reynisvatni* og þaðan til Þingvalla og suður að *Árbæ* og *Hólmi*. Ártún var þá í alfaraleið. Þegar árnar voru brúaðar 1883 færðist þjóðleiðin neðar og norðar upp á ísaldareyrina og fór þá Ártún úr alfaraleið.[17] Efst í Árhólmanum er *Hólmstá*. Þar eru líka minjar frá 18. öld en þar dvaldi Arnes útilegumaður í helli um tíma. Við Hólmstá í Vesturkvíslinni er *Kermóafoss* og *Skorarhylur*. Með eystri kvíslinni að austanverðu liggur Rafstöðvarvegur, en hann var lagður samhliða byggingu Elliðaárstöðvarinnar (1921) frá Vesturlandsvegi að Árbæjarstíflu. Suður af rafstöðinni var *Þvottaklöpp* og *Ullarfoss*. Ofar var *Kúavað*,[18] en kúm stöðvarstjórans var beitt í Árhólmanum.

Milli Elliðaárkvíslanna, austan Árbæjarstíflu og að *Þrengslum*, er *Blásteinshólmi*. Talið er að nafnið sé dregið af dökkum steini í hólmanum,[19] en önnur skýring er að hann hafi upphaflega heitið *Blasíushólmi* og hafi þá verið kenndur við dýrling kirkjunnar (bænhússins) í

[16] Sjá tilvísun 15.
[17] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Grafar (181179-260-3).
[18] *Lesbók Morgunblaðsins* 23. desember 1962, bls. 36-37.
[19] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Breiðholts (181154-218-1).

Breiðholti sem var helgað heilögum Blasíusi. Við siðaskiptin hefur nafninu síðan verið breytt.[20]




Mynd 5 Örnefni í gamla bæjarlandinu við Elliðaár.[21]

Upp með *Breiðholtskvíslinni* liggur Vatnsveituvegur en hann var lagður samhliða gerð Vatnsveitunnar árið1908-9 upp í Gvendarbrunna. Við Vatnsveituveg reis þó nokkur heilsársbyggð upp úr 1940. Árbæjarmegin við árnar voru Árbæjarblettir og í ánni þar var *Fjárhúshylur,* en þar á bakkanum voru líklega áður fjárhús frá Árbæ. Austar eru svo *Breiðumóar, Kverk* og *Selás.* Þar voru Selásblettir en þeir byggðust úr landi Grafar um 1940. Þar hjá er nýlegt örnefni, *Brennuhóll,* en þar voru áður haldnar brennur á vegum íþróttafélagsins Fylkis.[22] Við hólinn eru búsetuminjar sem gætu verið fornar.

[20] Þór Magnússon: „Breiðholtskirkja“, minnisblað dags. 25. maí 2001. Útg. gögn. Sjá Borgarsögusafn: Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík: Breiðholt – „Blasíusbás“. Pistill um örnefni. Vefur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Vefslóð: www.arnastofnun.is → Gagn og gaman → Pistlar → Pistlar um örnefni og nöfn → Blasíusbás. Sótt 12. maí 2017 – Magnús Már Lárusson: „Aðalból - höfuðból og óðalsréttur á Íslandi“. *Saga*, 9. árg. 1971, 1. tbl., bls. 56.

[21] Sjá tilvitnun 15.

[22] Brennustæði Fylkis var til fjölda ára við Brennuhól en var flutt að Rauðavatni árið 2005. Brennuhóll er merktur inn á skipulagsuppdrátt af svæðinu frá árinu 1985.



Mynd 6 Örnefni í gamla bæjarlandinu við Elliðaár.[23]

Talið er, vegna örnefnisins, að sel hafi verið í Selási fyrr á tímum, en aðrar heimildir geta þess ekki og tóftir þess eru ekki þekktar. Selið hefur þó líklega tilheyrt Árbæ og verið nálægt Bugðu.[24] Efsti hluti Elliðaánna rann áður fram í tveimur farvegum að *Þrengslum*. Annarsvegar *Bugða*, sem rann að austan með Norðlingaholti, Brekknaási og Selási að

[23] Sjá tilvísun 9.
[24] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-1) – Margrét Björk Magnúsdóttir: *Rannsókn á seljum í Reykjavík*, bls. 9.

Þrengslunum og hins vegar *Dimma*, sem rann úr Elliðavatni að vestan. Á milli þessara kvísla var stór hólmi, *Árbæjarhólmi*, en syðst var hann nefndur *Vatnsendahólmi*. Sunnan við Vatnsveitubrúna á Árbæjarhólma var *Camp Baldurshagi*, eitt af stærri herskálahverfum í austurhluta bæjarins. Við byggingu eldri Elliðavatnsstíflunnar á árunum 1924-1928 stækkaði Elliðavatnið um tvo þriðju hluta. Við það fóru Elliðavatnsengjar og að hluta farvegir Bugðu og Dimmu undir vatn. Því vatni sem rann fram um eystri flóðgáttina um gamla farveg Bugðu var þá veitt í Dimmu um *Skyggnislæk* og Árbæjarhólmi varð þá ekki hólmi lengur. Það svæði kallast nú *Víðivellir*.[25] Þar eru reiðvellir Hestamannafélagsins Fáks og *Víðidalur*, þar sem nú er austasta hesthúsahverfið undir Brekknaási. Vestan með Dimmu voru Ensku veiðihúsin rétt sunnan við Vatnsveitubrúna við *Þrengslin*, þar ofar var *Birkilundur*, barnaheimili reist árið 1939 og *Stanleyville* sem var hesthúsahverfi, þar ofar með Breiðholtshvarfi var *Stekkjarhóll*, *Grænagróf* og *Hrossamýri*. Breiðholtsbraut liggur síðan eftir *Margrófinni* en þar var áður fjölfarin gömul leið með Bugðubökkum.[26]

1.2 Í landi Bústaða, Ártúns, Árbæjar og Breiðholts

Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla og svæðið sem hér er til umfjöllunar tilheyrði að mestu fjórum jörðum: *Bústöðum*, *Ártúni*, *Árbæ* og *Breiðholti*, en lítill hluti *Gröf* (sjá mynd 2). Allt voru þetta frekar smáar jarðir, nema Gröf. Jarðirnar voru lagðar til Viðeyjarklausturs en það var stofnað árið 1226. Klaustrið hafði mikil stjórnsýsluleg völd á þeim tíma. Við siðaskiptin 1550 yfirtók Danakonungur allar eignir klaustursins. Konungur seldi síðan jarðirnar árið 1838 og komust þær þá í einkaeigu.[27]

1.2.1 Bústaðir

Vestasti hluti svæðisins tilheyrði að mestu jörðinni *Bústöðum*. Bústaðir hafa snemma verið byggðir. Jarðarinnar getur fyrst í Þorláks sögu, þar sem greint frá jarteinum sem áttu sér stað á bænum árið 1325 og tengdust kirkjunni í Breiðholti.[28] Jón Bergþórsson var eigandi Bústaða árið 1535 en það ár kærði Alexíus ábóti í Viðey hann fyrir „að hann hafði farið í Elliðaá og haft klaustursins net og eignað Bústöðum fors í ánni eðr streing“.[29] Á Bústöðum fæddist um aldamótin 1500 Núpur nokkur Jónsson sem ásamt mörgum öðrum stóð að vígi Diðriks af Minden. Frá þessu segir hann sjálfur í víglýsingarvitnisburði frá 10. nóvember 1539.[30]

Það landsvæði Bústaða sem tilheyrir Elliðaárdal er hluti *Blesugrófar* og *Árhólmarnir*, en hólmanir koma fyrir í heimildum frá seinni hluta 17. aldar þegar þar var aftökustaður. Um miðja 18. öld var vatnið úr Elliðaánum nýtt til að snúa hjólum þófaramyllu Innréttinganna, en þar á bakkanum voru einnig litunar- og sútunarhús sem tilheyrðu starfsemi Innréttinganna.

[25] Einar Arnalds: *Reykjavík Sögustaður við Sund*, 4. bindi (Lykilbók), bls. 185.
[26] Kort Steindórs Björnssonar af Rauðavatni og nágrenni 1902. Afrit, kortasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.
[27] Árni Óla: „Árbær og Árbæjarsafn. Ýmislegt um bæ og jörð.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. september 1957, bls. 487-488.
[28] *Biskupa sögur II*. Íslenzk fornrit XVI, bls. 284-285.
[29] *Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn* IX, bls. 751.
[30] *Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn* X, bls. 492.

Reykjavíkurbær keypti Bústaði árið 1898 og árið 1923 var Bústaðaland lagt undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Búskapur var stundaður á Bústöðum allt fram undir 1970, en bæjarhúsin stóðu þar sem nú er leikvöllur suður af Bústaðavegi 130.[31]

1.2.2. Ártún

Austan við eystri Elliðaárkvíslina var jörðin *Ártún*, en um kvíslina lágu sveitarfélagsmörk til ársins 1929.[32] Bæjarstæði Ártúns er á háum hól vestan undir Ártúnsbrekkunni, en þar eru friðaðar fornleifar.

Jarðarinnar Ártúns er ekki getið í Íslenzku fornbréfasafni en menn hafa getið sér þess til að jörðin *Árland neðra*, sem getið er um í Vilchinsbók frá 1379, þá eign kirkjunnar í Nesi, og í Gíslamáldaga frá 16. öld, sé umrædd jörð.[33] Ártún var lengi vel í alfaraleið og þar var stunduð greiðasala og gistiþjónusta á seinni hluta 19. aldar.[34]

Árið 1906 keypti bæjarstjórn Reykjavíkur jarðirnar Ártún, Árbæ og Breiðholt ásamt hluta úr Gröf, vegna fyrirhugaðra vatnsveituframkvæmda, því fyrstu hugmyndir voru að taka neysluvatn úr Elliðaánum fyrir þéttbýli í Reykjavík (sjá kafla 1.3.5). Á árunum 1920-1921 voru Elliðaárnar virkjaðar og mannvirki Elliðaárvirkjunar reist austan við Ártún (sjá kafla 1.3.6). Árið 1929 voru jarðirnar Ártún og Árbær lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.



Mynd 7 Kristján X. Danakonungur við laxveiðar í Elliðaánum, líklega í opinberri heimsókn árið 1921 (eða 1926). Hægra megin við hann stendur Pétur Ingimundarson slökkviliðsstjóri. Vinstra megin sést býlið Ártún og þakið á Elliðaárstöðinni.[35]

[31] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 108-109 – Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 47 og 84 – *Úr bæ í borg. Nokkrar endurminningar Knud Zimsens*, bls. 29 – *Vísir*, 15. febrúar 1963, bls. 7 – *Morgunblaðið*, 14. nóvember 1968, bls. 4.
[32] Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson: *Mosfellsbær. Saga byggðar í 1100 ár*, bls. 318-320.
[33] *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 109 – *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn* XVI, bls. 637.
[34] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 84.
[35] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÓLM 0584. Ljósmyndari: Ólafur Magnússon.

1.2.3 Árbær


Austur af Ártúni var jörðin *Árbær*, en bæjarhúsin eru nú innan safnsvæðis Árbæjarsafns, en jörðin lá upp með Elliðaánum og tilheyrðu Blásteinshólmi og Árbæjarhólmi henni.

Elsta heimild um Árbæ er í skjali frá 31. júlí 1464. Þar votta Steinmóður ábóti í Viðey og Jón Narfason að Ólöf ríka Loptsdóttir hafi látið Gerrek gullsmið í Hafnarfirði fá silfur sem greiðslu fyrir jarðir Guðmundar Arasonar, sem hún og hennar maður Björn Þorleifsson höfðu keypt af konungi, en Gerrekur átti að koma silfrinu til konungs fyrir þeirra hönd.[36]

Saga Árbæjar er hins vegar mun eldri en þekktar heimildir gefa til kynna, því árið 2016 leiddu fornleifarannsóknir á bæjarstæðinu í ljós að þar var búið á 11. öld og jafnvel þeirri tíundu.[37] Leiða má að því líkur að það sama eigi við um búsetu á öðrum þeim jörðum sem hér eru til umfjöllunar.

Sá atburður sem eftirminnilegastur hefur þótt í sögu Árbæjar er sakamál sem átti sér stað árið 1704, en þá var tvíbýli í Árbæ og annar bóndinn varð hinum bóndanum að bana við Skötufoss í Elliðaánum.[38]

Síðustu ábúendur í Árbæ voru hjónin Margrét Pétursdóttir og Eyleifur Einarsson sem bjuggu þar frá 1881 og dóttir þeirra Kristjana, sem tók við búinu árið 1935 og bjó þar til 1948, en þá fór bærinn í eyði. Í tíð Margrétar og Eyleifs var fjölsótt greiðasala í Árbæ, með svipuðu móti og áður hafði verið í Ártúni.[39] Saga Árbæjar, eins og Ártúns, er einnig samofin nýtingu Elliðaánna. Eins og áður segir keypti bæjarstjórn Reykjavíkur jörðina ásamt Ártúni og fleiri jörðum árið 1906 vegna fyrirhugaðra vatnsveituframkvæmda og árið 1929 voru jarðirnar Ártún og Árbær báðar lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.



Mynd 8 Menn við Kermóafoss og Skorarhyl í Elliðaánum um 1900. Ofarlega til vinstri sjást bæjarhús Árbæjar, burstabær og útihús.[40]

---

[36] *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 430-431.
[37] Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016*, bls.7.
[38] *Annálar 1400-1800*, 1. bindi, bls. 468-470; 2. bindi, bls. 353; 4. bindi, bls. 180 – Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 62 og 64.
[39] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 63 og 84.
[40] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ADF 2005 5 24-17. Ljósmyndari: Sigfús Eymundsson.

1.2.4 Breiðholt

Sunnanmegin við Elliðaárnar var jörðin Breiðholt og er stór hluti Elliðaárdals innan gömlu jarðarinnar. Elstu heimildir um jörðina Breiðholt eru frá 14. öld. Elsta örugga heimildin er skrá frá 1395 yfir jarðir sem Viðeyjarklaustur eignaðist í tíð Páls ábóta.[41] Þó er talið líklegt að jarðarinnar sé getið í eldri heimild, í skrá um leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs frá 1313, þar sem talað er um jörðina „Holt“, en þar er sennilega átt við Breiðholt.[42]

Vísbendingar eru um að við bæinn hafi verið kirkjugarður og kirkja, en mannabein fundust nokkrum sinnum við jarðrask á bæjarhólnum og í nágrenni hans í lok 19. aldar og á fyrri hluta 20. aldar.[43] Kirkju í Breiðholti er ekki getið í kirknaskrá Páls biskups um 1200 en af frásögn um jarteikn í Þorláks sögu hins helga frá 1325 að dæma, virðist hafa verið þar bænhús eða kirkja sem helguð var heilögum Blasíusi.[44] Hann var verndari nautasmala og svínahirða, tóvinnufólks, vefara, skóara, steinhöggvara og skipasmiða og gott þótti að heita á hann gegn allskyns hálskvillum meðal annars. Frásögnin segir frá því að dag einn hafi Hallur smalamaður Snæbjörns bónda á „Bútsstöðum“ (Bústöðum) komið heim frá fé og fallið í öngvit. Þegar hann rankaði við sér hafði hann misst mál sitt og var mállaus í sjö daga. Snæbjörn bóndi hét þá á hinn heilaga Blasíus biskup að smalamaðurinn skyldi ganga í Breiðholt og gefa þangað lýsi ef hann mætti endurheimta heilsu sína, en þegar það dugði ekki til kallaði bóndi til Guð og Þorlák biskup. Litlu síðar sofnaði smalinn og komu þá biskuparnir báðir Blasíus og Þorlákur til hans í svefni. Eftir það vaknaði hann alheill lofandi Guð og hina blessuðu biskupa.[45] Í öðrum heimildum kemur einnig fram að bænhús hafi verið í Breiðholti, en aflagt fyrir 1600.[46] Rústir kirkjunnar og kirkjugarðsins eru nú horfnar, en líklegt er talið að kirkjan hafi staðið fast upp að bæ, jafnvel á eða við sjálfan bæjarhólinn og grafreiturinn umhverfis hana.[47]

---

[41] *Diplomatarium Islandicum*. *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 598.
[42] *Diplomatarium Islandicum*. *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 377 – Gunnar Bollason: „Stutt söguágrip nokkurra jarða í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur“, bls. 28. Óútg. handrit. Sjá Borgarsögusafn: Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík: Breiðholt.
[43] Borgarsögusafn: Fornleifaskrá Reykjavíkur, Breiðholt 181154-56. Sjá Sarp - Menningarsögulegt gagnasafn. Vefslóð: sarpur.is → Leitarstillingar: Borgarsögusafn - Fornleifar - Leitarorð: 181154-56 - Birta aðföng án mynda – Margrét Björk Magnúsdóttir: *Framkvæmdaeftirlit á bæjarstæði Breiðholts*, bls. 2-3 – Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B): B/3659 - Skógarsel 11, 13, 15 og 17 (áður Breiðholtsblettur I og Alaska), bréf Þórs Magnússonar þjóðminjavarðar til skipulagsnefndar Reykjavíkur dags. 2. júlí 1981; skjal um friðlýsingu gamla bæjarstæðis Breiðholts ásamt kirkjutóft og kirkjugarði, dags. 28. júlí 1981 – Bjarni F. Einarsson: *Breiðholt. Greinargerð um fornleifar í Breiðholti*, bls. 3-4.
[44] *Biskupa sögur II*. Íslenzk fornrit XVI, bls. 284-285 – „Blasíusbás“. Pistill um örnefni. Vefur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Vefslóð: www.arnastofnun.is → Gagn og gaman → Pistlar → Pistlar um örnefni og nöfn → Blasíusbás. Sótt 12. maí 2017 – Magnús Már Lárusson: „Aðalból - höfuðból og óðalsréttur á Íslandi“. *Saga*, 9. árg. 1971, 1. tbl., bls. 56.
[45] Sjá tilvitnun 44.
[46] Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta á Íslandi*, 1. bindi, bls. 113 – Þór Magnússon: „Breiðholtskirkja“, minnisblað dags. 25. maí 2001. Óútg. gögn. Sjá Borgarsögusafn: Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík: Breiðholt. Heimild Þórs er handritið JS 143 4to (bls. 339), máldagasafn (Garðabók) sem varðveitt er á Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni (sjá vefinn handrit.is).
[47] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B): B/3659 - Skógarsel 11, 13, 15 og 17 (áður Breiðholtsblettur I og Alaska), bréf Þórs Magnússonar þjóðminjavarðar til skipulagsnefndar Reykjavíkur dags. 2. júlí 1981; skjal um friðlýsingu gamla bæjarstæðis Breiðholts ásamt kirkjutóft og kirkjugarði, dags. 28. júlí 1981 – Bjarni F. Einarsson: *Breiðholt. Greinargerð um fornleifar í Breiðholti*, bls. 3-4 .

Breiðholt varð eign konungs við siðaskipti eins og aðrar jarðir Viðeyjarklausturs og kemur fyrir í Fógetareikningum frá 1547 til 1552.[48] Árið 1580 var jörðin á meðal nokkurra konungsjarða í Skálholtsstifti sem ákveðið var að láta ganga til framfærslu eða stuðnings prestum í tekjurýrum brauðum, eins og kemur fram í opnu bréfi Jóhanns Bochholts lénsmanns til Gísla Jónssonar Skálholtsbiskups frá því ári.[49] Jörðin var þannig afhent kirkjunni og heyrði eftir það undir Víkurkirkju og seinna Dómkirkjuna í Reykjavík. Seint á 19. öld bjuggu í Breiðholti hjónin Björg Magnúsdóttir (1847-1930) og Jón Jónsson (1840-1898) ásamt börnum sínum þrettán. Í búskapartíð þeirra var allstórt bú í Breiðholti. Dóttir þeirra, Þóra Petrína Jónsdóttir (1891-1987), hefur sagt frá búskaparháttum, staðháttum og örnefnum í Breiðholti á þeim tíma.[50] Skömmu eftir lát Jóns árið 1898 keypti breskur maður, H.A. Payne að nafni, jörðina Breiðholt af kirkjunni fyrir 10.500 krónur, en Björg bjó þar áfram ásamt börnum sínum til ársins 1903.[51]

Árið 1906 keypti bæjarstjórn Reykjavíkur Elliðaárnar af Payne ásamt jörðunum Breiðholti, Árbæ og Ártúni og eignaðist þannig allan veiðirétt í ánum. Breskir veiðimenn munu hafa haldið áfram að leigja Elliðaárnar fram að fyrri heimsstyrjöld en eftir það tóku íslenskir veiðimenn við. Árið 1925 fól bærinn Rafmagnsveitu Reykjavíkur umsjón með Elliðaánum en frá því að Stangveiðifélag Reykjavíkur var stofnað árið 1939 hefur það haft Elliðaárnar á leigu.[52]

1.2.5 Aftökustaður

Áður en Elliðaárnar voru virkjaðar runnu árnar víðar um Árhólmana. Í einum þessara farvega á vestanverðum hólmanum var Skötufoss og steyptist hann í Drekkjarhyl (232-75). Ekki er ólíklegt að Drekkjarhylur hafi verið notaður til drekkingar á sínum tíma. Hylurinn er ekki langt frá hinni fornu leið sem lá yfir Árhólmana milli Bústaða og Ártúns. Fram kemur í Setbergsannál árið 1696 að barnslík hafi fundist hjá Ingunnarstöðum í Brynjudal. Meðgekk vinnukona að hafa átt það og útborið. Konan var dæmd til dauða á Kópavogsþingstað en drekkt í Elliðaám. Af Vallarannál má ráða að fyrir árið 1704 hafi sekum konum, sem væntanlega hlutu dóma sína á Kópavogsþingstað, ávallt verið drekkt í „Elliðaá syðri“, en 1704 var aftökustaðurinn fluttur nær þingstaðnum í Kópavogi og konum drekkt í Kópavogslæknum.[53]

[48] *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 113, 139, 153-154, 173, 399.
[49] *Lovsamling for Island*, 1. bindi, bls. 110-111 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 100.
[50] „Maður er svolítið léttlyndur“. *Heima er bezt*, 36. árg. 1986, 4. tbl., bls. 138-139 – Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnaskrá Breiðholts 181154-1.
[51] *Dagskrá*, 13. júlí 1898, bls. 1 – *Nýja öldin*, 1. árg. 1897-1898, 58. tbl., bls. 232 – *Ísland*, 2. árg. 1898, 30. tbl., bls. 120 – *Ísafold*, 12. nóvember 1898, bls. 279 – *Fjallkonan*, 15. árg. 1898, 45. tbl., bls. 180 – *Þjóðólfur*, 18. nóvember 1898, bls. 216 – „Maður er svolítið léttlyndur“. *Heima er bezt*, 36. árg. 1986, 4. tbl., bls. 140.
[52] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 88-90.
[53] Páll Sigurðsson: *Aftökustaðir í landnámi Ingólfs og aftökur dæmdra manna*, bls. 35.




Mynd 9 Drekkjarhylur í Árhólmum, horft í suður. Þegar vatnið var meira í ánum og það flæddi víðar um Árhólmana steyptist Skötufoss fram af þessum klettabrúnum.

1.2.6 Starfsemi Innréttinganna í Elliðaárdal


Árið 1751 voru Innréttingarnar svonefndu stofnaðar en helsti áhrifamaðurinn við stofnun þeirra var Skúli Magnússon landfógeti. Markmið Innréttinganna var almenn nýsköpun íslenskra atvinnuhátta. Einn þáttur þeirra var ullarvinnsla. Í kringum þessa starfsemi varð til fyrsti vísir að þéttbýli í Reykjavík. Helstu mannvirki Innréttinganna voru ullarverksmiðjurnar við Aðalstræti, en í tengslum við þær fór fram talsverð starfsemi í Elliðaárdal, í landi Bústaða. Vinnslan var háð því að nægt vatn væri til staðar og var staðsetning við Elliðaárnar því heppileg. Á árbakkanum voru þófaramylla, litunarhús og sútunarverkstæði.[54]

Minjar um þessi mannvirki eru í Árhólmunum á vestari bakka eystri Elliðaár (232-78, 232-79, 232-141 og 232-154 (sjá mynd 10). Umhverfi þarna hefur breyst, þar sem að búið er að virkja árnar og veita stórum hluta vatnsins í eystri farveginn. Þó má greina þarna lækjarfarvegi sem geta gefið vísbendingar um hvernig vatninu hefur verið veitt að þófaramyllunni (sjá mynd 10).

[54] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 74-75.



Mynd 10 Innréttingaminjar í Árhólmunum í Elliðaárdal.[55] Þjóðleiðin lá rétt fyrir sunnan svæðið.



Mynd 11 Þófaramylla Innréttinganna við Elliðaár árið 1789.[56] Húsið hefur verið timburhús og við það sést mylluhjólið sem vatnsstraumurinn hefur snúið. Myndin er stílfærð, en í baksýn má sjá báðar kvíslar Elliðaánna steypast niður og fjær er Vífilfell.

[55] Loftmynd úr LUKR 2019 ásamt minjastöðum, samkvæmt fornleifaskrá.
[56] Þjóðskjalasafn: Teikning eftir John Baine. Hér tekið úr Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 76.

1.2.7 Þjóðleiðin yfir Bústaðaholt

Vegna legu í bæjarlandinu hafa þjóðleiðir og síðar umferðaræðar sett svip sinn á svæðið. Vegna þess hve mýrarnar voru víðlendar umhverfis Reykjavík var greiðasta leiðin frá kaupstaðnum um holtin. Elst var þjóðleiðin sem lá frá Skólavörðuholti um Öskjuhlíð og áfram austur Bústaðaholt á þeim slóðum þar sem Bústaðavegur er nú og yfir Ártúnsvað í Elliðaám. Þjóðleiðin yfir Bústaðaholt var aðalvegurinn austur úr bænum þar til byggðar voru tvær brýr yfir Elliðaár árið 1883 og nýr vegur var lagður í framhaldi af Laugavegi norður fyrir Grensás og í gegnum Sogamýri, sem ýmist var nefndur Suðurlandsvegur eða Suðurlandsbraut (núverandi Suðurlandsbraut).



Mynd 12 Hluti af korti Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880.[57] Á kortinu má sjá bæina Bústaði, Ártún, Árbæ og Breiðholt. Einnig er sýnd þjóðleiðin á milli Bústaða og Ártúns yfir Árhólmana og staðsetning á þvergirðingum og laxakistum þar fyrir norðan. Kortið var lagt fram í hinum svonefndu Elliðaármálum og sýnir veiðistaði og örnefni á þeim tíma.

1.2.8 Veiðiréttur í Elliðaánum

Til vesturs og suðurs lágu lönd jarðanna Ártúns og Árbæjar að Elliðaánum. Frá fornu fari mun veiðiréttur í Elliðaánum hafa fylgt þeim jörðum sem áttu land að ánum og átti hver jörð veiðirétt fyrir sínu landi, þar á meðal Hólmur, Elliðavatn, Vatnsendi, Gröf, Ártún, Árbær Breiðholt og Bústaðir. Fram að siðaskiptum voru flestar þessar jarðir í eigu Viðeyjarklausturs en urðu eign konungs með siðaskiptunum og þar með veiðirétturinn í Elliðaánum. Voru leiguliðar konungs látnir stunda veiðina en upp úr miðri 18. öld var farið að leigja veiðiréttinn út. Á fyrri hluta 19. aldar seldi konungur flestar jarðirnar sem lágu að Elliðaánum og urðu þær

[57] Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Hér tekið eftir: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu. Upplýsingar um kortið eru á bls. 6.

þá bændaeign. Breiðholt heyrði hins vegar undir Dómkirkjuna í Reykjavík og var áfram kirkjujörð.[58]



Mynd 13 Laxakistur Thomsensfeðga í vestari kvíslinni 1883-85. Kisturnar eru opnar þannig að laxinn kemst í gegn, sunnar sér í Búrfoss.[59]

Á seinni hluta 19. aldar urðu miklar deilur og málaferli vegna veiðiréttinda í Elliðaánum, svokölluð Elliðaármál. Ditlev Thomsen kaupmaður og seinna sonur hans H. Th. A. Thomsen voru þá eigendur jarðanna Bústaða og Ártúns og um leið veiðiréttinda í Elliðaánum frá fossinum Skorarhyl, eða Stórahyl, á mörkum Ártúns og Árbæjar til sjávar. Þeir viðhöfðu þá veiðiaðferð að girða þvert yfir báðar kvíslarnar niður undir ósum og koma þar fyrir trékistum sem laxarnir stukku inn í á leið sinni á hrygningarstöðvarnar. Á korti Benedikts Gröndal af Elliðaánum og umhverfi þeirra frá 1880 eru þvergirðingar og laxakistur merktar inn fyrir norðan þjóðleiðina sem lá yfir Árhólmana (mynd 12). Miðað við núverandi umhverfi hafa þær verið sunnan við hitaveitustokkinn sem nú liggur yfir Árhólmana. Veiðiaðferð Thomsensfeðga varð til þess að sáralítið veiddist af laxi ofan við veiðimörk þeirra og skapaði það óvinsældir meðal þeirra sem áttu lönd eða bjuggu ofar með ánni. Á þessum tíma átti Benedikt Sveinsson, yfirdómari og síðar alþingismaður, meðal annars jarðirnar Árbæ, Vatnsenda og Elliðavatn og hófust fljótlega deilur milli hans og Thomsens um eðli og umfang veiðiréttindanna sem urðu að einum umfangsmestu málaferlum sem um getur hér á landi, en þau stóðu yfir á árunum 1870-1884. Á árunum 1877-1879 unnu andstæðingar Thomsens skemmdarverk á laxakistum hans. Voru kistubrotsmenn dregnir fyrir dóm og nokkrir sektaðir,

[58] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 86-88 – Árni Óla: „Elliðaármálin“. *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*, bls. 27-29 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 121.
[59] Þjóðminjasafn Íslands: Lpr-2929. Ljósmyndari Fredrick W. Warbreck Howell.

en flestir sýknaðir. Að lokum voru þvergirðingar Thomsens dæmdar ólöglegar í hæstarétti árið 1883 og lauk þar með veiðum Thomsensfeðga í Elliðaám.[60]

Eftir að Elliðaármálum lauk munu það aðallega hafa verið breskir veiðimenn, sem hingað komu til sportveiða, sem tóku árnar á leigu. Árið 1897 keypti Bretinn H. A. Payne hlut Thomsens í Elliðaánum ásamt jörðunum Ártúni og Bústöðum. Ári seinna keypti hann einnig kirkjujörðina Breiðholt, eins og áður er nefnt, væntanlega til að tryggja sér þau veiðiréttindi sem henni tilheyrðu.[61] Nokkrum árum síðar mun hann einnig hafa keypt veiðiréttindin ofar í ánum af erfingjum Benedikts Sveinssonar.[62] Payne lét reisa *veiðihús* við ána, tvö niður við ósana, á sama stað og Thomsen hafði áður haft veiðihús, og tvö fyrir efra veiðisvæðið, sjá mynd 15.

Árið 1906 keypti bæjarstjórn Reykjavíkur Elliðaárnar af Payne ásamt jörðunum Breiðholti, Árbæ og Ártúni, eins og áður hefur komið fram, og eignaðist þannig allan veiðirétt í ánum. Breskir veiðimenn munu hafa haldið áfram að leigja Elliðaárnar fram að fyrri heimsstyrjöld en eftir það tóku íslenskir veiðimenn við. Árið 1925 fól bærinn Rafmagnsveitu Reykjavíkur umsjón með Elliðaánum, en frá því að Stangveiðifélag Reykjavíkur var stofnað árið 1939 hefur það haft Elliðaárnar á leigu.[63] Við Elliðaárnar er mikið af örnefnum sem tengjast veiðum í ánum.

1.2.9 Veiðihús í Elliðaárdalnum

Veiðihúsin eiga rætur að rekja til síðari hluta 19. Aldar, en á korti frá 1869 sést hús í Árhólmunum niður við ósa sem talið er að hafi verið fiskgeymsluhús Ditlev Thomsens kaupmanns. Eftir að Payne keypti veiðiréttinn í Elliðaánum árið 1890 var reist veiðimannahús á sama stað og fiskgeymsluhúsið hafði verið áður, það er að segja niður við ósa. Veiðimenn höfðu húsin til afnota í nokkra áratugi. Engin ummerki um þau eru nú sjáanleg, en annað húsanna var flutt að Árbæjarstíflu við byggingu hennar á árunum 1921-1929 og var nefnt stífluhús (sjá kafla 1.2.11).

Payne lét jafnframt reisa tvö önnur hús í litlu gili skammt fyrir ofan Vatnsveitubrúna. Þetta voru annarsvegar íveruhús fyrir veiðimenn og hinsvegar vörslumannshús (sjá mynd 14). Bæði húsin hvíldu á sökklum úr hlöðnu grjóti og má enn sjá annan þeirra, svo til óskemmdan. Annað húsið hefur a.m.k. staðið til ársins 1961 samkvæmt korti frá því ári.[64]

---

[60] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 88-89 – Árni Óla: „Elliðaármálin“. *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*, bls. 28-59 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 121-122 – *Ísafold*, 15. maí 1878, bls. 47; 7. júlí 1881, bls. 63; 13. september 1881, bls. 92; 24. september 1881, bls. 95-97 – BVS: „Brezkt hlutafélag Einars Ben. enn þinglýstur eigandi veiðiréttar í efsta hluta Elliðaáa". *Morgunblaðið*, 15. janúar 1978, bls. 20.

[61] Árni Óla: „Elliðaármálin“. *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*, bls. 65– *Ísafold*, 28. maí 1897, bls. 107; 9. júní 1897, bls. 155; 12. nóvember 1898, bls. 279 – *Nýja öldin*, 1. árg. 1897-1898, 58. tbl., bls. 232 – *Þjóðólfur*, 30. apríl 1897, bls. 84; 18. nóvember 1898, bls. 216 – *Dagskrá*, 13. júlí 1898, bls. 1 – *Ísland*, 2. árg. 1898, 30. tbl., bls. 120 – *Fjallkonan*, 15. árg. 1898, 45. tbl., bls. 180.

[62] Ásgeir Ingólfsson: *Elliðaárnar*, bls. 38-39 – BVS: „Brezkt hlutafélag Einars Ben. enn þinglýstur eigandi veiðiréttar í efsta hluta Elliðaáa". *Morgunblaðið*, 15. janúar 1978, bls. 20 – *Fjallkonan*, 17. árg. 1900, 2. tbl., bls. 3 – *Lögrétta*, 1. árg. 1906, 38. tbl., bls. 150.

[63] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 88-90.

[64] Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort Mælingadeildar Reykjavíkur frá 1960 (hluti). Gefið út af bæjarverkfræðingnum í Reykjavík. Afrit. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Minjasafn Reykjavíkur → Leitarorð: 1960.

Árið 1959 var núverandi veiðihúsið að Rafstöðvarvegi 2 reist en það er eina veiðihús sinnar tegundar sem reist hefur verið í Elliðaárdalnum síðan í tíð Breta.[65]



Mynd 14 Konur og börn fyrir framan veiðihús H. A. Payne við Elliðaár um 1940-1950.[66] Í fjarska sjást hús í Selási. Húsin stóðu bæði á steinhlöðnum sökklum og stendur sá syðri enn (218-30).

1.2.10 Vatnsveitumannvirki

Þegar bærinn keypti Elliðaárnar árið 1906 var það fyrst og fremst til þess að tryggja aðgang að vatni fyrir vatnsveitu bæjarins og einnig til mögulegrar virkjunar.[67] Þegar ákveðið var að byrja á vatnsveitunni árið 1907 varð það hins vegar að ráði að taka vatnið úr Gvendarbrunnum. Framkvæmdir hófust árið 1908 og þá um sumarið var búið að leggja vatnspípurnar frá Rauðarárholti upp í Elliðaárdal. Árið 1909 var klárað að leggja pípurnar þaðan og upp í Gvendarbrunna. Voru þetta stærstu verklegu framkvæmdirnar sem ráðist hafði verið í á landinu fram að þessu.[68]

Samhliða lagningu vatnspípanna var lagður vegur meðfram lögninni, *Vatnsveituvegur* (218-64), og lá hann frá Suðurlandsbraut að austurenda Bústaðavegar í gegnum Blesugróf og Löngugróf, áfram upp með Elliðaánum að sunnanverðu að *Vatnsveitubrú*, sjá mynd 16. Pípurnar voru síðan fluttar á hestvögnum að verkstað og var það vandasamt verk.[69] Fyrstu mánuðina sem vatnsveitan starfaði, á meðan lokið var við að leggja leiðsluna milli Gvendarbrunna og Elliðaánna, sumar og haust 1909, var vatnið tekið úr Elliðaánum skammt fyrir ofan Vatnsveitubrúna, en þar er enn hægt að sjá fyrsta vatnstökustaðinn (218-37). Hæðin á þrónni þar var nægileg til að vatnið rynni sjálfkrafa til bæjarins frá þessum stað,[70] sjá mynd

[65] Árni Hjartarson og Helgi M. Sigurðsson: *Elliðaárdalur. Perla Reykjavíkur*, bls. 137-139.
[66] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: KAN 001 060 2-2. Ljósmyndari: Karl Christian Nielsen, tekið um 1940-50.
[67] *Ísafold*, 4. ágúst 1906, bls. 199 – *Lögrétta*, 1. árg. 1906, 38. tbl., bls. 150 – Árni Óla: „Elliðaármálin". *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*, bls. 66.
[68] *Úr bæ í borg. Nokkrar endurminningar Knud Zimsens*, bls. 110-111 og 123-125 – Hilmar Garðarsson: *Saga Vatnsveitu Reykjavíkur 1909-1999*, bls. 91-93 og 105-111 – Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 95.
[69] Sama og tilvitnun 68.
[70] Hilmar Garðarsson: Saga Vatnsveitu Reykjavíkur 1909-1999, bls. 80.

17. Vegurinn var síðan lagður áfram frá Vatnsveitubrú norðan- eða austanmegin ánna, um svæði sem nú er kallað Víðivellir, og alla leið austur að Gvendarbrunnum.[71]



Mynd 15 Lagning vatnsveitunnar 1908 eða 1909. Yfirverkfræðingur framkvæmdanna, H. A. Hansen, stendur við skurðinn, en við hlið hans situr Knud Zimsen, þáverandi bæjarverkfræðingur Reykjavíkur. Í baksýn sjást Rauðhólar.[72]



Mynd 16 Vatnsveitubrúin (218-38), horft til austurs.



Mynd 17 Steinsteypt þró (218-37), vatnstökustaður rétt fyrir ofan Vatnsveitubrúna (218-38), horft til norðurs.

Víðast hvar lágu pípurnar neðanjarðar en sums staðar ofanjarðar og eru torfgarðar sem hylja þær enn sýnilegir meðfram Vatnsveituvegi (sjá fornleifaskrá 218-39 og 64), frá Höfðabakka upp að Vatnsveitubrú. Þar er auk þess Vatnsveituvegur vel varðveittur, notaður sem reiðvegur og akvegur fyrir veiðimenn.[73]

[71] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 96.
[72] Þjóðminjasafn Íslands: Lpr-1749. Ljósmyndari Pétur Brynjólfsson. Upplýsingar um myndefni: Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 95.
[73] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 95-96.

1.2.11 Árbæjarstífla og önnur mannvirki Elliðaárvirkjunar

Í upphafi 20. aldar var eftirspurn bæjarbúa í Reykjavík eftir rafmagni mikil. Í kjölfar þess var leitað til verkfræðinganna Jóns Þorlákssonar og Guðmundar Hlíðdal til að kanna hagkvæmni rafstöðvar í Elliðaárdal. Í árslok 1919 ákvað bæjarstjórn Reykjavíkur að reist yrði virkjun við Elliðaár og voru verkfræðingarnir Aage Broager Christensen og Guðmundur Hlíðdal fengnir til að sjá um framkvæmd verksins. Framkvæmdir á mannvirkjum, svo sem rafstöðvarhúsi að Rafstöðvarvegi 6 og íbúðarhúsi rafstöðvarstjóra að Rafstöðvarvegi 8, hófust í kjölfarið (mynd 18). Rafstöðvarbyggingin var fullgerð, vígð og opnuð til almennra nota að viðstöddum hans hátign Kristjáni konungi X og Alexandrínu drottningu þann 27. júní 1921 (mynd 19).



Mynd 18 Rafstöðvarhúsið (til hægri) og íbúðarhús rafstöðvarstjóra (til vinstri) snemma sumars árið 1921.[74]



Mynd 19 Vígsla rafstöðvarinnar að viðstöddum dönsku konungshjónunum 27. júní 1921.[75]


Fyrsti áfangi Árbæjarstíflu var jafnframt reistur á sama tíma, en árið 1929 var stíflan hækkuð og lengd. Við austurenda stíflunnar stóð lengi einlyft bindingshús sem áður hafði verið byggt sem veiðihús við Elliðaárvog (mynd 20), sjá umfjöllun í kafla 1.3.4. Veiðihúsið var flutt og endurbætt til að þjóna sem stífluhús Rafmagnsveitu Reykjavíkur árið 1930 (myndir 20-22). Í kjölfar viðgerða á stíflunni árið 1985 var bindingshúsið leyst af hólmi með nústandandi stífluhúsi sem byggt er úr steinsteypu.

Frá stíflunni voru lagðar tvær þrýstivatnspípur sem liggja meðfram ánum að norðanverðu að rafstöðvarhúsinu. Þrýstivatnspípurnar voru endurnýjaðar á áttunda áratugnum og þá komið fyrir einni pípu í stað tveggja. Nýja þrýstivatnspípan, sem er að hluta til ofanjarðar, myndar í dag (2020) lágan grasigróinn hrygg frá stíflunni að stöðvarhúsinu.[76]


[74] Einkasafn OR. Ljósmyndari ókunnur.
[75] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÓLM 0250. Ljósmyndari: Magnús Ólafsson.
[76] Árni Hjartarson, Guðmundur Halldórsson, Helgi M. Sigurðsson og Ívar Gissurarson: *Elliðaárdalur. Perla Reykjavíkur*, bls. 148-149.



Mynd 20 Veiðihúsin hin neðri við Elliðaárósa á árunum 1905-1920.[77]



Mynd 21 Teikning af suðurgafli stífluhúss (áður eitt af veiðihúsunum) eftir flutning að Árbæjarstíflu árið 1930.[78]



Mynd 22 Suðurgafl stífluhúss við Árbæjarstíflu (í bakgrunni) árið 1968.[79]


1.2.12 Rafstöðvarvegur 6, rafstöðvarhúsið

Mannvirki Elliðaárstöðvar eru einskonar kennileiti í dalnum, ekki síst rafstöðvarhúsið sjálft. Ekki er vitað nákvæmlega í hvers hlut það kom að hanna endanlegt útlit og fyrirkomulag hússins en þrír verkfræðingar komu að verkinu, þeir Jón Þorláksson, Guðmundur Hlíðdal og A. B. Christensen. Jón Þorláksson skrifar undir elstu varðveittu teikninguna af rafstöðinni frá 1918 og svipar teikningu hans útlitslega til hússins sem var byggt.[80] Teikning Jóns af húsinu var hinsvegar endurskoðuð og hönnun hússins þróuð áfram og komu bæði Jón og samstarfsmenn hans þar að verki (sjá mynd 23). Teikning Guðmundar Hlíðdal og A. B. Christiansen frá 1921 sýnir húsið nokkurn veginn í þeirri mynd sem það var byggt (þ.e. án stækkunar frá 1933).[81] Rafstöðvarhúsið var hannað í látlausum nýklassískum stíl, en útlit þess minnir á útlit annarra norrænna orkuvera frá svipuðum tíma, m.a danskra rafstöðva.[82] Í því ljósi, og vegna þess að hönnun hússins virðist hafa verið samvinnuverkefni fremur en verk eins manns, virðist mega álykta að útlit hússins hafi ekki verið í brennidepli, heldur hafi það fyrst og fremst verið hugsað sem einskonar skel eða yfirbygging yfir vélabúnaðinn.

Í brunavirðingu frá 1924 kemur fram að húsið sé byggt úr steinsteypu og að á því sé járnþak á borðasúð með pappa á milli. Meira en helmingur aðalhæðar hússins er einn stór (einlyftur) vélasalur frá gólfi til mænis, fyrir túrbínur og aðrar rafmagnsvélar (mynd 23). Upphaflega voru einungis tvær Francistúrbínur (500 og 1000 hestafla) í notkun en gert var ráð fyrir fjölgun þeirra framar í vélasalnum. Rafvélar voru tengdar við ása túrbínanna sem gengu inn í háspennuhúsið (staðsett við austurgafl hússins), sem var tvílyft með anddyri, uppgangi og verkstæði. Í túrbínusalnum voru veggir lagðir allt í kring með gljábrenndum postulínsflísum upp í 1,5 metra hæð, eða upp að gluggum. Að öðru leyti var salurinn hvíttaður


[77] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 945. Ljósmyndari: Magnús Ólafsson, 1905-1920.
[78] Sjá teikningavef Reykjavíkurborgar: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Leitarorð: „Árbæjarstífla“
[79] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: BJB 002 028 2-3, Ljósmyndari: Bjarnleifur Bjarnleifsson, 27.02.1968.
[80] Einkasafn OR. Teikningasafn.
[81] Einkasafn OR. Teikningasafn.
[82] Stefán Pálsson: „Hver var arkitekt Elliðaárstöðvar?“ *Morgunblaðið* 19.06.2004, bls. 18.

og gólf flísalögð með leirtíglaflögum, líkt og á öðrum gólfum hússins. Önnur rými í húsinu voru máluð, loft kalksléttuð og hvíttuð.[83]



Mynd 23 Hönnunarferli rafstöðvarhússins, útlitsteikningar frá 1918, 1919, 1920 og 1921. Form og stíll hússins er með svipuðu sniði milli teikninga en staðsetning stromps, útlit glugga og staðsetning hurðar breytast milli ára.[84]

[83] Borgarskjalasafn: Aðf. 742. Brunabótavirðingar 1924-1926, brunavirðing dags. 16.05.1924 (br.nr. 1994).
[84] Einkasafn OR. Teikningasafn.




Mynd 24 Vélasalur í rafstöðvarhúsinu 1921 (vinstri) og 2019 (hægri).[85]

Árið 1933 var byggð steinsteypt viðbygging í samskonar stíl við vesturgafl hússins. Líkt og kemur fram í brunabótavirðingu frá því ári var gólfið undir viðbyggingunni úr þriggja metra þykkri steinsteypu, en byggingin var að öðru leyti múrsléttuð og hvíttuð að utan. Með tilkomu viðbyggingarinnar fjölgaði bogagluggum á norðurhlið hússins úr fjórum í sex. Þá var inngangur einnig færður á suðurhlið. Innandyra voru veggir viðbyggingarinnar flísalagðir, múrsléttaðir og málaðir, líkt og í eldri hluta byggingarinnar.[86]

Rafmagnið sem varð til í rafstöðvarhúsinu var leitt með ofanjarðarlínu frá rafstöðinni, nánar tiltekið frá efri rishæð við austurgafl hússins, þar sem háspennuklefar voru staðsettir, í aðveitustöð á Skólavörðuholti. Frá aðveitustöðinni á Skólavörðuholti, sem var þá í útjaðri bæjarins, var raforku dreift með neðanjarðarleiðslum til átta spennistöðva í og við miðbæ Reykjavíkur. Spennistöðvarnar voru teiknaðar í klassískum stíl af Guðjóni Samúelssyni.

1.2.13 Rafstöðvarvegur 8, íbúðarhús rafstöðvarstjóra

Rafstöðin og íbúðarhús rafstöðvarstjóra risu samtímis, en íbúðarhúsið er staðsett um 20 metrum fyrir sunnan rafstöðvarhúsið. Líkt og rafstöðvarhúsið var það reist út steinsteypu. Húsið er einlyft með allmikilli portbyggingu. Fram kemur í umfjöllun um mannvirki Elliðaárstöðvar í tímariti V. F. Í. árið 1921 að fyrstu herbergin í húsinu hafi verið tekin í notkun í október 1920, en húsið var upphaflega meira og minna notað til íbúðar fyrir vélasetningar- og verkamenn.[87] Í dag (2020) hefur útliti hússins verið breytt töluvert frá því sem upphaflega var, m.a. með viðbyggingum.


Í kjölfar byggingar Rafstöðvarinnar og íbúðarhúss stöðvarstjóra var haldið áfram uppbyggingu á svæðinu fyrir starfsemi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Í tíð fyrsta stöðvarstjórans, Ágústs Guðmundssonar og konu hans Sigríðar Pálsdóttur, var komið upp kúabúskap á staðnum. Árið 1922 var steinsteypt fjós með áfastri járnsmiðju reist austan við

[85] T.v. einkasafn OR. Ljósmyndari ókunnur. T.h. Borgarsögusafn. Ljósmyndari: Drífa Kristín Þrastardóttir.
[86] Borgarskjalasafn: Aðf. 746. Brunabótavirðingar 1933-1937, brunavirðing dags. 21.12.1933 (br.nr. 1995).
[87] *Tímarit Verkfræðingafélags Íslands*, 6. árg. 1921, 6. tbl, bls. 69.

íbúðarhúsið (Rafstöðvarvegur 12) og um áratug síðar var reist hlaða þar sunnan við (Rafstöðvarvegur 10). Ásamt íbúðarhúsi stöðvarstjóra eru þessi hús vitnisburður um að á sínum tíma var ábúð á staðnum talin mikilvæg fyrir starfsemi og velfarnað Elliðaárstöðvar.




Mynd 25 Íbúðarhús rafstöðvarstjóra (norðurhlið) árið 1921.[88]




Mynd 26 Íbúðarhús rafstöðvarstjóra (suðurhlið) árið 1948, bakvið húsið sést við viðbygginu við rafstöðvarhúsið.[89]

1.2.14 Önnur mannvirki Elliðaárstöðvar við Rafstöðvarveg

Árið 1937 var byggð spennistöð á svæðinu (Rafstöðvarvegur 14) eftir teikningum Sigurðar Guðmundssonar arkitekts. Sigurður hannaði einnig á sama tíma Ljósafossstöð, en Sogslína var lögð þaðan að spennistöðinni við Elliðaárstöð. Báðar byggingarnar, Ljósafossstöð og spennistöðin, voru hannaðar í anda fúnkisstefnunnar þar sem hreinir fletir, skipulag og hlutföll voru áberandi. Spennistöðin er því frábrugðin eldri húsunum á svæðinu í stíl og útliti.



Mynd 27 Rafstöðvarvegur 14 (án seinni viðbygginga).[90]



Mynd 28 Rafstöðvarvegur 14 (til vinstri) og spennuvirki sem stóð austan við húsið, árið 1952.[91]

Tvívegis var byggt við spennistöðina. Árið 1943 var byggt við suðvesturhorn hússins og árið 1952 reistur turn til viðgerða og viðhalds á spennuvirki sem staðsett var austan við

[88] Einkasafn OR. Ljósmyndari. ókunnur.
[89] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: VIG 0461 001 2-2. Ljósmyndari: Sigurhans Vignir.
[90] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÓLM 0240. Ljósmyndari: Ólafur Magnússon.
[91] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: VIG 1124. Ljósmyndari: Sigurhans Vignir.

húsið (sjá mynd 28). Óvíst er hvenær spennuvirkið var fjarlægt en það sést ekki á loftmynd árið 1995 og hefur því verið fjarlægt fyrir þann tíma. Þau mannvirki sem tilheyrðu Elliðaárvirkjun og nefnd eru hér að ofan, að frátöldum síðari tíma viðbyggingum við Rafstöðvarveg 14, voru friðlýst árið 2012, skv. 7. gr. laga um húsafriðun nr. 104/2001.


Uppbygging í næsta nágrenni við rafstöðina hélt áfram á vegum Rafmagnsveitu Reykjavíkur á næstu áratugum en sú byggð tilheyrir ekki þeirri heildarmynd sem elsta húsaþyrpingin myndar, enda reist á lengri tíma og því sundurleitari. Önnur hús á svæðinu, sem reist voru undir starfsemi Rafmagnsveitunnar, eru Rafstöðvarvegur 4 (Toppstöðin, reist 1946), Rafstöðvarvegur 9 (upphaflega hannað sem aðveitustöð, reist 1968), Rafstöðvarvegur 13 (aðveitustöð, byggð 1992) og Rafstöðvarvegur 20 (félagsheimili, byggt 1968). Rafstöðvarvegur 4 og Rafstöðvarvegur 9 þjóna ekki lengur sínu upphaflega hlutverki. Rafstöðvarvegur 4, Toppstöðin, er stærsta byggingin í Elliðaárdalnum og sker sig af þeim sökum úr í umhverfinu.

1.2.15 Rafstöðvarvegur 4, Toppstöðin

Toppstöðin, sem tekin var í notkun árið 1948, sinnti upphaflega toppálagspunktum í raforkuþörf og hitaveitu en hún var olíu- og kolakynt gufuaflsstöð. Ketilhúsið er hæsti og stærsti hluti byggingarinnar. Það var byggt nógu stórt til að geta rúmað tvo katla, en aðeins annar þeirra var settur upp í byrjun. Meðfram vesturhlið ketilhússins, næst Elliðaánum, var lág, áföst viðbygging en þar var ketilvatn tekið inn til stöðvarinnar úr Elliðaám. Vatnið var leitt í æðum neðanjarðar inn í þrær undir kjallaragólfi og þaðan dælt upp til notkunar í stöðinni. Að lokinni notkun var kælivatni aftur hleypt út í árnar.[92] Norðar, þar sem hitaveitustokkur Reykjaæðar fer yfir Elliðaárnar, var byggt dæluhús og tveir stórir olíutankar sem tilheyrðu starfsemi hússins (sjá mynd 30). Þessi mannvirki voru fjarlægð um 1984-1990 (sjá fornleifaskrá, Ártún 263-27).



Mynd 29 Toppstöðin í byggingu (til vinstri), rafstöðvarhúsið og íbúðarhús rafstöðvarstjóra (til hægri) árið 1948.[93]



Mynd 30 Dæluhús og olíutankar við Rafstöðvarveg á árunum 1950-1952.[94]

Staðsetning hússins á lóðinni var hugsuð með þeim hætti að hægt væri að byggja við það til norðurs, líkt og gert var árið 1963 eftir teikningu Eiríks Einarssonar arkitekts. Jafnframt voru gerðar breytingar á þaki og klæðningu hússins á árunum 1972-1974, svo að

[92] *Tímarit Verkfræðingafélags Íslands*, 33. árg. 1948, 33. tbl, bls. 29-51.
[93] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: VIG 0461 001 2-2. Ljósmyndari: Sigurhans Vignir.
[94] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: VIG 0461 001 4-2. Ljósmyndari: Sigurhans Vignir.

það er nú töluvert breytt í útliti frá upphaflegum teikningum, sem voru í anda fúnkisstefnunnar. Toppstöðin gegndi mikilvægu hlutverki fram á áttunda áratuginn en upphafleg starfsemi hennar var lögð niður árið 1981. Árið 2008 tók samnefnt frumkvöðlasetur hluta hússins undir sína starfsemi.

1.2.16 Önnur hús við Rafstöðvarveg utan deiliskipulagssvæðis Elliðaárdals

Rafmagnsveitan byggði tvö íbúðarhús fyrir starfsmenn við Rafstöðvarveg á árunum 1930 og 1947 (Rafstöðvarvegur 31 og 33). Nokkrum árum síðar keypti Rafmagnsveitan þriðja húsið, íbúðarhús sem byggt hafði verið við Rafstöðvarveg um 1946 (Rafstöðvarvegur 29).[95] Starfsmannahúsin voru öll seld á almennum markaði um 1997 og tilheyra því starfseminni ekki lengur.

Ásamt starfsmannahúsum Rafmagnsveitunnar má einnig finna á svæðinu ofan Rafstöðvarvegar hús sem reist voru á svonefndum Ártúnsblettum, landskikum sem bæjaryfirvöld úthlutuðu á erfðafestuleigu, þ.e. til eignar gegn árlegri leigu. Þar var heimilt að reisa sumarhús eða önnur lítil íveruhús. Þrjú þessara húsa, *Ártúnsbrekka* (Rafstöðvarvegur 17, b. 1934), *Segulhæðir* (Rafstöðvarvegur 21, b. 1932) og *Árhvammur* (Rafstöðvarvegur 23, b. 1929), standa enn á svæðinu. Á sjötta og sjöunda áratugnum bættust við tvö önnur íbúðarhús við Rafstöðvarveg, *Árbakki* (Rafstöðvarvegur 27, b. 1955) og *Sólvangur* (Rafstöðvarvegur 25, b. 1966). Saman mynda þessi hús lítinn íbúðakjarna sem nú fellur inn í gróið umhverfi svæðisins. Nokkur hús risu austar, á Árbæjarblettum ofan Rafstöðvarvegar, sem úthlutað var á sömu forsendum og Ártúnsblettum. Flest þeirra eru horfin en við Rafstöðvarveg standa eftir húsin á Árbæjarbletti 4 (Rafstöðvarvegur 35) og Árbæjarbletti 13 (Rafstöðvarvegur 41).

1.3 Yngri byggð og mannvirki

1.3.1 Byggðin í Blesugróf, Löngugróf og upp með Vatnsveituvegi


Í Blesugróf og nágrenni tóku að rísa sumarbústaðir og lítil íveruhús á kreppuárunum, um og upp úr 1930, sum á erfðafestulöndum (Bústaðablettir 1-10) en önnur á óútvísuðu landi. Um svæðið lá þá Vatnsveituvegur, frá gatnamótum Bústaðavegar og Sogavegar og áfram sunnan með Elliðaánum upp að Vatnsveitubrú en eftir það lá hann eftir Árbæjarhólma að Gvendarbrunnum.

Með fyrstu húsunum sem risu á svæðinu voru *Skálará*, *Fagrihvammur*, *Hlíð* og *Snæland* og stóðu þessi hús öll austan eða norðan Vatnsveituvegar, austan núverandi Reykjanesbrautar eða í vegarstæði hennar (sjá mynd 31). Hús á þessum slóðum virðast fyrst hafa verið brunavirt árið 1932, en einhver þeirra gætu hafa verið byggð fyrr.[96] Húsið *Skálará* var brunavirt sem nýtt íbúðarhús árið 1932 og stóð þá við Vatnsveituveg. Það stendur enn á svæðinu (nú skráð við Stekkjarbakka 1), nálægt því þar sem nú er austurhluti mislægra gatnamóta Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka. Vegur sem liggur nú að húsinu frá

[95] Árni Hjartarson, Guðmundur Halldórsson, Helgi M. Sigurðson og Ívar Gissurarson: *Elliðaárdalur. Perla Reykjavíkur*, bls. 150.
[96] Borgarsögusafn: Húsaskrá – Borgarskjalasafn: Aðf. 745–747. Brunabótavirðingar 1930–1942.

Stekkjarbakka er að hluta til gamli Vatnsveituvegurinn. Fleiri bústaðir voru byggðir á svæðinu á þessum tíma (*Árdalur*, *Sólstaðir*, *Sveinsstaðir* o.fl.) sem fáar heimildir finnast nú um.[97]

Á stríðsárunum og eftir stríð má segja að einskonar landnám hafi hafist í Blesugróf er efnalítið og húsnæðislaust fólk flykktist þangað til að reisa sér smáhýsi til íbúðar, án byggingarleyfa og lóðaréttinda og án þess að byggt væri eftir skipulagi. Í kjölfar hernámsins 1940 urðu miklir fólksflutningar til Reykjavíkur en á sama tíma réðu innflutnings- og fjárfestingahöft og tilheyrandi efnisskortur því að erfitt var að byggja ný hús í bænum. Afleiðingin varð mikill húsnæðisskortur sem varð viðvarandi eftir stríð. Á þessum tíma voru braggar teknir til íbúðar jafnóðum og herinn losaði þá og margir brugðu á það ráð að taka sumarbústaði á jöðrum bæjarlandsins til heilsársbúsetu. Um leið tóku að rísa óskipulagðar þyrpingar smáhýsa í útjaðri bæjarins, eins og í Blesugróf og með Vatnsveituvegi. Þótt aðbúnaður fólks í þessu húsnæði væri yfirleitt ekki góður og bæjaryfirvöld lítt hrifin af þessari sjálfsbjargarviðleitni létu þau þessar framkvæmdir óátaldar að mestu vegna húsnæðiseklunnar.[98]




Mynd 31 Loftmynd tekin til suðausturs yfir Elliðaárnar og Blesugróf árið 1930. Lengst til vinstri sést í starfsmannahús sem nú er Rafstöðvarvegur 31, aðeins norðar er býlið Ártún og hús Rafstöðvarinnar sem reist voru 1920-1921. Sunnan ánna sést móta fyrir Vatnsveituvegi og þar eru risin nokkur lítil hús eða bústaðir, hugsanlega Fagrihvammur fyrir miðju, miðað við staðsetningu. Vestan hans gæti verið bústaður A. Bridde bakara og austan við hann hugsanlega Skálará, sem hefur þá verið reist fyrr en skjallegar heimildir benda til. Neðst til hægri sést hús sem stóð við endann á skeiðvelli Fáks vestan Elliðaánna (þar sem Reykjanesbraut liggur nú). Í fjarska, efst til vinstri, sést móta fyrir útvarpsmöstrum á Vatnsendahvarfi. [99]

[97] Borgarsögusafn: Húsaskrá – Borgarskjalasafn: Aðf. 745–747. Brunabótavirðingar 1930–1942 – Loftmyndir úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/ borgarvefsja/ → Opna valglugga → Saga og þróun.

[98] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940-1990*. Fyrri hluti, bls. 227, 282-283, 289-291 – Borgarsögusafn Reykjavíkur: „Húsakönnun: Blesugróf". Bréf Páls V. Bjarnasonar arkitekts á Minjasafni Reykjavíkur sent Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 6. apríl 2004, bls. 3. – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 93.


[99] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 33-06. Ljósmyndari: Loftur Guðmundsson.

Í Blesugróf hófst landnámið á svæði þar sem herskálahverfið *New Mercur Camp* hafði staðið, á svæðinu milli Breiðholtsvegar (eða Útvarpsstöðvarvegar, núverandi Stjörnugrófar) og Vatnsveituvegar.[100] Kampurinn var rifinn fljótlega eftir stríð og fólk mun síðan hafa byggt hús sín á grunnum herskálanna.[101] Á þessu svæði í Blesugróf varð byggðin þéttust og einskonar húsagötur mynduðust. Flest húsanna voru þó skráð við Breiðholtsveg í upphafi og töldust til *Breiðholtshverfis*, eins og byggðin í Blesugróf var þá kölluð, en skráningunni var seinna breytt í Blesugróf og göturnar nefndar A-gata, B-gata o.s.frv.[102] Um 1950 voru risin um 60 hús og yfir 200 manna byggð í Blesugróf. Árið 1957 voru húsin um 100 talsins og íbúarnir um 500.[103] Í fyrstu var vatn tekið úr svokallaðri Bretaleiðslu og varð hver og einn að sjá um lagnir í sitt hús. Bærinn lét ekki leggja skólp- eða vatnslögn fyrir þessa byggð fyrr en 1956 og verslun og þjónusta á svæðinu var lítil sem engin. Þrátt fyrir það hélt byggðin áfram að þéttast allt fram til þess að nýtt íbúðahverfi var skipulagt á svæðinu vestan Reykjanesbrautar í byrjun sjöunda áratugarins.[104]



Mynd 32 Hér sést byggðin í Blesugróf og Löngugróf á korti frá 1947. Útvarpsstöðvarvegur liggur í framhaldi af Breiðholtsvegi vestan byggðarinnar og Vatnsveituvegur liggur sunnan og vestan með ánum frá gömlu brúnni upp að Bústaðavegi og áfram upp á malarhjallana um Blesugróf og Löngugróf að Árbæjarstíflu.[105]

[100] Eggert Þór Bernharðsson*: Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 24-25 – Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 124-125.
[101] Nikulás Úlfar Másson: *Húsakönnun: Blesugróf*, bls. 3.
[102] Borgarsögusafn: Húsaskrá – Borgarskjalasafn: Aðf. 745–749. Brunabótavirðingar 1930–1945; Aðf. 4339-4341. Brunabótavirðingar 1945-1953.
[103] „Þeir skírðu hverfið okkar hjá Rafveitunni. Rætt við Kristján Helgason verkamann um Breiðholtshverfi“. *Tíminn*, 14. nóvember 1957, bls. 4 – Eggert Þór Bernharðsson: *Sveitin í sálinni*, bls. 86 – Vefur Guðjóns Friðrikssonar: Alfræði Reykjavíkur. Vefslóð: http://archive.ph/Xzmet → Blesugróf. Sótt 3.10.2019.
[104] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940-1990*. Fyrri hluti, bls. 227 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 93 – *Tíminn*, 20. janúar 1954, bls. 4-5 og 14. nóvember 1957, bls. 4 – Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“, bls. 75 – Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*, bls. 27-28.
[105] Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort af Reykjavík og Seltjarnarnesi 1947 (hluti), teiknað af Ágústi Böðvarssyni.




Mynd 33 Kort Rafmagnsveitu Reykjavíkur sem sýnir byggðina í Blesugróf og Löngugróf, líklega á síðari hluta sjötta áratugarins.
Skjalasafn Ráðhúss Reykjavíkur: Skjöl bæjarráðs um lóðamál (D-skjöl). Blesugróf. Kort Rafmagnsveitu Reykjavíkur: „Byggð í Blesagróf við Elliðaár“. Rvík 295.47 M 1:2000.

Á svæðinu austan Vatnsveituvegar, sem liggur nú austan Reykjanesbrautar og norðan Stekkjarbakka, var byggðin dreifðari en þar risu um 50-60 hús, bústaðir og smábýli á árunum 1930-1965. Þessi byggð teygði sig austur eftir Blesugróf og upp eftir Elliðaárdal, á því svæði sunnan ánna sem einnig kallaðist Langagróf og Kermóar, og voru flest húsin byggð meðfram Vatnsveituvegi eða nálægt árbökkum vestur- eða suðurkvíslar Elliðaánna. Þessi hús voru flest skráð við Breiðholtsveg í upphafi, eins og húsin sem stóðu vestar í Blesugróf og töldust til Breiðholtshverfis, en skráningunni var seinna breytt í Blesugróf eða Vatnsveituveg.[106]




Mynd 34 Horft til suðausturs yfir byggðina í Blesugróf á ljósmynd frá 1946. Lengst til vinstri sést Rafstöðin og neðst, hægra megin við miðju, sést býlið Bústaðir. Ofan við það á miðri mynd má líklega sjá húsin Fagrahvamm, Sandfell og Fögrubrekku sem standa vestan undir Blesaþúfu. Þar fyrir ofan, uppi á sandbakkanum, standa Höfði, Skálará, Bjarkarlundur og Bakkakot, stærra hús lengra til hægri, en fyrir miðri mynd, niður við ána, sjást líklega húsin Hlíð og Lyngbrekka.[107]



Mynd 35 Hús við Vatnsveituveg sem voru látin víkja fyrir Reykjanesbraut. Fjærst er Heiði, hús með kvistum, sunnar sér í gaflinn á trésmíðaverkstæði sem stóð á sömu lóð, austan við Heiði. Sunnan við Heiði var Garðstunga sem ekki sést á þessari mynd, sunnar er svo Sandskeið og Eystrihóll, en þar var bifreiðaverkstæði innar í lóðinni. Næst er Sandhóll og bílskúr sem tilheyrði því húsi.[108]

[106] Borgarsögusafn: Húsaskrá – Borgarskjalasafn: Aðf. 745–749. Brunabótavirðingar 1930–1945; Aðf. 4339-4341. Brunabótavirðingar 1945-1953.
[107] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 33-34. Ljósmyndari: Sigurhans Vignir.
[108] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÞJV 018 115 1-5. Þjóðviljinn.

Meðal þessara húsa voru *Snæland* (b.1935, rifið 1971, 323-72), *Tunga* (b. 1960, rifið 1970, 232-71), hús Ingimars Þorsteinssonar (b. 1954, rifið 1965, 323-60), *Grund* (b. 1965, rifið 1971, 232-59), *Heiði* (b. 1963, rifið 1971, 232-70), *Garðstunga* (b. 1954, rifið 1971, 232-58), *Sandskeið* (b. 1954, rifið 1971, 232-57), *Eystrihóll* (b. 1954, rifið 1971, 232-56) og *Sandhóll* (b. 1954, rifið 1975, 232-55). Þessi hús voru látin víkja þegar Reykjanesbraut var gerð upp úr 1970.

Mynd 36 Húsið Garðstunga (232-58) stóð sunnan við Heiði þar sem nú er Reykjanesbraut. Húsið var í alla staði mjög sérstakt, en það reistu hjónin Óskar B. Magnússon og Blómey Stefánsdóttir.[109]

Önnur hús sem hafa verið rifin og stóðu fyrir norðan og sunnan Blesaþúfu innan þessa skipulagssvæðis eru *sumarhús Bridde bakara* (b. 1930, rifið um 1980, 232-52), *Lækjarhvammur* (b.1965, rifið 1984, 232-54), *Fagrihvammur* (b. 1932, rifið 1997, 218-113), *Sandfell* (b. 1954, rifið 1972, 218-112), *Fagrabrekka* (b. 1941, rifið 1975, 218-111) og *Höfði* (b. 1945, rifið 1965, 218-109).




Mynd 37 Húsin Fagrihvammur (218-113)[110] og Sandfell (218-112) stóðu norðan í Blesaþúfu.[111]

Hús sem stóðu nálægt því þar sem nú er austurhluti núverandi mislægra gatnamóta Reykjanesbrautar voru *Klöpp* (b. 1954, rifið 1971, 218-110), *Lækjarbrekka* (b. 1943, rifið 1984, 218-108), *Lækjarhvoll* (b. 1945, rifið 1971, 218-107), *Lækjartún* (b. 1950, rifið 1996, 218-106), *Lækjarbugur* (b. 1942, rifið 1984, 218-104), *Laugarfell* (b. 1942, rifið 1984, 218-103) og *Bakkakot* (b. 1943, rifið 2003, 218-102), sem var hús Ásgeirs Þorsteinssonar verkfræðings. Hann byggði sundlaug við húsið sitt, en ekki langt frá húsinu var áður volgur lækur sem var afrennsli frá Bústaðalaug (218-26) og fleiri heitum uppsprettum.

[109] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÞJV Breiðholt nr 6 og SÞÓ ÁBS 1416. Ljósmyndari: Sveinn Þórðarson.
[110] Fagrihvammur, tekið af Facebook síðu *Blesugróf*, 3. febrúar 2020. Ljósmyndari Sigurjón Sindrason.
[111] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: SÞÓ ÁBS 170. Ljósmyndari: Sveinn Þórðarson.

Skammt vestan við *Skálará*, nú Stekkjarbakka 1 (b. 1932, 218-66), var *Bjarkalundur* (b. 1941, rifið 1971-1975, 218-105) og austan við var *Bjarkarás* (b. 1954, rifið 1965, 218-101).
Við árbakkann nokkru austar stóðu *Hlíð* (b. 1932, rifið 1975, 218-98), *Lyngbrekka* (b. 1940, rifið 1975, 218-97), *Laufabrekka* (b. 1965, rifið 1980, 218-96), Sandbrekka (b. 1965, rifið 1975, 218-95) og *Alda* (b. 1950, rifið 2006, 218-94), sem stóð vestan við *Heimahvamm*, sem nú er Stekkjarbakki 3 (b. 1940). Austan við Heimahvamm var *Melholt* (stendur líklega enn, 218-92) og *Lindarás* (b. fyrir 1954 og rifið fyrir 1990, 218-90). Aðeins austar eru svo þrír skúrar, verkstæðisbyggingar (218-121), og standa enn. Ofar í brekkunni var *Útey* (b. 1943, rifið 1975, 218-80) og *Dalbær* (b. 1943, rifið 2002-2004, 218-78). Þar eru nú ræktunarreitir á vegum borgarinnar. Niður með ánni í Kermóum var *Árdalur* (b. 1932, rifið 1971, 218-79). Austan við Dalbæ og norðan við Vatnsveituveg stóðu áður húsin *Hof* (b. 1957, rifið 1984, 218-75), *Ásbyrgi* (b.1957, rifið 1975, 218-74), *Fossgil* (b. 1951, rifið 1986, 218-73) og *Foss* (b. 1954, rifið 1975, 218-72). Nokkru austar, rétt vestan við Höfðabakka þar sem hann liggur að brúnni yfir Elliðaárnar, var *Sjónarhóll* (b. 1958, rifið 2005-2006, 218-71). Húsið *Hamar* (b.1954, rifið 1980, 218-70) var þar sem gatan Höfðabakki liggur nú, en spölkorn austar við götuna reis húsið *Hraunteigur*, nú Vatnsveituvegur 104 (b. 1956, 218-62). Spölkorn austar, sunnan við Vatnsveituveg var *Öxl* (b. 1958, rifið 2008, 218-69).[112]

Þau hús sem hér hafa verið talin upp eru þau sem stóðu eða hafa staðið einna lengst á skipulagssvæðinu. Innan um þau stóðu fleiri hús, sumarbústaðir og smáhýsi sem nú eru litlar heimildir um, enda voru þau flest byggð án lóðaréttinda, byggingarleyfis og teikninga og eru nú horfin.


Frá um 1970 hafa þessi hús smám saman týnt tölunni, meðal annars vegna lagningar Reykjanesbrautar um 1970-1975, Höfðabakka og Höfðabakkabrúar í byrjun níunda áratugarins og skipulagningar útivistarsvæðis í Elliðaárdal á síðustu áratugum. Á síðustu 20 árum (2000-2020) hafa minnst fimm hús á svæðinu verið rifin. Af allri þessari byggð sem var á skipulagssvæðinu standa nú einungis þrjú hús eftir: *Skálará* (Stekkjarbakki 1), *Heimahvammur* (Stekkjarbakki 3) og *Hraunteigur* (Vatnsveituvegur 104) og auk þeirra *Gilsbakki* (Stekkjarbakki 9), sem stendur utan skipulagssvæðis Elliðaárdals sem hér er til umfjöllunar.

Eins og á öðrum svæðum sem áður voru á jaðri meginbyggðarinnar í Reykjavík virðist búskapur og ræktun af ýmsu tagi hafa fylgt búsetu á þessu svæði og skúrar og útihús fyrir hænur, hesta og ef til vill kindur hafa staðið við einhver þessara húsa og standa til dæmis enn við *Gilsbakka*. Í kringum mörg þessara húsa voru ræktaðir trjálundir og önnur gróðurbelti sem eru í mörgum tilfellum einu sýnilegu ummerkin sem eftir eru um búsetu á þessum stöðum.[113]

---


[112] Nikulás Úlfar Másson: *Húsakönnun í Blesugróf* – Vefur Guðjóns Friðrikssonar: Alfræði Reykjavíkur. Vefslóð: http://archive.ph/Xzmet – Borgarskjalasafn: Aðf. 745–749. Brunabótavirðingar 1930–1945; Aðf. 4339-4341. Brunabótavirðingar 1945-1953.
[113] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 72-73 og Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir. *Elliðaárdalur, svæðið norðan Stekkjarbakka*, bls. 10-17.

Mynd 38 Byggðin í Blesugróf og Löngugróf á loftmynd frá 1954. Hús merkt inn eftir korti Rafmagnsveitu Reykjavíkur frá svipuðum tíma. Hús sem standa enn (2020) eru merkt með gulu letri. Byggingarár og ár niðurrifs (ef þekkt) er fært inn fyrir neðan húsheiti.
Loftmynd úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur. Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Saga og þróun → Reykjavík árið 1954. Sótt í febrúar 2017. Merkingar: Drífa Kristín Þrastardóttir, Borgarsögusafni. Heimildir um heiti og staðsetningu húsa: Skjalasafn Ráðhúss Reykjavíkur: Skjöl bæjarráðs um lóðamál (D-skjöl). Blesugróf. Kort Rafmagnsveitu Reykjavíkur: „Byggð í Blesagróf við Elliðaár". Rvík 295.47 M 1:2000. Heimildir um byggingarár og niðurrif: Borgarsögusafn: Húsaskrá – Borgarskjalasafn: Aðf. 745–749. Brunabótavirðingar 1930–1945; Aðf. 4339-4341. Brunabótavirðingar 1945-1953 – Loftmyndir úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur. Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Saga og þróun.



1.3.2 Árbæjarblettir


Á fjórða og fimmta áratugnum var stórum hluta af Árbæjarlandi skipt upp í svokallaða Árbæjarbletti sem bæjaryfirvöld úthlutuðu á erfðafestuleigu og voru ætlaðir sem sumarbústaða- og ræktunarlönd. Hver blettur var um 50 x 75 metrar að stærð eða um 3.750 fermetrar. Nokkrir blettir voru mældir út vestan við gamla Árbæjarbýlið (Árbæjarblettir 1-13) um 1930 og þar voru reist hús á fimmta áratugnum. Árið 1941 var nánast öllu landi austan býlisins, eða svæðinu sem liggur milli núverandi Höfðabakka og Selás, í austanverðu holtinu niður að Elliðaám, skipt í erfðafestubletti (Árbæjarbletti 29-77) og úthlutað. Á fimmta og sjötta áratugnum reis þarna nokkuð af bústöðum og húsum, bæði timbur- og steinhúsum, sem mörg voru fljótlega tekin til heilsársbúsetu.[114] Flest þessara húsa eru nú horfin, en Þykkvibær 21 var áður Árbæjarblettur 62. Beggja vegna við þá lóð voru lóðir Árbæjarblettar sem náðu niður að á og eru skráðar hér, (sjá 262-134) auk nokkurra bletta vestar. Engin merki eru lengur sjáanleg eftir þessi hús eða lóðir vegna gróðurs.



Mynd 39 Korti af Árbæjarblettum varpað á loftljósmynd frá árinu 2018. Árbæjarblettum var úthlutað alveg niður á árbakkann.[115]

[114] Bjarni F. Einarsson, Helgi M. Sigurðsson og Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 7 - Árbær. Byggingar og minjar*, bls. 2 – Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 68 – Eggert Þór Bernharðsson: *Sveitin í sálinni*, bls. 83 – *Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83*, bls. 194 – *Þjóðviljinn*, 16. september 1949, bls. 8.

[115] Borgarsögusafn: Kortasafn. „Reykjavík og nágrenni 1:5000 - Blað 44, Árbær“ (hluti). Kort gert af Forverki hf. 1962. Útg. Skipulagsstjóri ríkisins. Afrit, korti varpað á loftmynd frá árinu 2018 úr LUKR, kortavinnsla ALG.



Mynd 40 Byggðin á Árbæjarblettum á ljósmynd frá 1950-60. Þarna stóðu hús af ýmsum stærðum og gerðum sem flest viku fyrir nýjum húsum þegar hverfishlutinn sunnan Rofabæjar byggðist upp á fyrri hluta sjöunda áratugarins, en þá var skipulag hinna nýju gatna og lóða byggt á skiptingu gömlu blettanna.[116]


Þegar núverandi íbúðabyggð sunnan Rofabæjar í Árbæjarhverfi var skipulögð á fyrri hluta sjöunda áratugarins voru gömlu Árbæjarblettirnir endurskipulagðir sem íbúðalóðir. Til að einfaldara væri að breyta þeim í einbýlishúsahverfi var skipulag nýrra gatna og lóða byggt á gömlu landskiptingunni og hverjum bletti skipt í fjórar lóðir. Vegna nýju íbúðabyggðarinnar þurftu flest hinna eldri húsa að víkja og voru sum rifin en önnur flutt. Einstök hús voru þannig staðsett að þau gátu staðið lengur ef þau höfðu fengið lóðaréttindi við úthlutun lóða og munu allmargir fyrrum erfðafestuhafar á svæðinu hafa fengið úthlutað einbýlishúsalóðum þar sem hús þeirra stóðu.[117]

1.3.3 Byggð ofan Árbæjarstíflu


Ofar í dalnum, ofan Árbæjarstíflu, á móts við Blásteinshólma, var *Eddubær*, hús Elínar Pétursdóttur Blöndal (b. 1942, rifið fyrir 1975, 218-42), en þar ræktaði hún mikinn trjálund.[118] Fyrir austan Eddubæ var svo *Hvíld* (b. fyrir 1954, rifið fyrir 1975, 218-68) og enn lengra til austurs annað ónefnt hús (b. fyrir 1965 og rifið fyrir 1975, 218-62). Neðar og nær ánni var síðan hús með braggalagi, sem ekki er ljóst hvað hýsti (218-43), sjá mynd 41. Sunnan við Vatnsveitubrúna, uppi í hlíðinni, voru *Ensku veiðihúsin* og enn sunnar var *Birkilundur*, sem Húsmæðrafélag Reykjavíkur reisti sem sumardvalarstað fyrir efnalitlar fjölskyldur (b. 1939, rifið fyrir 1990, 218-14).[119] Sunnan við Birkilund var hesthúsahverfið *Stanleyville* á árbakka Dimmu. Þau hús voru byggð upp úr 1960 og stóðu til 1975 en þá var hverfið rifið og eitt eða fleiri hús flutt í nýja hesthúsahverfið í Víðidal.

---

[116] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: PTH 068 048 2-2. Ljósmyndari: Pétur Thomsen.
[117] Eggert Þór Bernharðsson: *Sveitin í sálinni*, bls. 86 og myndatexti bls. 83 – *Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83*, bls. 194 – Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 68-69.
[118] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 72-73 og Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Elliðaárdalur, svæðið norðan Stekkjarbakka*, bls. 10-17.
[119] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 72-73 – *Lesbók Morgunblaðsins*, 24. október 1998, bls. 7-9 – *Vísir*, 1. ágúst 1939, bls. 3-4.



Mynd 41 Horft upp með Elliðaám í suðaustur að Vatnsveitubrú. Lengst til vinstri er Gamla klakhúsið sem var á árbökkum Bugðu. Aðeins vestar eru hús sem stóðu þar sem áður var Camp Baldurshagi. Vestan við árnar eru Ensku veiðihúsin (dökkmáluð) og þar fyrir aftan er Birkilundur, næst hægra megin er braggalaga hús (218-43) við árbakkann.[120]



Mynd 42 Loftmynd frá 1965. Efst á myndinni og nyrst er Eddubær og Hvíld sem voru austan við Vatnsveituveg, Vatnsveitubrúin og fyrsti vatnstökustaðurinn. Ofar með ánni stóðu áður Ensku veiðihúsin og Birkilundur, en ofar var svo hesthúsahverfið Stanleyville. Austan við Vatnsveitubrúna hélt svo Vatnsveituvegur áfram upp Árbæjarhólmann, en þar var Camp Baldurshagi, Gamla klakhúsið og Vatnsgeymirinn á árbökkum Bugðu.[121]

[120] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: PTH 068 048 1-1. Ljósmyndari Pétur Thomsen. Tekið líklega um 1950-60.
[121] Loftmynd af Reykjavík 1965 úr LUKR, kortagerð ALG.

Norðan við Árbæjarstíflu og upp með ánni voru Árbæjarblettir eins og fyrr segir. Nokkur hús frá þeim tíma hafa staðið innan skipulagssvæðisins, en Árbæjarblettir náðu alveg niður á árbakkann.

Í Selásnum voru síðan Selásblettir í landi Grafar. Þar reis nokkur fjöldi bústaða á fjórða og fimmta áratugnum, líklega í kringum þrjátíu hús, sem mörg urðu svo að heilsársbústöðum,[122] en Selásblettir koma ekki beint við sögu hér. Norðaustan við Vatnsveitubrúna, í hlíðinni norðan í Brennuhól, var byggð á skika sem var innan jarðamarka Árbæjar, en alveg við Selásbletti.[123] Þetta eru minjar eftir eldri byggð í landi Árbæjar. Engar skriflegar upplýsingar hafa fundist um þennan skika, fyrir utan yngri kort. Norðaustan við umræddan skika eru Selásblettir 11 og 13, en líklega hefur þessi skiki verið byggð upp að hluta áður en Selásblettum var úthlutað um eða uppúr 1925. Á vesturhluta skikans eru torfhleðslur og leifar torfhúsa. Greina má eldri garða á loftmynd sem gæti gefið til kynna að þarna hafi verið enn eldri byggð, sjá myndir 43-45. Mikilvægt er að skoða þennan stað betur með tilliti til fornleifa. Á austurhluta lóðarinnar voru timburhús og nokkrir kofar sem voru í notkun árið 1953 þegar loftmynd var tekin af svæðinu.[124]




Mynd 43 Skiki í Árbæjarlandi austan við Brennuhól og sunnan við Árbæjarlaug séð úr lofti árið 1996. Ræktunarreitur, garðlög, torfhús og rúst á miðri mynd (262-16-20), en aðeins austar, vestan við malbikaðan göngustíg, eru merki eftir garð og yngri hús (262-21-23). Girðing sundlaugarlóðarinnar liggur þvert í gegnum gamla ræktunarreitinn.[125]

[122] *Morgunblaðið*, 18. mars 1970, bls. 14 – Steinþór Guðbjartsson: „Messað í stofunni og buslað í Elliðaánum“, *Morgunblaðið* 20. febrúar 2006, sérblað um fasteignir (F), bls. 2 – Borgarsögusafn: Húsaskrá Reykjavíkur. Hús skráð á Selásblettum / í Selási – Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 69 – Bjarni F. Einarsson, Helgi M. Sigurðsson og Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 7 - Árbær. Byggingar og minjar*, bls. 2.
[123] Brennustæði Fylkis var til fjölda ára við Brennuhól en var flutt að Rauðavatni árið 2005. Brennuhóll er merktur inn á skipulagsuppdrátt af svæðinu frá árinu 1985.
[124] LÍM: Loftljósmynd, Kort-LI101-9256, árið1953.
[125] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÞOÞ 1996 0017-2. Ljósmyndari Þorkell Þorkelsson, 14.5.1996.



Mynd 44 Horft til suðausturs yfir Selásinn. Fremst eru Elliðaárnar og upp af þeim fyrir miðri mynd er umrætt ræktunarsvæði í landi Árbæjar (262-17-19), torfhlaðin girðing og torfhús. Fjær sér í þakið á húsi sem var á sama skika (262-25). Til vinstri á hæðinni er hús á Selásbletti 13, einlyft hús á háum kjallara og fyrir neðan það sér í hús með skúrþaki á lóðinni Selásbletti 11. Til hægri á myndinni sér í lítið hús sem ber í staur, líklega Selásblettur 20 og hægra megin við það er Gamla klakhúsið við Vatnsveituveg.[126]




Mynd 45 Skráðar minjar við Brennuhól austan Vatnsveitubrúar í landi Árbæjar.[127]

Fyrir ofan Vatnsveitubrúna var klakhús, „Gamla klakhúsið“ (262-40) og vatnstankur Vatnsveitunnar (262-41), þar sem nú er lóðin Vatnsveituvegur 50.

[126] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: PTH 068 048 1-1-2. Ljósmyndari: Pétur Thomsen, Selásblettir 1950-1960.
[127] Samsett mynd, kort frá árinu 1958 II-8-3-001 (Mælingadeild Reykjavíkur) varpað á loftmynd frá árinu 2018 (LUKR), kortavinnsla ALG.

1.3.4 Hernámsárin og herskálahverfi

Á hernámsárunum risu nokkur braggahverfi í eða við Elliðaárdal.[128] Ekki langt frá bæjarstæði Ártúns eða skammt vestur af jarðhýsunum við Ártúnsbrekku var herskálahverfið *Camp Hickam* (263-17). Bandaríska setuliðið reisti þar höfuðstöðvar ratsjárliðs.[129] Nær bæjarstæðinu var svo herskálahverfið *Camp Battle*, einnig nefnt *Camp Ártún*.[130] Herskálahverfið samanstóð af að minnsta kosti tólf bröggum.[131] Aðeins austar uppi í brekkunni eru enn nokkur mannvirki (263-38) sem tilheyrðu þessum kampi, tveir steyptir vatnsgeymar og þrjár stórar skotgrafir.



Mynd 46 Camp Battle árið 1943, herskálahverfi sem var norðan við bæjarstæði Ártúns.[132]

Sunnan við bæjarhól Ártúns, þar sem nú er Rafstöðvarvegur sunnan við Toppstöðina og norðan við Rafstöðvarveg 13, var *Camp Alabaster* sem var um tíma aðalbækistöð breska setuliðsins. Árið 1942 tóku Bandaríkjamenn herskálahverfið yfir og nefndu það *Camp Pershing*.[133] Herbúðirnar samanstóðu af að minnsta kosti níu bröggum eða húsum samkvæmt loftljósmynd frá 1945, sex braggar voru innan vesturtúns og þrír innan austurtúns Ártúns.[134]

Einna stærst þessara hverfa var *Camp Baldurshagi* sem var fyrir sunnan Vatnsveitubrú og norðan við skeiðvöll Hestamannafélagsins Fáks í Árbæjarhólmanum. Þetta var nokkuð stórt braggahverfi (sjá mynd 47). Nafnið á kampinum er svolítið villandi vegna þess að hinn

[128] Upplýsingar um eftirtalin herskálahverfi eru teknar eftir: Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 24-25 – Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 124-125.
[129] Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 124-125.
[130] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 102-104.
[131] LMÍ: Loftmynd AMS100072 10-11-1945.
[132] Mynd fengin af vef Wikimedia Commons: https://commons.wikimedia.org/wiki/File:IBC_-_American_Fighter_Planes_over_Camp_Artun_Iceland_1943.jpg
[133] Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 124-125.
[134] LMÍ: Loftmynd AMS100072 10-11-1945.

upprunalegi Baldurshagi var við Suðurlandsveg þar sem nú er bensínstöð Olís. Í Camp Baldurshaga voru fyrst breskir hermenn en síðar landgönguliðar bandaríska sjóhersins.[135]



Mynd 47 Í Árbæjarhólmum, Camp Baldurshagi við austurbakka Dimmu um 1940-1943. Um 100 braggar og hús tilheyrðu þessu herskálahverfi. Austanmegin var Vatnsveituvegur og farvegur Bugðu sem síðar þornaði upp þegar Elliðavatnsstífla var byggð. Við Bugðu má greina Gamla klakhúsið með hvítu mænisþaki. Vestanmegin við Dimmu í Breiðholtshvarfi má sjá Ensku veiðihúsin dökklituð og ofar með ánni er húsið Birkilundur með ljósu þaki og upp af því eru greinilega tjaldbúðir.[136]

1.4 Önnur mannvirki og landnýting á svæðinu

1.4.1 Kartöflugeymslurnar

Jarðhúsin í Ártúnsbrekku voru reist árið 1946 sem kartöflu- og grænmetisgeymslur. Þörf fyrir kaldar geymslur eins og jarðhúsin kom til með aukinni matjurtaræktun Reykvíkinga á stríðsárunum ásamt auknum hita í húsum borgarbúa í kjölfar hitaveitu. Norðanmegin við jarðhúsin stóð íbúðar- og vélarhús (236-24), sem reist var á svipuðum tíma eða um 1948 (sjá mynd 48). Vélarhúsið var að öllum líkindum fjarlægt þegar Vesturlandsvegur var lagður en ummerki þess sjást ekki á loftmyndum eftir 1971.

Jarðhúsin eru að mestu niðurgrafin og samanstanda af sjö skálum eða bogaskemmum sem voru upphaflega reistar úr efnismiklu bárujárni, eins og talið er að hafi verið notað í sprengiefnageymslur á stríðsárunum. Upphaflega var einungis vesturgafl jarðhúsanna sýnilegur, en úr austri voru þau vart sjáanleg og féllu því vel inn í umhverfi sitt (sjá mynd 48).

[135] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 102-104 og Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga*, bls. 22-23.
[136] Þessi mynd birtist í *Morgunblaðinu* 15.12. 2016, bls. 62, merkt Imperial War Museum, en fannst ekki í myndasafni á vef safnsins. Birtist auk þess í *Outpost in the North Atlantic Marines in the Defense of Iceland* eftir Colonel James A. Donovan, bls. 13. Þar sögð fengin hjá The National Archives Photographs, 127-G52195.



Mynd 48 Loftmyndir af kartöflugeymslunum í Ártúnsbrekku frá 1954, 1995 og 2015.[137]

Eftir að hætt var að nýta jarðhúsin í sínum upphaflega tilgangi um 2003 voru leyfðar breytingar á skipulagi, útliti og hlutverki þeirra. Steyptir, málaðir veggir hafa verið reistir umhverfis jarðhúsin ásamt viðbyggingum (s.s. geymsluhúsnæði neðanjarðar og inntaks/þjónusturými) og er ásýnd jarðhúsanna því töluvert breytt frá því sem var. Þrátt fyrir breytingarnar standa jarðhúsin sem heimild um fyrra hlutverk sitt og sögu aukinnar matjurtaræktunar Reykvíkinga á seinni stríðsárum. Menningarsögulegt gildi þeirra er því enn ótvírætt.

1.4.2 Jarðhiti

Í Blesugróf, Löngugróf og Kermóum er jarðhiti og munu íbúar á svæðinu hafa nýtt heitar uppsprettur eða volgrur sem þar voru til þvotta og baða.[138] Vatn úr einni slíkri hefur líklega verið notað í útisundlaug sem Ásgeir Þorsteinsson verkfræðingur (1898-1971), gerði við bústað sinn *Bakkakot* sem stóð rétt við austurslaufuna á núverandi gatnamótum Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka.[139]



Mynd 49 Mynd af borholuhúsi við Stekkjarbakka 19.[140]


Árið 1932 hófust rannsóknarboranir eftir heitu vatni á svæðinu. Á árunum 1967 til 1984 voru boraðar þar 16 djúpar vinnsluholur á vegum Hitaveitu Reykjavíkur og voru átta

[137] Loftmyndir úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur. Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Saga og þróun → Reykjavík árið 1954.
[138] Þorkell Jóhannesson: „Minningar frá Breiðholti“. *Heima er bezt*, 63. árg. 2013, 2. tbl., bls. 64 – *Morgunblaðið*, 9. nóvember 1993, bls. 33.
[139] Þorkell Jóhannesson: „Minningar frá Breiðholti“. *Heima er bezt*, 63. árg. 2013, 2. tbl., bls. 64.
[140] Borgarsögusafn Reykjavíkur. Ljósmyndari: Drífa Kristín Þrastardóttir.

þeirra virkjaðar og skúrar byggðir yfir þær. Sjö þessara skúra standa í dag og eru dreifðir um austurhluta svæðisins. Í dag mun einungis ein borholan vera virk.[141]

1.4.3 Sandnám

Í Blesugróf hófst sandnám á vegum bæjarins á sjötta áratug 20. aldar. Þá voru miklar byggingaframkvæmdir í bænum, meðal annars við byggingu Múlanna og Heimahverfis, og efni fór þverrandi í aðal sand- og grjótnámu bæjarins austan Elliðaárvogar.[142] Þá var meðal annars horfið að því ráði að sækja byggingarefni í malarkamba eða sandbakka í Blesugróf og nágrenni, aðallega á svæði austan og sunnan húsanna Skálarár, Öldu og Heimahvamms, norðan Vatnsveituvegar (sjá myndir 50 og 51). Þar voru miklar gryfjur og ummerki um sandnámið fram á níunda áratuginn, en þá var hafist handa við jöfnun og uppgræðslu svæðisins.[143]



Mynd 50 Svæðið á korti frá 1956. Hér sést að mikil sandgryfja hefur myndast austanvert í Blesugróf vegna sandnáms.[144]

[141] Ómar Sigurðsson: „Hitaveita Reykjavíkur. Berghiti og hitabreytingar í Elliðaársvæðinu“, bls. 5 – *Sjálfbær Elliðaárdalur - Stefna Reykjavíkur*, bls. 3 og 9 – Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 107.
[142] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 107 – *Náttúrufræðingurinn*, 23. árg. 1953, 3. tbl., bls. 133 – *Vísir*, 29. janúar 1954, bls. 5 – *Tíminn*, 22. október 1954, bls. 1; 6. júlí 1956, bls. 1.
[143] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 107 – Reynir Vilhjálmsson: „Elliðaárdalurinn í þágu mannlífs“, [án bls.tals] – Vilhjálmur Sigtryggsson: „Skógurinn í dalnum“, [án bls.tals] – *Fálkinn*, 37. árg. 1964, 23. tbl., bls. 13 – Reynir Vilhjálmsson og Þráinn Hauksson: *Elliðaárdalur. Skipulag og greinargerð*, bls. 61.
[144] Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort af Reykjavík, Seltjarnarnesi og Kópavogskaupstað 1956 (hluti), teiknað af Ágústi Böðvarssyni. Prentað eintak.



Mynd 51 Hér er húsið Skálará í forgrunni á ljósmynd frá 1960. Horft er til austurs og í baksýn sjást hús við Vatnsveituveg í Löngugróf og gryfja sem myndaðist vegna sandnáms á svæðinu, en hún var jöfnuð út og grædd upp á níunda og tíunda áratug 20. aldar.[145]

1.4.4 Skógrækt

Gróðurfar í Elliðaárdal er fjölbreytt. Það ræðst meðal annars af mismunandi gróðurlendum og ræktun, en eitt af aðaleinkennum gróðurfarsins er fjöldi slæðinga, sem eru plöntur sem hafa borist beint eða óbeint á svæðið með manninum. Tjárækt í dalnum hefur að öllum líkindum hafist um það leyti sem rafstöðin var reist, um 1920.[146] Um 1951 hóf Rafmagnsveita Reykjavíkur skógræktar- og uppgræðslustarf í árhólmunum, en Rafmagnsveitan gróðursetti þar árlega þúsundir plantna á sérstökum skógræktardegi.[147] Nær þremur áratugum síðar, árið 1976, hóf Skógræktarfélag Reykjavíkur að gróðursetja tré í dalnum. Skógræktarfélagið sá alfarið um trjágróður í dalnum um tíma en umsjón félagsins lauk árið 1996. Í dag er trjágróðurinn í dalnum undir eftirliti garðyrkjustjóra Reykjavíkur.

Skógurinn í Sveinbjarnarlundi á Ártúnsbletti 1 (nú Rafstöðvarvegi 17) er meðal þeirra gróskumestu í Elliðaárdal. Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður og kona hans Þórunn Bergþórsdóttir byggðu sér þar hús árið 1934 og hófu trjárækt. Í lundinum standa nokkur af stærstu trjám landsins.[148]

---

[145] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: 2012 4 2. Ljósmyndari: Kristinn Snæland.
[146] Árni Hjartarson, Guðmundur Halldórsson, Helgi M. Sigurðson og Ívar Gissurarson: *Elliðaárdalur. Perla Reykjavíkur*, bls. 43 og 48.
[147] *Morgunblaðið* 16.06.1990, bls. 14.
[148] Árni Hjartarson, Guðmundur Halldórsson, Helgi M. Sigurðson og Ívar Gissurarson: *Elliðaárdalur. Perla Reykjavíkur*, bls. 48-49.



Mynd 52 Hópur fólks á vegum Rafmagnsveitu Reykjavíkur að gróðursetja tré árið 1951, í tilefni þess að 30 ár voru liðin frá því að Elliðaárstöð var vígð.[149]

1.5 Staða svæðisins í skipulagi

Elliðaársvæðið (þ.e. árnar og nánasta umhverfi, Blásteinshólmi, hraun, votlendi og mólendi og árbakki Dimmu) var sett á náttúruminjaskrá árið 1984 og nýtur því borgarverndar. Þau svæði sem lúta borgarvernd í aðalskipulagi eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er hverfisverndarsvæði skilgreint umhverfis árnar en tekið fram að nákvæmari mörk hverfisverndar skuli útfæra í deiliskipulagi.[150]

Elliðaárdalur var fyrst skilgreindur sem útivistarsvæði í aðalskipulaginu sem kom út árið 1965 (fyrir árin 1962-1983). Þar er fjallað um skipulagshugmyndir að grænu samhangandi svæði sem næði frá miðbænum, um Öskjuhlíð, Fossvog og Elliðaárdal upp í friðlandið Heiðmörk. Jafnframt var sett fram hugmynd um grænt samhangandi svæði sem næði frá Elliðaám, niður með Suðurlandsbraut, um Sogamýri og Laugardal. Gangbrautir fyrir fótgangandi, hjólreiða- og hestafólk voru áætlaðar á svæðinu.[151]

Aðalskipulög sem gefin voru út fyrir árin 1984-2004 og 1990-2010 leggja að mörgu leyti samskonar áherslu hvað heildarskipulag dalsins varðar. Lögð var áhersla á að dalurinn héldi sínu náttúrulega yfirbragði, að byggja upp hjólreiða- og gönguleiðabrautir og þar með bæta útivistaraðstöðu, ásamt því að samræma ólíka starfsemi.

Deiliskipulagsáætlanir sem samþykktar voru á þessum tíma eru á samskonar nótum, en fyrsta deiliskipulag fyrir Elliðaárdal var gert árið 1974. Gildandi deiliskipulag er frá 1994 en þar er meðal annars bent á mikilvægi þess að vernda þurfi dalinn sem samfellda náttúrulega heild sem útivistarsvæði fyrir alla borgarbúa. Deiliskipulagið kveður einnig á um að í dalnum skuli vera sem mest gróðursæld, gróðursamfélög fjölbreytt og svigrúm fyrir upprunalegt gróðurfar. Þá er jafnframt bent á að huga þurfi að tengingum Elliðaárdals við önnur útivistarsvæði borgarinnar. Á svæðinu norðan Stekkjarbakka (innan þess svæðis sem er skilgreint sem útivistarsvæði) er gert ráð fyrir að íbúðarbyggð víki, enda eigi þar ekki aðrar byggingar að vera en þær sem teljast nauðsynlegar vegna veitumannvirkja og nýtingar dalsins

[149] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: VIG 0786 004 1-1. Ljósmyndari Sigurhans Vignir.
[150] „Reykjavíkurborg - Elliðaárdalur. Forsendur deiliskipulags - Tillaga“ (dags. 10.02.2020), bls. 2. Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://reykjavik.is/ á Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Elliðaárdalur → Tengd skjöl. Sótt 30.05.2020.
[151] Reynir Vilhjálmsson: „Elliðaárdalurinn í þágu mannlífs“. *Elliðaárdalurinn: erindi á ráðstefnu f.s.á. 30. maí 1981*. Framfarafélag Seláss- og Árbæjarhverfis. Reykjavík 1981. [Án bls.tals.]

til útivistar. Þá er jafnframt gert ráð fyrir niðurrifi Toppstöðvarinnar að Rafstöðvarvegi 4, sem þjónaði áður starfsemi Rafmagnsveitu Reykjavíkur.[152]

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi (2010-2030) er Elliðaárdalur skilgreindur sem hverfisverndað svæði að hluta til, borgargarður og opin svæði (OP4). Borgargarðar eru stór, græn svæði sem spila lykilhlutverk sem útivistarsvæði í Reykjavík. Þeir eru kjarninn í vef útivistarsvæða, göngu- og hjólreiðarstíga. Þess utan tengja borgargarðar saman útmörkin og strandsvæði borgarinnar. Gert er ráð fyrir því að styrkja þurfi sérstöðu og sérkenni borgargarðanna þannig að hvert svæði bjóði upp á ólíka möguleika til útivistar og afþreyingar. Innan borgargarða er einnig gert ráð fyrir útivistariðkun og fjölbreyttri mannvirkjagerð af ýmsum toga sem tengist nýtingu og þjónustu svæðanna til útiveru, afþreyingar og leikja og allrar almennrar frístundaiðkunar.[153] Samkvæmt tillögum starfshóps sem skipaður var árið 2013 um borgargarð í Elliðaárdal var svæðið norðan Stekkjarbakka í fyrstu innan þeirra marka sem skilgreind voru fyrir borgargarðinn, en í breyttum tillögum sem munu hafa verið samþykktar í borgarráði er svæðið norðan Stekkjarbakka að mestu utan afmörkunar borgargarðsins.[154] Niðurstöður starfshóps sem skipaður var af borgarráði árið 2015 til að gera tillögur að framtíðarfyrirkomulagi Elliðaárdals eru meðal annars þær, að byggðin sem staðsett er norðan Stekkjarbakka skuli vera víkjandi og frekar skuli lögð áhersla á að þar verði skarpari tenging við útivistarsvæðið í Elliðaárdal.

Um opin svæði sem ekki hafa sértæka skilgreiningu sem útivistarsvæði og þar sem fyrir eru stök íbúðarhús og/eða sumarhús segir í aðalskipulaginu, að ekki sé gert ráð fyrir fjölgun húsa á slíkum svæðum en viðhalda megi og endurnýja núverandi hús á svæðinu. Með því sé átt við að lagfæra megi hús eða endurbyggja ný af sambærilegri stærð og eldri hús.[155]

[152] Reynir Vilhjálmsson og Þráinn Hauksson: *Elliðaárdalur. Skipulag og greinargerð*, bls. 33, 41-42.
[153] *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. A-hluti - Græna borgin, bls. 96.
[154] *Stekkjarbakki Þ73 – Lýsing vegna nýs deiliskipulags*. Útg. af skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, Umhverfis- og skipulagssviði, 1.12.2016. Sjá vef Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://reykjavik.is/ → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Leit: Stekkjarbakki Þ73. Sótt 9.1.2017.
[155] *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. A-hluti - Meginmarkmið og framtíðarsýn, bls. 213.

2. Skráning menningarminja – Fornleifaskrá og húsakönnun

2.1 Almennt um verndun menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer mennta- og menningarmálaráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.[156]

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.
Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

> Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. … Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

> Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

> Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

> Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

[156] *Lög um menningarminjar* - nr. 80 - 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

> Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:
> **a.** búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> **b.** vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
> c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
> **d.** vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
> **e.** virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
> **f.** þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
> **g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
> **h.** haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
> **i.** skipsflök eða hlutar þeirra.

Byggingararfur er skilgreindur í 4. gr. og teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingararfs þjóðarinnar:

> **a.** stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsaþyrpingar og götumyndir,
> **b.** kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
> **c.** brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

Nánari ákvæði um verndun og varðveislu húsa og mannvirkja er að finna í 29. gr. laganna og samkvæmt henni eru <u>öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð</u>:

> Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki ná 100 ára aldri er kveðið á í 30. gr.:

> Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningaminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

> Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

2.2 Tilgangur og aðferðafræði skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja

Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur) heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár.

2.2.1 Fornleifaskrá Reykjavíkur

Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2020) eru um 3600 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa. Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – Menningarsögulegt gagnasafn og eru skráðar eftir jörðum eins og jarðaskipting var um 1835-1845 og fram kemur í Jarðatali Johnsens 1847.[157] Minjarnar fá þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignamat ríkisins úthlutar, því næst númer jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens og þriðja talan er hlaupandi númer innan jarðarinnar. Á rannsóknarsvæðinu sem hér um ræðir eru minjar skráðar undir jarðirnar Bústaði (181167-232), Ártún (181182-236), Árbæ (181181-262) og Breiðholt (181154-218). Hér eru einungis notaðar tvær síðastnefndu tölurnar (232-1, 236-1, 262-1 og 218-1).

Fornleifaskrá þessi er unnin eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands[158] í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **2011**.

Við skráningu menningarminja er byrjað á að fara yfir ritheimildir og fyrri rannsóknir sem varða svæðið. Rýnt er í örnefnaskrár, kort og aðrar ritaðar heimildir og gerð er vettvangsrannsókn. Þar sem minjar eru sjáanlegar er staðháttum lýst, minjar mældar upp, hnitsettar og ljósmyndaðar. Í fornleifaskránni kemur fram sérheiti fornleifanna ef eitthvert er því næst hlutverk, sem stundum er þekkt eða hægt að ákvarða og tegund, sem lýsir hvers eðlis fornleifarnar eru, og síðan er lagt mat á ástand þeirra. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru *líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og geti komið í ljós við jarðrask.*

---

[157] Sarpur.is: Borgarsögusafn Reykjavíkur, Fornleifar. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrip úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*, 1847.
[158] *Skráningarstaðlar fornleifa*. Rafræn útgáfa. Minjastofnun Íslands, 2013. Sjá vef Minjastofnunar Íslands: http://www.minjastofnun.is/ → Fornminjar → Skráning fornleifa → Skráningarstaðlar.

Til að staðsetja minjar er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á gildandi skipulagsuppdrætti, sem sóttir eru í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar.[159]

Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

Tafla 1 Minjaflokkar

Flokkur	*Tegund minja*	*Litur flokks*
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður
2	Minjar frá 1921-1930	● Gulur
3	Minjar frá 1931 og yngri	● Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár

2.2.2 Húsaskrá Reykjavíkur

Húsaskrá Reykjavíkur er gagnagrunnur um hús í Reykjavík. Megintilgangurinn með skránni er að safna á einn stað upplýsingum um hús í Reykjavík og varpa ljósi á byggingararf borgarinnar. Í húsaskránni má meðal annars finna upplýsingar um byggingarár húsa, hönnuði, upprunalega gerð, byggingarefni húsa, helstu breytingar sem gerðar hafa verið á viðkomandi húsum og annað sem lýtur að sögu þeirra.

Húsaskráin byggir á margvíslegum frumgögnum svo sem brunavirðingum, gögnum byggingarnefndar Reykjavíkur, teikningum, kortum og ljósmyndum en einnig prentuðum heimildum og vettvangskönnunum. Skráin er góður grunnur fyrir rannsóknir á byggingarsögu Reykjavíkur, þar sem í henni eru upplýsingar um hús sem byggð hafa verið í Reykjavík í gegnum tíðina, einnig þau sem hafa verið rifin. Húsaskráin er lögð til grundvallar við gerð húsakannana og hefur að geyma upplýsingar um varðveislumat húsa, sem horft er til þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðum hverfum í borginni.

Brunavirðingar eru mikilvægar heimildir um hús í Reykjavík. Eftir að Reykjavík fékk inngöngu í Brunabótafélag danskra kaupstaða árið 1874 voru öll hús bæjarins virt til brunabóta. Þá var húsunum lýst mjög nákvæmlega og verðmæti þeirra metið og skráð. Þessar brunavirðingar veita mikilvægar upplýsingar um byggingarár húsa og breytingar sem gerðar hafa verið á þeim. Byggingarnefnd tók til starfa í Reykjavík árið 1839. Á Borgarskjalasafni Reykjavíkur eru varðveitt öll skjöl byggingarnefndar frá upphafi svo sem umsóknir um nýbyggingar og breytingar, leyfisveitingar nefndarinnar og umsagnir ýmissa aðila. Ennfremur má sjá í veðmálabókum hvernig hús hafa gengið kaupum og sölum í Reykjavík í aldanna rás.

Teikningar og ljósmyndir veita mikilsverðar upplýsingar þegar rannsökuð er byggingarsaga húsa og þróun byggðar. Hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur eru varðveittar allar teikningar af húsum í Reykjavík sem sótt hefur verið um samþykki fyrir. Ljósmyndir koma sér vel við athugun á ýmsum atriðum, t.d. því hvernig gluggar húsa hafa tekið breytingum í gegnum tíðina, en slíkar breytingar eru yfirleitt ekki skráðar í skjalleg gögn. Ljósmyndir af


[159] Vefur Borgarvefsjáin. Vefslóð: http://borgarvefsja.is.

húsum í Reykjavík eru varðveittar á Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Þjóðminjasafni Íslands. Kort og uppdrættir eru einnig mikilvægar heimildir um þróun byggðar og meðal þeirra sem gagnast við rannsóknir á sögu Reykjavíkur eru ýmis frumkort af Reykjavík frá 18., 19. og 20. öld, sem og kort mælingadeildar Reykjavíkurborgar og skipulagsuppdrættir. Prentaðar heimildir eru til fjölmargar um sögu Reykjavíkur. Þær koma allar að góðum notum við gerð húsaskrárinnar hvort sem um frásagnir samtíðarmanna er að ræða eða sögu sem skráð er af eftirkomendum.

Með skoðun og ljósmyndun á vettvangi er unnt að meta ástand viðkomandi húss eða svæðis og þannig næst jafnframt heildaryfirsýn yfir gerð og efnisnotkun. Umhverfislegt mat og þar með varðveislugildi húss byggir síðan á samanburði á núverandi ástandi og skjallegum upplýsingum um upphaflega gerð húss.


2.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

Í þessum kafla er greint frá minjum á deiliskipulagssvæði Elliðaárdals eftir jörðum sem þær eru skráðar undir, það er Bústaðir (232), Ártún (236), Árbær (262) og Breiðholt (218). Fyrstu þrír tölustafirnir eru jarðanúmerið og er þá viðkomandi minjastaður skráður undir þá jörð hér á eftir í fornleifaskrá.




Mynd 53 Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á skráningarsvæðinu Elliðaárdalur.[160]

[160] Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 10. maí 2020. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir.




Mynd 54 Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á skráningarsvæðinu Elliðaárdalur.[161]

[161] Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 10. maí 2020. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.



Mynd 55 Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á skráningarsvæðinu Elliðaárdalur.[162]

[162] Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 10. maí 2020. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.



Mynd 56 Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á skráningarsvæðinu Elliðaárdalur.[163]

[163] Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 10. maí 2020. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

2.3.1 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngir minjar í landi Bústaða


Bústaðir 232-18 Skeiðvöllur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-18	Skeiðvöllur	Reiðvöllur	Heimild	1922-1971	361352	405262	400	16,7	Ómetið	Já

Staðhættir: Skeiðvöllur við Elliðaár. Austan Sogamýrar, á melunum við vesturbakka Elliðaánna, þar sem Reykjanesbraut liggur nú, var lengi skeiðvöllur Hestamannafélagsins Fáks. Völlurinn var gerður árið 1922, þegar hestamannafélagið var nýstofnað.
Lýsing: Skeiðvöllurinn er horfinn. Vék fyrir gatnagerð á árunum 1971-1975 við lagningu Reykjanesbrautar en þá var allt svæðið þar í kring sléttað.



Mynd 57 Kappreiðar á skeiðvelli Fáks (232-18) við Bústaðaveg, fjær sér í Elliðavog og Ártúnshöfðann, nær Ártúnsholtið og Árhólmann.[164]



Mynd 58 Hluti úr korti frá árinu 1947 sem sýnir hvar skeiðvöllur Fáks var vestan við Elliðaár.[165]

Bústaðir 232-23 Brú

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk		Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-23	Elliðaárbrú	Brú		Brú	1883	361534	405377	10	4	Gott	Nei

Staðhættir: Vegir og önnur samgöngumannvirki milli Reykjavíkur og nágrannabyggða voru mjög frumstæð fram undir lok 19. aldar. Fyrstu brýrnar yfir Elliðaárnar voru byggðar árið 1883. Vestari brúin er nokkru ofar í dalnum en sú eystri. Því kom hlykkur á veginn milli brúnna (sjá mynd 63). Á árunum 1919-1920 voru byggðar nýjar brýr yfir Elliðaárnar og þá var brúin yfir vestari kvíslina byggð á móts við eystri brúna og eftir það var hægt að aka beint yfir báðar brýrnar niður við *Árkjaftana*.[166] Gamla brúin yfir vestari kvíslina er enn í notkun, en farið er yfir hana þegar ekið er að veiðihúsi í *Árhólmanum*.
Lýsing: Brúarstöplarnir voru hlaðnir úr tilhöggnu grágrýti, 8-10 raðir og á milli þeirra hvíldu tveir burðarbitar. Gólfið lá svo ofan á bitunum og handrið úr tré var fest utan á bitana. Búið er að endurnýja brúna, steypa ofan á gömlu hleðslurnar og setja nýtt handrið úr járni.

[164] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 1445. Ljósmyndari Magnús Ólafsson.
[165] Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort af Reykjavík, Seltjarnarnesi og Kópavogskaupstað 1956 (hluti), teiknað af Ágústi Böðvarssyni. Prentað eintak.
[166] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Klepps (181166-231-2).



Mynd 59 Brúin yfir vestari kvíslina um 1910. Í baksýn er Búrfoss. Burðarbitar, brúargólf og handrið úr timbri.[167]




Mynd 60 Elliðaárbrúin yfir vestari kvíslina árið 2016.

Bústaðir 232-38 Álftnesingavað

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-38	Álftnesingavað	Vað	Vað	1000-1883	361576	404661	10		Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Álftnesingavað var þekkt á 19. öld og er tilgreint í landamerkjalýsingu fyrir Breiðholt frá árinu 1890.[168] Þar kemur fram að landamerki á móti Bústöðum séu „Úr Blesugróf við *Álftnesingavað*“[169], en þá náði nafnið *Blesugróf* yfir lækjargil í malarkambinum vestan við *Arnarfoss*, samanber kort eftir Sigurð málara frá árinu 1869, sjá mynd 61. Um vaðið fóru þeir sem komu frá Álftanesi um Digranes.
Lýsing: Greinilegt vað er á ánni á þessum stað og rétt fyrir neðan hefur verið sett brú yfir ána.



Mynd 61 Hluti úr korti Sigurðar málara frá árinu 1874. Blesugróf var gilið í malarkambinum vestan við Arnarfoss.[170]




Mynd 62 Álftnesingavað (232-38) við Blesugróf, horft í norður.

[167] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 216. Ljósmyndari: Magnús Ólafsson.
[168] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn: Örnefnalýsing Breiðholts (181154-218-1).
[169] Gullbringu- og Kjósarsýsla; Veðmálabók I. 1887, bls. 143-144.
[170] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 91.


Bústaðir 232-39 Vegur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-39		Vegur	Heimild	1000-1883	361617	404715			Ómetið	Já

Staðhættir: Tveir vegir lágu yfir Árhólmann fyrr á öldum. Syðri leiðin, sem hér um ræðir, lá í framhaldi af *Álftnesingavaði* sem var austar niður af Blesugróf og líklega yfir að *Ártúnsvaði* sem er norðan við Rafstöðina. Slóðinn sést að hluta á loftljósmynd frá árinu 1953.[171] Um þennan veg fóru þeir sem komu frá Bessastöðum, en leiðin lá austur með Kópavogslæk yfir Digranesið og Blesugróf að Álftnesingavaði, samanber kort danska herforingjaráðsins.[172]
Lýsing: Horfið.



Mynd 63 Hluti úr korti frá 1909, sem sýnir leiðina yfir Digranesháls að Álftnesingavaði.[173]



Mynd 64 Slóði (232-39) upp af Álftnesingavaði, að Ártúnsvaði.

Bústaðir 232-52 Bridde

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-52	Bridde	Íbúðarhús	Heimild	1920-29-1979	361502	404704	8,8	4	Slæmt	Að mestu

Staðhættir: Bústaður A. Bridde bakara stóð á svæði austan við Reykjanesbraut á milli hennar og hjóla- og gangstígs vestan við Elliðaár, um 116 m austur af Jöldugróf 13. Sést á loftmynd frá árinu 1979.[174]
Lýsing: Húsið er horfið, en á svæðinu eru ummerki eftir búsetu, trjágróður og húsgrunnur.

[171] Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/.
[172] Landmælingar Íslands: Kortasafn. Kort danska herforingjaráðsins af Reykjavík 1909 (hluti). Generalstabens Topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909, mælt 1908.
[173] Landmælingar Íslands: Kortasafn. Kort danska herforingjaráðsins af Reykjavík 1909 (hluti). Generalstabens Topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909, mælt 1908.
[174] Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. loftljósmynd frá árinu 1979.



Mynd 65 Breskir hermenn við æfingar í Blesugróf rétt austan við sumarhús Bridde-fjölskyldunnar, sem er til vinstri á myndinni. Fagrihvammur er til hægri.[175]



Mynd 66 Grunnur bústaðar A. Bridde (232-52), horft til norðurs.




Mynd 67 Trjálundur við húsgrunn bústaðar A. Bridde (232-52), horft til suðvesturs.

Bústaðir 232-54 Lækjarhvammur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd M	Breidd m	Ástand	Horfin
232-54	Lækjar-hvammur	Íbúðarhús	Heimild	1965-1984	361544	404663	10	6	Ómetið	Já

Staðhættir: Lækjarhvammur stóð austan við Reykjanesbraut, á árbakkanum á móts við göngubrúna við Álftnesingavað.
Lýsing: Húsið er horfið. Á svæðinu eru nokkur ummerki eftir búsetu: trjágróður, steinlagnir með stígum, hleðslur og hálfniðurgrafinn olíutankur.

[175] Ljósmynd af vef IWM, https://www.iwm.org.uk/collections/item/object/205473214 H_003939-1, 1940. Original wartime caption: Training scenes with 1/6th Duke of Wellingtons near Reykjavik.



Mynd 68 Húsið Lækjarhvammur við Blesugróf, fyrir norðan húsið í fjarska sér í Ártún og Elliðaárvirkjun.[176]



Mynd 69 Steinlögn á lóð Lækjarhvamms, horft til suðvesturs.




Mynd 70 Olíutankur á lóð Lækjarhvamms.

Bústaðir 232-55 Sandhóll

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-55	Sandhóll	Íbúðarhús	Heimild	1954-1975	361471	404684	13	2	Ómetið	Já

Staðhættir: Sandhóll stóð austan við Vatnsveituveg, þar sem nú er eystri akrein Reykjanesbrautar, um 70 m austur af Jöldugróf 9. Hús Óskars Þórðarsonar og fjölskyldu.
Lýsing: Horfið. Vék við lagningu Reykjanesbrautar 1975.

[176] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: SÞÓ ÁBS 0172. Ljósmyndari: Sveinn Þórðarson, 1972.



Mynd 71 Horft til norðurs í átt að hesthúsum og félagsheimili Fáks. Nyrst er húsið Heiði, tvílyft hús með kvistum, sunnan við það sér í trésmíðaverkstæði sem merki SVR ber í. Enn sunnar er húsið Sandskeið og síðan Eystrihóll, en þar var bílaverkstæði aðeins innar í lóðinni. Fremst á myndinni er Sandhóll og aftan við húsið er bílskúr sem tilheyrði því.[177]

Bústaðir 232-56 Eystrihóll

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-56	Eystrihóll	Íbúðarhús	Heimild	1954-1971	361453	404700	17	12	Ómetið	Já

Staðhættir: Íbúðarhúsið Eystrihóll stóð við Vatnsveituveg rétt norðvestan við Sandhól, þar sem nú er eystri akrein Reykjanesbrautarinnar, um 70 m austan við Jöldugróf 13. Bílaverkstæði var sambyggt húsinu að norðanverðu. Sjá mynd við skráningu (232-55).
Lýsing: Horfið. Vék við lagningu Reykjanesbrautar 1975.

Bústaðir 232-57 Sandskeið

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-57	Sandskeið	Íbúðarhús	Heimild	1954-1971	361439	404716	11	6	Ómetið	Já

Staðhættir: Íbúðarhúsið Sandskeið stóð við Vatnsveituveg rétt norðvestan við Eystrihól, þar sem nú er eystri akrein Reykjanesbrautarinnar, um 70 m austan við Jöldugróf 13. Bílaverkstæði var norðan við húsið. Sjá mynd við skráningu (232-55).
Lýsing: Horfið. Vék við lagningu Reykjanesbrautar 1975.

Bústaðir 232-58 Garðstunga, Kastalinn


Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-58	Garðstunga, Kastalinn	Íbúðarhús	Heimild	1954-1971	361426	404754	11	7	Ómetið	Já

Staðhættir: Garðstunga var sunnan við Heiði og stóð þar sem nú er graseyja á milli akreina Reykjanesbrautar. Þar byggðu hjónin Óskar B. Magnússon og Blómey Stefánsdóttir sérstakt hús, sem einnig var nefnt Kastalinn.
Lýsing: Horfið. Vék vegna lagningar Reykjanesbrautar 1975.

[177] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÞJV 018 115 1-5, 1970. Upplýsingar: Ársæll Óskarsson og Kristján Ívar Sigurðsson.



Mynd 72 Húsið Garðstunga, vinstra megin sér í Elliðaárstöðina.[178]



Mynd 73 Húsið Garðstunga, horft í norðvestur, húsið Heiði (232-70) til vinstri. Við húsið stendur eigandinn og húsbyggjandinn Óskar B. Magnússon.[179]

Bústaðir 232-59 Grund

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-59	Grund	Íbúðarhús	Heimild	1965-1971	361441	404784	9	8	Ómetið	Horfið



Mynd 74 Leifar af húsi við Grund (232-59), horft til vesturs, eftir stendur trjágróður og húshorn.



Mynd 75 Steinsteypt húshorn.

Staðhættir: Grund stóð á árbakkanum, norðaustur af Garðstungu (Kastalanum), þar sem nú er svæði á milli Reykjanesbrautar og göngustígs. Samkvæmt korti frá árinu 1958-1959 stóðu þá sex hús og kofar á lóðinni.[180] Austan við vegöxl Reykjanesbrautar og um 80 m austur af Blesugróf 38 er steinsteypt horn, sennilega húshorn. Hugsanlega leifar íbúðarhússins Grundar sem stóð þarna.
Lýsing: Steinsteypt horn, vinkill, mosavaxið. Ofan og vestan við það er jarðvegur frá vegöxl Reykjanesbrautar.

[178] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: SÞÓ ÁBS 1416. Ljósmyndari: Sveinn Þórðarson, Garðstunga í Blesugróf 1972.
[179] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÞJV Breiðholt nr 6. Ljósmyndari: Þjóðviljinn, Garðstunga í Blesugróf 1970.
[180] Mælingadeild Reykjavíkur kort II-8-2-010 frá árunum 1958-1959, afrit Borgarsögusafn Reykjavíkur.


Bústaðir 232-60 Hús Blesugróf

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-60		Íbúðarhús	Heimild	1954	361420	404829	10	8	Ómetið	Já

Staðhættir: Hús merkt Ingimar Þorsteinssyni á korti frá 1957.[181] Húsið var norður af Garðstungu (Kastalanum), þar sem í dag er eystri akrein Reykjanesbrautar, um 60 m austur af Blesugróf 26. Sjá á korti frá árunum 1958-1959.[182]
Lýsing: Horfið 1970.

Bústaðir 232-62 Reykjaæð

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-62	Reykjaæð	Hitaveitulögn	Heimild	1939-1970	361494	405275		3	Ómetið	Já



Mynd 76 Horft í norðaustur eftir Reykjaæðinni (232-62) árið 1942. Gömlu hitaveitustokkarnir voru með bogaþaki.[183]

Staðhættir: Hitaveitulögn var lögð í stokk frá Reykjum í Mosfellssveit í safngeyma á Öskjuhlíð á árunum 1939-1943. Lokið á gamla stokknum var kúpt, bogalaga. Lögnin lá yfir þveran Elliðaárdalinn um 200 m sunnan við Vesturlandsveginn, að hluta til ofanjarðar. Árið 1970 var lögnin endurnýjuð, sjá mynd 77.
Lýsing: Elsta lögnin var endurnýjuð árið 1970 og aftur árið 2020 en þá var hún sett í jörð rétt norðan við þessa gömlu lögn.

[181] Kort Rafmagnsveitu Reykjavíkur sem sýnir byggðina í Blesugróf og Löngugróf, líklega á síðari hluta sjötta áratugarins. Skjalasafn Ráðhúss Reykjavíkur: Skjöl bæjarráðs um lóðamál (D-skjöl). Blesugróf. Kort Rafmagnsveitu Reykjavíkur: „Byggð í Blesugróf við Elliðaár“. Rvík 295.47 M 1:2000.
[182] Mælingadeild Reykjavíkur kort II-8-2-010 frá árunum 1958-1959, afrit Borgarsögusafn Reykjavíkur.
[183] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: LOG 026 1-1. Ljósmyndari: Loftur Guðmundsson 1942.



Mynd 77 Reykjaæð árið 2019, horft í austur.

Bústaðir 232-74 Laxakistur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-74	Laxakistur	Laxakistur	Heimild	1853-90	361650	405204			Ómetið	Já



Mynd 78 Ljósmynd af laxakistum í Elliðaám frá árinu 1883-1885.[184]

Staðhættir: Á seinni hluta 19. aldar urðu miklar deilur og málaferli vegna veiðiréttinda í Elliðaánum, svokölluð Elliðaármál. Ditlev Thomsen kaupmaður og seinna sonur hans H. Th. A. Thomsen voru þá

[184] ÞÍ: Lpr-2929 ljósmyndari Fredrick W. Warbreck Howell 1883-1885.

eigendur jarðanna Bústaða og Ártúns og um leið veiðiréttinda í Elliðaánum frá fossinum Skorarhyl eða Stórahyl, á mörkum Ártúns og Árbæjar, til sjávar. Þeir viðhöfðu þá veiðiaðferð að girða þvert yfir báðar kvíslarnar niður undir ósum og koma þar fyrir trékistum sem laxarnir stukku inn í á leið sinni á hrygningarstöðvarnar. Þessi aðferð varð til þess að sáralítið veiddist af laxi ofan við veiðimörk þeirra og skapaði óvinsældir meðal þeirra sem áttu lönd eða bjuggu ofar með ánni. Þvergirðingar og laxakistur voru bæði í vestari og austari ánni. Á korti Benedikts Gröndal frá 1880 yfir Elliðaárnar eru þvergirðingar merktar inn fyrir norðan þjóðleiðina sem lá yfir Árhólmann. Miðað við landslagið nú hafa þær verið fyrir sunnan hitaveitustokkinn sem liggur yfir Árhólmana, sjá mynd 23.
Lýsing: Engin merki er lengur að sjá um þvergirðingar og kistur.



Mynd 79 Þvergirðingar og laxakistur eru merktar inn á kort frá 1880.[185]

Bústaðir 232-75 Drekkjarhylur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-75	Drekkjarhylur	Aftökustaður	Hylur	1696	361471	405162	18	17	Gott	Nei

Staðhættir: Í Árhólmum vestanverðum er svonefndur Drekkjarhylur. Áður en árnar voru stíflaðar runnu þær víðar um hólmann og má greina enn í dag þurra farvegi á mörgum stöðum. Áður rann einn lækur þarna um og steyptist vatnið niður í hylinn og myndaði *Skötufoss*, en hann sést ekki lengur þar sem vatninu er aðallega veitt í eystri ána. Í Setbergsannál segir árið 1696: „Það barn dautt, sem útborið fannst hjá Ingunnarstöðum í Brynjudal á fyrirfarandi sumri, meðgekk vinnukonan Vigdís Þórðardóttir það að átt og út borið hefði, en litlu fyrir alþingi átti hún annað barn, að hverju hún lýsti föður þann sama unga mann Einar Jónsson sem hitt fyrra útborna barnið með henni átti. Lá hún á sæng um alþingistímann. Um það mál þingaði síðar lögmaður hennar Sigurður Björnsson, á Kópavogi, hvar hún

[185] Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Hér tekið eftir: Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu. Upplýsingar um kortið eru á bls. 6.

var dæmd og réttuð í Elliðaám“.[186] Af Vallarannál má ráða að fyrir 1704 hafi sekum konum, sem væntanlega hlutu dóma sína á Kópavogsþingstað, ávallt verið drekkt í **„Elliðaá syðri“**, en 1704 var hins vegar brugðið á það ráð að drekkja konum í Kópavogslæknum nálægt þingstaðnum í Kópavogi.[187]
Ekki er ólíklegt að Drekkjarhylur hafi verið notaður til drekkinga á sínum tíma, en hylurinn er ekki langt frá hinni fornu leið sem lá yfir Árhólmana milli Bústaða og Ártúns. Við Drekkjarhyl var framið morð sem kennt var við Skötufoss, en það var upp úr 1704 að annar bóndinn í Árbæ, Sigurður, banaði hinum, Sæmundi, að tilstuðlan eiginkonu hins látna, Steinunnar. Þau fengu bæði líflátsdóm sem var framfylgt við Kópavog, hann hálshöggvinn en henni drekkt.[188]
Lýsing: Drekkjarhylur er undir hraunbrúninni, um 18 m í þvermál. Þegar meira vatn var í vestari ánni og hún þvældist meira um Árhólmann féll Skötufoss í hylinn fram af brúninni.



Mynd 80 Drekkjarhylur í Árhólmum, horft í suður.

Bústaðir 232-76 Vatnsveituvegur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-76	Vatnsveituvegur	Vegur	Vegur	1908	361455	405328	164	5	Gott	Nei

Staðhættir: Á herforingjaráðskorti frá árinu 1909 er merktur inn vegur vestan við Elliðaárnar. Hann lá frá brúnni sem var yfir vestari kvísl Elliðaánna og upp með allri ánni upp að Vatnsenda.[189] Vegurinn er ekki merktur sem vagnavegur inn á kortið, heldur er slitin línan, líklega vegna þess að vegurinn var ekki fullbúinn þegar kortið var gert árið 1909, sjá mynd 81. Í dag er hluti vegarins sjáanlegur austan

[186] Páll Sigurðsson: „Aftökustaðir í landnámi Ingólfs og aftökur dæmdra manna“. Fræðslurit Ferðafélags Íslands 9, bls. 35-36.
[187] Páll Sigurðsson: „Aftökustaðir í landnámi Ingólfs og aftökur dæmdra manna“. Fræðslurit Ferðafélags Íslands 9, bls. 35-36.
[188] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 64.
[189] Landmælingar Íslands: Kortasafn. Kort danska herforingjaráðsins af Reykjavík 1909 (hluti). Generalstabens Topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909, mælt 1908.

Reykjanesbrautar og norðan við hitaveitustokkinn sem liggur yfir Elliðaárhólma. Vegur þessi er líka sjáanlegur uppi í Blesugróf þar sem hann varð síðar Vatnsveituvegur.
Lýsing: Malarvegur upp með vestari kvísl Elliðaánna frá gömlu brúnni (232-23) suður að hitaveitustokk, um 165 m á lengd og 5 m breiður.



Mynd 81 Vegur (232-76) á korti herforingjaráðs, merktur með rauðri línu þar sem hann er sjáanlegur.[190]




Mynd 82 Vegur (232-76) með vestari kvísl Elliðaánna, horft í norður.

Bústaðir 232-77 Þjóðvegur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-77	Bústaðavegur hinn forni	Þjóðvegur	Vegur	900-1883-	361494	405006	300	4	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Þjóðvegur til og frá Reykjavík er merktur inn á kort eftir Benedikt Gröndal frá árinu 1880 (mynd 79). Kortið sýnir Elliðaárnar frá upptökum til árósa. Leiðin lá fyrir norðan Bústaði, yfir vað í Árhólmana sunnan við Búrfoss og Innréttingahúsin að Ártúnsvaði. Þaðan lá leiðin sunnan við túngarðinn í Ártúni og upp Reiðskarðið.[191] Vegurinn er líka merktur inn á kort Sigurðar Guðmundssonar málara frá 1869 (sjá mynd 85).[192]
Lýsing: Í Árhólmanum er hægt að sjá legu þessarar gömlu leiðar. Búið er að bera möl ofan í hana á um 180 m kafla en 90 m eru grasigrónir.

[190] Landmælingar Íslands: Kortasafn. Kort danska herforingjaráðsins af Reykjavík 1909 (hluti). Generalstabens Topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909, mælt 1908.
[191] Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Hér tekið eftir: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu. Upplýsingar um kortið eru á bls. 6.
[192] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 92.




Mynd 83 Þjóðleiðin (232-77) í Árhólmunum, sýnd með rauðri línu.[193]



Mynd 84 Gamla þjóðleiðin lá yfir vestari ána á ónefndu vaði (232-86) og áfram yfir Árhólmana. Horft í íaustur.

[193] Loftljósmynd frá árinu 2016 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Merkingar og kortavinnsla Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.




Mynd 85 Kort Sigurðar málara af þjóðleiðinni yfir Árhólmann árið 1874.[194]

Bústaðir 232-78 Rúst, Þófaramylla


Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-78	Þófaramylla	Óþekkt	Rúst, garðlag	1750-52	361586	405054	4	4	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Rústin er um 30 m vestan við eystri kvísl Elliðaánna, vestur af Toppstöðinni, í mýrarfláka á milli lækja. Mýrin getur verið mjög blaut og fer það eftir árferði, svo ekki er alltaf fært að rústinni. Greina má rústina á loftmynd frá árinu 1953.[195] Svæðið hefur breyst mikið í gegnum aldirnar og líklega mest þegar Árbæjarstífla var gerð um 1920, en áður hljóp vatnið um allan hólmann.
Lýsing: Rústin er grasi- og sinuvaxin og trjáplöntur vaxa á henni. Á SV-vegg er merki Árbæjarsafns. Rústin er 3x3 m að stærð (NA-SA). Veggir eru úr torfi og grjóti, um 1 m breiðir og 0,3-0,4 m háir. Líklega hafa verið dyr í NV. Þrír stórir steinar lágu áður við NA-vegg að innanverðu og við SA-vegg. Rústin er nú vaxin víðirunnum. Út úr NA-horni rústarinnar liggur **garður 1**, um 4 m langur og stefnir NA-SV, um 1,0-1,5 m breiður og 0,4 m hár. Rof er í garðinum um 1,5 m frá rústinni á um 0,7 m kafla. Um 1,0 m SA af rústinni er **garður 2**, um 10 m langur og stefnir NA-SV, um 1,5 m breiður og 0,2-0,4 m hár. Við SV-horn rústarinnar er **garður 3**, um 18 m á lengd og stefnir NA-SV, 1,5-2,0 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. NA-endi allra garðanna er á svipuðum stað, en þó er 1,5 m á milli þeirra.[196]

[194] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls 91. Merkingar bættar ALG.
[195] LÍM: Loftmyndasafn, tökudagur 1953-09-16, LI1-9261.
[196] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, bls. 108.



Mynd 86 Þófaramylla Innréttinganna árið 1789 eftir John Baine. Húsið hefur verið timburhús og við það sést mylluhjólið sem vatnsstraumurinn hefur snúið. Myndin er stílfærð en í baksýn má sjá báðar kvíslar Elliðaánna steypast niður og fjær er Vífilsfell.[197]



Mynd 87 Rúst og garðlög (232-78), teiknað eftir uppmælingu.



Mynd 88 Rúst og garðlag (232-78), horft eftir garðlaginu til austurs að Toppstöðinni, rústin er fjær, full af trjágróðri.

[197] Úr Íslandsleiðangri Stanleys 1789 (Rvk. 1979), bls. 120. Hér er teikningin fengin úr Árni Hjartarson og fl. *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls.76.



Mynd 89 Rúst og garðlag (232-78). Þófaramylla Innréttinganna í Árhólmunum, horft eftir garði til suðvesturs að tóft sem er gróin trjám.

Bústaðir 232-79 Rúst Innréttingaminjar


Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-79	Innréttingaminjar	Rúst	Tóft	1750-52	361620	405031	5,5	4,3	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Rúst í Árhólmunum vestan við Toppstöðina. Rústin er á grasigrónum árbakka eystri kvíslarinnar, um 4 m frá ánni og um 20 m sunnan við trébrú sem liggur yfir lítinn læk. Austan við rústina rennur annar lítill lækur. Þarna hefur líklega staðið ein af þeim byggingum sem tilheyrðu starfsemi Innréttinganna á 18.öld.[198] Rústin sést á loftljósmynd frá 1953.[199] Svæðið hefur breyst mikið í tímans rás og líklega mest þegar Árbæjarstífla var gerð um 1920, en áður hljóp vatnið um allan hólmann.
Lýsing: Rústin er grasigróin og hlaupin í þúfur að hluta til. Veggir eru nokkuð greinilegir úr torfi og grjóti og tvö op eru á NV-hlið nærri NA-gafli. Nokkuð er af grjóti inn í rústinni. Rústin er eitt hólf, um 5,5x4,3 m að stærð og snýr í NA-SV, 1 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Austurhorn rústarinnar er nokkuð laskað.[200]

[198] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, bls. 109.
[199] LÍM: Loftmyndasafn, tökudagur 1953-09-16, LI1-9261.
[200] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, bls. 109.



Mynd 90 Rúst (232-79) á árbakka austurkvíslar Elliðaáa. Horft til norðausturs að Toppstöðinni.



Mynd 91 Rúst (232-79) á vestari árbakkanum, teiknað eftir uppmælingu.

Bústaðir 232-80 Varnargarður

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-80		Varnargarður	Garður	1930	361619	405429	150	1	Gott	Að hluta



Mynd 92 Varnargarðar (232-80 og 263-32) beggja vegna við Sjávarfoss í eystri ánni. Báðir þessir garðar eru enn í notkun. Horft yfir árnar til suðvesturs. Báðar gömlu brýrnar eru í notkun (232-23 og 232-22). [201]

[201] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 33-03. Ljósmyndari: Loftur Guðmundsson, 1930.



Mynd 93 Varnargarður (232-80), horft í suður.



Mynd 94 Varnargarður (232-80), horft til norðurs.

Staðhættir: Varnargarðurinn er á vestari bakka Elliðaánna, austan við veiðihúsið og stefnir beint í norður og niður fyrir Sjávarfoss. Garðurinn hefur líklega verið hlaðinn eftir að virkjunin var reist 1921, en þá var farið að beina stórum hluta af rennsli ánna um eystri kvíslina. Líklega hafa hleðslurnar verið gerðar til þess að varna því að vatnið flæddi upp og færi heldur áætlaða leið undir brúna. Hinum megin á bakkanum er hlaðinn varnargarður (263-32 skráður undir Ártún,) sem hafði sama tilgang. Þessir garðar sjást vel á mynd 92 frá árinu 1930.
Lýsing: Garðurinn er um 70 m langur og liggur norður-suður, tré hafa verið gróðursett í 50 m af garðinum og einnig hefur verið sett upp girðing með járnstaurum. Nyrst er hann vel sýnilegur og endar við tréstaur sem á stendur Sjávarfoss (veiðistaður).

Bústaðir 232-86 Vað á þjóðleið

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-86		Vað	Vað	1831	361396	405032	14	12	Gott	Já



Mynd 95 Vað á gamalli þjóðleið (232-77) yfir vesturkvísl Elliðaánna, horft til norðvesturs.

Staðhættir: Vað á þjóðleið (232-77) yfir vesturkvísl Elliðaánna, ekki vitað hvað það var nefnt. Austan við malbikaðan gangstíg með Elliðaánum, um 30 m austur af austurakrein Reykjanesbrautar og um 100 m suðaustur af Bústaðavegi 153. Þjóðleið lá fyrir norðan Bústaði yfir umrætt vað sunnan við Búrfoss og Innréttingahúsin í Árhólmanum, yfir Ártúnsvað og áfram sunnan við túngarð Ártúns og upp Reiðskarðið. Leiðin er teiknuð á kort Björns Gunnlaugssonar frá árinu 1831. Sjá mynd 128.
Lýsing: Vaðið er enn í notkun og ekið er yfir það.


Bústaðir 232-87 Rúst

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-87		Hús	Rúst	1900	361663	404960	3	3	Slæmt	Nei

Staðhættir: Í Árhólmanum, um 17 m suðvestur af nýju hjóla- og göngubrúnni yfir eystri kvíslina.
Lýsing: Grasi- og sinuvaxin ferhyrnd rúst. Tveggja hólfa, annað opið í norður en hitt er ferhyrndur niðurgröftur. Grasigrónir veggir með grjóti, allt að 40 cm á hæð. Norðan við miðja rústina er einn stór steinn.



Mynd 96 Rúst (232-87) við stíg, horft til vesturs.



Mynd 97 Rúst (232-87), teiknað eftir uppmælingu.

Bústaðir 232-141 Rúst, Innréttingaminjar

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-141		Rúst	Rúst, garðlag	1750-1752	361649	404977	8	6,7	Slæmt	Nei

Staðhættir: Árið 1994 var skráð rúst (R-141) í Árhólmanum:

„**Lega, staðhættir:** 25 m VSV af á (Elliðaár). Grasivaxinn árbakki. Ca. 60 m frá SV – horni rafstöðvarbyggingar (nýrri).
Lýsing Rúst, þófaramylla (?) Ca. 10 m í þvermál, ekki sér móta fyrir neinum veggjum eða veggjabrotum. Rústin er gróin. NA–megin við rústina eru rennur sem nú eru að hluta uppþornaðar (þar hefur vatnsrennsli verið stjórnað áður). Skammt frá NV–horni rústarinnar er: Garður. 32 m á L (VNV- ASA) 0,3 – 0,5 m á H og 2 m á breidd. Garðurinn er rofinn á nokkrum stöðum á A–hluta. Garðurinn endar við V– endann, í dálitlum hól.
Athugasemdir Sæmilegt/lélegt ástand 1994. Sennilega eru rústirnar hluti af Innréttingunum svokölluðu.“[202]

[202] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, bls. 172.

Minjastaðurinn er um 15-30 m suður af austurkvísl Elliðaánna og 40 m norðvestur af nýju brúnni. Merktur með skilti Árbæjarsafns, Borgarminjar, sem er plata á járnröri.
Lýsing: Svæðið er hringlaga og aðeins hærra en næsta umhverfi. Norðan og austan við er lágt garðlag við vatnsrás sem gæti hafa verið samtíða. Garðlagið var mælt ásamt ummáli minjasvæðisins sem er um 8 m í þvermál. Vestan við rennur smá vatnslæna út í ána við rúst (232-79). Svæðið er grasi- og sinuvaxið auk þess sem þar er lúpína og trjágróður.



Mynd 98 Minjastaður (218-141), teiknað eftir uppmælingu.



Mynd 99 Minjamerking á rúst (218-141), skilti Árbæjarsafns „Borgarminjar.“



Mynd 100 Minjastaður (232-141), horft til norðausturs að Toppstöðinni.

Bústaðir 232-154 Rúst, Innréttingaminjar

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-154		Rúst	Heimild	1750-1752	361615	405065	5	3,5	Ómetið	Já

Staðhættir: Árið 1995 var skráð rúst (232-154) í Fornleifaskrá Reykjavíkur á vesturbakka eystri kvíslarinnar:

> „Í Árhólmanum, á árbakka eystri kvíslarinnar og um 11 m norðaustan við göngubrú sem er yfir lækjarkvísl sem rennur í ána. Grasivaxinn árbakki. Um 50 m vestur frá Toppstöðinni.
> **Lýsing:** „Rústin er 5 x 3,5 m (NA-SV). Veggir úr grjóti og torfi, 0,5 - 1,0 m á breidd og 0,2 - 0,4 m háir. Nokkuð ber á stærri steinum við N-langhliðina. Fornleifarnar skiptast í tvö hólf (A-B) og virðast dyr vera á báðum hólfum í NV.“[203] sjá mynd 101.



Mynd 101 Rúst (232-154), teikning BFE.[204]



Mynd 102 Meint minjasvæði (232-154) á vesturbakka austurkvíslar samkvæmt lýsingu. Horft yfir svæðið til norðurs, næst er litli lækurinn og fjær er rás þar sem áin hefur étið sig inn í bakkann.

Rústarinnar var leitað á vesturbakka eystri kvíslar Elliðaánna eftir staðarlýsingu en hún fannst ekki. Líklega hefur hún raskast í flóði þar sem áin hefur brotið sér leið inn í bakkann. Við ána er eins og skurður þar sem mannvirkið gæti hafa staðið.
Lýsing: Horfin.

[203] Bjarni F. Einarsson, 1995, Fornleifaskrá Reykjavíkur, FileMaker gagnagrunnur.
[204] Bjarni F. Einarsson, 1995, Fornleifaskrá Reykjavíkur, FileMaker gagnagrunnur.


2.3.2 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngir minjar í landi Ártúns

Ártún 263-1 Bæjarhóll

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
236-1	Ártún	Bústaður	Bæjarhóll	1379	361862	405019	60	60	Gott	Nei

Staðhættir: Bæjarhóllinn er um 70-80 m norðaustur af Rafstöðvarvegi 9, ekið er upp á hólinn fyrir austan húsið. Hóllinn er mjög áberandi í landslaginu og sést víða að. Líklega er hóllinn jarðmyndun frá síðasta jökulskeiði auk mannvistarlaga sem hafa hlaðist þarna upp í gegnum tíðina.
Ekki er vitað hvenær fyrst var búið í Ártúni, en talið er að þess sé getið í máldögum sem Árlands neðra, í Vilchinsbók frá 1379, þá eign Neskirkju, og í Gíslamáldaga frá 16. öld.[205] Á hólnum stendur einlyft íbúðarhús (Rafstöðvarvegur 11) með risi og kjallara, sem Þorbjörn Finnsson og Jóna Jónsdóttir byggðu árið 1910[206] að sögn Braga Ólafssonar fyrrum bónda í Ártúni. Þorbjörn og Jóna höfðu búið víða er þeim bauðst að setjast að á Kleppi, þar sem þau byggðu meðal annars góða baðstofu. Þar bjuggu þau um hríð eða þangað til þau urðu að víkja fyrir Kleppsspítala sem byggður var 1907. Árið 1906 keypti Reykjavíkurbær jarðirnar Árbæ, Breiðholt, Selás (úr landi Grafar) og Ártún vegna áætlana um að taka neysluvatn úr Elliðaánum fyrir þéttbýli í Reykjavík. Bauð bærinn Þorbirni og Jónu að setjast að í Ártúni. Þar voru þá fyrir mjög hrörleg hús og hófust þau strax handa við byggingu núverandi húsa.[207] Árið 1929 var íbúðarhúsinu lýst þannig: a) Húsið byggt úr bindingi og klætt utan með borðum og pappa. Á aðalhæðinni voru þrjú íbúðarherbergi og gangur, í kjallara var eldhús, búr, herbergi og geymsla. Steinsteyptar tröppur voru við íbúðarhúsið og undir þeim gengið inn í kjallarann, sem var sementsléttaður að utan. Húsið var allt málað að utan.[208] Austan í bæjarhólnum er lítið hús, Rafstöðvarvegur 15, sem tilheyrir starfsemi skíðasvæðisins sem er þar nú.
Lýsing: Bæjarhóllinn er um 100 m í þvermál og má ætla að í honum leynist fornleifar allt frá 10.-11. öld. Engar rústir er að sjá á bæjarhólnum, nema veggi traðarinnar til norðurs. Greinilegt er að bæjarstæðið hefur verið lækkað norðan við bæinn. Það má sjá á útitröppunum þar sem hefur þurft að bæta við þremur þrepum. Húsin voru öll fyrst virt 21. nóvember 1929, en þá hafa útihúsin austan við íbúðarhúsið líklega verið nýlega byggð. Sjá má eldri útihúsin á ljósmynd sem tekin var árið 1921 eða 1926,[209] yngri húsin sjást á loftmynd frá árinu 1930.[210] Samkvæmt úttektinni 1929 voru þá virt á lóðinni: b) Heyhlaða og gripahús úr bindingi, klætt að utan með járni, bæði veggir og þak. Húsið var með skúrþaki og skiptist í þrennt. Næst kjallara íbúðarhússins var fjósið með 8 básum, svo heyhlaða sem var í miðri byggingunni og í endanum var fjárhús. Húsið var 12x9,7 m á stærð og mesta hæð 3,6 m. c) Einnig var virtur geymsluskúr byggður úr bindingi og með járnþaki. Þar var geymsla og kyndiklefi en helmingurinn var haughús með steyptum veggjum og gólfi, stærð 7,0x5,8 m.
d) Þvagþró, steypt, stærð 4,5x2,5 m, með skúrþaki.[211] Virðing var óbreytt þegar húsin voru virt aftur 1. október 1941: Íbúðarhús, hlaða, geymsluskúr og þvagþró.[212] Í brunavirðingu frá 18. mars 1947 segir að húsið sé óbreytt í aðalatriðum frá 1. október 1941. Þá hafði miðstöð verið sett í húsið og rafmagnsvél. Á lóðinni stóðu íbúðarhúsið, hlaða, geymsluskúr og þvagþró.[213] Húsin stóðu á sama stað og eldri húsin, sem sýnd eru á túnakorti Ártúns frá 1916.[214]

[205] *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 109 – *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn* XVI, bls. 637.
[206] Vísa í úttekt Ölmu aftar í skýrslu.
[207] Sjá Húsaskrá Borgarsögusafns: Ártún við Rafstöðvarveg.
[208] Borgarskjalasafn: Aðf. 774. Brunavirðing dagsett 21. nóvember 1929 (brunab.nr. 2659).
[209] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 2497, Ljósmyndari: Magnús Ólafsson, 1921-25.
[210] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 33-06. Ljósmyndari: Loftur Guðmundssson 1930.
[211] Borgarskjalasafn: Aðf. 774. Brunavirðing dagsett 21. nóvember 1929 (brunab.nr. 2659).
[212] Borgarskjalasafn: Aðf. 774. Brunavirðing dagsett 21. nóvember 1929 (brunab.nr. 2659).
[213] Borgarskjalasafn: Aðf. 4339 Brunavirðing dagsett 18. mars 1947 (brunab.nr. 2659).
[214] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Ártún 1916.*



Mynd 103 Túnakort fyrir Ártún frá árinu 1916.[215]



Mynd 104 Hluti úr mynd sem sýnir Ártún árið 1921 eða 1926. Flaggað er við bæinn í tilefni konungskomunnar. Austan við íbúðarhúsið má sjá gömlu útihúsin þrjú sem síðar voru sett undir eitt skúrþak og sunnan við er líklega geymsla, kyndiklefi og haughús.[216]

[215] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Ártún 1916.*
[216] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 2497. Ljósmyndari Magnús Ólafsson, 1921-25, hluti úr ljósmynd.



Mynd 105 Bæjarhóll Ártúns, horft í norður. Útihúsin hafa verið endurgerð og þeim breytt.



Mynd 106 Bæjarhóll Ártúns, horft til norðurs.



Mynd 107 Bæjarhóll Ártúns, horft til vesturs.



Mynd 108 Bæjarhóll Ártúns, horft til suðvesturs.




Mynd 109 Bæjarhóll Ártúns, horft til suðurs.

Ártún 263-2 Útihús

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
236-2	Ártún	Útihús	Heimild	1900	361864	405008	7,5	7,5	Ómetið	Já

Staðhættir: Sunnanmegin við íbúðarhúsið voru útihús samkvæmt túnakorti Ártúns frá árinu 1916.[217]
Lýsing: Tveggja bursta torfhús, 7,5x7,5 m að stærð, með standþili í vestur. Á ljósmynd frá árunum 1921-1926 má sjá steypt mannvirki á þessum stað, líklega hús c): geymsla, kyndiklefi og haughús, sjá brunavirðingu 1929[218], sem hefur verið byggt á sama stað, sjá mynd 110. Nýlega er búið að helluleggja svæðið þar sem þessi hús stóðu. Þó að húsin sjálf séu horfin er líklegt að ummerki um þau finnist enn í jörðu.



Mynd 110 Árið 1916 var tveggja bursta torfhlaðið útihús (263-2) sunnan við íbúðarhúsið, samkvæmt túnakorti.[219] Á árunum 1921-26 var þar steypt hús c) geymsla, kyndiklefi og haughús.[220]




Mynd 111 Sunnan við íbúðarhúsið er nú búið að helluleggja þar sem áður var tveggja bursta torfhús[221] og seinna hús c) geymsla, kyndiklefi og haughús, samkvæmt brunavirðingu.[222]

[217] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Ártún 1916.*
[218] Borgarskjalasafn: Aðf. 774. Brunavirðing dagsett 21. nóvember 1929 (brunab.nr. 2659).
[219] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Ártún 1916.*
[220] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 2497. Ljósmyndari: Magnús Ólafsson, 1921-1925, hluti úr ljósmynd. Borgarskjalasafn: Borgarskjalasafn: Aðf. 774. Brunavirðing dagsett 21. nóvember 1929 (brunab.nr. 2659).
[221] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Ártún 1916.*
[222] Borgarskjalasafn: Aðf. 774. Brunavirðing dagsett 21. nóvember 1929 (brunab.nr. 2659).

Ártún 263-3 Útihús

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
236-3	Ártún	Fjárhús, fjós, hlaða	Hús	1900- 1947	361872	405024	11	10	Gott	Nei

Staðhættir: Austanmegin við íbúðarhúsið voru útihús samkvæmt túnakorti Ártúns frá árinu 1916.[223]
Lýsing: Þriggja bursta torfhús, um 10x11 m að stærð, með standþili. Húsin snéru í N-S. Þessi hús hafa líklega *ekki* verið torfhús eins og skráð er á túnakotið heldur timburhús með klæðningu, sjá ljósmynd Magnúsar Ólafssonar 1921-25.[224] Ný hús voru reist á sama stað og voru þau virt 21. nóvember 1929. Samkvæmt brunavirðingu frá þeim tíma eru þarna þrjú hús, fjós næst íbúðarhúsinu, hlaða í miðjubyggingunni og fjárhúsið fjærst, öll byggð úr bindingi. Hús þessi standa enn í dag endurbætt.[225] Búast má við að finna ummerki eftir gömlu gripahúsin undir þessum húsum.



Mynd 112 Túnakort frá árinu 1916. Útihúsin eru skráð undir númerið (263-3). Ljósmynd af Ártúni, líklega tekin á árunum 1921-1926. Gömlu útihúsin (263-3).[226]



Mynd 113 Ártún árið 1972 og 2020. Útihús (263-3) voru austan við bæinn, endurbyggð 1929 þá öll undir einu skúrþaki. Þau hafa nýlega verið endurgerð.[227]

[223] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Ártún 1916.*
[224] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 2497. Ljósmyndari: Magnús Ólafsson, 1921-1926, hluti úr ljósmynd,
[225] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: Umhverfi Rafstöðvar og Ártúns. Húsakönnun [án bls.tals].
[226] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Ártún 1916.* Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 2497. Ljósmyndari: Magnús Ólafsson, 1921-1926, hluti úr mynd,
[227] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Ártún 1916.*


Ártún 263-4 Kálgarður

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
236-4		Kálgarður	Heimild	1900	361863	405043	40	22	Ómetið	Já

Staðhættir: Norðan við íbúðarhús Ártúns, austan við traðirnar, var annar af tveimur kálgörðum sem merktir eru inn á túnakort af Ártúni frá 1916.[228] Garðarnir voru um 1600 m² og svipaðir að stærð.
Lýsing: Kálgarðurinn var 40x22 m að stærð en útlínur hans eru ekki lengur greinilegar. Garðurinn sést ekki á loftljósmynd frá árinu 1953.[229]



Mynd 114 Kálgarður Ártúns (263-4) var norðan við bæinn 1916, horfinn árið 1953, horft til suðurs.



Mynd 115 Annar af tveimur kartöflugörðum Ártúns (263-4) var norðan við bæjarhúsin.[230]

Ártún 263-5 Kálgarður


Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
236-5		Kálgarður	Hleðsla	1900	362015	404998	40	20	Ómetið	Nei

Staðhættir: Annar af tveimur kálgörðum Ártúns árið 1916 var um 150 m austur af íbúðarhúsinu. Leifar af hleðslu þessa garðs eru rétt vestan við lóðarmörk Rafstöðvarvegar 17 og ná inn á lóðina.
Lýsing: Kálgarðurinn var 50x21 m að stærð og tvær hliðar hans voru hlaðnar, austur- og suðurhlið. Garður á austurhlið er enn greinilegur utan við lóðarmörk Rafstöðvarvegar 17, hæð er um 1,5 m og lengd 20 m. Ekki er að sjá grjót í þessum vegg, það er eins og garðurinn hafi verið grafinn inn í brekkuna. Fyrir innan girðingu, inni á lóð Rafstöðvarvegar 17, í beinu framhaldi, er jarðhús eða kartöflugeymsla.

[228] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Ártún 1916.*
[229] LÍM: Loftmyndasafn, tökudagur1953-09-16, LI1-9260.
[230] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Ártún 1916.*



Mynd 116 Horft til austurs yfir svæðið þar sem kálgarðurinn var, en hluti hans var þar sem nú er lóð Rafstöðvarvegar 17.



Mynd 117 Annar af tveimur kartöflugörðum Ártúns (263-5) var um 150 m suðaustan við bæjarhúsin.[231]

Ártún 263-6 Tröð


Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
236-6	Ártún	Traðir, girðing	Vegur	1900	361849 361862	405130 404978	200	4	Gott	Nei

Staðhættir: Tröðin liggur í norður-suður vestan við bæinn. Hún náði frá þar sem nú er suðurgafl Rafstöðvarvegar 9 í norður um 250 m og skipti hún túnum Ártúns í tvennt.[232] Þar sem tröðin endar, um 150 m frá íbúðarhúsinu, tekur við vegur í norður upp á melana. Þessi leið hefur legið að eystri Elliðaárbrúnni.[233] Við enda traðarinnar liggur annar slóði til suðausturs fyrir ofan austurtúnið, hann er trúlega yngri.
Lýsing: Syðsti hluti traðarinnar er núverandi vegur heim að Ártúni og er búið að bera ofan í hann. Búið er að sturta haug í tröðina rétt norðan við bæinn. Norðurhluti traðarinnar er óraskaður, niðurgrafinn og grasigróinn, en hvergi sér í hleðslur. Á kafla er tröðin allt að 1,2 m á dýpt og 3 m á breidd. Líklega hefur girðing verið uppi á bakkanum, því samkvæmt túnakortinu voru túnin afmörkuð með girðingum en ekki hlöðnum görðum.



Mynd 118 Nyrðri hluti af bæjartröð Ártúns, tröðin er niðurgrafin, horft í suður.

[231] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Ártún 1916.*
[232] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Ártún 1916.*
[233] Dönsku herforingjaráðskortin: „27 Reykjavík NA“, 1909.



Mynd 119 Túnakort Ártúns 1916. Tröðin lá norður-suður og skipti túninu í tvennt.[234]

Ártún 263-7 Túngarður – girðing

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
263-7	Ártún	Túngarður, girðing	Heimild	1900	361920	404945	700	2	Ómetið	Já


Staðhættir: Túnin í Ártúni voru tvö, vesturtún og austurtún og var bæjartröðin á milli þeirra. Vesturtúnið náði niður að ánni og var afmarkað með girðingu. Það var blautt og mýrlent, framræsluskurður (263-10) var fyrir neðan bæjarhólinn, sjá mynd 119, túnakort Ártúns. Austurtúnið var afmarkað með túngarði að sunnan en girðing afmarkaði það að austan og norðan.[235] Þeir sem komu þjóðleiðina að vestan yfir Árhólmana að Ártúni fóru með túngarðinum/túngirðingu að sunnan og upp Reiðskarðið að Árbæ.

[234] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Ártún 1916.*
[235] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Ártún 1916.*

Lýsing: Túngarðurinn eða girðingin um vestara túnið var um 550 m löng og er hún horfin. Sama er að segja um girðinguna um eystra túnið. Nyrðri hluti traðanna (263-6) er aftur á móti vel afmarkaður og niðurgrafinn.

Ártún 263-9 Matjurtagarður

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
236-9		Matjurtagarður	Heimild	1920-1960	361848	405014	17,5	10	Sæmilegt	Að mestu



Mynd 120 Matjurtagarður (263-9) vestan við bæinn í brekkunni (1921 eða 1926).[236]



Mynd 121 Matjurtagarðurinn (263-9) vestan við bæinn var í notkun árið 1953.[237]

Staðhættir: Matjurtagarður var vestan við bæinn í brekkunni. Hann er ekki merktur inn á túnakort frá árinu 1916, en sést á ljósmynd af bænum frá árinu 1921-26. [238] Garðurinn var í notkun árið 1953.[239]
Lýsing: Garðurinn var 17,5x10 m og er að mestu horfinn. Greina má ummerki eftir hann í gróðri.



Mynd 122 Greina má staðsetningu matjurtagarðsins (263-9) í brekkunni út frá gróðri.

[236] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 2497. Ljósmyndari: Magnús Ólafsson, 1921-1926, hluti úr mynd, og LÍM: Loftmyndasafn, tökudagur1953-09-16, LI1-9260.
[237] LÍM: Loftmyndasafn, tökudagur1953-09-16, LI1-9260.
[238] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 2497. Ljósmyndari: Magnús Ólafsson, 1921-1926.
[239] LÍM: Loftmyndasafn, tökudagur1953-09-16, LI1-9260.

Ártún 263-10 Skurður

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
236-10	Ártún	Skurður	Heimild	1900	361805	405066	137	3	Ómetið	Já

Staðhættir: Um 140 m langur framræsluskurður lá fyrir neðan og með bæjarhólnum til norðvesturs á mörkum mýrar og vestara heimatúns, um 40 m frá íbúðarhúsi, sjá túnakort af Ártúni frá árinu 1916 mynd 119.[240]
Lýsing: Skurðurinn er horfinn.

Ártún 263-12 Matjurtagarðar

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
263-12		Matjurta-garður	Garðlag, heimild	1950-1970	361864	405150	20	17	Gott	Að hluta



Mynd 123 Fjórir matjurtagarðar (263-12) Ártúns voru norðaustan við tröðina.



Mynd 124 Tveir af fjórum matjurtagörðum (263-12) Ártúns, horft til suðvesturs.



Mynd 125 Einn af matjurtagörðunum (263-12), horft til suðausturs að öðrum handan við tröppurnar.



Mynd 126 Einn af matjurtagörðunum (263-12), horft til norðvesturs.

Staðhættir: Fjórir matjurtagarðar voru norðaustan við heimreið Ártúns (263-6). Tveir þeirra, sem eru stærri, sjást á loftmynd frá 1953 og hafa sennilega verið í notkun á árunum 1950-1970.[241]
Lýsing: Greina má ummerki eftir þá alla. Stungið hefur verið fyrir þremur þeirra inn í brekkuna og hlaðinn upp kantur fyrir framan, en einn er á sléttlendi. Garðarnir eru grasi- og sinuvaxnir. Sá sem er norðvestast er 6,7x3 m, næsti austan við er 6x3,5 m og suðaustan við hann er annar stærri garðurinn, 20x7,8 m. Hinn er fyrir neðan og sunnan þann norðvestasta og hefur verið um 15x12 m.

[240] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Ártún 1916.*
[241] LÍM: Loftmyndasafn, tökudagur1953-09-16, LI1-9262.

Ártún 263-13 Camp Battle/ Camp Ártún

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
263-13	Camp Battle	Herbúðir	Heimild	1940	361795	405205			Ómetið	Já



Mynd 127 Camp Battle árið 1943, herskálahverfi sem var norðan við Ártún.[242]


Staðhættir: Í Ártúnsbrekku, norðan við bæjarhól Ártúns, var herskálakampurinn *Camp Battle*, líka nefndur *Camp Ártún*.[243] Herskálahverfið samanstóð af að minnsta kosti tólf bröggum.[244]
Lýsing: Horfið. Aðeins austar uppi í brekkunni eru enn nokkur mannvirki (263-38) sem tilheyrðu þessum kampi, tveir steyptir vatnsgeymar og þrjár stórar skotgrafir.

Ártún 263-14 Þjóðleið

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
263-14	Þjóðleið	Þjóðleið, alfaraleið	Vegur	1000-1883	361918	404929	300	3	Sæmilegt	Að hluta

Staðhættir: Þjóðvegur til og frá Reykjavík er merktur inn á kort eftir Benedikt Gröndal frá 1880, sjá mynd 87.[245] Leiðin lá fyrir norðan Bústaði, yfir Árhólmana sunnan við Drekkjarhyl og Innréttingahúsin og að Ártúnsvaði, sem var áður um 70 m fyrir vestan Rafstöðina. Leiðin lá síðan sunnan við túngarðinn í Ártúni og upp Reiðskarðið (263-8). Vegurinn er einnig skráður í landi Bústaða og hefur þar skráningarnúmerið (232-77).
Lýsing: Ártúnsvað er horfið vegna framkvæmda við Elliðaárstöð. Vegurinn er að hluta til í notkun, *þó ekki í upprunalegri mynd*, sem malbikaður akstursvegur heim að Segulhæðum, Ártúnsbletti 2 (Rafstöðvarvegi 21), og áfram upp Reiðskarð sem malarborinn göngustígur.

[242] Mynd fengin af vef Wikimedia Commons: https://commons.wikimedia.org/wiki/File:IBC_-_American_Fighter_Planes_over_Camp_Artun_Iceland_1943.jpg
[243] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 102-104.
[244] LMÍ: Loftmynd AMS100072 10-11-1945.
[245] Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Hér tekið eftir: Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu. Upplýsingar um kortið eru á bls. 6.



Mynd 128 Þjóðleiðin er merkt inn á kort frá árinu 1831 og lá norðan við Bústaði yfir Elliðaár, sunnan við Ártún og að Árbæ, en þar skiptist leiðin upp í þrennt. Ein leiðin lá fyrir mynni Grafarvogs, sem samsvarar Vesturlandsvegi, önnur að Reynisvatni og þaðan að Þingvöllum, sú þriðja að Hólmi, sem samsvarar Suðurlandsvegi.[246]

Ártún 263-15 Ártúnsvað

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
236-15	Ártúnsvað	Vað	Heimild	1000-1883	361711	404947			Ómetið	Já

Staðhættir: Á korti eftir Benedikt Gröndal frá 1880, sem sýnir Elliðaárnar frá upptökum til árósa, er merkt inn þjóðleiðin til og frá Reykjavík. Hún hefur legið fyrir sunnan Ártún. Vaðið yfir Elliðaárnar við Ártún var nefnt *Ártúnsvað* og var það fjölfarnasta vaðið á ánum. Eftir að brýrnar yfir Elliðaárnar voru byggðar árið 1883 lagðist vaðið af og þjóðleiðin færðist norður fyrir Ártún.[247] Vaðið var um 70 m fyrir vestan Rafstöðina.
Lýsing: Árbökkunum hefur verið raskað vegna virkjunarframkvæmda og sést því ekki lengur hvar farið var yfir ána.



Mynd 129 Ártúnsvað (263-15), horft í austur. Búið er að hlaða upp árbakkana.

[246] Landsbókasafn Íslands: Gullbringu og Kjósar Sýsla, með nockrum parti af Árnesssýslu, mæld og teiknað að til hlutan ens íslenska Bókmentafélags, árið 1831. Höfundur Björn Gunnlaugsson.
[247] Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 4. bindi (Lykilbók), bls. 175 – Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 80.

Ártún 263-16 Camp Alabaster/ Pershing

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
263-16	Camp Alabaster/ Pershing	Herbúðir	Heimild	1940	361782	404947			Ómetið	Já




Mynd 130 *Camp Alabaster/ Pershing* norðan við Elliðaárvirkjun með Rafstöðvarvegi og með tröðinni heim að Ártúni. Greina má níu bragga eða hús sem tilheyrðu þessum kampi á loftljósmynd frá 1945.[248]



Mynd 131 Staðsetning bragga í *Camp Alabaster/ Pershing* norðan við Elliðaárvirkjun við tröðina að Ártúni árið 1953.[249]

Staðhættir: Herkampur við Elliðaárvirkjun.[250] Sunnan við bæjarhól Ártúns, þar sem nú er Rafstöðvarvegur sunnan við Toppstöðina og norðan við Rafstöðvarveg 13, var *Camp Alabaster* sem var um tíma aðalbækistöð breska setuliðsins. Árið 1942 tóku Bandaríkjamenn herskálahverfið yfir og nefndu það *Camp Pershing.*[251] Herbúðirnar samanstóðu af að minnsta kosti níu bröggum eða húsum samkvæmt loftljósmynd frá 1945, sex braggar voru innan vesturtúns og þrír innan austurtúns Ártúns.[252] Einn braggi var eftir þegar loftmynd var tekin árið 1953,[253] sjá mynd 131.
Lýsing: Horfið. Ekkert er eftir af þessum minjum, nema hugsanlega tvær skotgrafir 236-37 og 236-39 sjá mynd 132.

[248] LMÍ: Loftmynd AMS100072 10-11-1945.
[249] LÍM: Loftmyndasafn, tökudagur1953-09-16, LI1-9260.
[250] Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga, Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 24-25.
[251] Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum,* bls. 124-125.
[252] LMÍ: Loftmynd AMS100072 10-11-1945.
[253] LÍM: Loftmyndasafn, tökudagur1953-09-16, LI1-9260.




Mynd 132 Herskálahverfið Camp Alabaster/Pershing var norðan við Elliðaárvikjun, sjá bláar, brotnar línur. Norðan í Ártúnsbrekku var ein skotgröf 263-37 og önnur norðan við Ártúnsbæinn 263-39.[254]

Ártún 263-17 Camp Hickam

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-17	Camp Hickam	Herminjar, braggi	Heimild	1940-1967	361827	405408			Ómetið	Já

Staðhættir: Herskálahverfið *Camp Hickam* var fyrir neðan eða vestan jarðhýsin og sést á loftmyndum frá árunum 1945 og 1953.[255] Bandaríska setuliðið reisti þar höfuðstöðvar bandarísks ratsjárliðs.[256]
Lýsing: Horfið.



Mynd 133 Braggahverfið *Camp Hickam* var vestan við kartöflugeymslurnar í Ártúnsbrekku. Árið 1967 var einn stór braggi eftir, fyrir ofan hann má sjá jarðhýsin og íbúðar-og vélarhús (263-24) norðan við þau. Til hægri sér í olíutanka Toppstöðvarinar og eldishúsið (263-23). [257]

[254] Loftmynd úr LUKR 2019, ásamt minjastöðum samkvæmt fornleifaskrá.
[255] LMÍ: Loftljósmynd AMS 1000721011 1945 og LÍM: Loftmyndasafn, tökudagur1953-09-16, LI1-9262.
[256] Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 124-125.
[257] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: 365 RVK GAG 014 1-2. Ljósmyndari: Magnús Axelsson 1967, hluti úr mynd.

Ártún 263-19 Varnarveggur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
263-19		Garður	Varnarveggur	1922	361811	404782	147	1,5	Gott	Nei

Staðhættir: Hlaðinn og steyptur varnarveggur sunnan og austan við Elliðaárvirkjun. Nær frá Þvottaklöpp og austur fyrir lóðina, að austan hefur verið steypt ofan á hleðsluna.
Lýsing: Veggurinn er hlaðinn úr tilhöggnu grágrýti, 4-5 steinaraðir og hallar aðeins inn. Mannvirki sem ætti að falla undir friðlýsingu Elliðaárstöðvarinnar.




Mynd 134 Horft í norðaustur með Elliðaánum, varnarveggur 263-19 norðan við ána.

Ártún 263-23 Eldishús

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
263-23	Eldishúsið	Eldishús	Heimild	1965-2003	361796	405185	23	11,5	Ómetið	Já

Staðhættir: Frá fornu fari hefur verið mikil laxveiði i Elliðaánum. Nokkrum árum áður en Rafmagnsveitan tók til starfa við Elliðaár hóf þáverandi borgarstjóri, Knud Zimsen, að kaupa kviðpokaseiði frá klakstöð Árna Jónssonar i Alviðru i Ölfusi og setti hann þau í árnar á vorin. Rafmagnsveitan hélt þessu starfi áfram til ársins 1932 að byggt var klakhús við vatnsgeyma Vatnsveitunnar sem voru rétt austan við Vatnsveitubrú ofar í dalnum. Þar var hægt að klekja út allt að 1.200 þúsund seiðum árlega. Tuttugu árum síðar hóf Rafmagnsveitan tilraunir með seiðaeldi og var þá reist eldisstöð á austurbakka Elliðaánna með þróm og eldisskurðum. Árið 1965 var nýtt klakhús við Ártún tekið í notkun.[258] Eldishúsið var um 131 m norðaustan við Toppstöðina í Elliðaárdal. Í húsinu voru klakskápar til að klekja út seiðum.
Lýsing: Húsið var timburhús, um 20,6x11 m eða 227 m^2. Húsið er horfið og engin merki að sjá um það.[259]

[258] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: Umhverfi Rafstöðvar og Ártúns. Húsakönnun [án bls.tals].
[259] Guðmundur Daníelsson: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*, bls. 132.



Mynd 135 Eldishúsið við Elliðaár.[260]

Ártún 263-24 Íbúðar- og vélahús

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-24	Vélarhús	Íbúðarhús, vélarhús	Heimild	1948-1970	361964	405398	11,5	5,9	Ómetið	Já


Staðhættir: Sunnan við Ártúnsbrekku voru reist jarðhús, sjö bogaskemmur, kartöflu- og grænmætisgeymslur sem enn standa. Norðan við jarðhýsin stóð vélarhús reist árið 1948, sjá mynd 133. Það var steypt á tveimur hæðum, á efri hæðinni var fimm herbergja íbúð en vélasalur, afgreiðsluherbergi og olíumiðstöð á þeirri neðri.
Lýsing: Horfið.

Ártún 263-27 Olíutankar og lokahús

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-27		Olíutankar, lokahús	Heimild	1946-84	361663 361678 361673	405257 405240 405268	15	15	Ómetið	Já

Staðhættir: Við Rafstöðvarveg var dæluhús/lokahús og tveir stórir olíutankar, sem tilheyrðu Toppstöðinni. Toppstöðin var olíu- og kolakynt gufuaflsstöð sem var bæði notuð til að framleiða rafmagn og til að skerpa á hitaveituvatninu sem kom með Reykjaæðinni.
Lýsing: Horfið.

[260] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÞJV 001 1-1. Ljósmyndari Gunnar Elíson 1977.



Mynd 136 Olíutankar og lokahús við Elliðaár.[261] Horft í austur.

Ártún 263-29 Rafstöðvarvegur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
263-29	Rafstöðvarvegur	Vegur	Vegur	1920	361858	404891	1000	5	Gott	Nei

Staðhættir: Rafstöðvarvegur var lagður samhliða gerð virkjunar í Elliðaám. Hann lá frá gamla Vesturlandsveginum, núverandi Bíldshöfða, að Elliðaárvirkjun og þaðan upp með þrýstivatnspípunni að Árbæjarstíflu. Vegurinn lá fyrst mun vestar upp með ánni en var færður um 1945 þegar Toppstöðin og kyndistöðin voru byggðar.
Lýsing: Vegurinn var upphaflega malarvegur en í dag er hann malbikaður.



Mynd 137 Horft í austur eftir þrýstivatnspípunni (263-31) og Rafstöðvarvegi.

[261] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: Rafmagnsveita Reykjavíkur 816. Ljósmyndari: Sigurhans Vignir.

Ártún 263-31 Þrýstivatnspípa

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
263-31	Elliðaárvirkjun	Þrýstivatns-pípa	Vatns-leiðsla	1978	361964	404848	1000	2	Gott	Nei

Staðhættir: Þrýstivatnspípa, eða aðrennslispípa, liggur frá Árbæjarstíflu að Elliðaárvirkjun, sjá mynd 137. Pípurnar voru upphaflega tvær en 1978 voru þær endurnýjaðar og sett ein pípa í stað þeirra tveggja. Nýja þrýstivatnspípan sem hér um ræðir er úr timbri en hluti hennar liggur ofanjarðar og er hulinn jarðvegi. Rafstöðvarvegur liggur með pípunni. ***Pípan var friðuð samhliða Elliðaárvirkjuninni 14. júní 2012***.[262]
Lýsing: Pípan er úr timbri með járngjörðum sem halda henni saman, um 1000 m löng. Tyrft er yfir pípuna.

Ártún 263-32 Varnargarður

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
263-32		Varnar-garður	Garður	1920	361654	405436	60	1,2	Gott	Nei

Staðhættir: Varnargarður er á eystri bakka eystri kvíslarinnar í Elliðaám, nær frá Sjávarfossi og með ánni um 90 m. Varnargarðurinn hefur líklega verið hlaðinn eftir að virkjunin var reist 1921, en við það var farið að beina stórum hluta af vatnsrennsli ánna um eystri kvíslina. Hleðslurnar hafa verið gerðar til að varna því að vatnið flæddi upp og færi frekar áætlaða leið undir brúna. Fleiri hleðslur eru upp með ánni að austanverðu að Elliðaárvirkjun. Á vestari bakka Elliðaánna eru hleðslur, frá veiðihúsinu og niður fyrir Sjávarfoss (232-80).
Lýsing: Varnargarðar liggja upp með ánni að austanverðu, frá Sjávarfossi og um 90 m.



Mynd 138 Varnargarðar beggja vegna við Sjávarfoss í eystri ánni (232-80 og 263-32), báðir þessir garðar eru enn í notkun. Horft yfir árnar til suðvesturs. Báðar gömlu brýrnar eru í notkun (232-23 og 232-22). [263]



Mynd 139 Varnargarður (263-32) á austurbakka eystri kvíslarinnar.

Ártún 263-34 Varnargarður

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
263-34		Varnar-garður	Varna-veggur	1950	361659	405244	200	1	Gott	Nei

Staðhættir: Grjóthlaðinn varnarveggur liggur með eystri kvíslinni að austanverðu, frá hitaveitustokknum í suður að Toppstöðinni.
Lýsing: Veggurinn er um 1,4 m á hæð og hallar, hleðsluraðir eru 5-7 og er grjótið um 20x60 cm stórt.

[262] Friðlýsingarskjal. http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/reykjavik/nr/807
[263] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 33-03. Ljósmyndari: Loftur Guðmundsson, 1930.



Mynd 140 Grjóthlaðinn varnarveggur á austurbakka eystri kvíslar Elliðaánna, horft í suður.

Ártún 263-35 Frárennslisskurður

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
263-35	Frárennslis-skurður	Varnargarðar	Varnar-veggir	1921	361742	404927	200	1	Gott	Nei



Mynd 141 Grjóthlaðnir varnarveggir með frárennslisskurði Elliðaárstöðvarinnar, horft í vestur.

Staðhættir: Grjóthlaðnir veggir í frárennslisskurði Elliðaárvirkjunarinnar. Eystri veggurinn liggur síðan áfram niður að Toppstöðinni. Þegar komið er vestur fyrir laxateljarann verður sá veggurinn veigaminni og óvandaðri.
Lýsing: Hliðar frárennslisskurðarins eru með vönduðum grjóthlöðnum varnarveggjum. Veggurinn vestanmegin endar við ána en sá austanmegin liggur áfram niður að Toppstöðinni, en fyrir vestan laxateljarann verður hann óvandaðri og veigaminni.

Ártún 263-36 Matjurtagarðar

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-36		Matjurta-garður	Heimild	1953	361900 361943	405020 404945	20	17	Ómetið	Já

Staðhættir: Austur af bæjarhúsunum, þar sem nú er skíðalyftuhús, var áður matjurtagarður og annar var suður af bænum. Garðarnir sjást á loftmynd frá árinu 1953.[264]
Lýsing: Horfið.



Mynd 142 Austan við Ártún, þar sem nú er skíðalyftuhús, var stór matjurtagarður (263-36) og annar suður af bænum (263-36). Garðarnir sjást á loftmynd frá árinu 1953.[265]


Ártún 236-37 Herminjar

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
236-37		Herminjar	Niðurgröftur	1940- 1953	362023	405020	11,5	8,5	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Í brekku 3,5 m upp af garðlagi við matjurtagarð (263-5) er niðurgröftur sem greina má á loftljósmynd frá árinu 1953. Sennilega ummerki eftir herinn, hugsanlega skotgröf.
Lýsing: Skeifulaga niðurgröftur með uppmokstri í miðjunni. Mosa- og grasigróið. Nokkur trjágróður er í og við minjarnar, sjá mynd 142.



Mynd 143 Niðurgröftur (263-37) fyrir ofan garðhleðslu (263-5), horft til suðvesturs.




Mynd 144 Niðurgröftur (263-37), teiknaður eftir uppmælingu.

[264] LMÍ: Loftljósmynd AMS 1000721011 1945 og loftljósmynd LÍM: Loftmyndasafn, tökudagur1953-09-16, LI1-9260.
[265] LÍM: Loftmyndasafn, tökudagur1953-09-16, LI1-9260.

Ártún 236-38 Camp Battle

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
236-38	Camp Battle	Herminjar	Skotgrafir, vatnsgeymar	1940	361825	405213			Sæmilegt	Nei



Mynd 145 Herminjar við Rafstöðvarveg, horfnar minjar eru sýndar með blárri brotalínu en sjáanlegar (263-38) með heilli blárri línu.[266]



Mynd 146 Á loftmynd frá 1953 má sjá Camp Battle við Rafstöðvarveg. Austan við braggana voru tveir vatnstankar og þrjár skotgrafir. Norðan við þá er hitaveitustokkur Reykjaæðarinnar.

Staðhættir: Austan við Rafstöðvarveg og sunnan við Reykjaæð eru minjar eftir setuliðið. Á þessu svæði var herskálahverfið Camp Battle, sjá (236-13). Austur af því uppi í brekkunni eru þrjár stórar skotgrafir og við þá nyrstu voru tveir vatnstankar (263-38) sem sjást vel á loftmynd frá árinu 1953.[267] Báðir vatnstankarnir hafa verið steyptir og járnbundnir, sá nyrðri er hruninn og við suðurhlið hans er skotgröf, en sá syðri stendur enn.
Lýsing: Þrjár stórar skotgrafir með V- og Y-laga niðurgreftri. Mjög greinilegar þrátt fyrir mikinn gróður, gras, lúpínu og trjágróður. Fyrir neðan, vestan, þá nyrstu er lítil hringlaga skotgröf. Fyrir sunnan stóru skotgrafirnar er steinsteyptur vatnstankur, grafinn að hluta inn í brekkuna, með loftröri á láréttu steyptu loki. Engar dyr eru sjáanlegar. Steypustyrktarjárn standa upp úr köntunum. Annar vatnstankur stóð fyrir neðan, vestan, skotgröfina í miðjunni en er hruninn. Neðan við minjarnar eru vegarslóðar. Skotgrafirnar og vatnstankurinn, ásamt ummerkjum eftir þann sem hruninn er, voru mæld upp.



Mynd 147 Steinsteyptur vatnstankur (263-38), horft til suðvesturs.



Mynd 148 Skotgröf norðan við vatnstankinn (263-38), syðst af þremur stórum, horft til suðvesturs.

[266] LUKR: Lágflugsloftmynd 17/7 2018.
[267] LÍM: Loftmyndasafn, tökudagur1953-09-16, LI1-9260.




Mynd 149 Skotgröf (263-38), sú í miðjunni af þremur stórum, horft til austurs.



Mynd 150 Skotgröf, nyrst af þremur stórum, horft til austurs. Fyrir neðan, vestan, er lítil hringlaga skotgröf.



Mynd 151 Rúst vatnstanks (263-38) fyrir neðan, vestan, skotgröfina í miðjunni, og með skotgröf við suðurhlið.



Mynd 152 Staðsetning herminjanna, skotgrafa, vatnstanks og rústar. Horft til norðausturs frá athafnasvæði þar sem Camp Battle (263-13) var áður og Eldishúsið stóð síðar.


Ártún 236-39 Skotgröf í bæjarhól Ártúns

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
236-39		Skotgröf	Skotgröf	1940	361833	405061	5	4,2	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Á vesturhlið bæjarhóls Ártúns, á brekkubrún. Um 40 m norðnorðvestur af íbúðarhúsinu.
Lýsing: Niðurgröftur með uppmokstri. Grasi- og sinuvaxið.



Mynd 153 Skotgröf (263-39) á bæjarhólsbrún Ártúns, horft til suðurs.



Mynd 154 Skotgröf (263-39), teiknað eftir uppmælingu.

Ártún 263-40 Þvottaklöpp við Ullarfoss

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
236-40	Þvottaklöpp	Þvottastaður	Örnefni, klöpp	1850	361766	404795	5	4	Gott	Nei



Staðhættir: Þvottaklöpp er við Ullarfoss á austurbakka eystri kvíslar Elliðaánna, um 110 m suður af Rafstöðvarhúsi. Þarna hefur búalið í Ártúni væntanlega þvegið ull af búsmala sínum.
Lýsing: Nokkuð slétt klöpp, um 5x4 m, sem gengur út í Elliðaár við Ullarfoss.

Mynd 155 Þvottaklöpp (263-40) við Ullarfoss í austurkvísl Elliðaánna.

Ártún 263-41 Kúavað

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
263-41	Kúavað	Vað	Vað	1900	361860	404751	17	13	Gott	Nei

Staðhættir: Kúavað er á austurkvísl Elliðaánna suðaustan við Elliðaárvirkjun. Þar hafa kýrnar frá virkjuninni verið reknar yfir í Árhólmann. Aðeins neðar er örnefnið Kálfhylur.[268]
Lýsing: Vað ofan við lágan klett í ánni.



Mynd 156 Kúavað (263-41) á austurkvísl Elliðaár.

[268] Kort Elliðaár, veiðistaðir, fremst í bók: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Ritstj. Guðmundur Daníelsson.

Ártún 263-41 Gamli Suðurlandsvegur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
263-42	Gamli Suður-landsvegur	Vegur	Heimild	1883-1965	361976	405162			Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Gamli vagnavegurinn frá því um 1883 var í framhaldi af brúnum yfir Elliðaárnar. Vegurinn er merktur inn sem vagnavegur á herforingjaráðskort frá árinu1909.[269] Vegurinn er að mestu leyti horfinn og verður ekki sýnilegur fyrr en heima við Árbæ og austur að Líkn á safnlóð Árbæjarsafns. Vegurinn er notaður sem stígur innan safnlóðar og borin hefur verið möl í veginn.
Lýsing: Horfinn að mestu innan skipulagssvæðisins.

[269] Landmælingar Íslands: Kortasafn. Kort danska herforingjaráðsins af Reykjavík 1909 (hluti). Generalstabens Topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909, mælt 1908.

2.3.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Árbæjar

Árbær 262-16 Tóft

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-16		Torfhús	Tóft	1920	363777	403953	5,4	4,5	Gott	Nei

Staðhættir: Á hæðinni fyrir suðvestan sundlaugina í Árbæ, norðan í Brennuhól,[270] eru minjar eftir eldri byggð í landi Árbæjar. Norðaustan við þetta svæði eru Selásblettir í landi Grafar. Engar skriflegar upplýsingar hafa fundist um þennan stað, fyrir utan yngri kort. Norðaustan við umræddan skika eru Selásblettur 11 og 13 og hefur þessi skiki líklega verið byggð upp að hluta áður en Selásblettum var úthlutað um eða uppúr 1925. Á vesturhluta skikans eru torfhleðslur og leifar torfhúsa *sem voru líklega síðast notuð sem grænmetisgeymslur*. Greina má eldri garða á loftmynd sem gætu gefið til kynna að þarna hafi verið eldri byggð. Mikilvægt er að skoða þennan stað betur með tilliti til fornleifa. Á austurhluta skikans voru timburhús og nokkrir kofar sem voru í notkun árið 1953 þegar loftmynd var tekin af svæðinu.[271] Vestan við girðingu sundlaugarinnar er tóft (262-16).
Lýsing: Tóftin liggur norðaustur-suðvestur og eru veggir úr torfi og grjóti, stærð 5,4x4,5 m, hæð veggja er um 50 -70 cm, grasi- og mosagróin.



Mynd 157 Tóft (262-16), horft í austur. Á bak við tóftina er girðing um sundlaug Árbæjar og Klapparás 3.

[270] Brennustæði Fylkis var til fjölda ára við Brennuhól en var flutt að Rauðavatni árið 2005. Brennuhóll er merktur inn á skipulagsuppdrátt af svæðinu frá árinu 1985.
[271] LÍM: Loftljósmynd, Kort-LI101-9256, árið1953.

Árbær 262-17 Tóft

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-17		Torfhús	Tóft	1920	363769	403953	7	5,5	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Á hæðinni fyrir suðvestan sundlaugina í Árbæ, norðan í Brennuhól,[272] eru minjar eftir eldri byggð í landi Árbæjar. Norðaustan við þetta svæði eru Selásblettir í landi Grafar. Engar skriflegar upplýsingar hafa fundist um þennan stað, fyrir utan yngri kort. Norðaustan við umræddan skika eru Selásblettur 11 og 13 og hefur þessi skiki líklega verið byggð upp að hluta áður en Selásblettum var úthlutað um eða uppúr 1925. Á vesturhluta lóðarinnar eru torfhleðslur og leifar torfhúsa *sem voru líklega síðast notuð sem grænmetisgeymslur*. Greina má eldri garða á loftmynd sem gætu gefið til kynna að þarna hafi verið eldri byggð. Mikilvægt er að skoða þennan stað betur með tilliti til fornleifa. Á austurhluta skikans voru timburhús og nokkrir kofar sem voru í notkun árið 1953 þegar loftmynd var tekin af svæðinu.[273] Vestan við girðingu sundlaugarinnar er tóft (262-17).
Lýsing: Rústin liggur norðvestur- suðaustur og veggir eru úr torfi og grjóti, dyr til norðvesturs, í húsinu hafa verið tvö hólf. Þakið er hrunið að hluta og sér í járnsperrur og bárujárn.



Mynd 158 Rúst (262-17) við Brennuhól. Horft í austur, þakið er hrunið.

[272] Brennustæði Fylkis var til fjölda ára við Brennuhól en var flutt að Rauðavatni árið 2005. Brennuhóll er merktur inn á skipulagsuppdrátt af svæðinu frá árinu 1985.
[273] LÍM: Loftljósmynd, Kort-LI101-9256, árið1953.

Árbær 262-18 Garðar

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-18		Garður	Gerði	1920	363773	403945	34	1	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Á hæðinni fyrir suðvestan sundlaugina í Árbæ, norðan í Brennuhól,[274] eru minjar eftir eldri byggð í landi Árbæjar. Norðaustan við þetta svæði eru Selásblettir í landi Grafar. Engar skriflegar upplýsingar hafa fundist um þennan stað, fyrir utan yngri kort. Norðaustan við umræddan skika eru Selásblettur 11 og 13 og hefur þessi lóð líklega verið byggð upp að hluta áður en Selásblettum var úthlutað um eða uppúr 1925. Á vesturhluta lóðarinnar eru torfhleðslur og leifar torfhúsa sem voru líklega notuð síðast sem grænmetisgeymslur. Greina má eldri garða á loftmynd sem gætu gefið til kynna að þarna hafi verið eldri byggð. Mikilvægt er að skoða þennan stað betur með tilliti til fornleifa. Á austurhluta skikans voru timburhús og nokkrir kofar sem voru í notkun árið 1953 þegar loftmynd var tekin af svæðinu.[275]
Lýsing: Tveir garðar liggja norðvestur–suðaustur auk annarra garða sem afmarka ræktunarreitinn og eru merktir inn á kort af Reykjavík frá 1958 og sjást vel á loftmynd frá árinu 1953.[276]
Syðst er garðurinn mjög jarðlægur en er hærri við rústirnar og lækkar svo aftur norðar, garðar 262-18 og 19 mynda saman umgjörð um þennan ræktunarreit. Hluti af þessum görðum eru innan lóðar sundlaugarinnar. Auk þessara garða má greina fleiri á loftmyndum en þeir tilheyra þá líklega eldri byggð á þessu svæði.



Mynd 159 Garður (262-18) suðaustan við ræktunarsvæðið.

Árbær 262-19 Garður

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-19		Garður	Gerði	1920	363770	403965	54	1	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Á hæðinni fyrir suðvestan sundlaugina í Árbæ, norðan í Brennuhól,[277] eru minjar eftir eldri byggð í landi Árbæjar. Norðaustan við þetta svæði eru Selásblettir í landi Grafar. Engar skriflegar upplýsingar hafa fundist um þennan stað, fyrir utan yngri kort. Norðaustan við umræddan skika eru Selásblettur 11 og 13 og hefur þessi skiki líklega verið byggð upp að hluta áður en Selásblettum var

[274] Brennustæði Fylkis var til fjölda ára við Brennuhól en var flutt að Rauðavatni árið 2005. Brennuhóll er merktur inn á skipulagsuppdrátt af svæðinu frá árinu 1985.
[275] LÍM: Loftljósmynd, Kort-LI101-9256, árið1953.
[276] LMÍ: Loftljósmynd, Kort-LI101-9256, árið1953 og kort 1958 II-8-3-001, Mælingadeild Reykjavíkur, gögn frá LUKR.
[277] Brennustæði Fylkis var til fjölda ára við Brennuhól en var flutt að Rauðavatni árið 2005. Brennuhóll er merktur inn á skipulagsuppdrátt af svæðinu frá árinu 1985.

úthlutað um eða uppúr 1925. Á vesturhluta lóðarinnar eru torfhleðslur og leifar torfhúsa sem voru líklega notuð síðast sem grænmetisgeymslur. Greina má eldri garða á loftmynd sem gætu gefið til kynna að þarna hafi verið eldri byggð. Mikilvægt er að skoða þennan stað betur með tilliti til fornleifa. Á austurhluta skikans voru timburhús og nokkrir kofar sem voru í notkun árið 1953 þegar loftmynd var tekin af svæðinu.[278]
Lýsing: Tveir garðar liggja norðvestur–suðaustur, auk annarra garða sem afmarka ræktunarreitinn. Þeir eru merktir inn á kort af Reykjavík frá 1958 og sjást vel á loftmynd frá árinu 1953.[279] Þessi garður (262-19) er nokkuð greinilegur nyrst en er horfinn á syðri hlutanum. Garðar 262-18 og 19 mynda saman umgjörð um þennan ræktunarreit. Hluti af þessum görðum er innan lóðar sundlaugarinnar. Auk þessara garða má greina fleiri á loftmyndum, en þeir tilheyra þá líklega eldri byggð á þessu svæði.

Árbær 262-20 Vegur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-20		Vegur	Heimild	1950-1995	363734	403956	123	4	Ómetið	Já

Staðhættir: Á korti frá 1958, er merktur inn vegur frá Vatnsveituvegi upp að Selásbletti 11.[280]
Lýsing: Vegurinn hefur verið um 150 m langur, hann er nú horfinn undir gróður.

Árbær 262-21 Kofi

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-21		Kofi	Heimild	1935-1979	363778	403926	5	4	Ómetið	Já

Staðhættir: Á kort frá 1958 er merktur inn kofi á lóð sem var vestan við Selásblett 13, nú við Brennuhól.[281]
Lýsing: Kofinn er horfinn.

Árbær 262-22 Kofi

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-22		Kofi	Heimild	1935-1979	363785	403921	3	3	Ómetið	Já

Staðhættir: Á kort frá 1958 er merktur inn kofi á skika sem var vestan við Selásblett 13, nú við Brennuhól.[282]
Lýsing: Kofinn er horfinn.

Árbær 262-23 Kofi

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-23		Kofi	Heimild	1935-1979	363791	403915	5	3	Ómetið	Já

Staðhættir: Á kort frá 1958 er merktur inn kofi á skika sem var vestan við Selásblett 13, nú við Brennuhól.[283]
Lýsing: Kofinn er horfinn.

---

[278] LÍM: Loftljósmynd, Kort-LI101-9256, árið1953.
[279] LMÍ: Loftljósmynd, Kort-LI101-9256, árið1953 og kort 1958 II-8-3-001, Mælingadeild Reykjavíkur, gögn frá LUKR.
[280] Kort 1958 II-8-3-001, Mælingadeild Reykjavíkur, gögn frá LUKR.
[280] Kort 1958 II-8-3-001, Mælingadeild Reykjavíkur, gögn frá LUKR.
[281] Kort 1958 II-8-3-001, Mælingadeild Reykjavíkur, gögn frá LUKR.
[282] Kort 1958 II-8-3-001, Mælingadeild Reykjavíkur, gögn frá LUKR.
[283] Kort 1958 II-8-3-001, Mælingadeild Reykjavíkur, gögn frá LUKR.

Árbær 262-24 Kofi

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-24		Kofi	Heimild	1935-1965	363800	403905	4	2,5	Ómetið	Já

Staðhættir: Á kort frá 1950 er merktur inn kofi á skika sem var vestan við Selásblett 13, nú við Brennuhól.
Lýsing: Kofinn er horfinn.

Árbær 262-25 Íbúðarhús

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-25		Íbúðarhús	Heimild	1935-1979	363792	403895	11	5	Ómetið	Já

Staðhættir: Á kort frá 1958 er merkt inn íbúðarhús á skika sem var vestan við Selásblett 13, nú við Brennuhól, og sést á loftmynd frá árinu 1953.[284]
Lýsing: Húsið er horfið.

Árbær 262-27 Fjárhús

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-27		Fjárhús	Heimild	1900-1975	363476	404361	10	6	Ómetið	Já

Staðhættir: Norðan við Blásteinshólma í Elliðaám eru veiðistaðirnir Efri- og Neðri Fjárhúshylur.[285] Fjárhúsin tvö sem veiðistaðirnir eru kenndir við voru þar sem nú er göngustígur suðaustan við leikskólann Árborg, Hlaðbæ 17. Vestara húsið var þar sem nú er malbikaður stígur en eystra húsið var rétt norðan við stíginn. Sjást á loftmynd frá árinu 1973.[286]
Lýsing: Horfin.



Mynd 160 Fjárhús (262-27) sunnan við leikskólann Árborg, Hlaðbæ 17. Fjárhúsin tvö sjást á loftmynd frá árinu 1973.[287]

[284] LMÍ: Loftljósmynd, Kort-LI101-9256, árið 1953 og kort 1958 II-8-3-001, Mælingadeild Reykjavíkur, gögn frá LUKR.
[285] Kort Elliðaár, veiðistaðir, fremst í bók: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Ritstj. Guðmundur Daníelsson.
[286] LMÍ: Loftljósmynd, Kort-D10-D-3951, dags. 28/9/1973.
[287] LMÍ: Loftljósmynd, Kort-D10-D-3951, dags. 28/9/1973.

Árbær 262-32 Camp Baldurshagi

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-32	Camp Baldurshagi	Herbúðir	Steypa, heimild	1940	363690	403587	350	150	Sæmilegt	Að hluta

Staðhættir: Camp Baldurshagi var fyrir sunnan Vatnsveitubrú og norðan við skeiðvöll Hestamannafélagsins Fáks. Þetta var nokkuð stórt braggahverfi (sjá mynd 163). Nafnið á kampinum er svolítið villandi vegna þess að hinn upprunalegi Baldurshagi var við Suðurlandsveg þar sem nú er bensínstöð Olís. Í Camp Baldurshaga voru fyrst breskir hermenn en síðar landgönguliðar bandaríska sjóhersins.[288]
Lýsing: Svæðið er í dag að mestu gróið lyngi, lúpínu og trjám, en á stöku stað sér í hraunið. Á svæðinu voru áður um 80 braggar auk nokkurra annarra húsa sem voru með mænisþaki, sjá mynd 163. Enn má finna minjar eftir þetta braggahverfi og voru mældir inn um 15 steyptir braggagrunnar og aðrar steypuleifar sem hafa verið undirstöður undan bröggum og öðrum húsum. Þær minjar sem enn sjást liggja flestar með ánni.



Mynd 161 Steypuleifar af grunnum bragga í Árbæjarhólmum, en þar var Camp Baldurhagi.




Mynd 162 Steypuleifar af grunnum bragga í Árbæjarhólmum, en þar var Camp Baldurshagi.

[288] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 102-104 og Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga*, bls. 22-23.



Mynd 163 Í Árbæjarhólmum, Camp Baldurshagi við austurbakka Dimmu um 1940-1943. Um 100 braggar og hús tilheyrðu þessu herskálahverfi. Austanmegin var Vatnsveituvegur og farvegur Bugðu sem síðar þornaði algjörlega upp þegar Elliðavatnsstíflu var breytt. Við Bugðu má greina Gamla klakhúsið með hvítu mænisþaki. Vestanmegin við Dimmu í Breiðholtshvarfi má sjá Ensku veiðihúsin dökkleituð og hægra megin á myndinni til vinstri við þau og ofar með ánni er húsið Birkilundur með ljósu þaki og upp af því eru greinilega tjaldbúðir.[289]

[289] Þessi mynd birtist í Morgunblaðinu 15.12. 2016, bls. 62, merkt Imperial War Museum, en fannst ekki á vefnum þar. Birtist auk þess í *Outpost in the North Atlantic Marines in the Defense of Iceland* eftir Colonel James A. Donovan, bls. 13, þar sögð fengin hjá The National Archives Photographs 127-G52195.



Mynd 164 Camp Baldurshagi (262-32) í Árbæjarhólma austan við Dimmu.[290]

[290] Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 10. maí 2020. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

Árbær 262-33 Árbæjarstífla

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-33	Árbæjarstífla	Stífla	Stífla	1920-1929	362799	404461	185	6,7	Gott	Nei

Staðhættir: Árbæjarstífla var byggð samhliða Elliðaárvirkjun. Stíflan var friðlýst með öðrum mannvirkjum sem tilheyra Elliðaárvirkjun 14. júní 2012. Byggingarár: 1920-1929. Höfundar: Aage Broager Christensen og Guðmundur Hlíðdal, verkfræðingar. Fyrri áfangi Árbæjarstíflu var steyptur árið 1920 en árið 1929 var stíflan hækkuð og lengd og náði þá yfir báðar kvíslar árinnar. Þá stækkaði Árbæjarlón talsvert, en eftir sem áður var það einungis hugsað sem skammtímalón, en Elliðavatn er vatnsforðabúr rafstöðvarinnar.[291]
Árið 1922 var stíflan hækkuð þannig að vatnsborð gat verið allt að tveimur metrum hærra en í upphafi.[292] Á kort frá árinu 1940 er merktur inn stíflugarður, hann er örugglega frá árinu 1921 þegar stíflan var reist. Þessi garður liggur í norður í framhaldi af steyptu stíflunni og hefur verið um 118 m samkvæmt korti. Í dag liggur göngustígur eftir honum.
Lýsing: Byggingarefni: steinsteypa.



Mynd 165 Árbæjarstífla við Höfðabakka. Stíflan var friðlýst samhliða Elliðaárvirkjun árið 2012.

Árbær 262-37 / Breiðholt 218-64 Vatnsveituvegur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-37	Vatnsveituvegur	Vegur	Vegur	1907 –1908	363733	403796	900	4	Gott	Að hluta

Staðhættir: *Vatnsveituvegur* var lagður á árunum 1907-1908, samhliða lagningu vatnspípunnar frá miðbæ Reykjavíkur austur að *Gvendarbrunnum* norðan við *Elliðavatn*. Vatnsveituvegur lá frá austurenda Bústaðavegar í gegnum *Blesugróf* og *Löngugróf*, áfram upp með Elliðaánum að sunnanverðu að *Vatnsveitubrú*. Norðan við brúna lá vegurinn síðan áfram í suður upp

[291] Heimasíða Minjastofnunar.
[292] Sumarliði Ísleifsson: *Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur 1921-1998*, bls. 62.

Árbæjarhólmana og *Víðivelli* og norðan við *Skyggni*, upp með Elliðavatni að Gvendarbrunnum, alls um 4,5-5 km vegalengd. Miklar breytingar hafa verið gerðar á farvegi Elliðaánna vegna virkjunar ánna, sér í lagi með gerð Elliðavatnsstíflu (1924-1928). Við það fór hluti af þessum vegi undir vatn. Vegur þessi var síðan nýttur áfram og borið var í hann.
Lýsing: Vegurinn hefur verið um 4,5-5 km langur og eru hlutar af honum varðveittir í ýmsu ásigkomulagi. Vegurinn er að stórum hluta í notkun sem bílvegur eða reiðvegur en búið er að bera ofan í hann og/eða malbika. Á því skipulagssvæði sem hér liggur undir er heillegasti kaflinn frá hesthúsasvæðinu Efri-Fák að Vatnsveitubrú og niður að Höfðabakka, eða um 1,8 km. Sá hluti er notaður sem reiðvegur og akvegur fyrir veiðimenn vestan Höfðabakka frá þeim stað þar sem húsið Sjónarhóll stóð áður. Þar er um 200 m kafli sem ekki er notaður í dag en var akvegur fram á níunda áratug síðustu aldar. Í framhaldi af þeim spotta er um 250 m kafli sem liggur að Stekkjarbakka og er notaður sem akvegur í dag. Vegurinn lá síðan þar sem Stekkjarbakki er nú og norður að *Illaklifi* í *Blesugróf*. Á þeim hluta er hann nú að hluta til heimtröðin að Skálará. Vestast á svæðinu er síðan um 30 m vegstubbur sem hefur varðveist á milli vegarins heim að Skálará og að malbikuðum göngustíg nálægt mislægum gatnamótum Stekkjarbakka og Reykjanesbrautar.



Mynd 166 Myndin sýnir legu Vatnsveituvegar (218-64/262-37) frá Elliðavatni að Illaklifi í Blesugróf.[293] Vatnsveituvegur (rauð lína á korti) er að hluta til innan jarðarinnar Breiðholts frá Illaklifi að Vatnsveitubrú og Árbæjar frá Vatnsveitubrú að Breiðholtsbraut.

Árbær 262-38 Garður

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-38		Garður	Garður	1921	362814	404555	70	1	Gott	Nei

Staðhættir: Norðan við Árbæjarstíflu er hlaðinn garður sem hefur líklega verið gerður samhliða fyrstu stíflunni árið 1921. Garðurinn er að hluta kominn undir jarðveg þar sem fyllt hefur verið í svæðið

[293] Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 10. maí 2019. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

norðan við lónið. Áður náði það hærra í norður þar sem nú eru göngustígar, sjá loftmyndir frá árunum 1945 og 1953.[294]
Lýsing: Garðurinn er grjóthlaðinn og eru fyrstu 30 m sýnilegir næst stíflunni.



Mynd 167 Grjóthlaðinn garður norðan við Árbæjarstíflu.



Mynd 168 Loftmynd af Árbæjarstíflu frá árunum 1953 og 2018. Lónið náði áður töluvert lengra í norður og steinhlaðni stíflugarðurinn (262-38) kom í veg fyrir að vatnið flæddi upp fyrir stífluna.

[294] LMÍ: Loftljósmynd 1945, AMS 10000721011 og loftljósmynd 1953, Kort-LI101-9256.

Árbær 262-39 Stífluhús

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-39	Stífluhús	Hús	Heimild	1930	362811	404534	9	3	Ómetið	Já

Staðhættir: Við norðurenda Árbæjarstíflu var stífluhús, en árið 1930 var eitt af gömlu veiðihúsunum úr Elliðaárhólmanum við Elliðaárósa flutt og sett niður við norðurenda stíflunnar.
Lýsing: Húsið er nú horfið en í staðinn er komið nýtt, steypt stífluhús.
Veiðihúsinn voru brunavirt í maí 1924. „Veiðimannahús hin neðri“ eru þá sögð byggð úr bindingi og klædd utan með borðum, pappa og járni á veggjum og þaki. Eitt húsið (a) mælist 7,6 x 3,2 x 2,5 m að stærð. Í því eru tvö íbúðarherbergi. Við austurhlið þess er áfastur inngönguskúr. Annað (c) mælist 4,4 x 3,8 x 2,5 m að stærð. Í því er eitt íbúðarherbergi. Við það er áfastur inngönguskúr. Þriðja (f), áður kallað íshús, mælist 7 x 4,6 x 2,8 m að stærð. Í því er eitt íbúðarherbergi og stórt anddyri. Fjórða húsið (e) er eldhús og mælist 4,5 x 4,2 x 2,8 m að stærð. Í því er eldavél. Eitt húsanna (a) hefur verið flutt árið 1930 og endurbætt allmikið og er þá virt undir nýju br.nr. (2746). Það þjónar þá sem stífluhús Rafmagnsveitu Reykjavíkur.[295] Til er teikning af húsinu frá 1930, merkt "Árbæjarstífla" (BN 84/30).



Mynd 169 Árbæjarstífla í flóðinu 27. febrúar 1968. Þrír menn vinna við að brjóta klaka við stífluna með loftpressu. Á bak við má sjá gamla stífluhúsið, hvítt með mænisþaki, sem áður var eitt af gömlu veiðihúsunum í Árhólmanum við Elliðaárósa. Önnur hús á myndinni tilheyrðu áður Árbæjarblettum og nokkur eru safnhús Árbæjarsafns.[296]

[295] Húsaskrá Borgarsögusafns Reykjavíkur
[296] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: BJB 002 028 2-3. Ljósmyndari: Bjarnleifur Bjarnleifsson 27.02.1968.

Árbær 262-40 Gamla klakhúsið

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-40	Gamla klakhúsið	Klakhús	Heimild	1932-1965	363772	403572	8,8	7	Ómetið	Já

Staðhættir: Árið 1932 var byggt klakhús við Bugðu þar sem vatnsgeymir Vatnsveitunnar var. Þar var hægt að klekja út allt að 1.200 seiðum árlega. Húsið stóð þar sem nú er Vatnsveituvegur 50, við Elliðaár ofan Vatnsveitubrúar.[297] Áður var þar árfarvegur Bugðu og nýtti klakstöðin vatnið úr læknum til starfseminnar. Klakið færðist í nýja Eldishúsið (263-23) við Rafstöðvarveg árið 1965. Breyting varð á árfarvegi Bugðu þegar Elliðavatnsstíflan var gerð en þá var þessum farvegi Bugðu lokað. Árið 1932 reisti bæjarsjóður Reykjavíkur nýtt Klakhús við Elliðaár. Húsið var byggt úr hlöðnum grjótveggjum sem voru sementsléttaðir að innan. Risstafnar voru úr bindingi, klæddir utan með borðum, pappa, listum og járni. Þakið var úr samskonar efni og með sama frágangi. Innan á stafnabindingi og þaksperrum voru þiljur, en á milli þiljanna var stoppað með spæni. Steinsteypt gólf var í húsinu, stærð 8,8x7,0 m, ris 2,4 m, og var Klakhúsið þá virt á 3580 kr.[298]
Lýsing: Horfið.



Mynd 170 Stórflóð í Elliðaánum 27.02.1968. Horft í suður upp með farvegi Bugðu sem þá rann um Árbæjarhólmana, sunnan við Vatnsveitubrúna. Gamla klakhúsið er á miðri mynd og fjær til hægri við það er vatnsgeymir Vatnsveitunnar með stórum turni, vinstra megin sér í hesthús Fáks.[299]

Árbær 262-41 Vatnstankur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-41		Vatnstankur	Heimild	1907-1980	363765	403561	10	10	Ómetið	Já

Staðhættir: Þegar Vatnsveitan lagði vatnspípur upp að Gvendarbrunnum var gerður vatnstankur þar sem nú er Vatnsveituvegur 50. Norðan við vatnstankinn var Klakhúsið síðar byggt (sjá mynd170).
Lýsing: Vatnstankurinn er horfinn. Tankurinn herfur verið hriglaga um 10 m í þvermál.

[297] *Morgunblaðið 16.06.1990*, bls. 14.
[298] Úr Húsaskrá Reykjavíkur, tekið 1.2. 2020.
[299] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: 365 flóð 2. Ljósmyndari Bragi Guðmundsson, 27.02.1969.

Árbær 262-42 Skotgröf

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-41		Skotgröf	Heimild	1940-1970	363682	403934	6	6	Ómetið	Já

Staðhættir: Vestan við veg sem áður var Vatnsendavegur, við Brennuhól.
Lýsing: Horfið. Var 6x6 m og skeifulaga.



Mynd 171 Vestan við Vatnsendaveg, norðan við Vatnsveitubrú, var skotgröf. [300]

[300] LMÍ: Loftljósmynd, Kort-LI101-9256, frá árinu 1953.

Árbær 262- 43 Flóðvarnargarðar

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-43		Flóðvarnar-garður	Garður				100	3	Gott	Nei

Staðhættir: Grjótgarðar eða flóðvarnargarðar við Elliðaár, beggja vegna við syðri kvíslina frá Vatnsveitubrú að Fjárhúshyl. Garðarnir sem eru vestan við Fylkisvöll eru eldri og sjást á loftmynd frá árinu 1953.[301]
Lýsing: Garðarnir er grjóthlaðnir og töluvert vandaðir, þeim hallar frá ánni og eru hleðslulög um 5 til 6 og hæð um 1-1,5 m.



Mynd 172 Flóðvarnargarðar við syðri kvísl Elliðaánna að austanverðu við Vatnsveitubrú.

Árbær 262- 134 Árbæjarblettir

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd M	Ástand	Horfin
262-134	Árbæjarblettir	Erfðafesta	Heimild	1930	363179	404403			Ómetið	Já

Staðhættir: Á fjórða og fimmta áratugnum var stórum hluta af Árbæjarlandi skipt upp í svokallaða Árbæjarbletti sem bæjaryfirvöld úthlutuðu á erfðafestuleigu og voru ætlaðir sem sumarbústaða- og ræktunarlönd. Hver blettur var um 50 x 75 metrar að stærð eða um 3.750 fermetrar. Nokkrir blettir voru mældir út vestan við gamla Árbæjarbýlið (Árbæjarblettir 1-13) um 1930 og þar voru reist hús á fimmta áratugnum. Árið 1941 var nánast öllu landi austan býlisins, eða svæðinu sem liggur milli núverandi Höfðabakka og Seláss, í austanverðu holtinu niður að Elliðaám, skipt í erfðafestubletti (Árbæjarbletti 29-77) og úthlutað. Á fimmta og sjötta áratugnum reis þarna nokkuð af bústöðum og húsum, bæði timbur- og steinhúsum, sem mörg voru fljótlega tekin til heilsársbúsetu.[302]
Lýsing: Númer til að halda utan um staðsetningu húsa á Árbæjarblettum.


[301] LMÍ: Loftljósmynd, Kort-LI101-9256, frá árinu 1953.
[302] Bjarni F. Einarsson, Helgi M. Sigurðsson og Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 7 - Árbær. Byggingar og minjar*, bls. 2– Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 68 – Eggert Þór Bernharðsson: *Sveitin í sálinni*, bls. 83 – Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83, bls. 194 – *Þjóðviljinn*, 16. september 1949, bls. 8.

2.3.4 Skrá fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Breiðholts

Breiðholt 218-17 Rúst

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-17		Rúst	Tóft	1900	363319	402693	8	5	Ómetið	Já

Staðhættir: Árið 1993 var skráð mjög ógreinileg rúst á vesturbakka Dimmu við bugðu sunnan við Snókshólma og Grænugróf. Rústin var skráð nr. 124 í Fornleifaskrá Reykjavíkur:
„Á bökkum Elliðaár. Flatlendi. Grasivaxinn árbakki með djúpum holum. Um 300 m NA af vegi (Breiðholtsbraut og brúnni yfir Elliðaár). Rúst, u.þ.b. 8 x 5 m. (NVSA), mjög ógreinileg. Veggir úr torfi af óræðri breidd, en 0,2 - 0,4 m hæð. Rústinni má skipta niður í tvö hólf (A og B). Rústin hlýtur að tengjast starfsemi við ána, laxveiði, ullarlitun o.s.frv. Fannst árið 1993. Ástand mjög lélegt og óbreytt 1994.“[303]



Mynd 173 Ljósmynd og teikning af rúst (218-17), úr Fornleifaskrá Reykjavíkur frá 1995.[304]

Lýsing: Rústarinnar var leitað á bakka Dimmu í maí 2020 en engin ummerki fundust eftir mannvirki. Árbakkinn er grasivaxinn með djúpum misstórum grófum og sumar eru áþekkar mannvirkjaleifum við fyrstu sýn.



Mynd 174 Skráningarsvæðið (218-17) í maí 2020, horft til suðurs.

[303] Bjarni F. Einarsson, 1995, bls. 155.
[304] Bjarni F. Einarsson, 1995, bls. 155.

Breiðholt 218-18 Álftnesingavað, landamerki, vað

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-18	Álftnesinga-vað	Landamerki, vað	Heimild	1890	361576	404661	12	12	Gott	Nei

Staðhættir: Álftnesingavað er sunnan og ofan við göngubrú yfir vestari Elliðaárkvíslina frá Blesugróf yfir í Árhólmann, um 105 m austur af Reykjanesbraut og um 80 m norður af malarhólnum Blesuþúfu. Í merkjalýsingu kirkjujarðarinnar Breiðholts í Seltjarnarneshreppi árið 1890 segir: „Úr Blesugróf við Álptnesingavað í Þúfu á melnum.“[305]
Lýsing: Áin er breið og lygn en þrengist neðar þar sem göngubrúin er yfir kvíslina. Líklegast var farið yfir rétt fyrir ofan brotið.



Mynd 175 Álftnesingavað (218-18), horft til norðurs að göngubrú yfir í Árhólmann.

[305] Gullbringu- og Kjósarsýsla; Veðmálabók I. 1887, bls. 143.


Breiðholt 218-29 Skotgröf

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-29		Herminjar	Rúst	1940	363648	403763	11,6	7,7	Slæmt	Nei

Staðhættir: Í Breiðholtshvarfi, um 100 m suðvestur af Vatnsveitubrúnni, 26 m frá vesturbakka Dimmu og 3 m vestan við malbikaðan gangstíg, er rúst. Ofar í brekkunni voru Ensku veiðihúsin. Líklega er þetta skotgröf eftir herinn, en austan við ána var Camp Baldurshagi.
Lýsing: Rústin er úr torfi og grjóti, mosa- og grasigróin með miklum trjágróðri.




Mynd 176 Hluti af loftmynd sem var tekin 1953. Þá stóð syðra veiðihúsið enn, en skotgröfin hefur verið notuð til garðræktar.[306]



Mynd 177 Ummál á rúst (218-29) og grunnum veiðihúsanna (218-30), teiknað eftir uppmælingu. Malbikaður göngustígur hefur verið lagður á sama stað og slóði var áður.[307]



Mynd 178 Rúst (218-29), horft til suðurs.



Mynd 179 Rúst (218-29), teiknað eftir uppmælingu.

[306] Landmælingar Íslands. Svæði nr. 27 Elliðaár – Selsvör. 1953-09-16. Mynd nr. LI 1-9256.
[307] LUKR: Lágflugsmynd 17/7 2018.

Breiðholt 218-30 Veiðihúsin efri

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-30	Ensku veiðihúsin	Veiðihús	Grunnur	1897-1961	363633 363637	403752 403762	8,2 11,7	4,7 3,2	Sæmilegt Slæmt	Nei

Staðhættir: Í litlu gili austan í Breiðholtshvarfi, um 100 m suðvestur af Vatnsveitubrú, um 40 m upp og vestur af Elliðaánum þar sem heita Þrengsli og um 15 m vestan við malbikaðan gangstíg, eru grunnar tveggja veiðihúsa sem þarna stóðu. Bretinn H. A. Payne lét reisa veiðihúsin fyrir efra veiðisvæðið í Elliðaám. Payne keypti hlut Thomsens í Elliðaánum ásamt jörðunum Ártúni og Bústöðum árið 1897 og ári síðar keypti hann jörðina Breiðholt af Landssjóði. Húsið sem stóð norðar mun hafa verið íveruhús veiðimanna en það syðra vörslumannshús.[308] Payne lét einnig reisa tvö hús við árósana fyrir neðra veiðisvæðið, á sama stað og Thomsen hafði áður haft fiskgeymslu (232-7). Þóra Jónsdóttir, sem var fædd í Breiðholti 1891 og uppalin þar til 1904, minnist þess að þegar Englendingarnir fóru á haustin áskotnaðist Breiðholtsfólki sitthvað matarkyns frá þeim. „Það var dósamatur af ýmsu tagi, jarðarberjasulta og fleira sem í þá daga var fáséð.“[309]




Mynd 180 Konur og börn fyrir framan veiðihús H. A. Payne við Elliðaár um 1940-1950.[310] Í fjarska sjást hús í Selási. Húsin stóðu bæði á steinhlöðnum sökklum og stendur sá syðri enn.

Árið 1906 keypti bæjarstjórn Reykjavíkur Elliðaárnar af Payne ásamt jörðunum Breiðholti, Árbæ og Ártúni. Með í kaupunum fylgdu veiðihúsin sem Payne hafði byggt. Húsin voru brunavirt í maí 1924 og þá voru „Veiðimannahús hin efri“ sögð byggð úr bindingi og klædd utan með borðum, pappa og járni á veggjum og þaki. Nyrðra húsið var um þriðjungi lengra en hitt og mældist 11,2x3,2x2,5 m að stærð. Í því voru þrjú íbúðarherbergi. Við austurhlið þess var áfastur inngönguskúr. Hitt, það syðra, sem stóð lengur á staðnum, mældist 7,6x3,8x2,5 m að stærð. Í því var eitt íbúðarherbergi og eldhús. Við vesturhlið þess var áfastur inngönguskúr.[311]

[308] *Ísafold*, 28. apríl 1897, bls. 107. *Nýja öldin*, 1. árg. 1897-1898, 58. tbl., bls. 232. *Þjóðólfur*, 30. apríl 1897, bls. 84. *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 91. Borgarskjalasafn: Aðf. 742. Brunabótavirðing húsa 11.4.1924-15.1.1926: Veiðimannahús hin efri við Elliðaár, brunavirðing dags. 16.5.1924 (brnr. 1997).
[309] Stofnun Árna Magnússonar: *Örnefnalýsing Breiðholts* (181154-218-1 og 181154-218-2).
[310] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: KAN 001 060 2-2. Ljósmyndari: Karl Christian Nielsen, tekið um 1940-50.
[311] Húsaskrá Reykjavíkur, sótt 10. maí 2020.



Mynd 181 Gula línan sýnir staðsetningu á steinhlöðnum húsgrunni (t.v.) og grunni (218-30) og skotgröf (218-29) þar fyrir neðan. Horft til vesturs upp í Breiðholtshvarf.



Mynd 182 Steinhlaðinn húsgrunnur (218-30) syðra hússins ásamt hleðslu fyrir ofan og ummerki eftir húsgrunn nyrðra hússins og skotgröf (218-29), teiknað eftir uppmælingu.



Mynd 183 Grjóthlaðinn sökkull syðra veiðihússins, horft til suðvesturs.



Mynd 184 Mosavaxinn grunnur nyrðra veiðihússins, horft til suðurs.

Efri veiðihúsin voru á árunum 1937-1940 lánuð Húsmæðrafélagi Reykjavíkur sem hafði þar sumardvalarstað fyrir efnalitlar mæður og börn þeirra, en árið 1940 voru þau tekin til afnota af hernámsliðinu.[312] Syðra húsið stóð lengur og hefur staðið fram yfir 1961 því það er sýnt á korti frá því ári[312] en var farið þegar loftmynd var tekin 1965.[313] Ekki er ljóst hvenær það nyrðra var fjarlægt en það stóð þegar herinn tók mynd af Camp Baldurshaga 1940-44 en var farið þegar loftmynd var tekin 1954.[314]

Lýsing: Svæðið þar sem húsin stóðu er allt á kafi í gróðri, mosa, grasi og trjám. Samkvæmt ljósmyndinni hér að ofan voru sökklar beggja húsanna grjóthlaðnir. Sökkull syðra hússins (vörslumannshússins) stendur enn, mosa- og grasivaxinn, ásamt upphlöðnum kanti fyrir ofan og norðvestan við. Grunnur nyrðra hússins er mosa- og gróðri vaxinn en grjóthleðsla sökkulsins hefur verið fjarlægð að mestu. Fyrir neðan húsið er skotgröf (218-29), niðurgröftur með uppmokstri og hleðslu.

[312] *Morgunblaðið*, 5. júní 1937, bls. 3 – *Þjóðviljinn*, 20. janúar 1955, bls. 3. Skrifstofur bæjarverkfræðings, mælingadeild í maí 1960, Reykjavík 1:2000 bl. 542, afrit kortasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.
[313] LUKR. Loftmynd: *Reykjavík árið 1954* og *1965*.
[314] LMI-Kort-LI101-LI1-9256-qv_1953-Elliðaár-Selsvör.


Breiðholt 218-37 Vatnstökustaður

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-37		Vatnstökustaður	Steypa, kantur	1908	363673	403801	10	0,30	Gott	Nei

Staðhættir: Á vesturbakka Elliðaánna, um 50 m sunnan og ofan við Vatnsveitubrú, er vatnstökustaður þar sem vatn var tekið úr ánni og leitt til Reykjavíkur áður en vatnsleiðslan náði alla leið að Gvendarbrunnum.[315] Reiknað hafið verið út að hæðin á þrónni væri næg til að vatnið rynni sjálkrafa til bæjarins.[316]
Lýsing: Steinsteypt U-laga þró, opin að ofanverðu. Um 10 m á lengd, 50-70 cm á hæð og 30 cm á breidd. Í gegnum veggina liggja tvö járnrör. Aðeins mosavaxin en mikill gróður í kring, lúpína og trjágróður.



Mynd 185 Steinsteypt þró (218-37), vatnstökustaður fyrir ofan Vatnsveitubrúna (218-38), horft til norðurs.



Mynd 186 Steinsteypt þró, vatnstökustaður við Elliðaár (218-37), teiknað eftir uppmælingu.

Breiðholt 218-38 Vatnsveitubrú

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-38	Vatnsveitubrú	Brú	Brú	1908	363685	403858	24	2,6	Gott	Nei

Staðhættir: Vegna vatnsveituframkvæmda á árunum 1908-1909 var byggð brú yfir Elliðaárnar ofarlega í Elliðaárdal, rétt fyrir neðan Þrengslin. Vatnsveitan var stærsta verklega framkvæmdin sem ráðist hafði verið í á landinu fram til þess.[317]
Lýsing: Brúin er steinsteypt með járnhandriðum. Undir henni liggja gömlu vatnsleiðslurnar (aflagðar), þær sömu og liggja niður með ánni (218-39) að vestanverðu.

[315] Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur*, bls. 211-214.
[316] Hilmar Garðarsson: Saga Vatnsveitu Reykjavíkur 1909-1999, bls. 80.
[317] *Úr bæ í borg. Nokkrar endurminningar Knud Zimsens*, bls. 110-111 og 123. – Hilmar Garðarsson: *Saga Vatnsveitu Reykjavíkur 1909-1999*, bls. 91-93 og 105-111. – Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 95.



Mynd 187 Vatnsveitubrúin á Elliðaánum (218-38), horft til norðausturs.



Mynd 188 Vatnsveitubrúin (218-38), horft til austurs.

Breiðholt 218-39 Vatnsleiðslur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-39		Vatnsleiðsla	Vatnsleiðsla	1908	363601 363155	403886 404167			Gott	Nei



Mynd 189 Lagning vatnsveitunnar 1908 eða 1909. Yfirverkfræðingur framkvæmdanna, H.A. Hansen, stendur við skurðinn, en við hlið hans situr Knud Zimsen, þáverandi bæjarverkfræðingur Reykjavíkur. Í baksýn sjást Rauðhólar.[318]

Staðhættir: Vatnsleiðslur sem voru lagðar á árunum 1908-1909 frá Gvendarbrunnum sunnan við Norðlingaholt og norðan við Skyggni, yfir Víðivelli vestan með Vatnsveituvegi, niður að Vatnsveitubrú. Norðan brúar liggja leiðslurnar austan vegar, þar eru þær vel sýnilegar á kafla niður að Höfðabakkabrú. Leiðslurnar lágu svo niður með Elliðaánum að vestanverðu.
Lýsing: Þar sem ekki var hægt að grafa leiðslurnar niður, eða erfitt að sprengja, lágu þær ofanjarðar.[319] Þar mynda leiðslurnar hálfgerða garða þar sem hlaðið er að þeim. Garðarnir byrja um 60 m norðvestan við Vatnsveitubrú og eru um 300 m langir (NV-SA), 2,0 m breiðir og 0,3-1,0 m háir. Sunnan við Eddubæ hverfa þeir en sjást svo aftur vestan við Hvarfsmýri og á köflum niður að Árbæjarstíflu.

[318] Ljósm. Pétur Brynjólfsson. Þjóðminjasafn Íslands: Lpr-1749. Upplýsingar um myndefni: Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 95.
[319] Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur*, bls. 211-214.



Mynd 190 Vatnsleiðslan (218-39) neðan við Vatnsleiðslubrú, horft að Höfðabakka til norðvesturs.




Mynd 191 Vatnsleiðslan (218-39) fyrir neðan Elínarlund, horft til suðausturs.

Breiðholt 218-41 Skotbyrgi

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-41		Skotbyrgi	Herminjar	1940	362825	404149	3	3	Sæmilegt	Nei



Mynd 192 Skotbyrgi (218-41) í Breiðholtshvarfi, horft til norðausturs.



Mynd 193 Skotbyrgi (218-41), ummál, teiknað eftir uppmælingu.

Staðhættir: Á klapparholti í norðanverðu Breiðholtshvarfi, um 60 m norðan Fýlshóla 11 og um 220 m sunnan og ofan við Árbæjarstíflu, er steinsteypt skotbyrgi af þeirri gerð sem var algeng á hernámsárunum.[320]
Lýsing: Byrgið er nokkuð heillegt, um 3 m á hvern veg. Veggir eru hlaðnir úr holsteini en þakplatan er steypt. Hleðsla á framhliðinni er horfin en þar hefur verið skotrauf efst. Gengið hefur verið niður í byrgið að ofanverðu. Byrgið hefur verið endurnýtt og er skreytt með litríku veggjakroti að innan. Fyrir framan það hefur verið hlaðið garðlag úr grjóti. Mikill trjágróður er í kring.

[320] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 104.

Breiðholt 218-42 Eddubær

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-42	Eddubær	Bústaður	Heimild	1942-1969	363312	404117			Ómetið	Já

Staðhættir: Eddubær stóð í efri hluta Elliðaárdals, norðan við Vatnsveituveg. Bærinn var í byggð á árunum 1942 til 1969 en þá var hann rifinn. Elín Pétursdóttir Blöndal bjó þar ásamt fjölskyldu sinni.[321]
Lýsing: Húsið er horfið en þar er trjálundur auk minnisvarða, steinn með skilti sem á stendur „Elínarlundur“. Elín Pétursdóttir Blöndal bjó í Eddubæ. Hún ræktaði þennan trjálund árin 1949-1969.



Mynd 194 Eddubær við Vatnsveituveg, horft til norðausturs.[322]




Mynd 195 Elínarlundur og minnisvarði við hann, horft til norðausturs.

Breiðholt 218-43 Húsgrunnur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-43		Braggi	Grunnur	1950-1970	363624	403915	5,7	4,7	Sæmilegt	Nei



Mynd 196 Grunnur (218-43), horft til suðausturs.




Mynd 197 Húsgrunnur (218-41), teiknað eftir uppmælingu.

Staðhættir: Um 78 m norðvestur og niður af Vatnsveitubrúnni og um 8 m vestur af Elliðaám er húsgrunnur.

---

[321] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 73.
[322] Fengið af síðunni Árbær á 20. öld (Facebook), birt 26. mars 2017, ljósmyndari: Pétur Blöndal Snæbjörnsson, 1966.

Lýsing: Steinsteyptur, ferhyrndur sökkull, um 5x5 m með inngang í suðvestur, yfirbygging hefur verið braggalaga, samanber ljósmynd. Innan og utan hans er mikill gróður. Ekki er ljóst hvaða hlutverki bragginn gegndi, var líklega ekki íbúðarhús.



Mynd 198 Hluti úr mynd. Horft upp með Elliðaám að Vatnsveitubrú. Lengst til vinstri er Gamla klakhúsið sem var við Bugðu. Aðeins vestar eru hús sem stóðu þar sem áður var Camp Baldurshagi. Vestan við árnar eru Ensku veiðihúsin (dökkmáluð) og þar fyrir aftan er Birkilundur, næst hægra megin er braggalaga hús (218-43) við árbakkann.[323]

Breiðholt 218-47 Blesuþúfa, landamerki

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-47	Blesuþúfa	Landamerki	Heimild	1850	361568	404570	100	70	Gott	Nei



Mynd 199 Blesuþúfa (218-47). Blesugróf og Álftnesingavað nær, horft til suðurs.

[323] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: PTH 068 048 1-1. Ljósmyndari: Pétur Thomsen, tekið líklega um 1950-60.

Staðhættir: Í merkjalýsingu kirkjujarðarinnar Breiðholts í Seltjarnarneshreppi árið 1890 segir: „Úr Blesugróf við Álptnesingavað í þúfu á melnum.“[324] „Blesuþúfa er stór hóll austan til í Blesugróf, hún var landamerkjastaður milli Bústaða og Breiðholts.“[325]
„Blesugróf er austan við *Lómatjarnarlæk* og sunnan við vestari Elliðaána. Í munnmælum er haft að grófin beri nafn af rauðblesóttri hryssu frá Breiðholti sem hafi fallið þar síðla vetrar en það hafi þó gerst fyrir síðustu aldamót.“[326]
Lýsing: Malarhóll (jökulminjar) í Blesugróf. Gróinn að hluta grasi og lúpínu.

Breiðholt 218-48 Nautavað

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-48	Nautavað	Vað	Heimild	1900	363607	403526			Ómetið	Nei




Mynd 200 Nautavað (218-48), horft til norðurs.

Staðhættir: Í örnefnalýsingu Breiðholts segir: „Ofan við Þrengsli er nafnið Nautavað á kortum af ánni. Þóra man óljóst eftir því nafni. Þarna var vað á ánni, og Englendingar gerðu þar göngubrú yfir.“[327] Nautavað er nú veiðistaður, merktur inn í austur frá göngustíg sem kemur niður syðst úr Trönuhólum.
Lýsing: Vaðið hefur væntanlega verið nálægt þar sem nú er staur sem merkir veiðistaðinn, við hlykk á ánni rétt ofan við Hraunhornið. Engin ummerki eru eftir brúna sem Þóra nefnir í örnefnaskrá og ekki er hægt að sjá neinn slóða að ánni á þessum stað.

[324] Gullbringu- og Kjósarsýsla; Veðmálabók I. 1887, bls. 143.
[325] Örnefnasafn Árnastofnunar: Örnefnalýsing Kópavogur 181155-1.
[326] Örnefnasafn Árnastofnunar: Örnefnalýsing Kópavogur 181155-1.
[327] Örnefnasafn Árnastofnunar: Örnefnalýsing Breiðholt 181154-1.

Breiðholt 218-57 Stanleyville hesthúsahverfi

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-57	Stanleyville	Hesthúsahverfi	Heimild	1960-1975	363544	403520			Slæmt	Að mestu



Mynd 201 Stanleyville (218-57) var hesthúsahverfi sem stóð um tíma á vesturbakka Dimmu.



Mynd 202 Grjóthlaðinn grunnur með steyptum undirstöðum, horft til norðurs.



Mynd 203 Húsgrunnur með steyptri plötu, horft til norðurs.

Staðhættir: Á vesturbakka Dimmu fyrir neðan götuna Trönuhóla og norðvestur af félagssvæði Fáks var óskipulögð hesthúsabyggð sem nefnd var Stanleyville í höfuðið á Stanley Jónssyni frá Bolungarvík, en hann byggði þar eitt hesthús upp úr 1960. Lítið sem ekkert er vitað um þessa byggð,


þar sem húsin voru líklega byggð í óleyfi. Húsin voru fjarlægð eða flutt af svæðinu um og eftir 1970 þegar hestamenn fengu úthlutað landi í Víðidal.[328]
Lýsing: Á nokkrum stöðum er hægt að sjá leifar af þessari byggð: Húsgrunn með steyptri plötu, grjóthlaðinn grunn með steyptum undirstöðum í járntunnum og ummerki eftir malarborinn, mosavaxinn húsgrunn.

Breiðholt 218-58 Herminjar

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-58		Herminjar	Grjóthleðsla	1940	363584	403732	11	7	Gott	Nei



Mynd 204 Grjóthlaðin rúst (218-58), horft til suðurs.



Mynd 205 Rúst (218-58), teiknað eftir uppmælingu.

Staðhættir: Um 80 m upp og vestur af Elliðaánum og um 8 m suður af gangstíg sem liggur frá Vatnsveitubrú upp í Trönuhóla. Sunnan við rústarlegan hól. Sennilega ummerki eftir herinn, en Camp Baldurshagi var þarna austanmegin við Dimmu.
Lýsing: Ílöng óvönduð grjóthleðsla með opi til suðurs. Stærð steina um 30-60 cm líkt og grjót í kring. Mosa- og grasivaxin að innan og skófir og mosi á grjóti.

[328] *Tíminn*, 2. júlí 1970. „Hesthús að rísa af grunni í Seláslandi - vegna niðurrifs Kardemommubæjar og Stanleyville, bls. 16.

Breiðholt 218-64 Vatnsveituvegur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-64	Vatnsveitu-vegur	Vegur	Vegur	1908	362285	404317	4500-5000	2,5	Gott	Nei



Mynd 206 Vatnsveituvegur (218-64) neðan við Höfðabakkabrú, horft til vesturs.



Mynd 207 Vatnsveituvegur (218-64) fyrir vestan Höfðabakka, horft í austur.



Mynd 208 Rauða punktalínan sýnir hvar Vatnsveituvegur (218-64) lá frá Elliðavatni að Illaklifi í Blesugróf.[329]

Staðhættir: Vatnsveituvegur (218-64) var lagður á árunum 1907-1908, samhliða lagningu vatnspípunnar frá miðbæ Reykjavíkur austur að Gvendarbrunnum norðan við Elliðavatn. Vatnsveituvegur lá frá austurenda Bústaðavegar í gegnum Blesugróf og Löngugróf, áfram upp með Elliðaánum að sunnanverðu að Vatnsveitubrú. Norðan við brúna lá vegurinn síðan áfram í suður upp

[329] Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 10. maí 2017. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

Víðivelli og norðan við Skyggni, upp með Elliðavatni að Gvendarbrunnum, alls um 4,5-5 km vegalengd. Miklar breytingar hafa verið gerðar á farvegi Elliðaánna vegna virkjunar, sér í lagi með gerð Elliðavatnsstíflu (1924-1928). Við það fór hluti af þessum vegi undir vatn. Nokkrir vegarkaflar eru enn í notkun og er búið að bera í veginn á þeim stöðum.
Lýsing: Vegurinn hefur verið um 4,5-5 km langur og eru hlutar af honum varðveittir á nokkrum stöðum í ýmsu ásigkomulagi. Vegurinn er að stórum hluta í notkun sem bílvegur eða reiðvegur frá Breiðholtsbraut í austri að Illaklifi í vestri. Búið er að bera ofan í hann og/eða malbika. Heillegasti kaflinn er frá hesthúsasvæðinu Efri-Fák að Vatnsveitubrú og niður að Höfðabakka, eða um 1,8 km. Sá hluti er notaður sem reiðvegur og akvegur fyrir veiðimenn. Vestan við Höfðabakka, frá þeim stað þar sem húsið Sjónarhóll stóð áður, er um 200 m kafli sem ekki er notaður í dag en var akvegur fram á níunda áratug síðustu aldar. Í framhaldi af þeim spotta er um 250 m kafli sem liggur að Stekkjarbakka og er notaður sem akvegur í dag.Vegurinn lá síðan þar sem Stekkjarbakki er nú og norður að Illaklifi í Blesugróf. Á þeim hluta er hann nú að hluta til heimtröðin að Skálará. Vestast á svæðinu er síðan um 30 m vegarstubbur sem hefur varðveist á milli vegarins heim að Skálará og að malbikuðum göngustíg nálægt mislægum gatnamótum Stekkjarbakka og Reykjanesbrautar.

Breiðholt 218-68 Hvíld

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-68	Hvíld	Sumarbústaður	Heimild	1953-1980	363509	403976			Ómetið	Já

Staðhættir: Hvíld var hús sem stóð austan við Vatnsveituveg, um 200 m norðvestur af Vatnsendabrú. Byggt fyrir 1953, sést á loftmynd sem tekin var það ár.[330] Norðan við húsið var ferhyrndur matjurtagarður, um 15x15 m.
Lýsing: Horfið.

Breiðholt 218-69 Öxl

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-69	Öxl	Íbúðarhús	Heimild	1958-2008	362703	404343	13	9	Ómetið	Já



Mynd 209 Öxl við Vatnsveituveg.[331]

Staðhættir: Íbúðarhúsið Öxl stóð við Vatnsveituveg. Um 167 m austur af Höfðabakka og 93 m suðvestur af Árbæjarstíflu. Hjónin Haraldur Helgason og Jóhanna Helgadóttir hófu byggingu þess árið1958 og var það fullbúið 1960. Húsið var út timbri og klætt utan með bárujárni á suðurhlið en

[330] LMI-Kort-LI101-LI1-9256-qv.
[331] *Morgunblaðið*, 7. maí 2002, bls. 30 C.

vatnsklæðningum á öðrum. Grunnflötur hússins var 85 m².[332] Öxl sést á loftmynd sem tekin var í júní 2008 en húsið var rifið skömmu síðar. Austan við það var annað minna hús sem hefur tilheyrt Öxl, horfið 1984.[333]
Lýsing: Horfið.


Breiðholt 218-70 Hamar

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-70	Hamar	Íbúðarhús	Heimild	1954-1980	362546	404394	10	8	Ómetið	Já

Staðhættir: Hamar stóð við Vatnsveituveg þar sem nú er Höfðabakki. Húsið var fjarlægt þegar Höfðabakki var lagður um 1980.
Lýsing: Horfið.

Breiðholt 218-71 Sjónarhóll

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-71	Sjónarhóll	Íbúðarhús	Heimild	1958-2006	362497	404367	12	7	Ómetið	Já



Mynd 210 Útlínur íbúðarhúsanna (grænar brotalínur) Sjónarhóls (218-71), tveggja húsa norðan við (218-62) og Hamars (218-70), teiknaðar eftir hnitsettri loftmynd.[334] Garðlag (218-122) hlaðið úr torfi og grjóti er teiknað eftir uppmælingu (svört lína fyllt með grænu).

Staðhættir: Sjónarhóll stóð við Vatnsveituveg. Húsið var byggt fyrir árið 1965 og rifið eftir 2006. Rétt norðan við þetta hús var annað hús (218-62). Ekki er vitað hvaða nafn var á því, en það var byggt á sama tíma og Sjónarhóll og rifið fyrir árið 1990.

[332] *Morgunblaðið*, 7. maí 2002, bls. 30 C.
[333] LUKR. Loftmyndir: Lágflugsloftmynd 20/6 2008. Lágflugsloftmynd 16/7 2010. Reykjavík árið 1984.
[334] LUKR. Loftmynd: Reykjavík árið 1965.

Lýsing: Greina má ummerki þar sem húsið Sjónarhóll stóð, en engar leifar af því. Töluverður trjágróður frá búsetutímanum er á svæðinu. Vestan við það eru trjágöng og trjálundur norðan við. Þar eru líka greinileg garðlög sem sennilega hafa verið um ræktunarreiti.


Breiðholt 218-72 Foss

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-72	Foss	Íbúðarhús	Steypa	1954-1975	362441	404371	14	10	Slæmt	Að mestu

Staðhættir: Húsið Foss stóð norðan við Vatnsveituveg og vestan við Sjónarhól, um 20 m norðan við göngustíg sem liggur með Stekkjarbakka að undirgöngum við Höfðabakka. Á svæðinu má enn greina ummerki eftir búsetu: Hluta af grunni hússins og garðlag (218-123) um matjurtagarð sem var norðan við húsið.
Lýsing: Hluti af steinsteyptum húsgrunni. Vesturgafl er heill en það sem er norðan við eru leifar af viðbyggingum í norður. Á svæðinu er mikið gras og sina.



Mynd 211 Leifar af grunni (218-72) íbúðarhússins Foss, horft til norðurs.



Mynd 212 Leifar af grunni (218-72) íbúðarhússins Foss og viðbyggingar í norður, teiknað eftir uppmælingu (svartar línur með grænu) og eftir loftmynd (græn brotalína).[335]




Mynd 213 Steypuleifar á lóðinni þar sem húsið Foss stóð. Horft í suður að Stekkjarbakka.

[335] LUKR. Loftmynd: Reykjavík árið 2018.

Breiðholt 218-73 Fossgil

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-73	Fossgil	íbúðarhús	Heimild	1951-1986	362411	404370	9	6	Ómetið	Að mestu

Staðhættir: Fossgil (218-73) var íbúðarhús norðan við Vatnsveituveg. Engin ummerki eru greinileg á yfirborði eftir sjálft íbúðarhúsið en á staðnum er trjálundur sem hefur tilheyrt því. Um 25 m norðan við trjálundinn er niðurgrafið mannvirki (218-124) sem er innan sömu lóðar.
Lýsing: Horfið.



Mynd 214 Á loftmyndinni má sjá staðsetningu horfinna húsa sem stóðu norðan við Vatnsveituveg upp undir Höfðabakkabrú (ljósgrænar brotalínur). Fossgil (218-73), Ásbyrgi (218-74) og Hof (218-75),[336] ásamt uppmældum leifum (svört lína með ljósgrænni fyllingu): Niðurgrafið mannvirki, jarðhýsi (218-124), steypuleifar þar sem Foss var og garður (218-123) sem hefur tilheyrt því.

Breiðholt 218-74 Ásbyrgi

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-74	Ásbyrgi	Íbúðarhús	Heimild	1957-1975	362402	404350	10	7	Ómetið	Já

Staðhættir: Húsið Ásbyrgi stóð um 12 m norðan við Vatnsveituveg, um 35 m vestan við leifar af húsgrunni Foss, sjá staðsetningu við skráningu (218-73). Samkvæmt kortum og loftmyndum var það byggt fyrir árið 1957 en rifið á árunum 1975-1979.
Lýsing: Horfið.

[336] LUKR. Loftljósmynd. Reykjavík árið 1965.

Breiðholt 218-75 Hof

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-75	Hof	Íbúðar-hús	Heimild	1957-1984	362365	404370	12	10	Ómetið	Já


Staðhættir: Húsið Hof stóð um 35 m norðan við Vatnsveituveg og þar er veglegur trjálundur. Samkvæmt kortum og loftmyndum var það byggt fyrir árið 1957 en rifið fyrir árið 1990. Sjá staðsetningu við skráningu (218-73).
Lýsing: Horfið.

Breiðholt 218-76 Hleðsla

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-76		Hleðsla	Veggur	1950	362332	404465	3	2	Sæmilegt	Að hluta



Mynd 215 Niðurgröftur með hleðslu (218-76), horft til suðurs.



Mynd 216 Ummál á niðurgreftri (218-76), teiknað eftir uppmælingu.

Staðhættir: Rétt sunnan við göngustíginn sem liggur með syðri Elliðaárkvíslinni. Um 70 m vestan við Kermóafoss, 30 m norðan við borholu 23.
Lýsing: Mannvirkið er hlaðið úr steini og myndar vinkil. Þrjár hleðsluraðir eru sjáanlegar og þetta lítur út eins og horn af húsi eða gerði. Ekki er hægt að greina það á loftmyndum og erfitt að áætla aldur. Trúlega frá seinni hluta 20. aldar og tengist líklega borholuframkvæmdum.

Breiðholt 218-78 Dalbær

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-78	Dalbær	Íbúðarhús	Heimild	1943-2004	362214	404367	11	10	Ómetið	Já

Staðhættir: Húsið Dalbær stóð þar sem í dag eru matjurtagarðar, um 60 m norðan við Vatnsveituveg.
Lýsing: Húsið er horfið.



Mynd 217 Húsið Dalbær sem stóð norðan við Vatnsveituveg.[337]

Breiðholt 218-79 Árdalur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-79	Árdalur	Íbúðarhús	Heimild	1932-1971	362184	404438	8	4	Ómetið	Já

Staðhættir: Húsið Árdalur stóð á árbakkanum, um 30 m norðvestur af borholu 25 í Elliðaárdal.
Lýsing: Engar minjar er að sjá á staðnum.

Breiðholt 218-80 Útey

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Leng m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-80	Útey	íbúðarhús	Heimild	1943-1975	362142	404350			Ómetið	Já

Staðhættir: Þrjú hús, um 60 metra fyrir norðan Vatnsveituveg, milli Laufáss og Dalbæjar.
Lýsing: Allt horfið.

Breiðholt 218-91 Íbúðarhús

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-91		Íbúðarhús	Heimild	1954-1965	362089	404399	8,5	8,5	Ómetið	Já

Staðhættir: Húsið stóð austan við lækinn sem kemur úr Gilinu fyrir neðan brekkubrúnina, við borholu 19.
Lýsing: Horfið.

Breiðholt 218-92 Melholt

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-92	Melholt	Íbúðarhús	Íbúðarhús?, heimild	1945	361971	404416	8	8	Ómetið	Já

Staðhættir: Húsið var austan við Heimahvamm.
Lýsing: Líklega horfið.

[337] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: SÞÓ Ábs 145. Ljósmyndari: Sveinn Þórðarson, 1973.

Breiðholt 218-94 Alda

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-94	Alda	Íbúðarhús	Heimild	1950-2006	361877	404506	7	6	Ómetið	Að mestu

Staðhættir: Húsið Alda stóð norðvestan við Heimahvamm. Norður frá húsinu, við malbikaðan göngustíg, eru leifar af hlaðinni sólbaðsskeifu (218-126).
Lýsing: Húsið er horfið en suðvestan við það eru ummerki eftir búsetu: Afleggjari og grasigróin jarðvegshækkun, stallur, um 14,5x17 m og um 50 cm hærri en svæðið í kring.

Breiðholt 218-95 Sandbrekka

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-95	Sandbrekka	Íbúðarhús	Heimild	1965-1975	361848	404517	8	7	Ómetið	Já


Staðhættir: Húsið Sandbrekka var 100 m vestan við Heimahvamm.
Lýsing: Horfið.

Breiðholt 218-96 Laufabrekka

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-96	Laufabrekka	Íbúðarhús	Grunnur	1958-1968	361875	404533	10	9	Gott	Nei



Mynd 218 Grunnur Laufabrekku (218-96) við malbikaðan gangstíg sem liggur með Elliðaánum, horft til suðvesturs.



Mynd 219 Grunnur íbúðarhússins Laufabrekku (218-96) teiknaður eftir uppmælingu (svört lína fyllt með grænu) og eftir hnitsettri loftmynd (ljósgræn brotalína).

Staðhættir: Húsið Laufabrekka stóð um 100 m fyrir norðvestan Heimahvamm, þar sem í dag er malbikaður göngustígur næst Elliðaánum.
Lýsing: Steypt botnplata, 10x9 m að flatarmáli. Platan er vaxin mosa og öðrum gróðri. Undir þetta númer er líka skráð grasivaxið garðlag norðaustan við sem liggur frá gangstígnum að ánni.

Breiðholt 218-97 Lyngbrekka

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-97	Lyngbrekka	Íbúðarhús	Heimild	1940-1975	361855	404533	10	7	Ómetið	Já

Staðhættir: Lyngbrekka var um 110 m fyrir vestan Heimahvamm.
Lýsing: Horfið.

Breiðholt 218-98 Hlíð

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-98	Hlíð	Íbúðarhús	Heimild	1965-1975	361793	404552	12	10	Ómetið	Já

Staðhættir: Húsið Hlíð var um 160 m fyrir vestan Heimahvamm.
Lýsing: Horfið. Um 27 m vestan við er afmarkaður ræktunarreitur, um 10x10 m, við gangstíginn og er skráður undir þetta númer.

Breiðholt 218-99 Hlíð 1

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-99	Hlíð 1	Íbúðarhús	Heimild	1932-1975	361779	404540	10	10	Ómetið	Já

Staðhættir: Húsið Hlíð 1 var um 170 m fyrir vestan Heimahvamm.
Lýsing: Horfið.

Breiðholt 218-100 Steinar

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-100	Steinar	Íbúðarhús	Heimild	1954-1965	361791	404467	10	10	Ómetið	Já

Staðhættir: Húsið stóð á hæðinni, um 100 m fyrir austan Skálará.
Lýsing: Horfið.

Breiðholt 218-101 Bjarkarás

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-101	Bjarkarás	Íbúðarhús	Heimild	1954-1965	361696	404472	8	7	Ómetið	Já

Staðhættir: Húsið stóð um 10 m fyrir norðaustan Skálará, norðan við Vatnsveituveg í Blesugróf.
Lýsing: Horfið.

Breiðholt 218-102 Bakkakot

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-102	Bakkakot	Íbúðarhús	Heimild	1943-2003	361652	404356	12	12	Ómetið	Já

Staðhættir: Bakkakot stóð sunnan við Vatnsveituveg, þar sem í dag er austurslaufan á núverandi gatnamótum Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka, eða um 100 m fyrir sunnan Skálará. Í fasteignaauglýsingu frá árinu 1969 kemur fram að húsið er tveggja hæða, 70 m² að flatarmáli, og á lóðinni var 100 m² iðnaðarhúsnæði og sundlaug.[338] Ásgeir Þorsteinsson verkfræðingur byggði

[338] *Morgunblaðið*. 3. október 1969, bls. 8.

sundlaug við húsið sitt, vatnið í laugina fékk hann líklega úr laug sem var þarna skammt frá, Bústaðalaug (218-26).
Lýsing: Húsið og laugin eru horfin.

Breiðholt 218-103 Laugarfell

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-103	Laugarfell	íbúðarhús	Heimild	1942-1984	361621	404388	14	9	Ómetið	Já

Staðhættir: Laugarfell stóð sunnan við Vatnsveituveg, þar sem í dag er austurslaufan á núverandi gatnamótum Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka, eða um 95 m fyrir suðvestan Skálará.
Lýsing: Húsið er horfið undir gatnaframkvæmdir.

Breiðholt 218-104 Lækjarbugur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-104	Lækjarbugur	Íbúðarhús	Heimild	1942-1984	361608	404416	9	5	Ómetið	Já

Staðhættir: Lækjarbugur stóð sunnan við Vatnsveituveg, þar sem í dag er austurslaufan á núverandi gatnamótum Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka, eða um 75 m fyrir vestan Skálará.
Lýsing: Horfið.

Breiðholt 218-105 Bjarkarlundur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-105	Bjarkarlundur	Íbúðarhús	Heimild	1941-1971	361631	404455	10	7	Ómetið	Já

Staðhættir: Bjarkarlundur var norðan við Vatnsveituveg, um 40 m fyrir vestan Skálará. Þar er nú göngustígur.
Lýsing: Horfið.

Breiðholt 218-106 Lækjartún

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-106	Lækjartún	Íbúðarhús	Heimild	1950-1996	361551	404445	6	6	Ómetið	Já



Mynd 220 Húsið Lækjartún, horft í átt að Kópavogi.[339]

Staðhættir: Lækjartún stóð vestan við Vatnsveituveg, þar sem í dag er austurslaufan á núverandi gatnamótum Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka, eða um 130 m fyrir vestan Skálará.
Lýsing: Horfið.

[339] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: 2012 4 1. Ljósmyndari: Kristinn Snæland, Lækjartún í Blesugróf 1960.

Breiðholt 218-107 Lækjarhvoll

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-107	Lækjarhvoll	Íbúðarhús	Heimild	1945-1971	361505	404444	14	6	Ómetið	Já

Staðhættir: Lækjarhvoll stóð vestan við Vatnsveituveg, þar sem í dag er austurslaufan á núverandi gatnamótum Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka, eða um 120 m fyrir vestan Skálará.
Lýsing: Horfið.

Breiðholt 218-108 Lækjarbrekka

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-108	Lækjarbrekka	Íbúðarhús	Heimild	1943-1984	361521	404455	11	8	Ómetið	Já

Staðhættir: Lækjarbrekka stóð vestan við Vatnsveituveg, þar sem í dag er austurslaufan á núverandi gatnamótum Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka, eða um 150 m fyrir vestan Skálará.
Lýsing: Horfið.

Breiðholt 218-109 Höfði

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-109	Höfði	Íbúðarhús	Heimild	1945-1965	361604	404535	13	11	Ómetið	Já

Staðhættir: Höfði var um 100 m fyrir norðvestan Skálará, sunnan við Blesaþúfu.
Lýsing: Horfið.

Breiðholt 218-110 Klöpp

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-110	Klöpp	Íbúðarhús	Heimild	1954-1971	361505	404527	12	7	Ómetið	Já

Staðhættir: Klöpp var vestan við Vatnsveituveg, austan við Reykjanesbraut og um 20 m norðan við göngubrú.
Lýsing: Horfið.

Breiðholt 218-111 Fagrabrekka

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-111	Fagra-brekka	Íbúðarhús	Heimild	1941-1975	361531	404566	12	7	Ómetið	Já

Staðhættir: Húsið Fagrabrekka stóð vestan í Blesuþúfu.[340]
Lýsing: Horfið.

[340] Kort af Blesugróf frá árinu 1957, Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Breiðholt 218-112 Sandfell

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-112	Sandfell	Íbúðar-hús	Heimild	1954-1972	361542	404583	6	5	Ómetið	Já

Staðhættir: Húsið Sandfell stóð norðan undir Blesuþúfu.
Lýsing: Horfið.

Breiðholt 218-113 Fagrihvammur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-113	Fagri-hvammur	Íbúðar-hús	Heimild	19229-1997	361549	404627	11	8	Ómetið	Já

Staðhættir: Fagrihvammur stóð norðan við Blesuþúfu, niður við ána. Samkvæmt skjölum var húsið byggt 1932 en sést á loftmynd frá 1930 og er jafnvel byggt tölvuvert fyrr.
Lýsing: Horfið.

Breiðholt 218-114 Birkilundur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-114	Birkilundur	Sumar-dvalarstaður, íbúðarhús	Heimild	1939-1990	363631	403662			Ómetið	Horfið

Staðhættir: Birkilundur stóð sunnan við malarhól um 200 m fyrir sunnan og ofan Vatnsveitubrúna. Húsmæðrafélag Reykjavíkur reisti húsið sem sumardvalarstað fyrir efnalitlar fjölskyldur árið 1939. Síðar var það notað sem íbúðarhús. Það sést á loftmynd sem var tekin árið 1984 ásamt húsi sem stóð 14 m norðvestan við það, en var líklega rifið á árunum 1984-1990.[341]
Lýsing: Húsið er horfið, sem og það sem stóð norðvestan við það og er líka skráð undir þetta númer ásamt ummerkjum á svæðinu: Tilbúinn stallur við hólinn norðan við húsið, garðlag eftir girðingu uppi á hólnum og sunnan við er hringlaga, hlaðið garðlag sem gæti hafa verið matjurtagarður eða sólbaðsskeifa.



Mynd 221 Birkilundur (218-114), sumardvalarstaður ofan við Vatnsveitubrú.



Mynd 222 Stallur við hólinn norðan við húsið Birkilund.

[341] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 72-73 – *Lesbók Morgunblaðsins*, 24. október 1998, bls. 7-9 – *Vísir*, 1. ágúst 1939, bls. 3-4. LUKR: Loftmyndir.




Mynd 223 Girðing, garðlag, uppi á hólnum fyrir norðan húsið Birkilund.



Mynd 224 Hringlaga garðlag, matjurtagarður eða sólbaðsskeifa, við Birkilund.

Breiðholt 218-122 Garðhleðsla

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-122		Hleðsla	Hleðsla	1958-06	362515	404397	12	7	Gott	Nei



Mynd 225 Garðlag (218-122) við íbúðarhús (218-62) sem var norðan við Sjónarhól (218-71).



Mynd 226 Grjóthlaðið garðlag (218-122), horft til suðvesturs.


Staðhættir: Íbúðarhús stóð norðan við Sjónarhól, norðan við Vatnsveituveg upp undir Höfðabakka, en ekki er vitað hvað það var nefnt. Húsið stóð fram yfir 1984, en var horfið þegar loftmynd var tekin árið 1990. Á svæðinu má finna nokkur ummerki eftir búsetu: Garðlög með grjóthleðslum og ýmiss konar trjágróður.
Lýsing: Garðlag úr torfi og grjóti norðan við Sjónarhól, með grjóthleðslu á suðurhlið.

Breiðholt 218-123 Garðlag

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-123	Foss	Garður	Garður		362438	404389	8	3	Gott	Nei



Mynd 227 Garðlag (218-123) norðan við Foss, horft til norðnorðvesturs.



Mynd 228 Garðlag (218-123) norðan við húsgrunn Foss, teiknað eftir uppmælingu.


Staðhættir: Garðlag (218-123) norðan við húsið Foss sem stóð norðan við Vatnsveituveg, vestan við Sjónarhól, um 20 m norðan við göngustíg sem liggur með Stekkjarbakka að undirgöngum við Höfðabakka. Á svæðinu má enn greina ummerki eftir búsetu: hluta af grunni hússins og garðlag (218-123) um matjurtagarð norðan við grunninn.
Lýsing: Torfgarðurinn mælist 8x3 m og hleðsluhæð um 50-70 cm. Hann er 8 m fyrir norðan steypumannvirkin á lóðinni. Garðlagið er grasi- og sinuvaxið.

Breiðholt 218-124 Jarðhýsi

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-124	Fossgil	Jarðhýsi	Hola	1951	362396	404397	4	3	Gott	Nei



Mynd 229 Niðurgröftur, ummerki eftir mannvirki, jarðhýsi (218-124) á lóð Fossgils (218-73), horft til suðurs.



Mynd 230 Niðurgröftur (218-124), ummál teiknað eftir uppmælingu.

Staðhættir: Fossgil (218-73) var íbúðarhús norðan við Vatnsveituveg. Engin ummerki er að sjá um sjálft íbúðarhúsið, en við Grenilund, 25 m norðan við staðinn þar sem húsið stóð, er að finna leifar af jarðhýsi. Sjá staðsetningu við skráningu (218-73).
Lýsing: Jarðhýsið er gróið og mælist um 4x3 m að stærð og 1,5 m á dýpt. Mannvirkið hefur verið grafið inn í bakkann og er mosa- og grasigróið.


Breiðholt 218-126 Sólbaðsskeifa

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-126	Alda	Sólbaðsskeifa	hleðsla	1950	361908	404516	5,7	4	Gott	Nei

Staðhættir: Húsið Aldan stóð norðvestan við Heimahvamm. Norður frá húsinu, við malbikaðan göngustíg, eru leifar af hlaðinni sólbaðsskeifu.
Lýsing: Sólbaðsskeifan er um 3x3 m að stærð og hlaðin úr grjóti. Þrjár steinaraðir sjást að innan en torf er að utan.



Mynd 231 Sólbaðsskeifa (218-126) norður af þeim stað þar sem Aldan stóð áður, við gangstíg við Elliðaár, horft til norðausturs.



Mynd 232 Skeifulaga, hlaðið garðlag (218-126), sólbaðsskeifa, teiknað eftir uppmælingu.

Breiðholt 218-146 Garðlag

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-146		Óþekkt	Garðlag	1900	363187	402874	5	4	Slæmt	Nei



Mynd 233 Garðlag (218-146), horft til suðausturs.




Mynd 234 Garðlag (218-146), teiknað eftir uppmælingu.

Staðhættir: Garðlag utan og austan í ílöngum hól sunnan við Grænugróf, um 40 m upp og austur af Dimmu.
Lýsing: Garðlagið er jarðlægt en vel greinilegt. Mosa og grasivaxið með töluverðri sinu. Grenitré hefur sáð sér í tóftina.

Breiðholt 218-147 Stekkur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-147		Stekkur	Hleðsla	1750-1900	362430	404539	9	9	Slæmt	Að hluta





Mynd 236 Aðhald, stekkur (218-147) á Hólmstá, teiknað eftir uppmælingu.


Mynd 235 Stekkur (218-147) á Hólmstá, horft til austurs.

Staðhættir: Á Hólmstá, um 30 m ofan við Kermóafoss, er stekkur.
Lýsing: Stekkurinn er byggður utan í stóran stein, hann hefur verið hlaðinn úr torfi og grjóti en nú eru bara eftir stærstu steinarnir sem mynda umgjörðina. Hleðslan er úr stórum grágrýtissteinum.

Breiðholt 218-148 Rúst

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-148		Rúst	Rúst	1750-1900	362435	404549	4	3	Sæmilegt	Nei





Mynd 238 Rúst (218-148), teiknað eftir uppmælingu.

Mynd 237 Rúst (218-148) á Hólmstá, horft til suðvesturs.

Staðhættir: Á Hólmstá, 40 m norðan við Kermóafoss, um 8 m norðan við stekk (218-147).
Lýsing: Grjóthlaðin rúst sem hefur fallið inn, hlaðin úr helluhrauni.

Breiðholt 218-149 Arnesarhellir

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-149	Arnesar-hellir	Bústaður	Hellir	1750-1900	362357	404568	10		Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Hellir norðanmegin á Hólmstá, ofarlega austur af Stórafossi, sem talinn er líklegastur til að vera Arnesarhellir.[342] Arnes Pálsson var útilegumaður sem til eru margar sögur af og er hellirinn nefndur eftir honum, en talið er að hann hafi dvalið þarna um 1790.[343] Tvö op eru á hellinum, það nyrðra er um 12 m suður af Helluvaði í austurkvísl Elliðaánna, en það syðra um 24 m þar suður af.
Lýsing: Hellirinn er undir nokkuð stórri hraunhellu. Hellisopin voru mæld en ekki var farið inn í hellinn. Það syðra er lítið, um 2 m á breidd og 1 m á hæð og rétt hægt að skríða þar inn, en það nyrðra er mun stærra, um 4 m á breidd og 1,3 m á hæð.



Mynd 239 Syðra op hellisins (218-149).



Mynd 240 Op norðaustanmegin.

Breiðholt 218-150 Stekkur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-150		Stekkur	Grjótgarður	1800	362377	404506	12	6	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Norðan við Skorarhyl, sem er niður af Kermóafossi, er há klettabrún. Inn í hana eru litlir hellisskútar.
Lýsing: Skeifulaga klettaveggur með tveimur litlum hellisskútum. Fyrir framan er nokkuð slétt flöt sem hallar að ánni. Vestan við hellisskútana eru grjótgarðar sem liggja niður að ánni. Þá má sjá á gamalli ljósmynd að þarna hafa áður verið stærri hleðslur.[344] Líklega hefur þetta verið aðhald fyrir skepnur, líklega stekkur.

[342] Hellinum er lýst á heimasíðu Ferlis, en hann er ekki staðsettur nákvæmlega þar: https://ferlir.is/arnes-palsson-og-arnesarhellir-i-ellidaardal/ sótt 19.05.2020.
[343] Huld - safn alþýðlegra fræða íslenskra, 1890-1898, I, bls. 31-37.
[344] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ADF 2005 5 24-17. Ljósmyndari: Sigfús Eymundsson.



Mynd 241 Menn við Kermóafoss og Skorarhyl í syðri kvísl Elliðaánna um 1900. Vestan við ána má sjá hellisskútann og hleðslur (skráð sem 218-150).[345]




Mynd 242 Grjótgarðar (218-150) við klettavegg neðan við Kermóafoss.

Breiðholt 218-151 Stekkur

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-151		Stekkur	Heimild	1900	361976	404600	6,2	5,4	Ómetið	Já

Staðhættir: Á loftljósmynd frá árinu 1953 er hægt að greina ferkantað mannvirki á þessum stað, um 25 m norðan við uppþornaðan árfarveg þar sem á rann áður í syðri farveg Elliðaánna. Innan skógræktarsvæðis í Hólmstá.
Lýsing: Mannvirkið hefur verið um 6,2x5,4 m að stærð og líklega torf- og steinhlaðið. Fannst ekki við leit, en þar sem það hefur verið er skógivaxin smábunga, með mosaþembum og grónum trjádrumbum. Gróðurinn gæti hafa yfirtekið ummerki.

[345] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ADF 2005 5 24-17. Ljósmyndari Sigfús Eymundsson, hluti úr ljósmynd.



Mynd 243 Norðan við syðri kvísl Elliðaánna er mannvirki, um 25 m norðan við þurran árfarveg. Ofarlega til vinstri á mynd sést ferkantaður stekkur.[346]

Breiðholt 218-152 Rúst

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-152		Óþekkt	Rúst	1900	362048	404510	4	3	Slæmt	Nei

Staðhættir: Í sunnanverðum Árhólmanum á móts við Heimahvamm er rúst, norðan við malarborinn gangstíg um 64 m norður af vesturkvísl Elliðaánna. Um 15 m þar suður af er önnur rúst (218-153), við litla lænu fyrir sunnan gangstíginn.
Lýsing: Rústin er úr torfi og grjóti, mosavaxin á stöku stað en annars þakin barrnálum og könglum af tré sem hefur tekið sér bólfestu í austurgaflinum fyrir mörgum árum og rótarkerfi þess hefur yfirtekið rústina.

[346] LMÍ: loftljósmynd 16.09.1953 Elliðaár - Selsvör, mynd númer LI101-LI1-9258-qv.



Mynd 244 Rúst (218-152), horft til norðausturs.

Breiðholt 218-153 Rúst

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-153		Óþekkt	Rúst	1900	362052	404492	3	2	Slæmt	Nei



Mynd 245 Rúst (218-153), horft til norðurs.

Staðhættir: Í sunnanverðum Árhólmanum á móts við Heimahvamm er rúst, sunnan við litla lænu neðan við malarborinn gangstíg. Um 15 m norðan við, ofan við stíginn, er rúst (218-152).
Lýsing: Jarðlæg hringlaga rúst með opi til suðurs. Rústin er vaxin grasi, mosa og trjám.

Breiðholt 218-154 Garðlag/grjóthleðsla

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-154		Óþekkt	Garðlag	1930	361862	404625	7	1	Gott	Nei



Mynd 246 Skeifulaga garðlag (218-154), horft til suðvesturs.

Staðhættir: Í sunnanverðum Árhólmanum, um 70 m norðaustur af Arnarfossi. Um 10 m vestur af malarbornum gangstíg sem liggur norður/suður þvert yfir hólmann. Um 5 m austan við stíginn er annað garðlag (218-155). Gæti verið sólbaðsskeifa.
Lýsing: Skeifulaga garðlag úr torfi og grjóti. Mosa- og grasivaxið með dálítilli sinu.

Breiðholt 218-155 Rúst

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-155		Óþekkt	Garðlag	1930	361878	404622	3	1	Sæmilegt	Nei



Mynd 247 Grjóthlaðið garðlag (218-155), horft til norðausturs.

Staðhættir: Í sunnanverðum Árhólmanum um 85 m norðaustur af Arnarfossi. Um 5 m austan við malarborinn gangstíg sem liggur norður-suður þvert yfir hólmann. Um 15 m vestan við er skeifulaga garðlag (218-154). Gæti hafa verið sólbaðsskeifa.
Lýsing: Grjóthlaðið garðlag, mosavaxið og þakið barrnálum af nærliggjandi trjám.

Breiðholt 218-159 Snókshólmi, landamerki

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-159	Snókshólmi	Landamerki	Hólmi	1890	363274	402803	50	18	Gott	Nei

Staðhættir: Snókshólmi er í Elliðaám ofan við Grænugróf. Í marklýsingu fyrir kirkjujörðina Breiðholt í Seltjarnarneshreppi árið 1890 segir: „...þaðan yfir Lymskulág, í Snókshólma í Dimmu austan við Grænugróf“.
Lýsing: Snókshólmi er lítill, grasigróinn hólmi í Dimmu, suðaustan við Grænugróf.

Breiðholt 218-161 Náma

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-161		Náma	Náma	1970-1971	363505	403872			Gott	Nei

Staðhættir: Náman er vestur af Vatnsveitubrú.
Lýsing: Náma er gróin upp.

Breiðholt 218-162 Rúnasteinn

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-162		Rúnasteinn	Steinn		362142	404608	0,96	0,55	Gott	Nei

Staðhættir: Ofarlega í Árhólmum í Elliðaárdal, 90 m suðvestur af brú sem er yfir austurkvísl Elliðaánna fyrir neðan félagsheimili Orkuveitunnar. Steinninn liggur nú mitt á milli tveggja göngustíga og er um 66 m frá göngustíg sem liggur í suður frá göngubrúnni. Steinninn hefur verið færður til nokkrum sinnum en liggur nú undir grenitré. Um steininn er skrifað í bók Árna Hjartarsonar o.fl. um Elliðaárdal, þar sem kemur fram að hann hafi fundist nokkrum árum áður en bókin kom út (útg. 1998). Þar er talið að á steininum standi „ÞÓR STYRKIR“ og yfir og undir er ristur borði með einfaldri línu. „Merking áletrunarinnar bendir til heiðins siðar, fyrir kristnitöku árið 1000. Áletrunin er þó að öllum líkindum frá 20. öld, gerð af áhugamanni um forna tíð. Leturgerðarmaðurinn hefur hins vegar ekki þekkt nægilega vel til þróunar rúnaleturs því að hann blandaði saman stafrófi tveggja tímabila.“[347]
Lýsing: Steininn er 96x55x45 cm að stærð og er líklega úr grágrýti, en á bakhlið hans má sjá hraunreipi. Í steininn eru klappaðar níu rúnir um 12-15 cm á hæð og þar má greina rúnir úr eldri og yngri rúnaröðinni auk rúna úr miðaldarrúnaröðinni.[348] Á steininum stendur líklega ÞHR STIRKI eða Þór sterki. Allt bendir til að steininn sé ekki frá þeim tíma þegar þessar rúnir voru í notkun sem ritmál. En þekkt er að blandaðar rúnir voru settar á legsteina og ýmsa tréhluti allt fram á síðari hluta 19. aldar.[349] En líklega er þessi steinn frá 20.öld.

[347] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 106.
[348] Sótt af Wikipedia.org 29.9.2020, leitarorð rúnir.
[349] Þórgunnur Snædal: „Rúnaristur á Íslandi“. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, 96. árgangur 2000-2001, bls. 6.



Mynd 248 Rúnasteinninn í Árhólmunum.



Mynd 249 Staðsetning rúnasteinsins í Árhólmunum.

2.3.5 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

Í þessum kafla er farið yfir helstu niðurstöður skráningarinnar hér að framan og lagt mat á varðveislugildi fornleifa, mannvirkja og yngri minja. Skilgreind eru 10 verndarsvæði sem lagt er til að tillit verði tekið til í væntanlegu skipulagi. Innan þessara svæða eru bæði friðaðar fonleifar og yngri minjar.

- Innréttingaminjar
- Bæjarhóll Ártúns
- Herminjar norðan við Ártún, Camp Hickman
- Elliðaárvirkjun
- Fornleifar í Hólmstá
- Vatnsveituvegur
- Vatnsveitubrú og Ensku veiðihúsin
- Skotbyrgi í Norðurhvarfi
- Minjar við Brennuhól
- Herminjar á Árbæjarhólma, Camp Baldurshagi

Settar eru fram hugmyndir um hvernig umgengni um svæðin verður best háttað með tilliti til minjaverndar og bætts aðgengis almennings að minjasvæðum. Öllum friðuðum fornleifum 100 ára og eldri fylgir friðhelgað svæði sem er 15 m út fyrir sjáanlegar eða áætlaðar fornleifar sem geta verið í jörðu en friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgað svæði.[350]

Á deiliskipulagssvæði Elliðaárdals eru skráðar 147 fornleifar, mannvirki og yngri minjar sem eru flokkaðar eftir aldri, sjá töflu 2. Þar af eru friðaðar fornleifar 100 ára og eldri, fornleifar í rauðum flokki, 54 talsins og af þeim eru 40 sjáanlegar á yfirborði. Engar friðlýstar fornleifar eru á svæðinu en Elliðaárstöðin, þrýstivatnspípan og Árbæjarstífla eru friðlýst hús og mannvirki sem fjallað er um í kafla 2.4.2.

Fornleifarnar eru almennt í mjög misjöfnu ásigkomulagi og eru elstu sjáanlegu minjarnar í Árhólmanum, sem tilheyra Innréttingatímabilinu, að hverfa í gróður og sökkva í mýrlendi.

Yngri minjar sem eru í gulum flokki og tilheyra tímabilinu 1921-1930 eru samtals 11. Hluti þeirra eru hlaðnir garðar sem tilheyra virkjunarframkvæmdum við ána sem í var ráðist í kjölfar uppbyggingar Elliðaárstöðvarinnar og ættu að tilheyra friðlýstum mannvirkjum stöðvarinnar. Aðrar minjar sem eru taldar tilheyra þessu tímabili, í gulum flokki, eru minjar við Brennuhól. Þær gætu verið eldri en áætlað er og rannsaka þarf það svæði betur. Yngri minjar í grænum flokki eru 73 talsins og eru frá því eftir 1930. Þar telur mest skráning á horfinni byggð í Blesugróf, Löngugróf og við Vatnsveituveg, en einungis þrjú hús standa eftir af þessari byggð á deiliskipulagssvæðinu.

Herminjar á skráningarsvæðinu eru skráðar undir 9 númerum, flestar þar sem áður voru herskálahverfi. Camp Battle (263-17) var nyrst við Ártúnsbrekku, fyrir neðan kartöflugeymslurnar, en þar eru engar sjáanlegar minjar eftir. Sunnar var Camp Hickman (263-13 og 38), norðan við Ártún, og þar má enn sjá skotgrafir og leifar af vatnstönkum. Við Elliðaárstöðina var Camp Alabaster / Pershing (263-16) en þar eru engar sjáanlegar minjar eftir. Ofan við Vatnsveitubrú var Camp Baldurshagi sem var stærsta herskálahverfið. Þar eru


[350] Lög um menningarminjar 80/2012, 22. grein.

sjáanlegir um 15 steyptir braggabotnar eða hluti af þeim og fleiri ummerki sem allt er skráð undir eitt númer (262-32). Svæði Camp Baldurshaga er eitt best varðveitta braggasvæðið í Reykjavík. *Lagt er til að allar sýnilegar herminjar í Elliðaárdal hljóti hverfisvernd.*

Komi til þess að þörf verði talin á að raska skráðum minjum eða framkvæma innan verndunarsvæða skal leita til Minjastofnunar Íslands.

Tafla 2 Aldursflokkun minja

Flokkur	*Tegund minja*	*Litur flokks*	*Fjöldi skráðara minj*
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður	54
2	Minjar frá 1921-1930	● Gulur	11
3	Minjar frá 1930 og yngri	● Grænn	73
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár	9




Mynd 250 Yfirlitskort sem sýnir minjar í Elliðaárdal og helstu verndarsvæði á skráningarsvæðinu.[351]

[351] Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Kortavinnsla og staðsetning minja: Anna Lísa Guðmundsdóttir.

Innréttingaminjar

Í Árhólmanum vestan við Toppstöðina eru fornleifar sem tilheyra tímabili sem kennt er við Innréttingarnar.[352] Skúli Magnússon landfógeti stofnaði þetta félag ásamt fleiri embættismönnum árið 1751, þegar Reykjavík var að byggjast upp sem verksmiðjuþorp. Hlutafélagið stóð fyrir fjölþættri starfsemi og var einn þátturinn ullarvinnsla. Flest verksmiðjuhúsin voru við Aðalstræti en hluti vinnslunnar, sem var vatnsfrekur, var við Elliðaár, þ.e.a.s. þófaramyllan, litunarhúsið og sútunarverkstæði.[353] Ekki er alveg ljóst nákvæmlega hvaða starfsemi fór fram á hvaða stað, en öll þurfti hún rennandi vatn og eru rústirnar flestar staðsettar við gamla lækjarfarvegi. Miklar breytingar urðu á vatnabúskap Árhólmans með tilkomu Elliðaárvirkjunar 1921. Ummerki eftir starfsemi Innréttinganna eru Þófaramyllan (232-78), og fjórar ótilgreindar rústir (32-79, 232-87, 232-141 og 232-154). Minjasvæðið er mýrlent og vel gróið en getur orðið mjög blautt í leysingum og flóðum.



Mynd 251 Afmörkun verndarsvæðis við Innréttingaminjar í Árhólmanum við Elliðaár, appelsínugul brotalína.[354]

Ástand minjanna er almennt talið slæmt. Mikilvægt er að hreinsa trjágróður af rústunum þar sem hann eyðileggur minjar og koma upp menningamerkingum í grennd við þær. Þá er þörf á að lagfæra göngustíga á svæðinu og gera nýjar göngubrýr yfir lækjarfarvegi þannig að svæðið verði aðgengilegra almenningi. Minjarnar eru hluti af sögu Reykjavíkur þar sem


[352] Innréttingarnar svonefndu voru í raun framkvæmdarfélag.
[353] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 74-75.
[354] Loftljósmynd úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Kortavinnsla og staðsetning minja: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

staðarval Innréttinganna lagði grunninn að þéttbýlisþróun í Reykjavík og hafa því mikið menningarsögulegt gildi.

Rétt sunnan við Innréttingaminjarnar lá svo elsta þjóðleiðin (232-77) yfir dalinn frá Bústöðum að Ártúni og þaðan áfram upp Reiðskarðið, en leiðin lagðist af þegar árnar voru brúaðar 1883.

Norðan við Innréttingaminjarnar er aftökustaður, Drekkjarhylur (232-75), þar sem dæmdum konum var drekkt á síðari hluta 17. aldar. Árið 1704 var framið morð við Skötufoss sem tengdist bændum í Árbæ, en líkið fannst í Drekkjarhyl. Neðri hluti Árhólmans hefur því að geyma minjar frá 17. og 18. öld.

Bæjarstæði Ártúns



Mynd 252 Afmörkun verndarsvæðis við bæjarstæði Ártúns (appelsínugul brotalína) og verndarsvæði herminja Camp Hickman (ljósblá brotalína). Verndarsvæði Ártúns tekur mið af afmörkun túna á túnakorti frá árinu 1916, því innan þess svæðis má vænta fornleifa.[355]

Bæjarhóll Ártúns (263-1) og nágrenni hans er mikilvægt minjasvæði en bæjarhólar eru taldir meðal mikilvægustu minjastaða og hafa margþætt rannsóknar- og heimildagildi. Á bæjarstæðinu stendur nú íbúðarhús Ártúns sem byggt var árið 1910 og yngri útihús, sem minnisvarði um eldra búsetulandslag og byggðasögu í Elliðaárdalnum, en húsið er síðasti hlekkurinn í byggingarsögu býlisins. *Bæjarhóll Ártúns hefur líklega að geyma mestu og merkustu minjar Elliðaárdals*. Engar fornleifarannsóknir hafa farið fram á bæjarstæði Ártúns

[355] Loftljósmynd úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Kortavinnsla og staðsetning minja: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

eða í nágrenni við það, en búast má við minjum frá elstu tíð eins og nú er verið að rannsaka á bæjarstæði Árbæjar. Heimreiðin, tröðin (263-6), er mjög heilleg með túnum beggja vegna.

Reynslan hefur kennt okkur að líkur eru á að óþekktar fornleifar leynist innan túna og við túngarða bæja. Því miðast afmörkun á verndarsvæði Ártúns við túnið (263-7) eins og það var árið 1916, því innan þess má búast við friðuðum, óþekktum fornleifum í jörðu, sjá mynd 252. Þrengt hefur verið að bæjarhólnum á síðustu árum með byggingum sem skyggja á bæjarstæðið og umhverfi þess úr suðri.

Bæjarhóllinn er í góðu ásigkomulagi og ekki er æskilegt að byggt verði meira innan túna Ártúns heldur verði reynt að halda í gamla búsetulandslagið. Bæjarhóll Ártúns er einn af fáum bæjarhólum innan bæjarmarkanna sem enn eru sjáanlegir og tiltölulega lítið raskaðir. Mikilvægt er að setja upp menningarmerkingar þar sem greint er frá sögu og minjum Ártúns og nágrennis. Ákjósanleg staðsetning fyrir upplýsingaskilti er við bílastæði sunnan við bæjarhólinn, norðan við Rafstöðvarveg 13. Austan við Ártún er skíðabrekka og púttvöllur. Hægt væri að nýta túnin enn frekar til útileikja eins og nú þegar er gert og skoða mætti að opna gönguleið þvert yfir bæjarhólinn eftir tröðinni til norðurs að herminjastaðnum Camp Battle (236-13) og þaðan áfram.


Norðan við tún Ártúns eru þrjár skotgrafir og leifar af tveimur vatnstönkum (263-38) sem tilheyrðu herskálahverfinu Camp Battle (263-13) sem var aðeins neðar í brekkunni. *Minjarnar eru heillegar og í góðu ásigkomulagi. Hreinsa þarf trjágróður af minjunum og merkja minjasvæðið til þess að auka upplifun, en auðvelt er að gera sér í hugarlund notkun skotgrafanna. Lagt er til að þessar herminjar hljóti hverfisvernd eins og aðrar heillegar og fágætar minjar frá þessu tímabili.*

Elliðaárvirkjun

Virkjun Elliðaánna hafði mjög mikil áhrif á árnar frá upptökum til árósa sem og á allt umhverfi við Elliðavatn og í Elliðaárdal. Nú er nánast öllu vatnsrennsli í dalnum stýrt og hefur það haft mikil áhrif á ásýnd dalsins.

Elliðaárstöð var byggð á hálfgerðri eyri sem áin kvíslaðist áður um. Til að varna því að áin flæddi yfir eyrina var byggður steinhlaðinn varnargarður (263-19) upp með ánni. Auk þess voru reistir steinhlaðnir garðar beggja vegna við afrennslisskurð virkjunarinnar til að beina afrennsli niður í austurána. Ártúnsvað (263-15) var á gömlu þjóðleiðinni spölkorn neðan við virkjunina og hafa virkjunarframkvæmdir raskað því. Rafstöðvarvegur (263-9) lá frá gömlu Elliðaárbrúnni við Vesturlandsveg upp með ánni að Rafstöðinni og þaðan áfram upp með þrýstivatnspípunni að Árbæjarstíflu (262-33) og er efsti hluti vegarins enn á sama stað. Annar varnargarður (262-38) lá norður frá Árbæjarstíflu og varnaði því að vatn færi norður fyrir stífluna, en nú er hann að mestu komin undir jarðveg.

Elliðaárvirkjun var friðlýst 14. júní 2012 og nær friðlýsingin yfir ***Elliðaárvirkjun og mannvirki sem henni tilheyra, Rafstöðvarveg 6, 8, 10, 12, 14 (án síðari tíma viðbygginga), þrýstivatnspípu (frá 1978) og Árbæjarstíflu,*** en fjallað er um þessa friðlýsingu í kafla 2.4.4. *Verndarsvæði* hefur verið *afmarkað um friðlýst mannvirki Elliðaárstöðvar og mannvirki sem henni tilheyra*, sjá myndi 253. Aðgengi er gott og í bígerð er að koma fyrir merkingum með upplýsingum um svæðið.



Mynd 253 Verndarsvæði Elliðaárvirkjunar, þrýstivatnspípu, Árbæjarstíflu og annarra mannvirkja sem henni tilheyra, afmarkað með appelsínugulri brotalínu.

Yngri minjar í Blesugróf

Innan skipulagssvæðisins voru skráðar 67 yngri minjar en stór hluti þeirra tilheyrir horfinni byggð í Blesugróf, Löngugróf og upp með Vatnsveituvegi. Byggðin myndaðist að mestu á tímabilinu 1930-1965, þegar fólk var að reyna að koma sér fyrir í Reykjavík en ekkert húsnæði var að fá. Nú hefur nánast öll sú byggð sem var á þessu skipulagssvæði verið rifin, einungis þrjú hús standa þar eftir sem fulltrúar þessa tímabils, *Skálará*, *Heimahvammur* og *Hraunteigur*. Auk þeirra stendur enn húsið *Gilsbakki* við Stekkjarbakka, en það fellur utan þessa skipulagssvæðis. Í skýrslu Borgarsögusafns nr. 182 er lagt til að það hús verði verndað.[356] *Öll þessi hús ætti auðvitað að varðveita sem fulltrúa þessa tímabils*. Á nokkrum stöðum er að finna húshluta, steinhleðslur, garðlög eða annað sem minnir á þessa byggð. Það sem einkennir þessa staði eru helst stór grenitré og annar trjágróður.

Lagt er til að ekki verði hróflað við þessum yngri minjum ef hjá því verður komist, sjá minjaskrá. Ekkert sérstakt verndarsvæði er afmarkað fyrir þessa horfnu byggð. Til að minnast hennar væri hægt að setja upp menningarmerkingar, t.d. þar sem Fagrihvammur stóð við Blesuhól, en þar er nú kominn vísir að áningarstað, og á fleiri stöðum.

[356] Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Elliðaárdalur. Svæðið norðan Stekkjarbakka. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Borgarsögusafn, skýrsla nr. 182, bls. 57.

Fornleifar í Hólmstá

Hólmstá er efsti hluti Árhólmanna rétt neðan við Höfðabakkabrú, þar sem árnar renna beggja vegna við hraunás. Stutt er á milli kvíslanna efst og uppi á hrauninu er forn stekkur (218-147) og lítil, grjóthlaðin rúst (218-147). Alveg við rústirnar eru *Kermóafoss* og *Skorarhylur* í vestari kvíslinni, náttúrumyndanir sem gefa svæðinu ævintýralegan svip. Undir hamraklettinum við Skorarhyl eru hleðslur sem líklega eru leifar stekks eða aðhalds (218-50). Aðeins norðar og vestar er svo Arneshellir (218-149), en þar er talið að Arnes útilegumaður hafi falið sig um tíma.

Minjarnar í Hólmstá hafa ekki verið skráðar áður og er lítið vitað um þær, en líklega eru þetta minjar frá 18. og 19. öld og hafa tengst sauðfjárhaldi.

Svæðið er sérstakt og er þetta einn af fáum stöðum þar sem sér vel í Elliðaárhraunið í dalnum og koma ætti í veg fyrir að trjágróður og lúpína gangi þar yfir hraunið. Bæta mætti aðgengi með göngustígum og setja upp menningarmerkingar.



Mynd 254 Fornleifar í Hólmstá við Kermóafoss og afmörkun verndarsvæðis (appelsínugul brotalína).[357]

[357] Loftljósmynd úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Kortavinnsla og staðsetning minja: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

Vatnsveituvegur

Vegna vatnsveituframkvæmda á árunum 1908-1909 var gerður nýr vegur frá Suðurlandsbraut við Elliðaárvog upp með Elliðaánum að vestanverðu að *Vatnsveitubrú* og svo áfram suður austan með ánni upp í Gvendarbrunna. Eftir þessum vegi voru vatnspípurnar síðan fluttar á hestvögnum. Enn má sjá hluta Vatnsveituvegar (218-64), en hann telst til aldursfriðaðra fornleifa. Vegurinn er að hluta til í notkun í dag, á austurhluta skipulagssvæðisins (austan Höfðabakka). Honum var haldið við sem akvegi frá því að hann var lagður til ársins 1980 þegar Stekkjabakki var tengdur við Reykjanesbraut, en þá var hann aflagður á vesturhluta svæðisins. Á því svæði er um 30 m vegarkafli sem ber vitni um legu gamla Vatnsveituvegarins. Á suður- og austurhluta svæðisins er vegurinn enn í notkun að hluta sem reiðvegur og akvegur og væri æskilegt að fella þann hluta inn í framtíðarskipulag svæðisins til að viðhalda vitneskju um legu Vatnsveituvegar, hvort sem það verður gert með því að halda honum sem akvegi eða sem göngustíg um svæðið. *Vegarkaflinn frá Höfðabakka að Vatnsveitubrú er lengsti og heillegasti hlutinn og ætti að reyna að halda honum í sinni mynd þar.*




Mynd 255 Vatnsveituvegur (218-64) í Elliðaárdal, rauð brotalína.[358]

[358] Loftljósmynd úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Kortavinnsla og staðsetning minja: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

Skotbyrgi í Norðurhvarfi

Skotbyrgi (218-41) er í brekkunni upp af Árbæjarstíflu um 160 m frá Vatnsveituvegi, en á tímum hersetunnar var vegurinn nefndur *Baldurshagi road* á herkortum. Í byrginu var auðvelt að fylgjast vel með allri umferð um veginn. Skotbyrgi sem þetta eru nokkur í Reykjavík, *en þar sem þau eru fátíð er lagt til að þetta byrgi hljóti hverfisvernd. Skotbyrgið er í nokkuð góðu ásigkomulagi og auðvelt er að gera sér notkun þess í hugarlund. Gera þarf göngustíg að minjasvæðinu, merkja það og hreinsa í burtu óæskilegan trjágróður í næsta nágrenni.*



Mynd 256 Skotbyrgi (218-41) í Norðurhvarfi, afmörkun verndarsvæðis ljósblá brotalína.[359]


Minjar við Brennuhól

Norðaustan við Vatnsveitubrúna, í hlíðinni norðan í Brennuhól, var byggð á skiki sem var í Árbæjarlandi og lá að merkjum við Gröf þar sem síðar voru byggðir Selásblettir í landi Grafar.[360] Þetta eru minjar eftir eldri byggð í landi Árbæjar (262-16,17,18,19). Engar skriflegar upplýsingar hafa fundist um þennan skika, aðrar en að hann er sýnd á yngri kortum. Norðaustan við umræddа skika voru Selásblettir nr. 11 og 13, en líklega hefur þessi skiki verið byggð upp að hluta áður en Selásblettum var úthlutað um eða uppúr 1925. Á vesturhluta skikans eru torfhleðslur og leifar torfhúsa. Greina má eldri garða á loftmynd sem gætu gefið til kynna að þarna hafi verið ennþá eldri byggð.

[359] Loftljósmynd úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Kortavinnsla og staðsetning minja: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.
[360] Brennustæði Fylkis var til fjölda ára við Brennuhól en var flutt að Rauðavatni árið 2005. Brennuhóll er merktur inn á skipulagsuppdrátt af svæðinu frá árinu 1985.

Minjarnar eru vel greinanlegar og eru líklega frá tímabilinu 1921-1930. Þær eru merktar með gulum punktum á kortið hér fyrir neðan (sjá mynd 257) og er hluti þeirra nú innan lóðar Árbæjarlaugar, en sunnar var yngri byggð sem er merkt með grænu á kortinu. Aðeins vantar nokkur ár til þess að minjarnar teljist til aldursfriðaðra fornleifa. Þarna er að finna tvær rústir (262-16 og 17) og tvo garða (262-18 og 19), sjá skrá yfir fornleifar. Á eldri loftmyndum má líklega sjá sokkna garða á þessu svæði, en rannsaka þarf svæðið nánar. Ekki var óalgengt að fólk reisti sér torfhús sem geymslur fyrir kartöflur og annað grænmeti sem ræktað var á staðnum, t.d. á erfðafestublettum.

Minjarnar eru heillegar og í góðu ásigkomulagi en koma þarf í veg fyrir að trjágróður og lúpína vaxi yfir minjasvæðið. Göngustígur hefur verið lagður þvert í gegnum svæðið að suðvestanverðu og þar væri hægt að setja upp menningarmerkingar. Þessar minjar ber að varðveita sem fulltrúa þessa tímabils eða minja frá fyrri hluta 20. aldar.




Mynd 257 Verndarsvæði um minjar við Brennuhól sunnan við Árbæjarlaug (appelsínugul brotalína).[361]

[361] Loftljósmynd úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Kortavinnsla og staðsetning minja: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

Vatnsveituframkvæmdir og veiðihús

Á svæðinu í kringum Vatnsveitubrú er flestar minjarnar sem tilheyra lagningu Vatnsveitunnar að finna á einum stað: Vatnsveituveg (218-64), sem upphaflega var vagnavegur, vatnsleiðsluna (218-39), Vatnsveitubrúna (218-38) og fyrsta vatnstökustaðinn (218-37). *Þetta er því góður staður til að segja sögu Vatnsveitunnar.*


Sunnan við Vatnsveitubrúna voru svo Ensku veiðihúsin (218-30) eða veiðihúsin efri, en leifar þeirra eru elstu minjarnar í efri hluta dalsins. *Minjarnar eru vel greinanlegar, en mikilvægt er að hreinsa trjágróður af þeim til að verja þær skemmdum og auka aðgengi að þeim. Minjarnar eru við malbikaðan gangstíg þannig að þar væri tilvalið að setja upp menningarmerkingar með upplýsingum um minjastaðinn.*



Mynd 258 Verndarsvæði minja við Vatnsveitubrú og Ensku veiðihúsin, appelsínugul brotalína.

Herminjar á Árbæjarhólma, Camp Baldurshagi

Ummerki eftir setuliðið er helst að finna á svæðinu milli Vatnsveitubrúar og núverandi skeiðvallar Fáks, en þar var Camp Baldurshagi (262-32). Svæðið hefur að geyma nokkra heillega braggabotna og aðrar mannvirkjaleifar. Svæðið hefur orðið fyrir töluverðu raski, líklega vegna flóða, auk þess sem trjágróður er töluverður að norðanverðu. Þetta svæði hefur að geyma flestar sjáanlegar minjar frá þessum tíma. *Minjarnar eru vel greinilegar en í misjöfnu ástandi. Mikilvægt er að hreinsa trjágróður af minjunum, gera þær aðgengilegar og merkja. Lagt er til að svæði þetta verði hverfisverndað.*



Mynd 259 Hverfiverndarsvæði fyrir Camp Baldurshaga við austurbakka Dimmu, ljósblá brotalína.[362]

[362] Loftljósmynd úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Kortavinnsla og staðsetning minja: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

2.4 Húsakönnun

Húsakönnun er „byggingarlistarleg og menningarsöguleg könnun sem byggir á skráningu húsa og mannvirkja sem studd er sagnfræðilegum heimildum, vettvangskönnun og mati á varðveislugildi einstakra húsa, húsasamstæða, byggðaheilda og svipmóti byggðar.“[363] Húsakönnun þarf að innihalda að lágmarki sögulegar staðreyndir um hvert og eitt hús, lýsingu, ljósmyndir og varðveislumat.[364] Tilgangur húsakannana er að tryggja að ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar af þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist.

2.4.1 Deiliskipulagssvæðið Elliðaárdalur

Þessi húsakönnun er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur vegna vinnu við gerð deiliskipulags fyrir svæði sem tekur til Elliðaárdals og afmarkast til norðurs af Vesturlandsvegi, til austurs af íbúðarbyggð í Ártúns-, Árbæjar- og Seláshverfi annarsvegar og göngustíg austan Elliðaáa hinsvegar, til suðurs af Breiðholtsbraut og til vesturs annarsvegar af Hólaverfi og hinsvegar af línu sem liggur norðan Stekkjarbakka og áfram með Reykjarnesbraut. Stór hluti svæðisins er skilgreindur sem opið svæði (OP4) í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.



Mynd 260 Afmörkun deiliskipulagssvæðisins í Elliðaárdal.[365]

[363] *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 2. Reykjavík 2019, bls. 4.
[364] Vefur Minjastofnunar Íslands: http://www.minjastofnun.is → Hús og mannvirki → Húsakannanir vegna skipulagsvinnu. Sótt 18.12.2018.
[365] Grunnur úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar (Landupplýsingar).

2.4.2 Núverandi byggð á svæðinu

Í húsakönnuninni er fjallað um öll þau tuttugu og sjö hús og mannvirki sem standa á svæðinu í dag. Skipta má uppbyggingu og þróun byggðar á svæðinu í þrjú tímabil:

1. Tímabil elstu byggðar, 1900-1920
2. Tímabilið 1921-1944
3. Tímabil yngri byggðar, 1945 og síðar.

Tafla 3 Hús sem standa innan skipulagssvæðisins

Götuheiti	Verndunarstaða skv. lögum um menningarminjar	Hverfisverndarflokkur	Byggingarár	Byggingarefni
Rafstöðvarvegur 1A		Gulur	1949	Stál / Steypa
Rafstöðvarvegur 2			1960	Timbur
Rafstöðvarvegur 4		Gulur	1946	Stál / Steypa
Rafstöðvarvegur 6	Friðlýst	Gulur	1921	Steypa
Rafstöðvarvegur 7		Gulur	2011	Steypa
Rafstöðvarvegur 8	Friðlýst	Gulur	1921	Steypa
Rafstöðvarvegur 9		Gulur	1968	Holsteinn / steypa
Rafstöðvarvegur 10	Friðlýst	Gulur	1933	Timbur
Rafstöðvarvegur 11	Friðað	Gulur	1910	Timbur
Rafstöðvarvegur 12	Friðlýst	Gulur	1924	Steypa
Rafstöðvarvegur 13		Gulur	1994	Steypa
Rafstöðvarvegur 14	Friðlýst að hluta	Gulur	1937	Steypa
Rafstöðvarvegur 15		Gulur	1994	Timbur
Rafstöðvarvegur 20			1968	Steypa
Rafstöðvarvegur 51			1967	Steypa
Rafstöðvarvegur 53			1987	Steypa
Stekkjarbakki 1			1932	Timbur
Stekkjarbakki 1A			1987	Steypa
Stekkjarbakki 3			1940	Timbur
Stekkjarbakki 5			1965	Timbur
Stekkjarbakki 21			1968	Timbur
Stekkjarbakki 23			1968	Timbur
Stekkjarbakki 25			1968	Timbur
Vatnsveituvegur 102			1987	Steypa
Vatnsveituvegur 104			1956	Timbur
Árbæjarstífla / Fallpípuhús			1985	Steypa
Árbæjarstífla / Stífluhús			1985	Steypa

Tímabil elstu byggðar – 1900-1920

Elsta húsið á svæðinu er íbúðarhús byggt árið 1910: *Ártún*, Rafstöðvarvegi 11 (fastanúmer 204-4111). Ártún stendur stakstætt á bæjarhóli sem minnisvarði um eldra búsetulandslag og byggingarsögu Ártúns í Elliðaárdalnum en húsið er síðasti hlekkurinn í byggingarsögu býlisins.

Tímabilið 1921 – 1944

Uppúr 1920 hófst uppbygging Rafmagnsveitu Reykjavíkur í Elliðaárdalnum. Lágreist húsaþyrpingin reis á norðvesturhluta skipulagssvæðisins, sunnar Rafstöðvarvegar, á árunum 1921-1937. Flest húsa Rafmagnsveitunnar sem risu á þessum tíma eru steinsteypt með bárujárnsklæddu mænisþaki. Veggir húsanna eru hvítmálaðir og þök flestra húsanna máluð í rauðum lit. Húsin sem um ræðir eru: Rafstöðin, Rafstöðvarvegi 6 (fastanúmer 204-4089 – b.1921), íbúðarhús stöðvarstjóra, Rafstöðvarvegi 8 (fastanúmer 204-4088 – b. 1921), hlaða, Rafstöðvarvegi 10 (fastanúmer 204-4086 – b. 1933), fjós, Rafstöðvarvegi 12 (b.1924) og aðalspennistöð, Rafstöðvarvegi 14 (fastanúmer 204-4080 – b. 1937). Aðalspennistöðin sker sig úr húsaþyrpingunni hvað byggingarstíl og útlit varðar, enda er hún byggð síðar og hönnuð í anda fúnkisstefnunnar. Árbæjarstífla, sem er aðveitustífla Elliðaárstöðvar, var byggð samtímis húsaþyrpingu Rafmagnsveitunnar og um leið voru lagðar tvær þrýstivatnspípur meðfram ánum að norðanverðu frá stíflunni. Á áttunda áratugnum voru pípurnar endurnýjaðar og einni pípu komið fyrir í stað tveggja. Pípan er að hluta til ofanjarðar og myndar lágan grasvaxinn hrygg meðfram Rafstöðvarvegi.

Á suðvesturhluta svæðisins, í Blesugrófi og nágrenni, tóku að rísa sumarbústaðir og lítil íveruhús upp úr 1930. Um og upp úr seinni heimsstyrjöld hélt þessi þróun áfram og óskipulögð íbúðabyggð reis í stórum hluta Elliðaárdals. Tvö hús af þeim sem tilheyrðu þessari byggð og risu á tímabilinu 1921-1944 standa enn innan skipulagssvæðis Elliðaárdals: *Skálará,* Stekkjarbakki 1 (fastanúmer 204-4136 – b. 1932) og *Heimahvammur*, Stekkjarbakki 3 (fastanúmer 204-4140 – b. 1940 skv. brunavirðingu). Tvö hús til viðbótar standa eftir af þessari byggð, annars vegar *Hraunteigur* ofan Höfðabakka, en það fellur undir tímabil yngri byggðar (sjá hér aftar) og hins vegar, *Gilsbakki*, Stekkjarbakki 9 (b. 1942), sem stendur utan skipulagssvæðisins sem hér er til umfjöllunar. Hús þessi standa sem vitnisburður um byggðaþróun svæðisins og sögu húsnæðismála í Reykjavík á kreppu- og stríðsárunum.

Tímabil yngri byggðar – 1945 og síðar

Flest húsanna á skipulagssvæðinu eru byggð á tímabilinu eftir 1945 en yngsta húsið var reist árið 2011 fyrir Fornbílaklúbb Íslands (Rafstöðvarvegi 7) og stendur vestan við aðveitustöð Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Uppbygging Rafmagnsveitu Reykjavíkur á norðvesturhluta skipulagssvæðisins (Rafstöðvarsvæðinu) hélt áfram eftir 1945. Hús sem reist voru í tenglsum við starfsemina eru: *Toppstöðin*, Rafstöðvarvegi 4 (fastanúmer 204-4090 – b. 1946), félagsheimili, Rafstöðvarvegi 20 (fastanúmer 204-4113 - b. 1961), aðveitustöð, Rafstöðvarvegi 9 (fastanúmer 204-4091 – b. 1968) og aðveiturstöð 5, Rafstöðvarvegi 13 (fastanúmer 221-7324 – b. 1994).

Á árunum 1967-1984 reisti Hitaveita Reykjavíkur átta borholuhús norðan Stekkjarbakka. Um er að ræða einfaldar skúrbyggingar sem reistar voru yfir vinnsluholur. Þrjú þessara borholuhúsa standa innan svæðisins sem hér um ræðir og eru skráð við Stekkjabakka 19 (fastanúmer 232-8468 – b. 1968), Stekkjarbakka 25 (fastanúmer 232-8467 – b. 1968) og Stekkjarbakka 23 (fastanúmer 232-8466 – b. 1968).

Innan svæðisins standa jafnframt fjögur steinsteypt mæla- og lokahús sem reist voru á vegum Vatnsveitu Reykjavíkur. Húsin eru lágstemmd og einföld í útliti. Þau eru staðsett víðsvegar um skipulagssvæðið: Rafstöðvarvegi 51 (fastanúmer 232-8442 – b. 1967), Rafstöðvarvegi 53 (fastanúmer 232-8483 – b. 1987), Vatnsveituvegi 102 (fastanúmer 232-8499 – b. 1987) og að Stekkjarbakka 1A (fastanúmer 232-8452 – b. 1987).

Önnur hús sem reist voru á tímabilinu voru byggð undir ólíka stafsemi af ýmsum aðilum. Húsin sem um ræðir eru: jarðhús eða kartöflugeymslur, Rafstöðvarvegi 1A (ýmis fastanúmer – b. 1949), veiðihús, Rafstöðvarvegi 2 (fastanúmer 204-3312 – b. 1960), starfsmannahús hjá skíðatogbraut, Rafstöðvarvegi 15 (fastanúmer 221-4159 – b. 1994), *Hraunteigur*, Vatnsveituvegi 104 (fastanúmer 204-4155 – b. 1956), skúrbyggingar að Stekkjarbakka 5 (fastanúmer 204-4145 – b. <1965) og hús sem byggt var fyrir Fornbílaklúbb Íslands að Rafstöðvarvegi 7 (fastanúmer 228-2521 – b. 2011).



Mynd 261 Myndin sýnir byggingartímabil húsanna á skipulagssvæðinu, sem flest eru reist eftir 1945.

2.4.3 Húsaskrá – Elliðaárdalur

Byggingarár **1985**

Árbæjarstífla - Lokahús

(hús án staðfangs)

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita Reykjavíkur

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Hús yfir öryggisloka á fallpípu





Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Ómúrað
Þakgerð	Flatt þak
Þakklæðning	Steypt
Undirstöður	Steyptar

Upphaflegt útlit
Einlyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið sem hér um ræðir er staðsett við norðurenda Árbæjarstíflu sem var upphaflega reist á árunum 1920-29 eftir teikningu Aage Broager Christensen og Guðmundar Hlíðdals. Húsið er stakstætt og staðsett yfir öryggisloka á fallpípu virkjunarinnar, nokkrum metrum frá stíflunni. Hönnuður hússins er ókunnur en það sést á yfirlitsmynd sem teiknuð var af Almennu verkfræðistofunni árið 1985 og loftmynd frá árinu 1990 (sjá Borgarvefsjá). Almenna Verkfræðistofan hannaði nýtt stífluhús á Árbæjarstíflu árið 1985 en útliti, efnisvali og áferð þess svipar til hússins sem hér um ræðir. Hugsanlegt er að húsin hafi verið byggð samtímis.

Húsið er ekki skráð í Fasteignaskrá og hefur ekki staðfang.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Lágt gildi.** Einfalt steinsteypt mannvirki, byggt yfir fallpípu.

Menningarsögulegt gildi: **Lágt.** Líklega reist á níunda áratug tuttugustu aldar og því ekki hluti af upprunalegu stíflumannvirkjunum.

Umhverfisgildi: **Lágt.**

Upprunaleg gerð: **Miðlungs.** Líklega óbreytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: **Húsið hefur lágt varðveislugildi.**

Byggingarár **1985**


Árbæjarstífla - Stífluhús

(hús án staðfangs)

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita Reykjavíkur

Hönnun Almenna verkfræðistofan

Upphafleg notkun Stífluhús





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Steinsteypt	Einlyft		
Klæðning	Ómúrað			
Þakgerð	Flatt þak			
Þakklæðning	Steypt			
Undirstöður	Steyptar			

Saga

Húsið sem hér um ræðir er staðsett við norðurenda Árbæjarstíflu, sem er aðveitustífla Elliðaárstöðvar. Fyrsti áfangi stíflunnar var steyptur árið 1920 en hún var síðar, árið 1929, hækkuð og lengd svo að hún náði fyrir kvíslina sunnan Blásteinshólma. Hönnuðir upphaflegu stíflunnar voru verkfræðingarnir Aage Broager Cristiansen og Guðmundur Hlíðdal.

Í kjölfar lagfæringa á stíflunni árið 1985 var stífluhúsið, sem staðsett er við austurenda brúarinnar, reist í þeirri mynd sem það stendur í dag. Áður stóð þar eldra stífluhús úr timbri. Stífluhúsið tengist inntaksþró stíflunnar og var upphaflega nýtt sem vökvadælustöð fyrir hífikrana sem og geymsla fyrir áhöld til hreinsunar á inntaksristum.

Árið 2012 voru mannvirki sem tilheyrðu Elliðaárvirkjun friðlýst, þar á meðal stíflan sem hús þetta er byggt á. Húsið er ekki skráð í Fasteignaskrá og hefur ekki staðfang.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Einfalt steinsteypt stífluhús.

Menningarsögulegt gildi: **Miðlungs.** Stífluhúsið var reist á níunda áratug tuttugustu aldar og er því ekki hluti af upprunalegu stíflumannvirkjunum.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Þrátt fyrir að stífluhúsið hafi ekki tilheyrt upphaflegu stíflunni er það hluti af heildarmynd hennar í dag.

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Húsið virðist óbreytt að mestu.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.**

Byggingarár **1949**

Rafstöðvarvegur 1a

Jarðhúsin

Fyrsti eigandi Ókunnur **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Jarðhús





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit
Tegund	Stálbindingur	Einlyft
Klæðning	Bárujárn	
Þakgerð	Stálbent bogaþak	
Þakklæðning	Torf	
Undirstöður	Steyptar	

Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga	
2004	Nýr kjallari	Pálmar Kristmundsson	arkitekt
	Endurbygging		
	Ný klæðning		
	Gluggabreyting		
	Útlitsbreyting		
2006	Stoðveggur	Pálmar Kristmundsson	arkitekt
	Innt./þjónusturými		

Saga

Jarðhúsin í Ártúnsbrekku (mhl. 01) voru reist árið 1949 sem kartöflu- og grænmetisgeymslur. Norðan megin við jarðhúsin stóð vélarhús sem reist var á svipuðum tíma eða um 1948. Vélarhúsið var að öllum líkindum fjarlægt þegar Vesturlandsvegur var lagður en ekki sjást ummerki um það á loftmyndum eftir 1971.

Jarðhúsin samanstanda af sjö samhliða skálum eða bogaskemmum (mhl. 01) sem voru upphaflega að mestu byggðar inn í landhalla Ártúnsbrekku. Jarðhúsin voru reist úr efnismiklu bárujárni af þeirri gerð sem talið er að hafi verið notað í sprengiefnageymslur á stríðsárunum.

Þörf fyrir kaldar geymslur eins og jarðhúsin, kom til með aukinni matjurtaræktun Reykvíkinga á stríðsárunum ásamt auknum hita í húsum bæjarbúa í kjölfar hitaveitu. Auk einstaklinga nýttu ýmis fyrirtæki sér jarðhúsin, m.a. Grænmetisverslun ríkisins og síðar Grænmetisverslun landbúnaðarins. Á níunda áratugnum var þar svepparækt. Árið 2003 var alfarið hætt að nýta jarðhúsin sem kartöflugeymslur.

Á árunum 2004-2006 voru jarðhúsin endurnýjuð að stórum hluta eftir teikningum Pálmars Kristmundssonar arkitekts og gerðar á þeim miklar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar. Þá var reist neðanjarðargeymsluhúsnæði undir bílaplani á vesturhluta lóðarinnar (mhl. 02), gólf í jarðhúsunum lækkað, starfsemi og notkun húsanna breytt, frístandandi steinsteyptur veggur reistur einum metra frá vesturhlið og gerðar breytingar á opnunum (s.s. gluggum, og hurðaopum) í vestur. Grafið var frá austurhlið jarðhúsanna og settur þar gluggi með flóttaleið frá millipalli en einnig voru settir millipallar í fimm skemmur af sjö. Árið 2006 var reistur stoðveggur við austurhlið og veitt leyfi til að nýta rýmið milli austurhliðar og stoðveggs fyrir inntaksklefa/þjónusturými (mhl. 02). Með þessum breytingum eru skemmurnar í raun ekki lengur niðurgrafnar. Eftir breytingarnar hafa jarðhúsin þjónað m.a. sem veitingahús, veislu- og sýningasalir.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Sjö samhliða bogaskemmur (jarðhús), með seinni tíma útlitsbreytingum og viðbyggingum.Upphaflega niðurgrafnar eða felldar inn í landhalla, en standa nú í breyttri mynd.

Menningarsögulegt gildi: **Hátt.** Jarðhúsin standa sem heimild um fyrra hlutverk sitt og sögu matjurtaræktunar í Reykjavík, þrátt fyrir að hafa verið breytt úr sinni upphaflegu mynd sem niðurgrafnar grænmetisskemmur.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Upphaflega var einungis vesturgafl jarðhúsanna sýnilegur og féllu þau inn í gróið nærumhverfi, en eru nú með nýlegum breytingum meira áberandi og falla ekki eins vel að umhverfinu.


Upprunaleg gerð: **Miðlungs.** Gerðar hafa verið miklar útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á jarðhúsunum samhliða breyttu hlutverki þeirra. Breytingarnar hafa rýrt upprunaleika þeirra.

Varðveislugildi: **Húsin hafa miðlungs varðveislugildi. Þau hafa mikið menningarsögulegt gildi en þær breytingar sem gerðar hafa verið á þeim hafa að nokkru leyti rýrt varðveislugildi þeirra. Húsin standa innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar (sjá skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7. Árbær).***

Byggingarár **1960**

Rafstöðvarvegur 2

Fyrsti eigandi	**Hönnun**	**Upphafleg notkun**
Rafmagnsveita Reykjavíkur	Sverrir Sæmundsson Skúli H. Norðdahl	Veiðihús





Upphafleg gerð		**Upphaflegt útlit**	**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
Tegund	Timburgrind	Einlyft		
Klæðning	Timbur			
Þakgerð	Mænisþak			
Þakklæðning	Eir			
Undirstöður	Steyptar			

Saga

Húsið sem hér um ræðir var reist árið 1960 sem veiðimanna- og varðmannsskýli eftir teikningu Sverris Sæmundssonar og Skúla H. Norðdahl en í frétt *Morgunblaðsins* frá 18. febrúar 1960 er greint frá því að framkvæmdir séu hafnar við byggingu hússins.

Húsið stendur stakstætt í hólmanum á milli austur- og vesturkvíslar Elliðaánna, rétt sunnan vegarins upp Ártúnsbrekku. Það er eina veiðihúsið sem reist hefur verið við Elliðaárnar frá því að breskir veiðimenn stunduðu þar veiðar á fyrri hluta 20. aldar og reistu þar veiðihús sem nú eru horfin.

Húsið var byggt af Rafmagnsveitu Reykjavíkur (nú Orkuveita Reykjavíkur), sem hafði umsjón með vatnsréttindum í Elliðaám frá 1925, en Stangveiðifélag Reykjavíkur (SVFR), sem leigt hefur árnar frá stofnun félagsins 1939, mun hafa lagt húsinu til seturstofuhúsgögn (*Þjóðviljinn*, 1.5.1960, bls. 12). Í húsinu átti að vera rúmgóð harðviðarklædd setustofa með arni og tilheyrandi grjóthleðslu, veiðimannaherbergi, eldhúsi og forstofu.

Í dag (2019) er húsið í umsjón SVFR sem nýtir húsið undir veiðitengda starfsemi.

Varðveislumat


Byggingarlist:	**Miðlungs gildi.** Einfalt timburhús með skálasniði.
Menningarsögulegt gildi:	**Miðlungs.** Húsið er eina eftirstandandi veiðihúsið á svæðinu en veiði hefur verið stunduð í Elliðaám frá fornu fari.
Umhverfisgildi:	**Miðlungs.** Húsið er lágreist og stendur stakstætt í grónu umhverfi. Norðurhlið hússins sést frá Höfðabakkabrú. Að öðru leiti er húsið lítt sjáanlegt sökum trjágróðurs og hefur því lágmarksáhrif á umhverfið.
Upprunaleg gerð:	**Hátt gildi.** Húsið virðist óbreytt að mestu.
Varðveislugildi:	**Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.**

Byggingarár **1946**

Rafstöðvarvegur 4

Toppstöðin

Fyrsti eigandi	**Hönnun**	**Upphafleg notkun**
Rafmagnsveita Reykjavíkur	Frumdrættir E. G. E. Teiknað af B. S.	Varastöð/Toppstöð





Upphafleg gerð		**Upphaflegt útlit**
Tegund	Stálgrind	
Klæðning	Cellotex	
Þakgerð	Flatt þak	
Þakklæðning	Járn, Cellotex	
Undirstöður	Steyptar	

Helstu breytingar		**Hönnuðir breytinga**	
1963	Viðbygging	Eiríkur Einarsson	arkitekt
1972	Þakbreyting	Eiríkur Einarsson	arkitekt
1974	Ný klæðning Útlitsbreyting	Páll Flygenring	verkf.

Saga

Byggingin, sem í daglegu tali er nefnd Toppstöðin, var olíu- og kolakynt gufuaflsstöð, reist árið 1946 og tekin í notkun árið 1948. Hlutverk hennar var að sinna toppálagspunktum í raforkuþörf og hitaveitu og dregur hún nafn sitt af því. Starfsemi Toppstöðvarinnar var lögð niður árið 1981 og var húsið um tíma nýtt sem geymsluhúsnæði fyrir Landsvirkjun. Árið 2008 tók samnefnt frumkvöðlasetur hluta hússins undir sína starfsemi.

Toppstöðinni var valin staður við Elliðaárnar m.a. vegna þess að aðgangur þurfti að vera að kælivatni fyrir starfsemina. Bandarískur húsasmíðameistari var fenginn til að vinna að teikningum að húsinu en arkitektarnir Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson gerðu tillögur um einstök atriði. Burðarvirki hússins er hnoðuð stálgrind en efnið í stálgrindina kom tilskorið frá verksmiðjunni Bethlehem Steel Corp í Bandríkjunum. Stálgrindin var reist upp, sett saman og hnoðuð á staðnum undir leiðsögn bandarísks verkstjóra (*Tímarit V. F. Í.*, 1948, 3. tbl., bls. 29-51). Klæðning hússins var gerð af 4 cm þykkum Cellotexplötum sem skrúfaðar voru utan á grindina. Yfir samskeyti voru settir álhúðaðir járnlistar. Gluggarnir voru upphaflega úr járni, þakið flatt með 5 mm þykku stórbáróttu asfaltbornu járni. Ofan á járnið var lagt tvöfalt plötulag úr asfaltbornu Cellotexi. Hæsti og stæsti hluti hússins er ketilhús, sem stendur vestast, austan við það er túrbínuhús og lægri verkstæðis og skrifstofubygging, en sunnar er kolageymslubygging.

Staðsetning hússins á lóðinni var hugsuð með þeim hætti að hægt væri að byggja við það til norðurs, líkt og gert var árið 1963 eftir teikningu Eiríks Einarssonar arkitekts. Árið 1972 var þaki hússins breytt í lágreist valmaþak eftir teikningum Eiríks. Tveimur árum síðar var byggingin klædd með trapísuklæðningu úr lituðu stáli og hylur hún upprunalegu klæðninguna, sem enn er til staðar, auk hluta af gluggum og dyrum hússins. Byggingin er því töluvert breytt í útliti frá upphaflegri hönnun sem var í anda fúnkisstefnunnar.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Hrátt iðnaðarhús í fúnkisstíl sem hannað var sem hjúpur um sérhæfðan vélbúnað. Burðarvirki hússins telst til óalgengra lausna hér á landi og veitir byggingunni því sérstöðu.

Menningarsögulegt gildi: **Miðlungs.** Húsið og sá vélbúnaður sem það hýsir stendur sem vitnisburður um innviðasögu borgarinnar og lausnir síns tíma í orkumálum.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Byggingin er áberandi í dalnum og sker sig úr í viðkvæmu umhverfi. Staðsetning hússins réðst upphaflega af nauðsynlegri tengingu við önnur mannvirki á svæðinu.

Upprunaleg gerð: **Miðlungs gildi.** Húsinu hefur verið breytt með nýju þakformi, stækkun og nýrri klæðningu og hefur þar með að nokkru leyti tapað sínum upphaflegu fúnkiseinkennum en hýsir enn upphaflegan vélabúnað.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi. Hús sem gæti boðið upp á fjölbreytta nýtingarmöguleika að gerðum nauðsynlegum endurbótum. Húsið stendur innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar (sjá skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7. Árbær).***

Byggingarár **1921**

Rafstöðvarvegur 6

Elliðaárstöð

Fyrsti eigandi	**Hönnun**	**Upphafleg notkun**
Rafmagnsveita Reykjavíkur	Jón Þorláksson, G. Hlíðdal og A. B. Christensen	Aflstöðvarhús





Upphafleg gerð		**Upphaflegt útlit**	**Helstu breytingar**		**Hönnuðir breytinga**	
Tegund	Steinsteypt	Tvílyft	1933	Viðbygging	Sigurður Ólafsson	verkfr.
Klæðning	Múrsléttað	Kjallari		Gluggabreyting		
Þakgerð	Mænisþak					
Þakklæðning	Bárujárn					
Undirstöður	Steyptar					

Saga

Til að mæta vaxandi raforkuþörf í bænum samþykkti bæjarstjórn Reykjavíkur árið 1919 að láta virkja Elliðaárnar og reisa rafstöð, nálægt býlinu Ártúni. Fyrstu teikningar af rafstöðvarhúsi gerði Jón Þorláksson verkfræðingur árið 1918. Teikningu Jóns svipar útlitslega til hússins sem var að lokum byggt en skipulag þess var í stöðugri þróun og komu samstarfsmenn Jóns, Guðmundur Hlíðdal og Aage Broager Christensen, verkfræðingar, einnig að hönnun hússins á seinni stigum. Teikning þeirra frá 1921 sýnir húsið nokkurn veginn í þeirri mynd sem það var byggt (að frátalinni stækkun frá 1933).

Framkvæmdir við stíflugerð og byggingu stöðvarhússins og íbúðarhúss stöðvarstjóra hófust á fyrri hluta árs 1920 og var að mest lokið fyrir jól sama ár. Þann 27. júní 1921 var stöðin vígð að viðstöddum Kristjáni konungi X og Alexandrínu drottningu. Rafmagn frá Elliðaárstöð, sem var ætlað fyrir smáiðnað og til lýsingar í bænum, var leitt með ofanjarðarlínu frá rafstöðinni í aðveitustöð á Skólavörðuholti.

Rafstöðvarhúsið er hannað í látlausum nýklassískum stíl en útlit þess minnir m.a. á norrænar rafstöðvarbyggingar frá svipuðum tíma (sjá grein Stefáns Pálssonar í *Morgunblaðinu*, 19.7.2004, bls. 18). Það er byggt úr steinsteypu og hefur frá upphafi verið með járnklæddu þaki. Húsið skiptist í tvo aðalhluta, einlyftan vélasal og tvílyft háspennuhús. Vélasalur hýsti og hýsir enn túrbínur á steyptum undirstöðum og aðrar rafmagnsvélar. Þar voru veggir lagðir postulínsflísum upp að gluggum, en að öðru leyti var salurinn hvíttaður og gólfið lagt leirtíglaflísum. Í lofti salarins eru sýnilegir (málaðir) burðarbitar úr timbri. Önnur rými í húsinu voru máluð, loft kalksléttuð og hvíttuð. Árið 1933 var byggð viðbygging í samskonar stíl við vesturgafl hússins eftir teikningu Sigurðar Ólafssonar sem starfaði sem verkfræðingur hjá Rafmagnsveitunum á þeim tíma. Inngangar á suður- og norðurhlið hússins voru færðir í kjölfar stækkunarinnar og bogagluggum fjölgaði úr 4 í 6. Árið 2010 var starfsemi hætt í Elliðaárstöð.


Varðveislumat

Byggingarlist:	**Hátt gildi.** Hús sérhannað til að hýsa tækjabúnað rafstöðvar, í látlausum nýklassískum stíl með stórum bogadregnum gluggum og allháu risi.
Menningarsögulegt gildi:	**Hátt.** Húsið og sá tækjabúnaður sem það hýsir, ásamt öðrum friðlýstum mannvirkjum Elliðaárvirkjunnar, er mikilvægur vitnisburður um þær miklu tæknibreytingar sem urðu með tilkomu rafmagnsvæðingar á fyrri hluta 20. aldar í Reykjavík.
Umhverfisgildi:	**Hátt.** Húsið er hluti af heildstæðri húsaþyrpingu sunnan Rafstöðvarvegar. NA-hlið hússins er áberandi frá Rafstöðvarvegi og veitir húsinu sérstöðu í nærumhverfinu.
Upprunaleg gerð:	**Hátt gildi.** Húsið er að mestu óbreytt en hefur verið stækkað með viðbyggingu í sama stíl. Upprunalegur tækjabúnaður er til staðar í húsinu og allur innri frágangur í tækjasal óbreyttur.
Varðveislugildi:	**Húsið hefur hátt varðveislugildi. Það var friðað af mennta- og menningarmálaráðherra árið 2012 og nýtur því verndar í bláum flokki: *Friðlýst hús og mannvirki*.** **Húsið stendur innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar (sjá skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7. Árbær*).**

Byggingarár **2011**

Rafstöðvarvegur 7

Fyrsti eigandi Fornbílaklúbbur Íslands **Hönnun** ARKÍS **Upphafleg notkun** Sýningarrými





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga
Tegund	Steinsteypt		2012	Innra skipulag	
Klæðning	Flísar		2015	Innra skipulag	
Þakgerð	Flatt þak		2019	Innra skipulag	
Þakklæðning	Dúkur				
Undirstöður	Steyptar				

Saga

Húsið var reist á árunum 2007-2011, sem félagsheimili og sýningarsalur fyrir Fornbílaklúbb Íslands, eftir teikningum ARKÍS. Um leið var reist tengibygging (þjónusturými) milli hússins og húss Orkuveitunar suðaustar á sömu lóð (sjá Rafstöðvarveg 9). Framkvæmdir við byggingu hússins hófust árið 2007 en töfðust vegna efnahagsástands og fjárhagsörðuleika. Árið 2011 var húsið fokhelt en það ár seldi Fornbílaklúbburinn það án þess að hafa lokið uppyggingu og frágangi. Um tíma var líkamsræktarstöð starfrækt í húsinu. Í dag (2020) eru Hitt Húsið og Samband íslenskra framhaldsskólanema m.a. með aðstöðu í húsinu.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Steinsteypt atvinnuhús, hannað undir sérhæfða starfsemi.

Menningarsögulegt gildi: **Lágt.** Síðan Fornbílaklúbburinn seldi húsið hefur ýmis starfsemi verið þar s.s. líkamsræktarstöð og nú (2020) HittHúsið, miðstöð ungs fólks á vegum Reykjavíkurborgar og Samband íslenskra framhaldsskólanema.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Húsið myndar heild með nærliggjandi atvinnuhúsum norðan Rafstöðvarvegar.

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Húsið er óbreytt að gerð.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi. Það stendur innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar (sjá skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7. Árbær)*.**

Byggingarár **1921**


Rafstöðvarvegur 8

Elliðaárstöð, stöðvarstjórahús

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita Reykjavíkur

Hönnun A. B. Christensen

Upphafleg notkun Íbúðarhús rafstöðvarstjóra





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga
Tegund	Steinsteypt	Tvílyft	1975	Anddyri N-hlið	Guðmundur Kr. Kristinsson
Klæðning	Kalksléttað	Kjallari		Inngangur S-hlið	
Þakgerð	Mænisþak	Ris	1997	Innra skipulagi br.	Ferdinand Alfreðsson
Þakklæðning	Bárujárn				
Undirstöður	Steyptar				

Saga

Húsið sem hér um ræðir er hluti af þyrpingu húsa sem tilheyra Elliðaárvirkjun. Upphaflega var húsið hannað sem íbúðarhús fyrir rafstöðvarstjóra. Það kemur fyrst fyrir á teikningu Aage Broager Christensen verkfræðings frá árinu 1920 en það var teiknað og byggt samhliða rafstöðvarhúsinu (Rafstöðvarvegi 6).

Bygging hússins hófst snemma í maí 1920 en í október sama ár voru fyrstu herbergin tekin í notkun. Byggingu hússins taldist að mestu leyti lokið fyrir jól 1920 (*Tímarit V. F. Í.*,1921, 6. tbl., bls. 74). Elliðaárstöð var síðan vígð og hún tekin í notkun í júní 1921.

Árið 1975 var byggt andyri við norðurhlið hússins. Sama ár var inngangi, tröppum og hurð bætt við suðurhlið hússins. Upphaflegt útlit hússins breyttist töluvert við viðbæturnar. Árið 1997 var fyrirkomulagi innandyra breytt til funda- og námskeiðahalds.

Árið 2012 voru mannvirki sem tilheyrðu Elliðaárvirkjun friðlýst, þar á meðal íbúðarhúsið sem hér um ræðir.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Hátt gildi.** Íbúðarhúsinu svipar til timburhúsa í sveitserstíl hvað varðar gluggasetningu, djúpt þakskegg og sökkulbrún við hæðarskil kjallara og hæðar.

Menningarsögulegt gildi: **Hátt.** Hluti af þeirri húsaþyrpingu sem tilheyrir Elliðaárvirkjun og stendur sem vitnisburður um starfsemi Rafmagnsveitu Reykjavíkur og ábúð á staðnum.

Umhverfisgildi: **Hátt.** Húsið er hluti af heildstæðri húsaþyrpingu sunnan Rafstöðvarvegar.

Upprunaleg gerð: **Miðlungs gildi.** Útliti hússins hefur verið breytt með nýjum inngöngum á norður- og suðurhlið. Skipulagi innandyra hefur jafnframt verið breytt.

Varðveislugildi: **Húsið hefur hátt varðveislugildi en það var friðað af mennta- og menningarmálaráðherra árið 2012 og er því í bláum flokki: *Friðlýst hús og mannvirki*.**
Húsið stendur innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar (sjá skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7. Árbær).*


Byggingarár **1968**

Rafstöðvarvegur 9

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita Reykjavíkur

Hönnun Gunnlaugur Halldórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson

Upphafleg notkun Aðveitustöð





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit
Tegund	Holsteinn	Tvílyft
Klæðning	Múrsléttað	Kjallari
Þakgerð	Flatt þak	Svalir
Þakklæðning		
Undirstöður	Steyptar	

Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga	
1990	Innra skipulagi br.	Ferdinand Alfreðsson	arkitekt
1995	Innra skipulagi br.	Ferdinand A. og Guðm. Kr.	arkitekt
2006	Innra skipulagi br. Tengibygging	ARKÍS	arkitekt
2013	Nýir gluggar	Egill Guðmundsson og	arkitekt
2013	Breyting á hurðum Innra skipulag Ný klæðning	Aðalsteinn Snorrason	arkitekt

Saga

Húsið var hannað sem aðveitustöð fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur og reist á árunum 1966-1968 eftir teikningu Gunnlaugs Halldórssonar og Guðmundar Kr. Kristinssonar arkitekta. Húsið var brunavirt í ágúst 1968 og er þá sagt hlaðið úr holsteini milli steinsteyptra súlna, múrhúðað og málað. Húsið gekk undir nafninu Aðveitustöð.

Árið 1990 voru innréttaðir sýningarsalir á efri hæð hússins og opnuð þar sýning á munum nýstofnaðs Minjasafns Rafmagnsveitunnar. Eftir að starfsemi aðveitustöðvarinnar var flutt í nýtt hús að Rafstöðvarvegi 13 árið 1994, var fræðslusetur OR, Orkuheimar, opnað á neðri hæð hússins. Starfsemi safnsins og fræðslusetursins var lögð niður árið 2010 og hafa ýmis aðilar haft starfsemi í húsinu síðan.

Á árunum 2006-2011 var reist hús norðar á lóðinni (sjá, Rafstöðvarveg 7) undir starfsemi Fornbílaklúbbs Íslands. Samtímis var reist tengibygging milli húsanna með móttökusal og inngöngum fyrir hvora byggingu. Við breytingarnar voru endurbætur gerðar á húsinu (s.s. á klæðningu) og lóðinni. Árið 2011 seldi Orkuveitan húsið og árið 2012 fékkst leyfi fyrir breyttri starfsemi í því. Árið 2013 voru frekari breytingar gerðar, m.a. innra skipulagi breytt, gaflar hússins klæddir með ljósri flísaklæðningu og nýjir gluggar settir á vesturhlið og suðurgafl.

Í dag 2020, er Hitt húsið, miðstöð ungs fólks (á vegnum Reykjavíkurborgar), m.a. með starfsemi í húsinu.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Atvinnuhús fyrir sérhæfða starfsemi í módernískum anda, með breytingum í anda nútíma húsagerðar.

Menningarsögulegt gildi: **Miðlungs.** Húsið ber vitni um innviðasögu borgarinnar og sögu rafmagnsnotkunar á Íslandi.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Húsið myndar heild með nærliggjandi atvinnuhúsum OR sem staðsett eru norðan Rafstöðvarvegar.

Upprunaleg gerð: **Lágt gildi.** Húsinu hefur verið breytt töluvert, svo sem með klæðningu á göflum og gluggum á suður- og vesturhlið sem breytt hafa upprunalegri ásýnd hússins að hluta.


Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi. Það stendur innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar (sjá skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7. Árbær)*.**

Byggingarár **1933**

Rafstöðvarvegur 10

Elliðaárstöð, hlaða

Fyrsti eigandi	**Hönnun**	**Upphafleg notkun**
Rafmagnsveita Reykjavíkur	Sigurður Ólafsson verkfræðingur	Heyhlaða





Upphafleg gerð		**Upphaflegt útlit**	**Helstu breytingar**		**Hönnuðir breytinga**	
Tegund	Timbur, bindingur	Einlyft	1933	Viðbygging	Jakob Guðjohnssen	verkfr.
Klæðning	Bárujárn		1998	Geymsluskýli á lóð	Ferdinand Alfreðsson	arkitekt
Þakgerð	Mænisþak					
Þakklæðning	Bárujárn					
Undirstöður	Steyptar					

Saga

Byggingin sem hér um ræðir er hluti af þyrpingu húsa sem tilheyra Elliðaárvirkjun. Hún var byggð árið 1933 eftir teikningum Sigurðar Ólafssonar sem starfaði sem verkfræðingur hjá Rafmagnsveitunni á þeim tíma (*Morgunblaðið*, 9.1.1970, bls. 18). Sama ár og húsið var byggt var það lengt til vesturs og teiknaði Jakob Guðjohnssen viðbótina en hann starfaði einnig sem verkfræðingur hjá Rafmagnsveitunni og varð síðar rafmagnsstjóri.

Húsið var byggt sem bráðabirgðarskýli fyrir hey en frá því í tíð fyrsta stöðvastjórans, Ágústs Guðmundssonar og Sigríðar Pálsdóttur, var kúabúskapur á staðnum. Fyrir stóð fjós á svæðinu og standa þessi hús sem minjar um þá tíð þegar búskapur fylgdi ábúð á staðnum.

Árið 1998 var óeinangrað opið geymsluskýli reist á lóðinni, austan við hlöðuna og fjósið, ásamt tveggja metra háu grindverki úr timbri og stáli sem myndar lokað port milli húsanna. Í dag (2020) virðist gámur sem staðsettur er í NA-horni, vera hluti af grindverkinu kringum húsin. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið nýtt í dag sem geymsla.

Árið 2012 voru mannvirki sem tilheyrðu Elliðaárvirkjun friðlýst, þar á meðal hlaðan sem hér um ræðir.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Einföld timburskemma (hlaða) frá 4. áratugi 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: **Hátt.** Hluti af þeirri húsaþyrpingu sem tilheyrir Elliðaárvirkjun. Húsið er vitnisburður um búskap sem fylgdi ábúð stöðvarstjóra á staðnum.

Umhverfisgildi: **Hátt.** Hluti af heildstæðri húsaþyrpingu sunnan Rafstöðvarvegar.

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Húsið virðist að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: **Húsið hefur hátt varðveislugildi. Það var friðað af mennta- og menningarmálaráðherra árið 2012 og er því í bláum flokki: *Friðlýst hús og mannvirki.* Húsið stendur innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar (sjá skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7. Árbær).***

Byggingarár **1910**

Rafstöðvarvegur 11
Ártún

Fyrsti eigandi Þorbjörn Finnsson
Jóna Jónsdóttir

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Íbúðarhús





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga
Tegund	Timbur, bindingur	Einlyft	<1925	Viðbygging	?
Klæðning	Bárujárn	Ris	2000-	Timbursvalir, pallur	?
Þakgerð	Mænisþak	Kjallari	2004	og skjólveggur	
Þakklæðning	Bárujárn		2014	Skjólveggur	?
Undirstöður	Steyptar				

Saga

Ártún var ein af þeim jörðum sem urðu seinna hluti af bæjarlandi Reykjavíkur. Allt þar til að Elliðaárnar voru brúaðar árið 1883 lá þjóðleiðin til og frá Reykjavík um tún Ártúns. Ártún var því lengi vel í alfaraleið og þar var stunduð greiðasala og gistiþjónusta á seinni hluta 19. aldar. Árið 1906 keypti Reykjavíkurbær jörðina Ártún.

Árið 1910 buðu bæjaryfirvöld þeim Þorbirni Finnsyni og Jónu Jónsdóttur að setjast að í Ártúni þar sem þau reistu núverandi hús (skv. munnlegri heimild Braga Ólafsonar, íbúa í Ártúni). Húsið sést á myndum teknum við Elliðaár í kringum 1918 en það var fyrst brunavirt árið 1929, líklega eftir endurbætur. Í brunavirðingunni (frá 1929) kemur fram að íbúðarhúsið sé einlyft, með risi og kjallara, byggt úr bindingi, með steinsteyptum kjallara, sementsléttuðum að utan. Óljóst er hvernig húsið var upphaflega klætt að utan (misritun virðist vera í brunavirðingunni), en ekki er ólíklegt að yst hafi verið bárujárn, eins og á áfastri viðbyggingu við húsið, sem virt var um leið. Viðbyggingin (heyhlaða og gripahús) stóð og stendur enn við austurvegg hússins. Hún var þrískipt og var fjós í þeim hluta sem er næst húsinu, heyhlaða í miðjunni og kindahús austast. Geymsluhús og þvagþró voru einnig virt með húsinu. Húsið var óbreytt við brunavirðingar gerðar 1941 og 1947. Búskapur með kindur, kýr og hross var í Ártúni fram til síðari hluta sjöunda áratugarins.

Um 2000-2004 voru reistar timbursvalir, ásamt palli og hellulögðu svæði, við SV-horn hússins, þar sem áður stóð áfastur skúr með skáþaki. Skjólveggir, bæði úr steypu og timbri hafa jafnframt verið reistir við suðurhlið hússins.

Íbúðarhús jarðarinnar Ártúns er friðað, ásamt fornleifum gamla bæjarstæðisins, þ.e. bæjarhól, heimtröð, túngörðum og túnum. Æskilegt er að varðveita húsið og umhverfi þess sem menningar- og búsetulandslag sem ber vitni um langa sögu jarðarinnar.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Einfalt bárujárnshús. Íbúðarhús sveitabýlis frá öndverðri 20.öld, með áföstu útihúsi.

Menningarsögulegt gildi: **Hátt.** Húsið og umhverfi þess bera vitni um langa sögu jarðarinnar Ártúns og búskapar á svæðinu fyrir tíð íbúðarbyggðar og skipulags á svæðinu. Húsið er síðasti hlekkurinn í byggingarsögu býlisins Ártúns.

Umhverfisgildi: **Hátt.** Húsið stendur stakstætt á bæjarhóli sem einskonar minnisvarði um eldra búsetulandslag og byggingarsögu Ártúns í Elliðaárdalnum. Sjónrænt gildi hússins og umhverfis þess er því mikið.

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Húsið virðist að mestu óbreytt fyrir utan nýlegar viðbætur og breytingar á lóð við SV-horn.

Varðveislugildi: **Húsið hefur hátt varðveislugildi. Það er friðað samkvæmt aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og er því í fjólubláum flokki: *Friðuð hús*. Húsið stendur innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar (sjá skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7. Árbær)*.**

Byggingarár **1924**


Rafstöðvarvegur 12

Elliðaárstöð, fjós

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita Reykjavíkur

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun Fjós og járnsmiðja





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga	
Tegund	Steinsteypt	Einlyft	1933	Viðbygging	Sigurður Ólafsson	verkfr.
Klæðning	Múrsléttað	Ris	?	Gluggabreyting	?	
Þakgerð	Mænisþak		?	Ný klæðning	?	
Þakklæðning	Bárujárn		1998	Geymsluskýli á lóð	Ferdinand Alfreðsson	arkitekt
Undirstöður	Steyptar					

Saga

Húsið sem hér um ræðir, fjós með áfastri járnsmiðju, er hluti af þyrpingu húsa sem tilheyrða Elliðaárvirkjun. Elsti hluti hússins var byggður árið 1924 sem fjós (sem rúmaði 2 kýr) og heyhlaða. Árið 1926 var byggt hænsnahús úr holsteini við fjósið. Það hefur líklega verið rifið þegar vesturhluti núverandi húss var byggður 1932-1933, steinsteypt bifreiðargeymsluhús með smiðju í austurenda, eftir teikningu Sigurðar Ólafssonar.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á útliti hússins, frá því sem sýnt er á teikningu Sigurðar frá 1932, aðallega á fyrirkomulagi og útliti glugga og dyra. Austurgafl hússins hefur verið klæddur með plötum sem hafa verið boltaðar í steypuna og síðar málaðar. Ekki finnast frekari upplýsingar um ástæðu eða dagsetningu framkvæmdarinnar.

Árið 1998 var sett upp óeinangrað geymsluhús, opið skýli og tveggja metra hátt grindverk úr timbri og stáli á lóð númer 10-12. Í dag (2020) virðist gámur sem staðsettur er í NA-horni, vera hluti af grindverkinu kringum húsin.

Árið 2012 voru mannvirki sem tilheyrðu Elliðaárvirkjun friðlýst, þar á meðal húsið sem hér um ræðir.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Einfalt, tvískipt iðnaðar- og útihús úr steinsteypu frá 3. tugi 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: **Hátt.** Hluti af þeirri húsaþyrpingu sem tilheyrir Elliðaárvirkjun. Vitnisburður um þann búskap sem fylgdi ábúð stöðvarstjóra á staðnum.

Umhverfisgildi: **Hátt.** Hluti af heildstæðri húsaþyrpingu sunnan Rafstöðvarvegar.

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Húsið er að mestu óbreytt að gerð þrátt fyrir stækkun, breytingu á gluggum, dyrum og klæðningu á austurgafli.

Varðveislugildi: **Húsið hefur hátt varðveislugildi en það var friðað af mennta- og menningarmálaráðherra árið 2012 og er því í bláum flokki: *Friðlýst hús og mannvirki.* Húsið stendur innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar (sjá skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7. Árbær).***

Byggingarár **1994**


Rafstöðvarvegur 13

Aðveitustöð 5

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita Reykjavíkur

Hönnun Ferdinand Alfreðsson, Guðm. Kr. Kristinsson

Upphafleg notkun Aðveitustöð





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Steinsteypt	Einlyft		
Klæðning	?			
Þakgerð	Flatt þak			
Þakklæðning	?			
Undirstöður	Steyptar			

Saga

Húsið var byggt sem aðveitustöð á árunum 1992-1994 eftir teikningu arkitektanna Ferdinands Alfreðssonar og Guðmundar Kr. Kristinssonar fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur (OR). Aðveitustöðin var áður í öðru húsi (sjá Rafstöðvarveg 9), en húsið sem hér um ræðir tók við hlutverkinu árið 1994 og fékk þá sama nafn og fyrri stöðin eða Aðveitustöð 5. Með byggingu hússins var útivirki sem stóð austan við Rafstöðuveg 14 flutt þar inn. Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt hannaði frágang lóðarinnar.

Frá aðveiturstöðinni er raforku dreift til margra hverfa í Reykjavík og nágrenni.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Atvinnuhús í módernískum stíl, hannað utan um sérhæfða starfsemi.

Menningarsögulegt gildi: **Miðlungs.** Húsið ber vitni um innviðasögu borgarinnar og sögu rafmagnsnotkunar á Íslandi.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Húsið myndar heild með nærliggjandi atvinnuhúsum norðan Rafstöðvarvegar en efnisnotkun og stílbrigði hússins eru talsvert ólík eldri byggð á Rafstöðvarsvæðinu.

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Húsið virðist óbreytt.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi. Það stendur innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar (sjá skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7. Árbær)*.**


Byggingarár **1937**

Rafstöðvarvegur 14

Fyrsti eigandi Rafmagnsveita Reykjavíkur

Hönnun Sigurður Guðmundsson arkitekt

Upphafleg notkun Spennistöð





Upphafleg gerð	
Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Pappi
Undirstöður	Steyptar

Upphaflegt útlit
Tvílyft
Ris
Kjallari
Turn

Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga	
1943	Viðbygging	Sigurður Ólafsson	verkfr.
1952	Viðbygging	Sig. Guðmundsson og	arkitekt
		Eiríkur Einarsson	arkitekt
1976	Útlitsbreyting	Guðm. Kr. Kristinsson og	arkitekt
		G. Halldórsson	arkitekt
2006	Skipulag innanhúss	Ferdinand Alfreðsson	arkitekt
	Útveggir		
	Gluggar		

Saga

Húsið stendur meðal húsa Elliðaárvirkjunar við Rafstöðvarveg og var reist árið 1937 eftir teikningum Sigurðar Guðmundssonar arkitekts til að þjóna sem aðalspennistöð fyrir Sogsvirkjun, þegar Sogslína var lögð frá Ljósafossstöð að Elliðaárstöð. Ljósafossstöð var einnig byggð eftir teikningum Sigurðar Guðmundssonar og eru báðar byggingarnar hannaðar í anda fúnkisstefnunnar. Spennistöðin var virt til brunabóta í apríl 1937 og var þá fullbyggð og samanstóð af tvílyftu aðalhúsi, turnhúsi og bakbyggingum. Í henni voru vélasalir, verkstæði og varðstofa. Kjallari var undir hluta hússins.

Árið 1943 var byggð viðbygging suður af bakbyggingu hússins og árið 1952 var reistur turn til viðgerða og viðhalds á spennum austan við eldri turnbygginguna, með tengibyggingu á milli byggingarhluta. Árið 1976 voru gerðar breytingar á turninum og hann klæddur með húðuðum plötum.

Frekari breytingar voru gerðar árið 2006 eftir teikningum Ferdinands Alfreðssonar arkitekts. Þá var innra skipulagi breytt, útveggir einangraðir að innan og láréttum gluggum komið fyrir á SA- og SV-hliðum hússins. Stór gluggi var jafnframt gerður fyrir ofan inngang á suðurhlið hússins.

Árið 2012 var upphaflega byggingin frá 1937, sem reist var eftir teikningu Sigurðar Guðmundssonar, friðlýst ásamt öðrum mannvirkjum sem tilheyra Elliðaárvirkjun.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Hátt gildi.** Steinsteypt atvinnuhús fyrir sérhæfða starfsemi, hannað í anda fúnkisstefnunnar.

Menningarsögulegt gildi: **Hátt.** Byggingin ber innviðasögu borgarinnar vitni sem og sögu rafmagnsnotkunar á Íslandi.

Umhverfisgildi: **Hátt.** Byggingin er hluti af heildstæðri þyrpingu húsa frá 3. og 4. áratug 20. aldar sem standa sunnan Rafstöðvarvegar.

Upprunaleg gerð: **Miðlungs gildi.** Elsti hluti hússins er að mestu óbreyttur. Síðari viðbygging, turn við austurgafl er ekki í samræmi við upprunalegan stíl og útlit hússins.

Varðveislugildi: **Húsið hefur hátt varðveislugildi. Upprunalega húsið (án síðari tíma viðbygginga) var friðlýst árið 2012 og er því í bláum flokki: *Friðlýst hús og mannvirki*. Húsið stendur innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar (sjá skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7. Árbær)*.**


Byggingarár **1994**

Rafstöðvarvegur 15

Fyrsti eigandi Íþrótta- og tómstundarráð Reykjavíkur

Hönnun Leifur Gíslason byggingafræðingur

Upphafleg notkun Starfsmannahús





Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Skífur
Undirstöður	Steyptar

Upphaflegt útlit Einlyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Ártúnsbrekka hefur lengst af 20. öldinni verið notuð til skíðaiðkana. Árið 1992 var sett upp togbraut ofan við íbúðarhúsið Ártún og 1994 reist þar starfsmannahús á vegum íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur, eftir teikningu Leifs Gíslasonar byggingarfræðings.

Vestan við húsið stendur bárujárnsklæddur gámur sem tilheyrir starfsemi hússins. Í kringum húsið og gáminn hefur bæjarhól Ártúns verið raskað lítillega.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Lágt gildi.** Lítil skúrbygging.

Menningarsögulegt gildi: **Miðlungs.** Tengist sögu skíðaiðkunar í Reykjavík.

Umhverfisgildi: **Lágt.** Húsið stendur stakstætt (ásamt gámi) og hefur lítið gildi fyrir nærliggjandi umhverfi.


Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Húsið virðist óbreytt.

Varðveislugildi: **Húsið hefur lágt varðveislugildi. Það stendur innan svæðis sem lagt er til að njóti hverfisverndar (sjá skýrslu Borgarsögusafns nr. 183/2017: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7. Árbær)*.**

Byggingarár **1961**

Rafstöðvarvegur 20

Fyrsti eigandi	**Hönnun**	**Upphafleg notkun**
Rafmagnsveita Reykjavíkur	Eiríkur Einarsson arkitekt	Félagsheimili





Upphafleg gerð		**Upphaflegt útlit**	**Helstu breytingar**		**Hönnuðir breytinga**	
Tegund	Steinsteypt	Einlyft	1976	Viðbygging	Guðmundur Kr. Kristinsson	arkitekt
Klæðning	Múrsléttað	Kjallari	1976	Steyptur kjallari	og Ferdinand Alfreðsson	arkitket
Þakgerð	Mænisþak		1992	Dreifistöð		
Þakklæðning	Bárujárn		2015	Innra skipulagi br.	Ólafur Hersisson	arkitekt
Undirstöður	Steyptar					

Saga

Starfsmenn Rafmagnsveitu Reykjavíkur fengu árið 1960 leyfi til að reisa félagsheimilið sem hér um ræðir á landi Rafmagnsveitunnar við Elliðaár. Húsið, sem var brunavirt árið 1961, teiknaði Eiríkur Einarsson arkitekt. Bygging þess var fjármögnuð með fé úr sjóði sem þáverandi rafmagnsstjóri, Steingrímur Jónsson, hafði stofnað og starfsmenn höfðu safnað í með frjálsum framlögum.

Í brunavirðingu frá 1961 er félagsheimilinu lýst sem steinsteyptri byggingu á einni hæð. Húsið var einangrað með plasti, slétthúðað og málað að utan með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Í húsinu var samkomusalaur, eldhús, snyrtingar með handlaugum, forstofa og andyri. Veggir voru máladir, loft klædd með furu, parket á gólfi í salnum en plast annarstaðar. Hurðir og karmar úr harðviði. Kyndiklefi og geymsla voru jafnframt í húsinu en húsið var kynnt með olíu.

Árið 1972 var félagsheimilið stækkað til suðurs með tilheyrandi breytingum á þaki hússins. Fjórum árum síðar var steyptur kjallari reistur undir hluta af þeirri stækkun eftir teikningu Guðmundar Kr. Kristinssonar og Ferdinands Alfreðssonar, arkitekta.

Árið 1972 var veitt leyfi fyrir stækkun til suðurs og palli á vesturhlið með tilheyrandi breytingum á þaki hússins. Á loftmynd frá 1975 (sjá Borgarvefsjá) sést að húsið hafði þá ekki enn verið stækkað en árið 1976 fékkst leyfi til að láta steypa kjallara undir hluta af samþykktri stækkun. Á loftmynd frá 1979 sést að þá var búið að stækka húsið eftir teikningum Guðmundar Kr. Kristinssonar og Ferdinands Alfreðssonar, arkitekta.

Árið 1992 var komið fyrir innfluttri verksmiðjuframleiddri dreifistöð á lóðinni austan við félagsheimilið á vegum Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Dreifistöðin, sem er þjónustuð utanfrá, er byggð úr stáli og klædd að utan með timbri.

Þegargerðar breytingar á skipulagi innandyra í félagsheimilinu voru samþykktar árið 2015.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Einfalt steinsteypt hús með seinni tíma viðbyggingu sem fellur vel að upphaflegu útliti.

Menningarsögulegt gildi: **Miðlungs.** Húsið tengist sögu Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Húsið situr við bakka Elliðaánna í grónu umhverfi. Austurhlið hússins er áberandi frá Rafstöðvarvegi, en húsið er lágreist og fellur vel að umhverfinu.


Upprunaleg gerð: **Miðlungs gildi.** Form og gluggasetning upphaflegs húss hefur haldið sér þrátt fyrir að það hafi fengið annað yfirbragð eftir að byggt var við það.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.**

Byggingarár **1967**

Rafstöðvarvegur 51

Fyrsti eigandi Vatnsveita Reykjavíkur **Hönnun** Aðalsteinn Richter **Upphafleg notkun** Mælahús





Upphafleg gerð **Upphaflegt útlit** **Helstu breytingar** **Hönnuðir breytinga**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Flatt þak
Þakklæðning	Steypt
Undirstöður	Steyptar

Saga

Stakstætt mælahús, staðsett skammt vestan Höfðabakkabrúar, við aðalvatnsæð norðan Elliðaáa.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Lágt gildi.** Einfalt steinsteypt vatnsveitumannvirki.

Menningarsögulegt gildi: **Lágt.** Ber vitni um innviðasögu borgarinnar.

Umhverfisgildi: **Lágt.** Mannvirkið er sýnilegt frá Höfðabakka.

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Virðist óbreytt að mestu.

Varðveislugildi: **Húsið hefur lágt varðveislugildi.**


Byggingarár **1987**

Rafstöðvarvegur 53

Fyrsti eigandi Vatnsveita Reykjavíkur

Hönnun Magnús Skúlason arkitekt

Upphafleg notkun Lokahús





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Steinsteypt	Einlyft		
Klæðning	Múrsléttað	Kjallari		
Þakgerð	Flatt þak			
Þakklæðning	Torf			
Undirstöður	Steyptar			

Saga

Húsið sem hér um ræðir er stakstætt lokahús byggt árið 1987 eftir teikningum Magnúsar Skúlasonar arkitekts. Það stendur norðan Elliðaáa, skammt austan Höfðabakkabrúar, við aðalvatnshæð norðan Elliðaáa. Húsið er byggt ofan á kjallara sem var til staðar á lóðinni og sést á loftmynd frá 1971. Húsið var steypt á flekamótum, pokahúðað og málað. Það er hálf niðurgrafið og torf er á steinsteyptu þaki þess ásamt galvanhúðuðu handriði.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungst gildi.** Einfalt, steinsteypt vatnsveitumannvirki, niðurgrafið að hluta.

Menningarsögulegt gildi: **Lágt.** Húsið ber vitni um innviðasögu borgarinnar.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Húsið, sem er með torfþaki fellur inn í umhverfið og er því lítt sjáanlegt frá Höfðabakka sem liggur norðan við húsið.

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Húsið virðist óbreytt.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.**

Byggingarár **1932**

Stekkjarbakki 1

Skálará

Fyrsti eigandi Þorvarður Björnsson yfirhafnsögumaður

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun Íbúðarhús





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga
Tegund	Timbur, bindingur	Einlyft	1937	Viðbygging	Ókunnur
Klæðning	Bárujárn		1945	Viðbygging	"
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)			Hækkun, ris	
Þakklæðning	Bárujárn			Múrhúðun	
Undirstöður			1949	Viðbygging	"
			1953	Viðbygging	"
			1964	Viðbygging	"
				Skúr á lóð	"

Saga

Húsið Skálará var upphaflega byggt sem sumarbústaður af Þorvarði Björnssyni yfirhafnsögumanni (1889-1972) árið 1932. Það var þá mun minna hús en nú, byggt úr bindingi, með skáþaki og járnklætt á veggjum og þaki (6 x 4,1 x 2,1 m að stærð). Margsinnis hefur verið byggt við húsið síðan. Elsti hluti þess er líklega miðhlutinn, sem snýr gafli til SA. Árið 1937 var búið að lengja húsið um tvo metra úr bindingi og byggja við það litla viðbyggingu með skáþaki (2,1 x 1,8 x 2,1). Árið 1945 var búið að byggja ris á húsið og múrhúða það með skeljasandi. Þá er virt útskot við húsið (5 x 5,6 x 2,5 m) og inngönguskúr (3,2 x 1,5 x 2,2 m). Árið 1949 var húsið í eigu Lúðvíks Dalbergs Þorsteinssonar og Jóhanns Einarssonar. Þá var búið að byggja við það nýja steinsteypta, skeljasandsklædda viðbyggingu með skáþaki (6 x 1,6 x 2,7 m). Þar virðist vera séríbúð. „Aðalhúsið“ mældist þá 10,4 x 5,2 x 2,5 m, auk þess sem virt var önnur viðbygging við það (4,9 x 4,1 x 2,7 m). Árið 1953 var húsið í eigu Jóhanns Einarssonar og Torfa Eysteinssonar. Húshluti Jóhanns (eldra húsið, austurhluti) mældist þá 7,6 x 8 x 2,7 m og var búið að byggja við það litla viðbyggingu úr hlöðum steini, hraunaða að utan (2,6 x 2,4 x 2,7). Húshluti Torfa (vesturhluti) mældist 7,8 x 7,6 x 2,7 m. Einnig er virtur nýr bílskúr Torfa (8,1 x 5,1 x 2,5 m) og ný geymsla Jóhanns (5 x 1,8 x 2 m). Árið 1964 var enn búið að gera nýja viðbyggingu við eldra húsið, eða austurhlutann, úr hlöðnum steini, einlyfta með flötu þaki (ekki gefin upp stærðarmál). Einnig var búið að byggja nýjan bílskúr á lóðinni, út timbri og pappaklæddan að utan, líklega þann skúr sem stendur á lóðinni í dag. Reykjavíkurborg keypti húsið á árunum 1986-1988. Sólskáli var byggður við norðvesturhlið hússins um 2003-2004. Í dag (2020) er það skráð í eigu Félagsbústaða hf.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Einfalt múrhúðað timburhús frá kreppuárunum með steyptum og steinhlöðnum viðbyggingum.

Menningarsögulegt gildi: **Hátt.** Húsið hefur gildi fyrir sögu byggðar á svæðinu og sögu húsnæðismála í Reykjavík á 20. öld. Það er einn af fáum vitnisburðum sem eftir eru í Elliðaárdal um óskipulagða íbúðabyggð sem tók að rísa þar á kreppuárunum og stríðsárunum og dreifðist áður um stóran hluta Elliðaárdals en er nú að mestu horfin.

Umhverfisgildi: **Miðlungs gildi.** Lágreist hús sem lætur lítið yfir sér. Hluti af eldra byggðamynstri og búsetulandslagi á svæðinu.

Upprunaleg gerð: **Lágt gildi.** Húsinu hefur verið breytt mikið frá upprunalegri gerð með margvíslegum viðbyggingum og múrhúðun.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi. Bent er á gildi hússins fyrir sögu svæðisins.**


Byggingarár **1987**

Stekkjarbakki 1a

Fyrsti eigandi Vatnsveita Reykjavíkur

Hönnun Magnús Skúlason arkitekt

Upphafleg notkun Lokahús





Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Flatt þak
Þakklæðning	Torf
Undirstöður	Steyptar

Upphaflegt útlit

Einlyft
Kjallari

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Niðurgrafið lokahús byggt árið 1987 fyrir Vatnsveitu Reykjavíkur, eftir teikningum Magnúsar Skúlasonar arkitekts.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Einfalt steinsteypt vatnsveitumannvirki, niðurgrafið að mestu.

Menningarsögulegt gildi: **Lágt.** Mannvirkið ber vitni um innviðasögu borgarinnar.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Mannvirkið fellur vel að landslagi en hefur annars lítil áhrif á staðarmynd.

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Mannvirkið virðist óbreytt.

Varðveislugildi: **Mannvirkið hefur miðlungs varðveislugildi.**

Byggingarár **1940**

Stekkjarbakki 3

Heimahvammur

Fyrsti eigandi Þórður Guðmundsson **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga
Tegund	Timbur, bindingur	Einlyft	1947	Viðbygging	Ókunnur
Klæðning	Timbur	Inng.skúr		Múrhúðun	
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)		<1954	Bílskúr	"
Þakklæðning	Timbur		<1984	Endurbætur	"
Undirstöður	Steyptar			Hækkun, ris	
				Ný klæðning	
			2005	Sólskáli	"
			2007	Viðbygg. við bílskúr	"

Saga

Húsið Heimahvammur var upphaflega byggt af Þórði Guðmundssyni árið 1940 sem sumarbústaður við Elliðaárnar. Það var þá minna hús en nú (5,6 x 4,1 x 2,7 m að stærð), byggt úr bindingi á steyptum grunni, með skáþaki og klætt að utan með borðum, pappa og listum. Inngönguskúr var við húsið, byggður eins og það. Ingvi Hraunfjörð Pétursson keypti húsið árið 1943 og mun það síðan hafa verið í eigu hans og afkomenda hans. Það var brunavirt í maí það ár og var þá óbreytt. Þá var það kallað „Heimahvammur við Elliðaár“. Árið 1947 var búið að rífa viðbyggingu sem áður var við húsið, líklega inngönguskúrinn, og byggja í staðinn nýja viðbyggingu úr timbri á steyptum grunni, einlyfta með risi og járnþaki (6,6 x 6 x 3,6 m að stærð). Líklega er þar um að ræða eystri hluta núverandi húss, sem snýr í SV-NA. Eldri hluti hússins, vesturhlutinn, var óbreyttur, með skáþaki (sjá ljósmynd að ofan, frá 1973). Húsið var einnig allt múrhúðað að utan. Ekki finnast teikningar af húsinu eða heimildir um það í skjalasöfnum Reykjavíkurborgar frá því eftir 1947. Á 9. áratugi 20. aldar voru gerðar endurbætur á húsinu og virðist vesturhluti þess meðal annars hafa verið endurbyggður eða byggt á hann ris. Einnig hefur húsið allt verið klætt að utan með lóðréttri borðaklæðningu. Sólstofa var byggð við SV-gafl hússins um 2005. Samkvæmt Fasteignaskrá (2017) tilheyra tveir skúrar eigninni: Bílskúr (mhl. 70) byggður 1945 (skv. Borgarvefsjá er um að ræða tvöfaldan skúr sem stendur fjær húsinu, en hann sést ekki á loftmyndum fyrr en 1965) og bílskúr (mhl. 02) byggður 1960 (skv. Borgarvefsjá sá sem stendur nær húsinu, en hann sést á loftmynd 1954 og er því byggður fyrir það). Gerð var viðbygging framan við síðarnefnda skúrinn um 2007. Húsið var í einkaeigu árið 2020 skv. Fasteignaskrá.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Einfalt timburhús frá stríðsárunum með seinni tíma breytingum.

Menningarsögulegt gildi: **Hátt.** Húsið hefur gildi fyrir sögu byggðar á svæðinu og sögu húsnæðismála í Reykjavík á 20. öld. Það er einn af fáum vitnisburðum sem eftir eru í Elliðaárdal um óskipulagða íbúðabyggð sem tók að rísa þar á kreppuárunum og stríðsárunum og dreifðist áður um stóran hluta Elliðaárdals en er nú að mestu horfin.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Íbúðarhús ásamt útihúsum mynda heild sem er hluti af eldra byggðamynstri og búsetulandslagi á svæðinu. Stendur undir sandbakka við vesturkvísl Elliðaánna, umkringt trjágróðri og fellur ágætlega að umhverfinu.

Upprunaleg gerð: **Lágt gildi.** Húsið er mikið breytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi. Bent er á gildi hússins fyrir sögu svæðisins.**

Byggingarár **<1965**

Stekkjarbakki 5

Fyrsti eigandi Ókunnur **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Bifreiðaverkstæði





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Timbur, bindingur	Einlyft		
Klæðning	Bárujárn			
Þakgerð	Mænisþak			
Þakklæðning	Bárujárn			
Undirstöður				

Saga

Um er að ræða skúra sem byggðir voru fyrir 1965 og hýstu áður bifreiðaverkstæði. Í Fasteignaskrá er byggingarár skráð 1970, en á loftmyndum (Borgarvefsjá) má sjá að skúrar hafa staðið á þessum stað frá a.m.k. 1965.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Lágt gildi.** Einfaldar skúrbyggingar.

Menningarsögulegt gildi: **Miðlungs.** Vitnisburður um óskipulagða byggð á svæðinu og hverfandi búsetulandslag.

Umhverfisgildi: **Lágt.** Skúrarnir hafa lítið gildi fyrir umhverfið.

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Skúrarnir eru líklega óbreyttir að mestu.

Varðveislugildi: **Skúrarnir hafa lágt varðveislugildi.**

Byggingarár **1968**

Stekkjarbakki 21

Fyrsti eigandi Hitaveita Reykjavíkur **Hönnun** **Upphafleg notkun**
Borholuhús





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Timburgrind	Einlyft	2016 Ný klæðning	
Klæðning	Krossviður			
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)			
Þakklæðning	Bárujárn			
Undirstöður	Steyptar			

Saga

Árið 1932 hófust rannsóknarboranir eftir heitu vatni á svæðinu norðan Stekkjarbakka. Á árunum 1967 til 1984 voru boraðar þar 16 djúpar vinnsluholur á vegum Hitaveitu Reykjavíkur og voru átta þeirra virkjaðar og skúrar byggðir yfir þær. Í dag mun einungis ein borholan vera virk. Byggingarár er hér skráð eftir Fasteignaskrá. Byggingarefni skúranna er trégrind klædd rásuðum krossviði. Árið 2016 voru skúrarnir klæddir að utan með láréttri báruklæðningu.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Lágt gildi.** Einföld skúrbygging.

Menningarsögulegt gildi: **Lágt.** Borholuhúsið hefur lágt menningarsögulegt gildi.

Umhverfisgildi: **Lágt.** Borholuhúsið hefur lágt umhverfisgildi.


Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Húsið er líklega óbreytt að mestu utan nýrrar klæðningar.

Varðveislugildi: **Húsið hefur lágt varðveislugildi.**

Byggingarár **1968**

Stekkjarbakki 23

Fyrsti eigandi Hitaveita Reykjavíkur **Hönnun** **Upphafleg notkun**
Borholuhús





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga
Tegund	Timburgrind	Einlyft	2016	Ný klæðning	
Klæðning	Krossviður				
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)				
Þakklæðning	Bárujárn				
Undirstöður	Steyptar				

Saga

Árið 1932 hófust rannsóknarboranir eftir heitu vatni á svæðinu norðan Stekkjarbakka. Á árunum 1967 til 1984 voru boraðar þar 16 djúpar vinnsluholur á vegum Hitaveitu Reykjavíkur og voru átta þeirra virkjaðar og skúrar byggðir yfir þær. Í dag mun einungis ein borholan vera virk. Byggingarár er hér skráð eftir Fasteignaskrá. Byggingarefni skúranna er trégrind klædd rásuðum krossviði. Árið 2016 voru skúrarnir klæddir að utan með láréttri báruklæðningu.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Lágt gildi**. Einföld skúrbygging.

Menningarsögulegt gildi: **Lágt.** Borholuhúsið hefur ekki mikið menningarsögulegt gildi.

Umhverfisgildi: **Lágt.** Borholuhúsið hefur lágt umhverfisgildi.

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Húsið er líklega óbreytt að mestu utan nýrrar klæðningar.

Varðveislugildi: **Húsið hefur lágt varðveislugildi.**

Byggingarár **1968**

Stekkjarbakki 25

Fyrsti eigandi Hitaveita Reykjavíkur **Hönnun** **Upphafleg notkun**
Borholuhús





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Timburgrind	Einlyft	2016 Ný klæðning	
Klæðning	Krossviður			
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)			
Þakklæðning	Bárujárn			
Undirstöður	Steyptar			

Saga

Árið 1932 hófust rannsóknarboranir eftir heitu vatni á svæðinu norðan Stekkjarbakka. Á árunum 1967 til 1984 voru boraðar þar 16 djúpar vinnsluholur á vegum Hitaveitu Reykjavíkur og voru átta þeirra virkjaðar og skúrar byggðir yfir þær. Í dag mun einungis ein borholan vera virk. Byggingarár er hér skráð eftir Fasteignaskrá. Byggingarefni skúranna er trégrind klædd rásuðum krossviði. Árið 2016 voru skúrarnir klæddir að utan með láréttri báruklæðningu.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Lágt gildi.** Einföld skúrbygging.

Menningarsögulegt gildi: **Lágt.** Borholuhúsið hefur lágt menningarsögulegt gildi.

Umhverfisgildi: **Lágt.** Borholuhúsið hefur lágt umhverfisgildi.

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Líklega óbreytt að mestu utan nýrrar klæðningar.

Varðveislugildi: **Húsið hefur lágt varðveislugildi.**


Byggingarár **1987**

Vatnsveituvegur 102

Fyrsti eigandi Vatnsveita Reykjavíkur

Hönnun Magnús Skúlason arkitekt

Upphafleg notkun Lokahús





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Steinsteypt	Einlyft		
Klæðning	Múrsléttað	Kjallari		
Þakgerð	Flatt þak			
Þakklæðning	Torf			
Undirstöður	Steyptar			

Saga

Niðurgrafið lokahús byggt árið 1987 fyrir Vatnsveitu Reykjavíkur, eftir teikningum Magnúsar Skúlasonar arkitekts.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Einfalt, steinsteypt vatnsveitumannvirki, niðurgrafið að hluta.

Menningarsögulegt gildi: **Lágt.** Mannvirkið ber vitni um innviðasögu borgarinnar.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Mannvirkið fellur vel að landslagi en hefur annars lítil áhrif á staðarmynd.

Upprunaleg gerð: **Hátt gildi.** Mannvirkið virðist óbreytt.

Varðveislugildi: **Mannvirkið hefur miðlungs varðveislugildi.**

Byggingarár **1956**

Vatnsveituvegur 104

Hraunteigur

Fyrsti eigandi Ókunnur **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Íbúðarhús





Upphafleg gerð		Upphaflegt útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga
Tegund	Timbur		1962	Bílskúr	Ókunnur
Klæðning	Bárujárn		1979	Stækkun bílskúrs	Ókunnur
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)				
Þakklæðning	Bárujárn				
Undirstöður					

Saga

Húsið Hraunteigur er staðsett sunnan Elliðaáa, austan götunnar Höfðabakka. Það var byggt án lóðaréttinda og byggingarleyfis. Ekki finnast teikningar af því en byggingarár skv. Fasteignaskrá er 1956. Húsið tilheyrði óskipulagðri íbúðabyggð í Elliðaárdal á stríðsárunum og eftirstríðsárunum, þegar húsnæðisekla var mikil í Reykjavík. Röð húsa reis þá m.a. meðfram Vatnsveituvegi, sem lagður hafði verið vegna framkvæmda við lagningu vatnsveitu í gegnum svæðið á árunum 1908-1909. Þessi hús eru nú flest horfin. Húsið Hraunteigur lenti austan Höfðabakka þegar sú gata var lögð í byrjun 9. áratugar 20. aldar og stendur þar sem vitnisburður um hina horfnu byggð við Vatnsveituveg.

Vestan við húsið er bílskúr sem reistur var árið 1962 skv. Fasteignaskrá. Á loftmynd frá 1965 virðist standa skúr sunnar á lóðinni en á loftmynd frá 1971 er kominn skúr á núverandi stað (sjá Borgarvefsjá). Loftmyndir frá 1975-1979 sýna að skúrinn hefur þá verið stækkaður til austurs.

Húsið er í dag (2020) kynnt með olíu. Við húsið er rafmagnsstaur og liggja raflínur í lofti frá staurnum yfir í húsið. Húsið er í einkaeigu.

Varðveislumat

Byggingarlist: **Miðlungs gildi.** Bárujárnsklætt timburhús frá 6. áratugi 20. aldar með áföstum skúr.

Menningarsögulegt gildi: **Hátt.** Húsið hefur gildi fyrir sögu byggðar á svæðinu og sögu húsnæðismála í Reykjavík á 20. öld. Það er einn af fáum vitnisburðum sem eftir eru um óskipulagða íbúðabyggð sem tók að rísa á kreppu- og stríðsárunum m.a. í Elliðaárdal. Húsið er því vitnisburður um hverfandi búsetulandslag.

Umhverfisgildi: **Miðlungs.** Húsið er lágreist, umkringt trjágróðri og sést lítt frá götu og fellur því ágætlega að umhverfinu.

Upprunaleg gerð: **Miðlungs gildi.** Líklega óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: **Húsið hefur miðlungs varðveislugildi. Bent er á gildi hússins fyrir sögu svæðisins.**

2.4.4 Varðveislumat fyrir hús og mannvirki

Í varðveislumati húsakönnunar er gerð grein fyrir *verndarstöðu* viðkomandi húsa og mannvirkja gagnvart lögum og gildandi deiliskipulagi sveitarfélags, þ.e. hvort hús eru friðlýst, friðuð, umsagnarskyld eða hverfisvernduð. Friðlýsing húsa og friðun húsa sem eru 100 ára og eldri byggir á *lögum um menningarminjar nr. 80/ 2012*. Þar er jafnframt kveðið á um umsagnarskyldu vegna húsa sem byggð eru 1925 og fyrr.[366] Hverfisvernd er skilgreind í *skipulagslögum nr. 123/2010*.[367]

Í húsakönnunum eru einnig, á grundvelli varðveislumats og niðurstöðu um varðveislugildi, gerðar tillögur um hverfisverndun húsa eða heilda sem síðan geta hlotið staðfestingu í deiliskipulagi. Hverfisvernd húsa og mannvirkja í Reykjavík byggir m.a. á borgarverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem sett er fram í aðalskipulagi. Í *Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030* er sett fram núgildandi borgarverndarstefna Reykjavíkurborgar og skilgreindir þeir verndunarflokkar sem byggt er á við hverfisverndun húsa og byggðaheilda í Reykjavík.[368] Þar er jafnframt allt svæðið innan gömlu Hringbrautar / Snorrabrautar skilgreint sem hverfisverndarsvæði. Um verndun á því svæði er auk þess stuðst við eldri húsverndarstefnu (Húsverndarskrá Reykjavíkur) sem gefin var út með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.[369]

Við mat á varðveislugildi húsa og mannvirkja er stuðst við leiðbeiningar Minjastofnunar um gerð byggða- og húsakannana og skráningu húsa og mannvirkja.[370] Metnir eru eftirfarandi þættir og gildi hvers og eins metið *hátt, miðlungs* eða *lágt*: *Byggingarlistarlegt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi, upprunaleiki (upprunalegt gildi) og tæknilegt ástand.* Niðurstaða varðveislumats, þ.e. varðveislugildi húss, byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Verndunarflokkar sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012:

***Friðlýst hús og mannvirki* - BLÁR FLOKKUR**

Hús og mannvirki sem friðlýst eru með ákvörðun ráðherra samkvæmt 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.[371] Hús sem voru friðuð samkvæmt eldri lögum teljast nú einnig friðlýst.[372] Um friðlýsingu segir í 5. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012: „Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja."

---

[366] *Lög um menningarminjar* - nr. 80 - 29.6.2012. Tóku gildi 1.1.2013. Sjá vef alþingis: http://www.althingi.is → Lagasafn → Leit í lagasafni → Leitarorð: „Lög um menningarminjar". Sótt 6.12.2018.
[367] *Skipulagslög* - nr. 123 - 22.9.2010. Tóku gildi 1.1.2011. Sjá vef alþingis: http://www.althingi.is → Lagasafn → Leit í lagasafni → Leitarorð: „Skipulagslög". Sótt 6.12.2018.
[368] *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. A-hluti: „Borg fyrir fólk" og C-hluti: „Fylgiskjöl" - „Aðalskipulag - Borgarverndarstefna". Sjá vef Reykjavíkurborgar: http://reykjavik.is/thjonusta/adalskipulag-reykjavikur → Val úr lista: C-hluti - Fylgiskjöl → Pdf.skjal, bls. 334.
[369] *Húsvernd í Reykjavík. Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*. Þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.
[370] *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 2. Reykjavík 2019, bls. 33-34.
[371] *Lög um menningarminjar* - nr. 80 - 29.6.2012. Tóku gildi 1.1.2013.
[372] Friðlýst hús eru á skrá hjá Minjastofnun Íslands og þar er getið um friðunarár og hvaða hluti byggingar er friðaður, sjá: www.minjastofnun.is → Hús og mannvirki → Friðlýst hús og mannvirki → Reykjavík.

***Friðuð hús og mannvirki* - FJÓLUBLÁR FLOKKUR**
Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri eru friðuð samkvæmt aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/201.[373] Gildir nú um *hús byggð 1920 eða fyrr* samkvæmt Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Athuga skal að heimildir geta verið um annað byggingarár en það sem gefið er upp í Fasteignaskrá.[374]

***Umsagnarskyld hús* - APPELSÍNUGULUR FLOKKUR**
Hús sem hvorki eru friðuð né friðlýst en byggð 1925 eða fyrr, og kirkjur reistar 1940 eða fyrr, eru umsagnarskyld samkvæmt 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, þ.e. eigendum þeirra er skylt að leita umsagnar Minjastofnunar Íslands ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Ákvæði um hverfisvernd í skipulagslögum nr. 123/2010:[375]

I. kafli, 2. gr.: „*Hverfisvernd:* Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja."
IV. kafli, 12. gr.: „Ef talin er þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, náttúrufar eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd."

Verndunarflokkar sem byggja á hverfisvernd skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og borgarverndarstefnu Reykjavíkur í AR 2010-2030:[376]

***Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* - RAUÐUR FLOKKUR**
Einstök hús, húsaraðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.[377]

***Samstæður húsa og heildir* - GULUR FLOKKUR**
Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.[378]

---

[373] *Lög um menningarminjar* - nr. 80 - 29.6.2012. Tóku gildi 1.1.2013. Sjá einnig vef Minjastofnunar Íslands: www.minjastofnun.is → Hús og mannvirki → Friðuð hús og mannvirki → Reykjavík.
[374] Komi upp vafamál í tengslum við byggingarár húsa í Reykjavík má leita upplýsinga hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur í gegnum netfangið minjavarsla@reykjavik.is.
[375] *Skipulagslög* - nr. 123 - 22.9.2010. Tóku gildi 1.1.2011.
[376] *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. C-hluti: „Fylgiskjöl"". Sjá vef Reykjavíkurborgar: http://reykjavik.is/thjonusta/adalskipulag-reykjavikur → Val úr lista: C-hluti - Fylgiskjöl → Pdf.skjal, bls. 334.
[377] Áður: **grænn** flokkur: Verndun 20. aldar bygginga, **rauður** flokkur: Tillaga að friðun og **dökkgulur** flokkur: Verndun götumynda, sjá *Húsvernd í Reykjavík*, þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.
[378] Áður: **ljósgulur** flokkur: Verndun byggðamynsturs og **milligulur** flokkur: Verndun svæða, sjá *Húsvernd í Reykjavík*, þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.

Elliðaárdalur
Varðveislumat húsa og mannvirkja[379]

BLÁR FLOKKUR: *Friðlýst hús og mannvirki.*

Elliðaárvirkjun og mannvirki sem henni tilheyra, Rafstöðvarvegur 6, 8, 10, 12, 14 (án síðari tíma viðbygginga), þrýstivatnspípa (frá 1978) og Árbæjarstífla.

Rafstöðvarvegur 6 – Elliðaárstöð, rafstöðvarhús – b. 1921.

Friðlýst af menntamálaráðherra 14. júní 2012 samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001 og telst því friðlýst hús skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Stöðvarhús Elliðaárstöðvar tilheyrir heildstæðri húsaþyrpingu Rafmagnsveitu Reykjavíkur (OR) sem staðsett er sunnan Rafstöðvarvegar. Húsið er með fyrstu mannvirkjum Rafmagnsveitu Reykjavíkur á svæðinu og var sérhannað til að hýsa tækjabúnað rafstöðvarinnar. Það er mikilvægur vitnisburður um þær miklu tæknibreytingar sem urðu með tilkomu rafmagnsvæðingar í Reykjavík á fyrri hluta 20. aldar. Húsið er mjög upprunalegt að gerð með upprunalegum tækjabúnaði og innri frágangi.

Rafstöðvarvegur 8 – Elliðaárstöð, íbúðarhús rafstöðvarstjóra – b. 1921.

Friðlýst af menntamálaráðherra 14. júní 2012 samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001 og telst því friðlýst hús skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Íbúðarhúsið tilheyrir heildstæðri húsaþyrpingu Rafmagnsveitu Reykjavíkur (OR) sem staðsett er sunnan Rafstöðvarvegar. Húsið stendur sem vitnisburður um starfsemi Rafmagnsveitu Reykjavíkur og ábúð á staðnum.

Rafstöðvarvegur 10 – Elliðaárstöð, hlaða – b. 1933.

Friðlýst af menntamálaráðherra 14. júní 2012 samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001 og telst því friðlýst hús skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Hlaðan tilheyrir heildstæðri húsaþyrpingu Rafmagnsveitu Reykjavíkur (OR) sem staðsett er sunnan Rafstöðvarvegar. Húsið stendur sem vitnisburður um búskap sem fylgdi ábúð stöðvarstjóra á staðnum.

Rafstöðvarvegur 12 – Elliðaárstöð, fjós – b. 1924.

[379] Borgarsögusafn (áður Árbæjarsafn) hefur unnið út frá því að að tillögur um verndun húsa og heilda sem settar eru fram í húsakönnunum safnsins séu viðbót við og endurskoðun á húsverndarstefnu Reykjavíkur, eða svokallaðri Húsverndarskrá Reykjavíkur. Húsverndarskrá Reykjavíkur var gefin út í þemaheftinu *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar* sem fylgdi *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*. Þar segir: “Húsverndarskráin er grunnur að framtíðarstefnumótun í húsverndarmálum í Reykjavík og mun hún verða staðsett á Árbæjarsafni. Tillögur um verndun og friðun eru gerðar á grundvelli hennar og mun hún verða yfirfarin með reglulegu millibili” (bls. 9).

Friðlýst af menntamálaráðherra 14. júní 2012 samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001 og telst því friðlýst hús skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Húsið tilheyrir heildstæðri húsaþyrpingu Rafmagnsveitu Reykjavíkur (OR) sem staðsett er sunnan Rafstöðvarvegar. Það stendur sem vitnisburður um þann búskap sem fylgdi ábúð stöðvarstjóra á staðnum.

Rafstöðvarvegur 14 – Elliðaárstöð, spennistöð – b. 1937.

Friðlýst af menntamálaráðherra 14. júní 2012 samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001 og telst því friðlýst hús skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Um er að ræða þann hluta hússins sem byggður var 1937 eftir teikningu Sigurðar Guðmundssonar, þ.e. spennistöðvarhús hannað í anda fúnkisstefnunnar. Það tilheyrir heildstæðri húsaþyrpingu Rafmagnsveitu Reykjavíkur (OR) sem staðsett er sunnan Rafstöðvarvegar.

Elliðaárstöð, Árbæjarstífla – b. 1920-1929.

Friðlýst af menntamálaráðherra 14. júní 2012 samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001 og telst því friðlýst hús skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Um er að ræða fyrsta áfanga stíflunnar, sem reistur var á árunum 1920-1929.

Þrýstivatnspípa, Árbæjarstífla – b. 1978.

Friðlýst af menntamálaráðherra 14. júní 2012 samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001 og telst því friðlýst hús skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Á áttunda áratugnum voru þrýstivatnspípur frá 1920 endurnýjaðar og sett ein pípa í stað þeirra tveggja. Nýja þrýstivatnspípan sem hér um ræðir er úr timbri en hluti hennar liggur ofanjarðar og er hulinn jarðvegi.

FJÓLUBLÁR FLOKKUR*: Friðuð hús og mannvirki.*

Rafstöðvarvegur 11 – Ártún, íbúðarhús – b. 1910.

Friðað samkvæmt aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Húsið og umhverfi þess bera vitni um langa sögu jarðarinnar Ártúns og búskapar á svæðinu fyrir tíð íbúðarbyggðar og skipulags á svæðinu. Húsið er síðasti hlekkurinn í byggingarsögu býlisins Ártúns.

GULUR FLOKKUR: *Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.*

Bújörð Ártúns, rafstöðvarsvæðið í Elliðaárdal ásamt starfsmannahúsum Rafmagnsveitu Reykjavíkur og húsum á Ártúnsblettum við Rafstöðvarveg.

Borgarsögusafn hefur áður lagt til í útgefinni skýrslu nr. 183/2017[380] *að skilgreint verði sem eitt hverfisverndarsvæði það svæði sem nær yfir bæjarstæði býlisins Ártúns, rafstöðvarsvæðið með eldri og yngri húsum tilheyrandi Elliðaárvirkjun og húsaþyrpingu við Rafstöðvarveg sem samanstendur af starfsmannahúsum Rafmagnsveitu Reykjavíkur og húsum sem byggð voru á Ártúnsblettum.* ***Borgarsögusafn áréttar þessa niðurstöðu sína og leggur hér með til hverfisverndun þess hluta svæðisins sem fellur innan deiliskipulags Elliðaárdals.*** *Innan þessa svæðis eru einnig sérstaklega skilgreind og afmörkuð verndarsvæði fornleifa og hverfisverndarsvæði herminja (sjá fornleifaskrá og mynd 263).*

Ártún er ein af fáum gömlum bújörðum í Reykjavík þar sem enn stendur hús (b. 1909) á bæjarhólnum. Elsta heimild um byggð á jörðinni er frá 1379. Íbúðarhús jarðarinnar Ártúns er friðað, ásamt fornleifum gamla bæjarstæðisins, þ.e. bæjarhól, heimtröð, túngörðum og túnum. Æskilegt er að varðveita húsið og umhverfi þess sem menningar- og búsetulandslag sem ber vitni um langa sögu jarðarinnar.

Elliðaárvirkjun og eldri mannvirki sem henni tilheyra eru friðlýstar menningaminjar. Virkjunin hafði og hefur enn mikil áhrif á umhverfi Elliðaársdals og segir sögu tæknibreytinga sem urðu á fyrri hluta 20. aldar. Hin friðlýsta húsaþyrping sunnan Rafstöðvarvegar er ótvírætt ein hin mikilvægasta í menningar- og byggingarsögu Reykjavíkur. Yngri mannvirki tilheyrandi virkjuninni, svo sem toppstöðin (Rafstöðvarvegur 4), eru einnig hluti af þessari sögu og æskilegt væri að vernda allt svæði rafstöðvarinnar sem heild. Hús starfsmanna Rafmagnsveitunnar sem byggð voru við Rafstöðvarveg á fjórða og fimmta áratugnum eru einnig hluti af þessari heild.

Innan þeirrar húsaþyrpingar sem stendur við Rafstöðvarveg eru einnig hús sem byggð voru á erfðafestublettum (Ártúnsblettum 1-3) á svipuðum tíma. Þau hús sem eftir standa í Reykjavík af þeim sem byggð voru á erfðafestulöndum, eru til vitnis um búsetulandslag sem áður einkenndi bæjarlandið utan meginbyggðarinnar og hvarf að mestu með tilkomu skipulagðra hverfa. Mikilvægt er að huga að verndun þessara húsa og nánasta umhverfis þeirra, en það er einna helst á svæðum sem standa á jöðrum skipulagðra hverfa eða innan útivistarsvæða, eins og í Laugardal og Elliðaárdal, sem enn má finna heildir eða þyrpingar slíkra húsa með sínu upprunalega gróna umhverfi.

Að mati Borgarsögusafns getur verndun ofantalinna svæða eða minjaheilda sem hverfisverndarsvæðis átt samleið með verndun og uppbyggingu Elliðaárdals sem útivistarsvæðis og borgargarðs.


Fyrir þau hús sem vernduð eru í gulum flokki gilda þau almennu verndunarákvæði sem í eldri húsverndarstefnu[381] eiga við um:

- Milligulan flokk: *Svæði sem lagt er til að vernda*.
- Ljósgulan flokk: *Byggðamynstur sem lagt er til að vernda*.

- *Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum.*


[380] Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7. Árbær*. Borgarsögusafn, skýrsla nr. 183, bls. 128-129.
[381] *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar.* Þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 996-2016*.

- *Upprunaleg veggáferð (t.d. múrlitur) húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist.*
- *Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.*
- *Breytingar taki mið af mælikvarða byggðar og hlutföllum húsa.*



Mynd 262 Myndin sýnir skiptingu varðveisluflokkanna þriggja innan deiliskipulagssvæðisins.


HÚSVERNDARKORT REYKJAVÍKUR
Elliðaárdalur



Friðuð og friðlýst hús innan svæðisins



Tillögur um hverfisverndun innan svæðisins




2.5 Heildarniðurstöður um verndarsvæði í Elliðaárdal

Verndarsvæði í Elliðaárdal fyrir fornleifar, minjar, mannvirki og byggð, sem hafa verið skilgreind hér að framan, eru hér sett fram á einu korti, sjá mynd 263.

Verndarsvæði fornleifa eru svæði um fornleifar sem eru friðaðar og þar sem búast má við óþekktum fornleifum. Aldursfriðaðar fornleifar hafa 15 m friðhelgað svæði út fyrir sýnilegar minjar (sjá kafla 2.3.5 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar). Lagt er til að skilgreind verndarsvæði fornleifa verði hverfisverndarsvæði. Herminjar eru ekki friðaðar minjar en hér er lagt til að verndarsvæði herminja falli undir hverfisvernd í fyrirhugðu deiliskipulagi Elliðaárdals. Auk þess hefur verið skilgreind hverfisverndun byggðar við Rafstöðina og bæjarhóll Ártúns, sjá húsverndarkort bls. 185, en slík verndun hefur áður verið lögð til í skýrslu Borgarsögusafns nr. 183, *Byggðakönnun. Borgarhluti 7 - Árbær*.[382]

[382] Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7- Árbær*, bls. 133.



Mynd 263 Afmörkun verndarsvæða á skipulagssvæði Elliðárdals.[383]

[383] Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Kortavinnsla og staðsetning minja: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni.

Heimildaskrá

Óprentaðar / Óútgefnar heimildir

Borgarskjalasafn Reykjavíkur:
- Aðf. 742. Brunabótavirðingar 1924-1926.
- Aðf. 744. Brunabótavirðingar 1928-1930.
- Aðf. 745–747. Brunabótavirðingar 1930-1942.
- Aðf. 4339-4341. Brunabótavirðingar 1945-1953.
- Lýsingabækur Brunavirðinga 1954-1981. Lýsingabók nr. 15, Nönnugata – Skarphéðinsgata.
- Skjöl bæjarráðs (DI):
  - DI/9920 - Kóngsbakki 13/Gilsbakki/Blesugróf.
- Skjöl byggingarnefndar (B):
  - B/3659 - Skógarsel 11, 13, 15 og 17 (áður Breiðholtsblettur I og Alaska), bréf Þórs Magnússonar þjóðminjavarðar til skipulagsnefndar Reykjavíkur dags. 2. júlí 1981; skjal um friðlýsingu gamla bæjarstæðis Breiðholts ásamt kirkjutóft og kirkjugarði, dags. 28. júlí 1981.

Borgarsögusafn Reykjavíkur:
- Byggðar lóðir í Reykjavík.
- Fornleifaskrá Reykjavíkur
- Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík:
  - Gunnar Bollason: „Stutt söguágrip nokkurra jarða í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Tekið saman vegna fornminjaskráningar Kjalarness og endurskoðunar fornminjaskrár Reykjavíkur“. Óútg. handrit. Reykjavík 1999.
  - Þór Magnússon: „Breiðholtskirkja“, minnisblað dags. 25. maí 2001. Óútg. gögn.
- Gagnasafn um hús í Reykjavík.
  - „Húsakönnun: Blesugróf“. Bréf Páls V. Bjarnasonar arkitekts á Minjasafni Reykjavíkur sent Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 6. apríl 2004. Óútg. gögn.
  - Tölvupóstur frá Sigurði Stefánssyni umsjónarmanni fasteigna hjá Veitum til Drífu Kristínar Þrastardóttur verkefnastjóra húsverndar hjá Borgarsögusafni, dags. 26. apríl 2017 og 3. maí 2017.
- Húsaskrá Reykjavíkur.
- Kortasafn.
- Skipulagsuppdrættir.
- Ljósmyndasafn Reykjavíkur: Ljósmyndir úr safneign.

Minjastofnun Íslands:
- Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana. Óútgefið leiðbeiningarit. Húsafriðunarnefnd 2009.

Friðlýsingarskjal Elliðaárvirkjunar og mannvirki sem henni tilheyra. Sjá vef Minjastofnunar: http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/reykjavik/nr/807

Landmælingar Íslandas:

Loftmynd AMS100072 10-11-1945.
Loftmyndasafn, tökudagur1953-09-16, LI1-9260.
Loftmyndasafn, tökudagur 1953-09-16, LI1-9261.
Loftmyndasafn, tökudagur 1953-09-16, LI1-9262.
Loftljósmynd, Kort-LI101-9256, árið1953.
Loftljósmynd, 16.09.1953 Elliðaár - Selsvör, mynd númer LI101-LI1-9258-qv.
Loftljósmynd, Kort-D10-D-3951, dags. 28/9/1973.
Kortasafn. Kort danska herforingjaráðsins af Reykjavík 1909 (hluti). Generalstabens Topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909, mælt 1908.

Landsbókasafn Íslands:

Gullbringu og Kjósar Sýsla, með nockrum parti af Árnesssýslu, mæld og teiknað að til hlutan ens íslenska Bókmentafélags, árið 1831. Höfundur Björn Gunnlaugsson.

Skjalaver Reykjavíkurborgar:

Skipulagsuppdrættir.
Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík.

Skjalasafn Ráðhúss Reykjavíkur:

Skjöl bæjarráðs um lóðamál (D):

Blesugróf. Kort Rafmagnsveitu Reykjavíkur: „Byggð í Blesagróf við Elliðaár“. Rvík 295.47 M 1:2000.
D/344 – Skálará, Stekkjarbakki 1.
D/768 – Blesugróf.

Skjöl byggingarnefndar (Bn):

Bn/570 – Gilsbakki, Stekkjarbakki 9.
Bn/738 – Skálará, Stekkjarbakki 1.
Bn/828 – Fagrihvammur, Blesugróf.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum:

Örnefnasafn Árnastofnunar: Örnefnalýsing Árbæjar (181181-262-2), Bústaða (181167-232-1), Breiðholts (181154-218-1 og 181154-218-2), Grafar (181179-260-3), Klepps (181166-231-2) og Kópavogs (181155-219-1 og 181155-219-2).

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur:

Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit. Borgarskipulag Reykjavíkur 1995.

Þjóðskjalasafn Íslands:
Ártún. Túnakort 1916. Vigfús Guðmundsson, Keldum, teiknaði.
Gullbringu- og Kjósarsýsla; Veðmálabók I. 1887.

Prentaðar / útgefnar heimildir

Aðalskipulag Reykjavíkur 1990-2010. Útgefið af Borgarskipulagi Reykjavíkur. Reykjavík 1991.

Aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016. Útgefið af Borgarskipulagi Reykjavíkur og Borgarverkfræðingnum í Reykjavík. Reykjavík 1997.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Útgefið af Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur. Reykjavík 2013.

Annálar 1400-1800. Annales Islandici posteriorum sæculorum. 1., 2. og 4. bindi. Hið íslenzka bókmenntafélag. Reykjavík 1922-1927, 1927-1932 og 1940-1948.

„Arnes útilegumaður". *Huld. Safn alþýðlegra fræða íslenzkra* I. Útgefendur: Hannes Þorsteinsson, Jón Þorkelsson, Ólafur Davíðsson, Pálmi Pálsson, Valdimar Ásmundsson. Reykjavík 1890.

Árni Hjartarson og fl.: *Elliðaárdalur. Perla Reykjavíkur*, Nýhöfn 2016.

Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson: *Elliðaárdalur. Land og saga*. Reykjavík 1998.

Árni Óla: „Elliðaármálin". *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur.* Ritstj. Guðmundur Daníelsson. Reykjavík 1968.

Ásgeir Ingólfsson: *Elliðaárnar*. Reykjavík 1986.

Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson: *Mosfellsbær. Saga byggðar í 1100 ár.* Pjaxi Reykjavík 2005.

Bjarni F. Einarsson: „Breiðholt. Greinargerð um fornleifar í Breiðholti" Árbæjarsafn 1993.

Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur.* Árbæjarsafn, skýrsla 46. Reykjavík 1995.

Bjarni F. Einarsson, Helgi M. Sigurðsson og Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 7 - Árbær. Byggingar og minjar*, Árbæjarsafn, skýrsla 51. Reykjavík 1995.

BVS: „Brezkt hlutafélag Einars Ben. enn þinglýstur eigandi veiðiréttar í efsta hluta Elliðaáa". *Morgunblaðið*, 15. janúar 1978, bls. 20-21 og 36.

Dagskrá, 13. júlí 1898.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn, II., III. og XII. bindi. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík 1893, 1896 og 1923-1932.

Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*. Minjasafn Reykjavíkur, skýrsla 164. Reykjavík 2014.

Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Elliðaárdalur. Svæðið norðan Stekkjarbakka. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Borgarsögusafn Reykjavíkur, skýrsla 182. Reykjavík 2017.

Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940-1990*. Fyrri hluti. Reykjavík 1998.

Eggert Þór Bernharðsson: *Sveitin í sálinni. Búskapur í Reykjavík og myndun borgar*. Reykjavík 2014.

Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*. Reykjavík 2000.

Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi, *Lykilbók*. Reykjavík 1989.

Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur. Ritstj. Guðmundur Daníelsson. Reykjavík 1968.

Fálkinn, 37. árg. 1964, 23. tbl.

Fjallkonan, 15. árg. 1898, 45. tbl¸17. árg. 1900, 2. tbl.

Hilmar Garðarsson: *Saga Vatnsveitu Reykjavíkur 1909-1999*. Umsjón útgáfu: Kolbeinn Bjarnason og Lýður Björnsson. Orkuveita Reykjavíkur. Reykjavík 2007.

Huld: *Safn alþýðlegra fræða íslenzkra*, Reykjavík, Sigurður Kristjánsson.

Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 2. Reykjavík 2019.

Húsvernd í Reykjavík. Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar. Þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*. Ritstjóri: Nikulás Úlfar Másson. Reykjavík 1998.

Ísafold, 15. maí 1878; 7. júlí 1881; 13. september 1881; 24. september 1881; 28. apríl 1897; 28. maí 1897; 9. júní 1897; 12. nóvember 1898; 4. ágúst 1906; 8. desember 1906.

Ísland, 2. árg. 1898, 30. tbl.

Íslendingabók – Landnámabók Íslenzk fornrit I, ritstjóri Jakob Benediktsson, Hið Íslenska Bókmenntafélag. Reykjavík 1996.

Jarðatal á Íslandi með brauðalýsíngum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn 1847.

Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur*. Fyrra bindi. Reykjavík, 1929.

Lesbók Morgunblaðsins, 29. september 1957; 24. október 1998.

Lovsamling for Island, indeholdende Udvalg af de vigtigste ældre og nyere Love og Anordninger, Resolutioner, Instructioner og Reglementer, Althingsdomme og Vedtægter, Collegial-Breve, Fundatser og Gavbreve, samt andre Aktstykker til oplysning om Islands retsforhold og administration i ældre og nyere tider. Safnað saman og gefið út af Oddgeir Stephensen og Jóni Sigurðssyni. 1. bindi (1096-1720). Útg. Andr. Fred. Höst. Kaupmannahöfn 1853.

Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

„Maður er svolítið léttlyndur. Elsta Breiðholtsbarnið. Hún ólst upp í torfbænum Breiðholti. Þóra Jónsdóttir 94ra ára“. Ólafur H. Torfason skráði samtalið. *Heima er bezt*, 36. árg. 1986, 4. tbl., bls. 136-144.

Magnús Már Lárusson: „Aðalból- höfuðból og óðalsréttur á Íslandi“. *Saga*, 9. árg. 1971, 1. tbl.

Margrét Björk Magnúsdóttir: *Rannsókn á seljum í Reykjavík*. Borgarsögusafn Reykjavíkur, skýrsla 161. Reykjavík 2011.

Margrét Björk Magnúsdóttir: *Framkvæmdaeftirlit á bæjarstæði Breiðholts*. Borgarsögusafn Reykjavíkur, skýrsla nr. 168. Reykjavík 2014.

Lögrétta, 1. árg. 1906, 38. tbl.

Morgunblaðið, 5. júní 1937; 18. febrúar 1960; 14. nóvember 1968; 3. október 1969; 9. janúar 1970; 18. mars 1970; 15. janúar 1978: 16. júní 1990; 9. nóvember 1993; 7. maí 2002; 19. júní 2004 og 20. febrúar 2006.

Náttúrufræðingurinn, 23. árg. 1953, 3. tbl.

Nikulás Úlfar Másson: *Húsakönnun í Blesugróf*. Skýrslur Árbæjarsafns, skýrsla nr. 9. Reykjavík 1993.

Nýja öldin, 1. árg. 1897-1898, 58. tbl.

Oddgeir Isaksen: *Skil á fornleifaskráningargögnum. Landupplýsingagögn: Punktaskrár, línu- og flákagögn*. Ritröð: Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands, 1. Minjastofnun Íslands. Reykjavík, 2013. Sjá vef Minjastofnunar Íslands: http://www.minjastofnun.is/ → Gagnasafn → Leiðbeiningarrit → Leiðbeiningar 1: Skil á fornleifaskráningargögnum (2016).

Ómar Sigurðsson: „Hitaveita Reykjavíkur. Berghiti og hitabreytingar í Elliðaársvæðinu". Skýrsla unnin af Jarðhitadeild Orkustofnunar fyrir Hitaveitu Reykjavíkur. [Reykjavík] 1995.

Páll Líndal: *Reykjavík: Sögustaður við Sund*. 1. bindi (A-G). Reykjavík 1986.

Páll Sigurðsson: *Aftökustaðir í landnámi Ingólfs og aftökur dæmdra manna*, Reykjavík, Ferðafélag Íslands, 2000.

Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Umhverfi Rafstöðvar og Ártúns. Húsakönnun.* Borgarsögusafn Reykjavíkur, skýrsla nr. 100. Reykjavík 2003.

„Reykjavíkurborg - Elliðaárdalur. Forsendur deiliskipulags - Tillaga" (dags. 10.02.2020), bls. 2. Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://reykjavik.is/ á Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Elliðaárdalur → Tengd skjöl. Sótt 30.05.2020.

Reynir Vilhjálmsson: „Elliðaárdalurinn í þágu mannlífs". *Elliðaárdalurinn: erindi á ráðstefnu f.s.á. 30. maí 1981*. Framfarafélag Seláss- og Árbæjarhverfis. Reykjavík 1981.[Án bls.tals.]

Reynir Vilhjálmsson og Þráinn Hauksson: *Elliðaárdalur. Skipulag og greinargerð*. Unnið fyrir Borgarskipulag Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Samþykkt í borgarstjórn 19.05.1994.

Sjálfbær Elliðaárdalur - Stefna Reykjavíkur. Lokaskýrsla starfshóps Reykjavíkurborgar. [Reykjavík] 2016.

Skipulagslög 2010 - nr. 123 - 22.september 2010. Tóku gildi 1. janúar 2011.

Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. Reykjavík, 2013. Sjá vef Minjastofnunar Íslands: http://www.minjastofnun.is/ → Fornminjar → Skráning fornleifa → Skráningarstaðlar.

Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016*, Skýrsla 179, Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Sumarliði Ísleifsson: *Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur 1921-1998*. Orkuveita Reykjavíkur, 2007.

Stekkjarbakki Þ73 – Lýsing vegna nýs deiliskipulags. Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, Umhverfis- og skipulagssvið, 1.12.2016. Sjá vef Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://reykjavik.is/ → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Leit: Stekkjarbakki Þ73. Sótt 9.1.2017.

Steinþór Guðbjartsson: „Messað í stofunni og buslað í Elliðaánum“, *Morgunblaðið* 20. febrúar 2006, sérblað um fasteignir, bls. 2.

Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta á Íslandi*. 1. bindi. Björn Magnússon sá um útgáfuna og jók við. Hið íslenzka bókmenntafélag. Kaupmannahöfn 1950.

Tíminn, 20. janúar 1954; 22. október 1954; 6. júlí 1956; 14. nóvember 1957; 2. júlí 1970.

Tímarit Verkfræðingafélags Íslands, 6. árg. 1921, 6. tbl. og 33. árg. 1948, 3. og 33. tbl.

Úr bæ í borg. Nokkrar endurminningar Knud Zimsens fyrrverandi borgarstjóra um þróun Reykjavíkur. Lúðvík Kristjánsson færði í letur. Reykjavík 1952.

Vilhjálmur Sigtryggsson: „Skógurinn í dalnum“. *Elliðaárdalurinn: erindi á ráðstefnu f.s.á. 30. maí 1981*. Framfarafélag Seláss- og Árbæjarhverfis. Reykjavík 1981.[Án bls.tals.].

Vísir, 1. ágúst 1939; 29. janúar 1954; 15. febrúar 1963.

„Þeir skírðu hverfið okkar hjá Rafveitunni. Rætt við Kristján Helgason verkamann um Breiðholtshverfi“. *Tíminn*, 14. nóvember 1957, bls. 4.

Þjóðólfur, 30. apríl 1897; 18. nóvember 1898.

Þjóðviljinn, 16. september 1949; 20. janúar 1955; 1. maí 19360.

Þorkell Jóhannesson: „Minningar frá Breiðholti“. *Heima er bezt*, 63. árg. 2013, 2. tbl.

Þórgunnur Snædal: „Rúnaristur á Íslandi“. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, 96. árgangur 2000-2001.

Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin. Búskapur í Reykjavík 1870–1950*. Ritröð: Safn til sögu Reykjavíkur. Reykjavík 1986.

Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum. Myndir úr stríði 1940-1945*. Reykjavík 2002.

Rafrænar heimildir / Vefsíður / Gagnagrunnar

Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/.

Sarpur – Menningarsögulegt gagnasafn. Vefslóð: sarpur.is.

Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir; Aðaluppdrættir.

Tímarit.is. Vefslóð: http://timarit.is/.

Vefur Alþingis. Vefslóð: http://www.althingi.is/ → Lagasafn.

Vefur Borgarsögusafns Reykjavíkur. Vefslóð: http://borgarsogusafn.is/ → Útgáfa → Skýrslur.

Vefur Guðjóns Friðrikssonar sagnfræðings: Alfræði Reykjavíkur: http://archive.ph/Xzmet .

Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: http://www.minjastofnun.is/ → Minjar → Skráning fornleifa http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/. Sótt 10. mars 2016.

Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://reykjavik.is/ → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Leit: Stekkjarbakki Þ73. Sótt 9.1.2017.

Vefur Reykjavíkurborgar Vefslóð: http://reykjavik.is/ á Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Elliðaárdalur. Sótt 30.05.2020.

Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: http://www.skra.is/ → Fasteignaskrá → Leit í fasteignaskrá.

Wikipedia.org, leitarorð rúnir. Sótt 29.9.2020.

Viðauki 1

Minjatöflur fyrir skráningarsvæðið

Bústaðir 232

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
232-18	Skeiðvöllur	Reiðvöllur	Heimild	1922-1971	361352	405262	400	16,7	Ómetið	Já
232-23	Elliðaárbrú	Brú	Brú	1883	361534	405377	10	4	Gott	Nei
232-38	Álftnesingavað	Vað	Vað	1000-1883	361576	404661	10		Sæmilegt	Nei
232-39		Vegur	Vegur	1000-1883	361617	404715	200	3	Ómetið	Já
232-54	Lækjarhvammur	Íbúðarhús	Heimild	1965-1984	361544	404663	10	6	Ómetið	Já
232-55	Sandhóll	Íbúðarhús	Heimild	1954-1975	361471	404684	13	12	Ómetið	Já
232-56	Eystrihóll	Íbúðarhús	Heimild	1954-1971	361453	404700	13	12	Ómetið	Já
232-57	Sandskeið	Íbúðarhús	Heimild	1954-1971	361439	404716	11	6	Ómetið	Já
232-58	Garðstunga	Íbúðarhús	Heimild	1954-1971	361429	404750	11	7	Ómetið	Já
232-59	Grund	Íbúðarhús	Heimild	1965-1971	361467	404789	8	4	Ómetið	Já
232-60	Ingimar Þorsteinsson	Íbúðarhús	Heimild	1954-1965	361420	404829	10	8	Ómetið	Já
232-62	Reykjaæð	Hitaveitulögn	Heimild	1939-1970	361223	405286			Ómetið	Já
232-74	Laxakistur	Laxakistur	Heimild	1853-1890	361414	405224			Ómetið	Já
232-74	Laxakistur	Laxakistur	Heimild	1853-1890	361658	405098			Ómetið	Já
232-74	Laxakistur	Laxakistur	Heimild	1853-1890	361650	405204			Ómetið	Já
232-74	Laxakistur	Laxakistur	Heimild	1853-1890	361632	405450			Ómetið	Já
232-75	Drekkjarhylur	Aftökustaður	Hylur	1696	361471	405162	18	17	Gott	Nei
232-76	Vatnsveitu-vegur	Vegur	Vegur	1909	361455	405328	164	5	Gott	Nei
232-77	Bústaðavegur hinn forni	Þjóðvegur	Heimild	900-1883	361293	405052		4	Sæmilegt	Nei
232-78	Þófaramylla	Óþekkt	Rúst, garðlag	1750-52	361586	405054	4	4	Sæmilegt	Nei
232-78	Litunarhús	Litunarhús, rúst	Tóft og gerði	1750-1752	361586	405054	3	3	Ómetið	Nei
232-79	Innréttinga-minjar	Rúst	Tóft	1750-1752	361620	405031	5	3,5	Sæmilegt	Nei
232-80		Varnargarður	Garður	1930	361619	405429	150	1	Ómetið	Að hluta
232-86		Vað	Vað	1831	361396	405032	14	12	Gott	Já
232-87		Hús	Rúst	1900	361663	404960	3	3	Slæmt	Nei
232-141	Þófaramylla	Rúst, Þófaramylla	Tóft og gerði	1750-1752	361583	405036			Ómetið	Nei
232-154		Rúst	Tóft	1750-1752	361616	405045	5	3,5	Slæmt	Nei

Ártún 263

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
263-1	Ártún	Bústaður	Bæjarhóll	●1379	361862	405019	60	60	Gott	Nei
263-2	Ártún	Útihús	Heimild	●1900	361864	405008	7,5	7,5	Ómetið	Já
263-3	Ártún	Fjárhús, fjós, hlaða	Hús	●1900-1947	361872	405024	11	10	Gott	Nei
263-4		Kálgarður	Heimild	●1900	361863	405043	40	22	Ómetið	Já
263-5		Kálgarður	Hleðsla	●1900	362015	404998	40	20	Slæmt	Nei
263-6	Ártún	Traðir, girðing	Vegur	●1900	361849 361862	405130 404978	200	4	Gott	Já
263-7	Ártún	Túngarður, girðing	Heimild	●1900	361920	404945	700	2	Ómetið	Að hluta
263-9		Matjurtagarður	Heimild	●1920-1960	361848	405014	17,5	10	Sæmilegt	Að-mestu
263-10	Ártún	Skurður	Heimild	●1900	361805	405066	137	3	Ómetið	Já
263-12		Matjurta-garður	Garðlag, heimild	●1950-1970	361864	405150	20	17	Gott	Að hluta
263-13	Camp Battle	Herbúðir	Heimild	●1940	361795	405205			Ómetið	Já
263-14	Þjóðleið	Þjóðleið, alfaraleið	Vegur	●1000-1883	361918	404929	300	3	Sæmilegt	Að hluta
263-15	Ártúnsvað	Vað	Heimild	●1000-1883	361711	404947			Ómetið	Já
263-16	Camp Alabaster/ Pershing	Herbúðir	Heimild	●1940	361782	404947			Ómetið	Já
263-17	Camp Hickam	Herminjar, braggi	Heimild	●1940-1967	361827	405408			Ómetið	Já
263-19		Garður	Varnar-veggur	●1921	361811	404782	147	1,5	Gott	Nei
263-23	Eldishúsið	Eldishús	Heimild	●1965-2003	361796	405185	23	11,5	Ómetið	Já
263-24	Vélarhús	Íbúðarhús, vélarhús	Heimild	●1948-1970	361964	405398	11,5	5,9	Ómetið	Já
263-27		Olíutankar, lokahús	Heimild	●1946-1984	361663 361678 361673	405257 405240 405268	15	15	Ómetið	Já
263-29	Rafstöðvarvegur	Vegur	Vegur	●1920	361858	404891	1000	5	Gott	Nei
263-31	Elliðaárvirkjun	Þrýstivatns-pípa	Vatnsleiðsla	●1978	361964	404848	1000	2	Gott	Nei
263-32		Varnargarður	Garður	●1921	361654	405436	60	1,2	Gott	Nei
263-35	Frárennslis-skurður	Varnargarðar	Varnar-veggir	●1921	361742	404927	200	1	Gott	Nei
263-36		Matjurta-garður	Heimild	●1953	361900 361943	405020 404945	20	17	Ómetið	Já
236-37		Herminjar	Niðurgröftur	●1940-1953	362023	405020	11,5	8,5	Sæmilegt	Nei
263-38	Camp Battle	Herminjar	Skotgrafir, vatnsgeymar	●1940	361825	405213			Sæmilegt	Nei
263-39		Skotgröf	Skotgröf	●1940	361833	405061	5	4,2	Sæmilegt	Nei
263-40	Þvottaklöpp	Þvottastaður	Örnefni, klöpp	●1850	361766	404795	5	4	Gott	Nei
263-41	Kúavað	Vað	Vað	●1900	361860	404751	17	13	Gott	Nei
263-42	Gamli Suður-landsvegur	Vegur	Heimild	●1883-1965	361976	405162			Sæmilegt	Nei

Árbær 262

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
262-16		Rúst	Tóft	●1925	363777	403953	5	3	Sæmilegt	Nei
262-17		Rúst	Tóft	●1925	363769	403953	6	4	Sæmilegt	Nei
262-18		Garður	Gerði	●1925	363773	403947	34		Sæmilegt	Nei
262-19		Garður	Gerði	●1925	363764	403962	54	1	Sæmilegt	Nei
262-20		Vegur	Heimild	●1950	363734	403956	123	4	Sæmilegt	Nei
262-21		Kofi	Heimild	●1935	363778	403926	5	4	Ómetið	Já
262-22		Kofi	Heimild	●1935	363785	403921	3	3	Ómetið	Já
262-23		Kofi	Heimild	●1935	363791	403915	5	3	Ómetið	Já
262-24		Kofi	Heimild	●1935	363800	403905	4	2,5	Sæmilegt	Já
262-25		Íbúðarhús	Heimild	●1935	363792	403895	11	5	Ómetið	Já
262-27		Fjárhús	Heimild	●1900-1975	363476	404361	10	6	Ómetið	Já
262-32	Camp Baldurshagi	Herbúðir	Steypa, heimild	●1940	363690	403587	350	150	Sæmilegt	Að hluta
262-33	Árbæjarstífla	Stífla	Stífla	●1920-1929	362799	404461	185	6,7	Gott	Nei
262-37	Vatnsveitu-vegur	Vegur	Vegur	●1907	363733	403796	900	4	Gott	Nei
262-38		Garður	Garður	●1925	362830	404584	70	1	Gott	Nei
262-39	Stífluhús	Hús	Heimild	●1930	362811	404534	9	3	Ómetið	Já
262-40	Klakhús	Hús	Heimild	●1933-1965	363772	403572	8,8	7	Ómetið	Já
262-41		Vatnstankur	Heimild	●1907	403561	363765	10	10	Ómetið	Já
262-42		Skotgröf	Heimild	●1940-1970	363682	403934	6	6	Ómetið	Já
262-43		Flóðvarna-garðar	Garðar	●1950	363694	404072			Gott	Nei
262-134	Árbæjarblettir	Erfðafestubýli	Heimild	●1930	363179	404403			Ómetið	Já

Breiðholt 218


Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
218-17		Rúst	Tóft	●1900	363319	402693	8	5	Ómetið	Já
218-18	Álftnesing-avað	Landamerki, vað	Heimild	●1890	361576	404661	12	12	Gott	Nei
218-29		Herminjar	Rúst	●1940	363648	403763	11,6	7,7	Slæmt	Nei
218-30		Veiðihús	Tóft	●1890	363633	403754	7,5	6,2	Sæmilegt	Nei
218-37	Vatnstöku-staður	Vatnstöku-staður	Steypa	●1908	363673	403801	7,5	30	Gott	Nei
218-38	Vatnsveitu-brú	Brú	Brú	●1908-1909	363685	403858	24	2,6	Gott	Nei
218-39		Vatnsleiðsla	Vatnsleiðsla	●1908	363155	404167			Gott	Nei
					363601	403886				
218-41		Skotbyrgi, herminjar	Skotbyrgi	●1940	362825	404149	3	3	Sæmilegt	Nei
218-42	Eddubær	Bústaður	Heimild	●1942-1969	363302	404107			Ómetið	Já
218-43	Hvíld	Hús	Grunnur		363624	403915	5,7	4,7	Sæmilegt	Nei
218-47	Blesuþúfa	Landamerki	Heimild	●1850	361568	404570	100	70	Gott	Nei
218-48	Nautavað	Vað	Heimild	●1900	363607	403526			Ómetið	Nei
218-57	Stanleyville	Hesthúsa-byggð	Heimild	●1960-1975					Ómetið	
218-58		Herminjar	Rúst	●1940	363584	403732	11	7	Gott	Nei
218-62	Hús	Íbúðarhús	Heimild	●1930					Ómetið	Já
218-64	Vatnsveitu-vegur	Vegur	Vegur	●1908	362172	404275	200	2,5	Gott	Að hluta
218-68	Hvíld	Sumar-bústaður	Heimild	●1953-1980	363509	403976			Ómetið	Já
218-69	Öxl	Íbúðarhús	Heimild	●1958-2008	362703	404343	13	9	Ómetið	Já
218-70	Hamar	Íbúðarhús	Heimild	●1954-1980	362546	404394	10	8	Ómetið	Já
218-71	Sjónarhóll	Íbúðarhús	Heimild	●1958-2006	362497	404367	12	7	Ómetið	Já
218-72	Foss	Íbúðarhús	Heimild, húsgrunnur	●1954-1975	362441	404371	14	10	Slæmt	Að mestu
218-73	Fossgil, Blesugróf	Íbúðarhús	Heimild	●1951-1986	362411	404370			Ómetið	Já
218-74	Ásbyrgi	Íbúðarhús	Heimild	●1957-1975	362402	404350	10	7	Ómetið	Að mestu
218-75	Hof	Íbúðarhús	Heimild	●1957-1985	362365	404370	12	10	Ómetið	Að mestu
218-76		Hleðsla	Veggur	●1950	362332	404465	3	2	Sæmilegt	Að hluta
218-77	Hlíðargerði	Íbúðarhús	Heimild	●1965-1984	362365	404302	5	5	Ómetið	Já
218-78	Dalbær	Íbúðarhús	Heimild	●1943-2004	362214	404367	14	11	Ómetið	Já
218-79	Árdalur	Íbúðarhús	Heimild	●1932-1971	362184	404438	8	4	Ómetið	Já
218-80	Útey	Íbúðarhús	Heimild	●1943-1975	362122	404323			Ómetið	Já
218-90	Lindarás	Íbúðarhús	Heimild	●1950-1985	362018	404368,	10	10	Ómetið	Já
218-91		Íbúðarhús	Heimild	●1954-1965	362089	404399			Ómetið	Já
218-92	Melholt	Íbúðarhús	Íbúðarhús	●1945	361971	404416	8	8	Ómetið	Nei
218-93	Heima-hvammur	Íbúðarhús	Íbúðarhús	●1930	361929	404438	13	10	Ómetið	Nei

218-94	Aldan	Íbúðarhús	Heimild	●1950-2006	361877	404506	7	6	Ómetið	Að mestu
218-95	Sandbrekka	Íbúðarhús	Heimild	●1965-1975	361848	404517	8	7	Ómetið	Já
218-96	Laufbrekka	Íbúðarhús	Grunnur	●1965	361875	404533	10	9	Sæmilegt	Nei
218-97	Lyngbrekka	Íbúðarhús	Heimild	●1940-1975	361853	404535	10	7	Ómetið	Já
218-98	Hlíð	Íbúðarhús	Heimild	●1965-1975	361793	404552	12	10	Ómetið	Já
218-99	Hlíð 1	Íbúðarhús	Heimild	●1932-1975	361779	404540	10	10	Ómetið	Já
218-100	Steinar	Íbúðarhús	Heimild	●1954-1965	361791	404467	10	10	Ómetið	Já
218-101	Bjarkarás	Íbúðarhús	Heimild	●1954-1965	361696	404472	8	7	Ómetið	Já
218-102	Bakkakot	Íbúðarhús	Heimild	●1943-2003	361652	404356	12	12	Ómetið	Já
218-103	Laugarfell	Íbúðarhús	Heimild	●1942-1984	361621	404388	14	9	Ómetið	Já
218-104	Lækjarbugur	Íbúðarhús	Heimild	●1942-1984	361608	404416	9	5	Ómetið	Já
218-105	Bjarkar-lundur	Íbúðarhús	Heimild	●1941-	361631	404455	0,1	0,07	Ómetið	Já
218-106	Lækjartún	Íbúðarhús	Heimild	●1950-1996	361551	404445	6	6	Ómetið	Já
218-107	Lækjarhvoll,	Íbúðarhús	Heimild	●1945-1971	361505	404444	14	6	Ómetið	Já
218-108	Lækjarbrekka	Íbúðarhús	Heimild	●1943-1984	361521	404455	11	8	Ómetið	Já
218-109	Höfði	Íbúðarhús	Heimild	●1945-1965	361604	404535	13	11	Ómetið	Já
218-110	Klöpp	Íbúðarhús	Heimild	●1954-1971	361494	404503	9	7	Ómetið	Já
218-111	Fagrabrekka	Íbúðarhús	Heimild	●1941-1975	361531	404566	12	7	Ómetið	Já
218-112	Sandfell	Íbúðarhús	Heimild	●1954-1972	361542	404583	6	5	Ómetið	Já
218-113	Fagr-ihvammur	Íbúðarhús	Heimild	●1932-1997	361549	404627	11	8	Ómetið	Já
218-114	Birkilundur	Sumar-dvalarstaður, íbúðarhús	Heimild	●1939-1990	363631	403662			Ómetið	Horfið
218-121	Blesugróf	Verkstæði, byggingin	Hús	●1965	362066	404405	10	4,5	Ómetið	Nei
218-122	Sjónarhóll	Hleðsla	Hleðsla	●1958	362515	404397	12	7	Ómetið	Nei
218-123	Foss	Garður, kringum garð	Garður	●1950-75	362438	404389	6	3	Gott	Nei
218-124	Fossgil	Jarðhýsi	Niðurgröftur með hleðslu	●1951	362396	404397	4	3	Gott	Nei
218-126	Alda	Hleðsla	Hleðsla	●1950	361908	404516	5,7	4	Gott	Nei
218-146		Óþekkt	Garðlag	●1900	363187	402874	5	4	Sæmilegt	Nei
218-147		Stekkur	Hleðsla	●1750-1900	362430	404539	9	9	Slæmlegt	Að hluta
218-148		Rúst	Rúst	●1750-1900	362435	404549	4	3	Sæmilegt	Nei
218-149	Arnesarhellir	Bústaður	Hellir	●1750-1900	362357	404568	10		Sæmilegt	Nei
218-150		Stekkur	Grjótgarður	●1800	362377	404506	12	6	Sæmilegt	Nei
218-151		Stekkur	Heimild	●1900	361976	404600	6,2	5,4	Ómetið	Já
218-152		Óþekkt	Rúst	●1900	362048	404510	4	3	Slæmt	Nei
218-153		Óþekkt	Rúst	●1900	362052	404492	3	2	Slæmt	Nei
218-154		Óþekkt	Garðlag	●1930	361862	404625	7	1	Gott	Nei


218-155		Óþekkt	Garðlag	●1930	361878	404622	3	1	Sæmilegt	Nei
218-159	Snókshólmi	Landamerki	Hólmi	●1890	363274	402803	50	18	Gott	Nei
218-161		Náma	Náma	●1970-1971	363505	403872			Gott	Nei
218-162		Rúnasteinn	Steinn		362142	404608	0,96	0,55	Gott	Nei


Viðauki 2


Minjakort fyrir skráningarsvæðið[384]



[384] Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 10. maí 2020. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir.


262-128
262-127
262-7
262-34
262-8
262-15
262-2
262-7
262-3
262-12
262-35
263
262-10
262-10
262-1
262-5
262-14
262-4
262-6
Árbær
262-9
Árbæjarsafn
262-10
Rafstöðvarvegur
262-30
262-36
Stórfoss
218-149
Hólmsá
218-147
Skorahylur
Kermóafoss
218-2
218-76
Kermóar
218-79
262-38
262-39
262-134
Árbæjarstífla
262-33
218-65
Höfðabakki
218-124
218-62
218-62
218-62
218-78
218-75
218-72
218-71
218-74
218-73
Vatnsveituvegur
218-69
218-69
Draugaklettar
218-62
218-64
218-77
218-41
Norðurhvarf
Fornleifar 100 ára eða eldri
Minjar frá 1921-1930
Minjar frá 1930 og yngri
Herminjar frá 1940 og yngri
Fornleifar 100 ára eða eldri
Fornleifar 100 ára eða eldri, horfnar
Horfnar leiðir 100 eða eldri
Minajr frá 1921-1930
Minajr frá 1921-1930, horfnar
Minjar frá 1930 og yngri
Minjar frá 1930 og yngri, horfnar
Skipulagsmörk Elliðaárdals
0
100
200
400 m


262-134
262-134
262-27
262-27
Blásteinshólmi
218-39
Hvarfsmýri
218-42
Eddubær
Vatnsveituvegur
Kverk
262-43
262-43
Hvíld
218-68
218-62
262-42
262-30
262-19
262-22
262-23
262-21
262-25
218-43
218-39
218-161
Vatnsveitubrú
218-38
262-43
Vatnstökustaður
218-37
262-37
Veiðihús
218-30
218-29
218-58
Prengsli
Bugða
262-32
218-114
218-114
262-32
Birkilundur
218-114
218-114
262-32
262-32
262-32
Stanleyville
218-57
262-32
262-32
262-41
218-57
262-32
262-32
262-32
218-57
Camp Baldurshagi
262-32
262-32
Fornleifar 100 ára eða eldri
Minjar frá 1921-1930
Minjar frá 1930 og yngri
Herminjar frá 1940 og yngri
Fornleifar 100 ára eða eldri
Fornleifar 100 ára eða eldri, horfnar
Horfnar leiðir 100 eða eldri
Minjar frá 1921-1930
Minjar frá 1921-1930, horfnar
Minjar frá 1930 og yngri
Minjar frá 1930 og yngri, horfnar
Skipulagsmörk Elliðaárdals
0
90
180
360 m
N


Fornleifar 100 ára eða eldri
Minjar frá 1921-1930
Minjar frá 1930 og yngri
Herminjar frá 1940 og yngri
Fornleifar 100 ára eða eldri
Fornleifar 100 ára eða eldri, horfnar
Horfnar leiðir 100 eða eldri
Minjar frá 1921-1930
Minjar frá 1921-1930, horfnar
Minjar frá 1930 og yngri
Minjar frá 1930 og yngri, horfnar
Skipulagsmörk Elliðaárdals
218-57
262-32
Dimma
Árbæjarhólmi
Stekkjarhóll
Grænagróf
218-146
218-159
Víðivellir
218-17
Hrossamýri
Dimma
Breiðholtsbraut
N
0
75
150
300 m

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur

160 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Sverrir Snævar Jónsson: *Fornleifaskráning og jarðsjármælingar í miðbæ Reykjavíkur*. Rvk. 2012.

161 Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmýri, Seljamýri, Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2013.

162 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Sigurlaugur Ingólfsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur*. Rvk. 2013.

163 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2013.

164 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*. Rvk. 2014.

165 Bragi Bergsson: *Almenningsgarðar í Reykjavík*. Rvk. 2014.

166 Drífa Kristín Þrastardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Arnarholt á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.

167 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Vallá á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.

168 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Framkvæmdareftirlit á bæjarstæði Breiðholts*. Rvk. 2014.

169 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Stórasels*. Rvk. 2014.

170 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Skrauthólar á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.

171 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna María Bogadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Vogabyggð. Svæði 1-3. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.

172 Margrét Björk Magnúsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Framkvæmdareftirlit vegna viðhalds á Árbæ 2015*. Rvk. 2015.

173 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Anna María Bogadóttir: *Kirkjusandur. Borgartún 41 og Kirkjusandur 2. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2016.

174 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Kirkjugarður í landi Lambhaga við Úlfarsfell. Fornleifaskráning*. Rvk. 2016.

175 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Kennaraháskólareitur. Stakkahlíð, Háteigsvegur, Bólstaðarhlíð*. Rvk. 2016.

176 Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Keilugrandi, Boðagrandi, Fjörugrandi.* Rvk. 2016.

177 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Grundarstígsreitur*. Rvk. 2016.

178 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Hafnarstræti frá Pósthússtræti að Tryggvagötu. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.

179 Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016.* Rvk. 2017.

180 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Hof 1. Landnúmer 125848. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.

181 María Gísladóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Borgartún 34-36. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.

182 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Elliðaárdalur. Svæðið norðan Stekkjarbakka. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.

183 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7 – Árbær*. Rvk. 2017.

184 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Heklureitur. Bolholt, Brautarholt, Laugavegur, Nóatún, Skipholt*. Rvk. 2017.

185 Anna María Bogadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Skeifan. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2017.

186 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Eldri byggð á lóð Stjórnarráðsins*. Rvk. 2017.

187 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Úlfarsárdals.* Rvk. 2017.

188 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags 1. áfanga við Gufunes.* Rvk. 2018.

189 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vesturlandsvegar frá Leirvogsá að Hvalfirði.* Rvk. 2018.

190 Sólrún Inga Traustadóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2017.* Rvk. 2018.

191 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfsnesvík Þerneyjarsundi.* Rvk. 2018.

192 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna athafnasvæðis á Hólmsheiði.* Rvk. 2018.

193 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Köllunarklettur Þ47. Héðinsgata, Köllunarklettsvegur, Sundagarðar, Sæbraut*. Rvk. 2018.

194 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stórahnjúk Úlfarsfelli.* Rvk. 2018.

195 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á bæjarstæði Mógilsár*. Rvk. 2019.

196 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2019.

197 Sólrún Inga Traustadóttir o.fl.: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2018.* Rvk. 2019.

198 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Sjómannaskólareitur. Nóatún, Háteigsvegur, Vatnsholt, Skipholt. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.

199 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á lóð fyrir innsiglingamerki á Gufuneshöfða.* Rvk. 2019.

200 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2019

201 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi vegna deiliskipulags.* Rvk. 2019.

202 Sólrún Inga Traustadóttir, Almar Smári Óskarsson, Anna Soffía Ingólfsdóttir, Björn Ari Örvarsson, Ísak Freyr Valsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Katrín Alda Ámundadóttir, Snædís Sunna Thorlacius: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Framvinduskýrsla 2019.* Rvk. 2020.

Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis
Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Guðný Gerður Gunnarsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.
gudnygerdur@minjastofnun.is

Reykjavíkurborg - Umhverfis- og skipulagssvið
Skipulagsfulltrúi
Borgartúni 12-14
105 Reykjavik

Reykjavík 27. október 2020
MÍ202003-0115/ 6.09 / GGG

Efni: Elliðaárdalur Reykjavík - tillaga að deiliskipulagi

Vísað er til fyrri umsagnar Minjastofnunar Íslands dags. 4.6.2020, þar sem kemur fram að skráning menningarminja, fornleifa, húsa og mannvirkja lá ekki fyrir er tillaga að deiliskipulagi Elliðaárdals barst stofnuninni til umsagnar er hún var auglýst í mars s.l og að stofnunin veiti ekki umsögn fyrr en skráning menningarminja er lokið. Ítrekað skal að samkvæmt 16. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012 „skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi."

Minjastofnun Íslands vill minna skipulagsyfirvöld í Reykjavík á að skráning menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er mikilvægur þáttur þess að tryggja verndun og varðveislu menningararfsins. Tilgangur skráningar menningarminja er að fá yfirsýn yfir minjar innan tiltekins skipulagssvæðis og er grundvöllur þess að unnt sé að móta stefnu um verndun þeirra. Minjastofnun Íslands vill benda Reykjavíkurborgar á að það er mikilvægt að skráning menningarminja liggi fyrir áður en tillaga að deiliskipulagi er fullmótuð þannig að nýta megi þá þekkingu sem fæst með skráningu menningarminja til stefnumótunar um verndun þeirra.

Minjastofnun Íslands hefur nú borist skýrsla Borgarsögusafns *Elliðaárdalur. Fornleifaskrá og húsakönnun.* (Anna Lísa Guðmundsdóttir, Alma Sigurðardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, skýrsla nr. 203, Reykjavík 2020). Skrá yfir menningarminjar, fornleifar hús og mannvirki, sem birt er í skýrslunni fullnægir kröfum Minjastofnunar Íslands um skráningu vegna deiliskipulags, sbr. 16. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012. Bent skal á að samkvæmt *reglum um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019* skal færa útlínur skráðra fornleifa inn á skipulagsuppdrátt þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna. Ennfremur skal á deiliskipulagsuppdrætti sýna staðsetningu húsa og mannvirkja sem

falla undi lög um menningarminjar [friðlýst, friðuð, byggð 1925 eða fyrr] og umfang þeirra. (4. gr.)

Í skýrslu Borgarsögusafns er gefið greinargott yfirlit yfir sögu og þróun byggðar við Elliðaárnar og menningarminjar á svæðinu og lagt mat á varðveislugildi fornleifa, húsa og mannvirkja. Í Elliðaárdal er að finna merkilegt menningarlandslag og fjölbreyttar menningarminjar um búsetu og starfsemi við Elliðaárnar og svæðinu umhverfis þær allt frá fyrri öldum til samtímans. Í Elliðaárdal er að finna fjölda aldursfriðaðra fornleifa sem tengjast búskap á jörðunum við árnar, Ártúni, Árbæ og Gröf. Þá er að finna við árnar friðaðar fornleifar tengdar starfsemi Innréttinganna sem tóku til starfa í Reykjavík upp úr miðri 18. öld. Ennfremur hús og mannvirki veitustofnana bæjarins sem komið var á fót á fyrri hluta 20. aldar, en tilkoma vatnsveitu og rafmagnsveitu hafði í för með sér tækninýjungar sem bættu líf Reykjavíkinga. Ummerki eru um byggð á erfðafestulöndum sem byggðust á fyrri hluta 20. aldar í jaðri bæjarlandsins. Loks má nefna herminjar, leifar af mannvirkjum frá tíma síðari heimsstyrjaldar, umbrotatíma í íslensku þjóðfélagi.

Markmið með húsa- mannvirkja og fornleifaskráningu er ekki aðeins að leitast við að tryggja varðveislu minja við skipulagsgerð heldur einnig að það sé skoðað hvaða möguleikar eru á nýtingu þeirra til hagbóta fyrir samfélagið. Þannig má í skipulagi leggja drög að því að gera áhugaverðar fornleifar og minjastaði aðgengilega og skiljanlegar almenningi.

Borgarsögusafn setur fram tillögu að tíu verndarsvæðum sem hljóti hverfisvernd í deiliskipulagi. Lagt er mat á ástand minjanna og lagðar til aðgerðir til að bæta það og einnig að auka aðgengi að minjastöðunum. Um er að ræða svæði þar sem að minjar eru sýnilegar og veitir það einstakt tækifæri til að veita almenningi fræðslu um menningarsögu dalsins. Svæðin eru sýnd á mynd 250: *Yfirlitskort sem sýnir minjar í Elliðaárdal og helstu verndarsvæði á skráningarsvæðinu,* (bls. 156). Á verndarsvæðunum er að finna friðlýstar og friðaðar menningarminjar og einnig yngri minjar. Gerð er grein fyrir minjum í kafla 2.3.5 *Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar* og kafla 2.4.4 *Varðveislumat fyrir hús og mannvirki.* Heildarniðurstöður og tillögur að verndarsvæðum er svo að finna í kafla 2.5 *Heildarniðurstöður um verndarsvæði í Elliðaárdal.* Verndarsvæðin eru sem hér segir: (Borgarsögusafn 203/2020)

Innréttingaminjar. *Friðaðar fornleifar.* Minjar frá tímum Innréttinganna sem tóku til starfa í Reykjavík um 1750. *Ástand minjanna er almennt talið slæmt. Mikilvægt er að hreinsa trjágróður af rústunum þar sem hann eyðileggur minjar og koma upp menningarmerkingum í grennd við þær. Þá er þörf á að lagfæra göngustíga á svæðinu og gera nýjar göngubrýr yfir lækjarfarvegi þannig að svæðið verði aðgengilegra almenningi. Minjarnar eru hluti af sögu Reykjavíkur þar sem*

staðarval Innréttinganna lagði grunninn að þéttbýlisþróun í Reykjavík og hafa því mikið menningarsögulegt gildi. (bls. 157)

Bæjarhóll Ártúns. *Friðaðar fornleifar.* Bæjarhóll sem hefur líklega að geyma mestu og merkustu minjar Elliðaárdals.
Bæjarhóllinn er í góðu ásigkomulagi og ekki er æskilegt að byggt verið meira innan túna Ártúns heldur verði reynt að halda í gamla búsetulandslagið. Bæjarhóll Ártúns er einn af fáum bæjarhólum innan bæjarmarkanna sem enn eru sjáanlegir og tiltölulega lítið raskaðir. Mikilvægt er að setja upp menningarmerkingar þar sem greint er frá sögu og minjum Ártúns og nágrennis. (bls. 158)

Herskálahverfið Camp Battle. *Herminjar.* Þrjár skotgrafir og leifar af tveimur vatnstönkum.
Minjarnar eru heillegar og í góðu ásigkomulagi. Hreinsa þarf trjágróður af minjunum og merkja minjasvæðið til þess að auka upplifun, en auðvelt er að gera sér í hugarlund notkun skotgrafanna. Lagt er til að þessar herminjar hljóti hverfisvernd eins og aðrar heillegar og fágætar minjar frá þessu tímabili. (bls. 159).

Elliðaárvirkjun. *Friðlýst hús og mannvirki.* Elliðaárvirkjun og mannvirki sem henni tilheyra, m. a. þrýstivatnspípu og Árbæjarstíflu. *Verndarsvæði hefur verið afmarkað um friðlýst mannvirki. (bls. 159).*
Þess skal getið að Orkuveita Reykjavíkur hefur kynnt Minjastofnun hugmyndir um framtíðarnýtingu Rafstöðvarinnar við Elliðaár og húsa sem henni tilheyra. Stofnunin hefur fjallað um tillögur að breytingum á húsunum sem hafa að markmiði að laga þau að nýju hlutverki sem sýningarstaður þar sem sögu svæðisins verði gerð skil.

Blesugróf. *Yngri minjar.* Minjar um horfna byggð í Blesugróf, Löngugróf og upp með Vatnsveituvegi, að mestu frá tímabilinu 1930-1965. Á svæðinu standa enn nokkur hús sem áður voru hluti af byggðinni og ennfremur leifar af húsum, steinhleðslum og garðlögum sem minnir á þessa byggð. *Lagt er til að ekki verði hróflað við þessum yngri minjum ef hjá því verður komist, sjá minjaskrá. Ekkert sérstakt verndarsvæði er afmarkað fyrir þessa horfnu byggð.* Ennfremur er lagt til að byggðarinnar verði minnst með menningarmerkingum. (bls. 160).

Hólmstá. *Friðaðar fornleifar.* Minjar sem ekki var vitað um áður en eru líklega frá 18. og 19. öld og hafa tengst sauðfjárhaldi.
Svæðið er sérstakt og er þetta einn af fáum stöðum þar sem sér vel í Elliðaárhraunið í dalnum og koma ætti í veg fyrir að trjágróður og lúpína gangi þar yfir hraunið. Bæta mætti aðgengi með göngustígum og setja upp menningarmerkingar. (bls. 161)

Vatnsveituvegur. *Friðaðar fornleifar.* Vegur sem lagður var á árunum 1908-1909 vegna vatnsveituframkvæmda, frá Suðurlandsbraut við Elliðaárvog upp með Elliðaánum að vestanverðu að Vatnsveitubrú og svo áfram austan með ánni upp í Gvendarbrunna. Í notkun að hluta sem reiðvegur og akvegur.
Vegarkaflinn frá Höfðabakka að Vatnsveitubrú er lengsti og heillegasti hlutinn og ætti að reyna að halda honum í sinni mynd þar. (bls. 162)

Skotbyrgi í Norðurhvarfi *Herminjar.* Í brekku upp af Árbæjarstíflu.
Skotbyrgi sem þetta eru nokkur í Reykjavík, en þar sem þau eru fátíð er lagt til að hljóti hverfisvernd. Skotbyrgði er í nokkuð góðu ásigkomulagi og auðvelt er að gera sér notkun þess í hugarlund. Gera þarf göngustíg að minjasvæðinu, merkja það og hreinsa í burtu óæskilegn tjrágróður í næsta nágrenni. (bls. 163)

Brennuhóll. *Yngri minjar.* Minjar um eldri byggð líklega frá tímabilinu 1921-1930 en gætu verið leifar af enn eldri byggð.
Minjarnar eru heillegar og í góðu ásigkomulagi en koma þarf í veg fyrir að trjágróður og lúpína vaxi yfir minjasvæðið. Göngustígur hefur verið lagður þvert í gegnum svæðið að suðvestanverðu og þar væri hægt að setja upp menningarmerkingar. Þessar minjar ber að varðveita sem fulltrúa þessa tímabils eða minja frá fyrri hlut 20. aldar. (bls. 163)

Vatnsveituframvæmdir og veiðihús. *Friðaðar fornleifar.*
Minjar um lagningu Vatnsveitunnar eru flestar við Vatnsveitubrú, svo sem Vatnsveituveg, vatnsleiðsluna og fyrsta vatnstökustaðinn.
Góður staður til að segja sögu Vatnsveitunnar.
Á sama svæði eru leifar Ensku veiðihúsanna eða efri veiðihúsanna sem eru elstu minjar í efri hluta dalsins.
Minjarnar eru vel greinanlegar, en mikilvægt er að hreinsa trjágróður af þeim til að verja þær skemmdum og auka aðgengi að þeim. Minjarnar eru við malbikaðan gangstíg þannig að þar væri tilvalið að setja upp menningarmerkingar með upplýsingum um minjastaðinn. (bls. 165)

Camp Baldurshagi *Herminjar.* Leifar af mannvirkjum frá hernámsárunum.
Minjarnar eru vel greinilegar en í misjöfnu ástandi. Mikilvægt er að hreinsa trjágróður af minjunum, gera þær aðgengilegar og merkja. Lagt er til að svæði þetta verði hverfisverndað. (bls. 166).

Í umsögn Minjastofnunar frá 4.6.2020 er bent á að umfjöllun um menningarminjar í greinargerðum sem fylgja tillögu að deiliskipulagi Elliðaárdals *Stefnumörkun og skilmálar* og *Forsendur deiliskipulags,* sé alls ófullnægjandi. Þar sem deiliskipulagstillagan var auglýst áður en skráning menningarminja lá fyrir er ljóst að endurskoða þarf kafla í áðurnefndum greinargerðum þar sem fjallað er um menningarminjar í samræmi við niðurstöður skráningar menningarminja og tillagna Borgarsögusafns um verndun þeirra.

Minjastofnun Íslands tekur undir tillögur Borgarsögusafns um verndun menningarminja í Elliðaárdal og hvetur Reykjavíkurborg til þess að hlú að einstöku menningarlandslagi dalsins. Það verði gert með því að vernda svæðin með hverfisvernd í deiliskipulagi. Þá verði aðgengi að minjastöðum bætt og veitt þar fræðsla með menningarmerkingum um minjar og sögu byggðar við Elliðaár. Slíkt mun auka gildi Elliðaárdals sem útivistarsvæðis.

Virðingarfyllst,

Guðný Gerður Gunnarsdóttir
minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Afrit sent:
Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:
Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík (skipulag@reykjavik.is)
Björn Ingi Edvardsson (bjorn.ingi.edvardsson@reykjavik.is)
Borgarsögusafn Reykjavíkur (minjavarsla@reykjavik.is)
Anna Lísa Guðmundsdóttir (anna.lisa.gudmundsdottir@reykjavik.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds.
Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 16. nóvember 2020

Varðar: Elliðaárdalur, deiliskipulag.

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar að deiliskipulagi fyrir borgargarðinn í Elliðaárdal. Skipulagið byggir á grunni eldra deiliskipulags sem var samþykkt árið 1994 sem fellt er úr gildi. Í tillögunni eru afmörkuð og skilgreind hverfisverndarsvæði í dalnum, gerð grein fyrir helstu göngu- og hjólastígum ásamt nýjum þverunum yfir Elliðaárnar og skilgreind helstu útivistar- og áningarstaðir, samkvæmt uppdrætti Landslags. ehf. dags. 10. febrúar 2020. Einnig er lögð fram greinargerð Landslags ehf. um forsendur deiliskipulags dags. 10. febrúar 2020, greinargerð Landslags ehf. um stefnumörkun og skilmála dags. 10. febrúar 2020, skýringarmynd Landslags ehf. dags. 10. janúar 2020 og drög Borgarsögusafns Reykjavíkur að varðveislumati og húsaskrá fyrir Elliðaárdalinn. Einnig er lagður fram tölvupóstur stjórnar Hollvinasamtakanna dags. 19. mars 2020 og bréf Halldórs Páls Gíslasonar f.h. Hollvinasamtaka Elliðaárdals dags. 21. apríl 2020 og Fornleifaskrá og Húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur, skýrsla nr. 203, dags. 2020

Tillagan var auglýst frá 16. mars 2020 til og með 18. maí 2020. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir/umsögn:

1) Bjarni V. Guðmundsson dags. 18. mars 2020
2) Vegagerðin dags. 19. mars 2020 og 19. maí 2020
3) Hörður Guðjónsson f.h. íþróttafélagsins Fylkis dags. 22. apríl 2020
4) Umhverfisstofnun dags. 22. apríl 2020
5) Hlín Sverrisdóttir dags. 7. maí 2020
6) Hestamannafélagið Fákur dags. 12. maí 2020
7) Sædís Þorleifsdóttir dags. 17. maí 2020
8) Gunnar H. Guðmundsson dags. 18. maí 2020
9) Orkuveita Reykjavíkur dags. 18. maí 2020
10) Veitur dags. 18. maí 2020
11) Snorri Gunnarssondags. 18. maí 2020
12) Ólafur Haraldsson f.h. Frisbígolffélags Reykjavíkur og Íslenska frisbígolf sambandsins dags. 18. maí 2020
13) Halldór Páll Gíslason f.h. Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins dags. 18. maí 2020
14) Jósep Valur Guðlaugsson dags. 19. maí 2020
15) Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts dags. 19. maí 2020
16) Umsögn SVFR dags. 9. nóvember 2019
17) Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 14. maí 2020
18) Minjastofnun Íslands dags. 4. júní 2020 og 27. október 2020
19) Íbúaráð Breiðholts dags. 16. júní 2020



Auglýst tillaga


Athugasemdir og svör.

1) Bjarni V. Guðmundsson dags. 18. mars 2020.

Bjarni vill að ósnortna svæðið milli Stekkjarbakka, Fálkabakka og Höfðabakka verði hluti af skipulagssvæðinu og friðað. Jafnframt er gerð athugasemd við þann fjölda göngustíga sem eiga að koma í brekkunni fyrir neðan Hólahverfi í miðhluta svæðisins. Finnst of mikið af stígum, auk þess að áningastaðurinn fyrir neðan Trönuhóla 10 mjög fallegt svæði og ekki eigi að raska umhverfinu með göngustíg niður að honum. Spyr um aðkomu Minjastofnunar varðandi minjar sem fara undir hjólreiðastíg.

Svar: Umrætt svæði við Fálkabakka er ekki hluti af dalnum, en er hluti af Hverfisskipulagi Neðra-Breiðholts sem er í vinnslu og verður kynnt formlega á næstu mánuðum. Búið er að forkynna hverfisskipulagið en nákvæm tímasetning á formlegu kynningarferli liggur ekki fyrir. Þar er skv. drögum ekki lagt til að framkvæma neitt heldur vernda þau sérkenni náttúrunnar sem svæðið hefur þróað með sér síðastliðna áratugi. Varðandi áningarstaðinn við Trönuhóla, sem er merktur á uppdrátt þá liggur engin ákvörðun fyrir um hvort hann verði útbúinn eða nákvæmlega á þessum

stað. Í kafla 3.5 í greinargerð skipulagsins um áningarstaði þá eru staðsetningar taldar upp leiðbeinandi, nánari útfærsla valin m.t.t. landslags og staðhátta. Enginn undirbyggður göngustígur yrði lagður að honum, ef af verður, heldur er um að ræða troðna göguslóða.



Borgarsögusafn skilaði inn fornleifaskráningu eftir kynningartíma skipulagsins, skýrsla nr. 203 í október 2020 og var hún send til Minjastofnunar (MÍ) til yfirferðar. MÍ skilaði inn umsögn til Reykjavíkurborgar dags. 27. Október 2020. Í þeirri umsögn kemur fram að MÍ beinir því til borgarinnar að lega göngu- og hjólastíga sé skoðuð m.t.t. minja og skal haft að leiðarljósi við allar framkvæmdir í dalnum reynt að komast hjá því að raska menningarminjum. Tekið er undir það sjónarmið MÍ við hönnun og útfærslu þeirra göngu- og hjólastíga sem á eftir að framkvæma í dalnum skv. tillögu að skipulagi. Lega stíga á skipulagsuppdráttum er ekki bindandi og getur breyst við nánari hönnun.

2) Vegagerðin dags. 19. mars 2020 og 19. maí 2020.

Vegagerðin bendir á að skv. vegalögum nær veghelgunarsvæði stofnvega 30 m til hvorrar handar frá miðlínu vega, en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Um veghelgunarsvæði við vegamót er sérstaklega kveðið á um í vegalögum. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni. Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum og nær deiliskipulagið skv. tillögu inn á veghelgunarsvæði Reykjanesbrautar, Breiðholtsbrautar, Miklubrautar og tilheyrandi vegamóta. Vegagerðin leggst gegn því að mörk skipulagsins nái inn á veghelgunarsvæði þjóðvega.

Svar: Lagt er til að sett verði inn á skipulagsuppdrátt merkingar fyrir veghelgunarsvæði stofnvega. Ekki er lagt til að mörk skipulagsins breytist, þau verða óbreytt.

3) Hörður Guðjónsson f.h. íþróttafélagsins Fylkis dags. 22. apríl 2020.

Fylkir gerir athugasemdir við að deiliskipulag Elliðaárdals nái yfir svokallaðan Stínuskóg sem liggur vestan megin við svæði Fylkis. Svæðið þar er í mikilli órækt og hefur ítrekað verið bent á það af íbúum og Fylkismönnum. Óskar Fylkir eftir samráði um hvernig umrætt svæði verður nýtt.

Svar: Umrætt svæði er innan afmörkunar skipulags Elliðaárdalsins. Ákveðið var að taka það ekki innan afmörkunar Hverfisskipulags fyrir Árbæinn sem var samþykkt nýlega. Ekki eru uppi neinar áætlanir um að breyta svæðinu í skipulagi en sjálfsagt að reyna koma því til framkvæmdar að það verði ekki í órækt eins og Fylkismenn benda á.

4) Umhverfisstofnun dags. 22. apríl 2020.

Umhverfisstofnun (UST) tekur undir hugmyndir í tillögu um að bæta aðgengi íbúa og gest að útivistarsvæðum með lagningu göngu- og hjólastíga og brúa, án þess þó að verndargildi svæðisins rýrni. UST nefnir nokkur atriði varðandi vernd sem þeim finnst mikilvægt að komi fram í tillögum og vísar í því sambandi til 61.gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. UST bendir á að framkvæmdir og umferð gesta í dalnum geti haft neikvæð áhrif á fuglalíf og nefnir kríuna í því sambandi sem m.a. á válista sem tegund í nokkurri hættu, jafnframt telur UST að fyrirhugaðir göngu– og hjólabrýr geti haft neikvæð áhrif á bakkagróður og telur æskilegt að mikilvægt að við stígagerð verði öllu raski haldið í lágmarki og nýir stígar fylgi núverandi stígum eins og kostur er.

Svar: Þakkað er fyrir góða og uppbyggilega umsögn frá UST og leitast verður við að koma því á framfæri í tillögugerð og frekari framkvæmd innan svæðisins að passað verði upp á þau atriði sem UST bendir á.

5) Hlín Sverrisdóttir dags. 7. maí 2020.

Hlín finnst að Árbæjarsafn eigi að vera hluti af skipulagi Elliðaárdalsins, og telur að safnið myndi styrkjast til muna ef það yrði endurhannað með tilgangi að gera það sem hluta af dalnum því tækifærin eru til staðar vegna staðsetningar safnsins. Á sama hátt myndi fjölbreytileiki og útivistarmöguleikar dalsins aukast.

Svar: Ákveðið var á fyrri stigum að Árbæjarsafn yrði ekki hluta af skipulagi Elliðaárdalsins heldur er það hluti af Hverfisskipulagi fyrir Árbæinn. Hugmyndir eru uppi um sögu- og tæknisýningu á vegum OR á Rafstöðvarsvæðinu og ásamt fræðslustarfsemi er þar gert ráð fyrir kaffihúsi og leiksvæðinu svæði í kringum byggingarnar. Borgarsögusafn Reykjavíkur hefur verið í samráði við OR um möguleg tengsl þarna á milli safnsins og Rafstöðvarsvæðisins og gæti það verið skemmtileg viðbót og óháð skipulaginu.

6) Hestamannafélagið Fákur dags. 12. maí 2020.

Fákur telur að reiðleiðir eigi enn að vera í neðri hluta Elliðaárdalsins, sbr. eldra erindi frá 2017 fjallaði um, sjá viðhengi með athugasemd. Auk þess þá er bent á nokkur atriði t.a.m. vantar inn á uppdrátt áningarstað hestamanna við Árbæjarstíflu. Bent er á hvernig útfærslan eigi að vera varðandi gömlu vatnsveitubrúnna um samnýtingu milli ríðandi, gangandi og hjólandi yfir ána. Benda á þann möguleika að byggja sér göngu- og hjólabrú á þessum stað til viðbótar við núverandi brú. Einnig er bent á tröppubrúna við Breiðholtsbraut að þar á sér stað töluverð skörun milli

mismunandi ferðamáta, og leggur Fákur til að áningastaður verði færður yfir ána til að minnka áreiti á hinum staðnum.

Svar: Ekki er lagt til að bætt verði við reiðleiðum í neðra hluta dalsins en það yrði ekki í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur þar sem engar reiðleiðir eru lengur sýndar á því svæði. Auk þess sem búið er að aftengja svæðið við Sprengisand sem hestamannasvæði í tengslum við nýtt skipulag þar, jafnframt þess sem lagður hefur verið nýr hjólastígur í svipaðri legu og gamli reiðstígurinn lá. Lagt er til að reiðleiðin verði að stíflunni og merktur verður inn áningarstaður þar og gerði sýnt á uppdrætti. Varðandi vatnsveitubrúnna þá þarf að gera ástandsmat á henni, hún var byggð á árunum 1908-1909 og er því sjálfkrafa friðuð þar sem hún er yfir 100 ára gömul, áður en ákveðið verður að mögulega byggja nýja brú meðfram núverandi brú

Um brúnna við Breiðholtsbraut þá hefur hún verið töluvert lengi í umræðunni og ástandsmat hefur leitt í ljós að hún er nánast ónýt og ónothæf til framtíðar. Nánari staðsetning á henni verður ákveðin í hönnun og passað verður upp á, sbr. er sýnt á uppdrætti, að áningarstaður skeri ekki alveg við þar sem ríðandi, gangandi og hjólandi umferð sker hvor aðra. Ekki er þó lagt til að hann verði færður yfir ána enda nóg pláss til staðar til nánari útfærslu. Góð ábending og lagt til að samráð verði haft við Fák þegar kemur að hönnun og útfærslu við brú í nágrenni reiðleiðar.

7) Sædís Þorleifsdóttir dags. 17. maí 2020.

Sædísi finnst skrýtið að aðgreindur göngu- og hjólastígur sé bara lagður öðru megin Elliðaáa. Óskar jafnframt eftir útskýringum á því hvernig útfærslan og breidd á stíg Breiðholtsmegin eigi að vera. Einnig finnst Sædísi ekki góð hugmynd að setja brú yfir ána á milli stíflu og Höfðabakkabrúar. Finnst að fyrirhuguð (ef búið er að ákveða að setja inn á skipulag) að hún eigi að vera fyrir neðan Höfðabakkabrú í hólmanum. Sædísi finnst ekki góð hugmynd að setja nýja brú yfir Elliðaá um 220 m sunnan við gömlu vatnsveitubrú, finnst það tilgangslaust. Einnig finnst Sædísi ekki gott að svæðið við Fellin sé sneitt af skipulaginu. Athugasemdaraðila finnst gamla brúin við Breiðholtsbraut mætti standa en ekki rífa niður, og spyr auk þess um heildarkostnað við allar þessar framkvæmdir í dalnum skv. nýja skipulaginu.

Svar: Ekki var talin þörf á að gera sérstakan aðgreindan göngu- og hjólastíg beggja vegna Elliðaáa og var valið að hafa hann Breiðholtsmegin frekar en Árbæjarmegin þar sem plássið er minna og með góðum þvertengingum eins og tillagan leggur upp með þá geta bæði Árbæingar og Breiðhyltingar og aðrir komist inn á hjólastíginn mjög auðveldlega víða. Útfærslan verður ákveðin nánar í hönnun en viðmiðin eru skv. leiðbeiningum fyrir hjólareiðar, gefnar út árið 2020, unnar fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðina. Lágmarks breidd þar er að tvístefnu hjólastígar séu 2,5 m breiðir. Varðandi nýja brú milli stíflu og Höfðabakka þá var einmitt ákveðið að hafa hana á því svæði til að halda svæðinu vestan Höfðabakkabrúar óröskuðu og því sjónumhverfi sem þar blasir við. Ný brú sunnan gömlu vatnsveitubrúar er til að tengja hverfin betur Árbæ og Breiðholt og auðvelda þvertengingar yfir ána t.a.m. fyrir hjólreiðafólk og býr þar jafnframt til nýjar gönguleiðir um dalinn.

Varðandi umrætt svæði við Fellinn þá skv. aðalskipulagi er það ekki hluti af Elliðaárdalnum heldur er um nýtt þróunarsvæði að ræða, Þ67 Suðurfell, þar sem gera má ráð fyrir lágreistri sérbýlisbyggð á um 4 hektara svæði fyrir 40-50 íbúðir á 1-2 hæðum þar sem yfirbragð byggðar taki mið af jaðarbyggð hverfisins. Unnið verður sérstakt deiliskipulag fyrir það svæði. Gamla brúin við

Breiðholtsbraut er kapalbrú sem var byggð á árunum 1971-1975 og hefur ástandsmat á henni leitt í ljós að hún er nánast ónýt og því þarf að gera nýja brú. Forhönnun hefur legið fyrir ansi lengi en fjármuni hefur skort til að koma því í framkvæmd, en stefnt er því að endurnýja brúnna á næstu árum. Varðandi heildarkostnað við allar nýjar framkvæmdir í skipulaginu þá er ekki hægt að gefa neina tölu á það enda hönnun ekki hafin, auk þess sem framkvæmdir verða áfangaskiptar og ekki er búið að ákveða forgangsröðunina í þeim efnum heldur.

8) Gunnar H. Guðmundsson dags. 18. maí 2020

Athugasemdin varðar lífríki Elliðaánna og sjálfbærni laxastofns árinnar og finnst Gunnari að ekki hafi verið tekið tillit til neikvæðra áhrifa tillagnanna á ástand laxastofnsins, og að engar skilmálar séu settir fram um umgengni við árnar.

Svar: Elliðaárdalur er og verður útivistarsvæði en í deiliskipulagi er reynt eins og kostur er að halda framkvæmdum í náND við árnar í lágmarki. Þeim skilmálum er bætt við að við hönnun nýrra brúa skuli taka mið af umhverfinu og staðsetningu veiðistaða ásamt því að fella skuli brýrnar sem best að landi og halda skuli raski við framkvæmdir í lágmarki. Þá er sett hverfisvernd á svæði umhverfis árnar og að aðliggjandi stígum og þar með tekið undir hverfisvernd skv. aðalskipulagi.

9) Orkuveita Reykjavíkur dags. 18. maí 2020.

Orkuveitan (OR) er með athugasemdir í nokkrum liðum er varðar lóð félagsheimilis þess við Rafstöðvarveg og vill auk þess fá stærri lóð utan um félagsheimilið. OR stefnir að gerð sögu- og tæknisýningar á svæði sínu við Rafstöðvarveg og óskar eftir að nokkur atriði séu uppfærð í deiliskipulaginu í samræmi við það. Auk þess eru nokkrar textabreytingar í greinargerð sem OR bendir á að séu uppfærð í samræmi við þeirra óskir.

Svar: Varðandi textabreytingar þá var fundað með OR að loknu kynningarferli og texti í greinargerð verður uppfærður þar sem á við á nokkrum stöðum í samræmi við ábendingar. Varðandi lóð OR félagsheimilið við Rafstöðvarveg þá er lóðin stækkuð lítillega frá auglýstri tillögu.

Eftirfarandi breytingar og lagfæringar eru gerðar til að koma á móts við umsögn OR:

- Á skipulagsuppræti er skilgreindur byggingarreitur fyrir skýli undir Höggbor innan lóðar rafstöðvar. Bætt er við þeim skilmálum í greinargerð að skýlið megi vera allt að að 100 m^2 að stærð.
- Á skipulagsuppræti er skilgreindur byggingarreitur fyrir tæknirými vatnsleikjagarðs inna Rafstöðvarlóðar. Bætt er við þeim skilmálum í greinargerð að tæknirýmið skuli vera neðanjarðar, eða í nýjum manngerðum hól, og að í því verði m.a. búnaður til að stýra lýsingu og vatnsrennsli í vatnsleikjagarði.
- Á skipulagsuppræti er sýndur stígur innan lóðar rafstöðvar, frá árbakka að Rafstöðvarvegi.
- Fyrir framan gömlu rafstöðina er skilgreint sleppistæði fyrir rútur á skipulagsuppdrætti.
- Tekið er út af skipulagsuppdrætti aksturssvæði á milli húsa innan lóðar rafstöðvar og í greinargerð er svæðið skilgreint sem bifreiðarlaust svæði og bílastæðum breytt í almenningsrými

10) Veitur dags. 18. maí 2020.

Fram kemur að samráð hefur verið haft við Veitur vegna skipulagsins og eru Veitur því til viðbótar að benda á nokkra þætti sem mætti laga og uppfæra í texta.

Svar: Fundað var með Veitum að loknu kynningarferli og texti í greinargerð verður uppfærður þar sem á við á nokkrum stöðum í samræmi við ábendingar. Eftirfarandi breytingar og lagfæringar eru gerðar til að koma á móts við umsögn Veitna:

- Uppfærðar eru upplýsingar um lagnir hitaveitu, rafveitu, fráveitu og vatnsveitu innan skipulagssvæðisins í greinargerð deiliskipulags.
- Bætt er við þemauppdrætti þar sem sýndar eru stofnlagnir hitaveitu, rafveitu, fráveitu og vatnsveitu innan skipulagssvæðisins.
- Bætt er við umfjöllun í greinargerð um að taka þurfi tillit til lagna Veitna í staðsetningu stíga.
- Bætt er við umfjöllun í greinargerð að OR muni setja sandföng í síðasta brunn í botnlagagötum sunnan Rofabæjar til að meðhöndla ofanvatn áður en það rennur út í Elliðaárnar.

11) Snorri Gunnarsson dags. 18. maí 2020.

Snorri gerir athugasemdir í tveimur liðum er varðar; hjólastíg á milli Vatnsveitubrúar og stíflu og afmörkun skipulagssvæðisins. Finnst honum að hjólastígurinn eigi að liggja á vegstæð gamla Vatnsveituvegarins frekar en að hann fylgi göngustíg. Jafnframt finnst Snorra að afmörkun skipulagssvæðisins úr takt á nokkrum stöðum og nefnir svæðið norðan Stekkjarbakka, norðan Rafveituvegar og austur af Suðurfelli. Eðlilegast væri að hans mati að öll þessi svæði tilheyrðu skipulagi Elliðaárdalsins.

Svar: Varðandi fyrri liðinn um hjólastíginn þá verður sá stígur hannaður í samræmi við leiðbeiningar um hönnun stíga fyrir reiðhjól. Þar er tekið á þeim lágmarksfjarlægðum sem æskilegar eru milli göngu- og hjólastíga. Legu hjólastígsins hefur verið valin leið eftir skoðun á því hvar henni verði best fyrir komið til að raska umhverfi dalsins sem minnst og þar með talinn sá trjágróður sem fyrir er. Lega sem sýnd er á uppdrætti er aðeins leiðbeinandi og ef í ljós kemur að aðrir ferlar komi betur út fyrir hjólastíginn í sátt við umhverfi sitt þá verður það tekið til skoðunar við hönnun stígsins. Það er ekki ásættanleg lausn að leyfa ökutækjum að aka eftir hjólastígnum þar sem breidd hjólastíga er ekki nægjanleg fyrir stærri ökutæki. Sá vegur þjónar einnig þjónustuumferð og neyðarumferð sem er ekki hægt að hleypa inn á hjólastíg út frá öryggisjónarmiðum. Slíkur hjólastígur væri þá skilgreindur sem hjólagata. Það þýðir breiðari stíg og meira malbik sem á að halda í lágmarki á sama tíma og öllum ferðamátum verður gert hátt undir höfð. Jafnframt þá er það mjög æskilegt að hjólastígur sé í eins mikilli fjarlægð frá reiðstígum og kostur er vegna fælni hrossa við reiðhjól.

Varðandi seinni liðinn um afmörkun skipulagssvæðisins þá er um að ræða þróunarsvæði skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem eru ekki hluti af dalnum heldur verður unnið sérstakt deiliskipulag fyrir þau svæði, og/ eða tekið á þeim í hverfisskipulagi viðkomandi borgarhluta. Til að mynda þá hefur verið samþykkt deiliskipulag fyrir þróunarsvæðið við Stekkjarbakka.

12) Ólafur Haraldsson f.h. Frisbígolffélags Reykjavíkur og Íslenska frisbígolfsambandsins dags. 18. maí 2020.

Óskað er eftir að sett verði inn á skipulagið núverandi 9 brauta FOLF völlur sem liggur frá Fella- og Hólakirkju í hring niður í dalinn og til baka aftur. Jafnframt telur athugasemdaraðili að einfalt og hagkvæmt væri að stækka völlinn úr 9 í 18 brautir sbr. innsend mynd sem fylgir með, til norðurs og suður frá núverandi velli.

Svar: Almennt þá samræmist frisbígolf þeirri landnotkun sem er í gildi á opnum svæðum og þyrfti í raun ekki staðfestingu í deiliskipulagi. Þrátt fyrir það er bætt inn á uppdrátt og greinargerð í texta um núverandi 9 brauta völl og hann þar með staðfestur inn í skipulagið. Ekki er tekin ákvörðun í þessari skipulagsvinnu að festa stækkunarmöguleika inn á deiliskipulag í samræmi við óskir frisbígolffélagsins en hins vegar skal ekki útiloka stækkun en það myndi kalla á frekara samtal við borgina varðandi afnot af þeim landsvæðum til norðurs og suðurs sem félagið bendir á.

13) Halldór Páll Gíslason f.h. Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins dags. 18. maí 2020.

Hollvinasamtökin telja afmörkun svæðisins vera of litla og tala um 400 hektara í stað þeirra rúmlega 200 hektara sem skipulagið miðar við, og benda þau á nokkur svæði í því samhengi, m.a. efst í dalnum við Breiðholtsbraut, við Suðurfell, svæði við Rafstöðvarveg, við Stekkjarbakka. Jafnframt óska samtökin eftir að brú sem reisa á milli Höfðabakka og stíflu þurfi að færast niður fyrir brú (til vesturs) og hafa á henni möguleika að gera gönguleiðir efst í hólmanum, og tengja þannig við nýjan stíg OR sbr. komu fram í nýlegri hugmyndasamkeppni þar um nýtingu útivistarsvæðisins norðanmegin dalsins. Bent er á nýja reiðstíga við Elliðaár sem þarf að skoða vel. Einnig þarf að skoða það magn af nýjum stígum og brúm í dalnum og útfærslu þeirra þannig að sem minnst röskun verði á gróðurfari og ásýnd dalsins. Tekið er fram að skíðabrekkan í Elliðaárdalnum er ekki innan afmörkunar skipulagssvæðisins. Gerð er athugasemd við að ekki sé skilgreind göngu- og hjólaleið með Rafstöðvarvegi frá stíflu að rafstöðvarsvæði og að eðlilegt hefði verið að hafa Árbæjarsafn innan borgargarðsins.

Svar: Ekki er ljóst um hvaða 400 hektara er verið að vísa til eða hvernig sú afmörkun hefði átt að líta út, en mögulega hefur þá svæði Fáks í Víðidal verið tekið með innan skipulagssvæðisins en það svæði eitt og sér er allavega um 60 hektarar, til er sérstakt deiliskipulag fyrir hesthúsasvæðis Fáks í Víðidal. Hin svæðin sem er verið að benda á eru þróunarsvæði skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem eru ekki hluti af dalnum heldur verður/hefur verið unnið sérstakt deiliskipulag fyrir þau svæði eða tekið á þeim í hverfisskipulagi viðkomandi borgarhluta. Til að mynda þá hefur verið samþykkt deiliskipulag fyrir þróunarsvæðið við Stekkjarbakka. Varðandi Árbæjarsafn þá er skipulag þess innan afmörkunar fyrir hverfisskipulag í Ártúnsholti.

Varðandi skíðabrekkuna þá er hún innan afmörkunar skipulagssvæðisins og lagt er til hún verði betur merkt inn á uppdrátt og fjallað um hana í greinargerð.

Varðandi nýja brú við Höfðabakka þá var búið að teikna upp og gera valkosta greiningu á nokkrum brúm þarna yfir, báðum megin Höfðabakka brúar. Niðurstaðan af þeirri valkostagreiningu var að heppilegast væri að staðsetja hana þar sem hún er sýnd á uppdrætti skipulagsins. Mikill hæðarmunur á bökkum árinnar veldur því að neðan við Höfðabakka þarf að leggja bogadregna brú til þess að halli brúarinnar verði ásættanlegur. Sökum þess er enginn möguleiki á að tengja stíga inn á brúnna á hólmanum. Þá má benda á að nokkru neðar verður reiknað með nýrri og endurgerðri brú yfir í hólmann sem tengist stígakerfi dalsins. Landhalli nýrrar brúar ofan við

stífluna liggur mun betur við landi og liggur hún beint yfir. Þá er einnig talið að ný brú milli stíflu og Höfðabakkabrúar hafi minnst áhrif á breytta ásýnd dalsins sem á að reyna að halda í eins óbreytta og kostur er.

Rafstöðvarvegur frá eystri lóðarmörkum safna- og sýningarsvæði OR að Höfðabakka var áður skilgreindur sem vistgata en verður breytt í "samrými akandi og hjólandi". Ofan á núverandi vatnsstokk sunnan Rafstöðvarvegar á sama kafla verður skilgreind gönguleið sem verður framkvæmd ef til þess kemur að stokkurinn verður endurnýjaður.

14) Jósep Valur Guðlaugsson dags. 19. maí 2020.

Athugasemdaraðila fannst skipulagssvæðið fyrir dalinn vera orðið of lítið og bendir á nokkur svæði í því samhengi, auk þess sem óskað er eftir að svæðið við Stekkjarbakka Þ73 verði hluti af skipulaginu og hætt verði við þau áform sem þar standa til. Jafnframt finnst viðkomandi óþarfi að fjölga brúm og tengingum yfir Elliðaárnar og að ekki eigi að fjölga hjólastígum í dalnum og setja meira malbik í dalinn. Finnst þó í lagi að laga megi brúnna efst við Breiðholtsbraut.

Svar: Sem fyrr segir þá er um að ræða nokkur þróunarsvæði skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem eru ekki hluti af dalnum heldur verður/ hefur verið unnið sérstakt deiliskipulag fyrir þau svæði eða tekið á þeim í hverfisskipulagi viðkomandi borgarhluta. Til að mynda þá hefur verið samþykkt deiliskipulag fyrir þróunarsvæðið við Stekkjarbakka og ekki stendur til að innlima það sem hluta af skipulagi Elliðaárdalsins heldur mun það gilda sem sérstakt deiliskipulag með þeim skipulagsáformum sem þar gilda.

Samanber kemur fram í svari við athugasemd nr. 6, varðandi brúnna við Breiðholtsbraut þá hefur hún verið töluvert lengi í umræðunni og ástandsmat hefur leitt í ljós að hún er nánast ónýt og ónothæf til framtíðar. Gert er því ráð fyrir nýrri brú á þessum stað. Nokkur fjöldi nýrra tenginga er talinn nauðsynlegur til að tengja Elliðaárdalinn betur saman við hverfin í kring þ.e. Árbær og Breiðholt, auk þess sem mikil aukning hefur orðið í hjólreiðum bæði til útivistar og samgangna og þarf á nokkrum stöðum að betur aðgreina gangandi og hjólandi sem kallar á nauðsynlegar úrbætur á slíkum innviðum.

15) íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts dags. 19. maí 2020.

Íbúaráðið fagnar því að Elliðaárdalur verði gerður borgargarður og framtíð hans fest í sessi með deiliskipulagi. Ráðið leggur áherslu á að uppbygging mannvirkja verði takmörkuð og helgist af þörfum dalsins sem útivistarsvæði, auk þess að nauðsynleg samgöngumannvirki verði hönnuð og framkvæmd í sátt við viðkvæmt umhverfi þess og og valdi ekki óþarfri röskun. Íbúaráðið vill einnig að umhirða garðsins verði sinnt og fjármagni úthlutað til þess verks í samræmi við stærð og umfang svæðisins.

Svar: Í deiliskipulagi er lögð áhersla á takmarkaða uppbyggingu og er uppbygging til að þróa dalinn frekar sem útivistarsvæði. Mannvirki munu vera hönnuð m.t.t. viðkvæms umhverfis dalsins og framkvæmdir unnar með sem minnstu raski.

16) Umsögn SVFR dags. 9. nóvember 2019.

Lögð er fram umsögn SVFR með nokkrum atriðum, en taka verður fram að umsögn SVFR var við tillögu á vinnslustigi í nóvember 2019, en ekki auglýsta tillögu vorið 2020. Helstu atriði í umsögn SVFR má sjá hér að neðan.

1. Bent er á að mikilvægasta vistkerfið í dalnum eru árnar og að ekki sé verið að vernda þær skv. sjálfbærni. Benda á að vernda þurfi óskert náttúrusvæði og að tryggja að aukin ásókn skerði ekki verndargildi. Segja að gengið sé gegn þessu, þar sem verndun lífríkis Elliðaánna sé ekki gefinn mikill gaumur í tillögunni.
2. Ekki er minnist á veiðimenn sem útvistarhóp sem notar dalinn.
3. Telja óþarfa að skilgreina betur veiðistaði betur en gert er í dag. En telja að bæta mætti aðgengi veiðimanna að nokkrum veiðistöðum.
4. Segja afkomu laxastofnsins hafi hrakað þrátt fyrir að SVFR hafi kostað miklu til. Orsakirnar séu vaxandi áreiti af mannavöldum.
5. Benda á rangfærslur í texta hvað varðar örnefni, veiðitölur, o.fl.
6. Harðlega mótmælt nýrri brú við Sjávarfoss. Finnst einnig óþarfi á „enn einni brúnni við rafstöðvarsvæðið“.

Svar:

1. Með deiliskipulagi er stefnt á að bæta Elliðaárdal sem útvistarsvæði en með vel skilgreindu og flokkuðu stígakerfi er verið að stýra betur umferð fólks um dalinn. Lögð er áhersla á að nýir stígar liggi ekki um mikilvæg náttúrusvæði eins og kostur er. Þá er sett hverfisvernd á svæði umhverfis árnar og að aðliggjandi stígum og þar með tekið undir hverfisvernd skv. aðalskipulagi.
2. Bætt er við þeim upplýsingum að veiðimenn séu einn af mikilvægustu útivistarhópum sem nýta Elliðaárdal.
3. Veiðistaðir verða ekki skilgreindir frekar en ekki er talin þörf á að bæta frekar aðgengi að veiðistöðum en fyrir er.
4. Elliðaárdalur er og verður útivistarsvæði en í deiliskipulagi er reynt eins og kostur er að halda framkvæmdum í náND við árnar í lágmarki. Þeim skilmálum er bætt við að við hönnun nýrra brúa skuli taka mið af umhverfinu og staðsetningu veiðistaða ásamt því að fella skuli brýrnar sem best að landi og halda skuli raski við framkvæmdir í lágmarki.
5. Rangfærslur í texta eru lagfærðar til samræmis við ábendingar.
6. Í tillögu á vinnslustigi var sýnd möguleg brú við Sjávarfoss en ekki í auglýstri tillögu. Ekki er lengur gert ráð fyrir nýrri brú við Sjávarfoss en talin er þörf á nýrri göngubrú við Rafstöðvarsvæðið. Bent er á að bætt hefur verið við skilmálum að við hönnun nýrra brúa skuli taka mið af umhverfinu og staðsetningu veiðistaða ásamt því að fella skuli brýrnar sem best að landi og halda skuli raski við framkvæmdir í lágmarki

17) Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 14. maí 2020.

Bent er á nokkur atriði sem vantar á uppdráttinn. Um er að ræða alls sjö atriði. Vantar að sýna göngu- og hjólastíg meðfram Rafstöðvarvegi. Sýna jafnframt tvöfalt kerfi yfir báðar kvíslar árinnar þar sem gert er ráð fyrir því að brýr verði tvöfaldaðar á stofnleið hjólaleiða í framtíðinni sem núna eru einbreiðar. Lagt er til að leiðbeinandi lega fyrir hjólastíg verði sýnd samhliða núverandi stíg við Grænagróf. Hvort síðan verði aðskilið kerfi eða ekki verður tíminn að leiða í ljós. Þessi leið er mikilvæg viðbót fyrir hugsanlega tengingu hjólaleiðar sem síðar mun tengjast hjólaleið með Arnarneshæðinni. Vantar að sýna leiðbeinandi legu fyrir tvöfalt kerfi með fram Breiðholtsbraut og

sýna tvöfalt kerfi yfir brú við Dimmu nálægt Breiðholtsbraut. Lagt er til að bæta við tengingu fyrir stíg úr dalnum upp í Efra Breiðholt og er það í samræmi við stefnumörkun úr hverfisskipulagi er gert ráð fyrir hjólastíg í gegnum hverfið, en útfærslan á þessum stað verður að ráðast í samræmi við landslag og aðstæður. Það vantar að sýna nýlega lagðan göngu- og hjólastíg upp í Selás.

Svar: Unnið hefur verið úr athugasemdunum og uppdrættir uppfærðir í samræmi við athugasemdir frá skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar. Eftirfarandi hjólastígum er bætt við innan skipulagssvæðisins:

- Frá eystri lóðarmörkum safna- og sýningarsvæði OR að undirgögnum undir Miklubraut.
- Frá hjólastíg sunnan brúar yfir Elliðaár við Höfðabakka og til suðurs meðfram Höfðabakka og að undirgögnum.
- Frá Suðurhólum til austurs að hjólastíg vestan Elliðaáa.
- Frá Suðurfelli til austurs að hjólastíg vestan Elliðaáa.
- Meðfram Breiðholtsbraut norðanverðri.

18) Minjastofnun Íslands dags. 4. júní 2020 og 27. október 2020.

Í sinni fyrri umsögn dags. 4. júní 2020, þá bendir Minjastofnun Íslands (MÍ) á að á uppdráttum og greinargerð er auðkenning minja og umfjöllun um þær víða ófullnægjandi. MÍ hefur ekki borist skráning menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, en er kunnugt um að Borgarsögusafn vinnur að skráningu á skipulagssvæðinu. Umfjöllun um menningarminjar í greinargerð er ófullnægjandi á þessu stigi og og að það mun þurfa að endurskoða þær þegar niðurstöður skráningar menningarminja liggur fyrir og getur MÍ þ.a.l. ekki veitt umsögn um deiliskipulagstillögu fyrr en skráning menningarminja hefur borist stofnunni og mun þá meta hver áhrif skipulagið hefur á á fornleifar, hús og mannvirki innan skipulagssvæðis.

Borgarsögusafn skilaði inn fornleifaskráningu eftir kynningartíma skipulagsins, skýrsla nr. 203 í október 2020 og var hún send til MÍ til yfirferðar. MÍ skilaði inn umsögn til Reykjavíkurborgar dags. 27. október 2020. Í þeirri umsögn kemur fram að skýrslan fullnægir kröfum MÍ um skráningu vegna deiliskipulags sbr. 16. gr . laga um menningarminjar nr. 80/2012 og bendir á að færa skal útlínur skráðra fornleifa inn á uppdrætti, auk þess að sýna þarf á uppdrætti staðsetningar húsa og mannvirkja sem falla undir lög um menningarminjar. MÍ tilgreinir að í skýrslunni er gefið greinargott yfirlit yfir sögu og þróun byggðar við Elliðaárnar og menningarminjar á svæðinu og lag mat á varðveislugildi fornleifa, húsa og mannvirkja.

Borgarsögusafn setur fram tillögur að nokkrum verndarsvæðum sem hljóti hverfisvernd í deiliskipulagi. Um er að ræða svæði þar sem minjar eru sýnilegar og á þeim er að finna friðlýstar og friðaðar menningarminjar auk yngri minja. Heildarniðurstöður og tillögur að verndarsvæðum er að finna í kafla 2.5. Um er að ræða; Innréttingarminjar (friðaðar fornleifar), Bæjarhól Ártúns (friðaðar fornleifar), Herskálahverfið Camp Battle (herminjar), Elliðaárvirkjun (friðlýst hús og mannvirki), Hólmstá (friðaðar fornleifar), Vatnsveituvegur (friðaðar fornleifar), Skotbyrgi í Norðurhvarfi

(herminjar), Brennuhóll (yngri minjar), Vatnsveituframkvæmdir og veiðihús (friðaðar fornleifar), Camp Baldushagi (herminjar).

MÍ tekur undir tillögur Borgarsögusafns um verndun menningarminja í Elliðaárdal og hvetur Reykjavíkurborg til að hlúa að einstöku menningarlandslagi dalsins. Það verði gert með því að vernda svæðin með hverfisvernd í deiliskipulagi. Þá verði aðgengi að minjastöðum bætt og veitt þar fræðsla með menningarmerkingum um minjar og sögu byggðar við Elliðaár. Slíkt mun auka gildi Elliðaárdals sem útivistarsvæðis

Svar: Því miður náði Borgarsögusafn ekki að klára skráninguna innan þess tíma sem var búist við áður en tillagan fór í almennt kynningarferli. Borgarsögusafn lauk sinni skráningu í byrjun október 2020 og var hún send Minjastofnun til yfirferðar í kjölfarið. Samanber kemur fram hér að framan þá skilaði MÍ sinni umsögn í lok október 2020 og gefur þar leiðbeiningar inn í skipulagsvinnuna. Reykjavíkurborg er sammála því sem fram kemur í umsögn MÍ um tillögur Borgarsögusafns er varðar verndun menningarminja í dalnum.

Í skilmálum kemur fram að óheimilt er að ráðast í framkvæmdir í nánd við þessar minjar nema að undangengnu samráði við Minjastofnun Íslands, sbr. 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 Bætt er við upplýsingum um nýja fornminjaskráningu ásamt því að bætt er við níu verndarsvæðum skv. minjaskráningu og skilmálar settir hvað varðar verndun staðanna. Í fornminjaskráningu voru lögð til 10 verndarsvæði en eitt þeirra er Elliðaárvirkjun sem er friðlýst og fær virkjunin því þá skilgreiningu í gögnum deiliskipulags. Bætt er við upplýsingum um nýja húsakönnun sem gerð var fyrir skipulagssvæðið. Í skilmálum um stíga er tekið fram að lega stíga á skipulagsuppdráttum er ekki bindandi og getur breyst við nánari hönnun. Bætt er við þeim skilmálum að taka þurfi tillit til fornminja við staðsetningu og framkvæmd við nýja stíga.

19) Íbúaráð Breiðholts dags. 16. júní 2020.

Íbúaráðið fundaði og leggja nokkrir fulltrúa í ráðinu fram sameiginlega bókun á meðan lögð er fram bókun annars fulltrúa. Í bókuninni er einna helst talað um að þróunarsvæðið við Stekkjarbakka er undanskilið deiliskipulagi fyrir Elliðaárdalinn, auk annarra atriða sem má skoða í bókuninni.

Í fyrrnefndri umsögn, dags 10. júní 2020, þá er fagnað aðgreiningu hjólastíga og gangandi, lýst er þó yfir áhyggjum með þverun þriggja stíga við gömlu vatnsveitubrúnna þar sem getur skapast slysahætta. Íbúaráðið bendir einnig á nauðsyn þess að tryggja samfellur í tengingu stíga út úr skipulagssvæðinu, einkum og sér í lagi í SA-horni svæðisins þar sem núverandi gangstígur er rofinn af reiðstíg. Æskilegt væri að aðgreina umferð hesta eins og kostur er og ekki rjúfa hjóla- og göngustíga með malarstíg ríðandi umferðar.

Ráðið vill að nýlagður hjólastígur frá Sprengisandi að Árbæjarstíflu sé á ákveðnum kafla ekki skilgreindur sem eingöngu hjólastígur heldur blandaður stígur. Einnig leggur ráðið til að fjölgað verði áningarstöðum við göngustíga með útskotum sem yrðu með bekki til hvíldar. Merkja ætti gönguleiðir í dalnum og setja upplýsingaskilti víðar. Þannig væri með skipulögðum hætti hægt að þræða dalinn og skoða minjar og sögu hans eftir því sem við á. Jafnframt væri gaman að sjá eitt allsherjar fjölskylduáningastað/ torg með aðgengi fyrir hjólastíga, en ekki svæði í dalnum tekur á móti þreyttum börnum og fjölskyldum þeirra eftir hjóla eða gönguferð um dalinn, t.d. væri þá um að ræða leiktæki, ærslabelgur, kastali, klifurgrind, aparóla o.fl. Torgið myndi rúma leiksýningar fyrir

alls konar viðburði í mismunandi skala. Einnig væri þar hægt að setja upp grillhús þar sem fólk gæti nært sig eftir ferð um dalinn fyrir heimferð, t.d. gæti þar einnig verið salerni sem vantar í dalinn.

Svar: Þakkað er fyrir ágætar ábendingar inn í skipulag Elliðaárdalsins. Varðandi stórt fjölskyldusvæði þá eru slíkar pælingar í gangi á lóð Orkuveitunnar í tengslum við gerð sögu- og tæknisýningar á svæðinu við Rafstöðvarveg. Ekki er tekin afstaða á þessu stigi varðandi annað slíkt svæði á borgarlandi, enda slíkt ekki hluti af þessari auglýstri tillögu. Útfærslur þar sem mismunandi stígar þverast verða útfærðar þannig að ekki skapist slysahætta. Stefnan varðandi stíga í Elliðaárdalnum er að hjólastigar séu aðskildir göngustígum og lega stíga á skipulagsuppdráttum er ekki bindandi og getur breyst við nánari hönnun. Áningarstaðir eru skilgreindir á völdum stöðum um dalinn og verða þar m.a. upplýsingar um dalinn. Staðsetning á skipulagsuppdráttum er aðeins leiðbeinandi og verður nánari útfærsla valin m.t.t. landslags og staðhátta.

Niðurstaða
Lagt er til að auglýst tillaga verði samþykkt með þeim breytingum sem fram koma hér að ofan og eru listaðar á bls. 4-5 í greinargerð um stefnumörkun og hér að neðan, dags. 16. nóvember 2020. Uppdrættir eru jafnframt uppfærðir í samræmi við það með breytingar dags. 16. nóvember 2020.

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á gögnum deiliskipulags eftir auglýsingar- og kynningartíma:

1. Á safna- og sýningarsvæði OR við rafstöðvarhús eru gerðar eftirfarandi lagfæringar í samræmi við nýja hönnun svæðisins:
    a. Bætt er við tveimur byggingarreitum, annarsvegar fyrir allt að 100 m^2 skýli fyrir svokallaðan Höggbor og hinsvegar fyrir tæknirými neðanjarðar í manngerðum hól við fyrirhugaðan vatnsleikjagarð. Þá er bætt við skilmálum sem gilda fyrir mannvirki innan beggja byggingarreita.
    b. Bætt er við sleppisvæðum fyrir rútur framan við gamla rafstöðvarhúsið.
    c. Skilgreint er bifreiðalaust svæði á milli húsa á rafstöðvareit en gönguleið skilgreind þess í stað á milli húsanna.
    d. Bætt er við göngustíg frá brú yfir Elliðaár og í gegnum safna- og sýningarsvæðið.
2. Lóð félagsheimilis OR stækkar þannig að hún nær yfir núverandi bílastæði við félagsheimilið en áður voru bílastæðin utan lóðar.
3. Bætt er við í greinagerð þemauppdrætti sem sýnir stofnlagnir hitaveitu, rafveitu, fráveitu og vatnsveitu innan skipulagssvæðisins.
4. Bætt er við núverandi bílastæðavasa syðst við Höfðabakka og við hann núverandi áningarstað.
5. Bætt er við veghelgunarsvæði stofnvega innan skipulagssvæðisins meðfram Reykjanesbraut, Breiðholtsbraut, Miklubraut auk tilheyrandi vegamóta.
6. Bætt er við núverandi áningarstað fyrir hesta sunnan Árbæjarstíflu.
7. Bætt er við og sýnd er afmörkun núverandi frisbígolfvallar innan skipulagssvæðisins.

8. Bætt er við upplýsingum um núverandi skíðalyftu (diskalyftu) og skíðabrekku á Ártúnsholtssvæðinu.
9. Rafstöðvarvegur frá eystri lóðarmörkum safna- og sýningarsvæði OR að Höfðabakka var áður skilgreindur sem vistgata en verður breytt í "samrými akandi og hjólandi". Ofan á núverandi vatnsstokk sunnan Rafstöðvarvegar á sama kafla verður skilgreind gönguleið sem verður framkvæmd ef til þess kemur að stokkurinn verður endurnýjaður. Áður var hjólastígur skilgreindur á stígnum.
10. Eftirfarandi hjólastígum er bætt við innan skipulagssvæðisins:
    a. Frá eystri lóðarmörkum safna- og sýningarsvæði OR að undirgögnum undir Miklubraut.
    b. Frá hjólastíg sunnan brúar yfir Elliðaár við Höfðabakka og til suðurs meðfram Höfðabakka og að undirgögnum.
    c. Frá Suðurhólum til austurs að hjólastíg vestan Elliðaáa.
    d. Frá Suðurfelli til austurs að hjólastíg vestan Elliðaáa.
    e. Meðfram Breiðholtsbraut norðanverðri.
11. Þar sem hjólastígar liggja samsíða göngustígum yfir ár er gert ráð fyrir möguleika á tveimur aðskildum brúm eða einni breiðri brú sem þó er með aðskildum leiðum hjólandi og gangandi.
12. Bætt er við þeim skilmálum að taka þurfi tillit til lagna Veitna í staðsetningu og framkvæmd við nýja stíga. Einnig að við hönnun nýrra brúa skuli taka mið af umhverfinu og staðsetningu veiðistaða ásamt því að fella skuli brýrnar sem best að landi og halda skuli raski við framkvæmdir í lágmarki.
13. Bætt er við upplýsingum um nýja fornminjaskráningu ásamt því að bætt er við 9 verndarsvæðum skv. minjaskráning og skilmálar settir hvað varðar verndun staðanna.
14. Bætt er við upplýsingum um nýja húsakönnun sem gerð var fyrir skipulagssvæðið.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, **/Björn I. Edvardsson**